




HREINSISTÖÐ FRÁVEITU Á SELFOSSI

Matsskýrsla

14.08.2020



SKÝSLA – UPPLÝSINGABLAÐ**SKJALALYKILL**

2839-080-UHM-002-V01

SKÝSLUNÚMER / SÍDUFJÖLDI

1/128

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Atli Marel Vokes

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Páll Bjarnason

LYKILORD

Fráveita, hreinsistöð, Selfoss,
Sveitarfélagið Árborg, matsskýrsla,
mat á umhverfisáhrifum

STAÐA SKÝSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlestrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝSLU

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Matsskýrsla

VERKHEITI

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi MÁU

VERKKAUPI

Sveitarfélagið Árborg

HÖFUNDUR

Jón Águst Jónsson, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Sólrún Svava Skúladóttir og Bárður Árnason.

ÚTDRÁTTUR

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í matsskýrslu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og lagt mat á umhverfisáhrif fjögurra valkosta, þ.e. eins þreps hreinsunar með útrás í Ölfusá, tveggja þrepa hreinsunar með útrás í Ölfusá, ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá og grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn.

Aðalvalkostur Sveitarfélagsins Árborg felst í byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar við Sandvik með útrás í Ölfusá. Valkosturinn var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta.

Niðurstaða matsins er að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði nokkuð jákvæð á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarónæði, útvist, landnotkun og auðlindanýtingu. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMPÝKKT	DAGS.
01	Jón Águst Jónsson o.fl.	03.06.20	Ragnhildur Gunnarsdóttir	16.06.20	Jón Águst Jónsson	16.06.20

SAMANTEKT

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu við Sandvik, norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, en í dag er skólp að mestu losað óhreinsað í Ölfusá. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt tölulið 11.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem um er að ræða skólpdreinsivirkri með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

Matsskýrslu þessari er ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Lagt var mat á umhverfisáhrif þriggja valkosta með útrás í Ölfusá, þ.e. eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun, og eins valkostar sem felst í grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn. Metin voru áhrif ofangreindra valkosta á; vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarónæði, sjónræn áhrif, útivist, gróðurfar, fuglalíf, fornleifar, landnotkun og auðlindanýtingu. Umhverfisáhrif voru metin með hliðsjón af samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið. Aðalvalkostur var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta.

Aðalvalkostur Sveitarfélagsins Árborgar felst í byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar við Sandvik með útrás í Ölfusá. Skólpdreinsistöðin, samkvæmt þeim valkosti, verður um 700 m² hús úr bentri steinsteypu með um 5 m lofhæð. Skólp verður hreinsað með vélrænni síun. Viðtaki skólps hefur hvorki verið skilgreindur sem síður viðkvæmur né flokkast sem viðkvæmur viðtaki, en um þá viðtaka gilda almennar kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp, þ.e. krafa um tveggja þrepa hreinsun [1]. Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að hún geti tekið við öllu skólpi frá Selfossi. Frá hreinsistöðinni verður lögð útrásarlögn út á Geitanes, þar sem hún verður fleyguð út í meginstraum Geitanesflúða. Leggja þarf slóð að útrásarstað á Geitanesi. Einnig er gert ráð fyrir bílastæði innan lóðar hreinsistöðvarinnar. Þá verður núverandi útrásarlögn endurnýjuð og nýtt sem neyðaryfirfall. Stofnkostnaður við framkvæmdina er áætlaður um 1.225 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 50-80 millj. kr.

Aðalvalkostur er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarónæði útivist, landnotkun og auðlindanýtingu. Byggir sú niðurstaða m.a. á því að tilfærsla á útrás út í meginál Geitanesflúða og tveggja þrepa hreinsun skólps kemur til með að draga úr mengunaráhrifum frá skólplosuninni í Ölfusá. Samkvæmt dreifilíkani eru saukólígerlar eini mengunarþátturinn sem gæti farið yfir umhverfismörk í ánni, sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Framkvæmdaraðili mun því nota útfjólubláa geislun til að ná styrk saukólígerla niður fyrir þessi mörk. Tilfærsla á útrásarlögn og hreinsun skólps dregur einnig úr setmyndun, lífrænu mengunarálagi og bætir ástand lífríkis í viðtakanum, ekki síst skilyrði fyrir botnlægar lífverur. Talið er að það lyktarónæði sem getur myndast við núverandi útrás heyri sögunni til þegar útrás hefur verið færð út í meginálinn, en lítils háttar lyktarónæði getur verið til staðar næst hreinsistöðinni. Þá skapar framkvæmdin útivistarfólk heilnæmara umhverfi, eykur útivistargildi svæðisins og möguleika til útivistar en getur rýrt gildi svæðisins sem fuglaskoðunarstaðar. Hafrannsóknastofnun telur að tilfærsla á útrás og hreinsun skólps geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar. Bætt vatnsgæði eru einnig talin hafa jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk úr ánni. Framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti, þ.e. gróðurfar, fuglalíf, fornleifar og sjónræn áhrif.

Sökum mikils kostnaðar við uppbyggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar er gert ráð fyrir að áfangaskipta framkvæmdinni. Í fyri áfanga yrði komið á eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í síðari áfanga. Tímamörk eins þreps hreinsunar verða ákveðin í samráði við veitendur framkvæmda- og starfsleyfis. Með áfangaskiptingunni má hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á hreinsun skólps. Gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúningur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þrjú ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar. Þrátt fyrir að eins þreps hreinsun lækki styrk mengunarefna í frárennsli minna en tveggja þrepa hreinsun, benda niðurstöður matsins til að umhverfisáhrif þessara hreinsunarstiga séu sambærileg hvað varðar næringarefni, en bæði hreinsunarstigin krefjast þó útfjólublárrar geislunar til að halda styrk saukólígerla innan umhverfismarka. Valkostur með eins þreps hreinsun getur þó ekki verið valinn sem aðalvalkostur fyrir framkvæmdina, þar sem Ölfusá er venjulegur viðtaki og almenna krafan um tveggja þrepa hreinsun gildir fyrir slíka viðtaka, óháð því hvort einfaldari hreinsun geti skilað fullnægjandi hreinsun. Þannig benda niðurstöðurnar til þess að Ölfusá sé öflugur viðtaki og að takmarkaður umhverfislegur ávinningur felist í aukinni hreinsun skólps umfram eins þreps hreinsun.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	5
MYNDASKRÁ	10
TÖFLUSKRÁ	12
ORÐSKÝRINGAR	14
1 INNGANGUR	15
1.1 Um framkvæmdina	15
1.2 Af hverju er framkvæmdin matsskyld?	15
1.3 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum	15
1.4 Hverjir vinna umhverfismatið?	16
1.5 Matsferlið	17
1.6 Frávik frá matsáætlun	18
1.7 Breytingar frá auglýstri frummatsskýrslu	18
1.8 Uppbygging þessa skjals	18
1.9 Umsagnir og athugasemdir	18
2 BAKGRUNNUR	19
2.1 Núverandi fráveitir á Selfossi	19
2.2 Skólp sem umhverfismatið nær til	20
2.3 Persónueiningar í skólpi	21
2.4 Umsagnir og athugasemdir	22
3 UM FRAMKVÆMDINA	24
3.1 Markmið	24
3.2 Valkostir	24
3.2.1 Aðalvalkostur	24
3.2.2 Aðrir valkostir	24
3.3 Framkvæmdasvæði	25
3.3.1 Svæði undir hreinsistöð	26
3.3.2 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)	28
3.3.3 Útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn (valkostur GSJÓ)	29
3.4 Helstu framkvæmdaþættir	30
3.4.1 Hreinsistöð	30
3.4.2 Hreinsun skólps	30
3.4.3 Lagnir	34
3.4.4 Vegagerð	35
3.4.5 Efnistaka	35
3.4.6 Förgun úrgangs	35
3.4.7 Frágangur	36
3.4.8 Aðgerðir til minnkunar á rennsli	36
3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð	36
3.6 Samræmi við skipulag	37
3.6.1 Landsskipulag	37
3.6.2 Aðalskipulag	37
3.6.3 Deiliskipulag	38
3.7 Eignarhald á landi	38

3.8	Umsagnir og athugasemdir	38
4	AÐFERÐAFRÆÐI	43
4.1	Forsendur mats á umhverfisáhrifum	43
4.2	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar	44
4.3	Umsagnir og athugasemdir	47
5	UMHVERFISMAT	48
5.1	Vatnsgæði viðtaka	48
5.1.1	Aðferðafræði	48
5.1.2	Grunnástand	51
5.1.3	Lýsing á áhrifum	57
5.1.4	Mótvægisaðgerðir	63
5.1.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	63
5.1.6	Umsagnir og athugasemdir	64
5.2	Lífríki viðtaka	64
5.2.1	Aðferðafræði	64
5.2.2	Grunnástand	65
5.2.3	Lýsing á áhrifum	69
5.2.4	Mótvægisaðgerðir	71
5.2.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	72
5.2.6	Umsagnir og athugasemdir	72
5.3	Lyktarónæði	73
5.3.1	Aðferðafræði	73
5.3.2	Grunnástand	73
5.3.3	Lýsing á áhrifum	74
5.3.4	Mótvægisaðgerðir	75
5.3.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	75
5.3.6	Umsagnir og athugasemdir	76
5.4	Sjónræn áhrif	77
5.4.1	Aðferðafræði	77
5.4.2	Grunnástand	78
5.4.3	Lýsing á áhrifum	82
5.4.4	Mótvægisaðgerðir	83
5.4.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	84
5.4.6	Umsagnir og athugasemdir	84
5.5	Útvist	84
5.5.1	Aðferðafræði	84
5.5.2	Grunnástand	85
5.5.3	Lýsing á áhrifum	86
5.5.4	Mótvægisaðgerðir	87
5.5.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	87
5.5.6	Umsagnir og athugasemdir	87
5.6	Gróðurfar	88
5.6.1	Aðferðafræði	88
5.6.2	Grunnástand	89
5.6.3	Lýsing á áhrifum	91

5.6.4	Mótvægisaðgerðir	93
5.6.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	93
5.6.6	Umsagnir og athugasemdir	94
5.7	Fuglalíf	94
5.7.1	Aðferðafræði	94
5.7.2	Grunnástand	95
5.7.3	Lýsing á áhrifum	98
5.7.4	Mótvægisaðgerðir	99
5.7.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	99
5.7.6	Umsagnir og athugasemdir	100
5.8	Landnotkun og auðlindanýting	100
5.8.1	Aðferðafræði	100
5.8.2	Grunnástand	101
5.8.3	Lýsing á áhrifum	102
5.8.4	Mótvægisaðgerðir	104
5.8.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	104
5.8.6	Umsagnir og athugasemdir	104
5.9	Fornleifar	105
5.9.1	Aðferðafræði	105
5.9.2	Grunnástand	106
5.9.3	Lýsing á áhrifum	107
5.9.4	Mótvægisaðgerðir	108
5.9.5	Mat á áhrifum og niðurstaða	108
5.9.6	Umsagnir og athugasemdir	109
6	NIÐURSTAÐA	112
6.1	Aðalvalkostur	112
6.2	Mótvægisaðgerðir	113
6.3	Vöktun	114
6.4	Samanburður valkosta	114
6.5	Umsagnir og athugasemdir	118
7	KYNNING OG SAMRÁÐ	121
7.1	Drög að tillögu að matsáætlun	121
7.2	Tillaga að matsáætlun	121
7.3	Frummatsskýrsla	121
7.4	Umsagnir og athugasemdir	122
8	HEIMILDASKRÁ	123

MYNDASKRÁ

MYND 1-1 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.	17
MYND 2-1 Staðsetning númerandi útrása fyrir skólp (S2 – S6) og regnvatn (R1 – R7) á Selfossi.	20
MYND 3-1 Möguleg lega dælulagnar að sjó við Eyrarbakka (gul lína) meðfram Eyrarbakkavegi. Á myndinni má einnig sjá staðsetningu þeirra fornleifa (fjólubláar) sem voru skráðar í fornleifakönnun.	25
MYND 3-2 Suðurlandsundirlendi.	26
MYND 3-3 Yfirlitskort.	27
MYND 3-4 Vatnsverndarsvæði og flóðasvæði í grennd við fyrirhugaða hreinsistöð.	27
MYND 3-5 Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðan byggingarreit fyrir hreinsistöð við Sandvik. Myndin miðast við 700 m ² mannvirki undir hreinsistöð. Ekki eru sýnd hreinsivirkir fyrir ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, sem krefst 1.200 – 1.800 m ² viðbótarbygginga.	28
MYND 3-6 Skýringamynd af hreinsiþrepum við tveggja þrepa hreinsun skv. aðalvalkosti.	31
MYND 3-7 Dæmi um beltasíu (mynd til vinstri) og fínsíu (mynd til hægri).	32
MYND 4-1 Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats.	45
MYND 5-1 Sýnatökustaðir Hafrannsóknastofnunar við rannsóknir á vatnsgæðum og lífríki Ölfusár.	49
MYND 5-2 Forsendur um gerlaflæði bornar saman við mælingar. Óútskýrð sveifla er í mældum gildum. Á mynd 2-1 má sjá staðsetningu útrásar við SS (auðkennd sem S6) og Sandvik (auðkennd sem S2).	50
MYND 5-3 90% hlufallsmörk dreifingar saukrólígerla frá nýrri útrás í Geitanesi. Rauður litur sýnir umhverfismörk skv. flokki V í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sem samsvarar ófullnægjandi ástandi sem nær frá útrásinni að Straumnesi.	53
MYND 5-4 90% hlufallsmörk dreifingar saukrólígerla frá númerandi útrás í Sandvik ofan Geitanesflúða. Rauður litur sýnir umhverfismörk skv. flokki V í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatn	54
MYND 5-5 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar óhreinsuðu skólpi er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 1,0 mg/l.	55
MYND 5-6 Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar óhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,12 mg/l.	55
MYND 5-7 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar óhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem gildi falla innan 3. flokks. Hæsta reiknað gildi er 0,042 mg/l.	56
MYND 5-8 Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar óhreinsuðu skólpi er veitt í Ölfusá. Öll gildi eru lægri en viðmið reglugerðar. Hæsta reiknað gildi er 0,56 mg/l.	56
MYND 5-9 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar hreinsuðu skólpi eftir tveggja þrepa og ítarlegri hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,2 mg/l.	58
MYND 5-10 Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar hreinsuðu skólpi eftir tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,10 mg/l.	58
MYND 5-11 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar hreinsuðu skólpi eftir tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta reiknað gildi er 0,038 mg/l.	59
MYND 5-12 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar hreinsuðu skólpi eftir eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,8 mg/l.	60

MYND 5-13	Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar hreinsuðu skólpi eftir eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,3 mg/l.	60
MYND 5-14	Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar hreinsuðu skólpi eftir ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,030 mg/l.	61
MYND 5-15	90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá útrásarenda út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns miðað við forsendur um losun saurkólígerla.	62
MYND 5-16	Bóluþangsbreiður í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018. Sandvarnargarðurinn til hægri [26].	69
MYND 5-17	Vindrósir fyrir Selfoss (lengst til vinstri) og Eyrarbakka (fyrir miðju) byggt á ársmeðaltölum. Lengst til hægri er vindrós fyrir Eyrarbakka að vetrar- (blá lína) og sumarlagi (rauð lína). Heimild: aðalskipulag Árborgar [10].	75
MYND 5-18	Nokkur litamunur getur verið á úrásarvatni og Ölfusá. Mynd tekin 4. apríl 2016 [44].	80
MYND 5-19	Mynd tekin í ágúst í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði fyrir hreinsistöð. Til hægri má sjá endamörk vegar sem nær að framkvæmdasvæðinu.	81
MYND 5-20	Núverandi úrás fráveitu í Ölfusá.	81
MYND 5-21	Ljósmynd tekin í janúar frá bakka Ölfusár við Geitanes. Horft í norðvestur.	81
MYND 5-22	Mynd tekin frá Eyrarbakkavegi (nr. 34) nálægt gatnamótum við Tjarnarbraut. Horft í suður. Mynd fegin af götusýn ja.is.	82
MYND 5-23	Mynd tekin frá Eyrarbakkavegi nálægt gatnamótum við Litla Hraun. Horft í vestur. Sjá má Eyrarbakka til vinstri. Mynd fegin af götusýn ja.is.	82
MYND 5-24	Opin svæði (græn), reiðstígur (appelsínugul brotalína) og göngu- og hjólastígur (grænir punktar) við hreinsistöðina. Mynd fegin úr aðalskipulagi Árborgar. Til hliðsjónar er sýnd fyrirhuguð staðsetning hreinsistöðvar (rauður punktur).	85
MYND 5-25	Fuglafriðland (ljósgrænt), opin svæði (græn), reiðstígur (appelsínugul brotalína) og göngu- og hjólastígur (grænir punktar) við Eyrarbakka. Mynd fegin úr aðalskipulagi Árborgar. Til hliðsjónar er sýnd möguleg staðsetning úrásar í sjó (rauður punktur).	86
MYND 5-26	Gróskumikill gróður við skólpfrárennslu [26].	90
MYND 5-27	Hraungambri og lynggróður eru áberandi austast á svæðinu [26].	90
MYND 5-28	Geithvönn og gróður á Geitanesi [26].	90
MYND 5-29	Staðsetning helstu laxveiðisvæða í Ölfusá. Mynd aðlöguð úr skýrslu Veiðimálastofnunar [47]. 101	
MYND 5-30	Strokkhóll.	107
MYND 5-31	Ungmennafélagsstykkið.	107
MYND 5-32	Sjóvarnargarður á Eyrarbakka.	107

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1-1 Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.	16
TAFLA 1-2 Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem komu að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.	16
TAFLA 2-1 Fjöldi persónueininga (PE)	22
TAFLA 2-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um bakgrunn framkvæmdar í frummatsskýrslu.	22
TAFLA 3-1 Helstu kennistærðir fyrir fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.	30
TAFLA 3-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um framkvæmdina í frummatsskýrslu.	38
TAFLA 5-1 Forsendur fyrir bakgrunnsgildi og styrkleika mengungarefna í fráveituvatni frá Selfossi.	51
TAFLA 5-2 Umhverfismörk fyrir málma og næringarefni í yfirborðsvatni til verndar lífríkis (A og B) samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 796/1999 og flokkun vatns í Ölfusá í nóvember 2017 [24].	52
TAFLA 5-3 Samanburður hæstu reiknaðra gilda fyrir mismunandi stig hreinsunar í Ölfusá litað eftir umhverfisflokkum fyrir ástand vatns skv. reglugerð 796/1999. Flokkur I (ósnortið vatn) er litaður blár, flokkur II (litið snortið vatn) er grænn, flokkur III (nokkuð snert vatn) er gulur og flokkur V (ófullnægjandi vatn) er rauður.	63
TAFLA 5-4 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um lífríki viðtaka í frummatsskýrslu.	72
TAFLA 5-5 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um lyktarónæði í frummatsskýrslu.	76
TAFLA 5-6 Samantekt á sjónrænni mengun og lyktarmengun við útrás í Ölfusá úr vöktunarskýrslum Mannvits árin 2014 til 2018 [30] [31] [32] [33] [34] [35] [36] [37] [38] [39] [40] [41] [42] [3] [6] [43].	78
TAFLA 5-7 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu.	84
TAFLA 5-8 Máfatalning 26. sept. 2017 frá útfalli Sláturfélagsins niður að Selfossræsi. Ekki náðist að telja alla fugla undir suðurbakka Ölfusár [26].	96
TAFLA 5-9 Mófuglar með varpatferli á athafnasvæði hreinsistöðvarinnar 19. júní 2017 [26].	96
TAFLA 5-10 Mófuglar með varpatferli á 1 km sniði á Óseyrarnesi 11. júní 2018 [26].	97
TAFLA 5-11 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um landnotkun og auðlindanýtingu í frummatsskýrslu.	104
TAFLA 5-12 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um fornleifar í frummatsskýrslu.	109
TAFLA 6-1 Samanburður á umhverfisáhrifum, stofnkostnaði (millj. kr.), rekstrarkostnaði (millj. kr.) og samræmi við kröfur um hreinsun fyrir þá valkosti sem lagðir voru fram til mats á umhverfisáhrifum. Aðalvalkostur: Tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur 1ÞÖ: Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur 3ÞÖ: Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur GSJÓ: Grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn. Í töflunni eru umhverfisáhrif valkosta auðkennd með eftirfarandi litum; nokkuð jákvæð áhrif = dökkgræn, óverulega jákvæð áhrif = ljósgræn, óverulega neikvæð áhrif = ljósrauð og nokkuð neikvæð áhrif = dökkráuð.	115
TAFLA 6-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun í niðurstöðukafla frummatsskýrslu.	118

VIÐAUKAR

- Viðauki A** Yfirlitsmynd af stofnlögnum fráveitu og framkvæmdasvæði við Selfoss
- Viðauki B** Hreinsistöð á Selfossi. Dreifilíkansrekningar til mats á dreifingu fráveitumengunar í viðtaka
- Viðauki C** Áhrif skolplosunar frá Selfossi á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá
- Viðauki D** Athuganir á fuglum og gróðri vegna breytinga á fráveitu á Selfossi
- Viðauki E** Fornleifakönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og tillögur um fráveitulagnir
- Viðauki F** Vöktun á rennsli og efnainnihaldi fráveituvatns á Selfossi 2014 til 2019
- Viðauki G** Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi
- Viðauki H** Umsögn Hafrannsóknastofnunar um breytta tilhögun framkvæmda við útrás frá hreinsistöð fráveitu frá Selfossi í Ölfusá

ORÐSKÝRINGAR

Eigin fráveita fyrir iðnaðarskólp*	Iðnaðarstarfsemi sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu. Slíkar fráveitur eru háðar ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi.
Eins þepa hreinsun*	Hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD ₅ -gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpri er lækkað um að minnsta kosti 50%.
Framkvæmdaraðili	Aðili sem hyggst hefja framkvæmd, sem lög um mat á umhverfisáhrifum ná til.
Fráveita*	Leiðslukerfi, þ.m.t. safnræsi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps.
Frummatsskýrla	Skýrla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.
Grófhreinsun*	Hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun.
Lífsí (Biofilter)	Lífrænt efni (t.d. trjákurl) sem er notað sem síuefni, t.d. til að eyða lykt í lofti.
Matsáætlun	Áætlun framkvæmdaraðila um hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis leggja skuli áherslu á í frummatsskýrlu og um kynningu og samráð.
Matsskýrla	Lokaskýrla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir, ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrlu.
Mengun*	Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þáttu.
Mótvægisáðgerðir	Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
Persónueining (pe.)*	Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpri sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.
Síður viðkvæmur viðtaki*	Ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
Síu- og ristarúrgangur*	Fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólpri.
Skólp*	Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólp eða iðnaðarskólp og/eða ofanvatns.
Tveggja þepa hreinsun*	Frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli. Rotþró með siturlögn eða sandsí telst t.d. vera tveggja þepa hreinsun.
Umhverfisáhrif	Áhrif framkvæmdar og þess sem henni fylgir á umhverfi.
Venjulegur viðtaki	Venjulegur viðtaki er viðtaki sem ekki hefur verið skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki né flokkast sem viðkvæmur viðtaki.
Viðkvæmur viðtaki*	Viðtaki sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða viðtaki sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar. Viðkvæmir viðtakar eru m.a. Stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.
Viðtaki*	Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.
Þynningarsvæði*	Sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

*sbr. reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp.

1 INNGANGUR

1.1 Um framkvæmdina

Á undanförnum árum hefur Sveitarfélagið Árborg unnið að því að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélagini. Með það fyrir augum hefur verið ákveðið að byggja hreinsistöð fyrir fráveitu norðan við flugvöllinn við Sandvik. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða og verndar almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu. Aðalvalkostur felst í að byggja tveggja þreppa hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá. Hann var valinn með hliðsjón af niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum allra valkosta sem teknir voru til mats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra. Aðrir valkostir sem skoðaðir voru matinu, auk núllkosts, eru; eins þrepps hreinsun með útrás í Ölfusá, ítarlegri en tveggja þreppa hreinsun með útrás í Ölfusá og grófhreinsun með útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn.

1.2 Af hverju er framkvæmdin matsskyld?

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölulið 11.04 í 1. viðauka laganna eru skólpdreinsivirkir frá íbúðabyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaunlýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira, ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Miðað er við að hver persónueining svari til 60 g BOD₅ á dag, skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Þar sem fjöldi persónueininga í því skólpi sem hér um ræðir hefur í sumum tilfellum verið að mælast yfir þessum mörkum telst framkvæmdin matsskyld. Framkvæmdaraðila ber því að lýsa grunnástandi umhverfis og meta á kerfisbundinn hátt þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en stjórnvöld geta tekið ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð.

1.3 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á

umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000. Matinu er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Nánar tiltekið eru markmið laganna:

- að tryggja að ádur en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum ádur en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

1.4 Hverjir vinna umhverfismatið?

Sveitarfélagið Árborg hefur falið verkfræðistofunni EFLU hf. að hafa umsjón með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. EFLA vinnur helstu skjöl sem framkvæmdaraðila ber að leggja fram, s.s. tillögu að matsáætlun, frummatsskýrslu og matsskýrslu þessa. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð um matið (Tafla 1-1), fleiri starfsmenn Árborgar og EFLU komu jafnframt að matinu auk utanaðkomandi sérfræðinga (Tafla 1-2).

TAFLA 1-1 Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.

AÐILI	HLUTVERK	STARFSMAÐUR
Sveitarfélagið Árborg	Verkefnisstjórar framkvæmdaraðila	Atli Marel Vokes og Sigurður Ólafsson
EFLA hf.	Verkefnisstjóri umhverfismats og ritstjóri frummatsskýrslu	Jón Águst Jónsson
EFLA hf.	Verkefnisstjóri hönnunar	Páll Bjarnason


TAFLA 1-2 Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem komu að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.

AÐILI	HLUTVERK
Hafrannsóknastofnun	Rannsóknir á vatnsgæðum og lífríki Ölfusár
Dr. Ólafur Einarsson náttúrufræðingur og Jóhann Óli Hilmarsson	Rannsóknir á fuglalífi og gróðurfari
Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur	Fornleifakönnun
Vatnaskil	Gera dreifingarspá fyrir uppleyst efni í Ölfusá og strandsjó
Mannvit	Vöktun á gerlamagni og efnainnihaldi fráveituvatns

1.5 Matsferlið

Matsferlinu má í grófum dráttum skipta í tvennt, annars vegar vinnu áætlunar um gerð umhverfismatsins sem er kynnt í matsáætlun og hins vegar vinnslu umhverfismatsins sjálfs sem kynnt er í frummatsskýrslu. Almenningi og umsagnaraðilum gefast nokkur tækifæri til að koma á framfæri athugasemdu eða ábendingum í matsferlinu. Það er mikilvægt fyrir framkvæmdaraðila að fá sem fyrst fram ábendingar og umræðu um hvernig á að standa að mati á fyrirhugaðri framkvæmd. Ábendingar um mögulega valkosti, umhverfisþætti sem tilefni er til að leggja til grundvallar í matinu eða upplýsingar um grunnástand svæðisins eru dæmi um gagnlegar upplýsingar í upphafi matsferlisins.

Tillaga að matsáætlun er fyrsta skref matsferlisins, en í henni er að finna áætlun um þá þætti framkvæmdar og umhverfis sem lögð verður áhersla á við matsvinnuna og fjallað verður um í frummatsskýrslu. Áætlunin er nokkurs konar verkáætlun fyrir framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning til að vinna eftir og fylgjast með hvort fullnægjandi upplýsingar muni komi fram í frummatsskýrslu um framkvæmd, starfsemi sem henni fylgir og áhrif á umhverfið. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, þeim valkostum sem á því stigi hafa komið til umræðu og framkvæmda- og áhrifasvæði, ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í tillögu að matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið er að rannsóknum og mati á áhrifum í frummatsskýrslu.



MYND 1-1 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Í frummatsskýrslu er fylgt eftir þeim rannsóknum og athugunum sem framkvæmdar voru vegna mats á umhverfisáhrifum og greint var frá í matsáætlun. Ef vikið er frá matsáætlun í frummatsskýrslunni þarf framkvæmdaraðili að gera nákvæma grein fyrir því í hverju frávikið felst og rökstyðja það sérstaklega.

Í frummatsskýrslu eru borin saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Gerð og kynning frummatsskýrslu er því mikilvægur liður í að greina virkni mismunandi valkosta til að uppfylla markmið þessarar framkvæmdar, og bera saman umhverfisáhrif þeirra. Frummatsskýrslu er ætlað að varpa ljósi á fyrirhugaða framkvæmd, grunnástand umhverfis fyrir framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 21. janúar til 4. mars 2020. Öllum var frjálst að kynna sér skýrsluna og leggja fram skriflegar athugasemdir til Skipulagsstofnunar á kynningartíma. Skipulagsstofnun leitaði jafnframt umsagnar hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum. Alls bárust umsagnir og athugasemdir frá 11 aðilum. Allar athugasemdir og umsagnir við frummatsskýrslu hafa nú verið yfirfarnar og þeim svarað. Svörin voru skrifuð inn í matsskýrslu þessa sem hefur verið

send til Skipulagsstofnunar. Stofnunin veitir svo álit sitt á mati á umhverfisáhrifum byggt á matsskýrslu. Sveitarstjórnun ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfa. Að því loknu er framkvæmdaleyfið auglýst og er þá í einn mánuð hægt að kæra framkvæmdaleyfið.

1.6 Frávik frá matsáætlun

Í tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu var gert ráð fyrir að útrásarlögn í Ölfusá yrði stefnuboruð í þremur til fjórum lönum ofan frá árbakkanum og undir árbotninn út í gjá í miðjum meginstraum Geitanesflúða. Í vettvangsathugun kom hins vegar í ljós að þar er enga gjá að finna og árfarvegurinn er grynnri en gert hafði verið ráð fyrir. Þar af leiðandi er ekki hægt að stefnubora lögnina út í Ölfusá. Við frekari hönnun hefur því verið ákveðið að fleyga 3-4 lagnir ofan í árbotninn og steypa yfir þær svo ísrek brjóti þær ekki niður. Framkvæmdalýsing hefur verið uppfærð með tilliti til breytingarinnar. Jafnframt var óskað umsagnar Hafrannsóknastofnunar um möguleg áhrif fleygaðrar útrásar á lífríki (Viðauki H) áður en mat á umhverfisáhrifum var endurskoðað. Að öðru leyti er matsskýrsla þessi unnin samkvæmt samþykktri tillögu að matsáætlun.

1.7 Breytingar frá auglýstri frummatsskýrslu

Matsskýrsla þessi hefur verið unnin með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem gerðar voru við frummatsskýrslu (sjá viðauka G). Aftan við alla kafla hefur verið settur undirkafli með þeim athugasemdum sem tengjast viðkomandi kafla og viðbrögðum Árborgar við þeim. Að öðru leyti felst helsta breytingin frá auglýstri frummatsskýrslu í endurskoðun á framkvæmdalýsingu vegna útrásar í Ölfusá og endurmati á umhverfisáhrifum lagnagerðarinnar. Við matið var stuðst við umsögn Hafrannsóknastofnunar (Viðauki H).

1.8 Uppbygging þessa skjals

Uppbygging þessa skjals er með eftirfarandi hætti:

- Í kafla 2 er fjallað um núverandi fráveitur á Selfossi.
- Í kafla 3 er framkvæmdinni lýst.
- Í kafla 4 er greint frá aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum.
- Í kafla 5 er gerð grein fyrir grunnástandi þeirra umhverfisþátta sem voru skoðaðir og áhrif valkosta á þá metin.
- Í kafla 6 er tekin saman niðurstaða umhverfismatsins.
- Í kafla 7 er gerð grein fyrir samráði og kynningu.

1.9 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun í inngangskafla frummatsskýrslu.

2 BAKGRUNNUR

2.1 Núverandi fráveitur á Selfossi

Á seinustu árum hefur Sveitarfélagið Árborg unnið að skipulagningu fráveitumála og lagt fjármagn í athuganir, rannsóknir og framkvæmdir með það að markmiði að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélagini. Allir nýir hlutar fráveitukerfisins hafa verið lagðir tvöfaldir frá 1999, þ.e.a.s. regnvatn fer í aðskildar lagnir. Framkvæmdir við fyrsta áfanga í lagningu sniðræsa á Selfossi hófust árið 1999 og hefur allt frá því verið unnið að þeirri framkvæmd í áföngum þangað til síðasta áfanga lauk vorið 2012, þegar sniðræsi var lagt í Árveginum frá Grænumörk að Heiðmörk og lóð Mjólkursamsölnnar (MS). Á Selfossi hefur tekist að sameina allt fráveitukerfið sunnan ár í eina útrás fyrir neðan þéttbýlið, þar sem fyrirhugað er að hreinsistöð muni standa [2]. Alls telur fráveitukerfi Árborgar um 145 þúsund metra.

Í dag eru fimm útrásir fyrir skólp á Selfossi (mynd 2-1);

- S2. Óhreinsað frá allri byggð og iðnaðarhverfum sunnan ár (núverandi útrás milli Selfoss og Geitaness).
- S3. Óhreinsað um neyðarútrás sem staðsett er sunnan ár, rétt neðan við Ölfusárbrú. Skólp er eingöngu losað um þessa útrás ef saman fer flóð í Ölfusá og mikið rennsli í fráveitunni. Frá árinu 2000 hefur einungis þurft að veita skólpi um þessa útrás tvisvar.
- S4. Um rotþrær frá stærri hluta íbúðarbyggðar norðan ár (allt Jórutún, Ártún og Miðtún) (útrás ofan brúar).
- S5. Óhreinsað frá litlum hluta íbúðarbyggðar (11 íbúðir í Miðtúni) norðan ár (útrás milli veiðihúss og brúar).
- S6. Óhreinsað frá sláturhúsi SS og iðnaðarhverfi norðan ár (útrás við veiðihús neðan brúar).



MYND 2-1 Staðsetning núverandi útrása fyrir skólp (S2 – S6) og regnvatn (R1 – R7) á Selfossi. Til hliðsjónar er sýnd útrásarlögn fyrir skólp frá fyrirhugaðri hreinsistöð í Ölfusá skv. aðalvalkostí (S1) og hins vegar möguleg útrásarlögn í sjó við Eyrarbakka skv. öðrum valkostí sem skoðaður var í matinu (gul lína). Í viðauka B má sjá mynd í betri upplausn.

2.2 Skólp sem umhverfismatið nær til

Sú framkvæmd sem hér er til skoðunar nær til alls skólps frá Selfossi sunnan Ölfusár, þ.e. bæði íbúðar- og iðnaðarhverfa. Mjólkursamsalan (MS) er með sérstaka hreinsistöð fyrir sína starfsemi og er gert ráð fyrir að forhreinsað skólp frá MS fari í fráveitukerfið, og þar af leiðandi í gegnum fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.

Á þessu stigi liggar ekki fyrir hvort framkvæmdin nái jafnframt til skólps frá íbúða- og iðnaðarhverfum norðan ár eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Af þeim sökum miðast hönnun hreinsistöðvar við Geitanes við að hún geti tekið við öllu skólpi norðan ár.

Slátturfélag Suðurlands svf. (SS) rekur í dag eigin fráveitu, sbr. heimild í 25 gr. rg. 798/1999. Til greina kemur því að hreinsa skólp frá SS og iðnaðarhverfi norðan ár í hreinsistöð sem SS áformar að byggja eða í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes. Þá er jafnframt til skoðunar að hreinsa skólp frá íbúðarbyggð norðan ár með eftirfarandi hætti; a) í fyrirhugaðri hreinsistöð SS, b) í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes, c) í rotþróm með siturbeðum eða í litlum hreinsistöðvum sem líklega yrðu staðsettar við núverandi útrásir frá byggðinni (S4 og S5 á mynd 2-1). Á öðrum staðnum (S4) er nú þegar rotþró. Þar sem endanleg útfærsla á hreinsun skólps norðan ár liggur ekki fyrir miðast dreifilíkanrekningar í umhverfismatinu við að allt skólp frá Selfossi (þ.m.t. SS) fari í gegnum hreinsistöðina. Þannig kemur dreifilíkanið til með að miðast við mestu mögulegu losun frá hreinsistöðinni.

2.3 Persónueiningar í skólpi

Frá árinu 2014 hefur Mannvit framkvæmt reglulegar mælingar á gerlamagni og efnagreint fráveituvatn á Selfossi. Mælingar hafa verið gerðar í tveimur brunnum sem staðsettir eru annars vegar sunnan ár við flugvöllinn (S2 á mynd 2-1) og hins vegar norðan ár við veiðihúsið (S6 á mynd 2-1). Persónueiningar hafa verið reiknaðar út frá magni BOD_5 í þessum mælingum. Miðað er við að hver persónueining svari til 60 g BOD_5 á dag, skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Meðalfjöldi persónueininga frá íbúum og iðnaði sunnan ár úr 13 mælingum er um 41.400 og innifelur sú tala m.a. skólp frá Mjólkursamsölunni (MS).

Í dag er hreinsistöð MS ekki í stöðugum rekstri, en gert er ráð fyrir að hreinsistöð MS verði í fullum rekstri í framtíðinni og því er reynt að gera mælingar þegar hreinsistöðin er í gangi. Í ágúst 2014 voru mælingar gerðar þegar hreinsistöð MS var ekki í rekstri og mældust persónueiningar þá mun fleiri en áður hafði mælst. Fjöldi persónueininga skv. mælingum árið 2016 og 2017 var töluvert hærri en árin á undan. Þannig var fjöldi persónueininga um 15.300 í nóvember 2015 en í apríl 2016 var hann um 40.700 og fór hækkandi í mælingum þar á eftir, allt upp í 111.500 í febrúar 2017 [3]. Mögulega hefur hreinsistöð MS ekki virkað sem skyldi þegar mælingar voru gerðar vegna breytinga sem hafa orðið á starfsemi MS á Selfossi á undanförnum árum. Hvað sem því líður er ljóst að iðnaður hefur mikil áhrif á reiknaðan fjölda persónueininga.

Meðalfjöldi persónueininga norðan ár er um 3.900, en þar er um að ræða persónueiningar frá rekstri Sláturfélags Suðurlands svf. og frá öðrum iðnaði norðan ár. Meðalfjöldi heildar persónueininga úr 13 mælingum í þessum tveimur brunnum er um 45.500. Heildarfjöldi persónueininga hefur verið breytilegur á milli mælinga, eða frá tæplega 8.500 upp í rúmlega 111.500. Í sömu mælingum var meðalrennslið 198 l/s í brunni sunnan ár og 18 l/s í brunni norðan ár [3].

Þróun í fjölda persónueininga ræðst að talsverðu leyti af því hvaða kröfur verða gerðar til iðnaðarfyrirtækja varðandi hreinsun fráveituvatns. Í spá Mannvits um þróun í fjölda persónueininga kemur fram að ef gert er ráð fyrir að MS reki eigin hreinsistöð, persónueiningafjöldi frá öðrum iðnaði haldist óbreyttur og fjöldi persónueininga aukist með íbúabróun, megi gera ráð fyrir að meðalfjöldi persónueininga beggja vegna ár á Selfossi verði nálægt 19.000 árið 2026, en með áhrifum frá aukinni starfsemi samhliða íbúafjölgun er gert ráð fyrir að meðalfjöldi persónueininga sé nærrí 20.000 árið 2026.

Spá Mannvits um þróun í fjölda persónueininga tekur mið af því að stór matvælafyrirtæki, eins og MS og Sláturfélag Suðurlands, séu komin með fráveituhreinsun. Verði umrædd fyrirtæki ekki komin með hreinsun yrði persónueiningafjöldi hærri. Það myndi hins vegar ekki hafa áhrif á stærð eða hreinsigetu hreinsistöðvar Selfoss þar sem stærð hennar ákvarðast af vökvamagni sem kemur inn á stöðina, ekki persónueiningafjölda. Hreinsunin fer fram með vélrænum síum og við hönnun hreinsistöðva með slíkum búnaði þarf að horfa til vatnsmagns en ekki persónueiningafjölda. Slíkar síur þykja henta vel fyrir mjög vatnsþynnt skólp (t.d. frá vatnsfrekum iðnaði). Hönnun hreinsistöðvarinnar gerir ráð fyrir meira en 100.000 persónueiningum. Ef hreinsun verður ekki komin á hjá matvælafyrirtækjum á svæðinu myndi hins vegar magn seyrur aukast í hreinsistöð Selfoss.

TAFLA 2-1 Fjöldi persónueininga (PE) út frá magni BOD₅ og meðalrennsli (l/s) í brunnum sunnan ár við flugvöllinn (S2 á mynd 2-1) og norðan ár við veiðihús (S6 á mynd 2-1) [4] [3] [5] [6].

Dagsetning	Sunnan ár (pe)	Norðan ár (pe)	Samtals	Meðalrennsli sunnan ár (l/s)	Meðalrennsli norðan ár (l/s)	Fjöldi saurkólicherla /100 ml sólarhring sunnan ár	Fjöldi saurkólicherla /100 ml sólarhring norðan ár
*spá 2026			20.000				
28.01.2019	50.800	2.000	52.800	202	7	170.000	4.800
22.10.2018	14.000	14.000	28.000	278	21	170.000	1.100.000
27.8.2018	66.500	2.500	69.000	147	9	580.000	430.000
23.4.2018	33.800	3.000	36.800	138	15	520.000	550.000
8.1.2018	36.200	2.100	38.300	270	17	240.000	52.000
4.9.2017	81.600	2.700	84.300	145	10	440.000	110.000
8.5.2017	54.900	5.400	60.300	178	16	200.000	52.000
27.2.2017	109.961	1.572	111.533	286	12	110.000	33.000
17.10.2016	31.743	11.958	43.701	334	24	49.000	700.000
22.8.2016	63.292	10.644	73.936	91	21	8.100	210.000
23.5.2016	51.188	3.612	54.800	123	8,8	26.000	26.000
4.4.2016	38.534	2.203	40.738	223	8,5	49.000	38.000
26.11.2015	11.658	3.594	15.252	253	48	40.000	130.000
18.8.2015	21.963	1.653	23.616	123	5,6	3.200	460.000
23.6.2015	21.341	3.010	24.973	114	11	140.000	17.000
26.3.2015	5.710	2.742	8.452	305	17	31.000	22.000
18.12.2014	14.386	697	15.083	111	11	148.000	49.000
**28.8.2014	(74.589)	(17.626)	(92.215)	97	18	400.000	853.000
***5.6.2014	37.155	1.089	38.244	266	27	120.000	43.000
Meðaltal	41.374	4.137	45.546	199	16	169.128	223.711

*Spá Mannvits um fjölda persónueininga, þar sem gert er ráð fyrir að MS reki eigin hreinsistöð, losun frá öðrum iðnaðarfyrirtækjum haldist óbreytt og fjöldi persónueininga aukist jafnt við íbúa [5].

**Talið er að blandsýni hafi ekki fengið rétta meðhöndlun og gefi því ekki rétta mynd. Gildi ekki notað í meðaltali.

***Hreinsistöð MS var ekki í rekstri meðan á sýnatöku stóð [5].

2.4 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um bakgrunn framkvæmdar í frummatsskýrslu og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 2-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemdum varðandi umfjöllun um bakgrunn framkvæmdar í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Hafrannsóknastofnun	<p>Pá vill Hafrannsóknastofnun benda á nauðsyn þess að hugað verði frekar að hreinsun fráveituvatns frá íbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan árinna. Gildir það ekki síst fyrir starfsemi Sláturfélags Suðurlands, enda mikil lífræn mengun sem þar fer í ána, einkum þegar sláturtíð stendur yfir.</p> <p>Sveitarfélagið er meðvitað um mikilvægi þess að hreinsa fráveituvatn frá íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi norðan ár. Líkt og fram kemur í kafla 2.2 þá liggur ekki fyrir á þessu stigi hvort umrætt skólp fari í fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Af þeim sökum miðast hönnun hreinsistöðvar við Geitanes við að hún geti tekið við öllu skólpi norðan ár. Til greina kemur að hreinsa skólp frá SS og iðnaðarverfi norðan ár í hreinsistöð sem SS áformar að byggja eða í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes. Þá er jafnframtil til skoðunar að hreinsa skólp frá íbúðarbyggð norðan ár með eftirfarandi hætti; a) í</p>

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
	fyrirhugaðri hreinsistöð SS, b) í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes, c) í rotþróm með siturbeðum eða í litlum hreinsistöðvum sem líklega yrðu staðsettar við núverandi útrásir frá byggðinni.
Birgitta María Braun	
4. Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að hreinsistöð MS sé starfandi og í lagi en jafnframt er ljóst að sú stöð hefur ekki verið í stöðugum rekstri. Liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um afköst hreinsistöðvarinnar og/eða hvað er gert við annan úrgang sem myndast?	Mannvit hefur áætlað að losun lífræns efnis frá iðnaði svari til 8.000 persónueininga ef hreinsistöð MS er í rekstri en sé annars af stærðargráðunni 30.000 persónueiningar. Árborg bendir á að fyrirtækinu verða sett skilyrði fyrir losun í lagnakerfi sveitarfélagsins sem þarf að uppfylla.
5. Á sama hátt er alls óljóst hvort eða hvenær verður sett upp hreinsistöð fyrir Slátturhús Suðurlands og hvað eigi að gerast við annan úrgang sem myndast.	Slátturfélag Suðurlands er með eigin fráveitu. Samkvæmt 25. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 er slík losun háð ákvæðum um hreinsibúnað í starsleyfi. Í dag fer fer skólp frá fyrirtækinu óhreinsað í Ölfusá en samkvæmt þeim upplýsingum sem Árborg hefur fengið áformar fyrirtækið að byggja hreinsistöð. Árborg hefur ekki séð neinar áætlanir um hvenær hreinsistöðin verður byggð eða hvað verður gert við úrgang sem fellur til við hreinsunina. Sveitarfélagið/Heilbrigðiseftirlitið mun fylgja því eftir að hreinsun verði komið á sem uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Í þessu samhengi má einnig benda á að hönnun hreinsistöðvarinnar við Sandvik miðast við að hún geti tekið við öllu skólpi frá Selfossi, þ.e. sunnan og norðan ár (SS meðtalið). Ef svo færí að skólpi frá SS væri veitt í fráveitukerfi Árborgar yrði það líklega gert með skilyrðum um forhreinsun og fitufleytingu.
6. Enn er óljóst hvernig og hvenær byggðin norðan Ölfusár verður tengd við skólpdreinsistöðina við Sandvík.	Það er rétt. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort skólp frá íbúða- og iðnaðarhverfum norðan ár verði veitt í fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Af þeim sökum miðast hönnun hreinsistöðvar við Geitanes við að hún geti tekið við öllu skólpi norðan ár. Yfirlit yfir þá kosti sem til greina koma við hreinsun skólpss norðan Ölfusár má finna í kafla 2.2.

3 UM FRAMKVÆMDINA

3.1 Markmið

Framkvæmdaraðili er Sveitarfélagið Árborg. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, til að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum frá veitu frá Selfossi.

3.2 Valkostir

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ber framkvæmdaraðila að bera saman þá kosti sem kynntir eru og rökstyðja val sitt að teknu tilliti til umhverfisáhrifa. Val Sveitarfélagsins Árborgar er hér kynnt sem aðalvalkostur. Hann var valinn með hliðsjón af niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum allra valkosta sem teknir voru til mats og samanburði á stofn og rekstrarkostnaði þeirra. Aðalvalkostur verður fyrsta val þegar kemur að því að óska framkvæmdaleyfi.

Valkostum er nánar lýst í kafla 3.4.2.

3.2.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur felst í að byggja tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá.

3.2.2 Aðrir valkostir

3.2.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá (1ÞÖ)

Valkosturinn felst í að byggja eins þreps hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá við Geitanes. Valkosturinn er ekki hugsaður til frambúðar, heldur sem tímabundinn áfangi framkvæmda ef losað er í Ölfusá. Síðari áfangi fellst í fullbyggðum aðalvalkosti. Á meðan uppbyggingu síðari áfanga stendur verður full hreinsun skólps með eins þreps hreinsun.

3.2.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá (3þÖ)

Valkosturinn felst í að byggja hreinsistöð með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa við Sandvik með útrás í Ölfusá.

3.2.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó (GSJÓ)


Valkosturinn felst í að byggja hreinsistöð með grófhreinsun við Sandvik og dæla skólpi um 14 km langa lögn með Eyrarbakkavegi og áfram út í sjó 900 m utan við Eyrarbakkahöfn (Mynd 3-1).

3.2.2.4 Núllkostur

Núllkostur miðast við óbreytt ástand, þ.e. að skólpi verði áfram veitt að mestu leyti óhreinsuðu í Ölfusá. Ekki er lagt sérstakt mat á umhverfisáhrif núllkosts að öðru leyti en því sem fram kemur í lýsingu á grunnástandi umhverfisþátta fyrir valkosti með útrás í Ölfusá.


3.3 Framkvæmdasvæði

Framkvæmdasvæðið er breytilegt eftir þeim valkostum sem eru í skoðun. Allt liggur það á forsögulegu hrauni, Þjórsárhrauninu mikla sem kom upp á Veiðivatnasvæðinu fyrir um 8.000 árum. Þjórsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi og stærsta hraun sem vitað er að hafi komið í einu gosi á jörðinni frá lokum síðasta jökluskeiðs fyrir 10.000 árum [7]. Mynd 3-1 sýnir legu lagna og útrásar í Ölfusá og í sjó.



MYND 3-1 Möguleg lega dælulagnar að sjó við Eyrarbakka (gul lína) meðfram Eyrarbakkavegi. Á myndinni má einnig sjá staðsetningu þeirra fornleifa (fjólubláar) sem voru skráðar í fornleifakönnun.

Framkvæmdasvæðið er jafnframt allt innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem votlendi og önnur svæði inn til landsins sem eru mikilvæg fyrir fugla. Fuglasvæðið er víðfeðmt og nær frá Hellisheiði austur að Markarfljóti við Landeyjasand. Samtals spannar það 3.476 km² [8].



MYND 3-2 Suðurlandsundirlendi. Rauðar línar marka það svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem votlendi og önnur svæði inn til landsins sem eru mikilvæg fyrir fugla [8]. Til hliðsjónar er sýnd staðsetning Selfoss (blár hringur).

Samkvæmt öllum valkostum er gert ráð fyrir að byggja hreinsistöð við Sandvík, en ýmist er gert ráð fyrir að veita skólpi í Ölfusá eða sjó við Eyrarbakka. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir staðháttum á þessum svæðum.

3.3.1 Svæði undir hreinsistöð


Fyrirhuguð hreinsistöð fyrir fráveitu er hugsuð fyrir þéttbýliskjarnann Selfoss sem staðsettur er á bökkum Ölfusá í Sveitarfélaginu Árborg (mynd 3-3). Íbúar Árborgar eru um 8.995, þar af búa rúmlega 7.600 manns á Selfossi [9]. Framkvæmdasvæðið er staðsett vestan byggðar, nánar tiltekið á milli Sandvikur og Selfossflugvallar, rétt austan við Geitanes. Svæðið er í landi Eyði-Merkur, landnr. 194375, í Árborg.



MYND 3-3 Yfirlitskort. Staðsetning fyrirhugaðrar hreinsistöðvar er merkt með rauðum hring.


Bygging hreinsistöðvar er á skipulögðu iðnaðarsvæði, og er fyrirhuguð nýting löðarinnar í samræmi við aðalskipulag. Engin mannvirkni eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og eru núverandi íbúðarhús á Selfossi í um 600 m fjarlægð. Norðan og vestan svæðisins er landfylling sem tengist núverandi fráveituútrás. Búið er að leggja fjarskiptalagnir ásamt lögnum fyrir hitaveitu og kalt vatn að svæðinu. Aðkoma að framkvæmdasvæðinu er frá Hagalæk og er uppbyggður vegur með bundnu slitlagi kominn að fyrirhugaðri hreinsistöð. Á Flugunesi, á austurbakka Ölfusár vestan Geitaness, er að finna vatnsverndarsvæði (mynd 3-4). Svæðið er austan Kotferju og er í yfir 1 km fjarlægð frá fyrirhugaðri hreinsistöð [10].

Ísstífla getur myndast í Ölfusá við sérstakar aðstæður, norður af svæðinu, sem getur valdið flóði. Í aðalskipulagi Árborgar má finna flóðakort þar sem sjá má að fyrirhugað skipulagssvæði er innan flóðasvæðis (mynd 3-4). Vegna flóðahættu verður byggður varnargarður, grjótvörn norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar, sjá mynd 3-5 [11].



MYND 3-4 Vatnsverndarsvæði og flóðasvæði í grennd við fyrirhugaða hreinsistöð. Staðsetning hreinsistöðvar er merkt með gulum lit. Mynd fengin úr aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.

Fyrirhugaður byggingarreitur hreinsistöðvar er sýndur á mynd 3-5.



MYND 3-5 Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðan byggingarreit fyrir hreinsistöð við Sandvik. Myndin miðast við 700 m² mannvirkum undir hreinsistöð. Ekki eru sýnd hreinsivirkir fyrir ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, sem krefst 1.200 – 1.800 m² viðbótarbygginga.

3.3.2 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Til skoðunar er að leggja um 650 m útrásarlögn frá hreinsistöðinni út í Ölfusá við Geitanes. Ölfusá er um 25 km löng á. Upptök hennar eru við ármót Hvítár og Sogsins, þar sem tært lindarvatn blandast við jökulvatn og er áin oft lituð vegna aurburðar úr Hvítá. Ölfusá er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli yfir 400 m³/s en meðalrennsli við Selfoss er um 373 m³/s og vatnasvið Ölfusár er um 6.100 km² [12]. Skammt frá Ölfusárbrú rennur megnið af ánni í djúpri straumharðri gjá og mætir þverhníptu bergi neðan við Selfosskirkju. Við Selfoss er áfaravegurinn um 25 metra breiður og 9 metrar á dýpt. Þegar nær dregur sjó breiðir áin úr sér. Ósasvæði árinnar er um 5 km á breidd og myndast þar allmikið lón áður en áin rennur í Norður Atlantshafið, vestan Eyrarbakka [13].

Á vatnasviði Ölfusár lifa allar tegundir laxfiska sem finnast í fersku vatni hér á landi. Lax er ríkjandi tegund en jafnframt er þar að finna urriða og bleikju. Stangveiði er stunduð í Ölfusá. Helstu laxveiðisvæðin eru í landi Tannastaða, Laugarbakka og Hellis-Fossnes, gengt aðalbyggðinni á Selfossi. Að auki er veitt neðar í Ölfusá fyrir löndum Eyrarbakka, Hrauns og Árbæjar en þau svæði eru að mestu silungssvæði. Mest er veitt af laxi í landi Hellis-Fossness sem er fyrir neðan Ölfusárbrú [12]. Auk stangveiði er veitt í net á mörgum jörðum í Ölfusá, ofan og neðan við Selfoss.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eru kröfur til hreinsunar að nokkru tengdar hæfni viðtakans til þess að taka við skólpi. Það er gert með því að gera mismunandi kröfur til hreinsunar

skólps frá þéttbýli eftir því hvort viðtakinn er viðkvæmur, venjulegur eða síður viðkvæmur. Almenna krafan um hreinsun gildir fyrir venjulega viðtaka og er krafa um tveggja þrepa hreinsun [1].

Í samantekt Umhverfistofnunar frá árinu 2017 um stöðu fráveitumála kemur m.a. fram að viðtakinn Ölfusá sé venjulegur viðtaki [1]. Venjulegur viðtaki af þessu tagi getur hvort heldur sem er verið í ferskvatni eða sjó. Venjulegur viðtaki er viðkvæmari fyrir mengun af völdum lífrænna efna en síður viðkvæmur viðtaki. Hann er aftur á móti ekki viðkvæmur fyrir næringarefnum og fellur því ekki í flokk viðkvæmra svæða/viðtaka.

Engir viðtakar á Íslandi hafa verið skilgreindir viðkvæmir, sbr. II. viðauka A í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Í sérreglugerðum um verndun Mývatns og Laxár og Þingvallavatns er hins vegar að finna ákvæði um frekari hreinsun en tveggja þrepa fyrir fyrrgreind vötn sbr. rg. nr. 665/2011 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og rg. nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Auk þess er Þingvallavatn talið viðkvæmt í skilningi síðastnefndu reglugerðarinnar.

Valkostur með eins þreps hreinsun, 1þÖ, uppfyllir kröfur varðandi eins þreps hreinsun, en uppfyllir ekki kröfur til losunar í venjulegan viðtaka, og kemur af þeirri ástæðu ekki til greina sem aðalvalkostur. Til að koma megi á hreinsun fráveitu sem fyrst verður framkvæmdin áfangaskipt, þar sem fyrri áfangi felst í uppbyggingu á eins þreps hreinsun. Því er valkosturinn lagður fram í mati á umhverfisáhrifum og mat lagt á hreinsunina á sama hátt og aðra valkosti.

3.3.3 Útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn (valkostur GSJÓ)

Í skoðun er einnig að leggja útrásarlögn meðfram Eyrarbakkavegi og út í sjó við Eyrarbakkahöfn (mynd 3-1). Sú leið myndi liggja suður fyrir flugvöll að Eyrarbakkavegi og með honum vestanverðum að Hafnarbrú, sem er vestasti afleggjarinn að Eyrarbakka. Auk þess að fylgja Eyrarbakkavegi myndi leiðin að mestu fylgja núverandi ljósleiðara, hitaveitu og háspennustreng um raskað land. Einkum er um að ræða tún, mó- og myrlendi, en næst Eyrarbakka eru gömul námasvæði. Við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum valkosti er gert ráð fyrir að skólp frá Eyrarbakka og Stokkseyri geti tengst inn á útrásina fyrir þennan valkost. Framkvæmdir við fráveitu frá Eyrarbakka og Stokkseyri eru þó ekki hluti þessarar framkvæmdar.

Þjórsárhraunið mikla myndar ströndina við Eyrarbakka og teygir sig víða mörg hundruð metra út fyrir fjöruborðið. Útrásarlögnin myndi liggja út í Norður-Atlantshafið við Eyrarbakkahöfn þar sem oft er mikill öldugangur. Eyrarbakki hefur lengst af verið verslunarstaður og útgerðarstöð en á undanförnum árum hefur mikilvægi sjávarútvegs fyrir íbúa minnkað. Höfn var aflögð 1988 þegar ný brú við Ölfusárosa var tekin í notkun. Í gegnum söguna hafa orðið mikil sjávarflóð við Eyrarbakka sem valdið hafa verulegu tjóni á mannvirkjum og fínaði. Fyrstu sjóvarnargarðarnir við Eyrarbakka voru byggðir af verslunareigendum árið 1788. Í kjölfar öflugs sjávarflóðs, sem olli miklu tjóni á varnargörðum, byggingum og eignum árið 1990, voru nýir 1.400 metra varnargarðar byggðir við Eyrarbakka [14]. Fjaran við Eyrarbakka er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 750) vegna sérstæðs lífríkis [15]. Jafnframt hefur Náttúrufræðistofnun Íslands flokkað fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka sem mikilvægt fuglasvæði.

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp gæti hafsvæðið við Eyrarbakka flokkast undir síður viðkvæmt svæði. Þegar losun skólps er yfir 10.000 pe. þarf sveitarfélagið að senda lýsingu á

framkvæmd til Umhverfisstofnunar sem síðan tekur ákvörðun um flokkun viðtakans. Síður viðkvæm svæði eru meðal annars sjór eða hafsvæði þar sem losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif, opnir flóar, ármynni og strandsjór þar sen endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofauðgun eða súrefnisþurrð. Skv. reglugerð 798/1999 um fráveit og skólp er skyld að hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun, t.d. með síubúnaði, þegar skólp er losað í síður viðkvæman viðtaka.

3.4 Helstu framkvæmdaþættir

3.4.1 Hreinsistöð

Skólpdreinsistöðin er að grunni um 500 m² hús úr bentri steinsteypu með um 5 m lofhæð (Mynd 3-5 og tafla 3-1) sem miðast við valkosti með eins þreps hreinsun (1ÞÖ) og losun í strandsjó (GSJÓ). Sé bætt við síubúnaði fyrir tveggja þrepa hreinsun (aðalvalkostur) og ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa (3ÞÖ) stækkar hreinsistöðin um allt að 200 m² og getur stærst orðið um 700 m². Stærð lóðarinnar er um 24.273 m². Hreinsistöðin samanstendur af móttökubrunni með neyðaryfirfalli, grjótgildru, sveifluþró, dælurými, vinnslusal, starfsmannarými, töfluherbergi og útrennslisbrunni. Rýmin sem eru neðanjarðar eru dýpst tæplega 6 m djúp. Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsíu (e. biofilter) sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur, t.d. ef kemur til uppbyggingar í nágrenninu. Mynd 3-5 sýnir afstöðumynd fyrirhugaðra bygginga hreinsistöðvarinnar. Fyrir valkost 3ÞÖ, með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, þarf til viðbótar að koma fyrir sívalningsлага felli- og fleytitönkum á svæði utan við lóðina. Ef komið væri fyrir tveimur slíkum tönkum, er gróflega áætlað yfirborðsflatarmál þeirra beggja samanlagt á bilinu 1.200 - 1.800 m² og vegghæð allt að 5 m. Tafla 3-1 sýnir helstu kennistærðir bygginga fyrir alla valkosti.

TAFLA 3-1 Helstu kennistærðir fyrir fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.

Stærð hreinsistöðvar – 1 þreps hreinsun (valkostur 1ÞÖ) og grófhreinsun með losun í strandsjó (GSJÓ)	500 m ²
Stærð hreinsistöðvar – 2ja þrepa hreinsun (aðalvalkostur) og ítarlegri en 2ja þrepa hreinsun (3ÞÖ)	700 m ²
Hæð byggingar	5 m
Stærð lóðar	24.273 m ²
Felli- og fleytibrær (eingöngu valkostur 3ÞÖ)	Yfirborðsflatarmál: 1.200 – 1.800 m ² Vegghæð: allt að 5 m
Lengd útrásar (frá hreinsistöð að útrás í Ölfusá)	Um 650 m
Lengd útrásar (frá hreinsistöð að útrás við Eyrarbakkahöfn)	14 km
Lengd og dýpi útrásar í sjó við Eyrarbakkahöfn (GSJÓ)	Lengd 900 m og dýpi á útrásarstað um 16,5 m miðað við meðalsjó
Þvermál útrásar	800-1.000 mm
Lengd neyðarútrásar	170 m
Hámarksrennslí gegnum hreinsisíur, 2mm ristar	600 l/s en stækkanleg í 900 l/s
Áætlað magn ristarúrgangs	25.000 kg/ári

3.4.2 Hreinsun skólps

Í dag er skólp sem kemur frá Selfossi að mestu losað óhreinsað í Ölfusá og miðast núllkostur við óbreytt ástand. Óhreinsað skólp inniheldur mikið af bakteríum og lífrænum efnum, auk næringarefna. Þessi

efni geta nýst sem næringarefni fyrir ófrumbjarga bakteríur sem geta fjarlægt uppleyst súrefni úr vatni. Í óreinsuðu skólpi er einnig að finna ólifræn efni og plastagnir. Hreinsun á skólpi gerist í þrepum og fer það eftir viðkvæmni viðtakans hversu mikil hversu mikil lækkun á næringarefnum og lífrænu efni á að vera, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Við hreinsun skólp fellur til seyra sem þarf að koma í viðurkenndan farveg. Árborg mun koma seyru í viðurkenndan farveg sem samræmist gildandi lögum og reglugerð um fráveitur og skólp og reglugerð um meðhöndlun seyru. Á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvaða leið verður farin, þ.e. hvort hún verði notuð til gasframleiðslu eða uppgræðslu eða fargað á viðurkenndri förgunarstöð.


3.4.2.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur felst í að byggja tveggja þrepa hreinsistöð með útrás í Ölfusá. Í tveggja þrepa hreinsun er skólpið hreinsað með mismunandi hætti umfram eins þreps hreinsun, oft með líffræðilegum aðferðum, en einnig er hægt að beita viðbótar síulausnum og/eða efnafræðilegum aðferðum. Við tveggja þrepa hreinsun þarf hreinsun svifagna að hafa náð yfir 90% og lækkun BOD_5 að hafa náð 70-90%, samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Nitur og fosfór lækka einnig við tveggja þrepa hreinsun, en lækkunin er minni en í tilviki svifagna og BOD_5 , gjarnan um 20-40%.

Þar sem fráveitukerfi á Selfossi er að mestu leyti sjálfrennandi að væntanlegri hreinsistöð þarf alltaf að byggja dælustöð ásamt yfirfalli til að dæla skólpinu upp og inn í stöðina til hreinsunar, óháð aðferð við hreinsun í framhaldinu.

Hreinsistöð/dælustöð yrði alltaf byggð upp þannig að fyrst væri yfirfall með rist með bursta til þess að sorp gæti ekki borist með yfirfallsvatninu út í ána. Eftir það kæmi hefðbundið tvískipt grjótfang og í framhaldi af því sveifluþró/dælupyttur. Úr þessari sveifluþró er neyðaryfirfall í útrásarlögnina sem liggar út í Ölfusá.

Aðferð sem beitt verður við hreinsun á skólpi til að ná fram kröfu um tveggja þrepa hreinsun er lýst í upptalningunni að neðan. Mynd 3-6 sýnir fyrirkomulag hreinsunarinnar.



MYND 3-6 Skýringamynd af hreinsiþrepum við tveggja þrepa hreinsun skv. aðalvalkosti.


Hreinsun skv. tveggja þrepa hreinsun má skipta í eftirfarandi þrjú stig:

- Grófhreinsun, rusl hreinsað úr skólpi:** Í þessu fyrsta hreinsiþrepum er óreinsuðu skólpi dælt upp á tvær þrepasíur sem fanga allt rusl yfir 2 mm ásamt litlu magni af lífrænu efni. Þessar tvær síur eiga að anna 600 l/sek hvor og hægt að bæta þriðju síunni við og þá verður

heildarafkastagetan 900 l/sek. Við 600 l/sek er yfirfall virkt innan við 5% af tímanum (sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp) og fimmföld þynning er á fráveituvatninu. Þetta mikla rúmmál skólps stafar af því að hluti fráveitukerfisins á Selfossi er einfalt, þ.e. regnvatn af götum og húsþökum fer í skólplagnir. Við það bætist að grunnvatnsstaða er víða há og veldur það þó nokkru innrennsli grunnvatns inn í kerfið. Ristarúrgangurinn er svo pressaður þannig að vatnið og mest allt lífrænt efni fer aftur inn í strauminn en ruslið fer í viðeigandi farveg.

2. **Beltasíun:** Gert er ráð fyrir að notaðar verði svokallaðar beltasíur (sjá dæmigerða slíka síu á mynd 3-7). Beltasía samanstendur af gegndræpu belti/dúk með gatastærð 300-500 µm. Gert er ráð fyrir að við beltasíun náist allt að 50% lækkun svifagna auk þess sem hluti af örplasti (50-80%) verður fjarlægður. Seyra sem fellur til í beltasíun er flutt í þykkjara til að hækka þurrefnisinnihaldið, sjá nánar að neðan.
3. **Fínsíun (tromlusíun):** Það vatn sem fer í gegnum beltasíurnar og það vatn sem kemur frá þykkjurum fyrir seyruna sem kemur frá sínum fer svo í lokaþepið sem eru svokallaðar tromlusíur með mjög fingerðum síudúk, oft um 30 µm. Seyra verður einnig eftir á tromlusíunum, en í mun minna magn en í þrepasíum. Seyra sem fellur til í beltasíum og tromlusíum er flutt yfir í þykkjara sem auka þurrefnisinnihaldið úr um 2% í um 25%, en þurrefnisinnihald seyrur sem fallur til í beltasíum er um 8%, en 0,5-1% úr tromlusíum. Seyrunni er síðan komið í viðeigandi farveg, förgun eða endurnýtingu ef kostur er, sbr. 12. gr. rg. 798/1999 um fráveitur og skólp. Áætlað magn seyrur er um 15 tonn á ári fyrir hreinsun skv. aðalvalkosti, en 11-13 tonn skv. grófhreinsun (GSJÓ) og eins þreps hreinsun (1þÖ).

Fyrirtækið NordicWater hefur gert mælingar eftir síun í belta- og tromlusíum (skref 2 og 3) sem sýna lækkun svifagna um allt að 90% og BOD allt að 70%, sem eru kröfur reglugerðar um tveggja þrepa hreinsun. Gerist þess þörf er hægt að bæta kekkjunarefnum (e. polymer) til að auka hreinsivirknina, en efnið bindur sig og myndar kekki sem í festast smáar agnir, sem annars gætu sloppið í gegnum síurnar.



MYND 3-7 Dæmi um beltasíu (mynd til vinstri) og fínsíu (mynd til hægri).

Hreinsistöð með tveggja þrepa hreinsun eins og lýst er að ofan byggir alfarið á vélrænni síun í stað líffræðilegs niðurbrots næringarefna. Vatnsmagnið á Selfossi gerir líffræðilegu leiðina t.d. með uppbyggingu hreinsunar með virkri seyruaðferð (e. activated sludge), nær ómögulega, ekki bara vegna hás kostnaðar, heldur er styrkleiki næringarefna í óhreinsuðu skólpi væntanlega of lítill til að þau líffræðilegu hreinsiferli sem þurfa að fara fram náist. Rúmmál vatns fyrir hverja persónueiningu á Selfossi (og viðar á landinu) er um 10 sinnum meira en það sem algengt er t.d. í Þýskalandi, m.a. vegna mikils jarðvatns (innlekt í lagnir), iðnaðarskólp og affalls hitaveitu, auk regnvatns. Sá síubúnaður sem til stendur að nota hefur verið þróaður fyrir einmitt þessar aðstæður þar sem skólp er mjög útbunnt og leysis af hólmi eldri aðferðir.

Aðalvalkostur samræmist almennu kröfunni um tveggja þrepa hreinsun sem gildir fyrir venjulega viðtaka.

3.4.2.2 Aðrir valkostir

3.4.2.2.1 Valkostur 1þÖ

Valkosturinn felst í eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá. Lýsing á virkni búnaðarins er sambærileg við liði 1 og 2 í lýsingu á aðalvalkosti, þ.e. áætlað er að eins þreps hreinsun í fyrirhugaðri hreinsistöð verði grófhreinsun með þrepasíum þar sem hreinsað verði burt rusl yfir ca. 2 mm. Þar á eftir fylgir viðbótar hreinsistig með beltasíum, sem hreinsa hærra hlutfall mengunarefna auk hluta af t.d. örplasti. Hreinsivirkni eins þreps hreinsunar er áætluð um 20% af BOD og um 50% hreinsun af svifögnum, þ.e. uppfyllir hreinsivirknikröfur reglugerðar til lækkunar gilda fyrir eins þreps hreinsun. Valkosturinn samræmist ekki almennu kröfunni um tveggja þrepa hreinsun sem gildir fyrir venjulega viðtaka.

Það er mat framkvæmdaraðila að svo koma megi á hreinsun fráveitu sem fyrst verði uppbygging hreinsistöðvarinnar áfangaskipt, og að fyrsti áfangi feli í sér uppbyggingu eins þreps hreinsunar samkvæmt valkosti 1þÖ. Gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúnungur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þrjú ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar.

3.4.2.2.2 Valkostur 3þÖ

Ítarlegri hreinsun gengur út á frekari lækkun á styrk næringarefna, þ.e.a.s. köfnunarefnis (N) og fosfórs (P), samanborið við tveggja þrepa hreinsun. Ef styrkur næringarefna í hreinsuðu fráveituvatni er of hár þegar það kemur út í viðtakanum getur það leitt til ofauðgunar og þörungablóma með tilheyrandi súrefnisskorti í viðtakanum sem hefur slæm áhrif á lífríki hans. Þess utan er nítrít (NO_2^- , ákveðið form köfnunarefnis) eitrað fyrir fisk, jafnvel þótt styrkleiki þess sé lágor. Með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa er hægt að minnka styrk köfnunarefnis og fosfórs og er það gert ýmist með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum (með örverum úr skólpinu). Ef styrkur fosfórs í hinu óhreinsaða skólpi er hár getur verið erfitt að lækka styrk þess með líffræðilegum aðferðum eingöngu. Ef þetta er tilfellið er hægt að fella út fosfór með efnafræðilegum aðferðum að lokinni líffræðilegri hreinsun, en efnafræðilegar aðferðir geta verið kostnaðarsamar vegna innkaupa á eftum til útfellingar fosfórs [16].

Krafa reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa er að nitur og fosfór lækki um 80%. Hefðbundin hreinsun á köfnunarefni og fosfór í kjölfar tveggja þrepa hreinsunar felst í notkun á sívalningslagu felli- og fleytitönkum. Í ferlinu er notast við íblöndunarefni,

t.d. kalkstein eða járnsúlfat, sem eru efni sem notuð eru til að fella út fosfór. Miðað við hönnunarrennsli stöðvarinnar er gert ráð fyrir að komið verði fyrir tveimur tönkum, og að heildarflatarmál þeirra geti numið milli 1.200 -1.800 m² og allt að 5 m háir. Tönkunum verður komið fyrir utandyra við hlið hreinsistöðvarinnar. Aukið magn seyru fylgir aukinni hreinsun með fellingu og fleytingu miðað við aðalvalkost, sem eykur rekstrarkostnað stöðvarinnar miðað við aðalvalkost vegna kostnaðar við meðhöndlun og umsýslu seyru, auk þess sem sinna þarf viðhaldi á tönkum og búnaði.

3.4.2.2.3 Valkostur GSJÓ

Valkosturinn felst í hreinsistöð með grófhreinsun með útrás í sjó við Eyrarbakka, þar sem hreinsað verður burt rusl yfir ca. 2 mm sem hefur annars lítil áhrif á hreinsun mengunarefna og ekki er gert ráð fyrir lækkun á BOD og svifögnum. Reist verður hreinsistöð við Geitanesflúðir eins fyrir aðra valkosti, og er virkni hennar í samræmi við lýsingu skv. lið 1 í lýsingu á aðalvalkosti og eins mun þurfa að vera þar dælubúnaður til að dæla megi hreinsuðu skólpi eftir 14 km lögn út í sjó. Gert er ráð fyrir að endi útrásarinnar verði staðsettur rúmlega 900 metra frá landi og um 500 metra frá stórstraumsfjöru á um 16,5 m dýpi miðað við meðalsjó (ÍSN93 hnit 392668, 374709).

Valkostur GSJÓ samræmist kröfum reglugerðar 798/1999 sem lúta að losun á hreinsuðu skólpi í strandsjó, enda sé sjórinn skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki.

3.4.3 Lagnir

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að lagnir frá hreinsistöðinni séu 800-1.000 mm sverar plastlagnir sem lagðar eru í jörðu (Mynd 3-5). Skurðbreidd er áætluð um 3-5 metrar. Umhverfis lögnina verður 150 mm þykkt lag úr mulningi (0-25 mm). Uppgrafna efnið verður sett ofan á mulningslagið. Við framkvæmdir verður leitast við að varðveita svarðlag og leggja það ofan á raskaða svæðið í lok framkvæmdar.

Allir valkostir þurfa neyðarútrás í Ölfusá. Neyðarútrás mun fylgja staðsetningu núverandi útrásar. Leggja þarf nýja 800-1.000 mm lögn í stað núverandi 600 mm lagnar. Lögnin verður lögð með sambærilegum hætti og lýst var að ofan frá hreinsistöð að Ölfusá. Lögnin verður síðan grafin niður undir yfirborð Ölfusár og endinn grjótvarinn til að varna skemmdum á lögninni.

Líkt og áður segir kemur til greina að hreinsa skólp frá SS og iðnaðarhverfi norðan ár í hreinsistöð sem SS áformar að byggja eða í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes. Engar lagnir þarf að leggja ef hreinsa á skólpið í fyrirhugaðri hreinsistöð SS. Ef hins vegar á að hreinsa skólpið í Geitanesi þarf að dæla því um lögn sem hengd yrði undir Ölfusárbrú og tengd inn í safnræsið á árbakkanum sunnan ár. Fjórir möguleikar koma til greina varðandi hreinsun á skólpi frá Íbúðarbyggð norðan ár. Ef nota á fyrirhugaða hreinsistöð SS þarf að leggja dælulagnir frá útrásunum að stöðinni en ef hreinsa á skólpið á Geitanesi þarf að dæla því um lögn undir Ölfusárbrú. Engar lagnir þarf hins vegar að leggja ef notast verður við rotþrær með siturbeðum eða litlar hreinsistöðvar.

3.4.3.1 Útrás í Ölfusá

Fyrir alla valkosti með útrás í Ölfusá þarf að leggja lögn frá fyrirhugaðri hreinsistöð út í Ölfusá (Mynd 3-5). Lögnin liggar fyrstu 350 m á foksandi og moldartipp. Lögnin liggar síðan um Geitanes sem er í raun hraunkantur og þarf því að sprengja lögnina niður. Gert er ráð fyrir að fleyga 3-4 lagnir ofan í

árbotninn og steypa yfir þær svo ísrek brjóti þær ekki niður. Reisa þarf um 20-25 m langan varnargarð út í Ölfusá ofan við útrásarstaðinn svo unnt sé að leggja útrásarlagnir og verja þær fyrir ísreki. Að framkvæmdum loknum verður varnargarðurinn fjarlægður. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir við útrásarlögn taki 4-6 vikur.

3.4.3.2 Útrás í sjó

Fyrir valkost með útrás í sjó þarf að leggja 800 mm lögn um 14 km leið með Eyrarbakkavegi að ströndinni (Mynd 3-1). Lögnin yrði grafin milli Selfoss og niður að sjó (sjá lýsingu í kafla 3.4.3). Gert er ráð fyrir að lögnin yrði stefnuboruð í gegnum jarðlög út í sjó og útrásarendi staðsettur á um 16,5 m dýpi rúmlega 900 m utan við Eyrarbakkahöfn. Ef dæling niður að sjó liggur niðri, t.d. vegna viðhalds eða bilana, rennur hreinsað skólp um yfirlaflögn út í Ölfusá.

3.4.4 Vegagerð

Aðkoma að hreinsistöðinni er frá Hagalæk um núverandi 6 m breiðan veg með bundnu slitlagi. Vegurinn er kominn alla leið að hreinsistöðinni. Gert er ráð fyrir að leggja plan innan lóðar hreinsistöðvarinnar sem verður nýtt sem athafnasvæði vegna starfseminnar. Jafnframt er gert ráð fyrir a.m.k. 3 bílastæðum ásamt gönguleið um svæðið sem nær frá þéttbýli Selfoss og vestur á gamla leið í Sandvikurlandi. Þörf er á um 300 m löngum slóða að útrásarstað við Geitanes til þess að geta lagt lögn og útrás í Ölfusá. Reiknað er með að þessi slóði nýtist sem gönguleið inn á gömlu þjóðleiðina meðfram ánni að Kotferju.

Vegna nálægðar við veg er ekki talin þörf á að ráðast í slóðagerð í tengslum við lagningu lagna niður að Eyrarbakka nema á stöku stað neðan Tjarnarbyggðar. Þar sem það reynist nauðsynlegt að gera slóða vegna aðstæðna, má reikna með að leggja þurfi 3 m breiðan og 40-60 cm þykkan slóða af burðarhæfu efni. Heildarlengd slóðanna hefur verið áætluð allt að 3 km.

Sökum þess hve sandur vestan við Eyrarbakka er laus og einkorna gæti þurft að leggja slóða vegna flutninga á grjóti fyrir grjótvörn útrásar niður að útrásarstað við Eyrarbakka.

3.4.5 Efnistaka

Efnistaka vegna verksins verður úr námu við Ingólfssfjall. Gert er ráð fyrir að uppgrafið efni úr lagnaskurðum verði endurfyllt í skurðina og umframefni jafnað á staðnum og/eða flutt brott á móttökustað jarðvegs. Áætluð efnisþörf af malarefni er um 2.400 m³ fyrir útrás í Ölfusá og um 26.000 m³ fyrir lögn niður að Eyrarbakka. Auk þess mun þurfa um 1.500 m³ af grjóti í grjótvörn á útrás ef lögn fer niður á Eyrarbakka og 200 m³ í varnargarð við hreinsistöð vegna flóðahættu. Grjót yrði tekið úr námu við Þorlákshöfn þar sem grjótnám hefur verið í sjóvarnargarða við Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri.

3.4.6 Förgun úrgangs

Í hreinsivirknu verður eftir síu- og ristarúrgangur ásamt lífrænu efni, sandi, fitu og aðskotahlutum. Síu- og ristarúrgangur og aðskotahlutir fara í förgun hjá viðurkenndum aðilum. Leitast verður við að koma

nýtanlegri seyru sem safnast fyrir á beltasíum og á tromlusíum og laus er við rusl í endurnýtingu í uppgræðslu á Suðurlandi eins og kostur er.

3.4.7 Frágangur

Lóðin þar sem hreinsistöð er fyrirhuguð er að mestu leyti raskað svæði. Hreinsistöðin sjálf mun standa á röskuðum hraunkanti en lóðin er að mestu á moldartipp úr nærliggjandi íbúðahverfum. Þar sem hraunmyndanir eru ósnertar mun verða reynt að forðast rask þeirra eins og kostur er, og hönnun lóðar mun reyna að endurspeglu það landslag með grjóti og gróðri sem er í nágrenninu.

3.4.8 Aðgerðir til minnkunar á rennsli

Í eldri lagnakerfum á Selfossi eru blandkerfi, þ.e. að ofanvatn og affallsvatn hitaveitu er að stórum hluta í skólplögnum. Gert er ráð fyrir að tvöfalda lagnakerfið þegar endurnýjun þess fer fram. Samkvæmt rennslismælingum verkfræðistofunnar Mannvits fyrir Árborg sem gerðar voru áramótin 2007-2008 og í september 2008 er áætlað mesta þurrviðrisrennsli um 300 l/s. Samkvæmt niðurstöðum Mannvits nemur innstreymi grunnvatns inn í kerfið um 100-130 l/s. Áform Árborgar gera ráð fyrir að allt skólp verði leitt inn á fráveitukerfið og inn í hreinsistöðina og er gert ráð fyrir þessu rennsli í hönnun hennar. Með tíð og tíma mun vera unnið að endurnýjun lagnakerfis á Selfossi og það þétt, en ráðast þarf í talsverðar endurbætur á kerfinu, sem skemmdist t.d. nokkuð í jarðskjálftum 2000 og 2008. Þessar aðgerðir munu leiða til þess að magn vatns sem berst til stöðvarinnar minnkar, en jafnframt mun styrkleiki efna í skólpinu hækka, einnig vegna aukins magns skólops frá heimilum vegna fólksfjölgunar. Þéttung lagnakerfisins mun hafa meiri áhrif til hækkunar á styrkleika heldur en fólksfjölgun. Einnig er gert ráð fyrir því að lækkun á rennsli vegna þéttингar vegi meira en aukning vegna fólksfjölgunar.

3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010. Sveitarstjórnir hafa jafnframt lögsögu innan netlaga sem eru 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði.
- Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004, varnir gegn mengun vatns og stranda þarf Umhverfisstofnun að samþykki lagningu neðansjávarleiðslna, en útrás í sjó fellur þar undir.
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Ef hrófla þarf við fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

- Vegna breytingar á aðalskipulagi þarf að sækja um leyfi til að taka land úr landbúnaðarnotum samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Framkvæmdin er einnig háð ýmsum leyfum er snúa að verktökum, svo sem vegna aðbúnaðar á vinnustöðum, sprengivinnu og fleiru.

3.6 Samræmi við skipulag

3.6.1 Landsskipulag

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi m.a. vatnsvernd og fráveitu. Áhersla er lögð á umhverfisværnar lausnir. Þá er tekið fram að huga þurfi að áhrifum fráveitu frá landi á vistfræði strandsvæða. Framkvæmdin er talin samræmast vel landskipulagsstefnunni, enda er markmið framkvæmdarinnar að vernda almenning og umhverfið gegn mengun.

3.6.2 Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Árborgarar 2010-2030 er fjallað um fráveitu á Selfossi. Þar segir [17]: „Búið er að sameina allar útrásir sunnan Ölfusár í eina útrás, sem staðsett er vestan byggðar og neðan flugvallar. Við þessa útrás er gert ráð fyrir hreinsun og dælustöð þar sem fráveituvatni verði dælt áfram í fyrirhugaða útrás vestan Geitaness. Land er tekið frá þar sem hægt verður að hreinsa fráveituvatn. Ekki er endanlega búið að taka ákvörðun um umfang hreinsunar, hvorki hvaða aðferð verður notuð eða tímasetning hreinsunar. Norðan Ölfusár eru þrjár útrásir sem samkvæmt núverandi áætlun verða sameinaðar og dælt yfir Ölfusá í safnræsi á suðurbakka árinnar. Ekki er búið að ákveða gerð og legu þeirra lagna og verður aðalskipulagi breytt þegar sú ákvörðun liggur fyrir.“

Í almennri umfjöllun um fráveitur í sveitarfélagini kemur einnig fram að [17]: „Unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að hreinsa allt skólp áður en því er veitt í viðtaka. Eldri útrásir verða sameinaðar í eina útrás í hreinsi- og dælistöðvar sem verða reistar við hvern þéttbýlisstað. Í byrjun verður um síun grófra efna úr skólpinu að ræða en pláss verður tekið frá fyrir lífræna hreinsun.“ Ennfremur er tekið fram að: „Unnið er að því að öllu frárennsli og skólpi frá íbúum og fyrirtækjum Árborgar sé fundinn viðunandi farvegur. Með þessu verki tryggjum við hreinni ár, árbakka, sjó og fjörur og stuðlum að bættu og enn meira aðlaðandi umhverfi í Árborg. Hreinar fjörur munu laða að sér fleira fólk og svæðið í heild sinni fær hlýlegri ásýnd.“

Skipulagsvæði hreinsistöðvar er skv. aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 á skilgreindu iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir dælu- og hreinsistöð. Ekki er gert ráð fyrir lagnaleið og útrás að Eyrarbakkahöfn í gildandi aðalskipulagi. Jafnframt er fyrirhuguð lagnaleið að útrás við Geitanes lítillega breytt miðað við gildandi aðalskipulag. Mögulega þarf stærra svæði undir starfsemi hreinsistöðvar, sér í lagi ef ákveðið verður að byggja hreinsistöð með tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun. Aðalskipulag verður endurskoðað með hlíðsjón af niðurstöðu umhverfismats.

3.6.3 Deiliskipulag

Á svæðinu þar sem fyrirhugað er að hreinsistöð muni rísa er ekkert deiliskipulag í gildi. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvik í Árborg með útrás við Geitanes hefur verið lögð fram og á eftir að samþykkja hana. Framkvæmdin fyrir eins þreps hreinsun er í samræmi við þá tillögu. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð verður endurskoðuð þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdina.

3.7 Eignarhald á landi

Landið þar sem hreinsistöðin mun rísa er í eigu Árborgar. Ef útrás verður út í sjó við Eyrarbakka mun lögnin fara bæði um land í einkaeigu og land í eigu sveitarfélagsins.

3.8 Umsagnir og athugasemdir

Árborg hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu og tekið afstöðu til þeirra. Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um framkvæmdina og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 3-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um framkvæmdina í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Fiskistofa	Í kafla 3.5 í frummatsskýrslu og matsskýrslu kemur fram framkvæmdin sé háð umræddu leyfi frá Fiskistofu.
Hafrannsóknastofnun	Valkostur með útrás í sjó verður alltaf kostnaðarsamari auk þess sem honum fylgir tæknileg óvissa, óháð staðsetningu á útrásarenda í sjó. Sveitarfélagið telur því engar líkur að tilfærsla á útrásarenda geti breytt vali á aðalvalkosti.
Fram kemur að hönnun hreinsistöðvarinnar gerir ráð fyrir meira en 100.000 persónueiningum í afköstum. Mælingar hafa hinsvegar sýnt að persónueiningar frárennslis sunnan árinna hafa farið yfir þessa fyrirhuguðu afkastagetu. Mikill vöxtur hefur verið í byggð á Selfossi og nágrenni. Með vaxandi byggð og atvinnustarfsemi mun skólpagn aukast enn frekar. Gert er ráð fyrir að matvælafyrirtæki hreinsi sitt frárennslu sérstaklega. Ef hreinsun verður ekki komin á hjá matvælafyrirtækjunum mun álag aukast á fyrirhugaða hreinsistöð, en taka skal tillit til þessa við hönnun nýju hreinsistöðvarinnar.	Afkost stöðvarinnar takmarkast fyrst og fremst af vatnsmagninu, ekki af magni lífrænna efna í skólpinu. Síubúnaðurinn gæti ráðið við mun meira magn lífrænna efna svo ekki þarf að hafa áhyggjur af þessu. Ef hreinsun frárennslis frá matvælafyrirtækjunum uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp fækkar mjög persónueiningunum sem mælast í skólpþreinsistöðinni.
Fyrirhugað er að leggja útrásina frá hreinsistöðinni við Geitanes út í Ölfusá. Hafrannsóknastofnun bendir á mikilvægi þess að útrásin verði lögð nægilega langt út í ána til að blöndun fráveituvatns við árvatnið verði sem mest.	Útrásin verður lögð út meginstaum Geitanesflúða, þar sem rennsli Ölfusár er hvað mest.
Athuga hvort örnefnið Sandvik eigi ekki að vera Sandvík.	Samkvæmt staðkunnugum heitir örnefnið Sandvik.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir skólpdreinsistöðvum, útrásardælustöðvum og fráveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 8.1 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig veitir embættið, eftir því sem við á, starfsleyfi vegna ýmissa verkpáttá á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efniðsnámu, landmótun, og verktaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Umhverfisstofnun	
Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda frummattskýrslu. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að hreinsun fráveitu frá Selfossi uppfylli skilyrði laga. Samkvæmt frummattskýrslunni er ætlunin að ráðast í framkvæmdina í tveimur áföngum og byrja á að setja upp eins þreps hreinsun. Ekki kemur fram í skýrslunni hversu fljótt verði ráðist í að klára að setja upp lögboðna tveggja þrepa hreinsun en aftur á móti er í skýrslunni færð rök fyrir því að eins þreps hreinsun sé að mestu sambærileg tveggja þrepa hreinsun.	Sveitarfélagið tekur undir mikilvægi þess að koma sem fyrst á fót hreinsun fráveitu frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga. Í kafla 3.4.2.2.1 kemur fram að gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúningur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þrjú ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar. Ofangreindum setningum hefur verið bætt inn í samantekt og niðurstöðuklafla (kafla 6.1) í matsskýrslu.
Veðurstofa Íslands	
Vatnsflóð í Ölfusá Samkvæmt nýútgefínni skýrslu „Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá“ (Emmanuel Pagneux o.fl. (2019)) er fyrirhugað framkvæmdasvæði í eða við flóðamörk með 25-200 ára endurkomutíma (sjá mynd 18). Þess ber þó að geta að í landlíkaninu sem notað er í líkanrekningunum er ekki tekið tillit til bygginga né minni háttar landslagsbreytinga og innviða, s.s. veggja, ræsa o.s.frv. Ennfremur ber að skoða niðurstöður líkanrekninganna út frá nákvæmni landlíkansins. Algilda hæðarnákvæmni þess er í kringum +/- 50 cm en hin afstæða í kringum +/- 10 cm... Áhætta og álag vegna grunnvatns Veðurstofan óskar eftir að skýrari grein verði gerð fyrir nokkrum þáttum er varða mögulega áhættu og álag vegna grunnvatns. Fram kemur í frummattskýrslu að ísstífla getur myndast í Ölfusá sem valdið geti flóði (bls. 25). Bent er á „ ... að fyrirhugað skipulagssvæði er innan flóðasvæðis. Vegna flóðahættu verður byggður varnargarður, grjótvörn norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar ...“ Í skýrslunni koma ekki fram upplýsingar um hvaða líkur eru á að flóð verði, um hönnun varnargarðs í samræmi við stærð flóðsins, né heldur greining á líkum þess að flóð fari yfir varnargarðinn og möguleg áhrif þess. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósí nálgægðar við vatnsverndarsvæðið í Flugunesi. Mögulega geta flóð, sem og vinnsla og geymsla seyr, valdið á lagi á nálæg svæði. Æskilegt væri að gera grein fyrir jarðvegsþekju á svæðinu milli iðnaðarsvæðisins og þeirra	Hönnuðir eru meðvitaðir um þá hættu sem Veðurstofan bendir á og munu taka tillit til hennar við endanlega hönnun mannvirkja. Álag á grunnvatn getur ekki verið mikið þar sem engum mengunarefnum er safnað upp á svæðinu. Þar af leiðandi er ekki talin þörf á að fjalla um jarðvegsþekju og grunnvatnsstrauma á svæðinu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
grunnvatnsstrauma sem stefna frá áætluðu skipulagssvæði og að vatnsverndarsvæðinu. Með því móti er mögulegt að meta áhrif mögulegra óhappa eða flóða á grunnvatn og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir í samræmi við það.	
Magnsaka grunnvatns á svæðinu er nokkur og því mikilvægt að vita hver nýting grunnvatns er í vinnuferlum hreinsistöðvarinnar. Mikilvægt er að fá upplýsingar um vatnsnotkun í ferlinu og hvaðan það vatn kemur til þess að heildarmynd af grunnvatnsnotkun í Sveitarfélagini Árborg sé til staðar.	Neysluvatn fyrir byggðina er tekið úr hlíðum Ingólfssjalls og er óháð grunnvatn í þjórsárhrauni sunnan Ölfusár. Notast er við neysluvatn úr Ingólfssjalli við hreinsunina en vatnsnotkun í hreinsiferlinu er mjög lítil. Magn vatns í fráveitukerfinu stafar að hluta til af innleika grunnvatns í lagnakerfið. Á næstu áratugum verður mikil vinna unnin við að þetta lagnakerfið og minnka flæði grunnvatns inn í það.
Á bls 33-34 kemur fram að stefnt er að nýta seyrur við uppgræðslu á Suðurlandi. Ef svara á kröfum um að meta mögulegt álag landnotkunar, m.a. vegna laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þyrti að liggja fyrir áætlun fyrir hvert rekstrarar um hvaða magn seyrur á að nýta til uppgræðslu sem og staðsetningu hennar. Æskilegar upplýsingar varða einkum efnainnihald, s.s. næringarefna og lyfjaleifar.	Nýting seyrunnar í uppgræðslu yrði alltaf gerð í samvinnu við Landgræðsluna og í raun myndi Landgræðslan stjórna nýtingunni, þ.e. velja svæðin og hve mikið magn færí á hvert svæði. Landgræðslan hefur unnið fjölmörg verkefni og rannsóknir um nýtingu lifraens áburðar við íslenskar aðstæður. Þær rannsóknir hafa m.a. sýnt fram á að fosför binst vel í íslenskum jarðvegi. Landgræðslan hefur m.a. nýtt seyrur sem áburð í sínum tilraunum og hefur því reynslu og þekkingu á magni seyrur sem nota má pr. flatarmálseiningu til að nýting næringarefna sé sem best. Takist ekki að finna seyrunni nýtingarfarveg með þessum hætti þyrti að grípa til förgunar. Rétt er að benda á fyrirkomulag þessara mála á Hólasandi þar sem seyrur og svartvatni frá Skútustaðahreppi er safnað og það nýtt af Landgræðslunni. Landgræðslan kemur til með að vakta þar að hve miklu leyti finna má næringarefni djúpt í jarðvegi sem og í jarðvatni. Lyfjaleifar eru hluti af eftum sem finnast í seyrur en þekkt er að megnið af lyfjaleifum skilst út með þvagi og því er takmarkaður hluti þeirra í seyrunni. Einnig benda rannsóknir til þess að lyfjaleifum sé betur fyrir komið í jarðvegi en í sjó vegna hás styrkleika örvera í jarðvegi samanborið við sjó. Ekki hefur verið sýnt fram á skaðsemi lyfjaleifa í jarðvegi en það hefur hins vegar verið gert með lyfjaleifar í sjó. (heimild: Fate of pharmaceutical residues – in sewage treatment and on farmland fertilized with sludge. Jörgen Magnér og fleiri, 2016).
Varðandi geymslu seyrur – verður hún geymd eða fjarlægð jafnóðum? Ef hún er geymd gæti það verið áhættusamt í flóðatilvikum.	Nýting seyrur getur aðeins farið fram á hlýrri hluta ársins og því þarf að gera ráð fyrir geymslurými fyrir seyruna. Hvort hún yrði geymd nálaðgt hreinsistöðinni eða nálægt nýtingarstað er hluti af nánari útfærslu á nýtingarferlinu en ábendingin um flóðahættuna er góð og ætti að hafa áhrif á staðarvalið.
Veiðifélag Árnesinga	
Veiðifélag Árnesinga telur hvorki vera fyrir því lagaskilyrði né standast aðra skoðun að ætla sér að nýta Ölfusá sem viðtaka fyrir skólp á tímum náttúruverndar og réttar fólks til að njóta óspilltrar náttúru. I. Kröfur til flokkunar viðtaka. Tilskipun 91/271/EBC gerir lágmarkskröfur til hreinsunar skólp. Hún skyldar íslenska ríkið til að tilgreina viðkvæm svæði (viðtaka) og er sú flokkun frumforsenda fyrir innleiðingu hennar. Það er á ábyrgð ráðherra að annast þessa flokkun en hún hefur ekki farið fram og þar af leiðandi liggur ekki fyrir hvort Ölfusá teljist samkvæmt þeirri flokkun viðkvæmur viðtaki eða ekki. Miðað við framkvæmd flokkunar nágrannaríkjja okkar á viðkvæmum svæðum skv. tilskipuninni yrði Ölfusá flokkuð sem viðkvæmt svæði og nýtur þegar sérstakrar verndar 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem eru sérlög á þessu svíði.	Eins og almennt á við um vatn þá nýtur Ölfusá verndar gegn mengun, m.a. í 83 gr. vatnalaga nr. 15/1923. Þá er mengun vatns líka óheimil samkvæmt meginreglu 5. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sem er m.a. sett skv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin tilgreinir enn fremur að losun mengandi efna í vatn er heimil, að því tilskyldu að ákvæði reglugerðarinnar um vatnsgæði sé uppfyllt og starfsleyfi sé fyrir viðkomandi starfsemi. Hreinsistöðin mun verða rekin samkvæmt starfsleyfi og því í samræmi við kröfur laga og reglugerða og mun því samræmast markmiðum laga nr. 7/1998 um að draga úr losun í vatn í því skyni að vernda umhverfið. Hvað varðar skilgreiningu á Ölfusá sem viðtaka bendir Árborg á grein 21.2 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, en þar segir: „Koma skal á tveggja þepa

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>Í forsendum frummatsskýrslunnar segir: „Viðtaki skólps hefur hvorki verið skilgreindur sem síður viðkvæmur né flokkast sem viðkvæmur viðtaki, en um þá viðtaka gilda almennar kröfur reglugerðarinnar um fráveit og skólp, þ.e. krafa um tveggja þrepa hreinsun.“</p> <p>Samkvæmt 3.29 gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveit og skólp, getur Ölfusá ekki verið síður viðkvæmur viðtaki þar sem hún er hvorki ármynni eða strandsjór.</p> <p>Samkvæmt framangreindum forsendum skýrslunnar er talid að þar sem ekki liggi fyrir skilgreining eða flokken Ölfusár sem viðtaka þá eigi almennar kröfur reglugerðar um tveggja þrepa hreinsun við. Þetta er röng og alvarleg ályktun og þangað til að fyrir liggur mat á því hvort Ölfusá teljist viðkvæmur viðtaki eða eru engar forsendur til að ákveða hvort beita skuli tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun.</p>	<p>hreinsun eða sambærilegri hreinsun fyrir skólp, þegar skólp er veitt í viðtaka og viðtaki hefur hvorki verið skilgreindur sem viðkvæmt né síður viðkvæmt svæði.“ Þar sem Ölfusá hefur hvorki verið skilgreind sem viðkvæmt né síður viðkvæmt svæði ber því samkvæmt ákvæðinu að hreinsa skólp með tveggja þrepa hreinsun. Ef horft er til viðmiða í reglugerð þá getur Ölfusá varla talist síður viðkvæmur viðtaki þar sem hún er hvorki ármynni eða strandsjór, eins og Veiðifélagið bendir á. Að sama skapi getur án varla talist viðkvæmur viðtaki samkvæmt viðmiðum í A-lið II. Viðauka reglugerðar um fráveit og skólp nr. 798/1999, enda ekki um að ræða; a) vatnsumhverfi sem hefur orðið fyrir eða er líklegt að verða fyrir næringarefnauðgun vegna líttillar endurnýjunar vatns, b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar eða c) svæði þar sem hörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 21. gr. reglugerðar um fráveit og skólp.</p> <p>Árborg bendir að Ölfusá er vatnsmesta á landsins og niðurstöður umhverfismatsins benda til þess að án sé öflugur viðtaki. Trúlega er vandfundinn öflugri ferksvatnsviðtaki á Íslandi. Loks má benda að umhverfisráðherra hefur sett kröfu um hreinsun skólpss líkt og um viðkvæman viðtaka sé að ræða, þ.e. með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, á tveimur verndarsvæðum, þ.e. við Þingvallavatn og Mývatn og Laxá.</p>
<p>Birgitta María Braun</p> <p>Skólpmálin á Íslandi eru vægara sagt í mikilli óreiðu miðað við önnur Evróplönd, - þrátt fyrir vexandi íbúa- og ferðamannafjölda og iðnað. Við fögnum því að Sveitarfélag Árborgar tekur til handa að gera hreint borð á sínu svæði. Eins og beðið var um komum við athugasemduum fram á frumstígi framkvæmdaferlisins og skilum þeim hér með.</p> <p>1. Fjarlægð fyrirhugaðrar skolphreinsustöðvarinnar við þéttbyli á Selfossi og vatnsverndarsvæðisins Við Flugunes:</p> <p>Selfoss/Árborg er í örum vexti sem samfélag. Fjöldi íbúa hefur aukist um 10% frá 2017 eða úr 8.958 /des. 2017 í 10.030/janúar 2020. Bæði Mjólkursamtökum og Slátturfélag Suðurland reka öfluga starfsemi á Selfossi auk fjölda annars iðnaðar.</p> <p>Fyrirhugaða hreinsistöð fyrir fráveitu á að reisa við Sandvík, á milli vatnsverndarsvæðisins við Flugunes að vestan (í 1 km fjarlægð) og þéttbýlis Selfoss að austan. Frummatsskýrlan byggist á ákvörðunum um matsáætlun sem Skipulagsstofnun samþykkti þann 8. mars 2019.</p> <p>Í tillögu að matsáætlun frá 14.12.2018 og í frummatsskýrslunni frá 8.1.2020, lið 3.3.1/ Svæði undir hreinsistöð er notuð yfirlitsmynd um staðsetningu fyrirhugaðrar hreinsistöðvarinnar. Þar sést að „núverandi íbúðarhús á Selfossi eru um 600 m fjarlægð frá staðsetningu fyrirhugaðrar hreinsistöðvar“. Aðgangurinn að skolphreinsistöðinni er áætlaður um götuna Hagalæk. Í matsáætluninni og frummatsskýrslu er hinsvegar hvergi minnst á og tekið tillit til nýbyggingar Lækjahverfis þar sem bæði einbýlis- og fjölbýlishús eru að risa hratt síðan árið 2017 og sérstaklega 2018. Lækjahverfið vantar á þá loftmynd sem notuð er sem yfirlitskort til að staðsetja framkvæmdina. Í rauninni má segja að skolphreinsistöðin sé núna áætluð í þéttbýli þar sem fjarlægðin til næstu húsa er einungis um 200-300 metrar. Fyrirhugaður aðgangur að</p>	<p>Tekið var tillit til Lækjahverfis þegar fjarlægð í íbúðarbyggð var áætluð í frummatsskýrslu. Hreinsistöðin er í um 600 m fjarlægð frá þeim húsum sem hafa verið byggð síðustu ár og/eða eru í byggingu. Ekki er fyrirhuguð byggð nær hreinsistöðinni en það. Hér virðist því sem um misskilning sé að ræða.</p>

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>skólpdreinsistöðinni liggur beint í gegnum Lækjahverfi og er því í miklu þéttbýli.</p> <p>Ég tel það vera alvarlegan formgalla á frummatsskýrslunni svo og á matsáætluninni að ekki sé tekið tillit til nýbyggingu Lækjahverfis og teljum því að frummatsskýrslan sé ógild vegna formgalla.</p>	
<p>3. Áfangaskipting framkvæmdarinnar þarf að koma skýrar fram. Hvenær getur annars þreps hreinsun orðið að veruleika? M.t.t þess hversu hratt bæjarfélagið próast ætti a.m.k. að gera ráð fyrir því að hægt sé að bæta 3. þreps hreinsun við í framtíðinni, og alls ekki loka fyrir þann möguleika.</p>	<p>Sveitarfélagið tekur undir mikilvægi þess að koma sem fyrst á fót hreinsun frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga. Í kafla 3.4.2.2.1 kemur fram að gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúningur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þriju ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar. Ofangreindum setningum hefur verið bætt inn í samantekt og niðurstöðukafla (kafla 6.1) í matsskýrslu. Hönnun 2ja þrepa stöðvarinnar útilokar á engan hátt hugsanleg fleiri þrep í framtíðinni. Rétt er að benda á að stöðin verður með sótthreinsibúnaði, UV ljósi, sem gjarnan er talað um sem fjórða stigið.</p>
<p>7. Í frummatsskýrslunni er ítrekað að hreinsistöðin á að gilda bæði fyrir íbúðabyggðina og iðnaðarhverfin (Gagnheiði og fleiri) og gæti jafnvel rúmað frárennslið frá MS og SS. Upplýsingar um persónueiningar í frummatsskýrslunni eru mjög óstöðugar og misvisandi (sjá viðauki 6/ Rennsli og efnainnihald fráveituvatns á Selfossi). Skv. mælingum í mismunandi brunnum hafa mælingarnar verið ansi „rokkandi“ og tímabundið farið upp í um 110.000 persónueiningar bæði norðan við og sunnan við Ölfusána. Grunað er að háu mælingarnar hafa stafað af starfsemi MS og SS. Ekki er auðsjáanlegt hvort mælingarnar í brunni SS áttu sér stað á hásláturstíma. Skv. frummatsskýrslu á fyrirhuguð skólpdreinsistöð að geta tekið á móti rúmlega 100.000 p.e. og vekur það upp spurningu hvort geta hennar dugi til á alagstínum. Æskilegt væri að viljayfirlýsing kæmi fram frá fyrirtækjunum MS og SS þar sem þau skuldbinda sig til þess að framkvæma hreinsun skólps og afrennslis eftir BAT reglum innan ákveðins frests. Annars er alls óvist hvenær og hvort slík hreinsun mun fara fram.</p>	<p>Afköst stöðvarinnar takmarkast fyrst og fremst af vatnsmagninu, ekki af magni lífrænna efna í skólinu. Síubúnaðurinn gæti ráðið við mun meira magn lífrænna efna svo ekki þarf að hafa áhyggjur af þessu. Ef hreinsun frárennslis frá matvælafyrirtækjunum uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp fækkar mjög persónueiningunum sem mælast í skólpdreinsistöðinni.</p>

4 AÐFERÐAFRÆÐI

4.1 Forsendur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000 með sama nafni og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Markmið laganna er:

- að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdu og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

Mat á umhverfisáhrifum felst í að spá fyrir um og leggja vægi á möguleg áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfi sitt, með tilliti til hvernig og hversu mikið hún mun mögulega breyta grunnástandi. Margvíslegar aðferðir eru til að vega og meta umhverfisáhrif, en ekki er til staðar nein viðurkennd aðferð sem sannmælst hefur verið um að nota. Flestar aðferðirnar ganga út á að vega með ýmsum hætti saman umfang framkvæmdarinnar og gildi og viðkvæmni viðkomandi umhverfisþáttar/svæðis. Það er mismunandi eftir aðferðum með hvaða hætti grunnástand og áhrif eru lögð fram í matinu og getur meðal annars verið gert með því að nota töluleg gildi, tákn, hugtök eða litamerkingar [18] [19].

Mikilvægt er að mat á umhverfisáhrifum byggi á fyrirframgefnim viðmiðum fyrir hvern umhverfisþátt. Það ræðst af umhverfisþættinum, umfangi framkvæmdar og staðsetningu hennar hvaða viðmið er réttast að leggja á vogarskálar matsins hverju sinni. Þá er mikilvægt að aðferðafræðin sem er beitt við umhverfismatið sé gegnsæ, þannig að það sé augljóst hvernig komist var að rökstuddri niðurstöðu um vægi áhrifa [20]. Óháð því hvaða aðferð er beitt, þá þarf að hafa í huga að matið getur sjaldnast byggst

á auðmælanlegum viðmiðum eða breytum með skýr forspárgildi og niðurstaðan verður því að einhverju marki matskennd.

Stuðst er við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [21] og hins vegar um flokkun umhverfisþáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [22]. Rétt er að geta þess að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar kemur fram að þrátt fyrir tillögur sem þar eru um hugtakanotkun fyrir vægiseinkunnir, þá hafi aðilar sem koma að matinu eftir sem áður frjálsar hendur um að nota önnur hugtök með viðeigandi rökstuðningi [21].

Ætlunin er að aðferðin varpi á skýran hátt ljósi á hvernig komist er að niðurstöðu um vægi áhrifa af framkvæmdum á einstaka umhverfisþætti. Leitast er við að viðmiðin sem lögð eru til grundvallar hverjum umhverfisþætti séu skýr og undirbyggi rökstuðning fyrir niðurstöðunni.

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir helstu viðmiðum fyrir mat á grunnástandi umhverfisþáttta, helstu viðmiðum fyrir mat á einkennum áhrifa og hvernig staðið er að mati á vægi áhrifa. Nánari upplýsingar um aðferðafræði við mat á einstökum umhverfisþáttum er að finna í viðeigandi köflum. Aðferðalýsingar vegna rannsókna sem unnar voru í tengslum við matið má finna í viðkomandi sérfræðiskýrslum sem fylgja í viðaukahefti með þessari matsskýrslu.

4.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar

Aðferðafræðin sem notuð er við mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar byggir í grunninn á:


- Viðmiðum fyrir grunnástand umhverfisþáttta (t.d. gróðurs, fugla eða fornminja).
- Viðmiðum fyrir einkenni áhrifa (t.d. varanleiki, bein eða óbein áhrif) vegna framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfisþátt.

Viðmið fyrir einstaka umhverfisþætti eru breytileg, en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa verið mótuð með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Eftir atvikum taka þau jafnframt mið af niðurstöðum sérfræðinga, lögum og öðrum útgefnum opinberum gögnum/viðmiðum sem eiga við um viðkomandi þátt.

Grunnástand einstakra umhverfisþáttta á hverju svæði var metið á fimm þrepa skala. Við matið var gjarnan horft til mikilvægis umhverfisþáttarins á viðkomandi stað. Þannig var t.d. mikilvægi umhverfisþáttta metið hátt ef þeir nutu lögbundinnar verndar eða opinberir aðilar/sérfræðingar töldu þá hafa hátt verndargildi. Að sama skapi var mikilvægi umhverfisþáttta metið lægra ef ekkert slíkt átti við. Við mat á grunnástandi var einnig gjarnan horft til viðkvæmni umhverfisþáttarins, þ.e. getu hans til að ná grunnástandi að nýju. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi grunnástands metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdar var einnig lagt mat á **einkenni áhrifa** hennar á einstaka umhverfisþætti innan svæðis á túi þrepa skala, allt frá miklum jákvæðum áhrifum til mikilli neikvæðra áhrifa. Við matið var gjarnan horft til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfisþátt og varanleika áhrifa. Þar sem horft var til fleiri en eins viðmiðs var heildargildi áhrifa metið með hliðsjón af öllum viðmiðum.

Við mat á því hversu mikil áhrif framkvæmdin gæti haft í för með sér var vegin saman greining á grunnástandi og helstu einkennum áhrifa sem hlotist geta af framkvæmdinni á viðkomandi umhverfisþátt. Niðurstöður greiningarinnar má setja inn í vægiseinkunnagraf, sem byggir á fyrirmynnd frá norsku Vegagerðinni [23]. Það ræðst af viðmiðum hvers umhverfisþáttar hvaða mælikvarðar eru settir á ása grafsins. Á grundvelli samspils grunnástands og einkenna áhrifa fæst mat á vægi áhrifanna, svokallaðra vægiseinkunna, með því að finna næsta skurðpunkt grunnástands og einkenna áhrifanna. Dæmi um framsetningu vægismats má sjá á mynd 4-1.



MYND 4-1 Dæmi um framsetningu á niðurstöðu umhverfismats. Viðmið fyrir grunnástand og áhrif eru breytileg eftir umhverfisþáttum.

Í þessari aðferðafræði er búið að skilgreina viðeigandi viðmið fyrir grunnástand hvers umhverfisþáttar sem tekinn er til mats til að meta gildi þess og viðkvæmni fyrir breytingum. Jafnframt er búið að setja viðmið fyrir einkenni og umfang áhrifa af framkvæmdinni (sjá viðmið á x og y ás á mynd 4-1). Viðmiðin fyrir hvorn ás eru nokkur og er hvert þeirra kvarðað á skalanum lítið til mikið. Niðurstaða matsins, þ.e. vægiseinkunn fyrir áhrif á hvern umhverfisþátt, er heildarsamantekt af þessum undirliggjandi viðmiðum. Sú samantekt byggir á mati sérfræðinga. Hún er ekki meðaltal heldur er lagt mat á innbyrðis vægi þessara viðmiða á hvorum ás fyrir sig.

Á mynd 4-1 er endanleg vægiseinkunn skurðpunktur á mati á viðkvæmni grunnástands (x-ás) og umfangi áhrifa (y-ás). Til að einfalda framsetningu niðurstaðna hefur vægiseinkunnum verið skipt í flokka á bilinu „Engin áhrif“ yfir í „Veruleg áhrif“ til einföldunar í umræðu um niðurstöðu umhverfismatsins. Litakvarðinn á mynd 4-1 sýnir þetta róf.

Skilgreining á mismunandi flokkum vægiseinkunna er eftirfarandi:

Vægi áhrifa telst **verulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til grundvallarbreytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er mjög hátt; viðkvæmni vegna gildis eða næmni er mjög mikið og umhverfisþátturinn eða svæðið á enga eða mjög takmarkaða möguleika til endurnýjunar. Umfang áhrifanna er mjög mikið, tekur til mjög stórs svæðis og/eða margir verða fyrir áhrifum. Áhrifin eru bæði bein og óbein, og meiri hluti þeirra er óafturkræfur.

Vægi áhrifa telst **talsvert neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til töluluverðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er frekar hátt; viðkvæmni vegna gildis eða næmni er mikil og umhverfisþátturinn eða svæðið á frekar takmarkaðan möguleika til endurnýjunar. Þá er umfang áhrifanna allmikið, tekur til frekar stórs svæðis og/eða allmargir verða fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og stór hluti þeirra er afturkræfur.

Vægi áhrifa telst **nokkuð neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til nokkurra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er nokkuð hátt; viðkvæmni vegna gildis eða næmni er allnokkur og umhverfisþátturinn eða svæðið á góða möguleika til endurnýjunar. Umfang áhrifanna er ekki mikið, tekur til takmarkaðs svæðis og fáir verða fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og stór hluti þeirra er afturkræfur.

Vægi áhrifa telst **óverulega neikvætt** þegar framkvæmdin leiðir til minniháttar breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er lítið; viðkvæmni vegna gildis eða næmni er lítið og umhverfisþátturinn eða svæðið á góða möguleika til endurnýjunar. Umfang áhrifanna er lítið, tekur til mjög lítils svæðis og mjög fáir verða fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og stærsti hluti þeirra er afturkræfur.

Framkvæmdin hefur **engin áhrif** á tiltekinn umhverfisþátt. Í sumum tilvikum geta aðstæður hagað því þannig að framkvæmdin snertir viðkomandi umhverfisþátt ekki að neinu leyti.

Vægi áhrifa telst **óverulega jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til minniháttar breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er lítið. Umfang áhrifanna er lítið, tekur til mjög lítils svæðis og mjög fáir verða fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og vara í stuttan tíma.

Vægi áhrifa telst **nokkuð jákvætt** þegar framkvæmdin leiðir til breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er nokkuð hátt. Umfang áhrifanna er ekki mikið, tekur til takmarkaðs svæðis og fáir verða fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og áhrifin vara í nokkuð langan tíma.

Áhrifin eru **talsvert jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til talsverðra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er frekar hátt. Umfang áhrifanna allmikið, tekur til frekar stórs svæðis og/eða allmargir fyrir áhrifum. Áhrifin geta verið bein eða óbein, og vara lengi.

Áhrifin eru **verulega jákvæð** þegar framkvæmdin leiðir til verulegra breytinga á grunnástandi þar sem saman fer að gildi svæðis og/eða einstaka umhverfisþáttar er mjög hátt. Umfang áhrifanna er mjög mikið, tekur til mjög stórs svæðis og/eða margir sem verða fyrir áhrifum. Áhrifin eru bæði bein og óbein, og vara í mjög langan tíma.

4.3 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um aðferðafræði í frummatsskýrslu.

5 UMHVERFISMAT

5.1 Vatnsgæði viðtaka

5.1.1 Aðferðafræði

5.1.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka tengjast einkum efnum, lífrænum og ólífraenum, ásamt gerlum sem kunna að berast með skólpi í viðtaka.

5.1.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Við afmörkun áhrifasvæðis vegna áhrifa á vatnsgæði viðtaka er miðað við annars vegar vatnasvið Ölfusár neðan útrásar í ána og hins vegar sjó umhverfis mögulega útrás í sjó og nærliggjandi strandsvæði.

5.1.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er styrkur efna í vatni (pH, leiðni, uppleyst næringarefn, aðalefni, snefilefni, lífrænt kolefni og hormón) ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkost, á vatnsgæði viðtaka?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsgæði eru eftirfarandi:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög um stjórн vatnamála nr. 36/2011.
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlöta, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

5.1.1.4 Gögn og rannsóknir

Til grundvallar mati á vatnsgæðum liggja annarsvegar mælingar Hafrannsóknarstofnunar á styrkleika mengunarefna í Ölfusá og hinsvegar dreifingarlíkansreikningar verkfræðistofunnar Vatnaskila sem gerðir voru til að meta dreifingu mengunar fyrir losun í Ölfusá og losun í sjó og samanburð við núverandi ástand.


Til að svara matssprungum sem lýst er í 5.1.1.3 var í rannsókn Hafrannsóknarstofnunarinnar ýmist gerðar mælingar eða unnið úr fyrirliggjandi gögnum til að svara hver áhrif frá eituhreinsunarnar eru á magn uppleystra efna. Þar var horft til megin skólpútrásar við Geitanesflúðir, en í dag eru alls fimm útrásir frá byggðinni á Selfossi, þ.e. útrás og tvær neyðarútrásir sunnan ár, og norðan ár tvær minni útrásir auk útrásar frá Slátturfélagi Suðurlands. Við upplegg rannsóknarinnar er markmið Sveitarfélagsins Árborgar um að ástand árinnar geti flokkast sem gott að framkvæmdum loknum haft í huga.

Hafrannsóknastofnun safnaði efnasýnum á fjórum stöðum í Ölfusá þann 7. nóvember 2017, þ.e. við 1) Ölfusárbrú, 2) stöð 530 á austurbakka ofan núverandi útrásar, 3) núverandi útrás og 4) stöð 540 neðan núverandi útrásar (Mynd 5-1). Mælingar fóru fram á sýrustigi (pH), leiðni, og styrk næringarefna, aðalefna og snefilefna í vatni, sem og heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) og hormóna (17-beta-östradiol og 17-alfa-etinylöstradiol). Stofnunin lagði jafnframt mat á áhrif einstakra valkosta á vatnsgæði Ölfusár með hliðsjón af þessum niðurstöðum. Nánari upplýsingar um aðferðafræði má finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] (sjá viðauka C).



MYND 5-1 Sýnatökustaðir Hafrannsóknastofnunar við rannsóknir á vatnsgæðum og lífríki Ölfusár. Sýnum af vatni, fiskum, þörungum og botndýrum var safnað á stöðvum 530 og 540 sem eru merktar með rauðum hringjum. Stöð 530 er um 1,5 km ofan við skólpútrás við Geitanes (rauð stjarna) og stöð 540 er um 500 m neðan hennar. Eldri seiðagögn voru greind af öllum stöðvunum þremur (520, 530 og 540). Rauð ör sýnir hvar fyrirhugað er að setja nýja útrás og rauður þríhyrningur sýnir hvar sýnum af vatni hefur verið safnað frá árinu 1996 [24].

Verkfræðistofan Vatnaskil vann dreifingarspá fyrir uppleyst efni (lífþræðilega súrefnisþörf (BOD), svifagnir, heildar köfnunarefni, heildar fosför og saurkólígerla) í Ölfusá og sjó og lagði mat á áhrif valkostanna á vatnsgæði viðtaka. Við ákvörðun forsenda um magn mengunar sem er losuð í viðtakann voru hafðar til hliðsjónar reglulegar vöktunarmælingar á styrkleika efna í núverandi útrás og í Ölfusá, sem Mannvit hefur annast frá árinu 2013. Fjöldi saurkólígerla og styrkur líffræðilegrar súrefnisþparfar (BOD) og svifagna var metinn út frá meðaltali mælingum frá september 2017 til janúar 2019 en styrkur köfnunarefnis og fosfórs byggir á eldri mælingum. Mikil sveifla reyndist vera mældum gildum saurgerla, sem er óútskýrð, og því er mikil óvissa sem fylgir vali á forsendum fyrir styrkleika saurkólígerla (Mynd 5-2). Í skýrslu Vatnaskila kemur fram að samanburður mælinga og reikninga bendi til þess að líkanið líki að mestu vel eftir dreifingu gerlanna, en vanmeti styrkinn við syðri bakka árinnar, milli Geitaness og Fluguness. Mælingar Mannvits voru notaðar eftir fremsta megni til að leiðréttu fyrir misräemi í líkanniðurstöðum, en þó ber að hafa í huga að ekki eru til mælingar neðan Fluguness utan stakra mælinga við Auðsholt (2 km neðar í ánni) og við ósa árinnar, þ.e. óvissa ríkir um dreifieiginleika árinnar neðan Fluguness.



MYND 5-2 Forsendur um gerlaflæði bornar saman við mælingar. Óútskýrð sveifla er í mældum gildum. Á mynd 2-1 má sjá staðsetningu útrásar við SS (auðkennd sem S6) og Sandvik (auðkennd sem S2).

Bakgrunnsstyrkur Ölfusár var metinn út frá mælingum við golfvöllinn Svarfhólvsvöll, en staðsetning hans er ofan við byggðina á Selfossi. Ekki er tekið tillit til bakgrunnsgilda í sjó þegar losað var til sjávar.

Tafla 5-1 sýnir yfirlit yfir forsendur fyrir mengunarefni frá Selfossi sem notaðar voru í dreifingarspánni. Fyrir valkost GSJÓ var bætt við gildin áætluðum styrkleika mengunarefna í skólpí frá Stokkseyri og Eyrarbakka til að leggja mat á samlegðaráhrif þess að skólpí frá 2.500 persónueiningum geti tengst inn á útrásina í framtíðinni. Áætlunin byggir á þegngildum, sem eiga uppruna sinn í rannsóknum í Reykjavík, þar sem m.a. gert er ráð fyrir að fjöldi saurkólígerla sé 10^7 saurkólígerlar pr. 100 ml skólpí.

Nánari upplýsingar um aðferðafræði má finna í skýrslu Vatnaskila [25] (Viðauki B).

TAFLA 5-1 Forsendur fyrir bakgrunnsgildi og styrkleika mengungarefna í fráveituvatni frá Selfossi.

	BAKGRUNNSGILDI Í ÖLFUSÁ	ÓHREINSAÐ/ GRÓFHREINSUN (GSJÓ)	EINS ÞREPS HREINSUN (1ÞÖ)	TVEGGJA PREPA HREINSUN (AÐALVALKOSTUR)	ÍTARLEGRI EN TVEGGJA ÞREPA HREINSUN (3ÞÖ)
BOD (mg/l)		119	95 (20% hreinsun)	24 (80% hreinsun)	24 (80% hreinsun)
Saurkóligerlar (fjöldi í 100 ml)	14	224.700	224.700	224.700	224.700
Svifagnir (mg/l)	-	69	35 (50% hreinsun)	7 (90% hreinsun)	7 (90% hreinsun)
Heildar köfnunarefni (mg/l)	0,06	7,9	7,9	4,9	1,6
Heildar fosfór (mg/l)	0,028	1,7	1,7	1,2	0,3

*Reglugerð kveður á um takmarkanir í aukningu svifagna, en ekki heildarstyrk og því ekki notaður bakgrunnsstyrkur.

5.1.2 Grunnástand

Við mat Hafrannsóknarstofnunarinnar á núverandi gæðum vatns í Ölfusá voru tekin sýni úr ánni, af Ölfusárbrú, af bakka á stöð 530 sem liggur ofan núverandi útrásar og stöð 540 sem liggur neðan við útrásina (Mynd 5-1). Sýnin voru tekin 7. nóvember 2017. Rennsli í ánni var ekki mælt, heldur var miðað við óstaðfestar mælingar Veðurstofu Íslands. Samanburður á styrk efna í sýnum gefur til kynna að styrkur næringarefna í sýnum sem tekin voru ofan útrásar sé sambærilegur við sýnaseríu sem til er úr Ölfusá af Ölfusárbrú fyrir árin 1995-2015. [24]. Styrkur flestra efna var hærri í sýni sem safnað var á stöð 540, neðan útrásar, sérstaklega styrkur næringarefna. Hlutfallslega var hækkan fosfórs mest á milli stöðva, en styrkur fosfórs mældist 16 sinnum hærri neðan útrásar (í stöð 540) en ofan hennar.

Í rannsókn Hafrannsóknarstofnunar er notast við heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) til að meta mengunarálag í ferskvatni, þ.e. mælingarnar sýna það lífræna efni sem var á svifi í ánni, en ekki það lífræna kolefni sem var á svifi í ánni í stærri ögnum, en þar er um að ræða óhreinindi (t.d. saur og klósettpappír). Styrkur TOC í svifi í sýnum af Ölfusárbrú og stöð 530 (sýni I og II), ofan við útrás, var undir greiningarmörkum (<0,5 mg/l) en mældist 0,69 mg/l á stöð 540 neðan við útrásina (sýni III) og 96 mg/l í vatni úr útrásinni sjálfri (sýni IV). Samkvæmt reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns voru sýni I – III í flokki I (næringarefnafátækt) en sýni IV úr útrásinni féll í flokk V (ofauðugt). Hins vegar endurspeglar sýnin sem safnað var ofan og neðan ræsis einungis það lífræna kolefni sem var í svifögnum í ánni, þar sem þau náðu ekki að fanga allt það lífræna kolefni sem barst niður eftir ánni í stærri ögnum, s.s. saur í óhreinsuðu skólpi. Það er því ljóst að meira er af lífrænu kolefni en niðurstöður úr sýnatökum gefa til kynna. Allar niðurstöður mælinga í sýnum úr Ölfusá má sjá í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar í viðauka C.

Samkvæmt umhverfismörkum reglugerðar nr. 796/1999 fellur styrkleiki heildar fosfórs (P_{total} og fosfats (PO_4-P)) neðan skólprásar í flokk E (ófullnægjandi vatn), ammóníum (NH_4) í flokk C (nokkuð snortið vatn) en önnur næringarefni falla í flokk A (ósnortið vatn).

Rannsókn Hafrannsóknarstofnunarinnar náði einnig yfir mælingar á kvenhormónum. Hormónin Ethylenestradiol (17 α) og estradiol (17 β) mældust í fráveituvatni í skólprásinni við Geitanes en einungis var estradiol (17 β) mælanlegt í sýnum frá stöðvum 530 (0,036 ng/l) og 540 (0,040 ng/l), ofan og neðan við útrásar. Styrkur estradiol (17 β) var 28 sinnum hærri í núverandi útrás (2,5 ng/l) en í ánni. Þrátt fyrir það mældist ekki aukning á hormónum í Ölfusá við Sandvik. Mælingar á hormónum í holdi laxaseiða sem veidd voru á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan útrásar, sýndu að styrkur hormóna var alltaf

undir greiningarmörkum. Því má draga þá ályktun að ekki hafði orðið uppsöfnun á kvenhormónum í seiðunum [24]. Til samanburðar mældist estradiol 17 β í dælustöð við Klettagarða í Reykjavík <208 ng/l (ca. 5.200-5.800 sinnum hærri styrkur) og í skólpi Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi 473 ng/l (ca. 11.825 – 13.100 sinnum hærri styrkur). Styrkur kvenhormóna var einnig mældur í holdi tólf seiða sem voru veidd í rannsóknarskyni árið 2017á rafveiðistöðvum í Ölfus á stöð 530 og á stöð 540. Mælingar voru gerðar tvisvar, og mældist ekkert sýni ofan við greiningarmörkin. Í seinni mælingunni var beitt næmari aðferð sem þó sýndi heldur ekki fram á mælanlegan styrk hormóna í fiskseiðum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mengun frá núverandi útrás á Selfossi hafi áhrif á efnastyrk margra aðal- og snefilefna (Na, K, Ca, Mg, SO₄, Cl, F, Mn og Sr). Áhrifin koma fram á stöð 540, neðan skólprásar við Geitanes, en ekki er hægt að fullyrða á grundvelli mælinganna um hve langt niður eftir ánni áhrifa af fráveitunni gætir. Til að svara því þyrfti frekari sýnasöfnun meðfram bakkanum neðan skólprásarinnar, en í þessu mati var mat lagt á hvernig áhrifin dreifast niður með ánni með dreiflíkansreikningum. Tafla 5-2 sýnir mældan styrkleika og flokkun vatnsgæða skv. rannsókn Hafrannsóknarstofnunar.

TAFLA 5-2 Umhverfismörk fyrir málma og næringarefni í yfirborðsvatni til verndar lífríkis (A og B) samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 796/1999 og flokkun vatns í Ölfusá í nóvember 2017 [24].


A. Umhverfismörk fyrir málma og næringarefni í yfirborðsvatni til verndar lífríkis						C. Meðalefnasamsetning Ölfusár 07/11/2018		
Málmar í yfirborðsvatni		A	B	C	D	E	Sýni II	Sýni III
Kopar	µg/l	0,5	0,5-3	3-9	9-45	>45	0,269	0,215
Zink	µg/l	5	5-20	20-60	60-300	>300	0,668	0,676
Kadmíum	µg/l	0,01	0,01-0,1	0,1-0,3	0,3-1,5	>1,5	0,054	0,023
Blý	µg/l	0,2	0,2-1	1-3	3-15	>15	0,019	0,017
Króm	µg/l	0,3	0,3-5	5-15	15-75	>75	0,572	0,473
Níkkel	µg/l	0,7	0,7-15	15-45	45-225	>225	0,178	0,129
Arsenik	µg/l	0,4	0,4-5	5-15	15-75	>75	0,058	0,069
<i>Næringarefni í am</i>								
P-total	mg/l	<0,02	0,02-0,04	0,04-0,09	0,09-0,15	>0,15	0,010	0,009
PO ₄ -P	mg/l	<0,01	0,01-0,025	0,025-0,05	0,05-0,1	>0,10	0,008	0,008
NH ₃	mg/l	<0,01	0,01-0,025	0,025-0,10	0,1-0,25	>0,25	0,010	0,075
N-total	mg/l	<0,3	0,3-0,75	0,75-1,5	1,5-2,5	>2,5	0,056	0,200

B. Flokkun vatns					
Flokkur	A	B	C	D	E
Ástand	Mjög lítil eða engin hætta á áhrifum.	Lítill hætta á áhrifum.	Áhrifa að vænta á vökvaemt lífríki.	Áhrifa að vænta.	Avallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/pynningar sveði.


Verkfræðistofan Vatnaskil lagði mat á dreifingu mengunar frá fráveitu fyrir alla framlagða valkosti til að meta áhrif á vatnsgæði viðtaka og því einnig fyrir grunnástand þegar skólpi er sleppt án hreinsunar miðað við núverandi útrás í Sandvik og vegna losunar í nýrri útrás í við Geitanes. Fyrir saukólígerla voru reiknuð 90% hlutfallsmörk styrks saukólígerla í 100 ml. Bakgrunnsgildi saukólímengunar í Ölfusá eru á mörkum umhverfisflokk I og II skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en umhverfisflokkur II telst vera lítil saurmengun.

Reiknuð 90% hlutfallsmörk á styrk saukólígerla neðan útrásarinnar sýna mikla hækku saurgerla og er styrkur þeirra í flokki V sem telst vera ófullnægjandi alla leið niður að Straumnesi (mynd 5-3). Líkt og

greint var frá í kafla 5.1.1.4 er óvissa meiri um dreifingu í ánni neðan Fluguness vegna skorts á mælingum. Samkvæmt reglugerð 796/1999 skal styrkur saurkólígerla í a.m.k 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml, nema þar sem útvistarsvæði eru við fjörur eða matvælaiðnaður í grennd, þar skal fjöldi vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis. Hæsti reiknaði styrkur er næst útrásinni sjálfrí, eða um 1.550 gerlar pr. 100 ml. Gerlamengun var einnig skoðuð með sömu forsendun, en fyrir núverandi útrás í Sandvik, rétt ofan við Geitanesið, þar sem núverandi aðalútrás liggur (mynd 5-4). Reiknaður styrkur nærri útrás er verulega aukinn samanborið við útrás í Geitanesi, en hæsti reiknaður styrkur er um 1.464.500 gerlar pr. 100 ml. Vatnsgæði eru ófullnægjandi í báðum tilfellum og uppfylla þau hvorugt kröfur reglugerðar 796/1999 hvað varðar fjölda saurkólígerla, en þynning er aukin nánast 1.000 falt á nærsvæði útrásar með því að flytja hana í Geitanesi, þar sem vatn er lygnara í Sandvik sem er óæskilegt fyrir útrás frá veitu.



MYND 5-3 90% hlufallsmörk dreifingar saurkólígerla frá nýrri útrás í Geitanesi. Rauður litur sýnir umhverfismörk skv. flokki V í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sem samsvarar ófullnægjandi ástandi sem nær frá útrásinni að Straumnesi.




MYND 5-4 90% hlufallsmörk dreifingar saukólígerla frá núverandi útrás í Sandvik ofan Geitanesflúða. Rauður litur sýnir umhverfismörk skv. flokki V í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatn


Reiknuð lífræn súrefnisþörf (BOD_5) í óhreinsuðu skólpi er töluvert undir umhverfismörkum reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp, en hæsti reiknaði styrkur BOD_5 er reiknaður 1,0 mg/l nærrí útrásinni, en má ekki fara yfir 4 mg/l skv. reglugerð. Endurnýjun súrefnis í ánni er fyrst og fremst háð straumhraða árinnar. Vindur bætir jafnframt súrefnisstyrkinn, en áhrif þessa voru ekki metin heldur eingöngu áhrif straums. Súrefnismettun á jaðri og súrefnisþörf á botni eru ráðandi varðandi súrefnismettun í ánni. Ef miðað er við 75% mettun á jaðri líkansins fer súrefnismettun lægst í um 70,1% miðað við óhreinsað skólp, en í 74,3% sé litið framhjá súrefnisþörf við botn árinnar. Áhrifa gætir um innan 500 metra neðan útrásarinnar.

Reiknaður styrkur köfnunarefnis bendir til að lítil eða óveruleg áhrif séu á ánnu vegna köfnunarefnis í óhreinsuðu skólpi frá útrásinni. Mældur bakgrunnsstyrkur ofan við Selfoss er um 0,06 mg/l en hæsti reiknaður styrkur í óhreinsuðu skólpi er 0,12 mg/l. Gagnvart köfnunarefni reiknast án því í flokki I (næringsarfátækt) skv. reglugerð 769/1999. Mældur bakgrunnsstyrkur fosfórs er 0,028 mg/l sem fellur undir flokk II (lágta næringarefnagildi) skv. reglugerð. Hæsti reiknaði styrkur fyrir óhreinsað skólp er tvöfalt hærri eð 0,042 mg/l. Þynning er hröð vegna mikils rennslis og hefur styrkur náð bakgrunnsgildinu við Flugunes. Áin reiknast í flokki II fyrir öll stig, nema rétt við útrásina þar sem hún fellur í flokk III (næringsarefnarík) fyrir óhreinsað skólp. Fyrir óhreinsað skólp reiknast styrkaukning svifagna mest 0,6 mg/l, sem er um fjórðungur af hámarksaukningu sem skilgreind er í umhverfismörkum reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.


Niðurstöður mats á grunnástandi sýnir að lífræn súrefnisþörf (BOD), styrkur köfnunarefnis, fosfórs og svifagna er undir viðmiðunarmörkum reglugerðar 796/1999 og vegna sterkrar dreifingar og blöndunar í ánni hefur losunin lítil áhrif á súrefnistöðu árinnar og styrkaukning næringarefna og svifagna er að sama skapi lág. Reiknaður styrkur BOD , köfnunarefnis, fosfórs og svifagna má sjá á myndum að neðan (mynd 5-5 til mynd 5-8).




MYND 5-5 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar óhreinsuðu skólpi er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 1,0 mg/l.



MYND 5-6 Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar óhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,12 mg/l.



MYND 5-7 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar óhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem gildi falla innan 3. flokks. Hæsta reiknað gildi er 0,042 mg/l.



MYND 5-8 Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar óhreinsuðu skólpi er veitt í Ölfusá. Öll gildi eru lægri en viðmið reglugerðar. Hæsta reiknað gildi er 0,56 mg/l.

5.1.2.1 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Ekki var tekið tillit til bakgrunnsstyrks í sjó þegar losað var til sjávar.

5.1.3 Lýsing á áhrifum

5.1.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Eins og fram kemur umfjöllun um grunnástand, hefur hreinsun takmörkuð áhrif á fjölda saukólígerla og áhrifin því þau sömu og í grunnástandi, sem gildir jafnframt fyrir alla framlagða valkosti.


Lífræn súrefnisþörf (BOD) er undir viðmiðunum í Ölfusá fyrir öll tilvik en töluverð lækkun verður þó á reiknuðum styrk þegar skólpi frá tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár samanborið við losun óhreinsaðs skólpss eða skólpss frá eins þreps hreinsun. Við eins þreps hreinsun og tveggja þrepa hreinsun, auk ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun, er hæsti reiknaði styrkur BOD í líkani 0,8 mg/l og 0,2. Til viðmiðunar er hæsti reiknaði styrkur fyrir óhreinsað skólp 1,0 mg/l, en má ekki fara yfir 4 mg/l skv. reglugerð. BOD frá útrásinni í Ölfusá hefur þó lítill áhrif á súrefnisstöðu árinnar þegar losað er óhreinsað skólp eða frá eins þreps hreinsun en óveruleg áhrif þegar losað er frá tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp varðandi lífræna súrefnisþörf (BOD) eru því uppfylltar fyrir alla fjóra valkosti hreinsunar þegar útrás er í Ölfusá. Reikningar benda jafnframt til þess að áhrif lífrænnar mengunar á súrefnisstyrk séu lítill þegar losar er óhreinsað skólp eða frá eins þreps hreinsun, en óveruleg þegar hreinsun er tveggja þrepa eða ítarlegri en tveggja þrepa.

Styrkur köfnunarefnis í Ölfusá er um tvöfalt hærri en bakgrunnsgildið þegar óhreinsað skólp er losað í ánni, eða 0,12 mg/l. Við tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri hreinsun lækkar styrkur köfnunarefnis í útrásinni og reiknast þá hæsti styrkur í líkaninu 0,10 mg/l, en hækjunin er óveruleg fyrir ítarlegri hreinsun. Gagnvart köfnunarefni er án í flokki I fyrir alla valkosti, utan valkosts með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, þá eru áhrifin óveruleg.


Bakgrunnsstyrkur fosfórs í Ölfusá fellur undir flokk II en fyrir óhreinsað skólp lækkar reiknaður styrkur um 50% samanborið við bakgrunnsstyrk eða 0,042 mg/l. Vegna rennslis í ánni er talsverð þynning í ánni og fellur styrkur hratt undir 0,04 mg/l, þegar vatnið flokkast í flokk II, og er styrkleiki næri bakgrunnsgildi við Flugunes. Samkvæmt reikningum fellur styrkur fosfórs í ánni innan flokks II fyrir öll stig hreinsunar.

Styrkaukning svifagna fer aldrei yfir viðmið reglugerðar en mesta styrkaukning í Ölfusá er um fjórðungur af viðmiðum reglugerðar þegar óhreinsað skólp er losað, eða aukning sem nemur 0,56 mg/l en má mest vera 2,0 mg/l. Eins þreps hreinsun lækkar styrk svifagna töluvert og lækkar þá styrkaukningin í um 0,3 mg/l og lækkar enn frekar við tveggja þrepa hreinsun, eða í 0,1 mg/l. Kröfur reglugerðar eru uppfylltar fyrir alla valkosti hreinsunar með útrás í Ölfusá.


Reiknuð dreifing BOD, köfnunarefnis og fosfórs skv. dreifingarlíkani er sýnd á myndum að neðan (mynd 5-9 til mynd 5-11).



MYND 5-9 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar hreinsuðu skólpí eftir tveggja þrepa og ítarlegri hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,2 mg/l.



MYND 5-10 Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar hreinsuðu skólpí eftir tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,10 mg/l.




MYND 5-11 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar hreinsuðu skólpi eftir tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta reiknað gildi er 0,038 mg/l.

5.1.3.2 Aðrir valkostir


5.1.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Almennt séð er minni lækkun á lífrænni súrefnispörf (BOD) og styrkleika næringarefna og svifagna við eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun. Hins vegar er sterk blöndun í viðtakanum og fer styrkleiki þessara efna aldrei yfir viðmið reglugerðar. Eins þreps hreinsun hefur því nokkuð sambærileg áhrif og tveggja þrepa hreinsun. Slík hreinsun samræmist ekki almennu kröfunni um tveggja þrepa hreinsun sem gildir fyrir venjulega viðtaka.

Reiknuð dreifing BOD og svifagna skv. dreifingarlíkani er sýnd á myndum að neðan (mynd 5-12 og mynd 5-13). Dreifing köfnunarefnis og fosfórs er sýnd í kafla um grunnástand.



MYND 5-12 Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar hreinsuðu skólpi eftir eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,8 mg/l.




MYND 5-13 Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar hreinsuðu skólpi eftir eins þreps hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,3 mg/l.

5.1.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er talin hafa nokkuð sambærileg áhrif á vatnsgæði viðtaka og aðalvalkostur, en áhrifin eru þó meiri hvað varðar alla hreinsun, sérstaklega á næringarefnum og svifögnum. Samkvæmt því eru minni hætta á óæskilegum umhverfisáhrifum, en ítarlegri hreinsun hefur ekki áhrif á flokkun vatnsgæða skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reiknuð dreifing fosfórs skv. dreifingarlíkani er sýnd á mynd 5-14 að neðan. Áhrif eru eingöngu sýnileg næst útrásinni (blá lína).



MYND 5-14 Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar hreinsuðu skólpi eftir ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er veitt í Ölfusá. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hæsta reiknað gildi er 0,030 mg/l.

5.1.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó


Gera má ráð fyrir að áhrif núverandi skólplosunar á vatnsgæði Ölfusár gangi að mestu til baka ef skólpi yrði dælt um lögn niður að sjó við Eyrarbakka. Á móti kann losunin að hafa staðbundin áhrif á vatnsgæði sjávar.

Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar er mat lagt á nauðsynlegar forsendur og áhrif hreinsunar skv. þessum valkosti. Þar kemur fram að þessi leið krefst þess að skólpi verði dælt niður á nokkurt sjávardýpi til þess að blöndun verði sem best. Gera megi ráð fyrir góðri blöndun á um 25–30 m dýpi, sem er svipað dýpi og er við útrás vestur af Reykjavík. Á þessum slóðum er meðalstraumur vestur með landinu en straumur er afar breytilegur ef vindar blása kröftuglega með tilheyrandí öldugangi og brimi. Ekki er líklegt að fráveituvatn sem dælt yrði á nægilegt blöndunardýpi, eftir eins þreps hreinsun, hefði neikvæð áhrif á efnastyrk eða lífríki sjávarins. Til að fullyrða nokkuð frekar um þennan valkost þyrfti að gera dýptar- og straumamælingar á svæðinu. Dæling á öllu skólpi um lögn og útrás í sjó myndi koma í veg fyrir að fyrrgreind neikvæð áhrif kæmu fram á vatnsgæðum, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá.

Í dreifingarspá Vatnaskila voru reiknuð 90% hlutfallsmörk styrks saurkólígerla í 100 ml frá útrás út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerðar miðað við forsendur um losun saurkólígerla sem uppfyllir kröfur reglugerðar miðað við forsendur um losun saurkólígerla sbr. kafla 5.1.1.4. Mynd 5-15 sýnir 90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá útrásarenda. Hæstur reiknaði styrkur er um 600 gerlar pr. 100 ml og liggur jafngildislin fyrir 90% hlutfallsmörk 100 gerla pr. 100 ml um 70 metra frá stórstraumsfjörumörkum. Endi útrásarinnar liggur á 16,5 m dýpi miðað við meðalsjó í rúmlega 900 m fjarlægð frá landi og um 500 m fjarlægð frá stórstraumsfjöru (ÍSN93 hnít 392668, 374709). Við

endanlega hönnun útrásarinnar þarf að huga að mögulegri tilfærslu útrásarinnar komi til breytinga á forsendum um losun saurkólígerla. Niðurstöður líkanreikninga gefa þó til kynna að unnt verði í hverju falli að finna þessari útrás stað sem uppfyllir kröfur reglugerðar.

Hæsta reiknaða gildi lífrænnar súrefnisþarf fyrir valkost GSJÓ er 1,1 mg/l. Almennt gildir að endurnýjun súrefnis í sjó er háð vindi, og eykur aukinn vindur styrk súrefnis í sjó nokkuð hratt. Eingöngu þarf um 3-5 m/s vindhraða til að viðhalsa fullri súrefnismettun. Ólíklegt er því að útrásin hafi teljandi áhrif á súrefnisstöðu í sjónum. Mesta reiknaða styrkaukning köfnunarefnis er 0,01 mg/l og reiknuð styrkaukning vegna fosfórs er óveruleg. Búast má við litlum áhrifum á styrk næringarefna ef grófhreinsuðu skólpi er veitt til sjávar. Á flóðasvæði við byggðina á Eyrarbakka eru lagnir sem liggja frá ræsum og út í sjó sem liggja líklega um 0,5 m hærra en meðalstórstraumsflóð, byggt á gögnum úr rannsókn flóðasvæðsins frá 2007. Mögulega getur sjór því borist inn á flóðasvæðið í sterkum suðvestlægum áttum þegar áhlaðandi og öldur koma saman með stórstraumsflóði. Tíðni slíkra aðstæðna er þó tiltölulega lág. Komist sjór hins vegar inn á flóðasvæðið með þessum hætti má búast við að sjórinn verði þá með um eða yfir 160 saurkólígerla pr. 100 ml miðað við þessa staðsetningu útrásarinnar og núverandi forsendur. Verði af frekari hönnun þessa valkostar, þarf að staðfesta framangreindan möguleika um flæði sjávar inn á flóðasvæði um ræsi, og þá huga að mögulegri færslu útrásarenda utar eftir þörfum til að lækka styrk saurkólígerla í þessum óhagstæðu aðstæðum.



MYND 5-15 90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá útrásarenda út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns miðað við forsendur um losun saurkólígerla.

5.1.3.3 Samanburður hæstu reiknaðra gilda og flokkun vatnsgæða fyrir valkost með losun í Ölfusá.

Tafla 5-3 sýnir samanburð hæstu reiknaðar gilda fyrir hreinsun skv. framlögðum valkostum með losun í Ölfusá og núllkost (óhreinsað leitt í núverandi og nýja útrás fyrir fjölda saukóligerla). Flokkur I er litaður blár, flokkur II er grænn, flokkur III er gulur og flokkur V er rauður.

TAFLA 5-3 Samanburður hæstu reiknaðra gilda fyrir mismunandi stig hreinsunar í Ölfusá lítað eftir umhverfisflokkum fyrir ástand vatns skv. reglugerð 796/1999. Flokkur I (ósnortið vatn) er litaður blár, flokkur II (lítíð snortið vatn) er grænn, flokkur III (nokkuð snert vatn) er gulur og flokkur V (ófullnægjandi vatn) er rauður.

	ÓHREINSAÐ Í SANDVIK (NÚV. ÚTRÁS)	ÓHREINSAÐ/ GRÓFHREINSUN (NÝ ÚTRÁS)	EINS ÞPREPS HREINSUN (1ÞÖ)	TVEGGJA ÞPREPA HREINSUN (AÐALVALKOSTUR)	ÍTARLEGRI EN TVEGGJA ÞPREPA HREINSUN (3ÞÖ)
BOD (mg/l)	Ekki metið	1,0	0,8	0,2	0,2
Saurkólígerlar (fjöldi í 100 ml)	1.464.500	1.550	1.550	1.550	1.550
Köfnunarefni (mg/l)	Ekki metið	0,12	0,12	0,10	0,06
Fosför (mg/l)	Ekki metið	0,042	0,042	0,038	0,030
Svifagnir (mg/l)	Ekki metið	0,6	0,3	0,1	0,1

5.1.4 Mótvægisaðgerðir

Niðurstöður dreifingarlíkans sýna að fjöldi saukólígerla í 100 ml sýnum er ekki ákjósanlegur fyrir neinn þeirra valkosta sem lagður hafa verið fram og byggja á losun í Ölfusá, þ.m.t. aðalvalkost framkvæmdaraðila. Því þurfa að koma til mótvægisaðgerðir til að stemma stigu við fjölda saukólígerla í frárennsli frá stöðinni. Framkvæmdaraðili hyggst nota útfjólubláa geislun (UV-ljós) til að fækka gerlum eftir að annarri hreinsun er lokið til þess að styrkleiki gerla í Ölfusá sé ásættanlegur, þ.e. undir 100 gerlar pr. 100 ml í amk. 90% tilfella, það er þar sem útvistarsvæði eru við fjörur eða matvælaiðnaður í grennd. Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunarinnar er einnig lýst að hægt sé að notast við geislun að undangenginni tveggja þrepa geislun til að stemma stigu við fjölda gerla.

Framkvæmdaraðili mun standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá. Fyrirkomulag vöktunar verður ákveðið í samráði við leyfisveitendur.

5.1.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.1.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á vatnsgæði viðtaka séu nokkuð jákvæð.

5.1.5.2 Aðrir valkostir

1ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnsgæði viðtaka. Þar sem valkostinum fylgir meiri hætta á óæskilegum áhrifum á vatnsgæði er hann talinn hafa heldur neikvæðari áhrif en aðalvalkostur.

3ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnsgæði viðtaka. Þar sem valkostinum fylgir minni hætta á óæskilegum áhrifum á vatnsgæði er hann talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

5.1.6 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka í frummatsskýrslu. Í niðurstöðukafla (sjá kafla 6.5) er þó að finna athugasemdir sem tengjast vatnsgæðum.

5.2 Lífríki viðtaka

5.2.1 Aðferðafræði

5.2.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki viðtaka tengjast einkum áhrifum skólplosunar á frumframleiðendur, smádýr og fiska.

5.2.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Við afmörkun áhrifasvæðis vegna áhrifa á lífríki viðtaka er miðað við annars vegar vatnasvið Ölfusár neðan útrásar í ána og hins vegar sjó umhverfis mögulega útrás frá Eyrarbakka og nærliggjandi strandsvæði.

5.2.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er lífmassi blábaktería ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi þörunga ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Hvert er magn blaðgrænu ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi hryggleysingja ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Hver er lífmassi, fjölbreytni, þéttleiki og ástand laxfiskaseiða ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- Er magn hormóna (17-beta-östradiol og 17-alfa-etinylöstradiol) meira neðan útrásar fráveitu en ofan hennar?
- Hver er styrkur ofangreindra hormóna í seiðum laxafiska úr Ölfusá, ofan og neðan fráveitu?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkost, á lífríki viðtaka?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki eru eftirfarandi:

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

5.2.1.4 Gögn og rannsóknir

Hafrannsóknastofnun annaðist rannsóknir á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Ölfusá. Einnig var stuðst við fyrirriggjandi gögn stofnunarinnar um laxfiskaseiði í Ölfusá og veiði. Í nóvember 2017 var sýnum safnað af botnlægum hryggleysingum, þörungum og laxfiskaseiðum á tveimur stöðum, fyrir ofan skolprás (stöð 530) og neðan hennar (stöð 540) (Mynd 5-1). Á báðum stöðum var lagt mat á fjölbreytni, þéttleika og samsetningu þörunga og blaðgræna a mæld. Einnig var lagt mat á fjölbreytni, þéttleika og lífmassa hryggleysingja ofan og neðan frárennslis. Loks var gerð úttekt á þéttleika, tegundasasetningu og fæðu laxfiska. Nánari upplýsingar um aðferðafræði má finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] (sjá viðauka C).

Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson könnuðu fjöruþörunga á tveimur sniðum í Eyrarbakkafjöru og skráðu fjörudýr sem sáust [26]. Dreifingarspá Vatnaskila [25] fyrir uppleyst efni í sjó var notuð til að meta möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki sjávar (Viðauki B). Loks var stuðst við umsögn Hafrannsóknastofnunar við mat á áhrifum fleygaðrar útrásar í Ölfusá (sjá viðauka H).

5.2.2 Grunnástand

5.2.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] er helstu áhrifum núverandi losunar skólps í Ölfusá á lífríkið lýst sem: „... minni lífmassi þörunga og blábaktería (blaðgræna), minni fjölbreytileiki grænþörunga og blábaktería auk minni þéttleika kísilþörunga. Fjölbreytileiki kísilþörunga var svipaður ofan og neðan skolprásar. Fráveituvatn úr skolprásinni hefur áhrif á botnlæga hryggleysingja sem lýsir sér helst í meiri fjölbreytileika en minni þéttleika rykmýs, og auknum þéttleika ána neðan skolprásar. Á árunum 1985–2017 hefur seiðapéttleiki laxfiska lækkað á rafveiðistöðum í Ölfusá, bæði ofan og neðan skolprásar. Mest er minnkunin á þéttleika laxaseiða neðan skolprásar en hún er riflega tvöfalt meiri en á rafveiðistöðvum ofan hennar. Neðan skolprásar hefur hlutfallslegur þéttleiki urriðaseiða hins vegar aukist.“ Áhrif fráveitunnar koma fram á stöð 540, neðan útrásar við Geitanes en erfitt er að segja til um hversu langt niður með ánni áhrifin ná. Nánar er fjallað um áhrif núverandi fráveitu á botnlæga þörunga, blábakteríur, hryggleysingja og fiska hér að neðan.

Botnlægir þörungar og blábakteríur

Mosar sem uxu á steinum virtust vera líkir að magni á milli sýnatökustöðva, en þeir voru ekki greindir til tegunda. Magn lífrænna efna var marktækt meira á steinum neðan skolprásar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530), bæði í seti sem skolað var af steinum og því sem skolað var úr mosa á steinum. Neðan útrásar var setlagið þykka og hafði ólíka ásýnd. Þar sem hlutföll lífrænna efna voru lík á milli sýnatökustöðva virðist skólpið ekki hafa leitt til hækkunar á hlutfalli lífrænna efna í seti [24].

Magn blaðgrænu er notað sem mælikvarði á lífmassa þörunga. Fyrir neðan skólprásina í Ölfusá (stöð 540) mældist magn blaðgrænu $2,0 \mu\text{g}/\text{cm}^2$, eða um þriðjungur af því sem það mældist á steinum ofan hennar (stöð 530; $6,3 \mu\text{g}/\text{cm}^2$). Þéttleika kísilþörunga neðan skólprásar var einnig um þriðjungur af meðalfjölda á steinum ofan hennar (tæplega $1,3 \text{ milljón frumur}/\text{cm}^2$ á stöð 530 og tæplega $0,5 \text{ milljón frumur}/\text{cm}^2$ á stöð 540). Tegundasamsetning og þar með fjölbreytileiki þeirra var hins vegar svipaður á stöðvunum. Algengustu tegundahóparnir á báðum stöðum voru *Fragilaria* og *Staurosira pinnata*. Aukið næringarefnaframboð neðan skólprásarinnar virðist ekki hafa valdið því að ákveðnar kísilþörungategundir hafi náð sér á strik og orðið ríkjandi. Tegundasamsetning kísilþörunga á steinum fyrir ofan og neðan útrásina gaf til kynna að áhrif af seti sem barst með skólpinu hafi haft meiri áhrif á samfélag kísilþörunga en aukið næringarframboð sem þó hafði líka einhver áhrif. Helstu áhrif af innstreymi skólps á þörungaflóru var á fjölda ættkvísla grænþörunga og blábaktería og samsetningu þeirra. Neðan við skólprásina voru færri ættkvíslir grænþörunga og blábaktería, þar sem ein ættkvísl blábaktería (*Leptolyngbya*) var ríkjandi en sást ekki ofan hennar [24].

Þörungar og blábakteríur þrífast við mismunandi aðstæður og því hefur umhverfið mikil áhrif á það hvaða tegundir og ættkvíslir geta þrifist á hverjum stað. Þörungar eru því oft hentugir til að meta áhrif mengunar og annarra álagsþátta á lífverur en þessir álagsþættir geta einnig verið af náttúrunnar völdum. Ofan skólprásar voru kísilþörungar og blábakteríur í nokkuð jöfnum hlutföllum en grænþörungar í minna mæli. Neðan skólprásar fundust kísilþörungar og blábakteríur en engir grænþörungar. Þar voru köfnunarefnisbindandi blábakteríur af ættkvíslinni *Leptolyngbya* langstærsti hluti af fjölda og þekju þörunga og blábaktería (~90% af þörungabekju) en þessi ættkvísl finnst víða í ofauðguðum vötnum, meðal annars í affallsvötnum ýmisskonar iðnaðar. Sú staðreynd að eingöngu fannst ein ættkvísl blábaktería (*Leptolyngbya*) neðan útrásar, auk þess sem að grænþörungar voru ekki til staðar, gæti bent til þess að áhrif fráveituvatnsins gæti fyrir vöxt og viðgang botnlægra þörunga. Framboð fosfórs og köfnunarefnis var mun meira neðan skólprásarinnar en ofan hennar og var styrkur fosfórs hlutfallslega hærri en styrkur köfnunarefnis, miðað við næringarefnaþörf grænþörunga (1P:16N mól). Það gæti skýrt hvers vegna köfnunarefnisbindandi blábakteríur af *Leptolyngbya* ættkvísl hafi náð sér svo vel á strik og orðið ríkjandi. Þær geta nýtt sér aukið fosför og bundið köfnunarefni sem upp á vantár úr andrúmslofti, en það geta grænþörungar ekki gert [24].

Botnlægir hryggleysingjar

Rykmýslirfur einkenndu samfélög hryggleysingja í Ölfusá og var hlutfall þeirra mjög hátt á báðum sýnatökustöðum. Þéttleiki rykmýslirfa var þó töluvert hærri ofan skólprásar (stöð 530), eða að meðaltali rúmlega 122 þúsund lirfur á hverjum fermetra samanborið við rúmlega 68 þúsund neðan skólprásar (stöð 540). Eins og áður hefur komið fram var mikið set á steinum neðan við skólprásina sem að öllum líkindum hefur áhrif á uppbyggingu samfélaga hryggleysingja. Vitað er að uppsöfnun á seti breytir aðgengi að ljósi ásamt því að mykja undirlag botnsins, sem gæti haft áhrif á samsetningu og fjölda hryggleysingja. Aðrir algengir hryggleysingjar á báðum stöðum voru bitmýslirfur og sniglar, sem bæði eru algeng fæða fiska, en þéttleiki þeirra var mun minni neðan skólprásarinnar en ofan hennar. Niðurstöðurnar eru í samræmi við eldri rannsóknir á vatnakerfi Ölfusár sem herma að yfirgnæfandi meirihluti hryggleysingja tilheyri lirfum mýflugna, þ.e. bitmýs (*Simulium*) og rykmýs (Chironomidae). Fjöldi rykmýstegunda var hærri neðan skólprásarinnar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530). Algengustu rykmýstegundirnar á báðum stöðunum voru *Eukiefferiella minor* og *Orthocladius (O.) frigidus*. Báðar tegundir þrífast vel í mosagrónum ám. Tegundin *Cricotopus (I.) sylvestris* fannst einungis

neðan skólprásar. Tegundin þrífst við breytilegar aðstæður og finnst m.a. í menguðum straumhörðum ám og þar sem jarðhita gætir. Rannsóknir benda til þess að þéttleiki tegundarinnar aukist eftir því sem neðar dregur í ám sökum viðbættra næringarefna, m.a. frá landbúnaði. Tilvist *C. (I.) sylvestris* stafar því hugsanlega af auknum næringarefnastyrk í árvatninu neðan við skólprásina. Þrátt fyrir marktækt minni þéttleika rykmýslirfa neðan skólprásar var fjölbreytileiki rykmýslirfa þar meiri en ofan skólprásar. Það skýrist af miklum tegundafjölda ásamt jafnri dreifni á rykmýstegundum neðan skóprásar [24].

Ánar hafa lengi verið notaðir sem líffræðilegur gæðaþáttur í ferskvatni (e: bioindicator) varðandi lífræna mengun í vatnakerfum. Ánar voru áberandi á báðum sýnatökustöðvunum og var þéttleiki þeirra (byggt á sjónrænu mati) margfalt meiri neðan skólprásar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530). Meiri þéttleiki ána neðan skólprásar endurspeglast í háu hlutfalli ána í magasýnum laxfiska á stöð 540, neðan skólprásar, samanborið við magasýni laxfiska á stöð 530, ofan skólprásar, þar sem vorflugulirfur voru ríkjandi fæða. Talið er að hlutföll ána aukist á botni mengaðra vatnakerfa, meðal annars vegna þess að þeir þoli lágan styrk súrefnis í vötnum þar sem rotnun er mikil sökum lífrænnar mengunar. Mikil uppsöfnun á lífrænu- og ólífrænu seti neðan skólprásarinnar gæti því skapað heppilegar aðstæður fyrir ýmsar tegundir ána, þar sem þeir eru með blóðrauða (haemoglobin) sem gerir þeim kleyft að þola súrefnisskort betur [24].

Vorflugulirfur fundust í nokkru mæli á stöð 530, ofan skólprásar, en voru afar fátíðar neðan hennar (stöð 540) í þeim sýnum sem voru unnin. Vorflugulirfur eru hluti af svokölluðum ETP hópi skordýra sem er notaður sem vísitala á gæði vatna og er tilvist þeirra og fjölbreytni yfirleitt vísbending um ágætis vatnsgæði. Bæði vorflugulirfur og gyðlur steinflugna var að finna á stöð 530 ofan skólprásar en ekki eða í litlu magni neðan hennar. Út frá því má álykta að vatnsgæðin séu betri ofan skólprásar en neðan hennar. Steinflugugýðlur eru almennt taldar viðkvæmar fyrir lífrænni mengun. Loðmý eða fiðrildamý (Psychodidae) fannst einungis neðan skólprásarinnar (stöð 540) og lifa lirfur margra tegunda þessarar ættar í eða við skólp [24].

Áhrif skólplosunarinnar kunna að vera staðbundin við nálæg búsvæði og þynningaráhrif valda því mögulega að ákveðnir hópar þörunga og hryggleysingja birtist á ný er fjær dregur frá skólprásinni [24].

Fiskar

Heildarþéttleiki seiða laxfiska árið 2017 var meiri neðan skólprásar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530). Hins vegar var þéttleiki laxaseiða lægri neðan skólprásar. Þetta helgast af hlutfallslega meiri þéttleika urriðaseiða. Jafngömum seiði voru heldur stærri á stöð 540 og þar var holdastuðull seiða heldur hærri en á stöð 530. Þetta gæti bent til hraðari vaxtar sem gæti tengst auknu fæðuframboði. Grófari botngerð á stöð 540, sem gefur stærri seiðum aukið skjól, getur skýrt hærri þéttleika eldri og stærri seiða sem og hagstæðari búsvæði fyrir fæðudýr og þess vegna betri vaxtarskilyrði fyrir seiði. Magafylli seiða var hærri á stöð 530, ofan fráveitu (2,33; n=18), en neðan (1,52; n=21). Lítill magafylli á stöð 540 er í nokkurri mótsögn við það að meiri vöxt megi skýra með betri fæðuskilyrðum, en mögulega skýrist það af því að fæðan er auðmeltari þar. Fæðan var fjölbreyttari hjá laxfiskaseiðum neðan skólprásar, en ofan hennar. Á stöð 530 voru vorflugulirfur í mestum mæli fæðunni, en þær var var tæt að finna í fæðu laxfiskaseiða á stöð 540, neðan skólprásar, þar sem vatnabobbi var aðalfæða laxaseiða auk þess sem hlutdeild ána var nokkur. Þegar fæða seiða laxfiska tímabilið 1985 til 2017 er skoðuð sést að vorflugulirfur og bitmýslirfur hafa verið algengasta fæðan ofan útrásar (stöð 520 og 530) allt tímabilið. Neðan útrásar hafa varla fundist bitmýslirfur eftir 1997 og vorflugulirfur hafa varla fundist eftir 2003. Í

stað þeirra hafa komið vatnabobbar og ánar. Sérfræðingar telja að líklegt að þar sé um að ræða áhrif frá skólpengun og benda í því samhengi á að flestar tegundir vorflugna eru næmar fyrir lífrænni mengun meðan ánar og vatnabobbar eru það ekki [24].

Kvenhormónin ethylenestradiol (17 α) og estradiol (17 β) mældust í fráveituvatni í skólprásinni við Geitanes en einungis var estradiol (17 β) mælanlegt í sýnum frá stöðvum 530 og 540, ofan og neðan við skólprásina. Styrkur estradiol var 28 sinnum hærri í skólprörinu en í ánni, en þrátt fyrir það mældist ekki aukning á hormónum í Ölfusá við Sandvik. Mælingar á hormónum í holdi laxaseiða sem veidd voru á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan skólprásar, sýndu að styrkur hormóna var alltaf undir greiningarmörkum. Því má draga þá ályktun að ekki hafði orðið uppsöfnun á kvenhormónum í seiðunum [24].

Sé litið til þróunar á þéttleika fyrir lax frá 1985 til 2016 má sjá að seiðum virðist hafa fækkað á þeim stöðum sem vaktaðir hafa verið í Ölfusá, og á það bæði við um eins árs og tveggja ára seiði. Þéttleiki laxaseiða í heild yfir tímabilið hefur hinsvegar minnkað mun meira á stöð 540, neðan skólprásar, en ofan hennar á stöðvum 520 og 530. Þá hefur hlutur laxaseiða í heildarþéttleika seiða lækkað talsvert á tímabilinu á stöð 540 á meðan hlutur urriðaseiða hefur vaxið, ólíkt því sem var á stöð 520 og 530, ofan útrásar. Ætla má að fráveituvatn skólprásarinnar frá byggðinni á Selfossi geti haft neikvæð áhrif á þéttleika laxaseiða og svo virðist að urriði geti komið inn á svæði sem lax hefur vikið af. Í því samhengi benda sérfræðingar á að lax er talinn mjög viðkvæmur fyrir hnignandi vatnsgæðum og líklega viðkvæmari fyrir skólpengun en urriði [24].

Fiskar eru afar lyktnæmir og geta greint ýmis uppleyst efni í vatni. Þeir geta t.d. greint styrk náttúrulegra efna í allt að ppt kvarða (1 ng/l). Sýnt hefur verið fram á að fiskar hörfa verði þeir varir við mengandi efni, þrátt fyrir að styrkur þeirra sé mjög lágur. Við sýnatökur mældist styrkur margra snefilefna hærri neðan útrásar en ofan. Þá liggur útrásin í dag nærrí árbakkanum, en fiskar á göngu upp ár þurfa að spara orku og ganga þess vegna oft nálægt bökkum þar sem straumur er minni. Sérfræðingar telja líkur á því að lax á uppgöngu forðist að ganga í menguðu vatni, þótt ekki verði skorið úr um það með óyggjandi hætti [24].

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um fleygaða útrás í Ölfusá (Viðauki H) kemur fram að á þeim stað þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir við útrásina er grýttur botn og fremur straumlítið en straumur vex þegar utar dregur í ána. Stofnunin gerir ráð fyrir að þarna sé lífríki með líkum hætti og á athugunarstað Hafrannsóknastofnunar, sem mælingar voru gerðar á, nokkru neðar (Sandvík).

5.2.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Í skýrslu sérfræðinga sem könnuðu fjörugróður við Eyrarbakka [26] kemur fram að efst í fjörunni á sniðum var sandur og svo klöpp á því bili sem brimið er mest. Þekja þörunga var engin efst, en svo voru þeir til staðar allt til enda sniðs. Alls voru skráðar 13 tegundir fjörubörunga á tveimur sniðum. Á sniði 1 var bólubang algengasta tegundin og kom fram í flestum reitum, yfirleitt með mikla þekju. Klóþang var næstalengast, það kom fyrst fram á 100 m reit og flestum reitum eftir það, en hverfur þegar nálgast stórstraumsfjörumörk. Söl voru í þriðja sæti. Þau voru algengust neðst á sniðinu, frá 150 – 175 m, þó þau fyndust ofar. Skúfafang kom aðeins fram í tveimur reitum með tiltölulega litla þekju, 125 og 130 m. Grænþörungarnir maríusvunta/marglýja fundust í 8 reitum, yfirleitt lítið, en voru þó með 20% þekju í neðsta reitnum, 175 m. Aðrar tegundir voru með innan við 1% þekju. Þekja sands var mest á fyrstu

reitunum á sniði 2 og ógrónar klappir voru til staðar á því sniði. Neðan við 85 m var fjaran meira og minna algróin þörungum. Bólubang var með mikla þekju í flestum reitum á sniði 2. Næstalgengasta tegundin var skúfaþang sem kom fram á stöku reitum. Það óx neðarlega, frá 160 m og út sniðið. Steinsly var með frekar litla þekju en fannst á reitum ofarlega í fjörunni. Aðrar tegundir voru með litla þekju og fátíðar. Klóþang kom ekki fram á þessu sniði. Sex tegundir fjörudýra voru skráð í reitum, þ.e. klettadoppa, fjöruhrúðurkarl, sandmaðkur, þangdoppa, kræklingur og oddalús. Þetta eru allt algeng dýr í íslenskum þangfjörum. Þess ber þó að geta að dýranna var ekki leitað kerfisbundið [26].

Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka eru á náttúruminjaskrá vegna sérstæðs lífríkis (svæði nr. 750). Framkvæmdin kann því að hafa áhrif á forsendur friðunar og/eða verndargildi þeirra. Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnun Íslands hafa bólubangsþjörur, líkt og þær sem finna má neðan sandfjörunnar vestan Eyrabakka, mjög hátt verndargildi. Útbreiðsla þeirra er takmörkuð á Suðurlandi gefur þeim hátt vægi á svæðisvísu. Athyglisvert er að sjá hvernig klóþangið vantar alveg á sniðinu næst Sandvarnargarðinum en það er ekki eins ferskvatnsþolið og bólubang. Á þessu svæði leikur sjálfsagt meira ferskvatn um fjöruna, þar sem þetta er nær Ölfusárosi. Rannsóknir hafa sýnt að tegundafjölbreytni og þekja þangs minnkari við skólpræsi auk þess sem tegundafjölbreytni hryggleysingja er minni [26]. Í ljósi ofanritaðs telst fjaran við Eyrarbakka því bæði vera mikilvæg og viðkvæm fyrir mengun.



MYND 5-16 Bólubangsþreiður í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018. Sandvarnargarðurinn til hægri [26].

5.2.3 Lýsing á áhrifum

5.2.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] kemur fram að allir valkostir með útrás í Ölfusá, þ.e. aðalvalkostur, eins þreps hreinsun og ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun, myndu án nokkurs vafa bæta ástand lífríkis í viðtakanum til muna þar sem þeir koma til með að minnka lífrænan og ólífrænan setflutning frá skólpi sem hefur áhrif á botn árinnar og virðist hindra vöxt ýmissa botnlægra lífveruhópa með bakkanum neðan núverandi útrásar. Minni setmyndun getur leitt til þess að botnfastir þörungar, blábakteríur og lífverur eins og vorflugur gætu þrifist á botninum líkt og ofan við skólprásina. Hreinsun skólpss myndi jafnframt draga úr lífrænu mengunará lagi og þar með rotnun á botni árinnar, sem myndi aftur draga úr þéttleika lífvera sem lifa á rotnandi efni og þola vel súrefnissnautt umhverfi, líkt og ánar

gera. Tveggja og þriggja þrepa hreinsun myndi auk þess draga úr framburði næringarefna til árinnar og þar með minnka hættu á óæskilegum þörungagróðri neðan við skólprásina. Tilfærsla á útrás út í meginál árinnar myndi hraða þynningu skólpins og þar með hraða lækkun á styrk mengandi efna og saurgerla. Þá benda rannsóknir á áhrifum lífrænnar mengunar á hryggleysingja, m.a. í Varmá í Mosfellssveit, til þess að fjölbreytileiki hryggleysingja muni aukast með aukinni hreinsun skólp [27]. Þar með myndi losun skólp í Ölfusá ekki hafa eins mikil áhrif á lífríki. Hafrannsóknastofnun telur jafnframt að losun á hreinsuðu skópi um útrás í meginál árinnar myndi líklega bæta skilyrði fyrir göngu laxfiska upp Ölfusá frá því sem nú er, þar sem fiskur notar lyktarskynið við rötun og gengur oft upp með bökkum áa. Fiskurinn forðast mengað vatn, jafnvel þó að styrkur mengandi efna í vatninu sé langt undir þeim styrk sem veldur dauða fiska [24]. Í þessu samhengi er þó vert að benda á að dreifilíkan Vatnaskila bendir til þess að fráveitumengun muni áfram berast að mestu með suðurbakka Ölfusár [25]. Dreifilíkanrekningar Vatnaskila styðja þessar ályktanir Hafrannsóknastofnunar, en samkvæmt líkaninu eru áhrif vegna lífrænnar mengunar á súrefnisstyrk og losunar næringarefna og svifagna fremur lítil og staðbundin fyrir alla valkosti með útrás í Ölfusá [25] (sjá nánar í kafla 5.1). Þar sem fyrirhugað er að geisla skópið í hreinsistöðinni (sjá kafla 5.1.3.3) ættu saurkólígerlar ekki að hafa áhrif á lífríkið.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar (Viðauki H) um áhrif fleygaðrar útrásar í Ölfusá kemur fram að; „*Reikna má með að fyrirhugaðar framkvæmdir, gerð varnargarðs og bygging fráveitulagna, hafi neikvæð áhrif á lífríki árinnar einkum meðan á framkvæmdum stendur. Röskun verður óhjákvæmilega á búsvæðum lífvera bæði bein og vegna gruggs sem berst frá framkvæmdarstað. Einnig geta framkvæmdir haft tímabundin áhrif á göngur laxfiska og veiðinýtingu. Ef framkvæmdir eru á göngutíma fiska og innan veiðítíma er mögulegt að áhrif geti komið frá einstaka veiðisvæðum þótt ekki sé hægt að gera sér skýra grein fyrir því fyrirfram.*“ Stofnunin bendir á að um hlutfallslega lítið inngríp sé að ræða þegar horft er til stærðar vatnasvæðisins. Stofnunin telur áhrif útrásarlagnarnar í heild staðbundin og tímabundin. Ekki er talið að framkvæmdirnar hafi umtalsverð varanleg áhrif á lífríki eða veiðinýtingu í Ölfusá. Bent er á að æskilegur framkvæmdatími sé utan göngutíma laxfiska í og úr sjó, þ.e. frá síðla hausts til síðla vetrar.

5.2.3.2 Aðrir valkostir

5.2.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Almennt séð er meiri hætta á súrefnispurrð, óæskilegum þörungavexti og setmyndun í viðtaka við eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun. Hins vegar kemur tilfærsla á útrás út í meginál Ölfusár til með að hraða þynningu skólp og draga úr mengunaráhrifum með suðurbakka Ölfusár, óháð hreinsunarstigi. Eins þreps hreinsun er því talin hafa nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.2.3.1).

5.2.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er talin hafa nokkuð sambærileg áhrif á lífríki viðtaka og aðalvalkostur (sjá umfjöllun kafla 5.2.3.1). Valkosturinn er þó talinn hafa í för með sér heldur minni hættu á óæskilegum þörungagróðri en aðalvalkostur þar sem styrkur köfnunarefnis og fosfórs lækkar meira en við tveggja þrepa hreinsun.

5.2.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Gera má ráð fyrir að áhrif núverandi skólplosunar á lífríki Ölfusár sem lýst er í kafla 5.2.2.1 gangi að mestu til baka ef skólpi yrði dælt um lögn niður að sjó við Eyrarbakka. Á móti kann losunin að hafa staðbundin áhrif á lífríki sjávar við Eyrarbakka.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] kemur fram að meðalstraumur liggur vestur með landinu, en straumur er afar breytilegur ef vindar blása kröftuglega með tilheyrandi öldugangi og brimi. Stofnunin telur ekki líklegt að fráveituvatn sem dælt yrði á nægilegt blöndunardýpi eftir eins þreps hreinsun hefði neikvæð áhrif á lífríki sjávarins. Stofnunin bendir þó á að til að fullyrða nokkuð frekar um þennan valkost þyrti að gera dýptar- og straummælingar á svæðinu.

Sérfræðingar sem könnuðu fjörugróður við Eyrarbakka [26] telja óvissu ríkja um áhrif fráveitu í sjó á þörunga í fjörunni. Byggir sú skoðun þeirra á því að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um hvernig straumar eru utan við Eyrarbakka, né hver áhrif brims og vinda eru á hugsanlegar rekleiðir skólps. Orðspor Bakkabrimssins er mikið og það hleður upp þanghrönn, sem þúsundir fugla sækja í. Sérfræðingarnir telja vafasamt að leiða skólp frá stórrri íbúðabyggð á svæði sem hefur viðlíka náttúrfarslegt gildi og fjaran við Eyrarbakka, óháð því hvort útrás yrði staðsett við höfnina eða Sandvarnargarðinn.

Báðar ofangreindar rannsóknir [24] [26] voru unnar áður en dreifilíkan verkfræðistofunnar Vatnaskil lá fyrir. Líkanið [25] bendir til þess að útrás í sjó hafi ekki teljandi áhrif á surefnsstöðu í sjónum eða styrk næringarefna og svifagna. Í dreifilíkani Vatnaskila var miðað við að útrásarendi væri um 900 m frá landi á um 16,5 m dýpi miðað við meðalsjó. Þá er styrkur saurkóligerla undir viðmiðum reglugerðar. Áhrif losunar í sjó á lífríki yrðu því líklega takmörkuð og að mestu bundin við næsta nágrenni útrásarinnar.

5.2.4 Mótvægisáðgerðir

Fráveituvatn verður geislað í hreinsistöð (sjá kafla 5.1.3.3).

Til að lágmarka áhrif á lífríki við lagningu útrásar í Ölfusá verða framkvæmdir skipulagðar utan göngutíma laxfiska í og úr sjó, þ.e. frá síðla hausts til síðla vetrar. Vatnalíffræðingur verður fenginn til að annast framkvæmdaeftirlit og leiðbeina verktökum á vettvangi í samræmi við ábendingar Hafrannsóknastofnunar (viðauki H):

1. „*Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.*
2. *Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökkvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.*
3. *Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.*
4. *Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.*
5. *Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.“*

5.2.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.2.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á lífríki viðtaka séu nokkuð jákvæð.

5.2.5.2 Aðrir valkostir

1þÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lífríki viðtaka. Þar sem valkostinum fylgir meiri hætta á óæskilegum áhrifum á lífríki er hann talinn hafa heldur neikvæðari áhrif en aðalvalkostur.

3þÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lífríki viðtaka. Þar sem valkostinum fylgir minni hætta á óæskilegum áhrifum á lífríki er hann talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

5.2.6 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um lífríki viðtaka og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 5-4 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um lífríki viðtaka í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Fiskistofa Í kafla 5.2.1.3 er tíundað hvaða lög liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum (bls 58). Rétt væri að taka mið af lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, jafnframt þeim sem upp eru talin.	Tilvísun í lögini hefur verið bætt inn í kafla 5.2.1.3 í matsskýrslu.
Hafrannsóknastofnun Í frummatsskýrslu er réttilega sagt að Hafrannsóknastofnun telji að tilfærsla á útrás og hreinsun skólps geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Í frummatsskýrslunni er dregin sú ályktun að eins þreps hreinsun hafi nokkuð sambærileg áhrif á lífríkið og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.2.3.1), og að ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun hafi nokkuð sambærileg áhrif á lífríki viðtaka og aðalvalkostur (sjá umfjöllun kafla 5.2.3.1). Hafrannsóknastofnun tekur ekki undir þessa ályktun. Það er ljóst að hreinsun skólps áður en því er dælt í Ölfusá myndi bæta ástand lífríkis í viðtakanum til muna frá því sem nú er, hvort sem um væri að ræða eins þreps, tveggja þrepa eða ítarlegari en tveggja þrepa hreinsun. Hins vegar eru áhrifin af mismunandi hreinsun ekki sambærileg þar sem eins og tveggja þrepa hreinsun mun einungis minnka áhrif af lífrænu efni sem eru á föstu formi en ekki áhrif af lífrænu efni sem er uppleyst í fráveituvatninu. Ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hefur hins vegar áhrif á uppleyst efni í fráveituvatninu.	Þó svo að valkostir með útrás í Ölfusá séu taldir hafa sambærileg áhrif á lífríki viðtaka og fái sömu vægiseinkunn, eða „nokkuð jákvæð áhrif“ kemur skýrt fram í frummatsskýrslunni að stigsmunur er talinn á áhrifunum (sjá kafla 5.2.3.2.1 og 5.2.3.2.2 og töflu 6-1).

5.3 Lyktarónæði

5.3.1 Aðferðafræði

5.3.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Hreinsun og losun skólps geta haft í för með sér lyktarónæði.

5.3.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Lyktarónæði er líklega bundið við næsta nágrenni hreinsistöðvar og útrása.

5.3.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvar má gera ráð fyrir að lyktarónæðis gæti?
- Hverjur eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af lyktarónæði?

Viðmið sem liggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á lyktarónæði eru ákvæði sem tengjast lyktarónæði í viðeigandi lögum og reglugerðum, s.s.:

- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
- Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.

5.3.1.4 Gögn og rannsóknir

Lýsing á núverandi ástandi byggir á mengunarúttektum Mannvits og upplýsingum frá staðkunnugum, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Sveitarfélaginu Árborg og upplýsingum sem aflað var samhliða annarri gagnasöfnun. Við mat á mögulegum áhrifum framkvæmdar var stuðst við framkvæmdalýsingu, upplýsingar um lyktardreifingu frá sambærilegum hreinsistöðvum í rekstri og upplýsingar um ríkjandi vindáttir.

5.3.2 Grunnástand

5.3.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1ÞÖ og 3ÞÖ)

Núverandi útrás er í dag veitt út í fremur lygnt vatn við bakka Ölfusár (Mynd 5-18). Við slíkar aðstæður getur lífrænt efni safnast upp og haft í för með sér lyktarónæði. Verkfræðistofan Mannvit hefur fylgst með lyktarmengun við útrás í Ölfusá á öllum tímum árs. Í 17 athugunum sem gerðar voru við útrásina á tímabilinu frá júní 2014 til janúar 2019 var lyktarmengun ekki merkjanleg í níu athugunum, lítil eða lítt merkjanleg í fjórum athugunum, merkjanleg í þremur athugunum og sterkt lykt fannst í einni athugun þegar vindur blés úr norðvestri (Tafla 5-6).

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar [24] kemur fram að lyktarmengun frá skólpi var greinanleg á stöð 530 (1,5 km ofan útrásar), við núverandi útrás og á stöð 540 (0,5 km neðan útrásar) þegar sýnatökur fóru fram haustið 2018, en ekki varð vart við lyktarmengun á Ölfusárbrú (1,9 km ofan útrásar) (mynd 5-1). Lyktarmengun virðist því geta borist nokkuð langt frá núverandi útrás. Næsta íbúðarbyggð er í um 800 m fjarlægð frá útrásinni og má því gera ráð fyrir að lyktarmengunar geti orðið vart í vestasta hluta þéttbýlisins á Selfossi. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með rekstri frá veitunnar. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirlitinu hefur það ekki fengið neinar kvartanir frá almenningu vegna lyktarmengunar (skv. tölvupósti dags. 26. febrúar 2019). Af ofanrituðu má draga þá ályktun að lyktarmengun frá fráveitu virðist ekki vera mikið vandamál í þéttbýlinu. Í því samhengi ber þó að hafa í huga að Sveitarfélaginu Árborg hafa borist kvartanir vegna lyktarmengunar, en ekki hefur verið haldið utan um þær með formlegum hætti.

5.3.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)


Skólp frá Eyrarbakka er losað í sjó austan við hafnargarðinn. Engin skólpolykt berst þaðan í fjöruna við fyrirhugaðan útrásarstað fyrir skólp frá Selfossi, en þar er hins vegar sterkt fjörulykt.

5.3.3 Lýsing á áhrifum

5.3.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þreppa hreinsun með útrás í Ölfusá

Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir að losa skólp óhreinsað í Ölfusá. Það má því gera ráð fyrir sambærilegu lyktarónæði og lýst var í grunnástandi hér að framan á framkvæmdatíma en nokkur breyting verður þar á þegar hreinsistöðin verður komin í rekstur. Við hreinsun skólpss er helsta uppsprettu lyktarónæðis (þ.e. lífrænt efni) fjarlægð úr skólpinu. Tilfærsla á útrás út í meginstraum Ölfusár þýðir jafnframt að blöndun skólpss verður hraðari en áður, sem aftur þýðir að minni líkur eru á uppsöfnun lífræns efnis í ánni. Með hliðsjón af ofanrituðu má því gera ráð fyrir að líkur á að lyktarmengun berist frá útrás á rekstrartíma séu hverfandi.

Við hreinsun skólpss myndast óæskileg lykt. Þessi lyktarmengun eykst eftir því sem skólp er hreinsað meira. Almennt stafar lyktarmengun í hreinsistöðvum frá brennisteinsvetni (H_2S) sem myndast við niðurbrot á lífrænu efni við loftfirðar aðstæður. Lífræn efnasambönd sem innihalda brennistein eða köfnunarefni (e. amines and mercaptans) gefa einnig frá sér slæma lykt [28]. Hreinsistöðin verður því helsta uppsprettu lyktarmengunar. Lyktin verður aðeins greinanleg í næsta nágrenni hreinsistöðvarinnar. Almennt er lyktarmengun frá hreinsistöðvum mest í hægviðri en vindur og landslag ráða mestu um dreifingu lyktar frá upprunastað. Á höfuðborgarsvæðinu er talið ásættanlegt að hafa grófhreinsistöðvar í um 80-100 m fjarlægð frá íbúðarbyggð. Þar sem hreinsistöðin kemur til með að vera í um 600 metra fjarlægð frá íbúðarbyggð er ekki talin hætta á að lyktarmengun verði til vandræða. Þá eru norðaustanáttir ríkjandi á Selfossi, en í þeim berst loft við hreinsistöðina frá byggðinni á Selfossi (sjá vindrósir fyrir Selfoss á mynd 5-17).



MYND 5-17 Vindrósir fyrir Selfoss (lengst til vinstri) og Eyrarbakka (fyrir miðju) byggt á ársmeðaltölum. Lengst til hægri er vindrós fyrir Eyrarbakka að vetrar- (blá lína) og sumarlagi (rauð lína). Heimild: aðalskipulag Árborgar [10].

5.3.3.2 Aðrir valkostir

5.3.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Gera má ráð fyrir að valkosturinn hafi að mestu sambærileg lyktaráhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.3.3.1). Þó má gera ráð fyrir að heldur minni lykt berist frá eins þreps hreinsistöð þar sem skólpið er minna hreinsað þar en í tveggja þrepa hreinsistöð.

5.3.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Gera má ráð fyrir að valkosturinn hafi að mestu sambærileg lyktaráhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.3.3.1). Þó má gera ráð fyrir að heldur meiri lykt berist frá ítarlegri en tveggja þrepa hreinsistöð þar sem skólpið er meira hreinsað þar en í tveggja þrepa hreinsistöð.

5.3.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir sambærilegu lyktarónæði og lýst var í grunnástandi fyrir útrás í Ölfusá (sjá kafla 5.3.2.1). Á rekstrartíma má gera ráð fyrir einhverju lyktarónæði við hreinsistöðina, en það verður minna en við aðra valkosti þar sem skólpið er minnst hreinsað í grófhreinsistöðvum. Útrás í sjó verður staðsett rúmlega 900 metra frá landi á um 16,5 m dýpi miðað við meðalsjó. Dreifilíkan Vatnaskila [25] bendir til þess að blöndun verði hröð, enda stórbrimasamt og sterkir straumar við ströndina. Þá er norðaustanátt ríkjandi stærstan hluta ársins. Ekki er því talin hætta á að lyktarónæði verði vart í fjörunni eða byggðinni við Eyrarbakka.

5.3.4 Mótvægisáðgerðir

Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsíu sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur, t.d. ef kemur til uppbyggingar í nágrenninu.

5.3.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.3.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að aðalvalkostur hafi nokkuð jákvæð áhrif á lyktarónæði.

5.3.5.2 Aðrir valkostir

1þÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lyktarónæði. Valkosturinn hefur heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur þar sem minni lykt berst frá eins þreps hreinsistöðvum.

3þÖ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lyktarónæði. Valkosturinn hefur heldur minna jákvæð áhrif en aðalvalkostur þar sem meiri lykt berst frá hreinsistöðvum með ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lyktarónæði. Valkosturinn er talinn hafa jákvæðari áhrif en aðalvalkostur þar sem minnst lykt berst frá hreinsistöðvum með grófhreinsun og engin hætta er á lyktarónæði frá útrás í Ölfusá.

5.3.6 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um lyktarónæði og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 5-5 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um lyktarónæði í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Veðurstofa Íslands	
Vindafar Rétt er að norðaustanátt sé langalgengasta vindáttin á Selfossi (bls. 67). Önnur algeng vindátt að sumri til er hafátt (hafgola). Óljóst er hvaða gögn hafa verið notuð í vindrósirnar sem teknar eru úr aðalskipulagi sveitarfélagsins. Vindrósin fyrir Selfoss byggir ekki á ársmeðaltölum og ekki er þar getið um mælitímabil.	Það er rétt að ekki liggur ljóst fyrir hvaða gögn voru notuð í vindrósir í aðalskipulagi Árborgar. Samkvæmt skýringartexta undir vindrós fyrir Selfoss er um ársmeðaltal að ræða en ekkert er þar minnst á mælitímabil. Vindrós fyrir Eyrarbakka byggir á ársmeðaltali tímabilið 1986-1995 og Vindrós fyrir Eyrarbakka sumar og vetur á tímabilinu 1986-1985, sem hlýtur að vera ásláttarvilla. Vegna þessarar óvissu voru mælitímabil ekki tiltekin í frummatsskýrslu.
Birgitta María Braun	
2. Lyktarmengun: Í frummatsskýrslunni/ lið 5.3.3.1 um loftónæði segist: „Hreinsistöðin verður því helsta uppsprettu lyktarmengunar“ og fari lyktarmengun m.a. eftir fjarlægð frá hreinsistöðinni. Þar sem skólpdreinsistöðin verður í um 200-300 m fjarlægð frá þéttbýli - og ekki í 600- 900 m eins og gert er grein fyrir í frummatsskýrslunni, er fyrirsjánlegt að lyktarmengun verði umtalsverð í Lækjahverfi. Í 6.2. segist síðan: „Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsíu sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur, t.d. ef kemur til uppbyggingar í nágrenninu.“ Sú staðan er þegar tilkomin! Krefjast verður síu strax. Eftir því sem við vitum best verður 2. þrepa hreinsistöðin á Selfossi stærsta stöð sinnar tegundar á Íslandi. Algjörlega vantar reynslu og fordæmi af rekstri slíkrar hreinsistöðvar hér á landi. Engin viðmið eru til staðar í íslenskum reglugerðum varðandi lyktarmengun frá skólpdreinsistöðvum (sjá Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði). Í Evrópu eru kvartanir vegna lyktarmengunar frá skólpdreinsistöðvum vaxandi vandamál og þar þarf að nota bestu fáanlegu tækní til að draga úr lyktarmengun og áhrifum á loftgæði. Skv. þýskum heimildum frá árinu 2002 (Görner, Klaus et.al. Gewässerschutz und Abwasserbehandlung, Springer Verlag	Hér virðist sem um misskilning sé að ræða. Hreinsistöðin verður í 600 m fjarlægð frá íbúðarbyggð. Líkt og fram kemur í umhverfismatinu er aðalvalkostur talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á lyktarónæði. Ekki er talin þörf á að koma strax fyrir lífsíu sem dregur úr lyktarmengun en það verður gert ef ástæða þykir til síðar meir.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>(2002) fer lyktarmengun m.a. eftir því hvaða efnasambönd berast inn í stöðina, vindátt, hversu hratt seyran er fjarlægð og sérstaklega eftir fjarlægðinni í næsta þéttbýli. Skv. þessum heimildum þarf fjarlægðin frá hreinsistöð til byggðar vegna lyktarmengunarinnar að vera a.m.k. 300 m. Þarf að huga að því að lágmarka þróun lyktarmengunar bæði við byggingu og til frambúðar. Spurningin vaknar hvort í núverandi hönnun sé tekið tillit til lyktarmengunar strax við byggingu? Hvað varðar seyruna sem fellur til þá verður henni eins og öðru affalli væntanlega ekið burt eftir Hagalæk i gegnum íbúðahverfið og alls er óljóst hvað um seyruna verður. Ekki virðist liggja fyrir staðfestingu t.d. frá Landgræðslunni né öðrum aðilum í því sambandi. Ekki virðist vera hægt að „færa“ hreinsistöðin vegna nálgæða til vatnsverndarsvæðisins í vestur og þéttbylis í austur. Verður þess vegna að krefjast þess að besta fáanlega tækni sem notuð er innan Evrópu (BAT) verði notuð til að draga úr lyktarmengun og neikvæðum áhrifum á loftgæði. Einnig ætti að endurskoða aðganginn að hreinsistöðvarinnar um götuna Hagalæk sem þvera nýbyggða Lækjahverfið</p>	

5.4 Sjónræn áhrif

5.4.1 Aðferðafræði

5.4.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Áhrif framkvæmdar tengjast einkum mannvirkjum og losun skólps í viðtaka.

5.4.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Hreinsistöðvarbyggingar munu sjást frá aðliggjandi svæðum og er áhrifasvæði vegna breytinga á ásýnd því umfangsmeira en sem nemur beinum áhrifum vegna framkvæmda. Jafnframt kann að gæta sjónrænna áhrifa í næsta nágrenni útrása í viðtökum og lagna á landi.

5.4.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaðan verða mannvirki og ummerki skólplosunar sýnileg?
- Hverjir eru það sem helst munu sjá ummerki framkvæmdarinnar?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Árborgar.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013: Við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

5.4.1.4 Gögn og rannsóknir

Byggt verður á framkvæmdalýsingu, vettvangsferð um svæðið, ljósmyndum af svæðinu og upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um sjónræn ummerki skólps í Ölfusá við núverandi ástand.

Stuðst er við aðferðafræði sem lögð er fram í leiðbeiningum um mat á áhrifum á landslag og ásýnd [29]. Áhersla verður á áhrif á ásýnd. Lagt er mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrif hennar, og þau borin saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásýnd.

5.4.2 Grunnástand

5.4.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Fyrirhuguð hreinsistöð fyrir fráveitu er staðsett á bökkum Ölfusár vestan við Selfoss á milli Sandviks og Selfossflugvallar rétt austan við Geitanes og er á skipulögðu iðnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi. Landið er fremur flatt og víðsýnt er til allra átta. Frá svæðinu sést yfir Ölfusá og til fjalla og landbúnaðarlandslags hinum megin við árbakkann í norðri. Ef horft er í suður er landslagið þó fremur einsleitt og flatt. Svæðið er á hrauni sem er víðast hvar algróíð og er óraskaða svæðið að mestu mosahraunavist og lynghraunavist. Stórum hluta svæðisins hefur þegar verið raskað í tengslum við flugvöllinn, geymslusvæði Ræktunarsambandsins og skólpfráveitu. Það sem einkennir svæðið hvað helst er nálægðin við Ölfusá, árbakki Ölfusár, flugvöllurinn í suðri og nálægðin við Selfoss. Gróður er gróskumikill þar sem áburðaráhrifa skólps gætir, s.s. við skólpfrárennslu og meðfram bakkanum að Geitanesi. Ýmsar grastegundir er að finna á svæðinu, blómategundir og garðplöntur. Áhrif frá skólprásinni við Geitanes eru sjáanleg í ánni. Tafla 5-6 sýnir samantekt á sjónrænni mengun og lyktarmengun við útrás Ölfusár. Þar kemur fram að frá júní 2016 var fast efni, olía eða froða í flestum tilfellum sjáanleg og í öllum tilfellum voru merki um sjónmengun þar sem algengast var að ljósari litur væri næst útrás (sjá mynd 5-18). Þá var í setmyndun eða útfellingar sjáanlegar í 12 af 17 tilfellum. Fita og froða ásamt föstu efni (saur, rusl og klósettpappír) sáust einnig við skólprásina við rannsóknir Hafrannsóknastofnunar. Þó hafa engar kvartanir borist til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en kvartanir hafa borist sveitarféluginu, þá helst í tengslum við veiði.

TAFLA 5-6 Samantekt á sjónrænni mengun og lyktarmengun við útrás í Ölfusá úr vöktunarskýrslum Mannvits árin 2014 til 2018 [30] [31] [32] [33] [34] [35] [36] [37] [38] [39] [40] [41] [42] [3] [6] [43].

DAGS.	SET/ÚTFELLINGAR	ÞEKJA AF ROTVERUM	OLÍA EÐA FROÐA	FAST EFNI	LYKTARMENGUN	SJÓNMENGUN
05-06.06. 2014	Setmyndun, líklega aur Ölfusár	Næst útrás	Ekki sjáanlegt	Ekki sjáanlegt (utan sets)	Ekki merkjanleg	Einkum græn slikja næst útrás
28-29.08. 2014	Setmyndun, líklega aur Ölfusár	Næst útrás	Ekki sjáanlegt	Ekki sjáanlegt (utan sets)	Ekki merkjanleg	Einkum græn slikja næst útrás
26-27.03. 2015	Setmyndun, líklega aur Ölfusár	Ekki sjáanlegt	Ekki sjáanlegt	Ekki sjáanlegt	Ekki merkjanleg	Hvítur litur næst útrás
23-24.06. 2015	Setmyndun, líklega aur Ölfusár	Ekki sjáanlegt	Olíubrák sást við bakka næst útrás	Flyksur næst útrás	Merkjanleg	Ljósari litur næst útrás

DAGS.	SET/ÚTFELLINGAR	ÞEKJA AF ROTVERUM	OLÍA EÐA FROÐA	FAST EFNI	LYKTARMENGUN	SJÓNMENGUN
18-19.08. 2015	Botn hvítur/ljósbrúnn við útrás , leðja neðan við útrás	Á steinum og eyri við strönd neðan við útrás	Lítilsháttar olíubrák sást við bakka næst útrás	Pappírsflyksur og saur næst útrás	Litt merkjanleg	Mikill litamunur á vatni næst bakka við útrás og vatni utar í ánni, saur sýnilegur
26-27.11. 2015	Botn ljós við útrás og í vík neðan við útrás	Ekki sjánlegt	Lítilsháttar froða sást við bakka í vík neðan við útrás	Pappírsflyksur og saur næst útrás, snyrtivörur í vík neðan útrásar og á bakka sunnan við útrás	Litt merkjanleg	Vatn ljóst næst bakka við útrás, fast efni sýnilegt við útrás og í vík.
04-05.04. 2016	Botn ljós við útrás	Sjánlegar á steinum í vatnsborði	Ekki sjánleg	Sjánlegt í og á bakka SV við útrás	Sterk lykt (vindur úr NV)	Áin ljós við útrás, fast efni sjánlegt
23-24.05. 2016	Ljós slikja á botni við útrás	Sjánlegar á steinum í vatnsborði	Ekki sjánleg	Sjánlegt	Lítill	Sterk skil mjólkurlitaðs vatns úr útrás
22-23.08. 2016	Ljós slikja á botni við útrás	Ekki sjánlegar	Fita neðan við útrás	Sjánlegt	Lítill	Sorp og aðskotahlutir, ljós litur vatns úr útrás
17-18.10. 2016	Ekki sjánlegt	Ekki sjánlegar	Ekki sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns
27-28.02. 2017	Ekki sjánlegt	Ekki sjánlegar	Fita sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
04-05.09. 2017	Ekki sjánlegt	Ekki sjánlegt	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
22-23.10. 2018	Ekki sjánlegt	Ekki sjánlegt	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
08-09.01. 2018	Sjánlegt	Ekki sjánlegar	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
23-24.04. 2018	Sjánlegt	Sjánlegar	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
27-28.08. 2018	Sjánlegt	Sjánlegar	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Ekki merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni
28-29.01. 2019	Ekki sjánlegt	Ekki sjánlegar	Fita og olía sjánleg	Sjánlegt	Merkjanleg	Ljós litur fráveituvatns og fast efni



MYND 5-18 Nokkur litamunur getur verið á útrásarvatni og Ölfusá. Mynd tekin 4. apríl 2016 [44].

Nú þegar liggur vegur með bundnu slitlagi að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Útvistariðkun er ekki algeng á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en í grennd við svæðið eru vinsæl stangveiðisvæði og netaveiðijarðir, þar sem m.a. er veiddur lax, urriði og bleikja. Árið 2017 veiddust um 830 fiskar á stöng og tæplega 710 fiskar í net. Næstu íbúðarhús á Selfossi eru í rúmlega 600 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í suðaustri við götuna Laxalæk. Einnig er göngustígur við götuna Hagalæk sem er í rúmlega 600 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá liggja göngustígur meðfram Ölfusá við götuna Lækjarkbakka, rúmlega 900 m frá.

Þeir sem helst sjá til framkvæmdasvæðisins eru að meirihluta veiðimenn og íbúar í næstu hverfum. Einnig sést til framkvæmdasvæðisins frá næstu göngustígum og frá veginum sem liggur að svæðinu.

Ölfusá einkennir svæðið að miklu leyti. Fólk fer að bökkum Ölfusár og nýtur útvistar, s.s. við veiði og horfir yfir fallegan árfarveginn og þá er íbúðarhverfi í grennd. Engin opinber viðmið eru til um svæðið hvað varðar landslag og ásýnd. Í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði er þéttbýli, flugvöllur og geymslusvæði og svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi.

Talið er að svæðið sé nokkuð lítið viðkvæmt.



MYND 5-19 Mynd tekin í ágúst í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði fyrir hreinsistöð. Til hægri má sjá endamörk vegar sem nær að framkvæmdasvæðinu.



MYND 5-20 Núverandi útrás frá veitu í Ölfusá.



MYND 5-21 Ljósmynd tekin í janúar frá bakka Ölfusár við Geitanes. Horft í norðvestur.

5.4.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Svæðinu á fyrirhuguðum byggingarreit fyrir hreinsistöð hefur þegar verið lýst í kafla 5.4.2.1.

Gert er ráð fyrir að leggja útrásarlögn meðfram Eyrarbakkavegi og út í sjó við Eyrarbakkahöfn suður fyrir flugvöll að Eyrarbakkavegi og meðfram honum vestanverðum að Hafnarbrú. Svæðið meðfram Eyrarbakkavegi milli Selfoss og Tjarnarbrautar er að mestu raskað land og framræstar mýrar. Í grennd við lagnaleiðina er einkum landbúnaðarland, tún, mó- og myrlendi. Næst flugvellinum er graslendi mest

áberandi og þá er að finna gömul námasvæði næst Eyrarbakka. Þjórsárhraunið mikla myndar ströndina við Eyrarbakka og teygir sig mörg hundruð metra út fyrir fjöruborðið. Landið er flatt og sjóndeildarhringurinn er opinn til allra átta. Þeir sem helst koma til með að sjá það svæði sem útrásarlögnin er fyrirhuguð á eru þeir sem ferðast á Eyrarbakkavegi (nr 34), íbúar og gestir á Eyrarbakka og bóndabæjunum í kring.

Framkvæmdasvæðið undir hreinsistöðina og útrásarlögn út að sjó við Eyrarbakkahöfn er talið nokkuð lítið viðkvæmt.



MYND 5-22 Mynd tekin frá Eyrarbakkavegi (nr. 34) nálægt gatnamótum við Tjarnarbraut. Horft í suður. Mynd fengin af götusýn ja.is.



MYND 5-23 Mynd tekin frá Eyrarbakkavegi nálægt gatnamótum við Litla Hraun. Horft í vestur. Sjá má Eyrarbakka til vinstri. Mynd fegin af götusýn ja.is.

5.4.3 Lýsing á áhrifum

5.4.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þreppa hreinsun með útrás í Ölfusá

Gert er ráð fyrir um 700 m^2 og 5 m hárri byggingu undir hreinsistöð fráveitu. Byggingin verður steinsteypt í hólf og gólf og að utan verður hreinsistöðin sjálf með hraunað yfirborð en starfsmannaðstaðan verður klædd standandi lerkiklæðningu. Gert er ráð fyrir náttúrulegum litum við hönnun. Hreinsistöðin mun standa á röskuðum hraunkanti. Þar sem hraunmyndanir eru ósnertar verður reynt að halda þeim óröskuðum og við hönnun lóðar verður reynt að aðlaga bygginguna að umhverfinu með grjóti og gróðri sem er í nágrenninu. Framkvæmdin kemur til með að hafa staðbundin áhrif á gróðurfar á um 1,1 ha lands þar sem varanlegt rask verður á gróðri á því svæði sem lendir undir hreinsistöð fráveitu, varnargarði, bílaplani og slóð að útrás við Geitanes. Gróðri á hluta svæðisins hefur þegar verið raskað.

Gert er ráð fyrir að grafa/fleyga nýju lögn frá hreinsistöð og út í meginstraum Ölfusár við Geitanes. Á framkvæmdatíma verða ummerki um rask á lagnaleiðinni sýnileg á landi og í Ölfusá verður m.a. varnargarður sýnilegur ofan útrásar. Gert er ráð fyrir að sjónræn áhrif á landi hverfi tiltölulega fljótt og sjónræn áhrif í Ölfusá hverfi strax í kjölfar framkvæmda þegar varnargarðurinn hefur verið rifinn. Þar

sem útrásin fer út í strauminn verður þynning strax mikil. Því má gera ráð fyrir að litamunur vatns við útrásina minnki tölvert á rekstrartíma, samanborið við það sem nú er. Þá mun hreinsistöðin verða til þess að minna berst af föstu efni (rusl, saur og klósettpappír) í Ölfusá og sýnileiki þess mun því minnka, auk þess sem ný staðsetning útrásar mun minnka fitu og froðumyndun.

Þeir sem helst munu sjá framkvæmdina eru veiðimenn og íbúar í grennd við hana. Rúmir 600 m eru frá hreinsistöð að næstu íbúðabyggð og ljóst er að íbúar í hverfinu og veiðimenn eiga eftir að sjá hreinsistöðina að einhverju marki. Þó er talið að byggingin muni ekki vera áberandi í umhverfinu og ekki hafa í för með sér verulega neikvæð sjónræn áhrif. Um er að ræða fremur hefðbundna byggingu sem er staðsett í grennd við þéttbýli og mun standa á iðnaðarsvæði sem þegar er raskað.

Áhrifin eru talin minniháttar með tilliti til umfangs svæðisins og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru staðbundin og að mestu afturkræf ef byggingin er tekin niður. Þá er talið að sjónræn áhrif vegna útrásar í Ölfusá minnki þar sem minna af fitu, froðu og föstu efni endar í ánni og litamunur við útrás minnkar. Umfang áhrifa er því talið lítið.

5.4.3.2 Aðrir valkostir

5.4.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.4.3.1)

5.4.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Gert er ráð fyrir byggja þurfi stærra hús ásamt því að það þarf að hafa opnar þrær úti þannig að mannvirki fyrir ítarlegri hreinsun eru stærri en fyrir aðalvalkost. Áhrifin eru talin nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostar, þó er umfang áhrifa aðeins meira en fyrir aðalvalkost. Talið er að umfang áhrifa sé lítið.

5.4.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Til viðbótar við aðalvalkost þarf að leggja útrásarlögn frá hreinsistöð út í sjó við Eyrarbakka um 14 km langa leið. Lagnaleiðin mun fylgja þegar röskuðu landi meðfram vegi. Ekki er talin þörf á slóðagerð nema á stöku stað. Þar sem er þörf á slóða þarf að leggja 3 m breiðan og 40-60 cm þykkan slóða af burðarhæfu efni með tilheyrandi sjónrænum áhrifum. Áhrif slóðagerðar eru að mestu óafturkræf. Við lagningu lagna að sjó er gert ráð fyrir að endurnýta svarðlag við frágang og því má búast að ummerki um rask verði tímabundin. Umfang sjónrænna áhrifa eru talin nokkuð lítil.

5.4.4 Mótvægisaðgerðir

Við hönnun byggingar undir hreinsistöð verður leitast við að nota náttúrulega liti til að mannvirkin falli sem best að umhverfinu. Við hönnun lóðar verður reynt að aðlaga bygginguna að umhverfinu með grjóti og gróðri sem er í nágrenninu. Sjá einnig mótvægisaðgerðir fyrir gróður í kafla 5.6.4.

5.4.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.4.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að sjónræn áhrif aðalvalkostar séu óverulega neikvæð. Áhrifin eru talin vera mest vegna mannvirkja undir hreinsistöð fráveitu.

5.4.5.2 Aðrir valkostir

1þÖ: Valkosturinn er talinn hafa sömu sjónrænu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.

3þÖ: Valkosturinn er talinn hafa óverulega neikvæð sjónræn áhrif. Þar sem valkosturinn krefst meiri mannvirkjagerðar en aðalvalkostur eru áhrifin heldur meiri.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa meiri sjónræn áhrif en aðalvalkostur, eða nokkuð neikvæð, vegna þess að hann krefst meira rasks.

5.4.6 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um sjónræn áhrif og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 5-7 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Umhverfisstofnun	Vissulega hefði líkanmynd auðveldað lesendum að átta sig á sjónrænum áhrifum aðalvalkostar. Þar sem varanleg sjónræn áhrif verða að mestu bundin við byggingu undir hreinsistöð var ekki talin ástæða til að gera líkanmyndir. Um er að ræða hefðbundna byggingu sem staðsett er iðnaðarsvæði í grennd við þéttbýli og ekki er talið að byggingin verði áberandi í umhverfinu.

5.5 Útvist

5.5.1 Aðferðafræði

5.5.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Lyktarmengun og sjónræn áhrif kunna að hafa áhrif á áhuga fólks til að stunda útvist, s.s. stangveiði, í námunda við framkvæmdasvæðið.

5.5.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Áhrifasvæði þessa umhverfisþáttar tekur til árbakka og farvegar árinnar og losunarsvæða, sérstaklega í næsta nágrenni við útrásir og hreinsistöð.

5.5.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða útvist er helst stunduð við bakka Ölfusár og þá sérstaklega í grennd við hreinsistöð og útrásir?
- Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á útvist fólks?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á útvist eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Árborgar.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

5.5.1.4 Gögn og rannsóknir

Byggt verður á upplýsingum úr aðalskipulagi, útgefnum veiðitölum og samtölum við staðkunnuga.

5.5.2 Grunnástand

5.5.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Nokkuð útvistargildi er falið í auðugu fuglalífi á Ölfusá við núverandi útrás, en svæðið er vinsælt fuglaskoðunarsvæði sem er þekkt bæði á meðal íslenskra og erlendra fuglaskoðara [26]. Göngu- og hjólastígur liggar með bökkum Ölfusár að Geitanesi. Stígurinn er notaður af göngufólki, hlaupurum og hjólreiðafólki. Sunnan við framkvæmdasvæðið er reiðstígur en hann er lítið notaður, enda er engin tenging við hann frá hesthúsahverfinu. Sitthvoru megin við hreinsistöðina eru opin svæði sem eru lítið notuð til útvistar. Þrátt fyrir að talsverð stangveiði sé stunduð í Ölfusá er hún ekki stunduð við fyrirhugaða hreinsistöð. Samkvæmt dreifilíkani Vatnaskila [25] er styrkur saurkóligerla við árbakkann yfir umhverfismörkum reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 fyrir útvistarsvæði.



MYND 5-24 Opin svæði (græn), reiðstígur (appelsínugul brotalína) og göngu- og hjólastígur (grænir punktar) við hreinsistöðina. Mynd fengin úr aðalskipulagi Árborgar. Til hliðsjónar er sýnd fyrirhuguð staðsetning hreinsistöðvar (rauður punktur).

5.5.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Fjaran við Eyrarbakka er mjög vinsælt útvistarsvæði. Þar fer fólk m.a. í gönguferðir, fuglaskoðun og til að viðra hundana sína (Jóhann Óli Hilmarsson, munleg heimild, 21. mars 2019). Göngu- og hjólastígur og reiðleið liggja þar með ströndinni sem og lagnaleiðinni á milli Eyrarbakka og Selfoss. Fjaran er fuglafriðland og á náttúruminjaskrá vegna sérstæðs lífríkis. Í sérfræðiskýrslu um fugla [26] kemur einnig fram að Eyrarbakki er þekkt fuglaskoðunarsvæði meðal íslenskra og erlendra fuglaskoðara. Svæðið telst því hafa nokkuð mikilvægt útvistargildi.



MYND 5-25 Fuglafriðland (ljósgrænt), opin svæði (græn), reiðstígur (appelsínugul brotalína) og göngu- og hjólastígur (grænir punktar) við Eyrarbakka. Mynd fengin úr aðalskipulagi Árborgar. Til hliðsjónar er sýnd möguleg staðsetning útrásar í sjó (rauður punktur).

5.5.3 Lýsing á áhrifum

5.5.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Útvistarfolk sem nýtir göngu- og hjólastíginn með árbakkanum getur orðið fyrir lítils háttar truflun á framkvæmdatíma vegna umferðar tækja. Að framkvæmdum loknum má gera ráð fyrir að slóð sem fyrirhugað er að leggja út á Geitanes geti nýst útvistarfolk sem tenging inn á gömlu þjóðleiðina meðfram ánni að Kotferju. Þannig getur framkvæmdin aukið útvistarmöguleika á svæðinu. Hreinsun skólps og tilfærsla á útrásarlögn dregur úr lyktarónæði við útrás (sjá kafla 5.3.3.1) og sjónrænum ummerkjum skólplosunar í Ölfusá (sjá kafla 5.4.3.1). Þrátt fyrir að hreinsistöðinni fylgi sjónræn áhrif og lítils háttar lyktarónæði næst henni mun framkvæmdin skapa útvistarfolk heilnæmara umhverfi sem ætti að auka útvistargildi árbakka Ölfusár. Hins vegar má gera ráð fyrir að framkvæmdin geti rýrt gildi svæðisins sem fuglaskoðunarstaðar þar sem sérfræðingar telja að hreinsun skólps og tilfærsla á útrásarlögn geti haft neikvæð áhrif á fugla (sjá kafla 5.7.3.1). Með geislun fráveituvatns verður saukkólígerlamengun við árbakkann lækkuð niður fyrir umhverfismörk reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 fyrir útvistarsvæði.

5.5.3.2 Aðrir valkostir

5.5.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.5.3.1).

5.5.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.5.3.1).

5.5.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Framkvæmdin kemur til með að hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur við Ölfusá (sjá kafla 5.5.3.1). Jafnframt má gera ráð fyrir að útivistarfólk sem nýtir stíga á lagnaleiðinni milli hreinsistöðvar og útrásar í sjó geti orðið fyrir tímabundinni truflun vegna umferðar tækja á framkvæmdatíma. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á útivist á lagnaleið milli hreinsistöðvar og útrásar í sjó á rekstrartíma. Þá er ekki gert ráð fyrir að útrás í sjó hafi áhrif á útivist í fjörunni þar sem þar er ekki að vænta lyktarónæðis eða sjónrænna áhrifa vegna losunar skólps. Samkvæmt dreifilíkani Vatnaskila [25] er fjöldi saurkólígerla í fjörunni undir umhverfismörkum reglugerðar um fráveit og skólp nr. 798/1999 fyrir útivistarsvæði. Skýrsluhöfundar [25] setja þó fyrirvara um að „*Í hugsanlegu hönnunarferli þessarar útrásar þarf að huga að mögulegri færslu útrásarenda ef forsendur um losun saurkólígerla kunna að breytast. Niðurstöður líkanrekninganna gefa þó til kynna að unnt verði alltaf að finna þessari útrás stað sem uppfyllir kröfur reglugerða um styrk saurkólígerla*“.

5.5.4 Mótvægisáðgerðir

Fráveituvatn verður geislað í hreinsistöð (sjá kafla 5.1.3.3). Að öðru leyti eru ekki fyrirhugaðar sérstakar mótvægisáðgerðir vegna útivistar.

5.5.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.5.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að aðalvalkostur hafi nokkuð jákvæð áhrif á útivist.

5.5.5.2 Aðrir valkostir

1ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

3ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem valkostinum fylgja tímabundin áhrif á lagnaleið milli hreinsistöðvar og útrásar í sjó á framkvæmdatíma er hann talinn hafa heldur neikvæðari áhrif en aðalvalkostur.

5.5.6 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á útivist í frummatsskýrslu.

5.6 Gróðurfar

5.6.1 Aðferðafræði

5.6.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar tengjast einkum beinni skerðingu og raski á gróðurlendum en framkvæmdin kann einnig að hafa óbein áhrif á fjöru- og/eða bakkagróður. Í því samhengi er vert að benda á að fjrur við Stokkseyri og Eyrarbakka eru á náttúruminjaskrá vegna sérstæðs lífríkis (svæði nr. 750) og Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar vegna fjölbreytts votlendis með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi (svæði nr. 775). Framkvæmdin kann því að hafa áhrif á forsendur friðunar og/eða verndargildi svæðanna. Fjallað er um áhrif á fjörugróður í kafla 5.2 um lífríki viðtaka.

5.6.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Framkvæmdin kemur einkum til með að hafa áhrif á gróðurfar innan framkvæmdasvæðis, þ.e. þar sem gera má ráð fyrir einhverju beinu raski á yfirborði, s.s. við lagnagerð og byggingu hreinsistöðvar. Einig kann framkvæmdin að hafa áhrif á fjörugróður (sjá kafla 5.2) og bakkagróður í næsta nágrenni við útrásir.

5.6.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða vistgerðir eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- Hversu varanleg verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður?
- Verða áhrif á vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd?
- Verða áhrif á bakkagróður sem skv. 62. gr. laga um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda?
- Verða áhrif á skóga og kjarr sem njóta verndar skv. 6. og 7. gr. laga um skógrækt?
- Finnast sjaldgæfar tegundir, eða tegundir sem hafa verið friðlýstar eða settar á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á gróður eru eftirfarandi:

- Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur og háplöntur.
- Listi yfir 31 friðlýsta plöntu, sbr. auglýsingur nr. 184/1978.
- 1. og 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, þ.e. a) votlendissvæði 2 ha eða stærri og b) sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um vernd bakkagróðurs: „Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.“
- 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955: „Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki

skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að síða, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.“

- Samningur um líffræðilega fjölbreytni sem öðlaðist gildi á Íslandi 1994.
- Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr og búsvæði þeirra í Evrópu.
- Ramsarsamningurinn um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir fugla.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnválda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi.
- Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54 um vistgerðir á Íslandi.

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var lagt mat á grunnástand gróðurs (viðkvæmni, mikilvægi búsvæða og mikilvægi tegunda) og einkenni áhrifa (varanleika, bein og óbein áhrif).

5.6.1.4 Gögn og rannsóknir

Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson voru fengnir til að lýsa gróðurfari á athugunarsvæðinu. Gróðurathuganir voru gerðar í sex heimsóknum, 14. og 18. ágúst 2017, 24. júlí, 16. ágúst, 11. og 17. september 2018. Athuganir fólust í að gróðurfari var lýst, plöntutegundir skráðar og tekna myndir af gróðri. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á 30 stöðum, til að fá ítarlegri mynd af gróðrinum en plöntulisti gefur. Nánari lýsingu á aðferðafræði má finna í sérfræðiskýrslu [26] (sjá viðauka D). Við matið var jafnframt horft til vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar Íslands [45].

5.6.2 Grunnástand

5.6.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Í skýrslu sérfræðinga kemur fram að stórum hluta framkvæmdasvæðisins hefur nú þegar verið raskað í tengslum við flugvallarframkvæmdir, geymslusvæði Ræktunarsambandsins og skólpfráveitu. Raskaða svæðið hefur gróið vel. Gróska var mikil þar sem áburðaráhrifa frá skólpi nýtur, eins og við skólpfrárennsli og með bakkanum í átt að Geitanesi (Mynd 5-26). Óraskaða svæðið var að mestu leyti mosáþemba og lyngmói í hrauni. Hraunið var víðast hvar algróið og hraungambri ríkjandi á austurhluta svæðisins (Mynd 5-27). Í lægðum í hrauninu var kræki- og beitilyng áberandi og grastegundir eins og bugðupuntur, blávingull og túningull. Þar sem skólpleiðslan á að liggja út í Ölfusá á Geitanesi var gróskulegt, ýmsar grastegundir og blómplöntur voru áberandi og einnig spruttu þar stæðilegar geithvannir. Ýmsar trjátegundir og runnar voru að nema land, en alls voru skráðar 10 trjá- eða runnategundir. Töluvert fannst af slæðingum og garðplöntum á röskuðu landi við Geitanes, s.s. dagstjarna, skógarvatnsberi, hreggstaðavíðir og viðja, en garðaúrgangur og mold hafa verið losuð innan athafnasvæðis. Á svæðinu fannst mikill fjöldi plöntutegunda en engin þeirra er á válista [26].

Samkvæmt viðmiðum vistgerðaflokkunar myndi óraskaði hluti svæðisins flokkast sem mosahraunavist og lynghraunavist. Báðar vistgerðirnar hafa miðlungs verndargildi. Bletti með öðrum hraunavistgerðum var einnig að finna á svæðinu, s.s. eyðihraunavist, sem var sandorpna hraunið milli NV-SA og NA-SV flugbrauta vestur af flugvelli. Raskaða svæðið var vel gróið og þar mátti finna ýmsar gerðir af graslendi. Í Geitanesi var aðallega að finna blómgresivist, en í þeirri vist var krossmaðra og

vallelfting áberandi. Vistgerðin þarfust verndar samkvæmt Bernarsamningnum. Samkvæmt vistgerðarvefsjánni voru átta vistgerðir í Geitanesinu, þar af tvær votlendisvistir; gulstararflóavist og starungsmýravist, en þær voru ekki til staðar í raun. Eyravist er töluverð að umfangi innan svæðis, hún nær með Ölfusá frá Sandviki og að Geitanesi, en hún hefur lágt verndargildi samkvæmt vistgerðarflokun Náttúrufræðistofnunar [26].

Með hliðsjón af því að stórum hluta framkvæmdasvæðisins hefur þegar verið raskað telst mikilvægi tegunda og búsvæða fremur lítið. Viðkvæmni gróðurs telst fremur mikil vegna útbreiðslu mosagróðurs.



MYND 5-26 Gróskumikill gróður við skólpfrárennsli [26].

MYND 5-27 Hraungambri og lynggróður eru áberandi austast á svæðinu [26].



MYND 5-28 Geithvönn og gróður á Geitanesi [26].

5.6.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Gróðurfari á fyrirhuguðum byggingarreit fyrir hreinsistöð hefur þegar verið lýst í kafla 5.6.2.1.

Alls fundust 142 tegundir plantna á öllu athugunarsvæðinu. Ekki fundust plöntur sem eru á válista. Suður af og við norðurenda flugbrautarinnar er sandorpið hraun með lítilli þekju plantna, en næst

flugbrautum eru grastegundir ríkjandi. Grastegundir eru einnig áberandi á milli gámasvæðis og Eyrarvegar. Við gámasvæði eru víða blettir með mjaðjurt. Á milli gámasvæðis og vegar voru nokkrar tjarnir sem voru þurrar, þrátt fyrir mikið rigningasumur. Þar mátti finna votlendisplöntur eins og klófíu og myrastör. Á þessum hluta stendur hraun sumstaðar uppúr. Þar er allt önnur tegundasamsetning, einkum mosi, krækilyng, krossmaðra og blávingull [26].

Við gámasvæði og suður af því og að Eyrarbakkavegi er graslendi mest áberandi. Svæðið er að mestu framræst myri og þar mátti enn finna votlendisbletti, s.s. í fyrrum tjörnum. Þar eru starungsmýravist, brokflóavist, gulstararflóavist og runnamýravist á láglendi sem hafa mjög hátt verndargildi. Lyngmóavist á láglendi, língresis- og vingulsvist, ásamt grasengjavist, hafa hátt verndargildi. Af athugunum á vettvangi má ráða að þarna eru a.m.k. til staðar vistgerðirnar: starungsmýravist, brokflóavist, lyngmóavist, língresis- og vingulsvist ásamt grasengjavist. Það er varla hægt að kalla þá bletti sem klófífan fannst á brokflóavist, en hún var til staðar í þurrum tjörnum. Af öðrum vistgerðum sem einnig hafa hátt verndargildi, má bæta við snarrótarvist, en þarna voru blettir þar sem snarrótarpuntur var ríkjandi. Sanda- og vikravist var einnig til staðar en sú vistgerð hefur hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum en lágt vægi á íslenskan mælikvarða. Á þessu svæði er að finna hraun og votlendisleifar [26]. Votlendið er staðsett milli Sandvíkurheiðar og Eyrarbakkavegar og hefur verið raskað með framræslu. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands nýtur umrætt votlendi ekki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 [46].

Landið meðfram Eyrarbakkavegi (34) milli Selfoss og Tjarnabrautar (3110) er að mestu raskað. Frá Votmúlastaðaafleggjara að Sandvíkurvegi er gróðurinn raskað graslendi með ríkjandi húsapunti. Frá Sandvik að Tjarnabraut er raskað graslendi. Þar á horninu óx fergin í vegskurði vestan þjóðvegar. Skurðurinn liggur meðfram þjóðvegi 1,8 km frá beygjunni og þurrkar upp vegkantinn. Þar sem honum sleppir er votlendisvottur að Stokkseyrarafleggjara. Frá Stokkseyrarafleggjara að Litla-Hrauni (Hraunteig) eru lífríkar tjarnir norðan hans, gamlar uppgrónar malarnámur sem nefnast Fangaflóð. Þar er fjölbreyttur gróður. Tjarnir þessar ná vestur fyrir Hraunteig, langleiðina að hesthúsunum á Eyrarbakka. Eftir það taka við breytileg, misblaut gróðurlendi að Hafnarbrú; aðallega graslendi, en sums staðar myri með gulstör og fleiri votlendisplöntum. Geithvönn og æthhvönn eru mjög áberandi vestast. Með afleggjaranum að höfninni, Hafnarbrú, er graslendi og lítils háttar votlendi, en síðan tekur tún við vestan megin [26].

Stórum hluta framkvæmdasvæðisins hefur þegar verið raskað. Mikilvægi tegunda og búsvæða telst því fremur lítið en viðkvæmni gróðurs miðlungs mikil.

5.6.3 Lýsing á áhrifum

5.6.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Framkvæmdin kemur til með að hafa staðbundin áhrif á gróðurfar á um 1,1 ha lands. Gera má ráð fyrir varanlegu raski á gróðri sem lendir undir hreinsistöð, varnargarði, bílaplaní og slóð að útrás við Geitanes. Gróðri á framkvæmdasvæðinu hefur að mestu verið raskað ef undan er skilinn tæplega 200 m kafli á Geitanesi, en þar liggur slóðin um óraskaðan lyngmóa. Ekki þarf að raska gróðri vegna aðkomuvegar þar sem notast verður við veg með bundnu slitlagi sem liggur nú þegar að hreinsistöðinni. Þá er ekki gert ráð fyrir að raska þurfi hrauninu sem er innan lóðamarka

hreinsistöðvarinnar. Rúmlega 300 m löng neyðaryfirfallslögn (800 mm) verður lögð þar sem núverandi útrásarlögn (600 mm) liggar út í Ölfusá í dag. Áhrif þessara lagnaskipta á gróður ættu að vera takmörkuð þar sem til stendur að endurnýta svarðlag. Lagning 650 m langrar útrásar frá hreinsistöð út í Ölfusá við Geitanes er einnig talin hafa fremur lítil áhrif á gróður. Næst hreinsistöðinni liggar lögnin á foksandi og uppgrónum jarðvegslosunarstað. Þar ætti að vera auðvelt að ganga þannig frá lögninni að ummerki um hana hverfi fljótt. Undir lyngmóanum á Geitanesi er hraunkantur sem þarf að fleyga niður til að koma lögninni fyrir. Rannsóknir benda til þess að lyngtegundir séu viðkvæmar fyrir flutningi [26]. Því geta ummerki um lagnagerðina verið lengur að hverfa í lyngmóanum á Geitanesi, þrátt fyrir að svarðlag sé endurnýtt við frágang svæðisins.

Eini gróðurinn sem er talinn geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og kann að njóta verndar er bakkagróður við Ölfusá. Raska þarf bakka Ölfusár á Geitanesi við fleygun útrásar út í Ölfusá. Þar er reyndar takmarkaður bakkagróður vegna þess að áin rennur með klöpp. Neyðaryfirfallslögn út í Ölfusá kemur til með að liggja um tilbúinn grjótgarð með takmörkuðum bakkagróðri. Lagning neyðaryfirfalls er því talin hafa lítil áhrif á bakkagróður og ekki talin líkleg til að hafa í för með sér rof á árbakka. Í þessu samhengi má einnig benda á að bakkagróður á framkvæmdasvæðinu getur tæplega talist náttúrulegur í dag vegna þeirra mengunaráhrifa sem hann er undir frá óhreinsuðu skólpi. Hreinsun skólps og flutningur útrásar út í meginstraum Ölfusár eru talin hafa jákvæð áhrif á bakkagróður. Af sömu ástæðu er framkvæmdin talin hafa frekar jákvæð áhrif á forsendur verndar og/eða verndargildi nálægra svæða sem þykja merkileg vegna gróðurfars, þ.e. svæði nr. 750 og 775 á náttúruminjaskrá.

Með hliðsjón af ofanrituðu eru bein áhrif framkvæmdar á gróður metin lítil. Þar sem áhrifin eru að hluta afturkræf er varanleiki áhrifa metinn miðlungs mikill. Loks er framkvæmdin talin hafa fremur jákvæð óbein áhrif á gróður þar sem hún dregur úr mengunaráhrifum á bakkagróður.

Í sérfræðiskýrslu eru áhrif aðalvalkostar á gróður metin óveruleg.

5.6.3.2 Aðrir valkostir

5.6.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.6.3.1).

5.6.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.6.3.1).

5.6.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Þar sem valkosturinn gerir ráð fyrir hreinsistöð, yfirfallslögn og útrás í Ölfusá má gera ráð fyrir að hann hafi sambærileg áhrif og aðalvalkostur við Sandvik (sjá umfjöllun i kafla 5.6.3.1). Til viðbótar við það þarf að leggja um 14 km langa lögn milli hreinsistöðvar og útrásar í sjó við Eyrarbakka. Á milli Sandvíkurheiðar og Eyrarbakkavegar fer lögnin um hraun og leifar votlendis sem hefur verið raskað með framraeslu. Lagnaleiðin fylgir síðan að mestu röskuðu landi meðfram Eyrarbakkavegi. Vegna nálægðar við veg er ekki talin þörf á slóðagerð í tengslum við lagningu lagnarinnar nema á um fjórðungi leiðarinnar, einkum næst Eyrarbakka. Þar sem það reynist nauðsynlegt má reikna með að leggja þurfi 3 m breiðan og 40-60 cm þykkan slóða af burðarhæfu efni. Notkun fyllingarefnis þýðir að áhrif slóðagerðar eru að mestu óafturkræf. Við lagningu lagna niður að sjó er gert ráð fyrir að endurnýta

svarðlag við frágang. Það má því gera ráð fyrir að ummerki um rask vegna lagningu lagna verði að mestu tímabundin. Þó má gera ráð fyrir að ummerkin geti verið lengi að hverfa þar sem lögnin fer um lynggróður og hraun á Sandvíkurheiði.

Bein áhrif valkostar með útrás í sjó á gróður eru metin miðlungs mikil og varanleiki áhrifa metinn fremur lítill. Valkosturinn er talinn hafa fremur jákvæð óbein áhrif á gróður þar sem hann dregur úr mengunaráhrifum á bakkagróður Ölfusá.

5.6.4 Mótvægisaðgerðir

Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar mótvægisaðgerðir vegna gróðurs, en leitast verður við að lágmarka áhrif á gróður með því að endurnýta svarðlag og notast við staðargróður við frágang raskaðra svæða.

Í sérfræðiskýrslu [26] var lagt til að færa hreinsistöðina vestur fyrir óraskaða hraunið innan lóðamarkanna. Árborg bendir á að ekki stendur til að raska umræddu hrauni við framkvæmdina. Sérfræðingar lögðu einnig til að fjarlægja ofaníburð og eyða ummerkjum um slóða sem lagður var samhliða lagningu jarðstrengs í Flóagaflsmýri árið 2015. Þá lögðu sérfræðingar til að græða upp a.m.k. þrisvar sinnum stærra rofsvæði í nágrenni flugvallar en það sem verður raskað við framkvæmdina. Í því samhengi bentu sérfræðingar einnig á möguleika í endurheimt votlendis, t.d. í Rimum.

5.6.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.6.5.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur hefur staðbundin áhrif á gróðurfar á um 1,1 ha lands, sem að hluta eru afturkræf. Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á gróður séu óverulega neikvæð.

1ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.

3ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.

GSJÓ: Í sérfræðiskýrslu [26] voru áhrif þessa valkostar: „... metin talsvert neikvæð á gróður en það ættu að vera að mestu tímabundin áhrif. Matið tengist umfangi framkvæmdasvæðis. Þar sem lögn umbyltir lynggróði og hrauni á leið frá flugvelli eru áhrif á gróður varanleg. Ef ákveðið verður að fara með lögn með Eyravegi verða áhrif á gróður hins vegar minni, þar sem nú þegar hefur gróðri verið raskað með vegagerð, lögnum og landbúnaði ... Landið ætti reyndar að gróa upp á einhverjum árum. Það ætti að ganga fyrr ef haldið er í gróðurtorfur og þeim komið fyrir aftur ofan á leiðslu. Á meðan svæðið er að gróa upp, er ekki hægt að hafa hesta á bylta svæðinu, en þeir virðast halda röskuðu landi opnu með traðki í Rimum og Flóagaflsmýri.“ Með hliðsjón af þeim viðmiðum sem hér er stuðst við og í ljósi þess að lögn niður að sjó liggar að mestu um raskað land og áhrif lagnagerðar að stórum hluta afturkræf er það mat framkvæmdaraðila að valkosturinn hafi nokkuð neikvæð áhrif á gróður.

5.6.6 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar í frummatsskýrslu.

5.7 Fuglalíf

5.7.1 Aðferðafræði

5.7.1.1 Hvaða framkvæmdapættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdar á fuglalíf tengjast einkum losun skólps í viðtaka, skerðingu búsvæða vegna framkvæmda og truflun á framkvæmdatíma. Á náttúrumínjaskrá eru þrjú svæði sem mögulega geta orðið fyrir beinum eð óbeinum áhrifum af framkvæmdinni. Í fyrsta lagi fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka vegna sérstæðs lífríkis (svæði nr. 750), í öðru lagi Varmá og Ölfusforir vegna fjölskrúðugs fuglalífs (svæði nr. 751) og í þriðja lagi Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar vegna fjölbreytts votlendis með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi (svæði nr. 775). Á austurbökkum Ölfusár er einnig fuglafriðland í Flóa sem í aðalskipulagi er skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Framkvæmdin kann að hafa áhrif á forsendar friðunar og/eða verndargildi þessara svæða. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands jafnframt skilgreint bæði Suðurlandsundirlendið og fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka sem mikilvægt fuglasvæði.

5.7.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Framkvæmdin kemur einkum til með að hafa áhrif á fuglalíf í næsta nágrenni útrása í viðtökum og innan framkvæmdasvæðis, þ.e. þar sem gera má ráð fyrir einhverju raski á yfirborði, s.s. við lagnagerð og byggingu hreinsistöðvar.

5.7.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrilliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða fuglategundir finnast á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla?
- Mun framkvæmdin hafa áhrif á stofnstærðir helstu fuglategunda á svæðinu?
- Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lykil- og ábyrgðartegundir fugla á áhrifasvæðinu?
- Hver eru hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf eru eftirfarandi:

- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Náttúruverndaráætlun.
- Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla.
- SPEC-viðmið Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International.
- Bernarsamningurinn um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.
- Náttúrumínjaskrá.

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda.
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda.
- Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.
- Fjöldit Náttúrufræðistofnunar nr. 55 um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

5.7.1.4 Gögn og rannsóknir

Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson voru fengnir til að rannsaka fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Reglubundnar fuglatalningar voru gerðar á Ölfusá við núverandi skólpútrás frá því í júní 2017 og fram í júní 2018. Varpfuglar voru kortlagðir á því svæði sem fer undir hreinsistöð. Frá því í febrúar 2018 og þar til í júní 2018 voru fuglar taldir með ströndinni í nágrenni við fyrirhugaða útrás nærrí Eyrabakkahöfn. Einnig var stuðst við talningar Vigfúsar Eyjólfssonar við Eyrarbakka frá mars 2006 til júlí 2007. Nánari lýsingu á aðferðafræði má finna í sérfræðiskýrslu [26] (sjá viðauka D).

5.7.2 Grunnástand

5.7.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1ÞÖ og 3ÞÖ)

Mikið fuglalíf þrífst á Ölfusá milli Fossness og Geitaness. Svæðið er talið einstakt á landsvísu og er það að töluverðu leyti að þakka útrás neðan við flugvöllinn, svo og afrennslinu frá sláturhúsi Slátturfélags Suðurlands. Erfitt er þó að meta mikilvægi ræsisins fyrir einstakar fuglategundir þar sem takmarkaðar upplýsingar eru til um fuglalíf á svæðinu áður en ræsið var lagt. Á svæðinu fundust 41 tegund fugla sem er á válista eða flokkast sem ábyrgðartegund. Svæðið er mikilvægt fyrir andfugla, máfa og í minna mæli vaðfugla, sjófugla og spörfugla. Vegna fuglamergðarinnar sækja ránfuglar bráð sína á svæðið, sérstaklega að vetrarlagi. Algengstu andfuglar voru álft, grágæs, brandönd, rauðhöfðaönd, urtönd, stokkond, skúfond, duggönd, æður og gulönd. Ræsið við Ölfusá er talið vera einn helsti vetrarstaður gulandar á landinu öllu. Áætlað hefur verið að þar hafist við allt að 7% stofnsins þegar mest lætur. Gulendur voru algengastar þegar kalt var í veðri og áin var lögð. Gulendur lifa eingöngu á fiski sem gefur til kynna að fiskur á þessu svæði finni sér æti í skólpblönduðu vatninu. Stórir hópar vaðfugla hafa sést á fartíma síðsumars, bæði á víkinni vestan við ræsið og í Sandviki. Þetta eru lóuþræll, hrossagaukur, spói, jaðrakan og stelkur. Ekki er talið að vaðfuglarnir séu að sækja sérstaklega í skólpið. Allstór óðinshanahópur hefur og sést á ánni, á víkinni vestan við Fossvík. Mun minna sást af fuglum á vorfarinu, helst má nefna 54 óðinshana í Fossvík 5. júní 2018. Máfar sækja eitthvað í ræsið árið um kring og nota síðan Sandvik sem hvíldarstað, þegar jarðbönn hamla ekki. Mikið af máfum, sérstaklega hettumáfur og stormmáfur, sækja í útfallið frá sláturhúsini í sláturtíðinni og nota síðan víkur og eyrar neðar við ána til að hvílast og snyrta sig. Meira en 3000 máfar voru þar 26. september 2017, þar af um þriðjungur íslenska stormmáfastofnsins. Sílamáfur er algengur yfir sumartímann, en hverfur á veturna. Þá tekur bjartmáfurinn við, hann sækir stundum í töluverðu magni í ræsið. Nánar er fjallað um hverja tegund fyrir sig í sérfræðiskýrslu [26].

TAFLA 5-8 Máfatalning 26. sept. 2017 frá útfalli Slátturfélagsins niður að Selfosræsi. Ekki náðist að telja alla fugla undir suðurbakka Ölfusár [26].

	RÆSIÐ	SANDVIK	EYRAR Í ÁNNI	SS/NORDURBAKKI	ALLS
Hettumáfur	55	230	186	1.395	1.866
Stormmáfur	1	85	195	650	931
Silfurmáfur	6	4	42	33	85
Sílamáfur		3	33	5	41
Bjartmáfur	2		1		3
Hvítmáfur	2	2	4	8	16
Svartbakur	2	7	41	33	83
Samtals	68	331	502	2.124	3.025

Hrafn og stari eru algengustu spörfuglarnir á athugunarsvæðinu. Hrafnar eru að mestu vetrargestir og sækja nokkuð í ræsið. Starar sækja á svæðið árið um kring. Þúfutittlingur, maríuerla, steinddepill, skógarþrostur og snjótittlingur sjást einnig á svæðinu. Gráhegri er vetrargestur, meðan bjarthegri hefur sést síðumars og á haustin undanfarin ár. Fálki er árviss vetrargestur, hann sækir sér æti í fuglamergðina við ræsið. Smyrill og haförn sjást sjaldnar. Amerískir flækingsfuglar sjást stöku sinnum: murtönd, hringönd, kúfönd og trjámáfur teljast til þeirra, tvær þær síðarnefndu eru öllu sjaldgæfari en tvær þær fyrrnefndu, sem eru árvissir gestir hér á landi [26].

Í vetrarfuglatalningum (janúar/desember) sem náðu yfir 12 ára tímabil sáust að jafnaði um 300 fuglar við ræsið á Ölfusá. Fjöldinn var breytilegur á milli ára en yfirleitt voru flestir fuglar við ræsið þegar í var á ánni. Stokkond var algengasti fuglinn. Aðrar algengar endur voru urtönd og gulönd. Álfir voru þar reglulega og af öðrum algengum fuglum má nefna bjartmáf, hrafn, stara og snjótittling [26].

Átta fuglategundir fundust með varpatferli á athafnasvæði hreinsistöðvarinnar og á leið útrásar út í Geitanes. Algengustu varpfuglarnir voru þúfutittlingur, hrossagaukur og heiðlöa [26].

TAFLA 5-9 Mófuglar með varpatferli á athafnasvæði hreinsistöðvarinnar 19. júní 2017 [26].

FUGLAR	VARPPÓR	PÓR/KM ²	HLUTFALL (%)
Þúfutittlingur	6	27	24
Hrossagaukur	4	18	16
Heiðlöa	4	18	16
Sandlöa	3	13	12
Stelkur	3	13	12
Spói	2	9	8
Tjaldur	2	9	8
Steinddepill	1	4	4
Samtals	25	111	100

5.7.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Fuglalíf á Eyrarbakka er ríkulegra en á athugunarsvæðinu við Ölfusá. Þanghrönnin vestan hafnarinnar og fjaran þaðan að Sandvarnargarðinum og kringum hann, er einstök og líklega lífríkasta fjaran á suðurströnd landsins. Alls fundust 50 tegundir fugla í talningum, þar af 42 tegundir sem eru á válista eða flokkast sem ábyrgðartegundir. Nokkrar tegundir ná verndarviðmiðunarlágmarki Alþjóðlegra mikilvægra fuglasvæða (Important Bird Areas) eða eru nærri því: tjaldur 2% stofns og rétt innan við 1% stofns rauðbrystings, sanderlu, lóuþræls og tildru. Hluti af fellihópum æðarfugls og álfatar, sem ná

verndarviðmiðum (yfir 1% stofns), halda til á Eyrarbakka. Kunnugt er um 130 tegundir fugla frá Eyrarbakka, fjöru og þorpi, sumar sárasjaldgæfar. Blámaskríkja (*Dendroica cerulea*), sem fannst á Bakkanum 1997, var t.d. sú fyrsta í Evrópu. Sveiflur voru nokkrar á tölu fugla milli talninga, frá um 200 fuglum og upp í nærri 2000 [26].

Álfir eru vetrargestir á Eyrum, en þrátt fyrir það sáust álfir einungis í talningum um veturninn þann 9. febrúar 2018. Allstór hópur álfita fellir flugfjaðir á Eyrum, yfirleitt um 400 fuglar árlega. Eyrarbakki er á farleið margæsa á vorin, þó fáar sæjust í talningum þetta vor. Brandendur sáust einu sinni, 16 fuglar (8 pör) á fari 12. apríl, en þær sjást orðið árlega á vorfarinu. Rauðhöfðar sáust nokkuð oft um vorið, mest 35 fuglar. Sá hópur hélt sig vestan við Sandvarnagarðinn [26].

Stokkendur sáust fram á sumar, allt að 70 fuglar, meðan urtönd, skúfönd og hávella voru sjaldséðari. Straumönd er reglulegur gestur við Eyrarbakka frá febrúar og fram yfir miðjan maí. Æðurin er eini fuglinn, sem sást í öllum talningum. Framan af ári sást reytingur, mest um 30 fuglar, væntanlega mest staðbundnir varpfuglar. Í júní fjölgæði henni, þegar ungamaðurnar fóru á stjá með ungana. Í júlí fara fellihóparnir að vera áberandi og sjást þeir fram í september, kringum 1000 fuglar hafa sést á athugunarsvæðinu, en mun stærri hópur fellir frá Eyrarbakka og vestur undir Þorlákshöfn. Niðurstöður Jóhanns Óla Hilmarssonar og Ólafs Einarssonar koma heim og saman við athuganir Vigfúsar Eyjólfssonar, nema hann sá fleiri fugla á útmánuðum, t.d. 339 fugla þann 30. mars 2008. Toppönd sést einnig árið um kring, en flestar síðsumars. Það eru aðallega kollur með unga, slæðingur verpur með ströndinni, en einnig fellifuglar [26].

Dílaskarfur sést árið um kring og er gamli hafnargarðurinn á Eyrarbakka þekktur setstaður hans. Hópurinn er stærstur frá því í ágúst og fram í október, en minnstur á varptíma, frá apríl fram í júlí. Stöku toppskarfar sjást flest ár í hópnum. Lómar verpa á nálægum tjarnasvæðum, t.d. í Friðlandinu í Flóa og sækja sér æti á grunnsævið. Ýmsir sjófuglar sáust á jaðri talningarsvæðisins, t.d. fyll, súla, skrofa, himbrimi og svartfuglar. Fyll og himbrimi eru ekki ótíðir nærri landi, jafnvel í höfninni [26].

Varpfuglar voru kannaðir á um 1 km löngu sniði á Óseyrarnesi við Sandvarnargarðinn. Heiðlöa, hrossagaukur og þúfutittlingur voru algengust en að auki sáust stelkur, spói, jaðrakan og maríuerla (Tafla 5-10). Landið meðfram þjóðveginum er raskað og fuglafánan þar fremur fátækleg. Stokkond, hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur eru meðal varpfugla [26].

TAFLA 5-10 Mófuglar með varpatferli á 1 km sniði á Óseyrarnesi 11. júní 2018 [26].

FUGLAR	PÖR	ÞÉTTLEIKI (PÖR/KM ²)	HLUTFALL PARA (%)
Heiðlöa	9	24	32
Hrossagaukur	7	22	25
Þúfutittlingur	6	30	21
Stelkur	2	10	7
Spói	2	3	7
Jaðrakan	1	5	4
Maríuerla	1	5	4
Samtals	28	99	100

5.7.3 Lýsing á áhrifum

5.7.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Ef framkvæmdir fara fram á varptíma geta fuglar orðið fyrir truflun vegna umferðar manna og tækja um varplönd þeirra á framkvæmdatíma. Þannig geta fuglar t.d. fælst af hreiðrum, fjölskyldur tvístrast og afrán aukist sem getur komið niður á ungaframleiðslu það árið. Að sama skapi má gera ráð fyrir búsvæðaskerðingu á rekstrartíma vegna þess lands sem fer undir mannvirkni. Þessi áhrif eru þó ekki talin vega þungt vegna þess hve lítið framkvæmdasvæðið er. Helstu áhrif framkvæmdar á fuglalíf á rekstrartíma eru tvíþætt. Annars vegar er talið að hreinsun skólps geti dregið úr fæðuframboði fyrir þá fugla sem sækja í óhreinsað skólpið. Hins vegar getur tilfærsla á útrásarlögn út í meginstraum Ölfusár leitt til þess að Sandvik leggur frekar í frosti þar sem hitaáhrifa frá núverandi útrás hættir að gæta þar. Þannig geta fuglar sem nýtt hafa Sandvik að vetrarlagi þurft að finna sér ný vetursetusvæði.

Í skýrslu sérfræðinga kemur fram að þetta umhverfismat er frábrugðið flestum öðrum að því leyti að losun óhreinsaðs skólps í Ölfusá hefur skapað aðstæður fyrir fjölbreytt og líflegt fuglalíf. Benda höfundar í því sambandi á að ríkulegt fuglalíf hafi verið við ræsi á Skildinganesi í Skerjafirði og Norðurgarði í Hafnarfirði, sérstaklega á veturna, en fuglarnir horfið fljótt þegar ræsunum var lokað [26]. Þrátt fyrir að hreinsunin skapi heilnæmara umhverfi til langa tíma litrið þá getur hún haft neikvæð áhrif á fugla sem sótt hafa í óhreinsað skólpið. Í þessu samhengi má einnig benda á að almennt er talið neikvætt að fuglar komist í óhreinsað skólp sökum þess að þeir ferðast víða og geta borið með smit um langan veg. Hreinsun skólpsins dregur úr hættu á að fuglar beri með smit úr skólinu.

Í sérfræðiskýrslu voru metin áhrif framkvæmdar á allar válista- og ábyrgðartegundir fugla við Ölfusá. Framkvæmdin er talin geta haft talsverð neikvæð áhrif á gulönd og mögulega nokkuð neikvæð á álf og grágæs vegna þess að þessar tegundir gætu misst vetursetusvæðið á Ölfusá. Benda sérfræðingar í því sambandi á að ekki eru margir staðir opnir og í friði fyrir skotmennsku inn til landsins á veturna. Sérfræðingar telja einnig að framkvæmdin geti haft nokkur eða talsverð neikvæð áhrif á stormmáf vegna þess hversu stór hluti stofnsins sást á athugunarsvæðinu. Heilt yfir telja sérfræðingar áhrif framkvæmdarinnar á fugla vera óveruleg [26].

Framkvæmdin gengur út á að koma á hreinsun skólps sem hingað til hefur farið óhreinsað í ána. Með tilfærslu á útrásarlögn út í meginstraum Ölfusár fæst jafnframt betri blöndun skólps en í dag. Framkvæmdin er því talin hafa heldur jákvæð áhrif á forsendur verndar og/eða verndargildi nálægra svæða sem þykja merkileg vegna fuglalífs, þ.e. svæði nr. 750, 751 og 775 á náttúruminjaskrá, fuglafriðland í Flóa og mikilvæg fuglasvæði skv. Náttúrufræðistofnun Íslands (Suðurlandsundirlendi og fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka).

5.7.3.2 Aðrir valkostir

5.7.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.7.3.1).

5.7.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Þessi valkostur er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.7.3.1).

5.7.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Þar sem skólpinu verður dælt niður að sjó mun hætta að gæta áhrifa frá núverandi útrás í Ölfusá. Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að valkosturinn hafi sambærileg áhrif og aðalvalkostur á fugla sem í dag sækja í útrásina við Ölfusá (sjá kafla 5.7.3.1). Einnig má gera ráð fyrir að valkosturinn hafi sambærileg áhrif og aðalvalkostur á fuglalíf innan byggingarreits. Til viðbótar má gera ráð fyrir að fuglar á lagnaleið niður að sjó geti orðið fyrir tímabundinni truflun á framkvæmdir áframkvæmdir fara fram á varptíma. Þá hefur valkosturinn í för með sér meira búsvæðatap þar sem leggja þarf slóðir á hluta af lagnaleiðinni.

Sérfræðiskýrla um fugla [26] var skrifuð áður en dreifingarspá Vatnaskila lá fyrir. Í sérfræðiskýrlu var því ekki lagt mat á heildaráhrif valkostarins á fugla við Eyrarbakka vegna óvissu um hvert straumar, brim og vindar myndu bera skólpíð. Sérfræðingar lögðu samt sem áður mat á áhrif framkvæmdir á allar válista- og ábyrgðartegundir fugla við Eyrarbakka miðað við verstu mögulegu sviðsmynd (e. worst case scenario), þ.e. að skólp berist að landi og hafi áhrif á lífríki fjörunnar. Niðurstaða sérfræðinga var sú að framkvæmdin er talin hafa lítil áhrif á flestar tegundir fugla en geti haft nokkur áhrif á álft, æði, toppönd, tjald, sandlóu, sendling, líouþræl, stelk og tildru. Benda skýrsluhöfundar í því samhengi á að rannsóknir hafa sýnt að þang er viðkvæmt fyrir skólpengun, en hún dregur úr tegundafjölbreytni og þekju þangs. Þá er tegundafjölbreytni hryggleysingja einnig minni á skólpenguðum stöðum. Þannig telja sérfræðingar að skólpíð geti haft neikvæð áhrif á fæðuframboð fjöru- og grunnsævisfugla við Eyrarbakka [26].

Val á staðsetningu útrásar í sjó miðast við að lágmarka áhrif skólplosunar í fjörunni. Dreifilíkan Vatnaskila bendir til þess að mengun í fjörunni verði undir öllum reglugerðarviðmiðum (sjá umfjöllun í kafla 5.1). Framkvæmdin er því talin hafa hverfandi áhrif á fugla sem nýta fjöruna eða verndargildi svæðis nr. 750 á náttúrumínjaskrá. Þá eru áhrif á verndarsvæði sem þykja merkileg vegna fuglalífs við Ölfusá talin fremur jákvæð þar sem skólpinu yrði ekki lengur veitt í Ölfusá.

5.7.4 Mótvægisadgerðir

Í ljósi þess að framkvæmdin kemur til með að skapa fuglum heilnæmara umhverfi telur framkvæmdaraðili ekki þörf á sérstökum mótvægisadgerðum fyrir fugla.

Þó svo að engar mótvægisadgerðir séu fyrirhugaðar er vert að gera grein fyrir þeim mótvægisadgerðum sem sérfræðingar lögðu til fyrir aðalvalkost í skýrslu sinni. Þar var m.a. bent á að hægt væri að friða víkurnar tvær, Sandvik og víkina þar sem ræsið er nú, fyrir frekari framkvæmdum eftir að skólpheinsistöð hefur verið byggð. Sérfræðingar benda einnig á að með sírennsli heits eða kalds vatns við núverandi útrás í Ölfusá mætti tryggja öndum og öðrum vatnafuglum aðgengi að opnu vatni í frosthörkum að vetri. Loks benda sérfræðingar á að svæðið er þekkt fuglaskoðunarsvæði og reisa mætti fuglaskoðunarskýli og veita náttúrufræðslu í kjölfar framkvæmda.

5.7.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.7.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á fuglalíf séu óveruleg.

5.7.5.2 Aðrir valkostir

1þÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.

3þÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.

5.7.6 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf í frummatsskýrslu.

5.8 Landnotkun og auðlindanýting

5.8.1 Aðferðafræði

5.8.1.1 Hvaða framkvæmdabættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar tengjast einkum veiðihagsmunum í Ölfusá. Jafnframt er sölvataka við ósa Ölfusár og sæeyraeldi á Eyrarbakka. Einnig verður umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á möguleika til sjóbaða við ströndina.

5.8.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Á landi einskorðast áhrifasvæði vegna landnotkunar og auðlindanýtingar við helgunarsvæði framkvæmdarinnar, svokallað byggingarbann, en áhrifasvæði vegna landnotkunar nær einnig til Ölfusár og sjávar.

5.8.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrifin eru metin?

Samkvæmt fyrirriggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er árleg stang- og netveiði í Ölfusá?
- Hver eru möguleg áhrif framkvæmdarinnar á veiðihagsmuni í Ölfusá?
- Hver eru áhrif valkosta á sölvatöku við ósa Ölfusár, sæeyraeldi á Eyrarbakka og möguleika til sjóbaða?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á landnotkun og auðlindanýtingu eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Árborgar.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

5.8.1.4 Gögn og rannsóknir

Mat á mögulegum áhrifum valkosta á veiðihagsmuni í Ölfusá byggir á niðurstöðum rannsókna Hafrannsóknastofnunar á laxfiskum og smádýrum og upplýsingum um veiðitölur. Áhrif valkosta á sölvatöku, sæyraeldi og sjóböð voru metin með hliðsjón af dreifingarspá Vatnaskila um þynningu uppleystra efna. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á möguleika til sjóbaða var einnig horft til opinberra viðmiða um gæði baðvatns. Loks var stuðst við umsögn Hafrannsóknastofnunar við mat á áhrifum fleygaðrar útrásar í Ölfusá (sjá viðauka H).

5.8.2 Grunnástand

5.8.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Ölfusá er neðsti hluti af stóru vatnasviði sem nær m.a. til Hvítár, Sogsins, Stóru-Laxár, Brúarár og Tungufljóts. Talsverð laxveiði er stunduð á vatnasviðinu, bæði stangveiði og netaveiði. Laxveiðin hefur mest farið í 14.655 fiska árið 1978 en minnst var hún 2.421 lax árið 2001. Laxastofnar á vatnasviðinu hafa umtalsverða þýðingu á landsvísu, en árið 2010 nam veiðin um 18% af allri laxveiði í náttúrulegum ám á Íslandi. Í gegnum tíðina hefur stór hluti af löxum verið veiddir í net en á undanförnum áratugum hefur hlutdeild stangveiði farið vaxandi [47]. Á vatnasviðinu er einnig að finna urriða og bleikju. Árið 2017 veiddust 340 laxar, 488 urriðar og 2 bleikjur á stöng í Ölfusá. Að auki veiddust 558 laxar og 150 urriðar í net [48]. Á mynd 5-29 má sjá staðsetningu helstu laxveiðisvæða í Ölfusá.



MYND 5-29 Staðsetning helstu laxveiðisvæða í Ölfusá. Mynd aðlöguð úr skýrslu Veiðimálastofnunar [47].

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar skoðuðu upplýsingar um laxveiði í Ölfusá sem ná aftur til miðrar síðustu aldar. Í skýrslunni kemur fram að laxveiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár hefur dregist saman og það hefur netaveiði í Ölfusá einnig gert. Þegar laxveiði í net á jörðum neðan ræsis er borin saman við aðrar jarðir við Ölfusá má sjá að neðan ræsis var orðin lítil sem engin veiði seint á níunda áratug síðustu

aldar og hefur verið svo síðan. Samdráttur var einnig í veiði á öðrum jörðum í Ölfusá, en ekki nærri eins mikil. Þessi samdráttur í laxveiði neðan við skólprásina varð eftir að aðalræsið frá byggðinni var leitt í ána neðan við Selfossbæina á áttunda áratug síðustu aldar og síðan á tíunda áratug eftir að skólprásir frá mestallri byggð á Selfossi voru sameinaðar ofan við Geitanes [24].

Til að spara orku synda fiskar á göngu gjarnan upp með bökkum á þar sem straumur er minni. Fiskar eru afar lyktnæmir og geta greint styrk náttúrulegra efna í allt að ppt kvarða (10^{-12} g/l) [49]. Rannsóknir hafa sýnt að fiskar hörfa verði þeir varir við mengandi efni, jafnvel í lágum styrk [50]. Skólpi frá Selfossi er í dag veitt rétt út fyrir bakka árinnar og berst þaðan niður með bakknum. Styrkur margra snefilefna var 10–250% hærri neðan núverandi útrásar en ofan hennar (sjá kafla 5.1). Út frá þessu draga sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar þá ályktun að líkur séu „*á því að lax á uppgöngu forðist að ganga í menguðu vatni, þótt ekki verði skorið úr um það með óyggjandi hætti. Innrennsli á menguðu vatni úr skolprásinni frá byggð á Selfossi gæti valdið því að laxar sem ganga upp Ölfusá velji að ganga fjær landi en ella og valdi þar af leiðandi minni veiði á þeim jörðum í Ölfusá sem eru neðan við skolprásina. Til viðbótar er sú staðreynd að dregið hefur úr sókn vegna þess að veiðimöguleikar hafa minnkað og vegna minnkandi áhuga ábúanda á bökkum Ölfusár á að nýta fisk úr skolpmenguðu árvatninu. Þá hefur minni framleiðsla seiða á svæðinu neðan skolplosunar einnig meðvirkandi áhrif*“ [24].

5.8.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Sölvatekja hefur verið stunduð á Hrauni frá alda öðli. Fyrst um sinn voru söl tínd til heimabruks en síðastliðin 60 ár hafa sölin verið sold, bæði til einstaklinga og í verslanir. Sölin eru tínd á Hásteinaskerjum sem eru staðsett vestan Ölfusárosa. Tínsla fer fram á stórstreymsfjöru seinni part sumars þegar sjór er lygn. Sölin eru ýmist þurrkuð á klöppum upp af Ölfusá eða með þar til gerðum vélbúnaði [51].

Í dag er engin aðstaða fyrir sjóböð í fjörunni vestan við Eyrarbakka en í athugasemd við drög að tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina kom fram að félagið 1765 ehf. hefur fengið vilyrði bæjarráðs Árborgar fyrir landi við Eyrarbakkahöfn og í fjörunni vestan við höfnina til að koma þar upp sjóböðum, gistingu sem og fræðsluhúsi þar sem áherslan verður fjaran á Eyrarbakka.

Sæbýli ehf. gerði einnig athugasemd við drög að tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina. Í athugasemdirni kom fram að fyrirtækið stundar eldi á sæeyrum til manneldis. Við eldið notar fyrirtækið sjó sem tekinn er utan við höfnina á Eyrarbakka. Bent fyrirtækið m.a. á mikilvægi þess að sjórinn sé hreinn og ómengaður.

5.8.3 Lýsing á áhrifum

5.8.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Tilfærsla á útrás út í meginál Ölfusár kemur til með að hraða þynningu skólps og draga úr mengunaráhrifum með suðurbakka Ölfusár. Hreinsun skólps kemur jafnframtil með að draga úr mengun frá útrásinni. Eins og fram hefur komið þá telur Hafrannsóknastofnun [24] líkur á að samdrátt í netaveiði á jörðum neðan núverandi útrásar megi rekja til þess að lax gangi síður upp með suðurbakka Ölfusár vegna mengunaráhrifa frá útrásinni. Ef sú er raunin má því gera ráð fyrir að framkvæmdin geti haft jákvæð áhrif á netaveiði á jörðum neðan útrásar. Að sama skapi kunna að skapast tækifæri til að

stunda stangveiði á suðurbakkanum ef lax fer að ganga í auknum mæli upp með honum. Burtséð frá mögulegum áhrifum á gönguleiðir laxa má fastlega gera ráð fyrir að jákvæð áhrif framkvæmdarinnar á aðra umhverfisþætti (sjá kafla 5.1 til 5.5) hafi jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk sem veiddur er á svæðinu. Ekki er talið að framkvæmdir við lagningu útrásar hafi áhrif á veiðintjár eða göngu fiska þar sem þær eru áformaðar utan göngutíma laxfiska og útrásarlagnir verða lagðar vel undir vatnsborð árinna, samanber umsögn Hafrannsóknastofnunar um lagningu útrásar (Viðauki H).

Þar sem skólpið verður geislað til að ná niður styrk saurkóligerla er framkvæmdin talin hafa jákvæð áhrif á sölvatöku, sæeyraeldi og möguleika til sjóbaða.

5.8.3.2 Aðrir valkostir

5.8.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Valkosturinn er talinn hafa nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá kafla 5.8.3.1). Þar sem skólpið er hreinsað minna er valkosturinn talinn hafa heldur minni jákvæð áhrif en aðalvalkostur.

5.8.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Valkosturinn er talinn hafa nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostur (sjá kafla 5.8.3.1). Þar sem skólpið er hreinsað meira er valkosturinn talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.

5.8.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Þessi valkostur hefði jákvæðust áhrif á veiðihagsmuni í Ölfusá þar sem hann gerir ekki ráð fyrir að skólpi sé veitt í ána. Þannig má gera ráð fyrir að laxagöngur upp með suðurbakkanum aukist, að því gefnu að mengun frá núverandi útrás sé að hafa áhrif á gönguleiðir laxa líkt og Hafrannsóknastofnun telur líkur á. Aukin laxagengd með suðurbakkanum hefði jákvæð áhrif á netaveiði á jörðum neðan núverandi útrásar. Jafnframt má gera ráð fyrir að jákvæð áhrif þessa valkostar á aðra umhverfisþætti (sjá kafla 5.1 til 5.5) hafi jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk sem veiddur er á svæðinu.

Saurkóligerlar eru sá mengunarþáttur sem helst gæti haft áhrif á landnotkun og auðlindanýtingu í sjó. Dreiflíkan Vatnaskila [25] gerir ráð fyrir að styrkleiki saurkóligerla í fjörunni vestan við Eyrarbakkahöfn verði undir þeim viðmiðum sem finna má í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða. Samkvæmt líkaninu er styrkleiki saurkóligerla í fjörunni jafnframt innan viðmiða 1. flokks fyrir gæði baðvatns í reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015. Sýnileg áhrif skólplosunar ættu heldur ekki að vera greinanleg. Valkosturinn er því ekki talinn hafa áhrif á möguleg áform um sjóböð í fjörunni.

Samkvæmt dreifilíkani Vatnaskila [25] er styrkur saurkóligerla undir viðmiðum reglugerðar um fráveit og skólp nr. 798/1999 fyrir fjörur með matvælaiðnað í grennd, bæði á sölvatekjustað vestan Ölfusáróss og sjótökustað fyrir sæeyraeldi. Samkvæmt umhverfismörkum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 telst saurmengun mjög lítil eða engin á sölvatekjustaðnum (umhverfismörk I) en lítil á vatnstökustaðnum (umhverfismörk II).

5.8.4 Mótvægisaðgerðir

Fráveituvatn verður geislað í hreinsistöð (sjá kafla 5.1.3.3). Framkvæmdir verða skipulagðar utan göngutíma laxfiska og vatnalíffræðingur fenginn til að annast framkvæmdaeftirlit og leiðbeina verktökum á vettvangi (sjá nánar í kafla 5.2.4).

5.8.5 Mat á áhrifum og niðurstafaða

5.8.5.1 Aðalvalkostur

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á landnotkun og auðlindanýtingu séu nokkuð jákvæð.

5.8.5.2 Aðrir valkostir

1ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

3ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.

5.8.6 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um landnotkun og auðlindanýtingu og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 5-11 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um landnotkun og auðlindanýtingu í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Hafrannsóknastofnun Á mynd 5-29 er eftirfarandi texti: „Staðsetning helstu laxveiðisvæða á vatnasvæði Ölfusár“. Hér gætir ónákvæmni, hér er um að ræða helstu laxveiðisvæði í Ölfusá. Fram kemur á myndinni að veiði sé ekki stunduð á Selfossi gegn greiðslu, svo er ekki lengur.	Árborg þakkar ábendinguna. Mynd 5-29 hefur verið uppfærð í matsskýrslu.
Hraunsós Undirritaðir vilja með bréfi þessu koma á framfæri athugasemd vegna frummatsskýrslu um lausnir á skaðsömu frárennsli skólps sem rennur nú í Ölfusá frá byggðinni á Selfossi. Athugasemdir okkar beinast nú eingöngu að valkosti e í umræddri matsskýrslu. Pannig er málum háttad að undirritaðir búa á Hrauni í Ölfusi og nytja sölvasker sem Hásteinar heita, rétt vestan ósa Ölfusár. Týnd eru þar söl í miklu magni til manneldis seinnipart sumars ár hvert og hefur verið svo lengi sem sagnir ná. Með útrennsli sem valkostur e lýsir kann það að eyðileggja nytjar þessar, sérstaklega þegar um er að ræða mikið magn skólps og jafnvel frá 2 þéttbýlisstöðum í viðbót. Einnig ber á það að líta að sterkt vesturstreymi er með ströndinni á þessum slóðum. Umræddum valkostir er því harðlega mótmælt þar sem ljóst er að hann stefnir umræddum nytjum í hættu. Óhákvæmilegt er að skólplögn á þessum slóðum muni	Dreifilíkan Vatnaskila bendir til þess að hægt sé að staðsetja útrás í sjó fyrir valkost e þannig að áhrif á sölvatekju verði takmörkuð. Valkostur e með útrás í sjó er hins vegar ekki hluti af aðalvalkosti Árborgar. Ef til þess kemur að valkosturinn verður gerður að aðalvalkosti verður horft til þess að staðsetja útrásina þannig að skólplosunin hafi sem minnst umhverfisáhrif, m.a. á sölvatekju. Að svo stöddu er ekkert sem bendir til þess að fallið verði frá boðuðum aðalvalkosti.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>hafa veruleg neikvæð áhrif á markaðssetningu sölvanna, jafn vel þó mengun muni ekki mælast í skerjunum. Það hefur lengi verið þyrnir í augum okkar að horfa upp á óþverrann frá þessari stóru byggð á Selfossi fara óhreinsaðan í ána, en sem betur fer virðist coligermengun vera úr sögunni þegar fram í ósinn er komið. Við höfum því sloppið með mengun á þessum sölvaskerjum hingað til.</p>	

5.9 Fornleifar

5.9.1 Aðferðafræði

5.9.1.1 Hvaða framkvæmdaþættir munu valda áhrifum?

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar afmarkast fyrst og fremst af beinu raski vegna framkvæmdarinnar.

5.9.1.2 Hvaða svæði er kannað með tilliti til umhverfisáhrifa?

Fornleifakönnun var gerð á mögulegu framkvæmdasvæði fyrir alla valkosti. Fyrir valkost með útrás í sjó voru tvær útfærslur kannaðar, þ.e. annars vegar við Eyrarbakkahöfn og hins vegar um 800 m vestan við hana.

5.9.1.3 Hvað er lagt til grundvallar þegar umhverfisáhrif eru metin?

Samkvæmt fyrirliggjandi matsáætlun er umhverfismatinu ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- a. Eru þekktar fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- b. Stafar fornleifum hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum?

Viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar eru eftirfarandi:

- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.

Samkvæmt lögum um menningarminjar eru allar fornleifar friðaðar sem eru eldri en 100 ára. Þeim má enginn: „[...] spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“ (21. gr.). Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa eða komast hjá raski á þeim vegna framkvæmda þarf leyfi Minjastofnunar að liggja fyrir. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

5.9.1.4 Gögn og rannsóknir

Magrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, rannsakaði fornleifar á svæðinu. Fornleifa var leitað á vettvangi í heimildum, s.s. örnefnaskrá, túnakortum, jarðabókum og öðrum heimildum sem geta gefið vísbindingar um formminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og var stuðst við þá skráningu að hluta. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað [52]. Skýrslu með niðurstöðum fornleifakönnunar má sjá í viðauka E.

5.9.2 Grunnástand

5.9.2.1 Útrás í Ölfusá (aðalvalkostur og valkostir 1þÖ og 3þÖ)

Við fornleifakönnun vegna útrásar í Ölfusá fundust einar minjar. Neðan við Geitanes liggur forn gata sem gengur undir heitinu Áargatan (minjar nr. 1996-001). Gatan er mjög greinileg. Hún hefur verið nýtt sem vegslóði á þessum stað síðari ár en enn að mestu óskemmd. Í örnefnaskrá Litlu Sandvíkur segir um hana: „*Upp frá Sandvík voru tvær leiðir: Önnur var um vað á Langaflóði austanverðu, Áargatan upp heiði. Út úr henni greindist Kotferjugata. Áargatan liggur vestan við Stekkinn og Skyggni, háan hól með hundabúfu*“ [52].

5.9.2.2 Útrás í sjó (valkostur GSJÓ)

Til viðbótar við Áargötuna fundust fimm minjar við fornleifakönnun á mögulegum lagnaleiðum fyrir útrás í sjó (Mynd 3-1). Á Sandvíkurheiði er stór skurður frá Flóááveitunni (minjar nr. 1996-002). Skurðurinn er um 1,3 km að lengd og farinn að fyllast og gróa upp. Hafist var handa við Flóááveituna árið 1922. Skurðurinn telst því ekki fornleif í nokkur ár í viðbót. Flóaveitan var stórvirki. Aðalskurðálmán var grafin með gröfu en annað var grafið með höndum og því þurfti mikinn mannafla til verksins [52].

Á gatnamótum Eyrarbakkavegar (34) og Strokkhólsvegar (316) er álagablettur sem kallast Strokkhóll (minjar nr. 1996-003). Um er að ræða 5 m langan, 3 m breiðan og 1,5 m háan hraunhól sem er nokkuð gróinn. Höllinn er náttúrusmíð. Í hólnum eiga að hafa heyrst hljóð frá álfum og huldufólki sem eru talin hafast þar við. Sagan um álfabyggð í hólnum er mörg hundruð ára gömul [52].

Um 1 km norðan við gatnamót Eyrarbakkavegar (34) og Gaulverjabæjarvegar (33) er mikið af upprónum, óreglulegum gömlum mógröfum (minjar nr. 1996-004) sem flestar eru sunnan Eyrarbakkavegar [52].

Við mörk jarðanna í Óseyrarlandi fram við sjávarvarnargarð er gerði sem nefnt hefur verið Ungmennafélagsstykki (minjar nr. 1996-005). Gerðið er um hektari að staerð með grjóthlöðnum veggjum sem hlaðnir voru af gömlu ungmannafélögunum um 1910. Sandur hefur hlaðist upp að grjóthleðslunum sem eru vel grónar í dag [52].



MYND 5-30 Strokkhóll.



MYND 5-31 Ungmennafélagsstykkið.

Aftan við iðnaðarhúsnæðið á Búðarstíg 23 á Eyrarbakka er grjóthlaðinn garður (minjar nr. 1996-006). Um er að ræða leifar af gömlum sjóvarnargarði sem var hlaðinn eftir Básendaflóðið 1799. Garðurinn er um 1 m á hæð og 1 m á breidd á þessum kafla sem jafnframt er hluti af elsta sjóvarnargarðinum. Hann nær frá götunni sem liggur niður á bryggju og aftan við húsið. Þar er þvergarður sem er mun hærri og síðari tíma viðbót [52].

5.9.3 Lýsing á áhrifum

5.9.3.1 Aðalvalkostur; tveggja þreppa hreinsun með útrás í Ölfusá

Samkvæmt hættumati fornleifafræðings kemur útrásarlögn frá hreinsistöðinni í Ölfusá til með að liggja um Áargötu (nr. 1996-001) á um 200 m kafla. Eftir að hættumat fornleifafræðings lá fyrir hefur útrásarlögninni verið hliðrað norður fyrir Áargötuna. Gatan er að hluta innan afmarkaðs byggingarreits fyrir hreinsistöðina. Þar sem hreinsistöðin verður byggð nyrst á reitnum ætti að vera unnt að komast hjá því að raska Áargötunni.

5.9.3.2 Aðrir valkostir

5.9.3.2.1 Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá

Valkosturinn hefur sömu áhrif og aðalvalkostur (sjá kafla 5.9.3.1).

5.9.3.2.2 Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá

Valkosturinn hefur sömu áhrif og aðalvalkostur (sjá kafla 5.9.3.1).



MYND 5-32 Sjóvarnargarður á Eyrarbakka.

5.9.3.2.3 Grófhreinsun með útrás í sjó

Valkosturinn er ekki talinn hafa áhrif á Áargötu (nr. 1996-001) eða Ungmennafélagsstykki (nr. 1996-005). Lögn niður að sjó hefur hins vegar áhrif á fjórar minjar.

Á Sandvíkurheiði þverar lögnin skurð frá Flóááveitunni (nr. 1996-002) á tveimur stöðum. Samkvæmt hættumati fornleifafræðings telst áveitan ekki til fornleifa fyrr en eftir nokkur ár. Framkvæmdin myndi spilla skurðinum á þverunarstöðum en með því að endurnýta svarðlag ætti að vera unnt að ganga þannig frá svæðinu að ummerki um raskið væru að mestu horfin innan fárra ára.

Lögnin liggar í námunda við Strokkhól (nr. 1996-003) á gatnamótum Eyrarbakkavegar og Strokkhólsvegar. Vegna sögusagna um álfabyggð í hólnum leggur fornleifafræðingur til að honum verði ekki raskað á nokkurn hátt. Með því að hliðra lögninni ætti að vera unnt að komast hjá því að raska hólnum.

Fornleifafræðingur telur mógrafir (nr. 1996-004) norðan gatnamóta Eyrarbakkavegar og Gaulverjabæjarvegar vera í lítilli hættu á skemmdum vegna lagnarinnar. Í skýrslu fornleifafræðings kemur jafnframt fram að lögnin fer næri einni af mörg þúsund mógröfum sem þar eru en sleppur líklega fram hjá henni [52]. Framkvæmdin kann því að raska einhverri mógröf.

Lögn fyrir útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn myndi fara yfir vestasta hluta gamla sjóvarnargarðsins (nr. 1996-006). Fornleifafræðingur telur garðinn vera í mikilli hættu. Með því að hliðra lögninni til vesturs má komast hjá því að raska garðinum.

5.9.4 Mótvægisarðgerðir

Áhrifum aðalvalkostar á fornminjar verður haldið í lágmarki með eftirfarandi mótvægisarðgerðum:

- Útrásarlögn út í Ölfusá hefur þegar verið hliðrað norður fyrir Áargötu. Endurskoðaða legu lagnar m.t.t. Áargötu má sjá á mynd 3-5. Til að fyrirbyggja rask á götunni verður hún jafnframt auðkennd með flöggum á framkvæmdatíma.
- Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.
- Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.

5.9.5 Mat á áhrifum og niðurstaða

5.9.5.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur hefur eingöngu áhrif á einar minjar, þ.e. Áargötuna. Að teknu tilliti til mótvægisarðgerða er það niðurstaða framkvæmdaraðila að áhrif aðalvalkostar á fornminjar séu óverulega neikvæð.

5.9.5.2 Aðrir valkostir

1ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð áhrif.

3ÞÖ: Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð áhrif.

GSJÓ: Valkosturinn er talinn hafa óverulega neikvæð áhrif en vegna áhrifa á Flóaveituna og mögulegra áhrifa á mógrafir er valkosturinn talinn hafa heldur meiri áhrif en aðalvalkostur.

5.9.6 Umsagnir og athugasemdir

Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun um fornleifar og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 5-12 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun um fornleifar í frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Minjastofnun Íslands	
Í fornleifaskráningarskýrslu segir að engar minjar hafi fundist þar sem gert er ráð fyrir að hreinsistövarhúsið rísi á bökkum Ölfusár. Þegar skráningin fór fram var fyrirhugað að leggja lögn frá hreinsistöðinni út í Ölfusá ofan í gamla götu, Áargötu (1997-001). Áargata lá frá Sandvík um vað á Langafljóti austanverðu og upp heiði. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að gatan sé mjög greinileg þar sem hún liggi neðan við Geitanes. Lögnin hefði raskað gömlu götunni á 200 m kafla. Í frummatsskýrslu kemur fram að útrásarlögninni hafi verið hliðrað til eftir að fornleifaskráningin lá fyrir og muni hún liggja norðan við Árgötuna. Gatan sé að hluta innan afmarkaðs byggingarreits fyrir hreinsistöina en þar sem hún verði byggð nyrst á reitnum ætti að vera unnt að komast hjá því að raska Árgötunni. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi Árgötu með áberandi hætti þar sem framkvæmdir verða nærrí henni til að koma í veg fyrir að gatan raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.	Í kafla 5.9.4 í frummatsskýrslu kemur fram að Áargata verður auðkennd með flögum á framkvæmdatíma til að fyrirbyggja rask á henni.
Gert er ráð fyrir að allir valkostirnir þrír sem gera ráð fyrir útrás í Ölfusá noti sama hreinsistöðvarhús og útrásarlögn í sömu legu óháð því hver af þessum valkostum yrði fyrir valinu. Þeir hafa því allir sömu áhrif á fornleifar, þ.e. einingis á Árgötu, sem í öllum tilfellum þyrfti að taka tillit til á meðan á framkvæmdum stæði, sbr. hér að ofan.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn. Í skoðun er einnig að leggja útrásarlögn frá hreinsistöðvarhúsinu á bökkum Ölfusár meðfram Eyrarbakkavegi og út í sjó við Eyrarbakkahöfn. Sú leið myndi liggja suður fyrir flugvöll að Eyrarbakkavegi og með honum vestanverðum að Hafnarbrú sem er vestasti afleggjarið á Eyrarbakka.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Í frummatsskýrslu eru engar loftmyndir eða kort sem sýna útlínur og staðsetningu fornleifa í samhengi við umfang athafnasvæðis framkvæmdarinnar. Í umsögn um tillögu að matsáetlun, dags. 16.01.2019, minnti Minjastofnun á mikilvægi þess að staðsetning og útlínur skráðra fornleifa yrðu sýndar á korti eða loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja í frummatsskýrslu. Slík framsetning myndi auðvelda mat á umfangi einstakra fornleifa og áhrifum framkvæmdarinnar á þær. Framkvæmdasvæðið er sýnt á loftmyndum í fornleifaskráningarskýrslu en í mjög stórum skala. Ef vel er að gáð má greina staðsetningu fornleifanna á loftmyndum sem örlitla punkta.	Í frummatsskýrslu var að finna kort í góðri upplausn sem sýnir staðsetningu Árgötu m.t.t. framkvæmda samkvæmt aðalvalkosti (mynd 3-5). Aðrar minjar voru eingöngu sýndar á grófu yfirlitskorti (mynd 3-1). Ekki var talin þörf á að sýna nákvæma legu þeirra þar sem þær liggja allar við valkost með útrás í sjó sem er ekki hluti af aðalvalkosti sveitarfélagsins. Ef til þess kemur að valkosturinn verður gerður að aðalvalkosti verða útbúin ný fornleifikort sem sýna afstöðu framkvæmdasvæðis m.t.t. minjanna og þau borin undir Minjastofnun Íslands. Að svo stöðdu er ekkert sem bendir til þess að fallið verði frá boðuðum aðalvalkosti.
Á og í nágrenni lagnaleiðar sem liggur til sjávar á Eyrarbakka fundust fimm fornleifar sem taka þarf tillit til sbr. eftirfarandi umfjöllun. Skáletraður texti er úr fornleifaskráningarskýrslu:	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>Flóáaveita (1997-002). Hafist var handa við Flóáaveituna árið 1922. Flóáaveitan var stórvirk og að miklu leyti unnin með handafli einu saman. Grafa gróf aðalskurðalmuna, stóra skurðinn uppi við flóðgátt.</p> <p>Annað var grafið með höndum og því þurfti mikinn mannafla til verksins. Aðbúnaður vinnumannar var ekki góður. Verkamennirnir, sem margir voru bændur eða búalið af svæðinu, þurftu jafnvel að gagna langar leiðir til að komast á vinnusvæðið, hafast við í tjöldum og vinna síðan myrkvanna á milli... Á Sandvíkurheiði er stór skurður frá Flóáaveitunni. Skurðurinn er 1,3 km og er farinn að fyllast og gróa upp. Í frummatsskýrslu segir að útrásarlögnum muni þvera skurð frá Flóáaveitunni á tveimur stöðum. Framkvæmdin muni spilla skurðinum á þverunarstöðunum en með því að endurnýta svarðlag ætti að vera unnt að gagna bannig frá svæðinu að ummerki um raskið verði að mestu horfin innan fárra ára. Minjastofnun Íslands telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerð.</p>	
<p>Strokkhóll (1997-003). Alveg við þjóðveginn þar sem beygt er af honum niður Kaldaðarnes er klettur sem kallast Strokkhóll. Í örnefnaskrá segir: „Í miðjum Vellinum við vegamótin er Strokkhóll huldufólkshóll. Í honum á að hafa heyrst strokkhljóð. Í lagi er hann ekki ósvipaður kirkju með tveim turnum og er sá eystri hærri. Þar er einkar gott sæti, þar sem álfarnir sitja. Dyrnar snúa móti austri og er þar djúp klettaglufa.“ ... Hóllinn er hraunhóll sem er nokkuð gróinn. Hann er ilangur um 5 x 3 m og stendur hæst um 1,5 m. Enginn merki manna er á hólnum sem er náttúrusmið. Ekki var hægt að sannreyna að Álfar byggju enn í hólum. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra lögninni ætti að vera hægt að komast hjá því að raska hólnum. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist hólsins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.</p>	Valkostur með útrás í sjó er ekki hluti af aðalvalkosti Árborgar. Ef valkosturinn verður gerður að aðalvalkost verður lögning hliðrað og verktökum gerð grein fyrir tilvist hólsins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á framkvæmdatíma.
<p>Mógrafir (1997-004). Um 1 km norður af gatnamótum Eyrarbakka og Stokkseyrarvegar liggr Eyrarbakkavegur í gegn um svæði þar sem mikið er af upprónum gömlum mógröfum. Sunnan megin við veginn heitir Hraunsmýri en norðan er Háeyrarmýri. Lögnin er í Háeyrarmýri... Liklegt er að lögnin fari ekki yfir mógrafir en flestar þeirra eru sunnan megin við þjóðveginn. Mógrafirnar eru margar og mjög grónar, þær eru mjög óreglulegar. Í frummatsskýrslu segir að framkvæmdin kunni að raska einhverri mógröf. Minjastofnun Íslands telur skráningu mógrafanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
<p>Ungmennafélagsstykið (1997-005). Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „Við mörk jarðanna í Óseyrarlandi fram við sjóvarnargarð er svonefnt Ungmennafélagsstyki, er það gerði um hektari að stærð, var hlaðið umhverfis það grjótgarður af gömlu ungmennafélögnum um 1910, þar er fyrst sáð melgresi í sandinn, sem þá var gróðurlaus með öllu en síðan gær hann meira og meira upp“... Gerðið er um hektari af stærð og með grjóthlöðum veggjum sem eru mikið grónir og mikill sandur hefur hlaðist upp af þeim. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að tvær leiðir hafi verið skoðaðar varðandi legu lagnarinnar niður að sjó við Eyrarbakka. Önnur fari meðfram götunni Hafnarbrú sem er vestasti afleggjarinn inn á Eyrarbakka. Hin leiðin fer aðeins vestar og fer yfir sandgræðsluna þar sem Sandgræðslan hóf ræktun á upphafsárum sínum. Þar fer lögnin mjög næri grjóthlöðnu gerði, Ungmennafélagsstykinu. Seinni valkosturinn virðist ekki lengur til skoðunar, sbr. mynd 3-1 í frummatsskýrslu og því mun Ungmennafélagsstykinu ekki stafa hætta af framkvæmdum við útrásarlögningu út í sjó að Eyrarbakka.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
<p>Sjóvarnargarður (1997-006). Rétt aftan við iðnaðarhúsnæðið á Búðarstíg 23 sem er stórt hús við gömlu bryggjuna er grjóthlaðinn garður. Þetta eru leifar af gömlum sjóvarnargarði. Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „með allri strandlengja Eyrarbakkahrepps er hlaðinn garður sem nefndur er sjóvarnargarður. Sá sem fyrst hreyfði því málí var danskur verslunarstjóri D.C. Petersen um 1785 en lítið mun hafa verði gert fyrir en eftir flóðið mikla 1799 [Básendaflóð], er Lambertsen kaupmaður létt hlaða grjótgarð með trjávirki fyrir íbúðarhús og verslunarhús lengi er það eini varnargarðurinn. Þó hefur sá garður verið lengdur til austurs um 150 metra árið 1840. Síðan eru ýmsir kaflar hans hlaðnir upp og koma þá helst við sögu Einar Jónsson borgari. Þorleifur ríki Kolbeinsson og Guðmundur Ísleifsson. Sjóvarnargarðurinn er víðast 5-10 feta hár og þykkur að því skapi, að honum hefur hlaðist mikið af sandi sem er honum til styrktar. Enginn veit nú hve miklu sjóvarnargarðurinn hefur bjargað en öryggi íbúa á ströndinni er allt annað síðan hann kom, tekið hefur fyrir landbrotið og grær það upp er áður var í auðn og sandi.“ ... Garðurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á breidd á þessu svæði. Þetta er hluti af elsta sjóvarnargarði á Eyrarbakka. Hann nær</p>	Valkostur með útrás í sjó er ekki hluti af aðalvalkosti Árborgar. Ef valkosturinn verður gerður að aðalvalkost verður lögninni hliðrað til vesturs við garðinn.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>frá götunni sem liggur niður á bryggju og aftan við húsið þar er þvergarður sem er mikil hærri og síðari tíma viðbót. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra lögninni til vesturs megi komast hjá því að raska garðinum. Minjastofnun telur mikilvægt að ráðist verði í þá mótvægisaðgerð.</p> <p>Í kafla 3.4.4 í frummatsskýrslu er fjallað um vegagerð í tengslum við framkvæmdir við útrásarlögnina. Þörf er á um 300 m löngum slóða að útrásarstað við Geitanes til þess að geta lagt lögn og borað útrás í Ölfusá. Þá er þörf á slóðagerð á stöku stað neðan Tjarnarbyggðar í tengslum við lagningu lagna niður að Eyrarbakka. Loks gæti þurft að leggja slóða vegna flutninga á grjóti fyrir grjótvörn útrásar niður að útrásarstöð við Eyrarbakka. Minjastofnun minnir á nauðsyn þess að tekið verði tillit til fornleifa við alla slóðagerð sem fara þarf í vegna framkvæmdarinnar.</p> <p>Minjastofnun leggst ekki gegn neinum af þeim valkostum sem til skoðunar eru varðandi byggingu hreinsistöðvar og staðsetningu útrásarlagna í Sveitarfélaginu Árborg að því gefnu að tekið verði tillit til krafna stofnunarinnar um mótvægisaðgerðir sem fram koma í þessari umsögn.</p> <p>Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (nr 80/2012) stendur m.a.: <i>Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.</i> Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: <i>Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i></p>	<p>Tekið verður tillit til ábendinga Minjastofnunar Íslands og ákvæða laga nr. 80/2012 um menningarminjar við framkvæmdina, þ.m.t. slóðagerð.</p>

6 NIÐURSTAÐA

6.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur Sveitarfélagsins Árborgar felst í byggingu tveggja þreppa hreinsistöðvar við Sandvik með útrás í Ölfusá. Hann var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta (sjá kafla 6.4). Skólphreinsistöðin, samkvæmt þeim valkosti, verður um 700 m² hús úr bentri steinsteypu með um 5 m loftfhæð. Skólp verður hreinsað með vélrænni síun til samræmis við kröfur reglugerðar um fráveitir og skólp nr. 798/1999. Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að hún geti tekið við öllu skólpi frá Selfossi. Frá hreinsistöðinni verður lögð útrásarlögn út á Geitanes, þar sem hún verður fleyguð út í meginstraum Geitanesflúða. Leggja þarf slóð að útrásarstað á Geitanesi. Einnig er gert ráð fyrir bílastæði innan lóðar hreinsistöðvarinnar. Þá verður núverandi útrásarlögn endurnýjuð og nýtt sem neyðaryfirfall. Stofnkostnaður við framkvæmdina er áætlaður um 1.225 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 50-80 millj. kr.

Aðalvalkostur er talinn hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarónæði útivist, landnotkun og auðlindanýtingu (Tafla 6-1). Byggir sú niðurstaða m.a. á því að tilfærsla á útrás út í meginál Geitanesflúða og tveggja þreppa hreinsun skólps kemur til með að draga úr mengunaráhrifum frá skólplosuninni í Ölfusá. Samkvæmt dreifilíkani eru saurkólígerlar eini mengunarþátturinn sem gæti farið yfir umhverfismörk í ánni, sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Framkvæmdaraðili mun því nota útfjólubláa geislun til að ná styrk saurkólígerla niður fyrir þessi mörk. Tilfærsla á útrásarlögn og hreinsun skólps dregur einnig úr setmyndun, lífrænu mengunará lagi og bætir ástand lífríkis í viðtakanum, ekki síst skilyrði fyrir botnlægar lífverur. Talið er að það lyktarónæði sem getur myndast við núverandi útrás heyri sögunni til þegar útrás hefur verið færð út í meginálinn, en lítils háttar lyktarónæði getur verið til staðar næst hreinsistöðinni. Þá skapar framkvæmdin útivistarfólk heilnæmara umhverfi, eykur útivistargildi svæðisins og möguleika til útivistar en getur rýrt gildi svæðisins sem fuglaskoðunarstaðar. Hafrannsóknastofnun telur að tilfærsla á útrás og hreinsun skólps geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar. Bætt vatnsgæði eru einnig talin hafa jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk úr ánni. Aðalvalkostur er talinn hafa óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti, þ.e. gróðurfar, fuglalíf, fornleifar og sjónræn áhrif.

Sökum mikils kostnaðar við uppbyggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar er gert ráð fyrir að áfangaskipta framkvæmdinni. Í fyri áfanga yrði komið á eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í síðari áfanga. Tímamörk eins þreps hreinsunar verða ákveðin í samráði við veitendur framkvæmda- og starfsleyfis. Með áfangaskiptingunni má hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á hreinsun skólps. Gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúningur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þrjú ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar. Þrátt fyrir að eins þreps hreinsun lækki styrk mengunarefna í frárennsli minna en tveggja þrepa hreinsun, benda niðurstöður matsins til að umhverfisáhrif þessara hreinsunarstiga séu sambærileg hvað varðar næringarefni, en bæði hreinsunarstigin krefjast þó útfjólublárrar geislunar til að halda styrk sauklígerla innan umhverfismarka.

6.2 Mótvægisáðgerðir

Framkvæmdaraðili hyggst grípa til eftirfarandi aðgerða til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar:

- Útfjólublá geislun (UV-ljós) verður notuð til að ná styrkleika sauklígerla niður fyrir umhverfismörk, þ.e. undir 100 gerlar pr. 100 ml í a.m.k. 90% tilfella.
- Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsú sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur, t.d. ef kemur til uppbyggingar í nágrenninu.
- Við hönnun byggingar undir hreinsistöð verður leitast við að nota náttúrulega liti til að mannvirkin falli sem best að umhverfinu. Við hönnun lóðar verður reynt að aðlagða bygginguna að umhverfinu með grjóti og gróðri sem er í nágrenninu.
- Leitast verður við að lágmarka áhrif á gróður með því að endurnýta svarðlag og notast við staðargróður við frágang raskaðra svæða.
- Útrásarlögn út í Ölfusá hefur þegar verið hliðrað norður fyrir Áargötu. Til að fyrirbyggja rask á götunni verður hún jafnframt auðkennd með flöggum á framkvæmdatíma.
- Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.
- Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.
- Til að lágmarka áhrif á lífríki við lagningu útrásar í Ölfusá verða framkvæmdir skipulagðar utan göngutíma laxfiska í og úr sjó, þ.e. frá síðla hausts til síðla vetrar. Vatnalíffræðingur verður fenginn til að annast framkvæmdaeftirlit og leiðbeina verktökum á vettvangi í samræmi við ábendingar Hafrannsóknastofnunar (viðauki H):
 1. „Framkvæmdaraðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
 2. Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökkvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
 3. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
 4. Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.

5. *Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.“*

6.3 Vöktun

Framkvæmdaraðili mun standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá. Fyrirkomulag vöktunar verður ákveðið í samráði við leyfisveitendur.

6.4 Samanburður valkosta

Framkvæmdin gengur út á að koma á hreinsun skólps frá Selfossi, sem hingað til hefur að mestu verið veitt óhreinsuðu í Ölfusá. Niðurstaða umhverfismatsins er sú að allir valkostir sem skoðaðir voru í umhverfismatinu eru taldir hafa jákvæð umhverfisáhrif og eru áhrif valkostanna jafnframt talin vera nokkuð sambærileg (Tafla 6-1). Þannig benda niðurstöðurnar til þess að Ölfusá sé öflugur viðtaki og að takmarkaður umhverfislegur ávinnungur felist í aukinni hreinsun skólps umfram eins þreps hreinsun. Allir valkostir með útrás í Ölfusá krefjast útfjólablárrar geislunar til að halda styrk saurkólígerla innan umhverfismarka.

Lagt var mat á stofn- og rekstrarkostnað fyrir alla framlagða valkosti (Tafla 6-1). Mat á stofnkostnaði fyrir valkosti með eins þreps og tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá (1ÞÖ og aðalvalkostur) byggir á forhönnun sem tekur mið af kostnaði við helsta búnað og mannvirki. Meiri óvissa er í mati á stofnkostnaði við valkost með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa (3ÞÖ) þar sem byggingarþörfin hefur ekki verið greind nákvæmlega. Fyrir valkost með útrás í sjó felst megin óvissa í kostnaði við lagningu á lögn til sjávar og útrás.

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 skal hönnun, lagning og viðhald fráveitu samræmast bestu tæknipekkingu sem völ er á og ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað. Það er mat framkvæmdaraðila að valkostir sem felast í ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá (3ÞÖ) og grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn (GSJÓ) hafi í för með sér óhóflegan kostnað og hafi að auki takmarkaðan umhverfislegan ávinning umfram aðra valkosti. Hagkvæmasti kosturinn er að reisa eins þreps hreinsun með losun í Ölfusá. Stofnkostnaður við slíka framkvæmd er áætlaður um 825 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 30-55 millj. kr. Niðurstöður umhverfismatsins benda til þess að hægt sé að ná fullnægjandi hreinsun skólps með eins þreps hreinsun sem uppfyllir öll umhverfismörk. Þessi valkostur kemur hins vegar ekki til greina sem aðalvalkostur, þar sem Ölfusá er venjulegur viðtaki og almenna krafan um tveggja þrepa hreinsun gildir fyrir slíka viðtaka, óháð því hvort einfaldari hreinsun geti skilað fullnægjandi hreinsun. Aðalvalkostur felst því í tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá (sjá kafla 6.1).

TAFLA 6-1 Samanburður á umhverfisáhrifum, stofnkostnaði (millj. kr.), rekstrarkostnaði (millj. kr.) og samræmi við kröfur um hreinsun fyrir þá valkosti sem lagðir voru fram til mats á umhverfisáhrifum. Aðalvalkostur: Tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur 1þÖ: Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur 3þÖ: Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá. Valkostur GSJÓ: Grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn. Í töflunni eru umhverfisáhrif valkosta auðkennd með eftirfarandi litum; nokkuð jákvæð áhrif = dökkgræn, óverulega jákvæð áhrif = ljósgræn, óverulega neikvæð áhrif = ljósrauð og nokkuð neikvæð áhrif = dökkrauð.

	AÐALVALKOSTUR	VALKOSTUR 1þÖ	VALKOSTUR 3þÖ	VALKOSTUR GSJÓ
Vatnsgæði viðtaka	Framkvæmdin er talin hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnsgæði viðtaka. Styrkur allra mengunarefna í viðtaka nema saurkólígerla er innan viðmiðunarmarka, en með mótvægiságerðum (UV-geislun) má ná styrk saurkólígerla niður fyrir viðmiðunarmörk.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, en styrkur næringarefna í Ölfusá verður líklega lítillega hærri.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, en styrkur næringarefna í Ölfusá verður líklega lítillega lægri.	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á vatnsgæði Ölfusár. Einhver óvissa ríkir varðandi áhrif losunar saurkólígerla í sjó, en við hönnun er hægt að haga staðsetningu útrásar þannig að öll mengunarefni séu undir viðmiðunarmörkum. Að teknu tilliti til áhrifa á Ölfusá, eru heildaráhrif á vatnsgæði talin nokkuð jákvæð.
Lífríki viðtaka	Tilfærsla á útrásarlögn og hreinsun skólps dregur úr setmyndun, lífrænu mengunará lagi og bætir ástand lífríkis í viðtakanum, ekki síst skilyrði fyrir botnlægar lífverur. Gera má ráð fyrir tímabundnum neikvæðum staðbundnum áhrifum á lífríki við lagningu útrásar. Í heild eru áhrifin metin nokkuð jákvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem valkostinum fylgir meiri hætta á óæskilegum áhrifum á lífríki er hann talinn hafa heldur minni jákvæð áhrif en aðalvalkostur.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem valkostinum fylgir minni hætta á óæskilegum áhrifum á lífríki er hann talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.	Gera má ráð fyrir að áhrif númerandi skólplosunar á lífríki Ölfusár gangi að mestu til baka ef skólpí yrði dælt um lögn niður að sjó við Eyrarbakka. Á móti kann losunin að hafa staðbundin áhrif á lífríki sjávar. Áhrifin eru metin nokkuð jákvæð.
Lyktarónæði	Talið er að lyktarónæði við útrás verði hverfandi í kjölfar framkvæmda en lítils háttar lyktarmengun getur verið til staðar næst hreinsistöðinni. Áhrifin eru metin nokkuð jákvæð.	Valkosturinn hefur sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem minni lykt berst frá eins þreps hreinsistöðvum er valkosturinn talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.	Valkosturinn hefur sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem meiri lykt berst frá hreinsistöðvum með ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er valkosturinn talinn hafa heldur minni jákvæð áhrif en aðalvalkostur.	Valkosturinn hefur sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Valkosturinn er talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur þar sem minnst lykt berst frá hreinsistöðvum með grófhreinsun og engin hætta er á lyktarónæði frá útrás í Ölfusá.
Sjónræn áhrif	Áhrifin eru að mestu bundin við mannvirki undir hreinsistöð. Áhrifin eru talin óverulega neikvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sömu sjónrænu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.	Valkosturinn er talinn hafa óverulega neikvæð sjónræn áhrif. Þar sem valkosturinn krefst meiri mannvirkjagerðar en aðalvalkostur eru áhrifin heldur meiri.	Valkosturinn er talinn hafa meiri sjónræn áhrif en aðalvalkostur, eða nokkuð neikvæð, vegna þess að hann krefst meira rasks.

	AÐALVALKOSTUR	VALKOSTUR 1ÞÖ	VALKOSTUR 3ÞÖ	VALKOSTUR GSJÓ
Útvist	Aðalvalkostur skapar útvistarfolkí heilnæmara umhverfi, eykur útvistargildi svæðisins og möguleika til útvistar en getur rýrt gildi svæðisins sem fuglaskoðunarstaðar. Áhrifin eru talin nokkuð jákvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Vegna tímabundinna áhrifa á lagnaleið niður að sjó er hann talinn hafa heldur neikvæðari áhrif en aðalvalkostur.
Gróðurfar	Aðalvalkostur hefur staðbundin áhrif á gróðurfar á um 1,1 ha lands sem að hluta eru afturkræf. Framkvæmdin hefur takmörkuð áhrif á gróður sem nýtur verndar. Áhrifin eru talin óverulega neikvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð.	Valkosturinn hefur sömu áhrif og aðalvalkostur á gróður við Ölfusá. Að auki hefur hann í för með sér rask á gróðri á lagnaleið niður að sjó, sem að stórum hluta eru afturkræf. Áhrifin eru metin nokkuð neikvæð.
Fuglalíf	Framkvæmdin skapar fuglum heilnæmara umhverfi. Hreinsun skólps skerðir fæðuframboð fugla sem sækja í skólpíð. Tilfærsla á útrás út í meginál Ölfusár þýðir að hitaáhrifa hættir að gæta í Sandvik. Frjósi víkin má gera ráð fyrir að fuglar sem hafa nýtt hana að vetrarlagi, s.s. gulönd, missi vetursetusvæði sín. Heilt yfir eru áhrifin talin óveruleg.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.	Valkosturinn er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða óveruleg.
Landnotkun og auðlindanýting	Hafrannsóknastofnun telur að tilfærsla á útrás og hreinsun skólps geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar. Bætt vatnsgæði eru einnig talin hafa jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk úr ánni. Áhrifin eru metin nokkuð jákvæð.	Valkosturinn hefur sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem skólpíð er hreinsað minna er valkosturinn talinn hafa heldur minni jákvæð áhrif en aðalvalkostur.	Valkosturinn hefur sambærileg áhrif og aðalvalkostur, eða nokkuð jákvæð. Þar sem skólpíð er hreinsað meira er valkosturinn talinn hafa heldur jákvæðari áhrif en aðalvalkostur.	Þessi valkostur hefði jákvæðust áhrif á veiðihagsmuni í Ölfusá þar sem hann gerir ekki ráð fyrir að skólpíð sé veitt í ána. Áhrifin eru metin nokkuð jákvæð.
Fornleifar	Aðalvalkostur hefur áhrif á einar minjar, þ.e. Árgötuna. Áhrifin eru metin óverulega neikvæð áhrif.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð áhrif.	Valkosturinn er talinn hafa sömu áhrif og aðalvalkostur, eða óverulega neikvæð áhrif.	Valkosturinn er talinn hafa óverulega neikvæð áhrif, en vegna áhrifa á minjar á lagnaleið niður að sjó er valkosturinn talinn hafa heldur meiri áhrif en aðalvalkostur.

	AÐALVALKOSTUR	VALKOSTUR 1ÞÖ	VALKOSTUR 3ÞÖ	VALKOSTUR GSJÓ
Stofnkostnaður hreinsistöð (millj. kr.)	1.150	750	1.700	450
Stofnkostnaður lögn (millj. kr.)	65	65	65	1.500
Stofnkostnaður útrás (millj. kr.)	10	10	10	800
Stofnkostnaður alls (millj. kr.)	1.225	825	1.775	2.750
Rekstrarkostnaður á ári (millj. kr.)	50-80	30-55	80-110	25-50
Samræmi við hreinsunarkröfur reglugerðar nr. 798/1999	Tveggja þrepa hreinsun samræmist kröfum um hreinsun fyrir venjulega viðtaka.	Eins þreps hreinsun samræmist ekki kröfum um hreinsun fyrir venjulega viðtaka.	Ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun samræmist kröfum um hreinsun fyrir venjulega viðtaka.	Grófhreinsun samræmist kröfum um hreinsun fyrir síður viðkvæma viðtaka.

6.5 Umsagnir og athugasemdir

Árborg hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu og tekið afstöðu til þeirra. Hér að neðan má sjá umsagnir og athugasemdir varðandi umfjöllun í niðurstöðukafla og viðbrögð Árborgar við þeim.

TAFLA 6-2 Viðbrögð Árborgar við umsögnum og athugasemnum varðandi umfjöllun í niðurstöðukafla frummatsskýrslu.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
Fiskistofa	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Fiskistofa telur að fjallað hafi verið um fyrirhugaða framkvæmd á fullnægjandi hátt og telur stofnunin fyrilliggjandi upplýsingar og greining vera góðan grundvöll til að meta þá kosti sem til umfjöllunar eru fyrir tilhögun hreinsunar á frárennslí. Jafnframt því mun vöktun á vatnsgæðum, sem áfram verður sinnit af framkvæmdaðila, gefa færi á því að gera úrbætur ef þörf krefur.	Árborg tekur undir það að mikilvægt sé að fylgjast með virkni hreinsunar. Eðlilegri virkni hreinsibúnaðar verður viðhaldið með reglubundnu viðhaldi. Í kafla 6.3 í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili mun standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá og að fyrirkomulagið verði ákveðið í samráði við leyfisveitendur. Reglubundin vöktun vatnsgæða ætti að leiða í ljós hvort að virkni hreinsunar sé eins og til var ætlast.
Hafrannsóknastofnun	Árborg tekur undir það að mikilvægt sé að fylgjast með virkni hreinsunar. Eðlilegri virkni hreinsibúnaðar verður viðhaldið með reglubundnu viðhaldi. Í kafla 6.3 í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili mun standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá og að fyrirkomulagið verði ákveðið í samráði við leyfisveitendur. Reglubundin vöktun vatnsgæða ætti að leiða í ljós hvort að virkni hreinsunar sé eins og til var ætlast.
Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili muni standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá. Hafrannsóknastofnun bendir á að einnig þurfi að vakta lífríki árinnar og veiðinýttjara. Eins og fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, er mikilvægt að fylgjast með framvindu lífríkis, efnastyrk, gerlamengun, veiðiþróun og aðstæðum til veiðinýtingar eftir að framkvæmdum líkur	Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á lífríki viðtakans og auðlindanýtingu. Ekki er því talin þörf á sérstakri vöktun á lífríki árinnar eða veiðinýttjum. Hins vegar er gert ráð fyrir að halda áfram vöktun vatnsgæða í ánni í samráði við leyfisveitendur (sjá kafla 6.3). Í þessu samhengi má einnig benda á að Hafrannsóknastofnun gerði ítarlega úttekt á lífríki árinnar í tengslum við umhverfismat þetta. Því liggja fyrir upplýsingar um grunnástand lífríkis fyrir framkvæmdina sem hægt er að nota til að meta áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið síðar meir, ef ástæða þykir til.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda frummatsskýrslu og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að skýrslan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægiságerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Náttúrufræðistofnun Íslands	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eðli og umfangi framkvæmdarinnar og náttúrufari á framkvæmdasvæðinu, auk þess sem fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, allir valkostir, hefur þegar verið raskað að einhverju marki, telur Náttúrufræðistofnun að gerð sé fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar í frummatsskýrslunni. Helstu óvissuhættir snúa að mengun en þar á að vera hægt að bregðast við með ákvörðunum	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
sem snúa að mengunarvörnum s.s. hreinsun skólps og hönnun lagna o.s.frv.	
<p>Með tilliti til langtímaáhrifa og m.t.t. svæðisins í heild telur Náttúrufræðistofnun að fráveita í sjó sé líklega besti kosturinn ekki síst ef hægt er að leysa fráveitumál Eyrarbakka og Stokkseyri um leið hvort sem framkvæmdinni er áfangaskipt eða ekki.</p> <p>Að öðru leyti telur stofnunin að skýrslan sé nákvæm og gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina. Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin hafa góð umhverfisáhrif í för með sér með bættri hreinsun frárennslisvatns í Árborg.</p>	<p>Skólp frá Eyrarbakka og Stokkseyri er ekki hluti af þessari framkvæmd. Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum hefur sveitarfélagið lagt mat á umhverfisáhrif allra þeirra valkosta sem mögulega geta talist raunhæfir í frummatsskýrslu. Umhverfisáhrif allra valkosta voru metin með sambærilegum hætti og aðalvalkostur valinn með með hliðsjón af samanburði á áhrifum allra valkosta á fjölda umhverfisþáttu, sem og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði valkostanna. Með samanburðinum hefur sveitarfélagið sinnt lögmætri rannsóknarskyldu sinni, sbr. 10 gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Aðalvalkostur er sá valkostur sem Árborg telur best fallinn til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar, að teknu tilliti til umhverfislegra, tæknilegra og fjárhagslegra sjónarmiða.</p>
Sveitarfélagið Árborg	
Í skýrslunni er valkostagreiningu fyrirhugaðrar framkvæmdar lýst, með tilliti til umhverfis og áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið. Þá lýsir skýrslan mótvægisáðgerðum gegn ætluðum umhverfisáhrifum og áætlun um vöktun á þeim. Þá eru valkostirnir bornir saman og ályktun lögð fram um niðurstöðu. Sveitarfélagið Árborg veitir jákvæða umsögn um skýrsluna.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
Veiðifélag Árnesinga	
<p>II. Ölfusá sem viðtaki skólps.</p> <p>Frumskilyrðið ef nýta á Ölfusá sem viðtaka er að við verði komið hreinsun skólps. Í skýrslunni kemur fram að aðeins hluta ársins verði hægt að hreinsa allt skólp en annars fari það óhreinsað um yfirfall í Ölfusá. Þegar af þessari ástæðu eru ekki lagaskilyrði til að nýta Ölfusá því óheimilt er að leiða skólp óhreinsað í ána. Á sama tíma og rennslí Ölfusár fer minnkandi þá stækkar Selfoss hratt og aðrir mengunarvaldar ofar með ánni með miklu álagi á fyrirhugaðan viðtaka. Blasir það við að Ölfusá geti ekki verið lausn á skólpumálum Selfoss og alls ekki þegar litið er til framtíðar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir áformum um að ná í flestum tilvikum mikilli mengun saurkólígerla niður fyrir umhverfismörk með útfjólublari geislun. Samkvæmt þessu verður mikil mengun saurkólígerla áfram í ánni og umfram umhverfismörk jafnvel þótt óljósar áætanir um geislun gangi eftir. Við þetta verður ekki búið og á það ekki síst við um þær jarðir sem liggja neðan Selfoss og nýta þar ýmiss hlunnindi tengd ánni.</p>	<p>Skólpíð verður hreinsað stærstan hluta ársins. Veiðifélagið er væntanlega að vísa til þess að í frummatsskýrslu kemur fram að við 600 l/sek er yfirfall virkt innan við 5% af tímanum og fimmföld bynning er á fráveituvatninu. Þetta fyrirkomulag byggir á 9. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999, en þar kemur fram að við hönnun á fráveitum með einfalt kerfi er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af tímanum eða þegar uppblandað skólp með hitaveitu- og/eða ofanvatni er í hlutföllunum 1:5 a.m.k. Eftir því sem kerfið verður þétt til að varna innleka grunnvatns inn á lagnakerfið mun rennslí um yfirfall minnka. Yfirfalls er helst að vænta við miklar rigningar. Byggð á mælingum má gera ráð fyrir að það verði um 2-3% tímans sem eitthvað af skólpí fer um yfirfallið. Í frummatsskýrslu kemur fram að útfjólublá geislun (UV-ljós) verður notuð til að ná styrkleika saurkólígerla niður fyrir umhverfismörk, þ.e. undir 100 gerla pr. 100 ml í a.m.k. 90% tilfella. Eins og fram hefur komið þá verður yfirfall virkt innan við 5% af tímanum. Styrkleiki saurkólígerla verður því innan umhverfismarka. Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að hreinsistöðin annar 600 l/sek. Um yfirfall fer því einungis skólp umfram 600 l/sek. Þá er einnig stefnt að því að koma upp grófhreinsibúnaði í öllum yfirföllum þannig að rusl haldist inni í kerfinu þótt sleppa þurfi blandskólpí út.</p>
<p>III. Fráveita í sjó.</p> <p>Þrátt fyrir að sjórinn sé miklu öflugri viðtaki og geti mætt auknu frárennsli í framtíðinni fer lítið fyrir þeim forsendum sem liggja þurfa fyrir svo hægt sé að bera saman þann kost við Ölfusá. Í skýrslunni má þó finna niðurstöður um að sjávarkosturinn sé dýrari framkvæmd en miklu hagstæðari í rekstri. Þau sjónarmið sem þó er að finna í skýrslunni styðja eindregið að velja eigi sjóinn sem viðtaka og samtengja við Eyrarbakka og Stokkseyri.</p>	<p>Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum hefur sveitarfélagið lagt mat á umhverfisáhrif allra þeirra valkosta sem mögulega geta talist raunhæfir í frummatsskýrslu. Umhverfisáhrif allra valkosta voru metin með hliðsjón af samanburði á áhrifum allra valkosta á fjölda umhverfisþáttu, sem og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði valkostanna. Með samanburðinum hefur sveitarfélagið sinnt lögmætri rannsóknarskyldu sinni, sbr. 10 gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Aðalvalkostur er sá</p>

ATHUGASEMD	VIÐBRÖGÐ ÁRBORGAR
<p>Veiðifélag Árnesinga telur hvorki tæknilegar né fjárhagslegar forsendur standi því í vegi að nýta sjóinn heldur þvert á móti sé það eina færa leiðin lagalega í stöðunni.</p> <p>Samanburður þessara kosta í skýrslunni uppfyllir hvorki ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum eða 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem kveður á um að sveitarfélagið Árborg skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því.</p>	<p>valkostur sem Árborg telur best fallinn til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar, að teknu tilliti til umhverfislegra, tæknilegra og fjárhagslegra sjónarmiða.</p>
<p>IV. Áfangaskipting.</p> <p>Engin rök eru til að áfangaskipta framkvæmdinni og alls ekki af fjárhagsástæðum eins og byggt er á í skýrslunni. Frestir voru gefnir í upphafi til að koma fráveitu í lag og þeir hafðir langir þar sem um fjárfrekar framkvæmdir væri að ræða. Þessir löngu frestir runnu út fyrir 20 árum síðan og verður fjárhagsástæðum ekki borið við lengur og því slegið föstu í dómaframkvæmd.</p>	<p>Sveitarfélagið tekur undir með Veiðifélagini að óheppilegt sé að áfangaskipta framkvæmd sem hefur verið lengi í undirbúningi. Hins vegar er um að ræða kostnaðarsama framkvæmd sem sveitarfélagið telur sér ekki fært að framkvæma án áfangaskiptingar. Áfangaskiptingin er einnig liður í að koma sem fyrst á hreinsun skólps. Þá verður leitast við að vinna framkvæmdirnar eins hratt og kostur er. Gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun og annar undirbúningur fari fram 2020 og að framkvæmdir hefjist 2021. Jafnframt er gert ráð fyrir að báðir áfangar taki um tvö til þrjú ár með fullnaðarhönnun til gangsetningar.</p>
<p>Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga byggja að öðru leyti á eftirfarandi gögnum:</p> <p>Athugasemdir félagsins við endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, dags. 15.01.2018.</p> <p>Athugasemdir félagsins við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 15.01.2018</p> <p>Eigendur Kaldaðarnesjarðanna taka undir öll sjónarmið sem fram koma í þessum athugasemendum Veiðifélags Árnesinga.</p>	<p>Vísað er til fyrri viðbragða Árborgar varðandi athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina. Þau má finna í viðauka D með tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi.</p>

7 KYNNING OG SAMRÁÐ

7.1 Drög að tillögu að matsáætlun

Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum var tveggja vikna frestur gefinn til að skila inn athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Í þessu tilfelli voru drögin kynnt um rúmlega þriggja vikna skeið. Kynning á drögum að tillögu að matsáætun var auglýst í Dagskránni á Suðurlandi og Fréttablaðinu og birtist auglýsing í þessum miðlum 13. desember 2017. Tillagan var aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu (www.efla.is). Alls bárust athugasemdir frá 10 aðilum. Allar athugasemdir voru yfirfarnar og auglýst drög endurskoðuð með hliðsjón af þeim. Athugasemdirnar og viðbrögð Sveitarfélagsins Árborgar við þeim má sjá viðauka D með tillögu að matsáætlun.

7.2 Tillaga að matsáætlun

Í framhaldi af kynningu tillögu að matsáætlun á vinnslustigi var hún send Skipulagsstofnun til efnislegrar meðferðar. Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Sveitarfélagini Árborg, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Umsagnarrestur var til 23. janúar 2019. Tillagan var auglýst og gerð aðgengileg á vefsíðum Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is) og verkfræðistofunnar EFLU (www.efla.is). Allir höfðu rétt á að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Sveitarfélagið Árborg fór yfir allar umsagnir sem bárust og gerði Skipulagsstofnun grein fyrir afstöðu sinni til einstakra athugasemda.

7.3 Frummatsskýrsla

Í janúar 2020 lagði Sveitarfélagið Árborg fram frummatsskýrslu fyrir hreinsistöð frá veitu á Selfossi til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Tillaga að framkvæmdinni og skýrsla um mat á áhrifum hennar lá frammi til kynningar frá 21. janúar til 4. mars 2020 á bæjarskrifstofu Árborgar, bókasafni Árborgar, þjóðarbókhloðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef

Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is) og verkfræðistofnunar EFLU (www.efla.is). Niðurstöður frummatsskýrslunnar voru kynntar á opnum íbúafundi í Tryggvaskála á Selfossi 29. janúar.

Öllum var heimilt að gera skriflega athugasemd við framlagða frummatsskýrslu á kynningartíma. Skipulagsstofnun leitaði jafnframt umsagnar hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum. Alls bárust Skipulagsstofnun umsagnir og athugasemdir frá 11 aðilum.

- Fiskistofa, dags. 11. mars 2020
- Hafrannsóknastofnun, dags. 19. febrúar 2020
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 14. febrúar 2020
- Minjastofnun Íslands, dags. 5. febrúar 2020
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 19. febrúar 2020
- Sveitarfélagið Árborg, dags. 13. mars 2020
- Umhverfisstofnun, dags. 21. febrúar 2020
- Veðurstofa Íslands, dags. 19. febrúar 2020
- Birgitta María Braun, dags. 3. mars 2020
- Hraunsós, dags. 1. febrúar 2020
- Veiðifélag Árnesinga, dags. 14. febrúar 2020

Sveitarfélagið Árborg hefur farið yfir allar athugasemdirnar og brugðist við þeim í matsskýrslu. Allar athugasemdirnar má finna í viðauka G. Viðbrögð Árborgar við einstökum athugasemendum má finna aftast í hverjum kafla þessarar matsskýrslu.

7.4 Umsagnir og athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar við umfjöllun um kynningu og samráð í frummatsskýrslu.

8 HEIMILDASKRÁ

- [1] Umhverfisstofnun, „Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014. Sótt þann 15. Júní af] slóðinni: <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefild-efni/astand-fridlystra-svaeda/Sto%CC%88%C3%B0usky%CC%81rsla%202017%20um%20fr%C3%A1rennslism%C3%A1l.pdf>,“ 2017.
- [2] Sveitarfélagið Árborg, „Um stöðu fráveitumála í Sveitarfélaginu Árborg. Sótt þann 5.12.2017 af] slóðinni: <https://www.arborg.is/um-stodu-fraveitumala-i-sveitarfelinu-arborg/>,“ 2013.
- [3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 27.-28. febrúar 2017.,“] Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV 2017-009., 2017.
- [4] Mannvit, „Efnavöktun fráveituvatns á Selfossi og áhrif þess á Ölfusá,“ Unnið fyrir Sveitarfélagið] Árborg. Mannvit, MV-2017-014, 2017.
- [5] Sverrir Óskar Elefsen, „Mat á fjölda persónueininga bakvið útrásir á Selfossi og spá um þróun næstu] 10 ár,“ Minnisblað unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, 2016.
- [6] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og Ölfusá 4.-5. apríl 2016.,“] Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2016-017, 2016.
- [7] Árni Hjartarsson, „Þjórsárhraunið mikla- stærsta nútímahraun jarðar,“ Náttúrufræðingurinn,] 58(1): 1-16, 1988.

[8] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Kortavefsjá: Vistgerðir og fuglar á Íslandi. Sótt þann 6.12.2017 af] slóðinni: <http://vistgerdakort.ni.is/>,“ 2017.

[9] Hagstofa Íslands, „Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2018. Sótt þann 22.02.2018] af slóðinni: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnar/MA_N03105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ad6a37be-4f1d-439c-9684-46cd30a994,“ 2019.

[1] Sveitarfélagið Árborg, „Aðalskipulagsvefur 2010-2030. Sótt þann 5.12 af slóðinni:
0] <https://www.arborg.is/stjornsysla/svid-og-deildir/skipulags-og-byggingardeild/skipulagsbreytingar-2/adalskipulagsvefur-2010-2030/>,“ Á.á..

[1] Verkfræðistofa Suðurlands ehf., „Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvik í 1] Árborg,“ 2013.

[1] Magnús Jóhannesson og Sigurður Guðjónsson, „Fiskrannsóknir og veiði á vatnasvæði Ölfusár-
2] Hvítár,“ Veiðimálastofnun, 2012.

[1] EDS, „Hver er vatnsmesta á Íslands? Vísindavefurinn. Sótt þann 23.11.2017 af slóðinni:
3] <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4213>,“ 2004.

[1] Sveitarfélagið Árborg, „Eyrarbakki. Sótt þann 11.12.2017 af slóðinni:
4] <https://www.arborg.is/upplysingar/frodleikur-um-arborg/eyrarbakki/>,“ 2017.

[1] Umhverfisstofnun, „Náttúruminjaskrá Suðurlands. Sótt þann 6.12.2017 af slóðinni:
5] <https://www.ust.is/einstaklingar/natura/natturuminjaskra/sudurland/>,“ 2017.

[1] Winther, Leif, Henze, Mogens, Linde, Jens Jørgen, Jensen og H. Thorkild, „Spildevandsteknik,“
6] Polyteknisk Forlag, 1998.

[1] Vinnustofan Þverá ehf., „Árborg aðalskipulag 2010-2030. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Sótt 7] þann 11.12.2017 af slóðinni: <https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2010/01/greinargerð-Arborg-adalskipulag-2010-2030.pdf>,“ 2011.

[1] Lawrence, D.P., „Impact significance determination - Pushing the boundaries. Environmental 8] Impact Assessment R,“ 2007.

[1] Lawrence, D.P., „Impact significance determination – Designing an approach. Environmental 9] Impact Assessment Review. 27:8. Bls. 730-754.,“ 2007.

[2] Boyle, J. og J.L. Barnes, „Assessing Significance in Impact Assessment of Projects. Fastips. IAIA . No. 0] 14. Sótt á slóð: http://www.iaia.org/uploads/pdf/Fastips_14%20Significance_1.pdf,“ 2016.

[2] Skipulagsstofnun, „Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda,“ Skipulagsstofnun, 1] Reykjavík, 2005.

[2] Skipulagsstofnun, Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþáttta, viðmið, einkenni og vægi 2] umhverfisáhrifa., Reykjavík: Skipulagsstofnun, 2005a.

[2] Frode Løset, Lars Erik Andersen, Jannike Gry Bettum Jensen, Ann Kathrine Birkeland, Marius 3] Fiskevold, Kjell Huseby, Anita Myrmæl, Erik Roalsø og Jan Terje Strømsæther, „Konsevensutredning fornyelse av 132 kV ledning mellom Kvandal-Kanstadbotn, Troms og Norland,“ Unnið af Sweco fyrir Statnett, 2018.

[2] Eydís Salome Eiríksdóttir, Benóný Jónsson, Iris Hansen, Magnús Jóhannsson, Ragnhildur Þ. 4] Magnúsdóttir og Sigurður Óskar Helgason , „Áhrif skolplosunar frá Selfossi á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá,“ Hafrannsóknastofnun, 2018.

[2] Gísli Steinn Pétursson og Sveinn Óli Pálmarsson, „Hreinsistöð á Selfossi. Dreifilíkansreikningar til 5] mats á dreifingu fráveitumengunar í viðtaka,“ Verkfræðistofan Vatnaskil, 2019.

[2] Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson, „Athuganir á fuglum og gróðri vegna breytinga á 6] fráveitu Selfoss,“ Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2018.

[2] Gísli Már Gíslason, „Áhrif mengunar á dýralíf í varmám,“ Náttúrufræðingurinn 50 (1), 35–45, 1980. 7]

[2] Brent Howe, „Odors at Wastewater Treatment Plants. Skoðað 29.5.2019 á: 8] <https://www.waterworld.com/municipal/wastewater/article/16191305/odors-at-wastewater-treatment-plants>,“ 2016.

[2] Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment, „Guidelines for 9] Landscape and Visual Impact Assessment,“ Oxon: Routledge, 1995, 2002 og 2013.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá í júní 2014,“ 0] Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2014.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá í ágúst 2014,“ 1] Minnisblað unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2014.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi, í mars 2015,” Unnið fyrir
2] Sveitarfélagið Árborg, 2015.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi, í júní 2015,” Unnið fyrir
3] Sveitarfélagið Árborg, 2015.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi, í ágúst 2015,” Unnið fyrir
4] Sveitarfélagið Árborg, 2015.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi, í nóvember 2015,” Unnið
5] fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2016.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 23.-24. maí 2016,” Unnið
6] fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2016.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá 22.-23. ágúst
7] 2016,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2016.

[3] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá 17.-18. október
8] 2016,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2016.

[3] Mannvit, „Rennsli og efnainnihald fráveituvatns á Selfossi 22. -23. október 2018,” Unnið fyrir
9] Sveitarfélagið Árborg, 2018.

[4] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 8-9. janúar 2018,” Unnið
0] fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2018.

[4] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 23. -24. apríl 2018,” Unnið
1] fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2018.

[4] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 27. -28. ágúst 2018,” Unnið
2] fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2018.

[4] Mannvit, „Rennsli og efnainnihald fráveituvatns á Selfossi. Niðurstöður mælinga 28-29. janúar
3] 2019,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg, 2019.

[4] Mannvit, „Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og í Ölfusá 4.-5. apríl 2016.
4] Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg,” 2016.

[4] Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.), „Vistgerðir á Íslandi,” Fjöldit
5] Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s, 2016.

[4] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Sérstök vernd náttúrufyrirbæra. Kortasjá skoðuð 11. apríl 2019“.
6]

[4] Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, „Fiskrannsóknir og veiði á vatnasvæði Ölfusár-
7] Hvítár,” Veiðimálastofnun, 2012.

[4] Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, „Lax- og silungsveiði 2017,”
8] Hafrannsóknastofnun, 2018.

[4] Belanger, R.M., Corcum, L.D, Li, W. og B.S. Zielinski , „Olfactory sensory input increases gill
9] ventilation in,” Comparative Biochemistry and Physiology-Part A: Molecular & Integrative Physiology
144, 196-202, 2006.

[5] Thorstad, E. B., Ökland F., Aarestrup, K. og T.G. Heggberget, „Factors affecting the within-river
0] spawning migration af Atlantic salmon, with emphasis on human impacts,” Rev. Fish. Biol. Fisheries
18, 345-371, 2008.

[5] Hraunsós ehf., „Afurðir sjávar. Skoðað þann 16.4.2019 á: <https://hraun.is/index.php/afurdir-1> sjavar“.

[5] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, „Fornleifakönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og
2] tillögur um fráveitulagnir,” Náttúrustofa Vestfjarða, 2018.

[5] Mannvit, „Fráveita Árborgar – skilgreining viðtaka. Skilgreining Ölfusár sem viðtaka.
3] Áfangaskýrla,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2013-060, 2014.

[5] Sigurður Reynir Gíslason, Deirdre Clark, Svava Björk Þorlaksdóttir, Jórunn Harðardóttir og Eydís
4] Salome Eiríksdóttir , „Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Suðurlandi XX,”
Jarðvísindastofnun og Veðurstofan. RH-03-2017,, 2017.

[5] Tryggvi Þórðarson, „Mengunarflokkun Ölfusár,” Sveitarfélagið Árborg, 2010.
5]

[5] Gísli Steinn Pétursson og Sveinn Óli Pálmarsson, „Líkangerð af Ölfusá til samanburðar á
6] staðsetningum fráveituútrásar,” Minnisblað unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg dags. 10. júlí 2014.
Verkfræðistofan Vatnaskil, 2014.

[5] Luiz Gabriel Camargo og Sveinn Óli Pálmarsson, „Árborg. Drefing mengunar frá fyrirhuguðum
7] útrásum við Eyrarbakka og Stokkseyri,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Verkfræðistofan
Vatnaskil, 2008.

[5] Sveinn Óli Pálmarsson, „Nýting flóðasvæðis á Eyrarbakka til byggingar. Niðurstöður 2. áfanga
8] könnunar á byggingarhæfi,” Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Verkfræðistofan Vatnaskil og VGK
Hönnun, 2007.

[5] EFLA verkfræðistofa, „Selfoss – Þorlákshöfn, 66 kV jarðstengur og ljósleiðari. Greinargerð með
9] tilkynningu til ákvörðunar um matsskýrslu. Unnið fyrir Landsnet. Landsnet-13029.,“ 2013.

**VIÐAUKI A YFIRLITSMYND AF STOFNLÖGNUM FRÁVEITU OG
FRAMKVÆMDASVÆÐI VIÐ SELFOSS**



ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUFERILL
B 25.5.19 FORNLEIFAR SKV. SKRÁNINGU PB PB
BAETT INN

- VÆNTANLEG LÓÐ FYRIR HREINSISTÖÐ, 2,4 ha
- ÚTRÁSLÖGN AÐ GEITANESFLÚÐUM
- STOFNLAGNIR FRÁVEITU
- REGNVATNSLAGNIR
- MÖGULEG DÆLULÖGN AÐ EYRARBAKKA
- FORNLEIFAR, "ÁARGATA"
- BYGGINAREITUR HREINSISTÖÐVAR

Sx ÚTRÁSIR SKOLPS, S2 OG S3 NEYÐARYFIRFÖLL
Rx ÚTRÁSIR REGNVATNSLAGNA.



TEIKNINÚMER 2839-080
101
BLAÐSTÆRD A3
HANNAÐ: PB
TEIKNAÐ: PB
YFIRFARIÐ: BÁ

DAGS. 10.12.17
MÆLIKVARÐI 1:5000
ÚTGÁFA B

HREINSISTÖÐ VIÐ GEITANES
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
STOFNLAGNIR FRÁVEITU Á SELFOSSI
YFIRLITSMYND

SAMÞYKKT:
Kennitala:

**VIÐAUKI B HREINSISTÖÐ Á SELFOSSI. DREIFILÍKANSREIKNINGAR TIL MATS
Á DREIFINGU FRÁVEITUMENGUNAR Í VIÐTAKA**



Hreinsistöð á Selfossi

Dreifilíkansreikningar til mats á dreifingu
fráveitumengunar í viðtaka

Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg

Skýrsla nr. 19.04

Júní 2019

Verkfræðistofan Vatnaskil
Síðumúli 28
108 Reykjavík

s. 568-1766
vatnaskil@vatnaskil.is
www.vatnaskil.is

Skýrsla nr: 19.04	Útgefið: Júní 2019	Fjöldi síðna: 26	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
-----------------------------	------------------------------	----------------------------	---

Heiti skýrslu:

Hreinsistöð á Selfossi. Dreifilíkansreikningar til mats á dreifingu frá veitumengunar í viðtaka.

Höfundar:

Gísli Steinn Pétursson, Sveinn Óli Pálmarsson

Verkefnisstjóri:

Sveinn Óli Pálmarsson

Útdráttur:

Sveitarfélagið Árborg fól Vatnaskilum að meta dreifingu frá veitumengunar í viðtaka frá fyrirhugaðri hreinsistöð á Selfossi. Alls eru fimm valkostir til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum. Fjórir þeirra hafa Ölfusá sem viðtaka, en fyrir þann fimmtra er viðtakinn strandsjórinn út af Eyrarbakka. Þegar viðtaki er Ölfusá er horft til fjögurra mismunandi stiga hreinsunar: óhreinsað/grófhreinsað skólp, eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun. Í öllum þessum tilfellum er útrásarstaður sá sami, við Geitanes. Þegar viðtakinn er strandsjór var eingöngu horft til losunar grófhreinsaðs skólps frá Selfossi en að óhreinsað skólp frá Stokkseyri og Eyrarbakka geti tengst inn á lögninga. Horft var til mats á útrásarleið við Eyrarbakkahöfn.

Reglulegar mælingar hafa farið fram í núverandi útrásum á Selfossi og í Ölfusá frá árinu 2013. Þær mælingar voru notaðar til hliðsjónar við ákvörðun forsendna um losun frá veitumengunar í Ölfusá af Eflu fyrir hönd Árborgar. Stuðst var enn fremur við mælingarnar til samanburðar líkanniðurstöðum. Niðurstöður benda til þess að líkanið vanmeti styrk við syðri bakka árinnar og voru því mælingarnar notaðar til að leiðréttu fyrir því misræmi í úrvinnslu á niðurstöðum líkansins. Vegna skorts á mælingum neðan Fluguness er meiri óvissa í þessari ákvörðun þar.

Áhrif losunar skólps í viðtaka voru metin fyrir alla valkosti sem til skoðunar eru vegna hreinsistöðvarinnar. Mat var lagt á uppleyst súrefni, dreifingu líffræðilegrar súrefnisþarfar (BOD), saurgerla, svifagnir, köfnunarefni og fosfór.

Styrkur saukólígerla er ráðandi gagnvart ákvæðum reglugerða, hvort sem um er að ræða sjó eða Ölfusá. Styrkur saukólígerla í Ölfusá er hár en gerlamengun fellur í umhverfismarkaflokk V meðfram syðri bakka árinnar frá Geitanesi að Straumnesi en gerlamengun má ekki fara yfir flokk II við bakkar árinnar skv. reglugerð. Enginn af hinum fjórum kostum sem hafa Ölfusá sem viðtaka uppfyllir því kröfur reglugerða um saurgerlamengun.

Unnt er hins vegar að finna útrásarenda stað sem liggur út frá höfninni á Eyrarbakka, þannig að kröfur reglugerða verði uppfylltar. Gefin er staðsetning með hliðsjón af núverandi forsendum um magn saukólígerla. Jafnframt eru útlistuð frekari viðmið sem þörf væri að horfa til við endanlega hönnun slíkrar útrásar ef til kemur.

Fyrir alla fimm valkosti má sjá að styrkur næringarefna, svifagna og lífrænnar súrefnisþarfar hafa ekki mikil áhrif á viðtakann, og gætir helst áhrifa í næsta nágrenni útrásarinnar í Ölfusá. Engu að síður verður töluberð lækkun á styrk þeirra í viðtakanum samhlíða aukinni hreinsun í hreinsistöð.

Verkkaupi:

Sveitarfélagið Árborg

Tengiliðir verkkaupa:

Jón Tryggi Guðmundsson

Auður Guðmundsdóttir

Lykilorð:

Árborg, Ölfusá, líkanreikningar, straumlíkan, dreifilíkan, mengun, hreinsistöð, fosfór, köfnunarefni, BOD, súrefni, saukólígerlar

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Myndaskrá	4
1. Inngangur	6
2. Straum- og vatnsgæðalíkan	6
3. Niðurstöður	8
3.1. Útrás við Geitanes í Ölfusá	8
3.1.1. Saurkólígerlar	8
3.1.2. Súrefni	8
3.1.3. Nærингarefni	9
3.1.4. Svifagnir	9
3.2. Útrás í sjó	9
4. Samantekt	10
Heimildir.....	12

Myndaskrá

Mynd 1. Staðhættir við Ölfusá og staðsetning fyrirhugaðrar útrásar við Geitanes.....	13
Mynd 2. Forsendur um gerlaflæði bornar saman við fyrirliggjandi mælingar. Sveifla í mældum gildum er óútskýrð.....	13
Mynd 3. 90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá Geitanesi. Sýndir eru flokkar umhverfismarka sbr. töflu 1	14
Mynd 4. 90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá Sandvík. Sýndir eru flokkar umhverfismarka sbr. töflu 1	15
Mynd 5. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 1,0 mg/l	16
Mynd 6. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,8 mg/l.....	17
Mynd 7. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar skólpi frá tveggja þrepa og ítarlegri hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,2 mg/l	18
Mynd 8. Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,12 mg/l	19
Mynd 9. Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar skólpi frá tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,10 mg/l	20
Mynd 10. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem gildi falla innan 3. flokks. Hæsta gildi er 0,042 mg/l.....	21

Mynd 11. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar skólpi frá tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,038 mg/l.....	22
Mynd 12. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar skólpi frá ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,030 mg/l.	23
Mynd 13. Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar. Hæsta gildi er 0,56 mg/l.....	24
Mynd 14. Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar. Hæsta gildi er 0,3 mg/l.....	25
Mynd 15. 90% hlutfallsmörk dreifingar saurkólígerla frá útrásarenda út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerða miðað við forsendur um losun saurkólígerla.....	26

1. Inngangur

Sveitarfélagið Árborg fól Vatnaskilum að meta dreifingu fráveitumengunar í viðtaka frá fyrirhugaðri hreinsistöð á Selfossi. Alls eru fimm valkostir til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum. Fjórir þeirra hafa Ölfusá sem viðtaka, en fyrir þann fimmta er viðtakinn strandsjórinn út af Eyrarbakka. Þegar viðtaki er Ölfusá er horft til fjögurra mismunandi stiga hreinsunar: óhreinsað/grófhreinsað skólp, eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun. Þegar viðtakinn er strandsjór var eingöngu horft til losunar grófhreinsaðs skólpss frá Selfossi en að óhreinsað skólp frá Stokkseyri og Eyrarbakka gæti tengst inn á lögnina.

Horft er til innbyrðis samanburðar valkosta við mat á áhrifum mismunandi valkosta á viðtakana út frá niðurstöðum líkankeyrslna sem og samanburð við reglugerðarmörk (reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns 796/1999), eins og við á.

Áhrif losunar skólpss í viðtakana voru metin á uppleyst súrefni, dreifingu líffræðilegrar súrefnisþparfar (BOD), sauklólígerla, svifagnir, köfnunarefni og fosfór. Umhverfismörk fyrir ástand vatns hafa verið skilgreind í reglugerð um varnir gegn mengun vatns, samantekt fyrir þau efni sem eru til umræðu hér má sjá í töflu 1 fyrir árvatn. Að auki má súrefnisnotkun (BOD₅) ekki vera yfir 4 mg súrefnis á lítur, súrefnismettun ekki fara undir 70% eða 6 mg súrefnis á lítur og 50% tímans þarf súrefni að vera yfir 9 mg/l. Styrkaukning svifagna vegna frárennslis má ekki fara yfir 2 mg/l (reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999).

Samkvæmt tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir að Ölfusá sé venjulegur viðtaki en strandsjórinn síður viðkvæmur viðtaki.

Tafla 1. Umhverfismörk fyrir ástand vatns í ám skv. reglugerð 796/1999.

	I	II	III	IV	V
BOD (mg/l)	<1,5	1,5-3	3-6	6-10	>10
Saurkólígerlar (fjöldi í 100 ml)¹	<14	14-100	100-200	200-1000	>1000
Heildar köfnunarefni (mg/l)	<0,3	0,3-0,75	0,75-1,5	>1,5	>2,5
Fosfór (mg/l)	<0,02	<0,04	<0,09	<0,15	>0,15

1 Umhverfismörk eiga einnig við um aðra viðtaka

2. Straum- og vatnsgæðalíkan

Straum- og vatnsgæðalíkön voru byggð á eldri líkönum af strandsjó utan Eyrarbakka (Vatnaskil, 2008) og af Ölfusá (Vatnaskil, 2014), en framlengja þurfti árlíkanið til sjávar. Við jaðar árlíkansins var notast við mælingar Veðurstofunnar á rennsli í Ölfusá við Ölfusárbrú á Selfossi.

Til mats á uppleystu súrefni var tekið tillit til líffræðilegrar súrefnisþparfar fráveituvatnsins, ekki var sérstaklega tekið tillit til áhrifa köfnunarefnis og fosfórs á súrefnisstyrk. Engar mælingar liggja fyrir um súrefnisþörf á botni árinnar (SOD) en rannsóknir á öðrum ám hafa sýnt að súrefnisþörf setefna getur legið á nokkuð breiðu bili. Ákveðið var að miða við tvö tilvik í Ölfusá þar sem súrefnisþörf setefna (SOD) er annarsvegar 1,8 g/m²/d og hinsvegar engin súrefnisþörf. Fyrir losun skólpss í strandsjó utan Eyrarbakka var eingöngu miðað við 1,8 g/m²/d.

Líftími sauklólígerla er hár í Ölfusá en búast má við að líftími þeirra styttist verulega þegar þeir komast í tæri við seltu sjávar neðst í Ölfusánni. Mannvit hefur staðið að reglulegum mælingum á styrk

saurkólígerla í Ölfusá og útrásum til árinnar frá 2013. Samanburður mælinga og reikninga benda til þess að líkanið líki að mestu vel eftir dreifingu gerlanna, en vanmeti þó styrk við syðri bakka árinnar, sér í lagi milli Geitaness og Fluguness (sjá mynd 1). Hafa ber þó í huga að ekki eru hliðstæðar mælingar neðan Fluguness að undanskylldum stökum mælingum til móts við Auðsholt, um 2 km neðar í ánni og við ós árinnar. Óvissa er því meiri um dreifieiginleika í ánni neðan Fluguness. Mælingar Mannvits voru notaðar eftir fremsta megni til að leiðréttu fyrir þessu misräemi í líkanniðurstöðunum.

Forsendur losunar frá veituvatns fyrir Selfoss voru ákvarðaðar af Eflu fyrir hönd Árborgar og taka mið af fyrirliggjandi mælingum í útrásum. Styrkur saurkólígerla, BOD og svifagna var metinn út frá meðaltali mælinga frá september 2017 til janúar 2019 en styrkur köfnunarefnis og fosfórs byggir á eldri mælingum sem eru skalaðar í hlutfalli við styrk BOD. Mynd 2 sýnir mælt gerlaflæði samanborið við forsendur. Sveifla er í mældum gildum sem ekki hefur tekist að útskýra og er því óvissa sem fylgir vali á forsendum gerlaflæðis. Samantekt á forsendum fyrir mismunandi stig hreinsunar í hreinsistöðinni má sjá í töflu 2, í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að rennsli sé 300 l/s. Bakgrunnsstyrkur Ölfusár var metinn út frá niðurstöðum sýna frá Mannviti sem tekin voru við golfvöllinn Svarfhólvsvöll (sjá mynd 1). Bakgrunnsstyrkur saurkólígerla var skilgreindur sem 14 gerlar pr. 100 ml, köfnunarefnis sem 0,06 mg/l og fosfórs sem 0,028 mg/l. Reglugerð kveður á um takmarkanir í aukningu svifagna vegna frárennslis en ekki heildarstyrk og var því ekki notaður bakgrunnsstyrkur fyrir magn svifagna við reikningana. Ekki var tekið tillit til bakgrunnsstyrks í sjó þegar losað var til sjávar.

Tafla 2. Forsendur fyrir losun frá veituvatns frá Selfossi fyrir mismunandi stig hreinsunar.

	Grófhreinsað / Óhreinsað	Eins þreps hreinsun	Tveggja þrepa hreinsun	Ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa
BOD (mg/l)	119	95	24	24
Saurkólígerlar (fjöldi í 100 ml)	224.700	224.700	224.700	224.700
Svifagnir (mg/l)	69	35	7	7
Heildar köfnunarefni (mg/l)	7,9	7,9	4,9	1,6
Fosfór (mg/l)	1,7	1,7	1,2	0,3

Forsendur fyrir Stokkseyri og Eyrarbakka eru miðaðar við þegngildi en þar er miðað við að skólp frá 2.500 persónueiningum geti tengst inn á lögnina. Í þessari samantekt er eingöngu skoðað tilvik þar sem skólp frá Stokkseyri og Eyrarbakka er tengt inn á lögnina frá Selfossi. Almennt viðmið fyrir persónueiningar í skólpútrás, sem notað hefur verið víða um land, er upprunnið úr rannsóknum í Reykjavík. Gert er ráð fyrir rennsli 270 l/d á persónueiningu og fjölda saurkólígerla sem 10^7 saurkólígerla pr. 100 ml skólp. Ef forsendur úr töflu 2 um magn saurkólígerla frá Selfossi væri fært yfir í þetta viðmið um persónueiningar, myndi það svara nærri 2.200 persónueiningum.

Jafnframt var gert ráð fyrir að styrkur BOD frá Stokkseyri og Eyrarbakka væri 60 g/pe/d, köfnunarefnis 17,5 g/pe/d, fosfórs 1,8 g/pe/d og svifagna 34,8 g/pe/d. Líftími saurkólígerla er töluvert breytilegur eftir árstíma og var því gerlamengun skoðuð fyrir alla mánuði ársins. Gert er ráð fyrir að útrásarlögn sé um Eyrarbakkahöfn og stefni til suðvesturs.

3. Niðurstöður

3.1. Útrás við Geitanes í Ölfusá

3.1.1. Saurkólígerlar

Samkvæmt forsendum hefur hreinsun ekki áhrif á fjölda saukólígerla í 100 ml. Er því sama dreifing saukólígerla óháð því hvaða stig hreinsunar er miðað við.

Mynd 3 sýnir reiknuð 90% hlutfallsmörk styrks saukólígerla í 100 ml vegna losunar í útrásinni við Geitanes. Bakgrunnsstyrkur árinnar er á mörkum umhverfisflokk I og II (sjá töflu 1), en meðfram syðri bakka árinnar neðan útrásar er styrkur saukólígerla í flokki V alveg niður að Straumnesi. Líkt og að framan er frá greint er óvissa meiri um dreifieiginleika í ánni neðan Fluguness vegna skorts á mælingum. Reglugerð segir að styrkur gerlamengunar skuli í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml nema þar sem útvistarsvæði eru við fjörur eða matvælaiðnaður í grennd skal fjöldi saukólígerla í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis. Hæsti reiknaði styrkur er næst útrás um 1550 gerlar pr. 100 ml.

Gerlamengun var einnig skoðuð með sömu forsendum en fyrir útrás í Sandvík, rétt ofan við Geitanes þar sem aðalútrás bæjarins er nú. Mynd 4 sýnir 90% hlutfallsmörk styrks saukólígerla í 100 ml vegna losunar í útrásinni við Sandvík. Meðfram syðri bakka er styrkur saukólígerla í flokki V niður fyrir Flugunes og er því minna svæði sem fellur undir þann flokk samanborið við útrás í Geitanesi. Hér getur þó meiri óvissa um dreifieiginleika í ánni neðan Fluguness, sbr. að framan, haft áhrif á þennan samanburð. Styrkur nærri útrás er hins vegar verulega aukinn samanborið við útrás í Geitanesi en hæsti reiknaði styrkur er um 1.464.500 gerlar pr. 100 ml. Þótt hvorugt tilvikið uppfyllti reglugerð hvað varðar styrk gerlamengunar við bakka árinnar verður þynning aukin nánast 1.000 falt á nærsvæði útrásar með því að flytja hana í Geitanes.

3.1.2. Súrefni

Reiknuð lífræn súrefnisþörf fyrir óhreinsað skólp frá útrásinni í Geitanesi er töluvert undir umhverfismörkum reglugerðar. Hæsti reiknaði styrkur BOD í líkaninu fyrir óhreinsað skólp (sjá dreifingu á mynd 5) er 1,0 mg/l nærrí útrásinni, en styrkur BOD má ekki fara yfir 4 mg/l skv. reglugerð. Styrkur neðari í ánni og nær árósum reiknast stærðargráðu minni. Við eins þreps hreinsun og tveggja þrepa hreinsun lækkar BOD í útrásinni (sjá töflu 2) og reiknast þá hæsti styrkur BOD í líkani 0,8 mg/l (sjá dreifingu á mynd 6) og 0,2 mg/l (sjá dreifingu á mynd 7). Kröfur reglugerðar varðandi styrk BOD eru því uppfylltar fyrir alla fjóra valkosti hreinsunar þegar fráveituvatni er veitt í ána á Geitanesi.

Endurnýjun súrefnis í ánni er fyrst og fremst háð straumhraða árinnar og er því horft framhjá áhrifum vinds í þessari samantekt, áhrif vinds munu þó eingöngu bæta súrefnisstyrk árinnar og er því varfærið að horfa framhjá áhrifum vinds. Súrefnismettun á jaðri og súrefnisþörf á botni eru ráðandi varðandi súrefnismettun í ánni. Ef miðað er við 75% mettun á jaðri líkansins fer súrefnismettun lægst í um 70,1% miðað við óhreinsað skólp og súrefnisþörf á botni árinnar sem 1,8 g/m²/d. Hinsvegar ef horft er framhjá súrefnisþörf við botn má sjá að súrefnismettun árinnar fer lægst í 74,3%. Við eins þreps og tveggja þrepa hreinsun verður styrkur lítillega hærri, eða 74,5% og svo óverulega frábrugðin mettun á jaðri. Áhrifanna á lækkun súrefnismettunar gætir einungis innan u.þ.b. 0,5 km neðan útrásar.

Mælingar á uppleystu súrefni í sýnum sem tekin voru í sniði við kirkjuna á Selfossi og rétt ofan við Geitanes sýna að súrefnismettun sé 100% í báðum sniðum (Verkfræðistofa Suðurlands & Línuhönnun, 1998). Reikningar benda til að áhrif lífrænnar mengunar á súrefnisstyrk séu lítil þegar losað er

óhreinsað skólp eða frá eins þreps hreinsun, en óveruleg þegar losað er frá tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun.

3.1.3. Næringarefní

Reiknaður styrkur köfnunarefnis bendir til þess að lítil eða óveruleg áhrif eru vegna köfnunarefnis frá útrásinni fyrir alla valkosti. Bakgrunnsstyrkur köfnunarefnis, sem ákvarðaður er út frá mælingum, er 0,06 mg/l en mesti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar óhreinsað skólp er losað í ána er um tvöfalt hærri, eða 0,12 mg/l (sjá dreifingu á mynd 8). Við tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri hreinsun lækkar styrkur köfnunarefnis í útrásinni (sjá töflu 2) og reiknast þá hæsti styrkur köfnunarefnis 0,10 mg/l fyrir tveggja þrepa hreinsun (sjá dreifingu á mynd 9). Styrkur köfnunarefnis hækkar óverulega í ánni þegar um ítarlega hreinsun er að ræða. Gagnvart köfnunarefni reiknast því án í flokki I fyrir öll stig hreinsunar, og er um lítil áhrif að ræða fyrir alla valkosti utan þess að þegar ítarlegri hreinsun er beitt verða áhrifin óveruleg.

Bakgrunnsstyrkur fosfórs, sem ákvarðaður er út frá mælingum, er 0,028 mg/l sem fellur undir flokk II. Hæsti reiknaði styrkur þegar óhreinsað skólp er losað í ána er um 50% hærri eða 0,042 mg/l (sjá dreifingu á mynd 10). Vegna mikils rennslis í ánni verður þynning nokkuð mikil og fer því styrkur niður fyrir 0,04 mg/l nokkuð hratt og er kominn aftur nærri bakgrunnsgildi við Flugunes. Við tveggja þrepa hreinsun og með ítarlegri hreinsun lækkar styrkur fosfórs í útrásinni (sjá töflu 2) og reiknast þá hæsti styrkur fosfórs 0,038 mg/l fyrir tveggja þrepa hreinsun (sjá dreifingu á mynd 11) og 0,030 mg/l þegar ítarlegri hreinsun er beitt (sjá dreifingu á mynd 12). Samkvæmt reikningum fellur styrkur fosfórs í ánni innan flokks II fyrir öll stig hreinsunar nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem hún er í flokki III þegar um óhreinsað skólp er að ræða.

3.1.4. Svifagnir

Reglugerð kveður á um styrkaukningu en ekki heildarstyrk svifagna og er því enginn bakgrunnsstyrkur notaður fyrir svifagnir í líkanrekningunum. Fyrir óhreinsað skólp reiknast styrkaukning svifagna í ánni mest 0,56 mg/l (sjá dreifingu á mynd 13) sem er um fjórðungur af hámarksaukningu sem skilgreind er í umhverfismörkum reglugerðar. Eftir því sem lengra dregur frá útrás verður styrkaukning enn lægri. Við eins þreps hreinsun og tveggja þrepa hreinsun lækkar styrkur svifagna í útrásinni (sjá töflu 2) og reiknast þá mesta styrkaukning sem 0,3 mg/l (sjá dreifingu á mynd 14) og 0,1 mg/l. Styrkaukning svifagna vegna frárennslis má ekki fara yfir 2 mg/l (reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999), og því eru kröfur reglugerðar uppfylltar fyrir alla valkosti hreinsunar þegar fráveituvatni er veitt í Ölfusá við Geitanes.

3.2. Útrás í sjó

Mynd 15 sýnir reiknuð 90% hlutfallsmörk styrks saukólígerla í 100 ml frá útrás út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerða miðað við forsendur um losun saukólígerla. Styrkur reiknast hæstur um 600 gerlar pr. 100 ml. Jafngildslína fyrir 90% hlutfallsmörk 100 gerla pr. 100 ml er um 70 m frá stórstraumsfjörumörkum. Útrásarendinn er rúmlega 900 m frá landi og um hálfan kílómeter frá stórstraumsfjöru (ÍSN93 hnit 392668,374709). Í hugsanlegu hönnunarferli þessarar útrásar þarf að huga að mögulegri færslu útrásarenda ef forsendur um losun saukólígerla kunna að breytast. Niðurstöður líkanrekninganna gefa þó til kynna að unnt verði alltaf að finna þessari útrás stað sem uppfyllir kröfur reglugerða um styrk saukólígerla.

Hæsta reiknaða gildi lífrænnar súrefnisþarfar fyrir framangreinda útrás í sjó er 1,1 mg/l. Almennt er endurnýjun súrefnis í sjó fyrst og fremst háð vindi en aukinn vindur eykur súrefnisstyrk í sjó nokkuð

hratt. Eingöngu þarf um 3-5 m/s vindhraða til að viðhalda fullri súrefnismettun ef miðað er við 1,8 g/m²/d í súrefnisþörf setefna. Ekki liggja hins vegar fyrir mælingar á súrefnisstyrk á þessu svæði þessu til stuðnings. Reikningar benda til að sú náttúrulega súrefnisþörf sem búast megi við verði ráðandi samanborið við styrk BOD frá útrásinni. Ólíklegt er því að útrásin hafi teljandi áhrif á súrefnisstöðu í sjónum.

Mesta reiknaða styrkaukning köfnunarefnis er 0,01 mg/l og óveruleg styrkaukning reiknast vegna fosfórs. Búast má því við litlum áhrifum af næringarefnum sé fráveituvatninu veitt til sjávar.

Mesta styrkaukning svifagna er 0,1 mg/l, búast má því við litlum áhrifum af svifögnum vegna útrásar í sjó.

Lagnir sem liggja frá ræsum á flóðasvæði við byggðina á Eyrarbakka út í sjó eru líklega um 0,5 m hærri en meðalstórstraumsflóð, byggt á gögnum úr rannsókn flóðasvæðisins frá 2007 (Vatnaskil, 2007). Sjór getur þannig mögulega borist inn á flóðasvæðið í slæmum suðvestlægum áttum þegar áhlaðandi og öldur koma saman með stórstraumsflóði. Tíðni slíkra aðstæðna er þó tiltölulega lág. Hins vegar ef sjór kemst inn á flóðasvæðið með þessum hætti má búast við að sjórinn verði þá með um eða yfir 160 saukólígerla pr. 100 ml miðað við framangreinda útrás og núverandi forsendur. Í hugsanlegu hönnunarferli þessarar útrásar þarf því að staðfesta framangreindan möguleika um flæði sjávar inn á flóðasvæði um ræsi, og þá huga að mögulegri færslu útrásarenda utar eftir þörfum til að lækka styrk saukólígerla í þessum óhagstæðu atburðum.

4. Samantekt

Styrkur saukólígerla er ráðandi varðandi mat á áhrifum af veitingu fráveituvatns í viðtaka hvort sem hann er sjórinn utan ströndum Eyrarbakka eða Ölfusá. Enn fremur ræður styrkur saukólígerla alfarið vali á staðsetningu útrásar í sjó.

Styrkur saukólígerla í Ölfusá er hár en gerlamengun fellur í flokk V meðfram syðri bakka árinnar frá Geitanesi að Straumnesi ef útrás er við Geitanes en að Flugunesi ef útrás er staðsett á núverandi stað við Sandvík. Meiri óvissa ríkir um dreifingu mengunar yfir breidd árinnar neðan Fluguness en þar fyrir ofan vegna skorts á mælingum, og gæti það skýrt að einhverju marki þennan mun. Gerlamengun má ekki fara yfir flokk II skv. reglugerð við bakkar árinnar og er sú krafa ekki uppfyllt hvort sem útrásarstaður er við Sandvík eða Geitanes. Á þetta við um alla valkosti sem skoðaðir voru þar sem Ölfusá er viðtaki þar sem ekki er gert ráð fyrir minnkun saukólígerla í útrás með aukinni hreinsun í hreinsistöð. Hins vegar er mesti reiknaði styrkur gerlamengunar verulega hærri fyrir útrás um Sandvík samanborið við Geitanes, en mesti styrkur reiknast tæplega 1,5 milljón gerla pr. 100 ml fyrir Sandvík en um þúsundfalt minni eða rúmlega 1.500 gerlar pr. 100 ml fyrir Geitanes.

Útrás í sjó er eini valkosturinn sem til skoðunar var sem uppfyllir kröfur reglugerðar um gerlamengum miðað við núverandi forsendur um losun fráveituvatns. Ef þessi valkostur verður til frekari skoðunar þá þarf í hönnunarferli útrásarinnar að huga að mögulegri færslu útrásarenda ef forsendur um losun saukólígerla kunna að breytast. Niðurstöður líkanreikninganna gefa þó til kynna að unnt verði alltaf að finna þessari útrás stað sem uppfyllir kröfur reglugerða um styrk saukólígerla. Enn fremur þarf að staðfesta þann möguleika að sjór gangi inn á flóðasvæðið innan byggðarinnar á Eyrarbakka líkt og gögn úr rannsókn á því flóðasvæði gefa til kynna að geti verið raunin þegar sjávarstaða hækkar verulega í óhagstæðum veðuratburðum. Þá gæti reynst nauðsynlegt að flytja útrásarenda utar til að lækka styrk

gerlamengunar í slíkum atburðum við enda ræsislagna sem ganga frá flóðasvæði við Eyrarbakka til strandar.

Lífræn súrefnisþörf (BOD) er undir viðmiðunum í Ölfusá fyrir alla valkosti en töluverð lækkun verður þó á reiknuðum styrk þegar skólpi frá tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár samanborið við losun óhreinsaðs skólps eða skólps frá eins þreps hreinsun. BOD frá útrásinni hefur þó lítil áhrif á súrefnisstöðu árinnað þegar losað er óhreinsað skólp eða frá eins þreps hreinsun, en áhrifin verða óveruleg þegar losað er frá tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun. Styrkur BOD í sjó er lágor og má búast við að útrásin hafi ekki teljandi áhrif á súrefnisstyrk í sjó.

Reiknuð styrkaukning næringarefna í sjó er lág og má því búast við litlum áhrifum af næringarefnum sé frá veituvatninu veitt til sjávar. Styrkur köfnunarefnis í Ölfusá er um tvöfalt hærri en bakgrunnsgildið fyrir óhreinsað skólp. Við tveggja þrepa hreinsun lækkar styrkur köfnunarefnis í útrásinni og reiknast þá hæsti styrkur köfnunarefnis um 66% hærri en bakgrunnsgildið. Við ítarlegri hreinsun lækkar styrkur köfnunarefnis í útrásinni enn frekar og verður þá lækkun styrks í Ölfusá umfram bakgrunnsgildi óveruleg. Gagnvart köfnunarefni reiknast því án í flokki I fyrir öll stig hreinsunar.

Bakgrunnsstyrkur fosfórs í Ölfusá fellur undir flokk II en fyrir óhreinsað skólp hækkar reiknaður styrkur um 50% samanborið við bakgrunnsstyrk. Við tveggja þrepa hreinsun lækkar styrkur fosfórs í útrásinni og reiknast þá hæsti styrkur fosfórs í ánni um 35% hærri en bakgrunnsgildið. Við ítarlegri hreinsun lækkar styrkur fosfórs í útrásinni enn frekar og verður þá styrkur í ánni um 7% hærri en bakgrunns-gildið. Samkvæmt reikningum fellur styrkur fosfórs í ánni innan flokks II fyrir öll stig hreinsunar nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem hún er í flokki III fyrir óhreinsað skólp.

Styrkaukning svifagna fer aldrei yfir viðmið reglugerðar fyrir alla valkosti, en mesta styrkaukning í Ölfusá er um fjórðungur af viðmiðum reglugerðar fyrir óhreinsað skólp. Eins þreps hreinsun lækkar styrk svifagna töluvert og lækkar þá styrkaukningin í um 14% af viðmiðum reglugerðar og lækkar enn frekar við tveggja þrepa hreinsun. Í sjó er styrkaukning svifagna einnig lág.

Fyrir þau tilvik sem reiknuð voru má sjá að styrkur næringarefna, svifagna og lífrænnar súrefnisþarf hafa ekki mikil áhrif á viðtakann. Engu að síður verður töluverð lækkun á styrk þeirra í viðtakanum samhliða aukinni hreinsun í hreinsistöð.

Sá valkostur að veita frá veituvatni um útrás í sjó er eini valkosturinn af þeim sem til skoðunar voru sem uppfyllir allar kröfur reglugerðar. Verður svo áfram þótt forendur kynna að breytast í hönnunarferli slíkrar útrásar, en niðurstöður gefa til kynna að alltaf megi finna útrásinni stað sem uppfyllir viðmið um magn saurkólígerla í fráveituvatni og sem tæki tillit til óhagstæðra veðuratburða ef staðfest verður að sjór geti gengið inn á flóðasvæði við byggðina á Eyrarbakka við slíkar aðstæður.

Enginn af þeim valkostum sem til skoðunar voru með Ölfusá sem viðtaka uppfylla kröfur reglugerðar um styrk saurkólígerla. Hins vegar eru veruleg áhrif af þeirri aðgerð að flytja útrás frá núverandi staðsetningu í Sandvík til Geitaness þar sem mesti styrkur í nágrenni útrásar minnkar um þúsundfalt. Áhrif af öðrum mengunarþáttum verða að teljast lítil utan næsta nágrennis útrásarinnar við Geitanes.

Tafla 3 sýnir samanburð hæstu reiknaðra gilda fyrir mismunandi stig hreinsunnar í Ölfusá lítað eftir umhverfisflokkum skv. töflu 1. Flokkur I er lítaður blár, flokkur II er grænn, flokkur III er gulur og flokkur V er rauður.

Tafla 3. Samanburður hæstu reiknaðra gilda fyrir mismunandi stig hreinsunnar í Ölfusá lítað eftir umhverfisflokkum skv. töflu 1.

	Óhreinsað Sandvík	Grófhreinsað / Óhreinsað	Eins þreps hreinsun	Tveggja þrepa hreinsun	Ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa
BOD (mg/l)	Ekki metið	1,0	0,8	0,2	0,2
Styrkur gerla (pr. 100 ml)	1.464.500	1550	1550	1550	1550
Köfnunarefni (mg/l)	Ekki metið	0,12	0,12	0,10	0,06
Fosfór (mg/l)	Ekki metið	0,042	0,042	0,038	0,030
Svifagnir (mg/l)	Ekki metið	0,6	0,3	0,1	0,1


Heimildir

Vatnaskil, 2007. *Nýting flóðasvæðis á Eyrarbakka til byggingar*. Niðurstöður 2. áfanga könnunar á byggingarhæfi. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Skýrsla nr. 07.17, júlí 2007.


Vatnaskil, 2008. Árborg. *Dreifing mengunar frá fyrirhuguðum útrásum við Eyrarbakka og Stokkseyri*. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Skýrsla nr. 08.16, ágúst 2008.

Vatnaskil, 2014. *Líkangerð af Ölfusá til samanburðar á staðsetningum fráveituútrásar*. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Minnisblað nr. MB-14.12, júlí 2014.


Verkfræðistofa Suðurlands & Línuhönnun, 1998. *Forathugun fráveitumála á Selfossi*. Unnið fyrir Selfossbæ. Maí, 1998.




Mynd 1. Staðhættir við Ölfusá og staðsetning fyrirhugaðrar útrásar við Geitanes.




Mynd 2. Forsendur um gerlaflæði bornar saman við fyrirliggjandi mælingar. Sveifla í mældum gildum er óútskýrð.




Mynd 3. 90% hlutfallsmörk dreifingar saukólígerla frá Geitanesi. Sýndir eru flokkar umhverfismarka sbr. töflu 1.




Mynd 4. 90% hlutfallsmörk dreifingar saukólígerla frá Sandvík. Sýndir eru flokkar umhverfismarka sbr. töflu 1.




Mynd 5. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 1,0 mg/l.




Mynd 6. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,8 mg/l.




Mynd 7. Hæsti reiknaði styrkur BOD þegar skólpi frá tveggja þreppa og ítarlegri hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,2 mg/l.




Mynd 8. Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,12 mg/l.




Mynd 9. Hæsti reiknaði styrkur köfnunarefnis þegar skólpi frá tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 1. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,10 mg/l.




Mynd 10. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi eða skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka nema rétt í næsta nágrenni við útrásina þar sem gildi falla innan 3. flokks. Hæsta gildi er 0,042 mg/l.




Mynd 11. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar skólpi frá tveggja þreppa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,038 mg/l.




Mynd 12. Hæsti reiknaði styrkur fosfórs þegar skólpi frá ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla innan 2. flokks umhverfismarka. Hæsta gildi er 0,030 mg/l.



Mynd 13. Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar óhreinsuðu/grófhreinsuðu skólpi er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar. Hæsta gildi er 0,56 mg/l.



Mynd 14. Hæsti reiknaði styrkur svifagna þegar skólpi frá eins þreps hreinsun er veitt til Ölfusár. Öll gildi falla undir viðmið reglugerðar. Hæsta gildi er 0,3 mg/l.



Mynd 15. 90% hlutfallsmörk dreifingar saukkólígerla frá útrásarenda út frá Eyrarbakkahöfn sem uppfyllir kröfur reglugerða miðað við forsendur um losun saukkólígerla.

**VIÐAUKI C ÁHRIF SKOLPLOSUNAR FRÁ SELFOSSI Á EFNASTYRK, LÍFRÍKI OG
VEIÐINÝTINGU Í ÖLFUSÁ**

HV 2018-49
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Áhrif skolplosunar frá Selfossi
á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá

Eydís Salome Eiríksdóttir, Benóný Jónsson, Iris Hansen, Magnús Jóhannsson,
Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Sigurður Óskar Helgason

REYKJAVÍK DESEMBER 2018

Áhrif skolplosunar frá Selfossi á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá

Eydís Salome Eiríksdóttir, Benóný Jónsson, Iris Hansen,
Magnús Jóhannsson, Ragnhildur þ. Magnúsdóttir og
Sigurður Óskar Helgason

Skýrslan er unnin fyrir Sveitarfélagið Árborg

Haf- og vatnarannsóknir

Marine and Freshwater Research in Iceland



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ræðgjafarstofnun hafs og vatna

Titill: Áhrif skolplosunar frá Selfossi á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá

Höfundar: Eydís Salome Eiríksdóttir, Benóný Jónsson, Iris Hansen, Magnús Jóhannsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Sigurður Óskar Helgason

Skýrsla nr: HV 2018-49	Verkefnisstjóri: Guðni Guðbergsson	Verknúmer: 11196
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 74	Útgáfudagur: 19. desember 2018
Unnið fyrir: Sveitarfélagið Árborg	Dreifing: Lokað	Yfirfarið af: Jón S. Ólafsson

Ágrip

Í skýrslunni eru raktar niðurstöður rannsókna í Ölfusá sem miðuðu að því að svara hver áhrif núverandi fráveitu á Selfossi væru á efnasamsetningu og lífríki árinnar. Niðurstöðurnar benda til þess að mengun frá aðalskolprás á Selfossi hafi áhrif á efnastyrk í ánni og ástand lífríkis Ölfusár, fiskgöngur og veiði. Helstu niðurstöður eru þær að neðan skolprásar við Geitnes mældist aukinn styrkur næringarefna og margra aðal- og snefilefna, minni fjölbreytileiki grænbörunga og blábaktería og minni péttleiki kísilþörunga, auk þess sem magn blaðgrænu á steinum var marktækt lægra neðan skolprásar en ofan hennar. Jafnframt var þar minni péttleiki rykmýs en ofan skolprásar þrátt fyrir að fjölbreytni væri meiri neðan skolprásar. Mun meira magn ána (liðorma) var neðan skolprásar en ofan hennar. Rannsóknin leiddi í ljós að péttleiki laxfiskaseiða hefur minnkað á tímabilinu 1985-2017 í Ölfusá, og er minnkun á péttleika laxaseiða mest áberandi neðan fráveitunnar þar sem hún er riflega tvöfalt meiri en ofan hennar. Auk þessa hefur veiðinýting í Ölfusá minnkað mikið, sérstaklega á jörðum neðan skolprásar.

Abstract

The influence of untreated wastewater disposal from Selfoss on water composition, aquatic life and fisheries in River Ölfusá. This report presents results on a study carried out in River Ölfusá to assess the possible impact from disposal of raw sewage from the town Selfoss on water chemical composition, fish populations, algal and invertebrate assemblages. The results indicate that the sewage contamination affects the chemical composition of the river, the aquatic communities and fishing. The effect is found below the sewage outlet at Geitanes, as an increased concentration of nutrients and many primary- and trace elements, a lower diversity of green algae and cyanobacteria, and a decrease in diatoms density. There was a pronounced change in chironomids which had a greater diversity and lower density below the sewage. In addition, the concentration of chlorophyll a was significantly lower below the sewage outlet than upstream from it. The abundance of oligochetes was by far greater below the sewage outlet than further upstream. During 1985–2017 a decrease in density of salmonid parr was observed in R. Ölfusá. Most pronounced was the change was in the density of Atlantic salmon below the sewage outlet, which where the density had decreased twice as much as further upstream, above the sewage outlet. In addition, the disposal of raw sewage seems to have had a major impact on fishing in R. Ölfusá below the sewage outlet.

Lykilorð: Ölfusá, Selfoss, fráveita, skolp, mengun, vatnalíf, fiskur, bleikja, lax, urriði, seiðarannsóknir, fæða, efni, þörungar, smádýr, veiðinytjar.

Undirskrift verkefnisstjóra:

Buðni Guðbergssam

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Buðni Guðbergssam

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Staðhættir	4
3. Aðferðir	6
3.1 Efnastyrkur í vatni	6
3.2 Botnlægir þörungar, blábakteríur, mosi og set á steinum	7
3.3 Botnlægir hryggleysingjar	10
3.4 Fiskur.....	11
4. Niðurstöður.....	13
4.1 Almenn áhrif af skolplosun við Geitanes.....	13
4.2 Efnastyrkur í vatni og hormón í seiðum	13
4.3 Botnlægir þörunga, blábakteríur, mosi og set á steinum.....	17
4.3.1 Set, mosar, blaðgræna og lífræn efni.....	17
4.3.2 Þörungar og blábakteríur	20
4.3.3 Kísilþörungar	22
4.4 Botnlægir hryggleysingjar	26
4.5 Fiskur.....	31
4.5.1 Seiðarannsóknir 2017	31
4.5.2 Vöktun á seiðabúskap	35
4.5.3 Lax- og silungsveiði	39
5. Umræður.....	42
5.1 Efnastyrkur í vatni og hormón í seiðum	42
5.2 Botnlægir þörungar og blábakteríur	46
5.3 Botnlægir hryggleysingjar	49
5.4 Fiskar	51
6. Lokaorð	55
Heimildir	60

Myndayfirlit

1. mynd. Yfirlitsmynd af Ölfusá við Selfoss	5
2. mynd. Styrkur uppleystra næringarefna í sýnum úr Ölfusá	15
3. mynd. Laxaseiði sem send voru til greiningar á hormónum í fiskholdi.....	17

4. mynd. Niðurstöður mælinga á blaðgrænu á mosa og steinum af botni Ölfusár	19
5. mynd. Hlutföll mismunandi ættkvísla þörunga og blábaktería af heildarþéttleika	22
6. mynd. Þéttleiki kísilþörunga á steinum og af mosa.	23
7. mynd. Meðalþéttleiki botnlægra hryggleysingja í Ölfusá	26
8. mynd. Meðalþéttleiki botnlægra hryggleysingja og hutfallslegur þéttleiki.	28
9. mynd. Tegundir og ættkvíslir rykmýs í Ölfusá.....	29
10. mynd. Hlutfallslegur þéttleiki tegunda og ættkvísla rykmýs	30
11.mynd. Fæða, sem rúmmálshlutfall af magainnihaldi, hjá laxfiskaseiðum í Ölfusá.....	33
12. mynd. Þéttleiki laxaseiða eftir aldri í Ölfusá	34
13. mynd. Hlutfallsleg skipting seiða laxfiska eftir tegundum í Ölfusá	36
14. mynd. Hlutfallsleg breyting á heildarþéttleika seiða laxfiska í Ölfusá á árunum 1985-2017	37
15. mynd. Hlutfallsleg tíðni fæðugerða sem aðalfæða hjá seiðum laxfiska í Ölfusá á árabilinu 1985-2017.....	38
16. mynd. Laxveiði á stöng og í net á vatnsvæði Ölfusár-Hvítár.....	39
17. mynd. Laxveiði í net í Ölfusá á árunum 1958-2016 sem hlutfall af meðalveiði	40
18. mynd. Hlutfallsleg breyting á laxveiði í net á árunum 1970 til 2016 á veiðijörðum ofan og neðan skolprásar við Geitanes.....	41
19. mynd. Fjórðungsmörk styrks næringarefna í Ölfusá.....	44

Töfluyfirlit

Tafla 1. Niðurstöður mælinga á uppleystum eftum, heildarstyrk lífræns kolefnis og hormónum í vatni í sýnum úr Ölfusá.	14
Tafla 2. Niðurstöður mælinga á hormónum í laxaseiðum	16
Tafla 3. Niðurstöður mælinga á magni blaðgrænu α , lífræns efnis í seti (öskulaus þurrvigt) og öskulausrar þurrvigtar mosa af steinum úr Ölfusa á stöðvum 530 og 540 haustið 2017.....	17
Tafla 4. Hópar (ættkvíslir) kísilþörunga, grænþörunga og blábaktería á stökum steinum frá tveimur sýnatökustöðum í Ölfusá	21
Tafla 5. Hlutdeild (%) kísilþörungategunda og tegundahópa sem fundust á steinum úr Ölfusá, á stöðvum 530 og 540.	24
Tafla 6. Þéttleiki botnlægra hryggleysingja á tveimur sýnatökustöðvum í Ölfusá.....	27
Tafla 7. Straumur, vatnsdýpi og botngerð á sýnatökustöðum 530 og 540 í Ölfusá..	31
Tafla 8. Þéttleiki seiða laxfiska eftir tegundum og aldri í Ölfusá	32
Tafla 9. Meðallengd seiða laxfiska í Ölfusá eftir tegundum og aldri	32

1. Inngangur

Vatnasvið Ölfusár og Hvítár er með stærri vatnasviðum landsins. Svæðið er jarðfræðilega fjölbreytt, með allar helstu meginárgerðir sem finnast á Íslandi, þ.e. dragá, lindá og jökulá. Í Ölfusá lifa allar tegundir íslenskra vatnafiska, lax, urriði, bleikja, áll og hornsíli. Auk þessara tegunda er flundra í Ölfusárósi. Lax, urriði og bleikja ganga til sjávar og taka þar út vöxt, en hluti af urriða- og bleikjustofnum á vatnasvæðinu, ganga þó aldrei til sjávar og teljast þar með staðbundnir. Umtalsverð veiði á laxi og silungi er stunduð á vatnasvæðinu og eru ár þar meðal fisksælусту laxveiðiа landsins. Fiskrannsóknir hafa verið stundaðar af Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknastofnun) í Ölfusá samfellt frá árinu 1985. Þær rannsóknir hafa einkum beinst að seiðabúskap, þ.e. þéttleika seiða, fjölda seiða í árgöngum ásamt vexti og fæðu þeirra. Jafnframt hafa verið gerðar rannsóknir á fæðudýrum og hefur göngufiskur verið aldursgreindur. Þessar rannsóknir, sem unnar hafa verið fyrir Veiðifélag Árnesinga, eru hluti af vöktunarrannsóknum á vatnasvæðinu í heild og hafa gefið mikilvægar upplýsingar um lífsferla fiska á svæðinu, stöðu fiskstofna og breytingar á þeim. Samkvæmt þessum rannsóknum er lax víðast hvar ríkjandi tegund í fiskgengum hluta Ölfusár. Lítið kemur fram af tveggja ára laxaseiðum eða eldri. Þetta bendir til þess að seiðin nái gönguþroska tveggja og þriggja ára, sem er í samræmi við aldursgreiningar göngulaxa af vatnasvæðinu (Magnús Jóhannsson 1991) og er áþekkt því sem algengt er í frjósönum ám á Íslandi (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996). Urriða er víða að finna en lítið er af bleikju (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2012a). Búsvæði fyrir seiði laxfiska voru metin í Ölfusá árið 2011. Þær niðurstöður ásamt seiðarannsóknum benda til þess að í Ölfusá séu víða hagstæð búsvæði fyrir seiði laxfiska (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2012b). Af öðrum rannsóknum má nefna efna- og gerlarannsóknir sem voru gerðar á árunum 1972 og 1973 (Halldór Ármansson o.fl. 1973, Sigurjón Rist 1974) og gerlarannsóknir 1979 (Sigurður Pétursson 1979) og efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir frá 1996 til dagsins í dag (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2003; 2018). Niðurstöður mælinga á uppleystum efnum í Ölfusá við Selfossbrú frá 1996 til 2015 eru notaðar til samanburðar við niðurstöður mælinga á vatnssýnum sem safnað var úr Ölfusá í tengslum við núverandi rannsókn.

Í dag eru fimm skolprásir frá byggðinni á Selfossi. Tvær þeirra eru sunnan árinnar og er önnur þeirra aðeins notuð í neyð. Tvær minni skolprásir eru frá byggð norðan árinnar og ein frá sláturhúsi Sláturfélags Suðurlands. Meginhluti skolps frá byggð og atvinnurekstri á Selfossi fer um aðra skolprásina sunnan árinnar og fellur í ána ofan við Geitanes. Hún var tekin í fulla notkun árið 2006 þegar níu skolprásir voru sameinaðar. Neðst þeirra var skolprásin við Fossheiði sem fór í ána nokkru neðan við Selfossbæina en hún var tekin í notkun árið 1974. Allt skolp frá Selfossi er óhreinsað fyrir utan að rotþró er við skolprás frá byggðinni norðan árinnar. Auk skolprásanna eru sex regnvatnsrásir sem taka við regnvatni í aðskildum lögnum

(Jón Águst Jónsson o.fl. 2017). Árið 2016 var meðaltal lífrænnar mengunar frá heimilum og atvinnurekstri, mældri í persónueiningum (PE), 53 þúsund PE, en mælt hefur verið í tveimur brunnum, annars vegar sunnan ár (við flugvöllinn) og hins vegar norðan ár (við veiðihúsið) (Mannvit 2017). Persónueining (PE) er magn lífrænna efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Fjöldi persónueininga í Ölfusá hefur verið breytilegur á milli mælinga, eða frá tæplega 8.700 upp í rúmlega 111.600. Stærsti hluti mengunarinnar fer um skolprás við Geitanes eða að jafnaði um 37 þúsund PE (Mannvit 2017) og yfir 80% hennar er frá fyrirtækjum, mest frá Mjólkurbúi Flóamanna (Jón Águst Jónsson o.fl. 2017). Auk lífrænnar mengunar fara ýmis mengandi efni og efnasambönd ásamt gerlum um fráveituvatnið.

Rannsóknin sem hér er greint frá er unnin í tengslum við umhverfismat á verkefni sem miðar að því að koma skolphreinsun á Selfossi í viðunandi horf (Jón Águst Jónsson o.fl. 2017). Rannsóknin miðaði fyrst og fremst við að svara því hver áhrif a) núverandi fráveitu (núllkosts) á styrk uppleystra efna, vatnalífríki og veiðinýtingu í Ölfusá væru. Þar var horft til meginiskolprásar ofan við Geitanes (við flugvöll). Einnig var leitast við að svara hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd hefði á lífríki viðtaka ef eftirfarandi valkostir yrðu fyrir valinu: b) bygging á eins þreps hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá, c) bygging á tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá, d) bygging hreinsistöðvar með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa við Sandvík með útrás í Ölfusá og e) bygging á grófhreinsistöð við Sandvík og dæling skolps um lögn með Eyrarbakkavegi og áfram út í sjó við Eyrarbakkahöfn. Við upplegg rannsóknarinnar var haft í huga að Sveitarfélagið Árborg hefur sett það markmið að ef Ölfusá verði viðtaki elgi ástand hennar að geta flokkast sem gott eftir að framkvæmdum við fráveitu lýkur.

Rannsókninni var ætlað að leita svara við eftirfarandi spurningum varðandi vatnsgæði og lífríki Ölfusár sem viðtaka:

1. Hver er styrkur efna í vatni (pH, leiðni, uppleyst næringarefni, -aðalefni, -snefilefni, lífrænt kolefni og hormón) ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
2. Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkost, á vatnsgæði viðtaka?
3. Hver er lífmassi blábaktería ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
4. Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi þörunga ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
5. Hvert er magn blaðgrænu ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
6. Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi hryggleysingja ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
7. Hver er lífmassi, fjölbreytni, þéttleiki og ástand laxfiskaseiða ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá? Auk þess er leitast við að svara áhrifum fráveitu á veiði ofan og neðan útrásar.
8. Er magn hormóna (17-beta-östradiol og 17-alfa-etinylöstadiol) meira neðan útrásar fráveitu en ofan hennar?

9. Hver er styrkur ofangreindra hormóna í seiðum laxfiska úr Ölfusá, ofan og neðan fráveitu?
10. Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkosti, á lífríki viðtaka?

Frá 1985 hefur verið fylgst með laxfiskaseiðum á fjórum rannsóknastöðvum í Ölfusá, tveimur ofan Ölfusárbrúar, einni við Selfossbæina (ofan við skolprás við Geitanes) og á stöð neðan við skolprás.

Til að svara ofangreindum spurningum voru gerðar mælingar og unnið úr tiltækum gögnum fyrir eftirfarandi þætti: 1) efni í vatni, 2) botnlæga þörunga, 3) botnlæga hryggleysingja og 4) fiska.

2. Staðhættir

Ölfusá er að uppruna lindá með töluverðum dragár- og jökuláreinkennum og er rennsli hennar jafnað af stöðuvötnum (Sigurjón Rist 1990). Hún myndast þar sem saman koma Hvítá og Sog um 25 km ofan við árósa við Óseyrarbrú. Vatnasvið Ölfusár er 5.678 km² og var meðalrennsli árinnar við Selfoss 378 m³ sek⁻¹ yfir tímabilið 1951–2008 (Hilmar Björn Hróðmarsson o.fl. 2009). Margar þverár renna til meginvatnsfallsins Hvítár-Ölfusár. Af fiskgengum svæðum eru þeirra helstar Stóra-Laxá, sem er dragá, og Tungufljót, Brúará og Sog, sem allar eru lindár. Á vatnsvæðinu öllu er sjögengnum laxfiskum gengt um a.m.k. 323 km af árfarvegum og er Hvítá fiskgeng að Gullfossi, en þangað eru 95 km frá ósi í sjó. Til Ölfusáross rennur að vestan Varmá, sem er dragá og er hún fiskgeng. Rafleiðni (leiðni) Ölfusár hefur mælst frá 54 til 76 µS/cm við 25°C (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2012a). Leiðni vatns segir til um styrk uppleystra rafhlaðinna efna og efnasambanda í vatninu og eykst með auknum efnastyrk. Ölfusá rennur með hraunjaðri Þjórsárhraunsins mikla sem rann fyrir 8.700 árum (Árni Hjartarson 1988) og er hraunjaðarinn að miklu leyti með öllum austurbakka árinnar.

Rannsóknin sem fór fram haustið 2017 og hér er greint frá, fór fram á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan við skolprásina á Geitanesi (1. mynd). Sýnasöfnun fór fram meðfram bakka árinnar á báðum stöðvum. Straumur á báðum stöðvum var fremur stríður en þó heldur stríðari á neðri stöðinni. Dýpi á efri stöðinni (stöð 530) var 5–40 cm en 20–50 cm á þeirri neðri (stöð 540). Botninn á efri stöðinni var að mestu hulinn smágrýti en grófara efni og klapparbotn einkenndi neðri stöðina. Mikið var um mosa á báðum stöðvum en auk þess var botn á neðri stöðinni þakinn gráleitri skán.



1. mynd. Yfirlitsmynd af Ölfusá við Selfoss. Sýnum af vatni, fiskum, þörungum og botndýrum var safnað á stöðvum 530 og 540 sem eru merktar með rauðum hringjum. Stöð 530 er um 1,5 km ofan við skolprás við Geitanes (rauð stjarna) og stöð 540 er um 500 m neðan hennar. Eldri seiðagögn voru greind af öllum stöðvunum þremur (520, 530 og 540). Rauð ör sýnir hvar fyrirhugað er að setja nýja skolprás og rauður þríhyrningur sýnir hvar sýnum af vatni hefur verið safnað frá árinu 1996.

Figure 1. Samples of water, fish, algae, invertibrates were collected in River Ölfusá in autumn 2017 at station 530 and 540 shown as red circles. Site 530 is located above the waste water outlet (red star) and site 540 below the outlet. Juvenile fish data from previous years were used from all sampling sites (520, 530 and 540). A red arrow shows the location of planned outflow for new wastewater treatment plant and a red triangle shows the location of water sampling site monitored since 1996.

3. Aðferðir

3.1 Efnastyrkur í vatni

Efnasýnum var safnað á fjórum stöðum þann 7. nóvember 2017, þ.e.: 1) Ölfusá af brú við Selfoss (merkt með þríhyrningi), 2) Ölfusá af bakka á stöð 530 ofan við skolprás, 3) Ölfusá af bakka á stöð 540 neðan við skolprás og 4) beint úr skolprás við Geitanes (merkt með stjörnu á 1. mynd). Sýnum af bakka var safnað beint í brúsa en sýnum af brú og úr skolprás var safnað í fötu og var sýnunum svo hellt í brúsa. Brúsinn og fatan voru hreinsuð með vatninu fyrir söfnun. Sýnin voru síuð á staðnum með því að dæla þeim í gegnum „in-line“ plast síuhaldara (MFS) sem í var Cellulose acetate síur, 47 mm að þvermáli og 0,2 μm gatastærð. Notuð var peristaltísk dæla með sílikon slöngum frá Masterflex. Síð var í: 1) 250 ml brúna glerflösku fyrir alkalinity (basavirkni – Alkalinity), 2) 100 ml ósýruþvegna HDPE plastflösku fyrir anjónir, 3) 100 ml HDPE ósýruþvegna plastflösku fyrir næringarefni og 4) 50 ml sýruþvegna HDPE plastflösku fyrir aðal-katjónir og snefilefni. Sett var 0,5 ml af hreinsaðri saltpétursýru í 4. flöskuna. Þetta er sambærileg söfnunaraðferð og notuð hefur verið við sýnasöfnun í Ölfusá af brú við Selfoss frá 1996 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018). Sýnið sem safnað var af Ölfusárbrú þann 7. nóvember 2017 var tekið í þeim tilgangi að bera það saman við mælingar sem þegar hafa verið gerðar á sýnum frá sama stað.

Sýnum til mælinga á heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) var safnað ósíuðum í 100 ml plastflöskur sem voru frystar í lok sýnatökudags. Sýnum til mælinga á hormónum í vatni var safnað beint í 1L brúnar glerflöskur sem voru fylltar að öxlum og settar í frost til varðveislu hormónanna sem eru óstöðug. Ein flaskan sprakk, með sýni frá stöð 530. Því var farið aftur og safnað nýju sýni þann 4. desember 2017. Ekki var safnað fyrir neinum öðrum efnispáttum í það skiptið.

Vatnshiti, leiðni og sýrustig (pH) var mælt af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar við söfnun sýna með YSI Pro 1030 fjölnemamæli (mælingar staðlaðar miðað við 25°C) en alkalinity var greint daginn eftir söfnun á rannsóknarstofu Hafrannsóknastofnunar. Styrkur uppleystra anjóna (F^- , Cl^- og SO_4^{2-}) var mældur á jónaskilju Jarðvísindastofnunar Háskólags og styrkur annarra uppleystra efna, heildarstyrkur lífræns kolefnis og hormóna í vatni var mældur hjá ALS Scandinavia í Svíþjóð. Alkalinity var greint með titrun og endapunktur ákvarðaður með Granfalli og pH var mælt með rafskauti og pH mæli sem kvarðaður var með pH búfferum 4 og 7. Anjónir voru mældar á jónaskilju (IC-2000), næringarefni voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli (autoanalyser) og önnur leyst efni voru mæld með massagreinum í Svíþjóð, ICP-AES (aðalefni) og ICP-SFMS (snefilefni og málmars). Hormón í vatni voru mæld af ALS Scandinavia með gasskilju-massagreini (GC-MS).

3.2 Botnlægir þörungar, blábakteríur, mosi og set á steinum

Sýnatökur á botnlægum hryggleysingjum og þörungum fóru fram í Ölfusá samhliða söfnun efnasýna þann 7. nóvember 2017. Sýnum var safnað á tveimur stöðum, fyrir ofan skolprás (stöð 530) og neðan hennar (stöð 540) (1. mynd). Valin var 15 metra árkaflí fyrir sýnatökur á hvorum sýnatökustað. Á þeim kafla var sýnum safnað af botni Ölfusár til þess að greina samfélög og helstu hópa þörunga og blábaktería, tegundasamsetningu kísilþörunga og til að mæla magn blaðgrænu á steinum (blaðgræna *a*). Tíu steinar voru valdir á tilviljunarkenndan hátt af árbotninum á um tveggja metra breiðu belti meðfram bakkanum. Steinarnir voru vafðir inn í álpappír til að verja sýnin fyrir ljósi og hnjasí og þeir rækilega merktir.

Á rannsóknarstofu var allt lauslegt lífrænt og ólífraðt efni hreinsað af steinum með upppvottabursta (með mjúkum hárum) og kranavatni. Það sem kom af hverjum steini var sett í 0,5–1 lítra dósir og vigtað til að fá mælikvarða á upphaflega stærð sýnis. Mikill mosi var á öllum steinunum (nema á einum frá hvorum stað) og í mosanum var mikið set. Set og lausir þörungar voru aðskildir frá mosanum, sett í sér dós og vigtað. Mosanum var haldið aðskildum frá afganginum af sýninu. Eftir þvott, var mosinn þurrkaður og vigtaður til að fá upplýsingar um magn hans á hverjum steini. Af hverjum steini var sýnum þannig skipt upp í two hluta: „af steini“ var það sem skolað var af steininum sjálfum og „af mosa“ var það sem var losnaði af mosanum sem hafði vaxið á steininum. Hlutsýni voru tekin úr báðum sýnahlutum („af steini“ og „af mosa“). Fyrst voru hlutsýni (um 12 ml) tekin úr öllum sýnum til að mæla magn blaðgrænu. Eftir það var hvorum sýnisluta skipt í þrennt. Magn og hlutfall lífrænna efna var mælt úr hlutsýni af öllum steinunum (1/3 af afgangi) út frá öskulausri þurvgilt þess sem hafði verið á steinunum. Magnmæling á helstu hópum þörunga og tegundagreiningar á kísilþörungum var gerð með skoðun hlutsýna sem tekin voru af þremur af tíu steinum er valdir voru af handhófi. Afgangi af sýnum þeirra sjö steina sem eftir voru var eytt. Hlutsýni sem ætluð voru til magnmælinga á helstu hópum þörunga voru varðveisitt í formalíni en hlutsýni til kísilþörungagreininga voru varðveisitt með joðblöndu (Lugol). Hlutsýnin voru vigtuð til að meta hlutfall þeirra af heildarsýninu. Flatarmál steina var mælt með því að þekja yfirborð þeirra með einföldu lagi af álpappir, sem síðan var vigtaður. Flatarmál hvers steins var svo reiknað út frá þyngd af mældu flatarmáli álpappírs af sömu rúllu og notuð var við flatarmálsmælingarnar. Gert var ráð fyrir að helmingur af yfirborðsfleti hvers steins hafi legið ofan botns og því var það flatarmál notað til að reikna út þéttleika þörunga, magn blaðgrænu og lífrænna efna á hvern fersentimetra.

Magn blaðgrænu *a* var mælt til að meta lífmassa þörunga. Byrjað var á að sía sýnin með sogflösku í gegnum glertrefjasíu (Whatman® GF/C, 47 mm í þvermál með 1,2 µm gatastærð). Síupappírnum var komið fyrir í 15 ml skilvinduglösum og 5 ml af 96% etanolí bætt út í til þess að leysa upp blaðgrænu þörunga, blábaktería og annars gróðurs. Sýnin voru látin standa í 24

klukkustundir í myrkum kæliskáp til að koma í veg fyrir að ljós næði til sýnanna og þar með hugsanlega hafa áhrif á niðurbrot á blaðgrænu. Daginn eftir voru sýnin spunnin niður í skilvindu (við stofuhita) í 5 mínútur við 3.000 snúninga/mínútu, til þess að aðskilja grugg frá uppleystri blaðgrænunni. Hlutsýni (4 ml) voru tekin og sett í kúvettu (10 x 10 mm) sem komið var fyrir í ljósgleypnimæli (HACH Lange, DR 5000). Fyrir mælingu var 96% etanól sett í kúvettu og mælt til þess að staðla ljósgleypnimælinn. Ljósgleypnin var mæld við 665 nm og 750 nm. Fyrri bylgjulengdin mælir topp á blaðgrænu *a* en sú síðari er notuð til að leiðréttu fyrir gruggi í lausninni. Mælingin var síðar endurtekin eftir að 5 dropum af 0,1 N HCl hafði verið bætt út í sýnið í þeim tilgangi að brjóta niður blaðgrænuna. Með því móti er hægt að reikna út hve mikið af virkri blaðgrænu var í sýninu. Við undirbúning sýna og mælingar á blaðgrænu var stuðst við aðferðir Steinmann o.fl. (2006).

Hlutsýni sem ætluð voru til að mæla þyngd og hlutfall lífrænna efna í seti voru geymd í kæli án varðveislaufna þar til þau voru unnin. Sýnin voru síuð með sogflösku í gegnum glertrefjasíur (Whatman® GF/C 47 mm í þvermál). Síurnar höfðu áður verið brenndar við 550°C í klukkustund í brennsluofni og vigtaðar eftir að þær höfðu náð herbergishita. Trefjasíur með sýnum á, voru þurrkaðar við 60°C í 2 sólarhringa og vigtaðar að þurrkun lokinni. Þá voru síurnar brenndar í brennsluofni við 550°C í 2 klukkustundir og vigtaðar í 3. sinn. Öskulaus þurrvigt hvers sýnis var að lokum reiknuð út ásamt hlutfalli hennar af heildarþyngd sýnis, en það segir til um hlutfall lífræns efnis í sýninu. Sömu aðferðum var beitt til að mæla þurrvigt mosa af hverjum steini. Mosinn var þurrkaður í two sólarhringa við 60°C, þá vigtaður, svo brenndur við 550°C í um tvær klukkustundir og að lokum vigtaður aftur.

Fyrir meðhöndlun sýna sem ætluð voru til greininga á helstu hópum þörunga og blábakteríu var byrjað á að velta flöskunum með sýninu nokkrum sinnum til þess að fá sem jafnasta dreifingu á sýninu. Tekið var 0,1 ml hlutsýni úr hverri flösku og það sett á sérútbúið smásjárgler, Palmer-Maloney counting Chamber. Þekjugler var lagt varlega yfir sýnið á smásjárglerinu og brúnir þekjuglerjanna lakkadur með glæru naglalakki til að varna uppgufun. Þörungar og blábakteríur voru talin og greind í Leica DM4000B fasasmásjá, við 200–400 falda stækkun. Við þessa stækkun sjást minnstu kísilþörungar (< 10 µm á lengd) illa sem verður að hafa í huga við túlkun gagna. Þörungar voru greindir til ættkvísla og frumur þeirra taldar. Þar sem erfitt getur reynst að greina frumuskil blábakteríu voru þráðлага blábakteríur taldar í einingum, þar sem hver eining innihélt 10 µm langan bút úr þræðinum. Að lágmarki voru 300 frumur/einingar taldar í heildina í hverju hlutsýni. Ef þéttleikinn var undir 300 frumum/einingum var talið úr öllu hlutsýninu. Notast var við WhippleGrid reitagler (NE71 Index pattern, 10 x 10 mm grid with 0,5 mm squares, PYSER-SGI, UK), sem komið var fyrir í augnstykki smásjárinnar. Með WhippleGrid sést rúðunet í sjónsviði smásjárinnar (talningarreitir) sem nýtast við að telja og mæla þekju þörunga og hlutfallslega þekju mismunandi ættkvísla. Hlutsýnunum var skipt niður í snið, sem lágu þvert yfir Palmer-Maloney

smásjárglerið. Sniðin voru lína af stökum sjónsviðum hlið við hlið, talið var úr hverju sjónsviði fyrir sig og fjöldi þeirra var skráður, til að geta uppreiknað þéttleika þörunga. Greint var úr einu sýni frá hvorri sýnatökustöð, eingöngu úr þeim hluta sýnisins sem var af steininum sjálfum.

Auk grófflokkunar þörunga og blábaktería voru kísilþörungar greindir til tegunda. Einfruma kísilþörungar eru greindir til tegunda út frá últiti tveggja kísilskelja sem umlykja frumuna eins og askja. Skeljarnar eru þaktar gatamynstri sem einkenna hverja tegund fyrir sig. Til að mynstrin sjáist vel þarf að eyða lífrænum efnum úr frumunum. Það var gert með því að taka hlutsýni (10 ml) úr þriðjungs hlutsýninu og spinna niður í skilvindu í 15 mínútur við 2000 snúninga/mínútu. Eftir spunann var allur vöki tekinn ofan af botnfallinu og um 1 ml af saltpéturssýru 65% bætt út í sýnið. Sýni með sýru voru látin standa yfir nótt eða þar til öll lífræn efni virtust horfin úr sýninu, fyrstu klukkustundirnar í vatnsbaði (um 50°C) en við stofuhita eftir það. Þá voru þau skoluð með því að bæta á þau eimuðu vatni, spinna þau niður í skilvindu og taka vökvann ofan af botnfallinu. Skolunin var endurtekin þar til pH-gildi sýnanna var orðið hærra en 5. Rúmmál sýna var þá stillt af með eimuðu vatni. Þá var hlutsýni, 400 µl, tekið úr hverju sýni og sett á kringlótt 15 mm þekjugler og látið þorna við stofuhita yfir nótt. Í flestum tilfellum þurfti að þynna sýnið vegna of mikils þéttleika þörunga á þekjugleri. Þekjuglerin voru að lokum steypt á smásjárgler með Naphrax steypiefni, en það er sérstaklega ætlað til greiningar á kísilþörungum. Úr þessum smásjársýnum voru kísilþörungar svo taldir og greindir til tegunda eða tegundahópa. Kísilþörungar voru greindir við 1000 falda stækkun í Leica DM4000B fasasmásjá. Handahófsdreifð hnit yfir þekjuglerin sem greint var úr voru valin með Excel. Fyrst var greint og þar með talið úr sýnum af einum steini frá hvorri sýnatökustöð, á stöð 530, ofan skolprásar, og á stöð 540, neðan hennar. Greindar voru um 400 kísilþörungaskeljar (sem samsvara 200 frumum) úr hvorum hluta hvers sýnis, þ.e. annars vegar úr því sem kom beint „af steini“ og hins vegar úr því sem kom „af mosa“ sama steins. Eftir það var látið nægja að greina og telja um 200 skeljar úr hvorum sýnisluta („af steini“ og „af mosa“) af öðrum og þriðja steini frá hvorri stöð. Við greiningar á kísilþörungum til tegunda var einkum stuðst við kísilþörungagreiningabækur eftir Krammer og Lange-Bertalot (1997a, 1997b, 2004a og 2004b), Hofmann, Werum og Lange-Bertalot (2013) og Lange-Bertalot (2001). Tegundir sem komu eingöngu fyrir í stökum eintökum voru taldir sem ógreindar tegundir ef tegundagreining lá ekki auðveldlega fyrir. Á öllum stigum ferilsins, var fylgst með magnupplýsingum og þær skráðar jafnóðum, eins og stærð sýnis/hlutsýnis eða hlutföll þynningar til að geta uppreiknað fjölda þörunga á fersentimetra steins (þéttleika). Einnig var allt flatarmál smásjársýnis sem talið var úr í smásjá skráð í sama tilgangi.

3.3 Botnlægir hryggleysingjar

Sýnum af botnlægum hryggleysingjum var safnað af steinum á skilgreindum botnfleti Ölfusár líkt og gert var við sýnatökur á þörungum og lýst er í kaflanum hér á undan. Alls voru tekin tíu steinar (sýni) á hvorum stað þ.e. á stöð 530, ofan skolprásar, og á stöð 540 neðan við skolprás. Sýnum þessum var ætlað að svara spurningum er varða fjölbreytni, þéttleika og lífmassa hryggleysingja í Ölfusá. Skaftháfi var haldið neðan við hvern Stein þegar hann var fjarlægður af botni þannig að allt sem kynni að falla af honum myndi varðveitast. Hverjum steini var síðan komið fyrir í fötu sem ásamt því sem fallið hafði í háfinn og fatan fyllt að 1/3 með síuðu árvatni. Þar var hver steinn burstaður vandlega með uppbvottabursta með mjúkum hárum. Allt sem af hverjum steini kom var sigtað í gegnum sigti með 63 µm gatastærð. Þess var gætt að bæði steinninn, fatan og það sem festist í sigtinu væri skolað í burtu með síuðu árvatni og komið fyrir í plastdollu þar sem hvert sýni var varðveitt uns að frekari skoðun kæmi í 70% etanolí. Ofanvarp (útlínur steinsins eins og hann lá á botni) hvers steins var dregið á smjörpappír og var síðar notað til að umreikna mætti fjölda hryggleysingja á flatareiningu.

Úrvinnsla botndýrasýna fór fram á rannsóknarstofu Hafrannsóknarstofnunar og var úrvinnslunni skipt niður í grófflokkun smádýra og tegundagreiningu rykmýslirfa. Unnið var úr sex af tíu sýnum frá hvorri sýnatökustöð. Grófflokkunin var gerð undir víðsjá við 50–100 falda stækkun. Við grófflokkun smádýra voru allar lífverur flokkaðar í viðeigandi hópa (ættkvíslir, tegundir o.s.frv.) og fjöldi einstaklinga innan hópa talinn. Ánar voru ekki taldir vegna hve illa þeir höfðu varðveist í etanolínu. Því var lagt mat á fjölda þeirra, þar sem heildarfjöldi framenda voru metnir í tugum (≥ 10), hundruðum (≥ 100) eða fleiri (≥ 1000). Þar sem rykmý er oftast nær ríkjandi botndýr í ám á Íslandi er mikilvægt að sundurgreina það til tegunda, ættkvísla eða hópa. Tilviljunarkennt úrtak af rykmýslirfum var tekið úr hverju sýni til greininga. Miðað var við að taka að minnsta kosti 30 rykmýslirfur úr hverju sýni. Lirfurnar voru steyptar inn með Hoyer's steypuefní á smásjágler og þekjugler (10 mm í þvermál) sett yfir hverja lirfu. Áhersla var lögð á að kviðlæg hlið lirfuhausanna sneri upp áður en þekjugleri var komið fyrir til þess að auðvelda tegundagreiningu. Notast var við Leica DM4000B fasasmásjá (200–1000x stækkun) til þess að greina lirfurnar til tegunda eða ættkvísla. Unnið var úr 6 sýnum af hvorri stöð. Við tegundagreiningu rykmýslirfa var notast við eftirfarandi heimildir: Cranston (1982), Wiederholm (1983) og Schmid (1993).

Fjölbreytileiki rykmýslirfa í Ölfusá var skoðaður samkvæmt Shannon fjölbreytileikastuðlinum. Aðrir hópar hryggleysingja voru ekki tegundagreindir og því ekki mögulegt að skoða þeirra.

3.4 Fiskur

Við mælingu á þéttleika og tegundasamsetningu laxfiskaseiða var notuð rafveiði þar sem farin var ein yfirferð yfir ákveðið flatarmál botns. Í árlegri vöktun á seiðaþéttleika, sem staðið hefur frá 1985, voru nokkurn veginn sömu svæði (rafveiðistöðvar) veidd með sama hætti á svipuðum tíma árs og oftast af sömu mönnum á hverju ári. Stöðvarnar eru fyrir landi Hellis og Fossnes (tvær stöðvar; 510 og 520), við bæinn Selfoss I (stöð 530) og við Sandvík (stöð 540). Meginmarkmið rannsókna á seiðum hefur frá upphafi verið að meta vísitölum fyrir þéttleika seiðaárganga í Ölfusá og breytileika hennar milli ára. Seiðavöktun hefur farið fram í ágúst til október ár hvert. Vísitala á þéttleika seiða var fengin með því að reikna fjölda veiddra seiða sem fengust með rafveiði í einni yfirferð miðað við 100 m² botnflatar. Þessi aðferð gefur ekki heildarþéttleika þar sem aðeins hluti seiðanna veiðist með einni yfirferð. Aðferð þessi gefur hlutfallslegan samanburð á milli ára og því má líta á þessar tölur sem vísitölur fyrir þéttleika sem hér eftir er nefndur seiðaþéttleiki til hægðarauka. Seiðamælingarnar endurspeglar vel mat á þéttleika eins árs laxaseiða (1⁺) og eldri en gefa lakara mat á þéttleika yngri seiða (0⁺) (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005). Allir fiskar sem veiddust voru greindir til tegunda, lengd þeirra mæld í sporðsýlingu (cm) og hluti þeirra vigtaður (g). Kvarnir og hreistur voru tekin til aldursákvörðunar og seiðin krufin á staðnum. Til samanburðar á holdarfari seiða var reiknaður holdastuðull; $K = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 * 100$, þar sem þyngd er í g og lengd í cm. Hér er stuðst við eldri seiðagögn og athugaður breytileiki í þéttleika og tegundasamsetningu seiða á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan við skolprásina við Geitanes (1. mynd). Einnig voru fæðugögn (magainnihald seiða) rýnd til að sjá hvort samsetning fæðunnar væri ólík ofan og neðan skolprásar. Flest ár var magainnihald greint á athugunarstað til fæðugerða og einstakra tegunda fæðudýra. Við vinnslu eldri fæðugagna var fundin hlutfallsleg (%) tíðni fæðugerðar sem aðalfæða en aðalfæða var skilgreind sú fæða sem var í mestu magni (rúmmáli) í maga viðkomandi seiðis. Metin var magafylli og gefin gildi þar sem 0 er tómur magi og 5 er úttroðinn magi.

Þann 12. október 2017 fóru fram seiðarannsóknir á fyrrgreindum stöðvum þ.e. á stöð 530 ofan skolprásar og á stöð 540 neðan hennar (Sandvík). Þær fóru fram með svipuðum hætti og fyrr er lýst en viðameiri athugun var þá gerð á fæðu laxfiskaseiða. Seiði voru fryst og magainnihald greint á rannsóknarstofu og metin rúmmálshlutdeild hverrar fæðugerðar. Vefjasýni voru tekin af 12 seiðum í heildina til greiningar á kvenhormónum, sex af seiðum frá stöð 530 og sex seiðum frá stöð 540. Þetta var gert til þess að meta hvort affallsvatn úr skolprásinni við Geitanes hefði áhrif á styrk hormóna í seiðunum, og þar með hugsanleg áhrif á lífsafkomu seiðanna. Sýnin voru send til NILU í Noregi þar sem þau voru greind á gas massagreini (GC-MS).

Veiðigögn yfir laxveiði á vatnsvæði Ölfusár-Hvítár annarsvegar og hinsvegar úr Ölfusá voru greind. Til eru aðgengileg gögn allt frá miðri síðustu öld. Unnið var með gögn úr neta- og stangveiði og breytileiki greindur í fjölda veiddra fiska milli ára. Sérstaklega var athugað hvort greina megi mun á þróun laxveiða í Ölfusá ofan og neðan við byggð á Selfossi.

4. Niðurstöður

4.1 Almenn áhrif af skolplosun við Geitanes

Áhrif af skolprásinni við Geitanes er merkjanleg frá því að skolpið berst í Ölfusá og allavega niður að sýnatökustað 540, sem er um 500 m neðan við skolprásina. Hversu langt niður fyrir stöð 540 áhrifin ná, er ekki vitað. Set og útfellingar eru áberandi á botni árinnar og er grá þekja á botninum frá skolprásinni allavega niður á stöð 540. Fita og froða var sjáanleg við skolprásina ásamt föstu efni (saur, rusl og klósettpappír). Lyktarmengun var á stöð 530, við skolprás og á stöð 540. Ekki varð vart við lyktarmengun á Ölfusárbrú þegar sýnum var safnað. Sjónmengun var sjáanleg við skolprásina þar sem ljós litur skolpsins sýndi hvar það streymdi út í ána.

4.2 Efnastyrkur í vatni og hormón í seiðum

Niðurstöður mælinga á uppleystum eftirnum í vatnssýnum úr Ölfusá og úr skolprás við Geitanes eru sýndar í töflu 1 og frumgögnin eru í viðauka. Rennsli sem er birt í töflunni er óyfirfarið rennsli Ölfusár við Selfoss (Veðurstofa Íslands, 2018).

Samanburður efnasýna sem safnað var úr Ölfusá af Ölfusárbrú og af bakka á stöð 530, ofan skolprásar, þann 7. nóvember 2017 (tafla 1), og sýnaseríu sem til er úr Ölfusá af Ölfusárbrú (1996 til 2015, n=113) (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018) gefur til kynna að sýnin sem safnað var ofan við ræsið séu samanburðarhæf við sýnaseríuna frá 1996–2015. Styrkur næringarefna í Ölfusá af Ölfusárbrú frá 1996–2015 ásamt styrk þeirra í sýnum sem safnað var úr Ölfusá þann 7. nóvember 2017 er sýndur á 2. mynd.

Styrkur efna í sýnum sem safnað var úr Ölfusá af Ölfusárbrú og á stöð 530, ofan við skolprásina við Geitanes er sambærilegur, en styrkur flestra efna var hærri í sýni sem safnað var á stöð 540, neðan skolprásar, sérstaklega styrkur næringarefna (tafla 1). Hlutfallslega var hækkan fosfórs mest á milli stöðva, en styrkur þess var 16 sinnum hærri á stöð 540 neðan skolprásar en ofan hennar.

Heildarstyrkur lífræns kolefnis (TOC) er notað til að meta mengunarálag í ferskvatni (Umhverfisstofnun 2004). Í raun endurspeglar sýnin sem safnað var í rannsókninni einungis það lífræna kolefni sem var í svifi í ánni en náði ekki að fanga allt það lífræna kolefni sem barst niður eftir ánni í stærri ögnum (t.d. saur og klósettpappír). Styrkur TOC í svifi í sýnum af Ölfusárbrú og stöð 530 (sýni I og II), ofan við skolprás, var undir greiningarmörkum (<0,5 mg/l) en mældist 0,69 mg/l á stöð 540 neðan skolprásar (sýni III) og 96 mg/l í vatni úr skolprásinni sjálffri (sýni IV) (tafla 1). Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns (Umhverfisstofnun 2004) voru sýni I – III í flokki I (næringarefnafátækt) en sýni IV féll í flokk V (ofauðugt).

Tafla 1. Niðurstöður mælinga á uppleystum efnum, heildarstyrk lífræns kolefnis og hormónum í vatni í sýnum úr Ölfusá 7. nóvember 2017. Hormónaflaska frá stöð 530 brotnaði og því var nýtt hormónasýni tekið þar í desember 2017.


Table 1. Concentration of dissolved constituents, total organic carbon and hormones in water samples collected in Ölfusá 7 November 2017. Extra sample for hormones in water was collected in December since the November sample bottle from site 530 broke.

Sýni	I	II	III	IV	
sýnanúmer	20171107-10:30	20171107-11:45	20171107-12:45	20171107-13:45	20171204-12:30
Vatnsfall	Ölfusá	Ölfusá	Ölfusá	Skolprás	Ölfusá
Staðsetning	Ölfusárbrú	ofan skolprásar	neðan skolprásar	Geitanesi	ofan skolprásar
Rafveiðistöð	530	530	540	530	530
Hnit dd.dddd°	63,93866°N 21,00450°V	63,93846°N 21,01504°V	63,97114°N 21,07861°V	63,93471°N 21,12841°V	63,93846°N 21,01504°V
Dagsetning	7.11.2017	7.11.2017	7.11.2017	7.11.2017	4.12.2018
Tímasetning	10:30	11:45	12:45	13:45	13:00
Rennsli*	m ³ /s	295	297	296	297
vatnshiti	°C	2,1	1,7	2,0	12,0
pH		7,46	7,45	7,56	7,01
Leiðni	µS/cm	77,7	74,5	85,3	427
SiO ₂	µmól/l	263	247	258	630
Na	µmól/l	419	412	483	2932
K	µmól/l	16,2	16,5	25,6	358
Ca	µmól/l	123	120	131	469
Mg	µmól/l	76	72	77	186
Alkalinity	meq/l	0,543	0,531	0,552	1,15
SO ₄	µmól/l	26,3	24,9	31,4	259,4
Cl	µmól/l	157	157	214	2108
F	µmól/l	3,76	3,71	3,81	8,76
TOC	mg/l	<0,50	<0,50	0,69	96
P-total*	µmól/l	0,333	0,296	4,91	180
PO ₄	µmól/l	0,258	0,258	4,20	136
NO ₃	µmól/l	1,64	1,43	2,14	25,70
NO ₂	µmól/l	0,11	0,11	0,21	5,93
NH ₄	µmól/l	0,57	0,43	4,43	129
N-total	µmól/l	4,00	1,86	14,28	414
P-total	µmól/l	0,452	0,387	5,17	155
Al	µmól/l	0,545	0,256	0,183	0,915
Fe	µmól/l	1,99	0,62	0,48	19,52
B	µmól/l	<0,9	<0,9	<0,9	5,43
Mn	µmól/l	0,264	0,189	0,251	0,992
Sr	µmól/l	0,082	0,075	0,087	0,474
As	nmól/l	0,777	0,770	0,921	11,0
Ba	nmól/l	0,947	0,707	1,049	8,88
Cd	nmól/l	0,479	0,277	0,201	0,916
Co	nmól/l	0,925	0,645	0,874	7,26
Cr	nmól/l	11,0	11,1	9,10	8,31
Cu	nmól/l	4,23	3,38	2,90	13,6
Ni	nmól/l	3,03	1,49	2,20	16,2
Pb	nmól/l	0,09	0,07	0,08	0,31
Zn	nmól/l	10,22	4,19	10,34	473
Hg	nmól/l	<0,01	<0,01	<0,01	0,11
Mo	nmól/l	2,76	2,61	3,37	24,4
Ti	nmól/l	23,4	3,008	1,725	17,1
V	µmól/l	0,271	0,287	0,271	0,131
etinylestradiol (17alpha-)	ng/l			<0,05	0,09
Estradiol (17beta-)	ng/l			0,036	2,5
					<0,05
					0,04

TOC = total organic carbon, heildarstyrkur lífræns kolefnis

P-total* = heildarstyrkur á uppleystum fosfór mælt með ICP-OES

Rennsli* óstaðfest, fengið af vefsíðu Veðurstofunnar vedur.is



2. mynd. Styrkur uppleystra næringarefna í sýnum úr Ölfusá sem safnað var af Ölbusárbrú frá 1996 til 2015 (blátt) og styrkur næringarefna í sýnum sem safnað var í núverandi rannsókn af Ölbusárbrú (appelsínugult) og á stöð 530, ofan við skolprás, (grátt) í nóvember 2017.

Figure 2. The concentration of dissolved nutrients in river water samples collected from Ölfusá at Ölbusár-brú since 1996 to 2015 (blue) and the concentration of the same constituents in samples collected from Ölfusá in November 2017 at the bridge crossing Ölfusá at Selfoss (orange) at station 530, above the waste water outlet (grey).


Styrkur kvenhormóna, ethylenestradiol 17 α og estradiol 17 β , var mældur í ósíuðum vatnssýnum sem safnað var við stöð 530, ofan skolprásar, í skolprás við Geitanes og við stöð 540 neðan skolprásar (tafla 1). Styrkur etinylestradiol 17 α var undir greiningarmörkum í Ölfusá ofan og neðan ræsisins en mældist í lágum styrk í ræsinu sjálfu. Styrkur estradiol 17 β mældist hins vegar í öllum sýnum sem tekin voru. Styrkurinn var 0,036 og 0,040 ng/l í Ölfusá á stöðvum 530 og 540, og 2,5 ng/l í skolprás. Til samanburðar mældist styrkur estradiol 17 β í dælustöð við Klettagarða <208 ng/l og í skolprás við Landspítalann í Fossvogi 473 ng/l (Huber o.fl. 2013). Í sömu rannsókn kom fram að estradiol 17 β er í mun lægri styrk í dreifðum uppsprettum (í vatnshreinsistöðvum) í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Styrkur kvenhormóna var einnig mældur í holdi tólf seiða sem voru veidd í rannsóknarskyni 2017 (3. mynd, tafla 2). Eins og fram kemur í töflu 2 mældist ekkert sýni ofan við greiningarmörkin sem þar koma fram. Þar sem styrkurinn var mjög lágor voru sýnin mæld aftur með næmari aðferð, ásamt því að nota tvennis konar skolefni (eluent), en þrátt fyrir það var styrkurinn undir greiningarmörkum.

Tafla 2. Niðurstöður mælinga á hormónum í laxaseiðum sem veidd voru á rafveiðistöðvum í Ölfusá á stöð 530 og stöð 540 haustið 2017.

Table 2. Results from hormone measurements in muscle tissue in salmon fry that were caught at sampling sites in Ölfusá at site 530 and at site 540 in autumn 2017.

Seiði nr/sample no	Stærð seiða/size	Ölfusá við Selfoss						Ölfusá við Sandvík					
		1	2	3	4	5	6	1	2	3	4	5	6
Stærð seiða/size	cm	24	22	18	18	17	18	31	28	24	28	21	21
E1, Estrone	ng/g net wt	<0,026	<0,017	<0,105	<0,064	<0,022	<0,045	<0,058	<0,039	<0,077	<0,032	<0,355	<0,03
E2, Estradiol	ng/g net wt	<0,025	<0,014	<0,072	<0,035	<0,028	<0,032	<0,017	<0,042	<0,055	<0,017	<0,055	<0,015
EE2, Ethynylestradiol	ng/g net wt	<0,019	<0,023	<0,026	<0,035	<0,03	<0,023	<0,03	<0,03	<0,026	<0,025	<0,034	<0,013



3. mynd a-b. Laxaseiði sem send voru til greiningar á hormónum í fiskholdi. Seiði á mynd A eru úr Ölfusá á stöð 530 en á mynd B eru seiði frá stöð 540.

Figure 3 a-b. Salmon fry that were analysed for hormones in fish muscles. Figure A shows individuals from R. Ölfusá at site 530 and figure B shows individuals from R. Ölfusá at site 540.

4.3 Botnlægir þörungar, blábakteríur, mosi og set á steinum

4.3.1 Set, mosar, blaðgræna og lífrænt efni

Blaðgræna verður til í grænukornum ljóstillaði lífvera og endurspeglar lífmassa þörunga. Að meðaltali mældist meira magn blaðgrænu á steinum úr Ölfusá á stöð 530 ($6,3 \mu\text{g}/\text{cm}^2$), ofan skolprásar við Geitanes, en neðan við hana á stöð 540 ($2,0 \mu\text{g}/\text{cm}^2$), og var munurinn marktækur (tafla 3). Í seti sem skolað hafði verið af mosa af sömu steinum mældist magn blaðgrænu hins vegar vera líkt á milli sýna frá sýnatökustöðvunum tveimur (tafla 3).

Tafla 3. Niðurstöður mælinga á magni blaðgrænu *a*, lífræns efnis í seti (öskulaus þurrvigt) og öskulausrar þurrvigtar mosa af steinum úr Ölfusa á stöðvum 530 og 540 haustið 2017. Meðaltöl, staðalfrávik og niðurstöður samanburðar með einhliða t-prófi á milli sýnatökustöðva eru sýnd.


Table 3. Results from measurements of concentration of chlorophyll *a*, organic matter (ash-free dry weight) in sediment at rocks and mosses and ash-free dry weight of mosses from rock surfaces at sampling sites 530 and 540 in Ölfusá autumn 2017. Mean, standard deviation and results from one tailed t-test between sampling sites are shown.

Lífrænir þættir á steinum	Sýni tekið:	eining	Selfoss I (stöð 530)		Sandvík (stöð 540)		Samanburður á milli sýnatökustöðva með einhliða t-prófi
Blaðgræna <i>a</i> í seti	af steini	$\mu\text{g}/\text{cm}^2$	6,3	4,6	2,0	1,1	$t(18)=2,872, p=0,0051$ **
	af mosa	$\mu\text{g}/2\text{g sýni}$	5,5	2,8	3,4	4,1	$t(16)=1,234, p=0,1175$ óm
Lífrænt í seti - öskulaus þurrvigt	af steini	mg/cm^2	0,9	0,7	2,0	1,0	$t(18)=2,674, p=0,0077$ **
	af mosa	$\text{mg}/2\text{g sýni}$	0,7	0,3	1,1	0,4	$t(16)=2,359, p=0,0157$ *
Hlutfall lífrænna efna í seti	af steini	%	18,0	19,5	12,3	8,3	$t(18)=0,854, p=0,2021$ óm
	af mosa	%	13,6	11,5	11,9	4,8	$t(16)=0,394, p=0,3494$ óm
Mosi, öskulaus þurrvigt	af steini	g	0,7	0,8	3,0	4,1	$t(18)=1,775, p=0,0464$ *
hlutfall lífrænna efna í mosa		%	54,7	9,0	44,5	14,6	$t(18)=1,883, p=0,0379$ *

* $P<0,05$, ** $P<0,01$, *** $P<0,001$, óm = ómarktækt

Jákvæð fylgni var á milli magns blaðgrænu á steinum á hverjum cm^2 steins og magns blaðgrænu í 2 grömmum af sömu sýnum (Pearson $r = 0,69$ í sýnum frá stöð 530, $r = 0,91$ í sýnum frá stöð 540). Hliðstæðar niðurstöður fengust þegar magn lífræns efnis var borið saman, þ.e. á 1 cm^2 eða í 2 g af sýni ($r = 0,93$ í sýnum frá stöð 530 og $r = 0,72$ í sýnum frá stöð 540). Magn blaðgrænu af mosa og magn lífræns efnis í seti af mosa voru þar af leiðandi stöðluð við 2 g af sýni í stað cm^2 , því að mælikvarða vantaði á flatarmál mosans sem setið kom af. Fjöldi kísilþörunga á yfirborði mosa var einnig staðlaður við 2 g af sýni þar sem mikil fylgni var á milli fjölda kísilþörungafruma hvort sem miðað var við yfirborðsflatarmál eða þunga sýnis ($r = 0,98$).

Magn lífræns efnis í seti sem skolað var af steinum var að meðaltali $0,9 \text{ mg/cm}^2$ á steinum frá stöð 530, ofan skolprásar, en $2,0 \text{ mg/cm}^2$ á steinum frá stöð 540, neðan hennar. Eins var magn lífræns efnis í seti sem skolað var af mosa að meðaltali heldur minna í sýnum frá stöð 530 en frá stöð 540 (tafla 3). Magn lífrænna efna var marktækt meira á steinum neðan skolprásar, stöð 540, en ofan hennar, stöð 530, bæði í seti sem skolað var af steinum og því sem skolað var úr mosa á steinum (tafla 3).



4. mynd a-f. Niðurstöður mælinga á: (A) magni blaðgrænu a í seti af steinum, (B) magni lífræns efnis í seti sem skolað var af steinum, (C) magni blaðgrænu a í seti sem skolað var af mosa, (D) lífrænu efini í seti sem skolað var af mosa, (E) öskulausri þurrvigt mosa sem hreinsaður var af steinum og (F) hálfu flatarmáli steina úr Ölfusá á stöðvum 530 og 540 haustið 2017. Niðurstöður eru sýndar fyrir hvern stein fyrir sig (hvítar súlur), meðaltöl 10 steina eru sýndar með lituðum súlum og staðalfrávik er merkt inná sem lóðrétt strik.

Figure 4 a-f. Results from measurements of concentration of: (A) chlorophyll a in sediment rinsed from rock surfaces, (B) ash-free dry weight of sediment rinsed from rock surfaces, (C) concentration of chlorophyll a in sediment rinsed from moss from rocks, (D) ash-free dry weight of sediment rinsed from mosses, (E) ash-free dry weight of mosses on rocks and (F) half of the surface area of rocks from the sampling sites in River Ölfusá at sites 530 and 540 in autumn 2017. Results are shown for each rock separately (empty columns), the average of 10 stones as filled columns and the standard deviations are drawn in as a vertical bar.

Hlutfall lífræns efnis af heildarburrvigt setsins var 12–18% að meðaltali og var líkt á milli stöðva bæði því sem skolað var af steinum og af mosa (tafla 3). Öskulaus þurrvigt mosa sem kom af steinum frá stöð 530 var að meðaltali 0,7 g en 3,0 g á steinum frá stöð 540. Munurinn þar á milli var marktækur samkvæmt einhliða t-prófi (tafla 3). Meðalhlutfall lífræns efnis í mosa frá stöð 530 var 54,7% sem var marktækt hærra en á stöð 540 (44,5%) (tafla 3).

Með því að skoða gögnin nánar og rýna í niðurstöður fyrir hvern Stein sést að steinastærð var lík á milli sýnatökustöðva og sýna. Flatarmál steina virtist ekki hafa áhrif á hve mikill mosi var á þeim, né heldur hve mikið lífrænt set var á þeim (4. mynd). Mismikill mosi var á steinum, voru tveir steinar af stöð 540 með mun meira af mosa en var á steinum af stöð 530 sem hækkuðu meðaltalið verulega (4. mynd E). Þó að meðaltöl (tafla 3) hafi gefið til kynna að meira magn blaðgrænu hafi mælst þar sem minna var af seti var það ekki svo á öllum steinum. Breytilegt var á milli steina hvernig hlutföll skiptust á milli þyngdar lífrænna efna í seti og magns blaðgrænu á hverjum steini fyrir sig. Sama má segja um samspli þessarra þátta við magn mosa á steinum (4. mynd A–E).

4.3.2 Þörungar og blábakteríur

Grófflokkun þörunga og blábaktería fóli í sér greiningu í ættkvíslir úr sýni af einum steini frá hvorri stöð. Heildarfjöldi ættkvísla kísilþörunga, grænþörunga og blábaktería sem fundust í Ölfusá var 22. Af þeim voru 21 ættkvíslir í sýninu frá stöð 530 (ofan skolprásar) og 8 ættkvíslir í sýninu frá stöð 540 (tafla 4). Á stöð 530 voru tveir hópa blábaktería, ættkvíslin *Tolyphothrix* og einstaklingar sem tilheyra ættbálki Nostocales, fjórar ættkvíslir grænþörunga fundust af fjórum ættkvíslum (*Microspora*, *Spyrogyra*, *Stigeoclonium* og *Tribonema*) og 15 ættkvíslir kísilþörunga (tafla 4). Í sýninu frá stöð 540 fannst ein ættkvísl sem tilheyrði blábakteríum sem var *Leptolyngbya* (*Phormidium* skv. Whitton et. al 2011), 7 ættkvíslir kísilþörunga og engir grænþörungar. Við sýnatoku mátti sjá hvernig *Leptolyngbya* myndaði þar þetta gráleita breiðu sem einkenndi botninn. Ættkvíslin var jafnframt sú eina sem fannst aðeins á stöð 540 en ekki á stöð 530 (tafla 4).


Kísilþörungar voru algengasti hópurinn á stöð 530, en þeir voru um 40% af heildarfjölda þörunga (5. mynd). Hlutfall köfnunarefnisbindandi kísilþörunga (ættkvíslin *Epithemia*) var um 10% af heildarfjöldanum. Grænþörungar voru 15% af heildarfjölda og 35% tilheyrðu blábakteríum sem allar voru af köfnunarefnisbindandi ættkvíslum (5. mynd). Í sýninu sem skoðað var frá stöð 540 voru köfnunarefnisbindandi blábakteríur af ættkvíslinni *Leptolyngbya* áberandi eða tæplega 90% af heildarfjölda þörunga í sýninu. Rúmlega 10% af heildarfjölda þörunga og blábaktería tilheyrðu kísilþörungum. Hvorki grænþörungar né köfnunarefnis-bindandi kísilþörungar sáust í sýninu frá stöð 540.

Tafla 4. Hópar (ættkvíslir) kísilþörunga, grænþörunga og blábaktería á stökkum steinum frá tveimur sýnatökustöðum í Ölfusá, ofan skolprásar (stöð 530) og neðan skolprásar (stöð 540) haustið 2017. X táknað að ættkvísl hafi sést í sýninu og þankastrik (-) að ættkvísl hafi ekki sést.

Table 4. Genera of diatoms, green algae and cyanobacteria that occurred in a sample from two sampling sites in Ölfusá, at the site 530 and 540 in autumn 2017. „X“ represents observed genera and hyphens (-) represents those genera not present in the samples.

	Stöð 530 (Steinn 3)	Stöð 540 (Steinn 1)
Kísilþörungar		
<i>Aulacoseira</i>	X	X
<i>Caloneis</i>	X	-
<i>Cocconeis</i>	X	-
<i>Cymbella</i>	X	X
<i>Didymosphenia</i>	X	X
<i>Epithemia*</i>	X	-
<i>Fragilaria</i>	X	X
<i>Gomphonema</i>	X	-
<i>Gyrosigma</i>	X	-
<i>Melosira</i>	X	-
<i>Navicula</i>	X	X
<i>Nitzschia</i>	X	X
<i>Pinnularia</i>	X	X
<i>Rhoicosphenia</i>	X	-
<i>Tabellaria</i>	X	-
Grænþörungar		
<i>Microspora</i>	X	-
<i>Spirogyra</i>	X	-
<i>Stigeoclonium</i>	X	-
<i>Tribonema</i>	X	-
Blábakteríur		
<i>Tolyphothrix*</i>	X	-
<i>Nostocales*</i>	X	-
<i>Leptolyngbya*</i>	-	X
Heildarfjöldi ættkvísla	21	8

* köfnunarefnisbindandi



5. mynd. Hlutföll mismunandi ættkvísla þörunga og blábaktería af heildarþéttleika, sem fundust í einu sýni frá hvorri sýnatökustöð, á stöðvum 530 og 540. Hlutfall kísilþörunga er táknað með appelsínugulum lit, hlutfall grænþörunga er táknað með grænum lit og hlutfall blábaktería með bláum lit, þar af er skástrið hlutfall niturbindandi kísilþörunga og blábaktería.

Figure 5. Relative abundance of algae and cyanobacteria present in one sample from each of the two sampling sites in Ölfusá, sites 530 and 540 in autumn 2017. Filled columns represent genera of diatoms (orange), green algae (green) and cyanobacteria (blue). Hatched portion of each column represent nitrogen fixing diatoms or cyanobacteria.


Ekki var unnt að reikna fjölbreytileikastuðul fyrir grænþörunga og blábakteríur þar sem greining neðan við skolprás var ekki magnbundin sökum yfirgnæfandi magns af *Leptolyngbya* þar. Hins vegar bendir yfirgnæfandi fjöldi *Leptolyngbya* og að enga grænþörunga var að finna á stöð 540 til þess að fjölbreytileiki þörunga og blábaktería hafi verið minni neðan við skolprásina en ofan við hana.

4.3.3 Kísilþörungar

Meðalþéttleiki kísilþörungafruma var 1.259.942 frumur/cm² í seti af þremur steinum frá stöð 530, ofan skolprásar, en var 482.607 frumur/cm² í seti af steinum frá stöð 540, neðan skolprásar (6. mynd A). Þrátt fyrir mikinn sjáanlegan mun var hann ekki tölfraðilega martækur samkvæmt einhliða t-prófi ($t(4)=1,810$, $p=0,072$). Hafa ber í huga að einungis var unnið úr þremur sýnum frá hvorri stöð. Meðalþéttleiki kísilþörunga í seti af mosa af sömu steinum var marktækt meiri ($t(4)=4,175$, $p=0,007$) á stöð 530 (1.776.559 frumur/2 g sýni) en á stöð 540 (949.199 frumur/2 g sýni) (6. mynd B).

Í heildina var greint til 111 tegunda og tegundahópa kísilþörunga (tafla 5), þar af voru 86 tegundir eða tegundahópar á stöð 530 (75 af steinum og 61 af mosa) og 93 tegundir eða tegundahópar frá stöð 540 (72 af steinum og 69 af mosa). Algengt var að eingöngu sæist ein fruma af hverri tegund og margar þeirra lento ekki í úrtökunum sem þessar greiningar náðu yfir. Aðeins um einn þriðji af tegundum eða tegundahópum sem greint var til náðu að meðaltali hærra hlutfalli en 0,8 % af þéttleika í sýni (merktar með lit í töflu 5). Fjölbreytileiki

var þar af leiðandi nokkuð mikill í sýnunum en lítt munur var á milli sýnatökustöðvanna tveggja. Shannon fjölbreytileikastuðull fyrir kísilþörunga á stöð 530 var 4,4 fyrir þann hluta sem kom af steinum og 4,0 af mosa, og á stöð 540 voru sambærileg gildi 4,4 og 4,5.



6. mynd a-b. Þéttleiki kísilþörunga í seti á steinum (A) og í seti úr mosa (B) af sömu steinum úr Ölfusa á stöð 530 og stöð 540 haustið 2017.

Figure 6 a-b. Diatom density in sediment (A) rinsed from stones and (B) from mosses of the same stones, from Ölfusá at the sampling sites 530 and 540 in autumn 2017.

Tegundasamsetning kísilþörunga á steinum var svipuð á milli sýnatökustöðva (tafla 5). Algengustu tegundir kísilþörunga voru þær sömu á báðum stöðvum, þ.e. nokkrar tegundir sem flokkuðust í two tegundahópa sem tilheyrðu áður *Fragilaria* ættkvíslinni. Algengasti tegundahópurinn var *Fragilaria* hópur (t.d. *F. construence* f. *venter*, *F. brevistriata* og *F. pseudoconstruens*), sem var að meðaltali 28–35% af fjölda kísilþörunga í sýnum. Ekki var sjáanlegur munur á milli sýnatökustöðva (tafla 5). Næstalgengasti tegundahópurinn var *Staurosira pinnata* (og líkar tegundir), hann var örlítið algengari á steinum frá stöð 530 (16–17%) en stöð 540 (um 12%). Helsta tegundin sem einkenndi stöð 530 var *Cocconeis placentula*, hún náði 4–5% hlutfalli að meðaltali í sýnum frá stöð 530 en hlutfall hennar var lægra en 1% í sýnum frá stöð 540. *Fragilaria capucina* var. *vaucheriae* var önnur tegund sem var heldur algengari á stöð 530 (2,0–3,8%) en stöð 540 (0,9–1,2%) (tafla 5). Í heildina voru tegundir af fyrrum *Navicula* ættkvíslum aðeins algengari í sýnum frá stöð 540 en stöð 530, en voru þó oftast í lágu hlutfalli (lægra en 3%) (tafla 5). Að öðru leyti var lítt munur á milli stöðva í samanlöögðu hlutfalli mismunandi ættkvísla. Tegundahópurinn *Navicula cryptocephala* (og líkar tegundir) einkenndi sýni úr seti af mosa frá stöð 540 (9,1%). Önnur tegund sem fannst helst á steinum frá stöð 540 var *Adlafia langebertalotii*, þar var hæsta hlutfall hennar í seti af steinum (5,0%) og tegundin *Gomphonema cf. rhombicum* fannst næstum eingöngu í seti af steinum frá stöð 540 (2,2%). Þessar tegundir kísilþörunga sem einkenndu stöð 540 voru líka þær helstu sem voru í ólíku hlutfalli innan steina eftir því hort þær voru af mosa eða af steini (tafla 5). Tegundir af ættkvíslunum *Epithemia* og *Rhophalodia* sem báðar eru köfnunarefnisbindandi. Hlutfall þeirra af heildarfjölda kísilþörunga var mjög lágt, tegundirnar voru þó um helmingi algengari á steinum frá stöð 530 en frá stöð 540.

Tafla 5. Hlutdeild (%) kísilþörungategunda og tegundahópa sem fundust á steinum úr Ölfusá, á stöðvum 530 og 540. Gildin eru meðaltöl þriggja sýna. Sýnin voru tvískipt; þ.e. þörungar af yfirborði steina og af yfirborði mosa af sömu steinum. Í töflunni hefur verið skilið á milli ættkvísla miðað við eldri flokkunarfræði, gömul heiti ættkvísla eru feitletruð í neðstu línu fyrir hverja fyrrum ættkvísl.

Table 5. Relative abundance (%) of diatom species and groups of species found on stones from Ölfusá, sampled at the sampling sites 530 and 540. The values are average of three samples. The samples were divided into two parts; from the surfaces of stones and of mosses growing on the same stones. The table has been separated between genera based on older classifications, the old names of the genera are bold in the bottom line for each former genera.


Tegundir kísilþörunga eða tegundahópar	Selfoss I (stöð 530)				Sandvík (stöð 540)				Lógaritmisk skipting tegunda	
	7.11.2017		7.11.2017		7.11.2017		7.11.2017			
	Í seti:	af steini	af mosa	Í seti:	af steini	af mosa	Í seti:	af steini		
<i>Amphora</i> cf. <i>copulata</i> (Kützing) Schoeman & Archibald								0,1	í litahópa eftir hlutfalli (%)	
<i>Amphora</i> cf. <i>pediculus</i> (Kützing) Grunow	0,8	■	0,6					0,2	0,01-0,79	
<i>Amphora</i> cf. <i>inariensis</i> Krammer								1,0	0,80-2,18	
<i>Encyonema reichardtii</i> (Krammer) Mann	0,6							1,6	2,19-4,66	
<i>Encyonema ventricosum</i> var. <i>ventricosum</i> (Agardh) Grunow	0,2							0,1	4,67-9,07	
<i>Encyonema silesiacum</i> var. <i>silesiacum</i> (Bleisch) Mann	0,3		0,7					0,9	9,08-16,90	
<i>Encyonema minutum</i> (Hilse) Mann	0,5		1,4					1,6	16,91-38,81	
<i>Reimeria sinuata</i> (Gregory) Kociolek & Stoermer	1,1	■	0,6					0,3	38,82-55,51	
<i>Cymbella</i> ógreint								0,2		
<i>Achnanthes delicatula</i> hópur (Kützing) Grunow	0,2		0,2					0,6		
<i>Achnanthidium</i> cf. <i>subatomoides</i> (Hustedt) Monnier, Lange-Bertalot & Ecto	0,3							0,1		
<i>Achnanthidium bioretii</i> (Germain) Edlund									0,4	
<i>Achnanthidium</i> cf. <i>daonense</i> (Lange-Bertalot) Lange-Bertalot, Monnier & Ec	0,4		0,5					0,1		
<i>Achnanthidium</i> cf. <i>helveticum</i> (Hustedt) Monnier, Lange-Bertalot & Ector								0,1		
<i>Achnanthidium minutissimum</i> (mismunandi afbrigði)	0,7		0,5					1,2		
<i>Karayevia clevei</i> Round & Bukhtiyarova	1,0	■	0,4					0,7		
<i>Karayevia laterostrata</i> (Hustedt) Bukhtiyarova								0,1		
<i>Karayevia suchlandii</i> (Hustedt) Bukhtiyarova										
<i>Planothidium</i> cf. <i>biporumum</i> (Hohn & Hellerman) Lange-Bertalot	0,2							0,4		
<i>Planothidium</i> <i>dubium</i> Round & Bukhtiyarova								0,6		
<i>Planothidium</i> <i>frequentissimum</i> Lange-Bertalot	1,3	■	0,3					1,0		
<i>Planothidium</i> <i>oestrupii</i> Round & Bukhtiyarova								0,6		
<i>Planothidium</i> <i>peragallii</i> Round & Bukhtiyarova								0,1		
<i>Psammothidium</i> cf. <i>marginatum</i> Bukhtiyarova & Round	0,3		0,5					0,6		
<i>Psammothidium</i> cf. <i>levanderi</i> Bukhtiyarova & Round	0,3							0,5		
<i>Rossithidium</i> cf. <i>pusillum</i> Round & Bukhtiyarova	0,3									
<i>Achnanthes</i> ógreint	0,3		0,1					0,4		
<i>Asterionella formosa</i> Hassall	0,2							2,3		
<i>Aulacoseira alpigena</i> (Grunow) Krammer								0,7		
<i>Aulacoseira ambigua</i> (Grunow) Simonsen								0,6		
<i>Aulacoseira islandica</i> (O. Müller) Simonsen	0,9	■	0,2					0,1		
<i>Aulacoseira italicica</i> (Ehrenberg) Simonsen	0,4							1,6		
<i>Aulacoseira subarctica</i> (O. Müller) Haworth	0,1		0,3					2,0		
<i>Cyclotella antiqua</i> W. Smith								0,1		
<i>Ctenophora pulchella</i> (Ralfs & Kutz.) Williams & Round								0,3		
<i>Cocconeis placentula</i> Ehrenberg (mismunandi afbrigði)	3,9	■	5,0	■				0,7		
<i>Cocconeis</i> <i>pediculus</i> Ehrenberg	0,3		0,7					0,4		
<i>Diatoma mesodon</i> (Ehrenberg) Kützing	0,6		0,2					0,3		
<i>Diatoma moniliformis</i> Kützing	0,8	■	1,0	■				0,6		
<i>Diatoma problematica</i> Lange-Bertalot	0,3		0,3					0,5		
<i>Diatoma</i> ógreint								0,3		
<i>Didymosphenia geminata</i> (Lyngbye) Schmidt								0,6		
<i>Epithemia adnata</i> (Kützing) Brébisson								0,1		
<i>Epithemia turgida</i> var. <i>turgida</i> (Ehrenberg) Kützing	1,1	■	0,3					0,3		
<i>Eunotia</i> cf. <i>exigua</i> var. <i>exigua</i> (Brébisson & Kützing) Rabenhorst								0,3		
<i>Gomphonema acuminatum</i> Ehrenberg								0,1		
<i>Gomphonema exilissimum</i> Lange-Bertalot & Reichardt								0,3		
<i>Gomphonema olivaceoides</i> Hustedt								0,4		
<i>Gomphonema olivaceum</i> (Hornemann) Kützing								0,3		
<i>Gomphonema pumilum</i> hópur (nokkrar tegundir)	3,2	■	2,2	■				3,3		
<i>Gomphonema</i> cf. <i>rhombicum</i> Fricke			0,2					2,5		
<i>Gomphonema</i> ógreint								0,8		
								0,3		

Tafla 5. Framhald frá fyrri síðu.

Tegundir kísilþörunga eða tegundahópar	Selfoss I (stöð 530)		Sandvík (stöð 540)		Lógaritmísk skipting tegunda í litahópa eftir hlutfalli (%)	
	7.11.2017		7.11.2017			
	Hlutfall (%)	Hlutfall (%)	Í seti: af steini	Í seti: af mosa		
<i>Fragilaria arcus</i> var. <i>arcus</i> (Ehrenberg) Cleve	1,1	0,6		0,2		
<i>Fragilaria cf. bicapitata</i> A. Mayer	0,3	0,8		1,0		
<i>Fragilaria capucina</i> var. <i>vaucheriae</i> (Kützing) Lange-Bertalot	2,0	3,8	0,9	1,2	0,01-0,79	
<i>Fragilaria cf. gracilis</i> Østrup	0,9	1,1	0,6	1,1	0,80-2,18	
<i>Fragilaria cf. tenera</i> (W. Smith) Lange-Bertalot	0,3	0,3			2,19-4,66	
<i>Fragilaria</i> tegund X	0,8	0,3		0,6	4,67-9,07	
<i>Staurosira pinnata</i> Ehrenberg (og líkar tegundir)	15,5	16,8	12,2	11,7	9,08-16,90	
<i>Fragilaria</i> hópur (t.d. <i>F. venter</i> , <i>F. brevistriata</i> og <i>F. pseudoconstruens</i>)	29,8	34,6	33,7	27,9	16,91-38,81	
<i>Staurosira construens</i> var. <i>binodis</i> (Ehrenberg) Hamilton		1,5	0,4		38,82-55,51	
<i>Staurosira robusta</i> (Fusey) Lange-Bertalot				0,2		
<i>Ulnaria ulna</i> var. <i>ulna</i> (Nitzsch) P. Compère	0,4	1,5	0,6			
<i>Fragilaria</i> ógreint	1,1	0,8		0,3		
<i>Melosira varians</i> Agardh	0,6	1,4		0,8		
<i>Meridion circulare</i> var. <i>circulare</i> (Greville) C.A. Agardh				0,6		
<i>Adlafia langebertalotii</i> Monnier & Ector	2,9	0,2	5,0	0,9		
<i>Adlafia minuscula</i> Lange-Bertalot	0,4	0,4				
<i>Cavinula cocconeiformis</i> Mann & Stickle				0,3		
<i>Cavinula jaernefeltii</i> Mann				0,4		
<i>Cavinula pseudoscutiformis</i> Mann & Stickle			0,2			
<i>Diadesmis brekkensis</i> (Krasske) D.G. Mann	0,2			0,3		
<i>Diadesmis perpusilla</i> (Grunow) D.G. Mann	0,3					
<i>Fistulifera saprophila</i> Lange-Bertalot				0,3		
<i>Geissleria acceptata</i> (Hustedt) Lange-Bertalot & Metzeltin	0,5		0,6	0,3		
<i>Hippodonta capitata</i> Lange-Bert. Metzeltin & Witkowski	0,6	0,4	1,5	1,9		
<i>Luticola</i> tegund 1			0,2	0,2		
<i>Mayamaea atomus</i> var. <i>permittis</i> (Hustedt) Lange-Bertalot	0,3		1,3	1,1		
<i>Navicula antonii</i> Lange-Bertalot	0,3		0,3			
<i>Navicula</i> cf. <i>seminalum</i> Grunow	0,5	0,3	0,6			
<i>Navicula cryptocephala</i> Kützing (og líkar tegundir)	0,7	1,2	2,3	9,1		
<i>Navicula gregaria</i> Donkin	0,7	1,4	1,0	1,1		
<i>Navicula lanceolata</i> Ehrenberg	0,7		2,1			
<i>Navicula radiosa</i> Kützing	0,2	0,3		0,2		
<i>Navicula</i> tegund B	0,3					
<i>Navicula</i> ógreint	0,9		1,1	1,6		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>acicularis</i> (Kützing) W. Smith	0,3					
<i>Nitzschia</i> cf. <i>archibaldii</i> Lange-Bertalot		0,2				
<i>Nitzschia</i> cf. <i>lacuum</i> Lange-Bertalot	0,2	0,3				
<i>Nitzschia</i> paleacea Grunow og líkar tegundir	1,0	1,8	0,7	1,4		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>agnita</i> Hustedt	0,3	0,5	0,3			
<i>Nitzschia</i> cf. <i>dealpina</i> Lange-Bertalot & Hoffmann	0,3	1,2	0,9	0,3		
<i>Nitzschia</i> dissipata (Kützing) Grunow	1,1	1,3	0,4	1,1		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>fonticola</i> var. <i>fonticola</i> Grunow			0,2			
<i>Nitzschia</i> cf. <i>frustulum</i> var. <i>bulnheimiana</i> (Kützing) Grunow, (Rabh.) Grunow	0,5		0,2	0,3		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>frustulum</i> var. <i>frustulum</i> (Kützing) Grunow			0,7	0,5		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>inconspicua</i> Grunow	1,3	1,0	1,4	0,6		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>liebetrichii</i> Rabenhorst	0,5	0,4	2,0	1,8		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>palea</i> var. <i>palea</i> (Kützing) W. Smith eða líkar tegundir	0,7	0,2	0,4	0,4		
<i>Nitzschia</i> cf. <i>perminuta</i> (Grunow) M. Peragallo	0,7	0,4	0,3			
<i>Nitzschia</i> cf. <i>pusilla</i> Grunow	0,1					
<i>Nitzschia</i> ógreint	6,5	3,4	2,2	3,7		
<i>Pinnularia neomajor</i> Krammer	0,2					
<i>Pinnularia</i> tegund 1		0,3				
<i>Rhoicosphenia abbreviata</i> (C.A. Agardh) Lange-Bertalot	0,6	0,4	0,5			
<i>Rhopalodia gibba</i> (Ehrenberg) O. Müller		0,6	0,1	0,3		
<i>Stephanodiscus parvus</i> Stoermer & Håkansson	2,0	1,0	1,1	2,7		
<i>Surirella brebissonii</i> var. <i>brebissonii</i> Krammer & Lange-Bertalot	0,5		0,1	0,2		
<i>Tabellaria ventricosa</i> Kützing		0,3				
<i>Tetracyclus</i> cf. <i>emarginatus</i> (Ehrenberg) W. Smith				0,2		
Ógreint	0,6	2,4	1,7	1,7		

4.4 Botnlægir hryggleysingjar

Þéttleiki botnlægra hryggleysingja var mun meiri á efri sýnatökustöðinni (nr. 530), þar sem meðalþéttleikinn var 141.942 einstaklingar á fermetra (7. mynd). Var þéttleiki botndýra rétt rúmlega helmingur þess á neðri sýnatökustöðinni (nr. 540). Á báðum stöðum var mjög mikill breytileiki á milli einstakra botnsýna, munur á milli sýna á neðri stöðinni var t.a.m. 25-faldur á meðan munurinn á efri stöðinni var rétt tæplega 5-faldur. Þennan mun má greinilega sjá þegar breytileikastuðull (e: *coefficient of variation*) fyrir hvora stöð er reiknaður. Hann var 0,61 á efri stöðinni (nr. 530) á meðan hann var 0,85 á þeirri neðri (nr. 540). Þetta ber að hafa í huga þegar niðurstöður á þéttleika botnlægra hryggleysingja á þessum tveimur sýnatökustöðum eru bornar saman. Heildarfjöldi tegunda/hópa botnlægra hryggleysingja á efri sýnatökustaðnum (nr. 530) í Ölfusá var 18 en 24 á þeimi neðri (nr. 540) (tafla 6). Á efri sýnatökustöð (nr. 530) voru tveir skordýrahópar sem ekki fundust á neðri sýnatökustaðnum (nr. 540), þ.e. steinflugugýðlur (Plecoptera) og bredduflugur (Empididae). Hins vegar voru mun fleiri lífveruhópar/tegundir sem eingöngu fundust á neðri sýnatökustaðnum (nr. 540) t.d. bessadýr, örmlur, skelkrebbi, loðmý auk fjögurra ættkvísla rykmýs.



7. mynd. Þéttleiki botnlægra hryggleysingja (fjöldi dýra á fermetra) á tveimur sýnatökustöðvum í Ölfusá 7. nóvember 2017. Hver kassi sýnir dreifingu gagna fyrir sex sýni. Hvor kassi sýnir hvar fjórðungsmörk gagnanna ligga og skegg (e: whiskers) sýna hvar efri (90%) og neðri (10%) mörk gagnanna ligga. Láréttu línan í hvorum kassa sýnir miðgildið.

Figure 7. Density of benthic invertebrates (number of individuals at m^2) at two sampling sites in Ölfusá on November 7th, 2017. The lower part of the boxes indicate 25th percentile and the upper margins the 75th percentile. Whiskers (error bars) above and below each box indicate 90th and 10th percentiles. The horizontal lines within each box indicates the median.


Tafla 6. Þéttleiki (fjöldi einstaklinga á fermetra) botnlægra hryggleysingja á tveimur sýnatökustöðvum í Ölfusá 7. nóvember 2017. Í dálkunum táknar X að tegund/hópur hafi verið til staðar en dýr ekki talin, þankastrik (-) táknar að tegundir/hópar voru ekki til staðar.

Table 6. Densities (number per square meter) of benthic invertebrates present at the two sampling sites in Ölfusá 7th November 2017. X indicates that the particular groups was present but not numbered, and “-” indicates that a particular group was not present.

Flokkunareining	Stöð 530	Stöð 540
Örmlur (<i>Hydra</i>)	-	69
Bessadýr (Tardigrada)	-	1.301
Árfætlur (Copepoda)	1.541	1.061
Vatnsflær (Cladocera)	386	92
Skelkrebbi (Ostracoda)	-	150
Ánar (Oligochaeta)	X	X
Vatnabobbar (Gastropoda)	3.702	1.159
Vatnamítlar (Hydrachnellae)	6.484	1.003
Steinflugur (Plecoptera)	100	-
Vorflugur (Trichoptera)	719	45
Bitmýslirfur (Simuliidae)	5.027	1.949
Húsfluguætt (Muscidae)	1.054	45
Bredduflugur (Empididae)	235	-
Loðmý (Psychodidae)	-	61
Rykmy (Chironomidae)		
<i>Arctopelopia</i> teg.	1.235	1.375
<i>Chaetocladius</i> teg.	-	575
<i>Cricotopus (I.) sylvestris</i>	308	894
<i>Cricotopus (C.) tibialis</i>	-	610
<i>Cricotopus</i> teg.	-	164
<i>Diamesa bohemani/zernyi</i> hópur	747	30
<i>Diamesa latitarsis</i> hópur	-	35
<i>Diamesa</i> teg.	-	219
<i>Eukiefferiella claripennis</i>	9.329	3.142
<i>Eukiefferiella minor</i>	99.554	41.157
<i>Orthocladius (P.) consobrinus</i>	542	3.067
<i>Orthocladius (O.) frigidus</i>	2.806	9.891
<i>Psectrocladius sordidellus</i> hópur	-	323
<i>Orthocladiinae</i> teg.	2.074	2.674
<i>Micropsectra</i> teg.	6.101	3.931
Ógr. rykmý	-	49
Heildarfjöldi tegunda/hópa	18	24

Rykmý var ríkjandi botndýrahópur á báðum sýnatökustöðum. Alls fundust að meðaltali 122.696 rykmýslirfur/m² í sýnum frá stöð 530 og 68.136 rykmýslirfur/m² frá stöð 540. Þrátt fyrir töluverðan mun á þéttleika milli sýnatökustöðva var hlutfallslegur þéttleiki rykmýs svipaður á stöðunum tveimur (8. mynd). Bitmýslirfur, vatnamítlar og vatnabobbar fundust í allnokkrum mæli á efri sýnatökustaðnum og var þéttleiki þeirra á bilinu 3.702 og 6.484 einstaklingar á fermetra (tafla 6) sem endurspeglast í hlutfallslegum þéttleika þessara hópa (8. mynd). Á neðri sýnatökustaðnum var þéttleiki þessara sömu botndýra mun lægri, eða á bilinu 1.003 og 1.949 einstaklingar á fermetra. Auk þessara þriggja botndýrahópa voru bessadýr og krabbadýr einnig algeng á neðri sýnatökustaðnum (8. mynd). Þrátt fyrir að ánar (liðormar) hafi ekki verið taldir, vegna þess hve illa þeir fara í varðveislu, var reynt að leggja mat á magn þeirra. Í því mati sást að áberandi meira magn ána var neðan skolprásarinnar, þar sem algengt var að yfir 100 ánar væru til staðar í hverju hlutsýni, í tveimur sýnum var þéttleiki ána í hlutsýnum yfir þúsund. Ofan við skolprásina, stöð 530, voru ánar mun fátíðari, frá 7 upp í nokkra tugi í hverju sýni.


Talsverður sjáanlegur munur var á þéttleika botnlægra hryggleysingja á sýnatökustöðvunum tveimur en var þó ekki tölfræðilega marktækur ($P=0,07$, einhliða t-próf).



8. mynd. Hlutfallslegur þéttleiki botnlægra hryggleysingja á tveimur sýnatökustöðum í Ölfusá, 7. nóvember 2017. Gráu súlurnar sýna samanlagðan hlutfallslegan fjölda rykmýs, lituðu súlurnar sýna hlutföll annarra botndýra.


Figure 8. Relative density of benthic invertebrates at two sampling sites in River Ölfusá, 7th November 2017. Gray bars (right y-axis) show relative densities of chironomids and the coloured stacked bars (right y-axis) show the relative densities of other invertebrates.

Alls fundust 12 tegundir eða tegundahópar rykmýslirfa í Ölfusá í nóvember 2017 (9. mynd). Að jafnaði voru færri tegundir á stöð 530 þar sem 8 tegundir eða tegundahópar fundust en á stöð 540 fundust 12. Á stöð 530 voru *Eukifferiella minor*, *Eukifferiella claripennis*, *Microspectra* teg., *Arctopelopia* teg. og *Orthocladius (O.) frigidus* í mestum mæli (>1.000 einstaklingar á fermetra). Á stöð 540 (við Sandvík) voru sömu ættkvíslir og tegundir ríkjandi og voru á stöð 530, en auk þeirra var *Orthocladius (P.) consobrinus* einnig nokkuð algeng á stöð 540. Fjórar ættkvíslir og tegundir rykmýs sem fundust á stöð 540 en voru ekki til staðar á stöð 530, voru: *Chaetocladius* teg. *Cricotopus (C.) tibialis*, *Diamesa latitarsis* hópur og *Psectrocladius sordidellus* hópur. Shannon fjölbreytileikastuðull fyrir rykmýstegundir var hærri fyrir stöð 540 (1,43) en fyrir stöð 530 (0,61).



9. mynd. Þéttleiki (fjöldi á fermetra) rykmýslirfa í Ölfusá þann 7. nóvember 2017 á stöð nr. 530 (svartir hringir) og stöð nr. 540 (hvítir hringir).

Figure 9. Density (individuals per square metre) of chironomid larvae in R. Ölfusá 7th November 2017 at site no. 530 (filled circles) and site no. 540 (open circles).



10. mynd. Hlutfallslegur þéttleiki tegunda og ættkvísla rykmýs, miðað við heildarþéttleika allra botndýra, á sýnatökustöðvum 530 við Selfoss og 540 við Sandvík.

Figure 10. Relative abundance of chironomid taxa of the total benthic invertebrate density at sampling sites 530 and 540.

4.5 Fiskur

4.5.1 Seiðarannsóknir 2017

Seiðarannsóknir fóru fram í Ölfusá á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan við skolprásina við Geitanes (1. mynd), þann 12. október 2017. Á stöð 530 var straumur fremur stríður en nokkuð um lygnur með bökkum. Dýpið var um 5–40 cm. Botngerðin einkenndist af smágrýti (60%) en þar var einnig allnokkuð af finna og gráfara efni. Gróðurþekja var metin um 50%, mest mosi (líklega aðallega ármosi *Fontinalis*). Botngerðin á stöð 540 var gráfari, straumur stríðari og dýpi meira. Stórgryti var einkennandi botngerð (50%) en smærri botnefni var þar einnig að finna og klöpp var nokkuð áberandi. Gróðurþekja mosa var metin 80% (tafla 7). Rafveitt var með bakka og farið mest um 6 m út í ána á báðum stöðvum sem markast af því sem straumur og dýpi leyfði.

Tafla 7. Straumur, vatnsdýpi og botngerð á sýnatökustöðum 530 og 540 í Ölfusá. Tölur standa fyrir hlutdeild hvers botngerðarflokks (%) af þekju á botni. Kornastærð innan hvers flokks er innan sviga. Botngerðarflokken er byggð á skýrslu eftir Þórólf Antonsson (2000).

Table 7. Current velocity, water depth and substrate at sampling sites at site 530 and site 540 in R. Ölfusá. Particle size in substrate groups is in brackets. Substrate groups are based on Þórólfur Antonsson (2000).

Stöð nr. (Site)	Straumur (Current)	Dýpi (m) (Depth)	Leir/sandur (<1 cm) (Mud/sand)	Möl (1-7 cm) (Gravel)	Smágrýti (7-20 cm) (Small stones)	Stórgryti (>20 cm) (Big stones)	Köpp (Rock)	Gróðurþekja (Moss cover)
530	Fremur stríður	0,05 - 0,4	5	10	60	15	10	50
540	Stríður	0,2 - 0,5	2	5	20	50	23	80

Ofan skolprásar (nr. 530) voru laxaseiði ríkjandi, þar af mestmeginis seiði á fyrsta- (0^+) og öðru ári (1^+) en einnig var vottur af tveggja ára seiðum (2^+). Þarna fannst einnig urriði og bleikja, en í litlum fjölda. Á stöð 540, neðan skolprásar, voru urriðaseiði ríkjandi og voru þau á fyrsta og öðru ári. Þar var að finna bleikju í meiri mæli en á stöð 530 og einnig veiddust hornsíli, sem ekki veiddust á stöð 530. Laxaseiðin á stöð 540 voru flest eins árs. Heildarþéttleiki laxfiskaseiða var heldur meiri á stöð 540 en á stöð 530 (tafla 8).

Sé litið til lengdar seiða eftir tegundum og aldri voru jafngömul seiði af sömu tegund að jafnaði heldur stærri á stöð 540 en á stöð 530 (tafla 9). Holdastuðull laxaseiða var að meðaltali 1,06 á stöð 530 og 1,10 á stöð 540. Seiðin voru því heldur holdmeiri (digrari) neðan við skolprásina en ofan hennar (t -próf, $p=0,04$).

Tafla 8. Þéttleiki seiða laxfiska eftir tegundum og aldri í Ölfusá á stöðvum 530 og stöð 540 12. október 2017. Tölur standa fyrir veidd seiði á 100 m² í einni yfirferð í rafveiði.

Table 8. Juvenile densities of salmonids by species and age in R. Ölfusá at sites 530 and 540, 12th October 2017. Numbers are fish caught pr. 100 m² in one round in electro-fishing.


Staður (site)	Stöð nr.	Svæði m ² (area m ²)	Lax (salmon)			Urriði (trout)		Bleikja (charr)	Hornsíli	Samtals laxfiskar (total salmonids)
			0+	1 ⁺	2 ⁺	0 ⁺	1 ⁺	0+		
Selfoss I	530	114	7,0	8,8	0,9	2,6	0	1,8	0	21,1
Sandvík	540	108	0,9	5,6	0,9	13	5,6	4,7	0,9	30,9

Tafla 9. Meðallengd (cm) seiða laxfiska í Ölfusá eftir tegundum og aldri á stöðvum 530 og 540, ofan og neðan skolprásar, í október 2017, ásamt staðalfráviki (±) og fjölda seiða í sviga.

Table 9. Average length (cm) of salmonids by species and age in R. Ölfusá at sites 530 and 540 in October 2017, standard deviation (±) and number of juveniles in brackets.


Staður (site nr.)	Stöð nr. (age)	Aldur (age)	Lax (salmon)	Urriði (trout)	Bleikja (charr)
Selfoss I	530	0+	5,0 ±0,4 (8)	6,6 ±1,1 (3)	9,2 ±0,5 (2)
		1+	8,6 ±1,7 (10)		
		2+	10,7 (1)		
Sandvík	540	0+	5,6 (1)	7,4 ±0,6 (14)	9,4 ±0,8 (5)
		1+	9,8 ±0,7 (6)	13,4 ±2,4 (6)	
		2+	11,0 (1)		

Magainnihald var greint hjá 18 seiðum laxfiska á stöð 530 og 21 seiði á stöð 540. Samsetning fæðunnar var talsvert ólík á milli stöðva (11. mynd a-b). Fæðan var fjölbreyttari í seiðamögum á stöð 540 en á stöð 530. Á stöð 530, ofan skolprásar, voru vorflugulirfur í mestum mæli í fæðu allra laxfiskaseiða, en þær var vart að finna í fæðu seiða við Sandvík. Á stöð 540, neðan skolprásar, var aðalfæða laxaseiðanna vatnabobbi og ánar voru aðalfæða bleikjuseiða. Sömuleiðis voru ánar þar í töluverðu magni í maga urriðaseiða. Ánar voru mjög lítið í fæðu seiða á stöð 530 nema hjá bleikju. Bitmýslirfur var allnokkuð að finna í fæðu seiða á stöð 530 en fundust í mjög litlum mæli í fæðu seiða á stöð 540 og þá eingöngu í laxaseiðum. Magafylli seiða var mun meiri í seiðum á stöð 530, eða 2,33 (n=18), en á stöð 540, en þar var hún 1,52 (n=21).



11. mynd a-b. Fæða, sem rúmmálshlutfall af magainnihaldi, hjá laxfiskaseiðum í Ölfusá við stöð 530 (A) og stöð 540 (B) í Ölfusá í október 2017. Lítið í táknað lirfur og púpur. Fram kemur fjöldi athugaðra maga. Fæðugerðin „annað“ var að stærstum hluta landsniglar.

Figure 11 a-b. Food of juveniles in R. Ölfusá in October 2017 as volume of each food item in percentages at site 530 (A) and 540 (B). I means larvae and p pupae. Numbers are fish inspected. The main food in the category other are mainly terrestrial gastropods.



12. mynd a-c. Þéttleiki laxaseiða eftir aldir í Ölfusá á A) rannsóknastöðvum ofan skolprásar, stöðvar 530 og 520, B) á stöð 540 neðan skolprásar, á árunum 1985 til 2017. Mynd C) sýnir samanlagðan þéttleika allra árganga laxaseiða á stöðvum 520 og 530 (meðaltal) og á stöð 540 á sama tímabili. Engar mælingar voru gerðar árið 2016 á stöð 540 og á árabilinu 1992–1999 á stöð 530.

Figure 12 a-c. Juvenile salmon densities by age groups in River Ölfusá at A) sites 530 and 520, above the waste water outlet, and B) at site 540, below the outlet. Figure C) shows combined juvenile salmon densities of all age groups at stations 520 and 530 (averaged) and station 540. Densities were not estimated in year 2016 at site 540 and in the years 1992–1999 at site 530.

4.5.2 Vöktun á seiðabúskap

Til að sjá hvort og þá hvaða áhrif frárennsli um skolprásina ofan við Geitanes hefur haft á seiði laxfiska í gegnum árin var litið til niðurstaðna úr vöktun á seiðabúskap í Ölfusá sem staðið hefur allt frá árinu 1985. Ekki eru til samfelldar athuganir á stöð 530 (Selfoss I) sem er ofan við skolprásina og því er einnig litið til niðurstaðna úr seiðarannsóknum á stöð 520 (Fossnes) sem einnig er ofan umrædds skolprásar en er handan árinnar (1. mynd). Niðurstöður í þéttleikamati eru unnar saman fyrir báðar þessar stöðvar enda marktæk fylgni á milli þéttleika laxaseiða á þessum tveimur stöðvum ($r=0,554$, $p=0,017$, $n=18$).


Þéttleiki laxaseiða á stöðvum 520 og 530, ofan skolprásar, er talsvert breytilegur á milli ára en að jafnaði hafa seiði á fyrsta og öðru ári verið í mestum mæli á þessum stöðvum en minna hefur verið af tveggja ára seiðum (12. mynd a). Meira er af tveggja ára seiðum á rannsóknastöð 540 sem er neðan við skolprásina. Flest laxaseiði í Ölfusá ganga til sjávar þriggja ára, en hluti þeirra gengur að öllum líkindum til sjávar þegar þau eru árinu yngri.

Frá því að seiðarannsóknir hófust árið 1985 hefur þéttleiki laxaseiða á athugunarstöð á stöð 540, neðan skolprásar, verið breytilegur. Eins árs seiði (1^+) hafa að jafnaði verið í mestum þéttleika en alltaf hafa fundist seiði á fyrsta (0^+) og þriðja ári (2^+) en þéttleiki þeirra hefur að jafnaði verið minni (12. mynd b). Lítið hefur komið fram af þriggja ára (3^+) laxaseiðum en engin eldri.

Á stöð 540, hefur heildarþéttleiki laxaseiða dregist saman á rannsóknartímabilinu. Á árunum 1985 til 1999 var þéttleiki eins árs laxaseiða flest ár yfir 30 seiði/ 100 m^2 en öll ár eftir það utan eitt (2006) var þéttleiki þeirra undir 25 seiði/ 100 m^2 og mörg ár undir 10 seiði/ 100 m^2 . Áþekk þróun var í þéttleika tveggja ára seiða. Seiði á fyrsta ári hafa hins vegar aldrei verið áberandi á stöð 540 (12. mynd b). Seiðabéttleiki laxaseiða hefur einnig dregist saman á stöðvum 520 og 530. Einkum á þetta við um eins árs seiði og þó sérstaklega tveggja ára seiði en þéttleiki þeirra hefur verið undir 5 seiðum á 100 m^2 síðan 1998. Þéttleiki seiða á fyrsta ári fór hins vegar vaxandi á árunum frá 2002 til 2014 en hefur dalað þrjú síðustu ár. Ef skoðaður er heildarþéttleiki allra aldurshópa laxaseiða má sjá að þéttleiki laxaseiða hefur dalað mun meira á stöð 540, neðan skolprásarinnar við Geitanes, en á stöðvunum tveimur ofan hennar. Fyrir 1999 var heildarþéttleiki allra laxaseiða flest ár yfir 40 seiði/ 100 m^2 . Á stöðvunum ofan skolprásarinnar var þéttleiki laxaseiða yfir 20 seiði/ 100 m^2 en sveiflast flest ár eftir það milli 10 og 40 seiði/ 100 m^2 (12. mynd c).


Auk laxaseiða er að finna urriða og bleikju á öllum þessum athugunarstöðvum. Hlutfall urriða hefur að jafnaði verið hærra á stöðinni neðan skolprásar en á stöðvunum ofan hennar, en hlutur bleikju hefur verið hærri á stöðvunum ofan við skolprásina (13. mynd a og b). Á tímabilinu frá því að rannsóknir hófust (1985) hefur innbyrðis hlutur tegunda verið breytilegur á stöðvum 520 og 530, ofan skolprásar (13. mynd a). Á árunum 1998 til 2005 lækkaði hlutur

laxaseiða, var þá oft um og undir 60% en inn kom bleikja í staðinn. Eftir það hefur hlutur laxaseiða aftur hækkað og verið yfir 80% (13. mynd a). Frá upphafi rannsókna á stöð 540 í Ölfusá, neðan skolprásar, má greinilega sjá að hlutur laxaseiða hefur lækkað talsvert á tímabilinu á meðan hlutur urriðaseiða hefur vaxið, en hlutur bleikju hefur alltaf verið líttill (13. mynd b). Á árunum 1985 til 2000 var hlutur laxaseiða flest ár um og yfir 80% en flest ár eftir það undir 80% og öll mæliár eftir 2013 verið undir 75%. Haustið 2017 var hlutur laxaseiða á stöð 540 aðeins 23,5%.



13. mynd a-b. Hlutfallsleg skipting seiða laxfiska eftir tegundum í Ölfusá A) á stöðvum 520 og 530 og B) á stöð 540 á árabilinu 1985-2017.


Figure 13 a-b. Percent of salmonid species in River Ölfusá at A) sites 520 and 530 and B) site 540 during the period 1985-2017. Atlantic salmon is orange, arctic charr grey and brown trout yellow.



14. mynd. Hlutfallsleg breyting á seiðapéttleika, reiknuð út frá hallatölu aðhvarfslínu fyrir péttleika seiða laxfiska á stöðvum 520+530 og 540 í Ölfusá á árunum 1985-2017. Neikvæð gildi tákna minnkun péttleika.

Figure 14. Percentage change of slope in densities of juvenile salmonids at Sandvík (site 540) and Selfoss-Fossnes (sites 530 and 520) in 1985-2017. Blue is salmon and orange is all salmonides. Negative values represent relative density decrease.

Til að skoða enn frekar breytingar á péttleika seiða milli stöðva ofan og neðan við skolprásina ofan við Geitanes var borin saman hlutfallsleg breyting á heildarpéttleika laxaseiða annars vegar og péttleika allra laxfiska hins vegar. Þar kemur í ljós að péttleiki laxaseiða hefur minnkað bæði ofan og neðan við skolprásina, og er minnkunin mun meiri neðan hennar en ofan (14. mynd). Aðhvarfsgreining á gögnum um seiðapéttleika á tímabilinu 1985–2017 leiddi í ljós að hlutfallsleg lækkun á hallatölu aðhvarfsgreiningar, og þar með á péttleika laxaseiða, á stöð 540 var 4,0% en 1,6% á stöðvum 520 og 530 saman. Munurinn á milli stöðva ofan og neðan skolprásar er minni þegar samanlagður heildarpéttleiki allra seiða laxfiska (lax, bleikju og urriða) er skoðaður, en þar var hlutfallsleg lækkun hallatölu seiðapéttleika 1,3 og 1,8%, ofan og neðan skolprásar (14. mynd). Skýringin á því liggur í að hlutfallslegur péttleiki urriðaseiða hefur vaxið á tímabilinu, hækkan hallatölu aðhvarfslínu er 4,9% á stöð 540, á meðan péttleiki laxaseiða hefur minnkað.



15. mynd a-b. Hlutfallsleg tíðni fæðugerða sem aðalfæða hjá seiðum laxfiska í Ölfusá á stöðvum 520 og 530 (við Selfoss I og Fossnes) (A) og í Ölfusá á stöð 540 (Sandvík) (B) á árabilinu 1985-2017.


Figure 15 a-b. Frequency of occurrence (%) of food items as main food of salmonids at sampling sites in Ölfusá at sites 520 and 530 (A) and at site 540 in the years 1985-2017.

Fæða seiða hefur verið athuguð samhliða rannsóknum á þéttleika seiða í Ölfusá allt frá árinu 1985. Á stöðvunum tveimur ofan skolprásar, stöðvum 520 og 530, hafa vorflugulirfur verið langalgengasta fæðan ásamt bitmýslarfum. Einnig hafa rykmýslirfur verið nokkuð algengar. Á þessum stöðvum er ekki að sjá neina sérstaka þróun í vægi fæðugerða á tímabilinu (15. mynd a). Á stöð 540, neðan skolprásar, hefur samsetning fæðunnar verið allt önnur og þar má sjá greinilega breytingu á samsetningu fæðu seiða yfir tímabilið (15. mynd b). Fram til

ársins 2003 voru vorflugulirfur talsvert algengar og í mörg ár voru þær algengasta fæðugerðin. Eftir árið 2003 hafa vorflugulirfur nánast horfið úr fæðunni. Bitmýslirfur hafa vart fundist í fæðu seiða við Sandvík eftir 1997. Í stað þessara fæðugerða hafa vatnabobbar orðið mjög áberandi og síðustu ár hafa ánar komið inn í fæðuna í auknum mæli (15. mynd b).

4.5.3 Lax- og silungsveiði


Veiðinýting á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár er bæði með stöng og netum. Netaveiði er eingöngu í jökulvatninu (Ölfusá og Hvítá) en þar er einnig stunduð stangveiði sem og í þveránum. Allur lax og sjögenginn silungur sem gengur upp vatnasvæðið úr sjó fer um Ölfusá. Langtímaðaltal (1970-2017) í laxveiði er 7.217 laxar á ári. Meðalveiði síðustu 10 ára (2008–2017) er 6.028 laxar á ári. Laxveiði hefur dregist saman síðustu ár en þó einkum netaveiði, bæði vegna minni sóknar en einnig vegna minni laxgengdar (16. mynd). Tíu ára meðallaxveiði í net er 3.128 laxar á ári, af þeim hafa 1.383 veiðst í Ölfusá en 1.745 í Hvítá. Tíu ára meðalveiði á laxi á stöng er 2.899 laxar á ári og þar af hafa 376 veiðst á stöng í Ölfusá. Talsverð veiði hefur einnig verið stunduð á silungi. Á tímabilinu 2008–2017 var meðalveiði á vatnasvæðinu öllu 1.549 urriðar og 1.536 bleikjur á ári. Af þeim hafa 813 urriðar veiðst í Ölfusá og þar af veiddust 542 sjóbirtingar á stöng en 271 í net. Mun minna veiðist af bleikju í Ölfusá en meðalveiði bleikju á sama tímabili var 18 fiskar. Mest hefur verið veitt af sjóbirtingi á stöng frá jörðum neðst í Ölfusá og í Ölfusárósi. Helsti stangveiðistaður laxa í Ölfusá er fyrir landi Hellis og Fossnes sem er veiðisvæðið handan árinnar á Selfossi. Á sama tímabili veiddust þar að jafnaði 289 laxar, 59 urriðar og ein bleikja.



16. mynd. Árleg veiði laxa á stöng og í net á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.


Figure 16. Yearly catch of salmon by net (grey) and rod (orange) in Ölfusá-Hvítá watershed.

Veiði á laxi og silungi í net er stunduð frá nokkrum jörðum við Ölfusá. Flestar þeirra eru á austurbakka árinnar. Ofan skolprásarinnar við Geitanes eru Laugardælir og Selfoss. Neðan skolprásar eru Sandvíkurbær en efsta og aðalnetalögnin er þar um 600 m neðan við skolprásina við Geitanes. Neðar er Kotferja en aðallögnin þar er um 2 km neðan skolprásar og enn neðar er Kaldaðarnes þar sem efsta netalögn er um 6,5 km neðan skolprásar. Þegar litið er til veiðipróunar í laxveiði á jörðum við Ölfusá sést að á árunum milli 1970 og 1980 var veiði þar í hámarki á sama tímabili sem heildarveiði á vatnasvæðinu var einnig í hámarki. Veiði á jörðum neðan skolprásar, Sandvíkurbæjum og Kotferju, hafa fylgst nokkuð að. Veiðin tók að minnka á 8. áratug síðustu aldar og var orðin lítil sem engin seint á níunda áratugnum. Samdráttur var í netaveiði á jörðum við Ölfusá ofan skolprásar (Laugardælir og Selfoss), en þó ekki nærri eins mikill og neðan hennar (17. mynd). Aðhvarfsgreining á gögnum í próun samanlagðrar veiði á laxi í net frá 1970 til 2016 í Laugardælum og Selfossi sem er ofan skolprásar og jörðumneðan skolprásar sýnir glöggt að samdráttur í veiði er mun meiri á jörðum neðan skolprásar en ofan. Þannig var hallatala aðhvarfslínu gagna um heildarlaxveiði á tveimur efri jörðum neðan við skolprás -14,4% (Sandvíkur og Kotferja) og -6,1% á öllum jörðum saman neðan útrásar, en -2,2% ofan við aðalskolprásina frá byggðinni á Selfossi (18. mynd), sem þýðir að laxveiði í net hefur dregist saman að sama skapi.



17. mynd. Laxveiði í net í Ölfusá á jörðum ofan skolprásar og á tveimur efri jörðum neðan skolprásar, á árunum 1958–2016 sem hlutfall af meðalveiði viðkomandi jarða yfir tímabilið. Árinu 1980 er hér sleppt enda voru mjög óvenjulegar aðstæður það ár vegna jökulhlaups með mjög grugguðu vatni í Ölfusá og Hvítá. Ekki var veitt á báðum jörðum sum árin á árabilinu 2006–2010 ofan útrásar.

Figure 17. Catch of salmon in net in 1958–2016 as proportion of average catch of each site during the period. The year 1980 is not included because of a flood which brought unusually high load of suspended sediment down the river channel. In 2006–2008 no netfishing took place at Laugardælir and in 2007–2010 at Selfoss.



18. mynd. Hlutfallslegur samdráttur í laxveiði í net, reiknaður út frá breytingu á hallatölu aðhvarfslínu á gögnum um laxveiði í net á árunum 1970 til 2016, á veiðijörðum ofan og tveimur efri jörðum neðan skolprásar við Geitanes.

Figure 18. Relative change of net-caught salmon above (orange) and below (blue) the waste water outlet.

5. Umræður

5.1 Efnastyrkur í vatni og hormón í seiðum

Næringsarefnastyrkur á Ölfusár-Hvítárvæðinu er tiltölulega hár niður allt vatnasviðið miðað við íslensk vatnsföll (Halldór Ármannsson o.fl. 1973; Sigurjón Rist, 1974; Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2003; Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018), líklegast þar sem ljóstillífun í jökulvatninu er að einhverju leyti takmörkuð af miklu gruggi og þar með litlu ljósmagni sem kemst inn í vatnsbolinn. Styrkur NO_3 að vetri til á vatnasviði Ölfusár; í Hvítá við Brúarhlöð, Tungufljóts við Faxa, Sogs við Þrastarlund og Ölfusár við Selfossbrú var 2,8; 4,5; 0,75 og 4,0 $\mu\text{mól/l}$ og styrkur PO_4 í sömu vatnsföllum á sama tíma var 0,86; 0,8; 0,3 og 0,35 $\mu\text{mól/l}$ (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2003; Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018). Hlutfall næringarefna í vatnakerfinu bendir til þess að ljóstillífun sé takmörkuð af köfnunarefni eins og algengt er í ferskvatni á gosbeltinu (Sigríður Magnea Óskarsdóttir o.fl. 2011; Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2017). Það er ólíkt því sem gerist víðast hvar annarsstaðar og stafar af því hve auðleyst, fosfórríkt, glerkennt basaltið á gosbeltunum er. Jökulár eru sérstaklega ríkar af fosfór þar sem þær geta veðrað mikið magn af fínmuldu bergi auk þess sem upptaka þess er fremur hæg sökum erfiðra aðstæðna fyrir lífríki í jökulám.

Niðurstöður mælinga úr sýnum úr Ölfusá sem safnað var af Ölfusárbrú og á stöð 530, ofan við skolprás við Geitanes, þann 7. nóvember 2017, eru sambærilegar við sýnaseríu sem safnað var úr Ölfusá af Ölfusárbrú 1996–2015 ($n=117$) (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018). Styrkur uppleystra efna í sýni sem safnað var á stöð 540 neðan við skolprásina, var yfirleitt hærri en á söfnunarstöðum ofan hennar¹. Þó voru niðurstöður á mælingum á leiðni, pH, alkalinity (basavirkni), Si, NO_3 og flestra snefilefna (utan Mn og Sr) sambærilegar við niðurstöður mælinga úr Ölfusá 1996–2015. Styrkur næringarefna (NO_2 , NH_4 , PO_4 , P-total og N-total) og nokkurra aðalefna (Na, K, Ca, Mg, SO_4 , Cl og F) var marktækt hærri á stöð 540 en meðalstyrkur þeirra í Ölfusá við Ölfusárbrú 1996–2015 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018). Styrkur aðalefnanna og flestra köfnunarefnissambanda (NO_2 , NH_4 og N-total) á stöð 540 var 2–6 staðalfrávikum meiri en styrkur þeirra í Ölfusá 1996–2015 en styrkur fosfórs á stöð 540 var miklu hærri, eða 72 (PO_4) og 30 (P-total) staðalfrávikum hærri en meðaltal þess í Ölfusá við Ölfusárbrú 1996–2015. Athygli vekur að styrkur næringarefnisins NO_3 á stöð 540 var sambærilegur við meðalstyrk NO_3 í sýnaseríunni úr Ölfusá frá 1996–2016, en styrkur NO_3 í Ölfusá er mjög breytilegur eftir árstíðum og staðalfrávikið því hátt. Styrkur NO_3 í sýnum frá stöð 540, neðan ræsis, var þó 30 og 50% hærri en í sýninu sem safnað var í nóvember 2017 á stöð 530 og af Selfossbrú, ofan skolprásar.

¹ Umfjöllun um 1. matssprungu – sjá kafla 1


Heildarstyrkur lífræns kolefnis (TOC, e: *total organic carbon*) sem notað er til að meta mengunarálag í ferskvatni var lítillega hærra neðan ræsis en ofan þess en fellur í flokk I skv. reglugerð 796/1999, þrátt fyrir að vatnið úr skolprásinni hafi mælst með mjög háan styrk TOC (tafla 1), og hafi fallið í flokk V í sömu reglugerð. Hinsvegar endurspeglar sýnin sem safnað var ofan og neðan ræsis einungis það lífræna kolefni sem var í svifögnum í ánni, þar sem þau náðu ekki að fanga allt það lífræna kolefni sem barst niður eftir ánni í stærri ögnum s.s. saur sem sést með berum augum fljóta niður ána frá skolprásinni. Það er því ljóst að meira er af lífrænu kolefni en niðurstöður úr sýnatökum gefa til kynna, því þær missa af stórum ögnum sem eru nánast eingöngu lífrænt kolefni. Frekara niðurbrot á því veldur því að sífellt meira endar sem svifagnir. Réttara væri því að kalla þessa mælingu SOC (e: *suspended organic carbon*) í stað TOC (e: *total organic carbon*).

Gera má ráð fyrir að styrkur efna, lífrænna og ólífrænna, sé ekki alltaf sá sami í skolprásinni þar sem álag á það er misjafnt eftir tíma sólarhringsins, ekki síst vegna starfsemi Mjólkurbús Flóamanna, sem er breytileg yfir sólarhringinn. Losun lífræns efnis er að jafnaði 40 þúsund persónueiningar (PE) en spönnin er mikil, frá 8.700 til 111.600 PE (Mannvit 2017b). Tímasetning söfnunar hlýtur því að skipta miklu máli hvað þetta varðar, líkt og endurspeglast í þeirri aðferðafræði sem notuð var við rannsókn á gerlum og efnainnihaldi frá veituvatns á Selfossi í febrúar 2017, en þá var einu punktsýni safnað á klukkustundarfresti yfir einn sólarring í 24 tíma og útbúið eitt rennslisvegið blandsýni til að endurspeglar meðalsamsetningu frárennslisins (Mannvit, 2017a og b). Slík nálgun hefði átt vel við í rannsókn sem þessari og hefði líklega gefið betri mynd af raunverulegri stöðu mála.

Á 19. mynd má sjá dreifingu (fjórðungsmörk) á næringarefnastyrk í sýnum úr Ölfusá 1996–2015 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018) og styrk þeirra í sýninu sem safnað var á stöð 540 þann 7. nóvember 2017, neðan skolprásar. Myndin sýnir glöggt háan styrk PO₄, P-total og N-total í Ölfusá á stöð 540 samanborið við gagnaröðina úr Ölfusá 1996–2015. Styrkur NO₂ og NH₄ var einnig marktækt hærri en í sýnum frá 1996–2015. Styrkur NO₃ var hins vegar ekki marktækt hærri á stöð 540 en á stöð 530 sökum þess hve há spönnin er á styrk NO₃ í Ölfusá frá 1996–2015. Styrkur NO₃ var þó 50% hærri á stöð 540 en á stöð 530 á sama tíma.

Tafla 10 sýnir að P-total og PO₄ fellur í flokk E (ófullnægjandi vatn), NH₄ í flokk C (nokkuð snortið vatn) en önnur næringarefni falla í flokk A (ósnortið vatn) (Reglugerð 796/1999)². Samkvæmt reglugerð 796/1999 er leyfilegur heildarstyrkur köfnunarefnis (N-total) áður en hann fellur um flokk það hár að sá styrkur sem mældist í Ölfusá við stöð 540 fellur í flokk A (ósnortið vatn) þrátt fyrir að vera mun hærri en mældist á viðmiðunarstöðunum í Ölfusá á stöð 530 og við Selfossbrú.

² Umfjöllun um 1. matssprungu – sjá kafla 1.



19. mynd. Fjórðungsmörk styrks næringarefna í Ölfusá við Ölfusárbrú á árunum 1996 til 2015. Stjórnurnar tákna styrk næringarefna í sýnum sem safnað var í Ölfusá á stöð 540, neðan skolprásar, þann 7. nóvember 2017.

Figure 19. Quarterly distribution of nutrient concentration in Ölfusá at the Selfoss bridge. The stars represent the nutrient concentration in Ölfusá at site 540 7th of November 2017, below the waste water inlet.

Tafla 10 a-c. Umhverfismörk fyrir málma og næringarefni í yfirborðsvatni til verndar lífríki samkvæmt 9. grein reglugerðar 796/1999 og C) flokkun vatns í Ölfusá í nóvember 2017 – sjá umfjöllun í texta.

Table 10 a-c. A and B) Environmental limits for metals and nutrients in surface water for the protection of the environment according to regulation 796/1999. C) Concentration of heavy metals and nutrients in Ölfusá at the Selfoss bridge, at sites 530 and 540 in November 2017.

A.						C.			
Umhverfismörk fyrir málma og næringarefni í yfirborðsvatni til verndar lífríki						Meðalefnasamsetning Ölfusár 07/11/2018			
Málmar í yfirborðsvatni		A	B	C	D	E	Sýni II	Sýni III	
Kopar	µg/l	0,5	0,5-3	3-9	9-45	>45	Ölfusá, Selfossbrú*	Ölfusá, st. 530 Ölfusá st. 540	
Zink	µg/l	5	5-20	20-60	60-300	>300	0,269 0,668 0,054 0,019 0,572 0,178 0,058	0,215 0,274 0,031 0,016 0,575 0,087 0,058	0,184 0,676 0,023 0,017 0,473 0,129 0,069
Kadmíum	µg/l	0,01	0,01-0,1	0,1-0,3	0,3-1,5	>1,5			
Blý	µg/l	0,2	0,2-1	1-3	3-15	>15			
Króm	µg/l	0,3	0,3-5	5-15	15-75	>75			
Níkkel	µg/l	0,7	0,7-15	15-45	45-225	>225			
Arsenik	µg/l	0,4	0,4-5	5-15	15-75	>75			
Næringarefni í ám									
P-total	mg/l	<0,02	0,02-0,04	0,04-0,09	0,09-0,15	>0,15			
PO ₄ -P	mg/l	<0,01	0,01-0,025	0,025-0,05	0,05-0,1	>0,10			
NH ₃	mg/l	<0,01	0,01-0,025	0,025-0,10	0,1-0,25	>0,25			
N-total	mg/l	<0,3	0,3-0,75	0,75-1,5	1,5-2,5	>2,5			
B.									
Flokkun vatns									
Flokkur	A	B	C	D	E	Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/pynnningar svæði			
Ástand	Mjög litil eða engin hætta á áhrifum.	Litil hætta á áhrifum.	Áhrifa að vænta á vökvaðum lífríki.	Áhrifa að vænta.					

Þar sem styrkur uppleystra aðalefna og snefilefna, þ.m.t. þungmálma, í sýni úr Ölfusá á stöð 540, neðan skolprásar við Geitanes, er ekki marktækt frábrugðinn sýnum sem safnað var af Selfossbrú úr Ölfusá (að undanskildu Mn og Sr) má sjá að innstreymi skolprásarinnar ofan Sandvíkur hefur lítil mengunaráhrif með tilliti til flestra uppleystra aðalefna og snefilefna (tafla 1). Áhrif skolprásarinnar á uppleyst næringarefni eru hins vegar mikil, og þar af leiðandi á lífríki árinnar. Mest ber á fosfórmengun neðan skolprásar (stöð 540) á meðan munur á styrk köfnunarefnissambanda (NO_3 , NO_2 , NH_4 og N-total) ofan og neðan skolprásarinnar er minni. Við háan styrk fosfórs og hlutfallslega lægri styrk köfnunarefnis eiga blágrænar, köfnunarefnisbindandi bakteríur auðvelt uppdráttar og ná oft yfirhöndinni í samkeppni við aðrar tegundir. Það er einmitt raunin á stöð 540 þar sem mest bar á blágrænubakteríunni *Leptoplyngbya* eins og fjallað er um í kafla 4.3.2.

Etinylestradiol 17α er kvenhormón sem búið er til á tilraunastofu og notað í lyf eins og getnaðarvarnalyf og hormónalyf sem oft eru notuð við tíðahvörf. Estradiol 17β er hins vegar náttúrulegt kvenhormón. Þessi efni eru algeng í fráveituvatni frá mannabyggð og geta haft neikvæð áhrif á afkomu lífvera í vatni (Larsson o.fl. 1999; Madsen o.fl. 2004). Ethylenestradiol (17α) og estradiol (17β) mældust í sýnum frá stöðvum 530 og 540, ofan og neðan við skolprásina. Styrkur estradiol var 28 sinnum hærri í skolprörinu en í ánni, en þrátt fyrir það mældist ekki aukning á hormónum í Ölfusá við Sandvík.³ Mælingar á hormónum í holdi laxaseiða sem veidd voru á stöðvum 530 og 540 (3. mynd), ofan og neðan skolprásar, sýndu að styrkur hormóna var alltaf undir greiningarmörkum.⁴ Því má draga þá ályktun að ekki hafði orðið uppsöfnun á kvenhormónum í seiðunum (tafla 2).

Styrkur uppleystra efna í Ölfusá er breytilegur yfir árið sem skýra má með breytingum á rennsli (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018). Þegar sýnum var safnað 7. nóvember 2017 var rennsli Ölfusár fremur lítið (tafla 1; Veðurstofa Íslands 2018) enda var langt liðið á haustið og jökulbráð farin að minnka. Meðalársrennsli Ölfusár er $378 \text{ m}^3/\text{s}$ (Hilmar Björn Hróðmarsson o.fl. 2009) og er rennsli alltaf fremur hátt. Megnið af árvatninu rennur um miðjan farveginn þar sem hann er dýpstur. Rennsli um skolprásina við Sandvík var ekki mælt í þessari rannsókn en í rannsókn frá 2. október 2013 var það mælt og reyndist vera $0,38 \text{ m}^3/\text{s}$ (Mannvit 2013). Aðrar mælingar á rennsli um ræsið á tímabilinu 2015–2017 voru á bilinu 0,1 til $0,35 \text{ m}^3/\text{s}$ og er rennslið að nokkru leytti háð grunnvatnshæð á svæðinu (Mannvit 2017b). Miðað við þetta er rennsli Ölfusár að meðaltali um 1000 sinnum meira en rennsli skolprásarinnar. Miðgildi heildarstyrks uppleysts fosfórs (19. mynd) í vatni í Ölfusá við Ölfusárbrú 1996–2015 var $0,329 \mu\text{mol/l}$. Blöndun á ómenguðu vatni úr Ölfusá við fráveituvatn úr skolprásinni við Geitanes (P-

³ Umfjöllun um spurningu 8 – 1. kafli

⁴ Umfjöllun um spurningu 9 – 1. kafli

total = 180 µmól/l; tafla 1) þyrfti að vera 500 til 1000 föld til að veginn meðalstyrkur P-total félli innan flokks B miðað við reglugerð 796/1999 sem fjallar um umhverfismörk næringarefna (tafla 10). Ekki er líklegt að styrkur P-total í blöndu fráveituvatns og Ölfusár við Ölfusárbrú geti náð flokki A þar sem meðalstyrkur P-total við Ölfusárbrú er nú þegar í efri mörkum á flokki A, eins og er lýsandi fyrir jökullættað vatn (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2017). Leiða má að því líkum að þynning fráveituvatns skolprásarinnar við dæmigert vetrarrennsli Ölfusár við Selfossbrú myndi vera nægileg til að heildarstyrkur uppleysts fosfórs (P-total) og PO₄ falli í flokk B (lítið snortið vatn) eins og hann er skilgreindur í reglugerð 796/1999. Líklega mætti ná þeirri þynningu fremur hratt ef skolprörið næði út í meginál árinnar þar sem blöndun er mest. Önnur efni í fráveituvatninu voru í minni styrk miðað við styrk þeirra í sýnum úr Ölfusá af Ölfusárbrú og því ekki líkleg til að valda alvarlegri mengun í ánni.

5.2 Botnlægir þörungar og blábakteríur

Eins og fram hefur komið hér að framan var næringarefnastyrkur á Ölfusár-Hvítárvæðinu tiltölulega hár niður allt vatnasviðið miðað við mörg önnur vatnsföll. Marktæk aukning sást á styrk fosfórs, nítríts og ammóníums á stöð 540 við Sandvík neðan við ræsið við Geitanes (19. mynd). Næringarefnauðgun getur raskað jafnvægi vistkerfa, þar sem aukið framboð næringarefna getur leitt til fjölgunar frumframleiðenda eins og þörunga og blábaktería og breytt hlutföllum á milli tegunda, þar sem fáar tegundir verða ríkjandi (Scheffer 2004).

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru á hinn bóginn að færri þörungar fundust og minna magn blaðgrænu mældist á steinum á stöð 540 í Ölfusá, sem er fyrir neðan skolprásina við Geitanes, miðað við það sem mældist ofar (stöð 530). Magn blaðgrænu er notað sem mælikvarði á lífmassa þörunga. Magn blaðgrænu á steinum í Ölfusá í nóvember 2017 var að meðaltali 6,3 á stöð 530 og 2,0 µg/cm² á stöð 540⁵ og er það svipað því sem mældist í júlí 2011 í hinni jökulblönduðu Hólmsá í Skaftárhreppi (1,0–9,5 µg/cm²) (Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir 2012) og í dragánni Stóru-Laxá í Hreppum í ágúst 2014 (2,2–7,4 µg/cm²) (Magnús Jóhannsson o.fl. 2015). Fyrir neðan skolprásina (stöð 540) mældist magn blaðgrænu um þriðjungur af því sem það mældist á steinum ofan hennar (stöð 530)⁶. Sama má segja um þéttleika kísilþörunga, en fjöldi þeirra á steinum á stöð 540 var um þriðjungur af meðalfjölda á steinum á stöð 530.

Helstu áhrif af innstreymi skolps á þörungaflóru var á fjölda ættkvísla grænþörunga og blábaktería og samsetningu þeirra. Neðan við skolprásina voru færri ættkvíslir grænþörunga

⁵ Umfjöllun um spurningu 5 – sjá kafla 1

⁶ Umfjöllun um spurningar 4 og 5 – sjá kafla 1

og blábaktería, þar sem ein ættkvísl blábaktería, *Leptolyngbya*, var ríkjandi en sást ekki ofan hennar⁷.

Mosar sem uxu á steinum virtust vera líkir að magni á milli sýnatökustöðva, en þeir voru ekki greindir til tegunda. Á stöð 530 var ein gerð mosa ríkjandi og fannst hún einnig á stöð 540, ásamt annarri gerð mosa sem var dekkri á lit og með sterkbyggðari greinar. Dekkri tegundin gæti hafa verið um fjórðungur af mosanum á sumum af steinum á stöð 540.

Yfirborð steina í farvegi árinnar var þakið lífrænum og ólífrænum ögnum sem eru upprunar að hluta til frá lífverum eins og þörungum og hryggleysingum sem lifa í setinu. Set berst niður ána af náttúrulegum ástæðum en auk þess berst með fráveituvatni s.s. með skolprásinni við Geitanes. Þyngstu agnirnar setjast til á árbotninum og meðfram bökkum árinnar. Magn lífræns efnis (öskulaus þurrvigt) mældist mun hærra á sýnatökustöð 540, sem ekki er hægt að rekja til þörungagróðurs eða hryggleysingja í seti. Enda er ljóst að bæði lífræn og ólífræn efni berast með skolpinu og setjast til í mosa og á steinum. Setlag var þannig þykkara og hafði ólíka ásýnd á steinum frá stöð 540 en á steinum frá stöð 530. Þar sem hlutföll lífrænna efna voru lík á milli sýnatökustöðva, virðist skolpið ekki hafa leitt til hækkunar á hlutfalli lífrænna efna í seti, þó að magn sets á steinum við Sandvík hafi verið meira en ofar. Setið er hreyfanlegra undirlag en steinbotn eða mosar, þörungar geta ekki fest sig við setið án þess að eiga á hættu að lenda undir meira seti eða að fljóta í burtu ef setið skolast af steinunum.

Gerðir samfélaga grænþörunga og blábaktería voru ólíkar á milli sýnatökustöðva 530 og 540. Þörungar og blábakteríur þrifast við mismunandi aðstæður og því hefur umhverfið mikil áhrif á það hvaða tegundir og ættkvíslir geta þrifist á hverjum stað. Þörungar eru því oft hentugir til að meta áhrif mengunar og annarra álagsþátta á lífverur (Bellinger og Siguee 2015). Þessir álagsþættir geta einnig verið af náttúrunnar völdum s.s. kulda og rennslisbreytingum.

Á stöð 530 voru kísilþörungar og blábakteríur í nokkuð jöfnum hlutföllum, og grænþörungar í minna mæli. Á stöð 540, neðan skolprásar, fundust kísilþörungar og blábakteríur en engir grænþörungar. Þar voru köfnunarefnisbindandi blábakteríur af ættkvíslinni *Leptolyngbya* langstærsti hluti af fjölda og þekju þörunga og blábaktería (~90% af þörungaþekju)⁸ en þessi ættkvísl finnst víða í ofauðguðum vötnum, meðal annars í affallsvötnum ýmisskonar iðnaðar (Peinador 1999).

Ofan skolprásar, á stöð 530, fundust grænþörungar af ættkvíslunum *Microspora*, *Stigeoclonium* og *Spyrogyra*. *Microspora* er ættkvísl sem finnst víða í ám og vötnum. Ættkvíslin vex vel við breytileg skilyrði. Hún er til dæmis þekkt fyrir að vera algeng í samfélögum botnlægra þörunga í síru umhverfi og/eða við háan styrk þungmálma (Whitton o.fl. 2011) sem

⁷ Umfjöllun um spurningu 3 – sjá kafla 1

⁸ Umfjöllun um spurningu 3 – sjá kafli 1.

var þó ekki raunin á stöð 530 í Ölfusá. Tegundir af ættkvíslinni *Stigeoclonium* geta vaxið við háan styrk næringarefna og þungmálma og í Evrópu er hún stundum algengasta ættkvíslin í samfélögum þörunga á svæðum sem eru undir áhrifum landbúnaðar eða neðan við fráveit skolps (Whitton o.fl. 2011). Af ættkvíslinni *Spyrogyra* eru þekktar um 200 tegundir og er hún ein tegundaríkasta ættkvísl grænþörunga. Algengt er að finna ættkvíslina við árbakka og getur blómi hennar orðið mikill í næringarríkum vötnum, einkum á vorin og haustin (Whitton o.fl. 2011). *Spyrogyra* fannst ekki í sýninu frá stöð 540, þó að styrkur uppleystra næringarefna væri hár í vatninu, en fannst hins vegar á stöð 530 ofan við skolprásina. Hafa skal í huga að eitt sýni var unnið ofan skolprásar og eitt fyrir neðan.

Sú staðreynd að eingöngu fannst ein ættkvísl blábaktería (*Leptolyngbya*) á stöð 540, auk þess sem að grænþörunger voru ekki til staðar, gæti bent til þess að áhrif fráveituvatnsins gæti fyrir vöxt og viðgang botnlægra þörunga. Vatnið ofan skolprásar, sem var fosfórríkt þegar rannsóknin var gerð og með hlutfallslega lítinn styrk köfnunarefnis, býður upp á kjöraðstæður fyrir vöxt köfnunarefnisbindandi blábaktería. Aðrar gerðir þörunga, eins grænþörunger og kísilþörunger, þrifust einnig vel fyrir ofan skolprásina. Framboð fosfórs og köfnunarefnis var mun meira neðan skolprásarinnar en ofan hennar og var styrkur fosfórs hlutfallslega hærri en styrkur köfnunarefnis, miðað við næringarefnabörf grænþörunga (1P:16N mól). Það gæti skýrt hvers vegna köfnunarefnisbindandi blábakteríur af *Leptolyngbya* ættkvísl hafi náð sér svo vel á strik og orðið ríkjandi. Þær geta nýtt sér aukið fosfór og bundið köfnunarefni sem upp á vantar úr andrúmslofti, en það geta grænþörunger ekki gert.

Auk grófflokkunar þörunga af steinum frá stöðvum 530 og 540 var framkvæmd ýtarlegri greining á kísilþörungum sem leiddi í ljós að þéttleiki kísilþörunga var um 60% lægri á stöð 540 m.v. stöð 530 (tæplega 1,3 milljón frumur/cm² á stöð 530 og tæplega 0,5 milljón frumur/cm² á stöð 540)⁹, en þó var tegundasamsetning og þar með fjölbreytileiki þeirra svipaður á stöðvunum (Shannon stuðull). Við fíngreiningu eru kísilþörunger taldir og hlutfall þeirra metið út frá fjölda frumna, en við grófflokkun er hlutfall ættkvísla metið út frá þekju frumna þörunganna. Niðurstöður fíngreininga á kísilþörungum sýndu að mjög lágt hlutfall var af köfnunarefnisbindandi kísilþörungum af *Epithemia* ættkvíslinni, miðað við heildarfjölda kísilþörunga ólíkt því sem niðurstöður grófflokkunar þörunga bentu til og fjallað er um í kafla 4.3.2. Köfnunarefnisbindandi kísilþörungurinn *Epithemia* er stórvaxinn og það getur skýrt þann mun sem grófflokkun og fíngreining kísilþörunga sýnir. Við grófflokkun (minni stækkun en við fíngreiningar) sjást stórgerðir þörungar vel, en minnstu kísilþörungarnir síður, en við fíngreiningu á kísilþörungum er hætta á að stærstu þörungarnir lendi utan þess hlutsýnis sem skoðað er.

⁹ Umfjöllun um spurningu 4 – sjá 1. kafla

Aukið næringarefnaframboð neðan skolprásarinnar virðist því ekki hafa valdið því að ákveðnar kísilþörungategundir hafi náð sér á strik og orðið ríkjandi á stöð 540. Í nokkrum tilvikum, þar sem hlutfall tegunda var lágt, var þó einhver munur á milli staða t.d. var *Epithemia* algeng á stöð 530 en fátíð á stöð 540. Nokkrar tegundir kísilþörunga sem voru flokkaðar saman í tegundahópinn *Navicula cryptocephala* og líkar tegundir voru algengari á mosa á stöð 540 en annars staðar. Þetta eru tegundir sem hafa hæfileika til að skríða upp úr seti auk þess að geta þrifist við næringarauðugra umhverfi. Kísilþörungar sem tilheyrðu tegundahópnum *Coccneis placentula* (mismunandi afbrigði) eru kringlóttir og flatar frumur, sem festa sig flatir við yfirborð steina eða gróðurs. Þeir finnast gjarnan í straumvatni við nokkuð breytilegan styrk næringarefna. Þessar tegundir voru nokkuð algengar á steinum og mosa frá stöð 530, en voru mun sjaldgæfari í sýnum frá stöð 540. Á milli þessarra sýnatökustöðva var töluverður munur á magni sets á yfirborði steina og mosa og líklega voru aðstæður á steinum við Sandvík óhagstæðar fyrir botnfasta þörunga eins og *Coccneis placentula*, þar sem yfirborð steinanna var þakið gráleitri skán. Enda voru algengustu tegundir kísilþörunga á báðum stöðum kísilþörungar sem festa sig ekki við botninn heldur fljóta yfir honum sem stakar frumur eða í keðjum. Það voru tegundir sem tilheyrðu tegundahópnum *Fragilaria* hópur (t.d. *F.construence f. venter*, *F. brevistriata* og *F. pseudoconstruens*) og hópnum *Staurosira pinnata* og líkar tegundir. Tegundasamsetning kísilþörunga á steinum í Ölfusá, fyrir ofan og neðan skolprásina við Geitanes, gaf þannig til kynna að áhrif af seti sem barst með skolpinu hafi haft meiri áhrif á samfélag kísilþörunga en aukið næringarframboð sem þó hafði líka einhver áhrif. Meðal þeirra hópa kísilþörunga sem sáust vel við grófflokkun þörunga voru *Aulacoseira islandicus*, þar var tegundin algengari í sýni frá stöð 530, ofan skolprásar, en frá stöð 540, neðan hennar, en sá munur kom ekki fram við fíngreiningu á kísilþörungum. Tegundin finnst víða í stöðuvötnum, eða í lygnum við árbakka. Berst hún líklega að einhverju leyti í Ölfusá úr þingvallavatni þar sem hún þrífst vel, en þaðan er megnið af lindarvatni í Ölfusá komið (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2012b).

5.3 Botnlægir hryggleysingjar

Rykmýslirfur einkenndu samfélög hryggleysingja í Ölfusá og var hlutfall þeirra mjög hátt á báðum sýnatökustöðum. Þéttleiki rykmýslirfa var þó töluvert hærri á stöð 530, ofan skolprásar, þar sem voru að meðaltali rúmlega 122 þúsund lirfur á hverjum fermetra en rúmlega 68 þúsund á stöð 540¹⁰, neðan skolprásar. Eins og áður hefur komið fram var mikið set á steinum neðan við skolprásina sem að öllum líkindum hefur áhrif á uppbyggingu samfélaga hryggleysingja. Vitað er að uppsöfnun á seti breytir aðgengi að ljósi ásamt því að

¹⁰ Umfjöllun um spurningu 6 – sjá 1. kafla

mýkja undirlag botnsins, sem gæti haft áhrif á samsetningu og fjölda hryggleysingja (Airoldi, 2003). Aðrir algengir hryggleysingjar á báðum stöðum voru bitmýslirfur og sniglar, en bíar þessir hópar eru algeng fæðudýr fiska, en þéttleiki þeirra var mun minni neðan skolprásarinnar en ofan hennar. Niðurstöðurnar eru í samræmi við eldri rannsóknir á vatnakerfi Ölfusár sem herma að yfirgnæfandi meirihluti hryggleysingja tilheyri lirfum myflugna, þ.e. bitmýs (*Simulium*) og rykmýs (Chironomidae) (Finnur Guðmundsson og Geir Gígja 1941).

Fjöldi rykmýstegunda var hærri neðan skolprásarinnar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530). Algengustu rykmýstegundirnar á báðum stöðunum voru *Eukiefferiella minor* og *Orthocladius (O.) frigidus*. Fyrrgreinda tegundin er algeng í íslenskum straumvötnum (Jón S. Ólafsson o.fl. 2002, Þóra Hrafnasdóttir 2005) og þrífst hún afar vel á mosagrónum árbotni eins og var á báðum stöðvum í Ölfusá. Sömuleiðis er tegundin *O. frigidus* algeng í mosagrónum ám, sem og í lygnum og gróðurríkum bökkum (Moller Pillot 2013). Tegundin *Cricotopus (I.) sylvestris* fannst einungis á stöð 540, neðan skolprásar. Tegundin þrífst við breytilegar aðstæður og finnst m.a. í menguðum og straumhörðum ám, og þar sem jarðhita gætir (Jón S. Ólafsson o.fl 2010). Rannsóknir benda til þess að þéttleiki tegundarinnar aukist því neðar sem dregur í ám sökum viðbættra næringarefna, m.a. frá landbúnaði (Moller Pillot 2013). Tilvist *C. (I.) sylvestris* í Ölfusá á neðri rannsóknarstöðinni í Ölfusá stafar því hugsanlega af auknum næringarefnastyrk í árvatninu neðan við skolprásina. Fjórar aðrar tegundir eða hópar rykmýslirfa fundust eingöngu á stöð 540, neðan skolprásar, og voru það *Chaetocladius*, *Cricotopus (C.) tibalis*, *Diamesa latitarsis* hópur og *Psectrocladius sordidellus* hópur. Allt eru það tegundir sem finnast víða í Evrópu, sem og á Íslandi, og engin þeirra er sérstaklega flokkuð sem þolin (e: tolerant) tegund (Moller Pillot 2013). Þrátt fyrir marktækt minni þéttleika rykmýslirfa á stöð 540, neðan skolprásar, var fjölbreytileiki rykmýslirfa þar meiri en mældist við stöð 530¹¹. Það skýrist af miklum tegundafjölda ásamt jafnri dreifni á rykmýstegundum á stöð 540, en jöfn dreifing og fjöldi tegunda eru álíka mikilvægar forsendur við mat á fjölbreytileika samfélaga (Magurran 2002).

Auk rykmýslirfa voru ánar áberandi á báðum sýnatökustöðvunum og var þéttleiki þeirra (byggt á sjónrænu mati) margfalt meiri neðan skolprásar (stöð 540) en ofan hennar (stöð 530)⁹. Rannsókn á ánum var ekki magnbundin vegna þess hve illa þeir varðveitast í etanolí. Meiri þéttleiki ána neðan skolprásar endurspeglast e.t.v. í háu hlutfalli ána í magasýnum laxfiska á stöð 540, neðan skolprásar, samanborið við magasýni laxfiska á stöð 530, ofan skolprásar, þar sem vorflugulirfur voru ríkjandi fæða. Ánar hafa lengi verið notaðir sem líffræðilegur gæðaþáttur í ferskvatni (e: bioindicator) varðandi lífræna mengun í vatnakerfum. Talið er að hlutföll ána aukist á botni mengaðra vatnakerfa, meðal annars vegna þess að þeir þoli lágan styrk súrefnis í vötnum þar sem rotnun er mikil sökum lífrænnar

¹¹ Umfjöllun um spurningu 6 – sjá 1. kafla

mengunar (Rodriguez og Reynoldson 2011). Mikil uppsöfnun á lífrænu- og ólífraenu seti neðan skolprásarinnar gæti því skapað heppilegar aðstæður fyrir ýmsar tegundir ána, þar sem þeir eru með blóðrauða (haemoglobin) sem gerir þeim kleyft að þola súrefnisskort betur. Í rannsókn á lífríki árinnar Derwent í Englandi (Brinkhurst 1965) var áhrifum lífrænnar mengunar frá fráveituvatni skolprásar lýst og voru ánar einkennandi neðan við skolprásir en aðrir hópar hryggleysingja fátíðir. Fjölbreytileiki hryggleysingja jókst eftir að nýtt og betrumbætt fráveitukerfi var tekið upp í grennd árinnar, ásamt því að fjöldi ánategunda jókst (Brinkhurst 1965). Sambærilegar niðurstöður er að finna í rannsókn Gísla Más Gíslasonar, en þar var áhrifum lífrænnar mengunar á hryggleysingja í Varmá í Mosfellssveit lýst (Gísli Már Gíslason 1980). Þessar niðurstöður benda til þess að fjölbreytileiki hryggleysingja muni aukast með aukinni hreinsun skolps frá Selfossi.

Vorflugulirfur fundust í nokkru mæli á stöð 530, ofan skolprásar, en voru afar fátíðar neðan hennar (stöð 540) í þeim sýnum sem voru unnin.¹² Vorflugulirfur eru hluti af svokölluðum ETP (Ephemeroptera (dægurflugur), Trichoptera (vorflugur) og Plecoptera (steinflugur)) hópi skordýra sem er notaður sem vísalta á gæði vatna og er tilvist þeirra og fjölbreytni yfirleitt vísbending um ágætis vatnsgæði (Barbour o.fl. 1999). Bæði vorflugulirfur og gyðlur steinflugna var að finna á stöð 530 ofan skolprásar en ekki eða í litlu magni neðan hennar. Út frá því má álykta að vatnsgæðin séu betri ofan skolprásar en neðan hennar. Steinflugugyðlur eru almennt taldar viðkvæmar fyrir lífrænni mengun (Armitage 1983, Gísli Már Gíslason 1980). Loðmý eða fiðrildamý (Psychodidae) fannst einungis neðan skolprásarinnar (stöð 540) og lifa lirfur margra tegunda þessarar ættar í eða við skolp (Smith 1989).

Lífmassi hryggleysingja í Ölfusá var ekki mældur í þessari rannsókn. Æskilegt væri að endurtaka sýnatöku og rannsaka lífríki neðar í Ölfusá, með því markmiði að skoða svæðisbundna útbreiðslu frumframleiðenda og hryggleysingja. Áhrif skolplosunarinnar kunna að vera staðbundin við nálæg búsvæði og þynningaráhrif valda því mögulega að ákveðnir hópar þörunga og hryggleysingja birtist á ný er fjær dregur frá skolprásinni.

5.4 Fiskar

Heildarþéttleiki seiða laxfiska árið 2017 var meiri neðan skolprásar (stöð 540, við Sandvík) en ofan hennar (stöð 530, við Selfoss). Hins vegar var þéttleiki laxaseiða lægri á stöð 540 en á stöð 530.¹³ Þetta helgast af hlutfallslega meiri þéttleika urriðaseiða á stöð 540, neðan við skolprás, en þar voru þau ríkjandi tegund fiska. Jafngömul seiði voru heldur stærri á stöð 540 og þar var holdastuðull seiða heldur hærri en á stöð 530 (kafli 4.5.1). Þetta gæti bent til hraðari vaxtar

¹² Umfjöllun um spurningu 6 – 1. kafli

¹³ Umfjöllun um spurningu 7 – 1. kafli

sem gæti tengst auknu fæðuframboði. Grófari botngerð á stöð 540 sem gefur stærri seiðum aukið skjól getur skýrt hærri þéttleika eldri og stærri seiða sem og hagstæðari búsvæði fyrir fæðudýr og þess vegna betri vaxtarskilyrði fyrir seiði.

Talsverður munur var á samsetningu fæðu seiða milli stöðva en fæðan endurspeglast í því sem í boði er á hverjum stað. Fæðan var fjölbreyttari hjá laxfiskaseiðum á stöð 540, neðan skolprásar, en á stöð 530, ofan hennar. Á stöð 530 voru vorflugulirfur í mestum mæli fæðunni, en þær var vart að finna í fæðu laxfiskaseiða á stöð 540, neðan skolprásar, þar sem vatnabobbi var aðalfæða laxaseiða auk þess sem hlutdeild ána var nokkur. Ánar höfðu litla hlutdeild í fæðu á stöð 530. Bitmýslirfur voru í nokkum mæli í fæðu seiða ofan fráveitu (stöð 530), einkum hjá laxaseiðum, en fundust í mjög litlum mæli neðan skolprásar (stöð 540). Samsetning fæðunnar ræðst að líkindum af þeim fæðugerðum sem eru til staðar og vali seiða á fæðu. Rannsóknir á fæðu laxfiska í Ölfusá endurspeglar niðurstöður rannsókna á hryggleysingum sem greint er frá í kafla 4.3 og rætt er um í kafla 5.3. Þar kemur fram að vorflugulirfur voru ekki til staðar á stöð 540, neðan skolprásar, og því eru þær ekki hluti af fæðu laxfiskaseiðanna sem þar veiðast. Lirfur vorflugna eru mjög algeng fæða seiða laxfiska í ám hér á landi einkum hjá eldri seiðum ($> 0^+$) (Magnús Jóhannsson o.fl. 2011, Magnús Jóhannsson o.fl. 2015, Þórólfur Antonsson 2015). Magafylli seiða var hærri á stöð 530, ofan fráveitu, eða 2,33 (n=18), samanborið við stöð 540, neðan fráveitu, en þar var hún 1,52 (n=21). Lítil magafylli á stöð 540 er í nokkurri mótsögn við það að meiri vöxt megi skýra með betri fæðuskilyrðum. Ekki er gott að skýra þennan mismun en hér getur verið um tilviljun að ræða, áhrif fráveituvatns skolprásar, og/eða að fylli seiða sé breytileg milli daga. Magafylli getur líka ráðist af því hve hratt viðkomandi fæðugerð meltist. Hugsast getur að ánar, sem mikið var af neðan við skolprás, meltist hraðar en vorflugulirfur sem hafa harðgerðari byggingu, og byggja hús sín úr ólífraenu efni eins og sandkornum.

Sé litið til þróunar á þéttleika fyrir lax frá 1985 til 2016 má sjá að seiðum virðist hafa fækkað á þeim stöðum sem vaktaðir hafa verið í Ölfusá, og á það bæði við um eins árs og tveggja ára seiði.¹⁴ Þéttleiki laxaseiða í heild yfir tímabilið hefur hinsvegar minnkað mun meira á stöð 540, neðan skolprásar, en ofan hennar á stöðvum 520 og 530 (1. mynd). Þá hefur hlutur laxaseiða í heildarþéttleika seiða lækkað talsvert á tímabilinu á stöð 540 á meðan hlutur urriðaseiða hefur vaxið, ólíkt því sem var á stöð 520 og 530, ofan ræsis. Ætla má að fráveituvatn skolprásarinnar frá byggðinni á Selfossi geti hafa haft þarna áhrif til minni þéttleika laxaseiða og svo virðist að urriði geti komið inn á svæði þau sem lax hefur vikið af.

Margar tegundir fiska eru viðkvæmar fyrir lífrænni mengun, þ.m.t. skolpmengun og eru laxfiskar sérlega viðkvæmir að því leyti (Sandlund o.fl. 2013). Til að mynda er lax mjög

¹⁴ Umfjöllun um spurningu 7 – 1. kafli

viðkvæmur fyrir hnignandi vatnsgæðum (Hendry og Cragg-Hine 2003) og er líklega viðkvæmari fyrir skolpmengun en urriði. Skolp og ýmis efni sem í því eru getur haft bæði bein og óbein áhrif á fiska m.a. í gegnum búsvæði og/eða fæðu. Efni í skolpinu geta og valdið eituráhrifum sem leiðir fiska til dauða og skolpmengun getur valdið streitu sem gerir fiska viðkvæmari fyrir sýkingum. Mögulega geta efni s.s. lyfjaleifar eða hormón haft áhrif þótt það geti verið erfitt að mæla þar sem þau geta verkað við mjög lágan styrk. Í raun er mjög lítið þekkt um áhrif fjölmargra eiturefna á fiska (Scott og Sloman 2004). Þó hefur verið sýnt fram á að mengunarefni í skolpi geta haft áhrif á lífeðlisfræði fiska (Giang o.fl. 2018) m.a. breytt hormónastarfsemi þeirra og haft áhrif á hegðun fiska (Scott og Sloman 2004). Einnig er þekkt að efni í eitruðum þörungum sem lifa í skolpmenguðu vatni geta borist gegnum fæðu yfir í fiska.

Athygli vekur hvernig breyting hefur orðið á tímabilinu 1985 til 2017 á fæðu seiða laxfiska á stöðvum ofan og neðan við ræsið sem er ofan við Geitanes. Ofan ræsisins, stöðvar 520 og 530, hafa vorflugulirfur verið lang algengasta fæðan ásamt bitmýslirfum og lítil breyting orðið þar á tímabilinu. Við Sandvík (stöð 540) neðan við ræsið, hefur samsetning fæðunnar verið allt önnur en á stöðvunum ofan þess og greinileg breyting hefur átt sér stað á samsetningu fæðu seiðanna. Bitmýslirfur hafa vart fundist í fæðu seiða þar eftir 1997 og vorflugulirfur hafa vart fundist í fæðu laxfiskaseiða eftir 2003. Í stað þeirra hafa vatnabobbar og ánar komið. Þarna er líklega um að ræða áhrif frá skolpmengun en þekkt er að flestar tegundir vorflugna eru næmar fyrir lífrænni mengun meðan ánar og vatnabobbar eru það ekki (Armitage 1983). Því má ætla að aukið álag skolpmengunar hafi leitt til þessara breytinga á botndýrasamfélögum neðan skolprásar (sjá kafla 4.4 og 5.3) og þar með fæðuframboðs fyrir laxfiskaseiði.

Sé litið til þróunar á laxveiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár sést að hún hefur dregist saman og það hefur netaveiði í Ölfusá einnig gert. Samanburður á laxveiði í net á jörðum neðan ræsis, og á öðrum jörðum í Ölfusá, sýnir að neðan ræsis var orðin lítil sem engin veiði seint á níunda áratug síðustu aldar og hefur verið svo síðan. Samdráttur var í veiði á öðrum jörðum í Ölfusá en ekki nærri eins mikil. Athygli vekur að samdráttur í laxveiði neðan við skolprásina varð eftir að aðalræsið frá byggðinni er leitt í ána neðan við Selfossbæina á áttunda áratug síðustu aldar og síðan á tíunda áratugnum eftir að skolprásir frá mestallri og vaxandi byggð á Selfossi voru sameinaðar ofan við Geitanes.

Fiskar á göngu upp ár þurfa að spara orku (Fish 2010) og velja þess vegna straumminni svæði og ganga því mikið nálægt bökkum ánya (Hinch o.fl. 2002, Sutela o.fl. 2018). Það fer m.a. eftir vatnsmagni, öðrum umhverfisaðstæðum og fiskstærð hvar fiskar velja að ganga, stórir fiskar ganga fjær bakka en smáir (Huges 2004). Fráveita skolps frá Selfossi nær rétt út fyrir bakka árinnar og berst það sem frá henni kemur meðfram bakkanum. Fiskar eru afar lyktnæmir og geta með því greint ýmis uppleyst efni í vatni, en næmi þeirra er misjafnt eftir efnum. Þeir geta

greint styrk náttúrulegra efna (e: *natural chemical cues*) í allt að ppt kvarða (1 ng/l eða 10^{-12} g/l) (Belanger 2006). Styrkur margra snefilefna (Mn, Sr, As, Ba, Co, Ni, Zn, Pb og Mo) í vatnssýnum úr Ölfusá á stöð 540, neðan skolprásar við Geitanes, var 10–250% hærri en í sýni frá stöð 530, ofan skolprásar (kafli 4.2). Mest var aukningin á Ni (50%) og Zn (250%). Sýnt hefur verið fram á að fiskar hörfa verði þeir varir við mengandi efni, þrátt fyrir að styrkur þeirra sé mjög lágur (Thorstad 2008). Laxfiskar á hrygningargöngu eru ekki síður lyktnæmir en aðrir fiskar enda er lyktarskynið mjög mikilvægt í leit þeirra að sinni heimaslöð (Döving 1992). Í stórum vatnakerfum geta laxar numið vatn frá sinni heimaá nokkur hundruð kílómetra neðan við ósa hennar og velja eftir því með hvorum bakkanum þeir ganga (Keefer o.fl. 2006). Litlar rannsóknir eru til um áhrif mengunar á hegðun laxa á hrygningargöngu upp ár. Þekkt er að laxar forðast kopar og sink við styrk sem er langt undir því sem veldur fiskdauða og dæmi eru um það að mjög lágur styrkur þessara málma hafi haft veruleg neikvæð áhrif á lax á hrygningargöngu (Saunders og Sprague 1967). Áhrifaþættir sem geta haft áhrif á lyktarskyn fullvaxta laxa geta gert það að verkum að þeir finna síður sína heimaá (Scholz o.fl. 2000) og truflað lyktarbundið atferli við hrygningu (Moore o.fl. 2013).

Með tilvísun í það sem að framan greinir, eru líkur á því að lax á uppgöngu forðist að ganga í menguðu vatni, þótt ekki verði skorið úr um það með óyggjandi hætti. Innrennsli á menguðu vatni úr skolprásinni frá byggð á Selfossi gæti valdið því að laxar sem ganga upp Ölfusá velji að ganga fjær landi en ella og valdi þar af leiðandi minni veiði á þeim jörðum í Ölfusá sem eru neðan við skolprásina. Til viðbótar er sú staðreynd að dregið hefur úr sókn vegna þess að veiðimöguleikar hafa minnkað og vegna minnkandi áhuga ábúanda á bökkum Ölfusár á að nýta fisk úr skolpmenguðu árvatninu. Þá hefur minni framleiðsla seiða á svæðinu neðan skolplosunar einnig meðvirkandi áhrif.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hafa verið raktar niðurstöður rannsóknar á efnasamsetningu og lífríki (fiskar, þörungar og hryggleysingjar) Ölfusár sem fór fram í nóvember 2017, auk niðurstaðna úr eldri rannsóknum. Þessi rannsókn miðaði fyrst og fremst við að svara því hver áhrif núverandi fráveitu á Selfossi (núllkosts) á styrk uppleystra efna, vatnalífríki og veiðinýtingu í Ölfusá væru. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mengun frá aðalskolprás frá byggð og atvinnustarfsemi á Selfossi hafi áhrif á efnastyrk í ánni og ástand lífríkis Ölfusár, fiskgöngur og veiði. Áhrifin á lífríkið koma fram á stöð 540, neðan skolprásar við Geitnes, en ekki er hægt að fullyrða neitt um hve langt niður eftir ánni áhrif af fráveitunni ná. Til að svara því þyrfti frekari sýnasöfnun meðfram bakkanum neðan skolprásarinnar. Helstu áhrif af losun skolps í Ölfusá eru aukinn styrkur næringarefna og margra aðal- og snefilefna (Na, K, Ca, Mg, SO₄, Cl, F, Mn og Sr), minni lífmassi þörunga og blábaktería (blaðgræna), minni fjölbreytileiki grænþörunga og blábaktería auk minni þéttleika kísilþörunga. Fjölbreytileiki kísilþörunga var svipaður ofan og neðan skolprásar. Fráveituvatn úr skolprásinni hefur áhrif á botnlæga hryggleysingja sem lýsir sér helst í meiri fjölbreytileika en minni þéttleika rykmýs, og auknum þéttleika ána neðan skolprásar. Á árunum 1985–2017 hefur seiðapéttleiki laxfiska lækkað á rafveiðistöðum í Ölfusá, bæði ofan og neðan skolprásar. Mest er minnkunin á þéttleika laxaseiða neðan skolprásar en hún er riflega tvöfalt meiri en á rafveiðistöðvum ofan hennar. Neðan skolprásar hefur hlutfallslegur þéttleiki urrðaseiða hins vegar aukist. Líkur eru leiddar að því að skolplosun hafi valdið minni laxveiði á jörðum í Ölfusá neðan við skolprásina.

Ásamt því að leita svara við áhrifum núverandi skolplosunar í Ölfusá var, að ósk verkbeiðanda, leitast við að svara hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd hefði á vatnsgæði og lífríki árinna ef eftirfarandi valkostir yrðu fyrir valinu: b) bygging á eins þreps hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá, c) bygging á tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá, d) bygging hreinsistöðvar með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa við Sandvík með útrás í Ölfusá og e) bygging á grófhreinsistöð við Sandvík og dæla skolpi um lögn með Eyrarbakkavegi og áfram út í sjó við Eyrarbakkahöfn.

Ölfusá uppfyllir ekki skilyrði um að geta talist síður viðkvæmur viðtaki þar sem hún er ferskvatn (Mannvit 2014). Hins vegar hefur Ölfusá heldur ekki verið skilgreind sem viðkvæmur viðtaki, en undir þá flokkun falla ferskvatnsviðtakar sem gætu orðið fyrir áhrifum mengunar af völdum næringarefna vegna skolplosunar (reglugerð 798/1999). Samkvæmt reglugerð 798/1999 er ekki krafist frekari hreinsunar en tveggja þrepa í viðtaka sem ekki hefur verið skilgreindur sem viðkvæmur (gr. 21.2). Því er ekki gerð krafa um frekari hreinsun en tveggja þrepa í venjulegan viðtaka eins og Ölfusá (sjá einnig Umhverfisstofnun 2017).

Eins þreps hreinsun byggir á því að gróft efni í sviflausn er látið botnfalla eða það síða frá skolpinu áður en fráveituvatnið er losað í viðtaka. Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur

og skólp, þarf hreinsunin að vera nægileg til að hreinsa 50% af svifögnum úr skolpi og lækka líffræðilega súrefnisþörf (BOD_5) um 20%. Mælingar á líffræðilegri súrefnisþörf (BOD) eru notaðar til að meta árangur skolphreinsunar, en hún minnkar við hreinsun lífræns efnis úr skolpinu. Líffræðileg súrefnisþörf (BOD_5) er að meðaltali 204 mg/l í brunni S19 sem er á skolprörinu við Geitanes (Mannvit 2017b). Lækkun BOD_5 um 20%, eins og segir að eins þreps hreinsun þurfi að leiða til í reglugerð 798/1999, myndi lækka BOD_5 í 163 mg/l í brunni S19. Það er hærra en leyfileg losunarmörk á BOD ($25 \text{ mg/l} \pm 100\%$) í hreinsuðu skolpi og er því ekki nægileg hreinsun samkvæmt reglugerðinni.

Tveggja þrepa hreinsun er frekari hreinsun skolps en eins þreps hreinsun. Hún felur oftast í sér líffræðilega hreinsun sem er fylgt eftir með botnfellingu lífræns efnis (reglugerð 798/1999). Í því ferli eru loftháðar örverur oftast notaðar til að brjóta niður lífrænt efni í seyrunni sem kemst í gegn um fyrsta stig hreinsunina. Niðurbrotið lífrænt efni botnfellur í safntankinum og því verður styrkur lífræns efnis minni í því skolpvatni sem losað er í viðtakann eftir tveggja þrepa hreinsun en eftir eins þreps hreinsun. Söfnun seyru er áhrifamikill þáttur í að fjarlægja örplast úr skolpi, en það er málefni sem fengið hefur aukna athygli undanfarið, þar sem vitneskja eykst sífellt um umhverfisvandamál af völdum örplasts. Líkur eru á að ekki verði langt þar til gerðar verða kröfur um hreinsun á örplasti úr fráveituvatni. Þessi aðferð verður hins vegar ekki notuð við skolphreinsun á Selfossi þar sem hún er ekki talin vera heppileg sökum mikils vatns sem er í fráveitukerfinu, og eins vegna þess hve kostnaðarsöm hún er. Sú aðferð sem gert er ráð fyrir að nota við skolphreinsun á Selfossi er byggð upp á aflrænni síun í nokkrum þrepum, með sífellt finni möskvastærð, og byggist á aðferð sem hefur verið í hraðri þróun og er m.a. notuð í Noregi (skv. upplýsingum frá EFLU verkfræðistofu). Markmiðið með síuninni er að lækka styrk svifagna um meira en 90% og lífræns efnis um meira en 70%, sem eru kröfur sem gerðar eru um tveggja þrepa hreinsun. Líklegt er að þessi aðferð nái einnig að fanga örplast úr skolpvatninu en hún lækkar hins vegar ekki styrk uppleystra næringarefna líkt og gerist þegar loftháðar örverur eru notaðar til að brjóta niður lífrænt efni.

Efnagreiningar á vatni úr skolpröri við Geitanes sýndu að styrkur næringarefna og lífræns kolefnis var hár í skolpinu. Reikningar á framburði fosfórs um skolprörið við Geitanes, þar sem styrkur P-total í skolprörinu ($180 \mu\text{mol/l}$; tafla 1) var notaður ásamt mældu rennsli í skolprörinu ($0,38 \text{ m}^3/\text{s}$; Mannvit 2013) leiðir í ljós að 67 tonn af P berast árlega um skolprörið, eða 53% af heildarframburði fosfórs (P-total) Ölfusár við Ölfusárbrú (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2018), sem er náttúrlegur/nær-náttúrlegur framburður vetnsfallsins. Ef gert er ráð fyrir minna rennsli við reikningana minnkar framburðurinn sem nemur rennslisminnkuninni; rennsli upp á $0,2 \text{ m}^3/\text{s}$ auk mælds styrks P-total ($180 \mu\text{mol/l}$) í skolprörinu gefa t.d. 35 tonn P/ári sem er 27% af heildarframburði Ölfusár við Ölfusárbrú. Það er því ljóst að skolpið sem rennur í Ölfusá eykur verulega við framburð fosfórs með ánni.

Fosfór er það uppleysta efni sem hefur hlutfallslega mest áhrif neðan við skolprásina þar sem það hækkar styrk Ölfusár á stöð 540 verulega, þannig að það fellur í flokk E (ófullnægjandi ástand) skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Fosfór, ásamt köfnunarefni, er einnig það efni sem hefur einna mest áhrif á lífríki þar sem þau eru næringarefni sem frumframleiðandi lífverur þarfust í hve mestu magni. Þynning skolpsins 500–1000 falt myndi nægja til að styrkur fosfórs í skolpvatninu yrði ekki meiri en svo að hann félli í flokk B, sem skilgreint er sem styrkur sem hefur lítil áhrif á lífríki. Ekki eru miklar líkur á því að uppleystur fosfór úr Ölfusá falli í flokk A þar sem styrkur fosfórs í Ölfusá er tiltölulega hár frá náttúrunnar hendi, en jökulár eru þekktar fyrir háan styrk fosfórs í lausn. Meðalrennsli Ölfusár er 380 m³/s sem er um 1000 sinnum hærri en rennsli um skolprörið við Geitanes og staðalfrávikið á rennsli um 100 m³/s. Lágrennsli árinnar er um 200 m³/s sem er um 500 sinnum hærra en rennsli um skolprörið. Lágrennsli árinnar á sér stað á vetrum þegar jökulbráð er lítil/engin. Þar sem rennsli Ölfusár er 500–1000 sinnum meira en í skolprörinu má leiða að því líkur að skolpvatn sem hefur farið í gegn um eins og tveggja þrepa hreinsun nái að þynnast fljótt í Ölfusá ef því er dælt út í miðjan vatnsflaum árinnar þar sem megnið af vatninu streymir.

Niðurbrot lífrænna efna í seyru með tveggja þrepa hreinsun mun minnka magn rotnandi lífræns efnis í Ölfusá og þar með líffræðilega súrefnisþörf (BOD) í vatninu sem gæti þá fallið innan leyfilegra losunarmarka skv. reglugerð 798/1999. Örverur brjóta niður lífrænar agnir og nýta sér þau næringarefni sem í þeim eru auk þess sem þær geta tekið næringarefni beint úr lausn og geta því lækkað styrk aðgengilegra næringarefna í því vatni sem rennur í viðtakann. Mikilvægt er að þeim lífmassa (örveruflóru) sem myndast í söfnunartanki við niðurbrot seyrunnar sé safnað og að hann nái ekki að renna frá tankinum, því annars mun nýmyndað lífrænt efni berast áfram niður í viðtakann og valda áframhaldandi álagi.

Tryggja þarf að þéttleiki saurbaktería verði undir umhverfismörkum í viðtakanum eftir losun á hreinsuðu skolpi. Í fylgiskjali 2 í reglugerð 798/1999 kemur fram að fjöldi saurgerla skuli vera undir 100 í 100 ml af sýni á útvistarsvæðum eða þar sem matvælaiðnaður er í grennd, eins og á við í tilviki Ölfusár, auk þess sem áin hefur verið nýtt til öflunar matfisks. Ekki er fyrirséð að eins- og/eða tveggja þrepa hreinsun muni minnka gerlamengun í skolpinu en það væri hægt með frekari hreinsun en tveggja þrepa, s.s. með geislun. Mælingar á gerlamengun í Ölfusá í sýnum sem safnað var frá 2014–2017 við golfvöllinn á Selfossi og við Flugunes (88 sýni frá hvorum stað) hefur leitt í ljós að þéttleiki gerla við golfvöllinn var í öllum tilvikum minni en 100 gerlar í 100 ml af sýni (að meðaltali 14) en í 34% sýnanna sem safnað var við Flugunes var þéttleikinn yfir þeim mörkum (að meðaltali 174) (Mannvit 2017b). Flugunes er um 2 km neðan við skolprásina við Geitanes en golfvöllurinn er ofan við byggðina á Selfossi. Fjöldi saurgerla hefur verið mældur í brunni S19 og sólarhringsmeðaltal reyndist vera um 190 þúsund gerlar/100 ml (Mannvit 2017b). Það er því ljóst að þynning gerla í skolpvatninu við dælingu í

Ölfusá er mikil, en ef miðað er við gögn frá Flugunesi, ekki nægileg til að standa fullkomlega undir kröfum reglugerðar um fráveitur og skolp á öllum tínum.

Flutningur skolprörásarinnar út í meginál árinnar mun færa skolpmengun frá bökkum Ölfusár og þar með hraða þynningu skolpsins, en þynning þvert á rennslisstefnu árinnar er hæg eins og sést vel á þeim gerlamælingum sem hafa farið fram (Mannvit 2013, 2017a og b).

Hvort sem um væri að ræða hreinsun skolps með eins þreps eða tveggja þrepa (eða frekari hreinsun skolps) áður en því er dælt í Ölfusá myndi það án nokkurs vafa bæta ástand lífríkis í viðtakanum til muna þar sem minna verður af lífrænum og ólífraenum setflutningi frá skolpi sem hefur áhrif á botn árinnar og virðist hindra vöxt ýmissa botnlægra lífveruhópa með bakkanum neðan skolprörsins. Minni setmyndun gæti leitt til þess að botnfastir þörungar, blábakteríur og lífverur eins og vorflugur gætu þrifist á botninum líkt og ofan við skolprásina. Auk þess myndi hreinsun skolps draga úr lífrænu mengunará lagi og þar með minnka rotnun á botni árinnar, sem myndi aftur draga úr þéttleika lífvera sem lifa á rotnandi efni og þola vel súrefnissnautt umhverfi líkt og ánar gera. Tveggja og þriggja þrepa hreinsun myndi auk þess draga úr framburði næringarefna til árinnar og þar með minnka hættu á óæskilegum þörungagróðri neðan við skolprásina. Dæling skolps út í meginál árinnar myndi hraða þynningu skolpsins og þar með myndi styrkur mengandi efna og saurgerla minnka hraðar en nú er. Þar með myndi losun skolps í Ölfusá ekki hafa eins mikil áhrif á lífríki. Losun á hreinsuðu skolpi um rás sem næði út í meginál árinnar myndi líklega einnig bæta skilyrði fyrir göngu laxfiska upp Ölfusá frá því sem nú er, þar sem fiskur, sem gengur oft upp nálægt bökkum árinnar, notar lyktarskynið við rötun. Fiskurinn forðast mengað vatn þótt styrkur mengandi efna í vatninu sé langt undir þeim styrk sem veldur dauða fiska.

Bygging á grófhreinsistöð við Sandvík og dæling skolps um lögn með Eyrarbakkavegi og áfram út í sjó við Eyrarbakkahöfn er einn af þeim valkostum (d) sem komið hafa til tals varðandi byggingu á fráveitukerfi á Selfossi. Sú leið krefst þess að skolpi verði dælt niður á nokkurt sjávardýpi til þess að blöndun verði sem best. Gera má ráð fyrir að þokkalegt blöndunardýpi sé á um 25–30 m dýpi, sem er svipað dýpi og er við útrás vestur af Reykjavík. Ef farið er út frá landi nokkuð austan við Eyrarbakka næst þetta dýpi nær landi en ef farið er vestan megin við Eyrarbakka, en þar þarf að fara 1,5–2 km frá landi til að komast á meira en 25 m dýpi. Á þessum slóðum er meðalstraumur vestur með landinu en straumur er afar breytilegur ef vindar blása kröftuglega með tilheyrandí oldugangi og brimi. Ekki er líklegt að fráveituvatn sem dælt yrði á nægilegt blöndunardýpi, eftir eins þreps hreinsun, hefði neikvæð áhrif á efnastyrk eða lífríki sjávarins. Til að fullyrða nokkuð frekar um þennan valkost þyrfti að gera dýptar- og straumamælingar á svæðinu. Dæling á öllu skolpi um lögn og útrás í sjó myndi koma í veg fyrir að fyrrgreind neikvæð áhrif kæmu fram á vatnsgæðum, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá.

Hvernig sem staðið verður að framkvæmdum við uppbyggingu á fráveitu á Selfossi, er mikilvægt að fylgjast með framvindu lífríkis, efnastyrk, gerlamengun, veiðiþróun og aðstæðum til veiðinýtingar eftir að framkvæmdum líkur.

Heimildir

- Airoldi, L. (2003). The effects of sedimentation on rocky coast assemblages. *Oceanography and Marine Biology: an Annual Review* 41, 161–236.
- Armitage, P.D., Moss, D., Wright, J.F. og Furse, M.T. (1983). The performance of a new biological water quality score system based on macroinvertebrates over a wide range of unpolluted running water sites. *Water Research* 17, 333–347.
- Árni Hjartarson. (1988). „Þjórsárhraunið mikla - stærsta nútímahraun jarðar“. Náttúrufræðingurinn 58, 1–16.
- Barbour, M.T., Gerritsen, J. og Stribling, J.B. (1999). *Rapid Bioassessment Protocols for Use in Streams and Wadeable Rivers: Periphyton, Benthic Macroinvertebrates and Fish*. Önnur útgáfa. Environmental Protection Agency. EPA 841-B-99-002.
- Belanger, R.M., Corcum, L.D, Li, W. og Zielinski, B.S. (2006). Olfactory sensory input increases gill ventilation in male round gobies (*Neogobius melanostomus*) during exposure to steroids. *Comparative Biochemistry and Physiology-Part A: Molecular & Integrative Physiology* 144, 196–202.
- Bellinger, E. G. og Siguee, D.C. (2015). *Freshwater algae. Identification, enumeration and use as bioindicators*. Önnur útgáfa. Bls 113–114.
- Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir. (2012). *Fisk- og smádýrarannsóknir í Hólmsá 2011*. Veiðimálastofnun VMST/12012; LV-2012-105; ORK 1209: 24 bls.
- Brinkhurst R.O. (1965). Observations on the recovery of a British river from gross organic pollution. *Hydrobiologia* 25, 9–51.
- Cranston, P. S. (1982). *A key to larvae of the British Orthocladiinae (Chironomidae)*. Freshwater Biological Association Scientific Publication. Útgáfa 45. 152 bls.
- Döving, K. (1992). Laxevandring. Í: Döving, K. og Reimers, E. (ritstjórar), *Fiskens fysiologi*, bls. 315–327. John Grieg forlag, Stavanger.
- Eydis Salome Eiriksdottir, Oelkers E.H., Jórunn Hardardottir og Sigurdur Reynir Gislason. (2017). The impact of damming on riverine fluxes to the ocean: A case study from Eastern Iceland. *Water Research* 113, 124–138.
- Finnur Guðmundsson og Geir Gíga. (1941). *Vatnakerfi Ölfusár - Hvítár*. Atvinnudeild Háskóla Íslands. Rit fiskeideildar Nr. 1, 51–53.
- Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson og Sigurður M. Einarsson. (2005). Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. *Icel. Agr. Sci.* 18, 67–73.
- Fish, F. E. (2010). Swimming strategies for energy economy. Í: Domenici P. og Kapoor B.G. (ritstjórar). *Fish Locomotion. An eco-ethological perspective*. Bls 90–122. Science Publishers, Plymouth.
- Giang, P.T., Sakalli S., Fedorova G., Tilami S. K., Bakal T., Najmanova L., Grabicova K., Kolarova J., Sampels S., Zamaratskaia G., Randak og Zlabeck V. (2018). Biomarker response, health indicators, and intestinal microbiome composition in wild brown trout (*Salmo trutta* m. *fario* L.) exposed to a sewage treatment plant effluent-dominated stream. *Science of The Total Environment* 625, 1494–1509.
- Gíslí Már Gíslason. (1980). Áhrif mengunar á dýralíf í varmám. Náttúrufræðingurinn 50 (1), 35–45.
- Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson. (1996). *Fiskar í ám og vötnum*. Landvernd, 191 bls.
- Halldór Ármannsson, Helgi R. Magnússon, Péter Sigurðsson og Sigurjón Rist. (1973). *Efnarannsókn vatna. Vatnasvið Hvítár-Ölfusár; einnig Þjórsár við Urriðafoss*: Orkustofnun, OS - RI, Reykjavík, 28 bls.
- Hendry, K. og Cragg-Hine, D. (2003). Ecology of the Atlantic Salmon. *Conserving Natura 2000 Rivers Ecology Series No. 7*. English Nature, Peterborough, 32 bls.
- Hilmar Björn Hróðmarsson, Njáll Fannar Reynisson og Ólafur Freyr Gíslason. (2009). *Flóð Íslenskra vatnsfalla – flóðagreining og rennslisstaða*. Veðurstofa Íslands, VÍ 2009-001, 99 bls.

Hinch, S.G., Standen , E.M., Healey, M. C. Og Farell, A.P. (2002). Swimming patterns and behaviour of upriver-migrating adult pink (*Oncorhynchus gorbuscha*) and sockeye (*O. nerka*) salmon as assessed by EMG telemetry in the Fraser River, British Columbia, Canada. *Hydrobiologia* 483, 147–160.

Hofmann, G., Werum, M. og Lange-Bertalot, H. (2013). *Diatomeen im Süßwasser - Benthos von Mitteleuropa. Bestimmungsflora Kieselalgen für die ökologische Praxis. Über 700 der häufigsten Arten und ihre Ökologie*. 2. útgáfa. Koeltz Scientific Books, Königstein, 908 bls.

Huber, S., Remberger, M., Goetsch, A., Davanger, K., Kaj, L., Herzke, D., Schlabach, M., Jörundsdóttir, H.Ó., Vester, J., Arnórsson, M., Mortensen, I., Schwartson, R. og Dam, M. (2013). *Pharmaceuticals and additives in personal care products as environmental pollutants – Faroe Islands, Iceland and Greenland*. ISBN 978-92-893-2561-5, <http://dx.doi.org/10.6027/TN2013-541>, TemaNord 2013:541, Nordic Council of Ministers, 149 bls.

Huges, N.F. (2004). The wave-drag hypothesis: an explanation for size-based lateral segregation during the upstream migration of salmonids. *Can. J. Fish. Aquat Sci.* 61, 103-109.

Jón Águst Jónsson, Sólrun Svava Skúladóttir og Bárður Árnason. (2017). *Hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Drög að tillögu að matsáætlun*. 44 bls.

Jón S. Ólafsson, Gróð Valgerður Ingimundardóttir, Iris Hansen og Sesselja G. Sigurðardóttir. (2010). *Smádýralíf í afrennslisvatni frá háhitasvæðum við Kröflu, Ölkelduháls og í Miðdal í Henglinum*. Veiðimálastofnun VMST/10019, 66 bls.

Jón S. Ólafsson, Hákon Adalsteinsson, Gísli M. Gíslason, Iris Hansen og Thora Hrafnssdóttir. (2002). Spatial heterogeneity in lotic chironomids and simuliids in relation to catchment characteristics in Iceland. *Verh. Internat. Verein. Limnol.* 28, 157-163.

Keefer, M.L., Caudill, C.C., Peery, C.A. og Bjornn, T.C. (2006). Route selection in a large river during the homing migration of Chinook salmon (*Oncorhynchus tshawytscha*). *Can J Fish Aquat Sci* 63, 1752–1762.

Krammer, K. og Lange-Bertalot, H. (1997a). *Bacillariophyceae. 1. Teil: Naviculaceae. Süßwasserflora von Mitteleuropa 2/1* (ritstj. H. Ettl, J. Gerloff, H. Heying og D. Mollenhauer). (Óbreytt endurpentun frá 2007 á endurskoðaðri útgáfu frá 1997). Spectrum Akademischer Verlag Heidelberg, Berlin, 876 bls.

Krammer, K. og Lange-Bertalot, H. (1997b). *Bacillariophyceae. 2. Teil: Bacillariaceae, Epithemiaceae, Surirellaceae. Süßwasserflora von Mitteleuropa 2/2* (ritstj. H. Ettl, J. Gerloff, H. Heying og D. Mollenhauer). (Óbreytt endurpentun frá 2007 á endurskoðaðri útgáfu frá 1997). Spectrum Akademischer Verlag Heidelberg, Berlin, 610 bls.

Krammer, K. og Lange-Bertalot, H. (2004a). *Bacillariophyceae. 3. Teil: Centrales, Fragilariaeae, Eunotiaceae. Süßwasserflora von Mitteleuropa 2/3* (ritstj. H. Ettl, J. Gerloff, H. Heying og D. Mollenhauer). (Endurskoðuð útgáfa). Spectrum Akademischer Verlag Heidelberg, Berlin, 598 bls.

Krammer, K. og Lange-Bertalot, H. (2004b). *Bacillariophyceae. 4. Teil: Achnanthaceae. Süßwasserflora von Mitteleuropa 2/4* (ritstj. H. Ettl, G. Gärtner, J. Gerloff, H. Heying og D. Mollenhauer). (Endurskoðuð útgáfa). Spektrum Akademischer Verlag Heidelberg, Berlin, 468 bls.

Lange-Bertalot, H. (2001). *Navicula sensu stricto. 10 Genera separated from Navicula sensu lato. Frustulia. Diatoms of Europe: diatoms of the European inland waters and comparable habitats*. Vol. 2. A.R.G. Gantner Verlag. K.G., Ruggell, 526 bls.

Larsson, D.G.J., Adolfsson-Erici, M., Parkkonen, J., Pettersson, M., Berg, A.H., Olsson, P.-E. og Förlin, L. (1999). Ethinyloestradiol – an undesired fish contraceptive. *Aquatic Toxicology* 45, 91–97.

Madsen, S.S., Skovbølling, S., Nielsen, C. og Korsgaard, B. (2004). 17-β Estradiol and 4-nonylphenol delay smolt development and downstream migration in Atlantic salmon, *Salmo salar*. *Aquatic Toxicology* 68, 109–120.

Magnús Jóhannsson. (1991). *Tilraunaveiði á laxi á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár 1989 og 1990*. Veiðimálastofnun, VMST-S/91004: 7 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Jón S. Ólafsson. (2015). *Stóra-Laxá í Hreppum. Vatnalíf, veiðinytjar og virkjun*. Veiðimálastofnun VMST/15011; LV-2015-128, 81 bls.

Magnús Jóhannsson, Guðni Guðbergsson og Jón S. Ólafsson. (2011). *Lífríki Sogs. Samantekt og greining á gögnum frá árunum 1985–2008*. Veiðimálastofnun VMST/11049; LV-2011/089, 112 bls.

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson. (2012a). *Fiskrannsóknir og veiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár*. Veiðimálastofnun VMST/12037, 36 bls.

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson. (2012b). *Mat á búsvæðum laxfiska í Ölfusá*. Veiðimálastofnun VMST/12038, 21 bls.

Magurran, A.E. (2002). Biological diversity. *Current biology* 15 (4), 116–118.

Mannvit. (2013). *Efnamengun og rennsli í október 2013. Fráveita Árborgar – Skilgreining viðtaka*. Skýrsla með mæliniðurstöðum. Reykjavík, MV-2013-055. 33 bls.

Mannvit. (2014). *Skilgreining Ölfusár sem viðtaka – áfangaskýrsla mars 2014*. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2013-060.

Mannvit. (2017a). *Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 27. -28. Febrúar 2017*. MV-2017-009, 16 bls.

Mannvit. (2017b) .*Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 4.- 5. september 2017*. MV-2017-013, 12 bls.

Moore, A., Privitera, L. og Riley, W.D. (2013). The behavior and physiology of migrating Atlantic salmon. Í Ueda, H. og Tsukamoto, K. (ritstj.) *Physiology and Ecology of Fish Migration* (bls. 28–55). CRC Press

Moller Pillot, H. K.M. (2013). *Chironomidae Larvae. Biology and Ecology of the aquatic Orthocladiinae*. KNNV publishing. ISBN 978-90-5011-4592. 312 bls.

Peinador, M. (1999). Cyanobacteria as indicators of organic contamination. *Rev Biol Trop.* 47(3), 381–391.

Reglugerð 796/1999. *Reglugerð um varnir gegn mengun vatns*. Umhverfisráðuneyti, Reykjavík

Reglugerð 798/1999. *Reglugerð um fráveitur og skólp*. Umhverfisráðuneyti, Reykjavík.

Rodriguez, P. og Reynoldson, T. B. (2011). *The Pollution Biology of Aquatic Oligochaetes*. Springer. ISBN 978-94-007-1718-3.

Sandlund, O.T. (ritstj.), Bergan, M.A., Brabrand, Å., Diserud, O., Fjeldstad, H.-P., Gausen, D., Halleraker, J.H., Haugen, T., Hegge, O., Helland, I.P., Hesthagen, T., Nøst, T., Pulg, U., Rustadbakken, A. og Sandøy, S. (2013). *Vannforskriften og fisk – forslag til klassifiseringssystem*. Miljødirektoratets Rapport M 22-2013. Miljødirektoratet, skýrsla M22-2013, 60 bls.

Saunders, R.L. og Sprague, J.B. (1967). Effects of copper-zinc mining pollution on a spawning migration of atlantic salmon. *Water Research* 1, 419–432.

Scheffer, M. (2004). *Ecology of shallow lakes*. Springer Science and Business Media. 125 bls.

Schmid, P.E. (1993). A key to the larval Chironomidae and their instars from Austrian Danube region, streams and rivers with particular reference to a numerical taxonomic approach. Part I, Diamesinae, Prodiamesinae and Orthocladiinae. *Wasser und Abwasser*, suppl. 3/93. Federal Institute for water quality in Wiean – Kaisermühlen. 514 bls.

Scholz, N.L., Truelove, N.K., French, B.L., Berejikian, B.A., Quinn, T.P., Casillas, E. og Collier, T.K. (2000). Diazinon disrupts antipredator and homing behaviors in chinook salmon (*Oncorhynchus tshawytscha*). *Can. J. Fish. Aquat. Sci.* 57: 1911–1918.

Scott, G. R. og Sloman, K. A. (2004). The effect of environmental pollutants on complex fish behaviour: integrating behavioural and physiological indicators of toxicity. *Aquatic Toxicology* 68, 369-392.

Sigrídur Magnea Oskarsdóttir, Sigurdur Reynir Gislason, Arni Snorrason, Stefanía Guðrún Halldorsdóttir og Guðrun Gisladóttir. (2011). Spatial distribution of dissolved constituents in Icelandic river waters. *Journal of Hydrology* 397, 175 – 190.

Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Eydís Salome Eiríksdóttir, Bergur Sigfússon, Sverrir Óskar Elefsen, Jórunn Harðardóttir, Ásgeir Gunnarsson og Peter Torssander. (2003). *Efnasamsetning, rennsli og aurburður*

straumvatna á Suðurlandi, VI. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnnunar. RH-03-2003, Raunvísindastofnunar Háskólangs, Reykjavík. 85 bls.

Sigurður Reynir Gíslason, Deirdre Clark, Svava Björk Þorláksdóttir, Jórunn Harðardóttir og Eydís Salome Eiríksdóttir. (2018). *Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Suðurlandi XX. Gagnagrunnur Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar.* RH-10-2018. Skýrsla Raunvísindastofnunar Háskólangs, Reykjavík. 67 bls.

Sigurður Pétursson. (1979). *Gerlarannsóknir á vatni Ölfusár og ánna á vatnasvæði Hvítár 18. júlí 1979.* Reykjavík, 13 bls.

Sigurjón Rist. (1974). *Efnarannsókn vatna. Vatnasvið Hvítár-Ölfusár; einnig Þjórsár við Urriðafoss:* Reykjavík, Orkustofnun, OSV7405, 29 bls.

Sigurjón Rist. (1990). *Vatns er þörf.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 248 bls.

Smith, K.G.V. (1989). An introduction to the immature stages of British flies. Diptera larvae, with notes on eggs, puparia and pupae. I: Handbook for the identification of British insects (ritstj. W.R. Dolling og R.R. Askew). Vol. 10, Part 14. Royal Entomological Society of London, London, England. 280 bls.

Steinman, A., Lambert, G.A. og Leavitt, P.R. (2006). Biomass and pigment of benthic algae. I: Hauer, F.R. og Lamberti, G.A. (ritstjórar) *Methods in stream ecology*, 2. útgáfa, Adademic Press, 357-379.

Sutela T., Orell P., Huusko Ari., Jaukkuri, M., Huusko, R., Mäki-Petäys A., og Erkinaro J. (2018). Vertical and horizontal distribution of ascending Atlantic salmon in power plant tailrace channels. *Fisheries Management and Ecology* 25, doi.org/10.1111/fme.12291

Thorstad, E. B., Ökland F., Aarestrup, K. og Heggberget, T.G. (2008). Factors affecting the within-river spawning migration af Atlantic salmon, with emphasis on human impacts. *Rev. Fish. Biol. Fisheries* 18, 345-371.

Umhverfisstofnun. (2004). *Handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns.* Skýrsla Umhverfisstofnunar. Fjöldit nr. 2004:32. 27 bls.

Umhverfisstofnun. (2017). *Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014.* 47 bls.

Veðurstofa Íslands. (2018). <http://vmkerfi.vedur.is/vatn/index.html> (20. mars 2018).

Wiederholm. (1983). *Chironomidae of the Holarctic Region, Part 1: Larvae.* Entomological Society of Lund, Sweden. 457 bls.

Whitton, B. A., John, D. A. og Brook, A. J. (ritsþórar). (2011). *The freshwater algal flora of the British Isles: an identification guide to freshwater and terrestrial algae.* Önnur útgáfa. Cambridge University Press, UK, 686 bls.

Þóra Hrafnssdóttir. (2005). Diptera 2 (Chironomidae). *The Zoology of Iceland* III, 48b, 1–169.

Þórólfur Antonsson. (2000). *Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám.* Veiðimálastofnun, VMSTR/0014, 8 bls.

Þórólfur Antonsson. (2015). *Fæða laxa- urriða og bleikjuseiða. Gögn úr Vesturdalsá, Höfsá og Selá í Vopnafirði og úr Elliðaárm og Leirvogsá í Faxaflóa.* Veiðimálastofnun, VMST-S/15024, 21 bls.

Viðauki

Report

T1732822

Page 1 (4)

BLN8YI1GAB



Date received 2017-11-16
Issued 2017-11-27

Marine & Freshwater Research Ins.
Eydis Salome Eiriksdottir

Skulagata 4
IS-401 Reykjavik
Iceland

Project
Reference

Analysis of water

Your ID	20171107-10:30						
Sampled	2017-11-07						
LabID	O10947778						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
nitrate nitrogen	0.023	0.00345	mg/l	1	1	AKR	
nitrite nitrogen	0.0016	0.002	mg/l	1	1	AKR	
ammonium+ammoniak-kväve	0.008	0.01	mg/l	1	1	AKR	
N-tot	0.056	0.04	mg/l	1	1	AKR	
phosphate phosphorus	0.008	0.004	mg/l	1	1	AKR	
P-tot	0.014	0.006	mg/l	1	1	AKR	
TOC	<0.50		mg/l	2	2	MB	

Your ID	20171107-11:45						
Sampled	2017-11-07						
LabID	O10947779						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
nitrate nitrogen	0.020	0.003	mg/l	1	1	AKR	
nitrite nitrogen	0.0016	0.002	mg/l	1	1	AKR	
ammonium+ammoniak-kväve	0.006	0.01	mg/l	1	1	AKR	
N-tot	0.026	0.04	mg/l	1	1	AKR	
phosphate phosphorus	0.008	0.004	mg/l	1	1	AKR	
P-tot	0.012	0.006	mg/l	1	1	AKR	
TOC	<0.50		mg/l	2	2	MB	

Your ID	20171107-12:45						
Sampled	2017-11-07						
LabID	O10947780						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
nitrate nitrogen	0.030	0.0045	mg/l	1	1	AKR	
nitrite nitrogen	0.0030	0.002	mg/l	1	1	AKR	
ammonium+ammoniak-kväve	0.062	0.01	mg/l	1	1	AKR	
N-tot	0.20	0.04	mg/l	1	1	AKR	
phosphate phosphorus	0.13	0.0104	mg/l	1	1	AKR	
P-tot	0.16	0.016	mg/l	1	1	AKR	
TOC	0.69	0.14	mg/l	2	2	MB	

ALS Scandinavia AB
Box 700
182 17 Danderyd
Sweden

Web: www.alsglobal.se
E-mail: info.ta@alsglobal.com
Tel: + 46 8 52 77 5200
Fax: + 46 8 768 3423

The document is approved and
digitally signed by

Anna-Karin Revell
2017.11.27 12:40:02
ALS Scandinavia AB
Client Service
anna-karin.revell@alsglobal.com

Report

T1732822

Page 2 (4)

BLN8YI1GAB



Your ID	20171107-13:45						
Sampled	2017-11-07						
LabID	O10947781						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
nitrate nitrogen	0.36	0.054	mg/l	1	1	AKR	
nitrite nitrogen	0.083	0.0083	mg/l	1	1	AKR	
ammonium+ammoniak-kväve	1.8	0.18	mg/l	1	1	AKR	
N-tot	5.8	0.58	mg/l	1	1	AKR	
phosphate phosphorus	4.2	0.336	mg/l	1	1	AKR	
P-tot	4.8	0.48	mg/l	1	1	AKR	
TOC	96.0	19.2	mg/l	2	2	MB	

ALS Scandinavia AB
Box 700
182 17 Danderyd
Sweden

Web: www.alsglobal.se
E-mail: info.ta@alsglobal.com
Tel: + 46 8 52 77 5200
Fax: + 46 8 768 3423

The document is approved and
digitally signed by

Anna-Karin Revell 2017.11.27 12:40:02
ALS Scandinavia AB
Client Service
anna-karin.revell@alsglobal.com

Report

T1732822

Page 3 (4)

BLN8YI1GAB



* indicates unaccredited analysis.

Method specification	
1	Determination of nutrients Nitrite nitrogen according to DS/EN ISO 11732:2005 Time between sampling and analysis is more than 24 hours. Nitrate and ammonium nitrogen according to internal method Total N according to DS/ISO 29441:2010 Total P och phosphate phosphorous according to DS/EN ISO 6878:2004. LOD at reported <-values. Rev 2017-02-07 D
2	Determination of TOC with IR detection according to method based on CSN EN 1484 and CSN EN 13370. The method includes filtration of turbid samples. Rev 2014-11-24

	Approver
AKR	Anna-Karin Revell
MB	Maria Bigner

Issuer ¹	
1	The analysis is provided by ALS Denmark A/S, Bakkegåardsvej 408 A, 3050 Humlebæk, Danmark which is a testing laboratory, accredited by the Danish accreditation body DANAK (Reg.nr. 05-0361)
2	The analysis is provided by ALS Laboratory Group, Na Harfě 9/336, 190 00, Praha 9, Czech Republic, which is a testing laboratory, accredited by the Czech accreditation body CAI (Reg.No 1163). CAI is a signatory to a MLA within EA, the same LA to which the Swedish accreditation body SWEDAC is also a signatory. The laboratories are located in: Prague, Na Harfě 9/336, 190 00, Praha 9, Ceska Lipa, Bendlova 1687/7, 470 01 Ceska Lipa, Pardubice, V Raji 906, 530 02 Pardubice. Contact the laboratory for further information.

The uncertainty is given as extended uncertainty (according to the definition in "Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement", JCGM 100:2008 Corrected version 2010) calculated with a coverage factor of 2, which gives a confidence level of approximately 95%.

Measurement of uncertainty is reported only for detected substances with levels above the reporting limits.

The uncertainty from subcontractors is often given as extended uncertainty calculated with a coverage factor of 2. Contact the laboratory for further information.

This report may not be reproduced other than in full, except with the prior written approval of the issuing laboratory.
The results apply only to the material that has been identified, received, and tested.

Regarding the laboratory's liability in relation to assignment, please refer to our latest product catalogue or website <http://www.alsglobal.se>

¹ The technical unit within ALS Scandinavia where the analysis was carried out, alternatively the subcontractor for the analysis.

Report

Page 1 (6)



L1731151

BXTSM5T3CD



Date received 2017-11-20
Issued 2017-12-01

Marine & Freshwater Research Ins.
Eydis Salome Eiriksdottir

Skulagata 4
IS-401 Reykjavik
Iceland

Project

Analysis: V2

Your ID	20171107-10:30 Ölfusá					
LabID	U11394005					
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign
Filtrated with 0,45µm before the analysis*	Nej			1	I	ASAP
Ca	4.92	0.41	mg/l	1	R	MJ
Fe	0.111	0.008	mg/l	1	R	MJ
K	0.634	0.047	mg/l	1	R	MJ
Mg	1.85	0.13	mg/l	1	R	MJ
Na	9.64	0.67	mg/l	1	R	MJ
Si	7.38	0.52	mg/l	1	R	MJ
Al	14.7	2.7	µg/l	1	H	NIPA
As	0.0582	0.0168	µg/l	1	H	NIPA
B	<10		µg/l	1	R	MJ
Ba	0.130	0.024	µg/l	1	H	NIPA
Cd	0.0538	0.0090	µg/l	1	H	NIPA
Co	0.0545	0.0120	µg/l	1	H	NIPA
Cr	0.572	0.111	µg/l	1	H	NIPA
Cu	0.269	0.055	µg/l	1	H	NIPA
Hg	<0.002		µg/l	1	F	EVRI
Mn	14.5	1.0	µg/l	1	R	MJ
Mo	0.265	0.051	µg/l	1	H	NIPA
Ni	0.178	0.057	µg/l	1	H	NIPA
P	10.3	2.1	µg/l	1	H	NIPA
Pb	0.0187	0.0044	µg/l	1	H	NIPA
Sr	7.15	0.75	µg/l	1	R	MJ
Ti*	1.12		µg/l	1	S	NIPA
V	13.8	2.8	µg/l	1	H	NIPA
Zn	0.668	0.169	µg/l	1	H	NIPA

Report

Page 2 (6)



L1731151

BXTSM5T3CD



Your ID	20171107-11:45						
	Ölfuså						
LabID	U11394006						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
Filtrated with 0.45µm before the analysis*	Nej			1	I	ASAP	
Ca	4.80	0.39	mg/l	1	R	MJ	
Fe	0.0344	0.0034	mg/l	1	R	MJ	
K	0.646	0.068	mg/l	1	R	MJ	
Mg	1.74	0.13	mg/l	1	R	MJ	
Na	9.48	0.65	mg/l	1	R	MJ	
Si	6.93	0.46	mg/l	1	R	MJ	
Al	6.92	1.28	µg/l	1	H	NIPA	
As	0.0577	0.0214	µg/l	1	H	NIPA	
B	<10		µg/l	1	R	MJ	
Ba	0.0971	0.0189	µg/l	1	H	NIPA	
Cd	0.0311	0.0049	µg/l	1	H	NIPA	
Co	0.0380	0.0074	µg/l	1	H	NIPA	
Cr	0.575	0.106	µg/l	1	H	NIPA	
Cu	0.215	0.050	µg/l	1	H	NIPA	
Hg	<0.002		µg/l	1	F	EVRI	
Mn	10.4	0.9	µg/l	1	R	MJ	
Mo	0.250	0.046	µg/l	1	H	NIPA	
Ni	0.0874	0.0355	µg/l	1	H	NIPA	
P	9.17	1.79	µg/l	1	H	NIPA	
Pb	0.0155	0.0036	µg/l	1	H	NIPA	
Sr	6.59	0.70	µg/l	1	R	MJ	
Ti*	0.144		µg/l	1	S	NIPA	
V	14.6	2.7	µg/l	1	H	NIPA	
Zn	0.274	0.121	µg/l	1	H	NIPA	

ALS Scandinavia AB
Aurorum 10
977 75 Luleå
Sweden

Web: www.alsglobal.se
Email: info.lu@alsglobal.com
Tel: +46 920 28 9900
Fax: +46 920 28 9940

The document is approved and
digitally signed by

Kristina Berglund
2017-12-01 12:04:08
ALS Scandinavia AB
Client Service
kristina.berglund@alsglobal.com

Report

Page 3 (6)



L1731151

BXTSMST3CD



Your ID	20171107-12:45					
Ölfusa						
LabID	U11394007					
Analysis	Results	Uncertainty (\pm)	Unit	Method	Issuer	Sign
Filtrated with 0.45μm before the analysis*	Nej			1	I	ASAP
Ca	5.25	0.42	mg/l	1	R	MJ
Fe	0.0268	0.0022	mg/l	1	R	MJ
K	1.00	0.09	mg/l	1	R	MJ
Mg	1.86	0.12	mg/l	1	R	MJ
Na	11.1	0.8	mg/l	1	R	MJ
Si	7.25	0.48	mg/l	1	R	MJ
Al	4.95	0.06	μg/l	1	H	NIPA
As	0.0690	0.0167	μg/l	1	H	NIPA
B	<10		μg/l	1	R	MJ
Ba	0.144	0.027	μg/l	1	H	NIPA
Cd	0.0226	0.0040	μg/l	1	H	NIPA
Co	0.0515	0.0100	μg/l	1	H	NIPA
Cr	0.473	0.089	μg/l	1	H	NIPA
Cu	0.184	0.043	μg/l	1	H	NIPA
Hg	<0.002		μg/l	1	F	EVRI
Mn	13.8	1.0	μg/l	1	R	MJ
Mo	0.323	0.059	μg/l	1	H	NIPA
Ni	0.129	0.037	μg/l	1	H	NIPA
P	152	30	μg/l	1	H	NIPA
Pb	0.0172	0.0039	μg/l	1	H	NIPA
Sr	7.63	0.81	μg/l	1	R	MJ
Ti*	0.0826		μg/l	1	S	NIPA
V	13.8	2.7	μg/l	1	H	NIPA
Zn	0.676	0.173	μg/l	1	H	NIPA

Report

Page 5 (6)



L1731151

BXTSM5T3CD



Method specification	
1	<p>Analysis according to package V-2:</p> <p>Analysis of water samples without dissolution. When filtration has been performed, a filter of 0,45µm was used.</p> <p>For W an unacidified sample portion was analyzed. For other elements the samples were acidified with 1 ml ultra-high purity nitric acid per 100 ml. This does not apply to samples that were already acidic upon receipt by the laboratory.</p> <p>The ICP-SFMS analyses were carried out according to SS EN ISO 17294-1, 2 (modified) and US EPA Method 200.8 (modified). The ICP-AES analyses were carried out according to SS EN ISO 11885 (modified) and US EPA Method 200.7 (modified). The AFS analyses for Hg were carried out according to SS EN ISO 17852.</p> <p>Note that limits of reporting may be affected if, e.g. additional dilution was required because of matrix effects, or the sample quantity was limited.</p>

Approver	
ASAP	Asa Apelqvist
EVRI	Evy Rickefors
MJ	Malin Johansson
NIPA	Nicola Pallavicini

Issuer ¹	
F	AFS
H	ICP-SFMS
I	Man.Inm.
R	ICP-AES
S	ICP-SFMS

* indicates unaccredited analysis.

The uncertainty is given as extended uncertainty (according to the definition in "Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement", JCGM 100:2008 Corrected version 2010) calculated with a coverage factor of 2, which gives a confidence level of approximately 95%.

Measurement of uncertainty is reported only for detected substances with levels above the reporting limits.

The uncertainty from subcontractors is often given as extended uncertainty calculated with a coverage factor of 2. Contact the laboratory for further information.

This report may not be reproduced other than in full, except with the prior written approval of the issuing laboratory.
The results apply only to the material that has been identified, received, and tested.
Regarding the laboratory's liability in relation to assignment, please refer to our latest product catalogue or website <http://www.alsglobal.se>

¹ The technical unit within ALS Scandinavia where the analysis was carried out, alternatively the subcontractor for the analysis.

Estrogen steroid hormones analysis results



NILU sample number:

Customer: Marine and Freshwater Research Institute, Reykjavik (Eydis Salome Eiriksdottir)

Type of sample: Fish (muscle tissue)

Measuring unit: ng/g wet wt

Sample ID	Sandvik 1	Sandvik 2	Sandvik 3	Sandvik 4	Sandvik 5	Sandvik 6	Selfoss 1	Selfoss 2	Selfoss 3	Selfoss 4	Selfoss 5	Selfoss 6
E1, Estrone	< 0,058	< 0,039	< 0,077	< 0,032	< 0,355	< 0,03	< 0,026	< 0,017	< 0,105	< 0,064	< 0,022	< 0,045
E2, Estradiol	< 0,017	< 0,042	< 0,055	< 0,017	< 0,055	< 0,015	< 0,025	< 0,014	< 0,072	< 0,035	< 0,028	< 0,032
EE2, Ethynodiol diol	< 0,03	< 0,03	< 0,026	< 0,025	< 0,034	< 0,013	< 0,019	< 0,029	< 0,026	< 0,035	< 0,03	< 0,023

< less than Limit of detection (the number represents the LOD value)

Report

T1735754

Page 1 (2)

G4GZHDA725



Date received 2017-12-07
Issued 2018-01-19

Marine & Freshwater Research Ins.
Eydis Salome Eiriksdottir

Skulagata 4
IS-401 Reykjavik
Iceland

Project
Reference

Analysis of water

Your ID	20171107-12:45/40						
LabID	O10956979						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
ethinylestradiol (17alfa-)	<0.050		ng/l	1	1	CL	
estradiol (17beta-)	0.036	0.0054	ng/l	1	1	CL	

Your ID	20171107-13:45						
LabID	O10956980						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
ethinylestradiol (17alfa-)	0.090	0.014	ng/l	1	1	CL	
estradiol (17beta-)	2.5	0.38	ng/l	1	1	CL	

Your ID	20171104-12:30						
LabID	O10956981						
Analysis	Results	Uncertainty (±)	Unit	Method	Issuer	Sign	
ethinylestradiol (17alfa-)	<0.050		ng/l	1	1	CL	
estradiol (17beta-)	0.040	0.0060	ng/l	1	1	CL	

Report

T1735754

Page 2 (2)

G4GZHDA725



* indicates unaccredited analysis.

Method specification	
1	Determination of pharmaceutical residues. Measurement performed with GC-MS.

Approver	
CL	Camilla Lundeborg

Issuer ¹	
1	The analysis is provided by GBA, Flensburger Strasse 15, 25421 Pinneberg, Germany, which is a testing laboratory, accredited by the German accreditation body DAkkS (Reg.No.D-PL-14170-01-00). DAkkS is a signatory to a MLA within the EA, the same MLA to which the Swedish accreditation body SWEDAC is also a signatory. The Laboratories are located at following addresses: Flensburger Straße 15, 25421 Pinneberg, Daimlerring 37, 31135 Hildesheim, Brekelbaumstraße 1, 31789 Hameln, Bruchstraße 5c, 45883 Gelsenkirchen, Meißner Ring 3, 09599 Freiberg, Goldschmidtstraße 5, 21073 Hamburg. Contact ALS Stockholm for further information.

The uncertainty is given as extended uncertainty (according to the definition in "Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement", JCGM 100:2008 Corrected version 2010) calculated with a coverage factor of 2, which gives a confidence level of approximately 95%.

Measurement of uncertainty is reported only for detected substances with levels above the reporting limits.

The uncertainty from subcontractors is often given as extended uncertainty calculated with a coverage factor of 2. Contact the laboratory for further information.

This report may not be reproduced other than in full, except with the prior written approval of the issuing laboratory.
The results apply only to the material that has been identified, received, and tested.
Regarding the laboratory's liability in relation to assignment, please refer to our latest product catalogue or website <http://www.alsglobal.se>

The digitally signed PDF file represents the original report. Any printouts are to be considered as copies.

¹ The technical unit within ALS Scandinavia where the analysis was carried out, alternatively the subcontractor for the analysis.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

**VIÐAUKI D ATHUGANIR Á FUGLUM OG GRÓÐRI VEGNA BREYTINGA Á
FRÁVEITU Á SELFOSSI**

Athuganir á fuglum og gróðri vegna breytinga á fráveitu á Selfossi

Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg




Desember 2018
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Ágrip	4
1 Inngangur.....	5
2 Aðferðir og athugunarsvæði.....	6
2.1 Ölfusá – fuglar	6
2.2 Eyrarbakki – fuglar	7
2.3 Gróður á landi	8
2.4 Fjöruþörungar	11
3 Niðurstöður	11
3.1 Fuglar á Ölfusá.....	11
3.1.1 Vetrarfuglar við Ölfusá.....	13
3.1.2 Varpfuglar við Ölfusá.....	15
3.2 Fuglar á Eyrarbakka	16
3.2.1 Talningar Vigfúsar Eyjólfssonar 2006-08	18
3.2.2 Varpfuglar við Eyrarbakka	19
3.2.3 Fuglar milli Eyrarbakka og Selfoss	20
3.3 Fuglatal	20
3.4 Spendýr	37
3.5 Gróður við Ölfusá.....	38
3.6 Gróður á leiðum frá Geitanesi og niður á Eyrarbakka	39
3.7 Þörungar	47
4 Verndarviðmið.....	50
4.1 Verndarviðmið fugla	50
4.2 Verndargildi gróðurs.....	55
5 Umræða – Umhverfisáhrif – Mótvægisaðgerðir	56
5.1 Fuglar á Ölfusá	56
5.2 Fuglar á Eyrarbakka	58
5.3 Gróður við Ölfusá.....	59
5.4 Gróður á Eyrarbakka og meðfram línuleiðum frá Geitanesi að Eyrarbakka....	60
5.5 Umhverfisáhrif	62
5.6 Mótvægisaðgerðir	64
6 Heimildir	65
7. Viðaukar	68

Forsíðumynd: Fuglafjöld í Sandviki við Ölfusá 28. september 2017. Hátt er í ánni og fuglarnir þjöppuðu sig í hina efnilegu myri sem hefur myndast. Mest ber á álfum, grágæsum, rauðhöfðaöndum, stokkondum, hettumáfum og stormmáfum. Ljósm. JÓH.



1. mynd. Brandandarsteggir eigast við á Ölfusá, í víkinni við ræsið 4. maí 2012. Ljósm. JÓH.

Ágrip

Fuglalíf og gróðurfar var kannað við Ölfusá neðan Selfoss um eins árs skeið, frá júní 2017 til júní 2018, vegna hugmynda um skólpdreinsistöð við Selfossflugvöll og útrás hennar í Ölfusá í Geitanesi. Síðar var ákveðið að skoða þann valkost, að hafa lögn í sjó fram næri Eyrabakka. Þess vegna voru fuglar og gróður vestan Eyrabakka teknir út frá febrúar til september 2018. Við Ölfusá voru fuglar taldir 21 sinni, en 17 sinnum á Eyrabakka. Jafnframt voru eldri gögn skoðuð. Varpfuglar voru kannaðir á óröskaðum svæðum við Ölfusá og Eyrabakka. Gróður var skoðaður í nokkrum heimsóknum í ágúst 2017 og júlí til september 2018. Jafnframt voru fjörubörungar skoðaðir í Eyrarbakkafjöru í ágúst 2018.

Fuglalíf er afar fjölbreytt á báðum talningasvæðum. Við Ölfusá fundust 53 tegundir, en alls fengust upplýsingar um 60 tegundir á athugunarsvæðinu. Ræsið við Selfossflugvöll freistar fugla árið um kring og ræsið í Fossnesi við sláturhús Slátfélags Suðurlands í sláturtíðinni, frá september framí nóvember. Það eru ekki bara hefðbundnr ræsafuglar, eins og máfar og hrafn, sem sækja á svæðið, en einnig endur, vaðfuglar, fáeinir sjófuglar, spörfuglar og ránfuglar, auk hegра. Fiskur þrífst greinilega í afrennslinu frá ræsinu, þar sem stór hópur gulanda sést þar að öllu jöfnu í kuldum og jarðbönnum, einn sá stærsti á landinu. Máfar skiptu þúsundum í sláturtíðinni og þar á meðal sást um þriðjungur íslenska stormmáfsstofnsins.

Á Eyrabakka fundust 50 tegundir fugla, en um 130 tegundir eru þekktar þaðan. Fjaran og sérstaklega þanghrönnin vestan Einarshafnar (Eyrarbakkahafnar) er mikilvæg fyrir vaðfugla á fartíma, í apríl – maí og júlí – september. Þá skipta þeir hundruðum eða jafnvel þúsundum. Svæðið virkar eins og segull á sjaldgæfa gesti, eins og tegundafjöldinn sýnir. Fjallað er um þá fugla sem sáust á meðan athugunum stóð, en ekki allar 130 tegundirnar.

Af 70 fuglategundum, sem voru skráðar á öllu athugunarsvæðinu (kafli 3.3), eru 47 á einhverjum skrám, sem falla undir verndarviðmið og þarfnað verndunar: á íslenskum válista, Evrópuválista, skrá um ábyrgðartegundir, fuglar í viðaukum Bernarsamningsins og einlendar undirtegundir.

Kanínur voru tíðar við Ölfusá og þær eru jafnframt eini villti grasbíturinn í þurrlendi. Landselir sáust í talningum á Eyrabakka, en fleiri selategundir hafa sést þar. Landselur er á nýum spendýrválista. Minkur og hagamús eru landlæg á öllu athugunarsvæðinu.

Gróður er fjölbreyttur við Ölfusá og alls fundust 142 háplöntutegundir. Verulegum hluta svæðisins hefur verið raskað í tengslum við framkvæmdir. Hraunið við flugbrautina var víðast hvar algróið en í Geitanesi var gróskulegasta óraskaða gróðurlendið og var þar að finna ýmsar gras- og blómplöntur. Á leiðinni frá flugvelli og að Eyrarbakkavegi er framræst votlendi og þar eru grastegundir ríkjandi, ásamt leifum af votlendisgróðri, sem þraukar barna eftir að landið var ræst fram. Með veginum eru plöntur sem einkenna röskuð svæði ríkjandi. Í Flógaflsmýri og Rimur er votlendisgróður en þar var lagður rafstrengur fyrir nokkrum árum og ein hugmyndin er að nýta sama svæði fyrir skóplögn niður í fjöru. Þegar nálgast tekur Eyrarbakkafjöru verður jarðvegur meira sendinn og setur það svip á gróðurfarið næst ströndinni. Fjaran er lífrík og þar er verulegur munur á flóði og fjöru. Í Eyrarbakkafjöru var bólubang ríkjandi, en alls voru skráðar 13 tegundir þörunga í fjörunni.

Það er óumdeilt að hreinsun skólpss hefur jákvæð umhverfisáhrif. Þetta er að því leytinu óvenjulegt verkefni, að hreinsunin dregur úr fæðuskilyrðum fugla við Ölfusá og minnkar útstreymi heits vatns og þar af leiðandi verða minni vakir í frosthörkum. Útrás skólpss við Eyrabakka getur dregið úr fjölbreytni þörunga og hryggleysingja og þar af leiðandi verður minna fæðuúrval fyrir fjöru- og grunnsævisfugla.

Höfundar telja, að framkvæmdin hafi takmörkuð áhrif á gróður, en leggja þó til að dælustöðin verði byggð á röskuðu landi vestan við áætlaðan byggingarstað, en ekki í óröskaðu hrauni. Þó nokkrar vistgerðir sem hafa hátt verndargildi verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Lagt er til að skoða rækilega mótvægisáðgerðir, eins og að afrennsli af heitu vatni og af götum renni í ána á sömu slóðum og ræsið er nú. Jafnframt að Sandvik verði friðað, en þar er nú að myndast gróskuleg mýri við ána sem er næri íbúðabyggð. Það gefur mýrinni vægi í tengslum við útivist og fjölbreyttri náttúruupplifun næri þéttbýli. Kjörið er að koma upp aðstöðu til fuglaskoðunar og fræðslu um lífríkið á þessum stað.

1 Inngangur


Skólpál á Selfossi hafa lengi verið í ólestri og hafa þau verið umfjöllunarefni fjölmíðla og jafnvel áramótaskaupsins. Nú rennur mest allt skólp óhreinsað frá Selfossi í Ölfusá við flugvöllinn, milli Sandviks og Geitaness. „Fyrir utan á“ er afrennsli frá sláturmáli Suðurlands beint útí ána í Fossnesi. Fuglalíf er fjölbreytt á þessu svæði árið um kring og fjöldi fugla og tegunda mikill, að nokkru leyti vegna þeirra fæðu sem berst með skólpinu og þar haldast auðar vakir í frosthörkum vegna streymis á heitu vatni. Beiðni barst frá Eflu verkfræðistofu í byrjun júní 2017, þar sem hún fór þess á leit við höfunda, fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar, að kanna fuglalíf og gróður við Ölfusá neðan Selfoss, vegna hugmynda um hreinsistöð við Selfossflugvöll og útrás í Geitanesflúðum. Í lok árs 2017 bættist síðan við sá möguleiki, að leiða skólpið útí sjó á tveimur stöðum við Eyrarbakka. Annað hvort í Eyrarbakkahöfn (Einarshöfn) eða nærrí Sandvarnargarðinum 1 km vestan hafnarinnar. Við gengum útfrá því, að lögnin að útrásinni í Eyrarbakkahöfn yrði meðfram þjóðveginum og lögnin að útrásinni við Sandvarnargarðinn væri meðfram jarðstreng, sem lagður var milli Þorlákshafnar og Selfoss árið 2015 og síðan stystu leið til sjávar nærrí Sandvarnargarðinum (2. mynd).

Hafist var handa í júní 2017 við fuglatalningar á Ölfusá og úttekt á varpfuglum á athafnasvæði dælustöðvar. Síðar um sumarið var gróður skoðaður kringum dælustöðina og útí Geitanes. Talningarnar á ánni spönnuðu eitt ár. Snemma árs 2018 hófum við fuglatalningar í Eyrarbakkafjöru og stóðu þær fram í september það sama ár. Varpfuglar voru kannaðir sérstaklega frá Sandvarnargarði og að Nesósi. Innan Friðlands í Flóa er það betur þekkt. Meiri áhersla var lögð á að skoða gróður á lítt röskuðum svæðum með línulögninni gegnum Friðlandið og sunnan við Síberíu og að Eyrarbakkavegi, þjóðvegi 34. Gróðurinn var skoðaður í júlí og ágúst 2018 og þörungasnið tekin í ágúst 2018.

Verkefnið var sérstætt að því leyti, að gera má því skóna að fuglum við Ölfusá fækki með skólpdælustöðinni, en umhverfið njóti að öðru leyti góðs af. Núverandi ræsi var tekið í notkun í maí 2004, en ekki er kunnugt hvernig fuglalífið var við Ölfusá, áður en það kom til sögunnar, þar sem litlar athuganir eru til. Þó benda stopular athuganir nemenda Fjölbrytararskóla Suðurlands til þess, að það hafi verið nokkuð.

Við viljum þakka öllum þeim sem veittu okkur upplýsingar og nefndir eru í skýrslunni, einnig Margréti Blöndal, Alex Mána Guðríðarsyni og Signhildi Sigurðardóttur, sem aðstoðuðu við talningar og Jón Ágústi Jónssyni, tengilið við verkkaupa.

Allar myndir í skýrslunni eru teknar af höfundum, nema loftmyndir eru fengnar af kortasjá Loftmynda, map.is.



2. mynd. Mögulegar lagnir að sjó og útrásir við Eyrarbakka. Mynd úr Efla hf – verkfræðistofa 2017.



3. mynd. Athugunarsvæðið við Ölfusá og helstu örnefni.

2 Aðferðir og athugunarsvæði


2.1 Ölfusá – fuglar

Strax í júní 2017, þegar verkbeiðni lá fyrir, var hafist handa við að telja fugla á svæðinu frá Geitanesi í Sandvik og síðan var talningarsvæðið aukið og bætt við víkum handan ár, Fossník og víkinni neðan hennar, svo og á klöppunum milli víkanna (3. mynd). Það er þekkt, að fuglar flakka mikið til innan svæðisins, sem afmarkast af Geitanesi að vestan og Fossnesi að austan. Þess vegna var þetta svæði allt skoðað og jafnframt var víkin milli Geitaness og Fluguness skoðuð. Talið var 21 sinni frá 12. júní 2017 til 5. júní 2018, þó

aðeins hluti fugla í aukatalningu 4. september. Allt fylltist af máfum í sláturtíðinni, þeir sóttu í útfall slátturhússins í Fossnesi. Einu sinni var kastað tölu á þá alla (1. tafla).

Varpfuglar voru taldir og kortlagðir á þeim slóðum, sem raskað verður á landi, við Selfossflugvöll og útá Geitanes þann 19. júní 2017.

Reynt var að grafa upp eins mikið af eldri athugunum og mögulegt var, til að fá heildarmynd af fuglalífi á svæðinu. Miðað við hve vinsælt er að skoða fugla við ræsið, þá héldu skýrsluhöfundar að töluvert væri til af gögnum í fórum fuglaskoðara. Í ljós kom að þeir höfðu verið latir við skráningu. Höfundar lumuðu þó á nokkrum upplýsingum og á skráningarvefnum eBird var einnig eitthvað að finna (ath. frá Böðvari Þórissyni, Petrínu Sigurðardóttur, Ingvari Atla Sigurðssyni, Yann Kolbeinssyni o.fl.). Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunnar voru skoðaðar, en Örn og Víðir Óskarssynir hafa talið við ræsið frá 2006, nema JÓH leysti Víði af 2007. Einnig veittu Stokkseyringarnir Alex Máni Guðríðarson og Hlynur Óskarsson upplýsingar.




4. mynd. Fuglatalningarsvæðið á Eyrbakka. Því var skipt í þrennt: 1. austan Einarshafnar (260-300 m); 2. Einarshöfn – Sandvarnargarður (1 km) og 3. Sandvarnargarður og um 300 m vestur fyrir hann. Sandvarnargarðurinn var byggður 1933-34 og lengdur 1935.

2.2 Eyrbakki – fuglar

Fljótlega var hafist handa við að telja fugla við Eyrbakka, þegar beiðni um það lá fyrir. Reyndar hafði verið talið einu sinni í júní 2017, en frá því í febrúar til september 2018 var talið alls 16 sinnum, oftast í apríl (15. mynd, 2. viðauki). Talningarsvæðið byrjaði skammt austan hafnargarðs og náði að Sandvarnagarði. Í byrjun apríl bættist síðan vestasta svæðið við, vestan Sandvarnagarðs (4. mynd). Talið var á eða nærri flóði, þegar fuglarnir þéttu sig ofarlega í fjörunni. Alex Máni Guðríðarson taldi 4. maí og notum við þá talningu. Við vorum jafnframt svo lánsamir að fá aðgang að gögnum Vigfúsar Eyjólfssonar, en hann taldi 137 sinnum: reglulega frá 26. mars 2006 til 7. júlí 2007, síðan nokkrum sinnum frá janúar til apríl 2008. Vigfús taldi óháð sjávarföllum.

2.3 Gróður á landi

Gróðurathuganir voru gerðar í sex heimsóknum, 14. og 18. ágúst 2017; 24. júlí, 16. ágúst, 11. og 17. september 2018. Athuganir fólust í, að gróðurfari var lýst, plöntutegundir skráðar og teknað myndir af gróðri og landi. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á 30 stöðum, til þess að fá ítarlegri mynd af gróðrinum en plöntulisti gefur. Við þekjumælingu voru plöntur greindar til tegunda og þekja plantna metin sjónrænt, þá var notaður rammi 50 x 50 cm að stærð. Þekja var metin í prósentum (%). Heildarþekja getur



5. mynd. Gróðurþekjureitir á athafnasvæðinu við Ölfusá 14. og 18. ágúst 2017 og 17. ágúst 2018. Athafnasvæðin eru afmörkuð á eftifarandi hátt: gul lína afmarkar skólpdælustöðina, blá lína skólpleiðslu, bæði að dælustöð, affall við núverandi ræsi og leiðslu með útrás í Geitanesflúðum (rauð lína innan þeirra bláu) (6. og 8. viðauki). Athafnasvæði Ræktunarsambands Flóa og Skeiða er merkt inn sem „Raektó“, Borgarverk er nú með þetta svæði.



6. mynd. Gróðurþekjureitir á sunnanverðri Sandvíkurheiði og við gámastöðina 16. ágúst 2018 (7. viðauki).

verið meiri en 100%, ef þekja einnar tegundar var t.d. 50% og annarrar 65%. Fáeinir mosar, fléttur og sveppir voru greindir til tegundar, en ekki var lögð áhersla á söfnun eða greiningu þessara lífvera.

Athugunarsvæðið við **Ölfusá** var á þeim slóðum, sem fyrirhugaðri skólphreinsistöð er ætlað að rísa og á leið skólpleiðslunnar útá Geitanes, jafnframt var svæði nærri núverandi ræsi skoðað (5. mynd). Gróður með hugsanlegri stystu leið frá dælustöð, undir flugvöll, að Eyrarbakkavegi var jafnframt skoðaður (6. mynd).

Gróður með jarðstreng og þjóðvegi var lauslega kannaður í þremur heimsóknum, meðfram öðrum gróðurathugunum. Vegir og slóðar voru eknir, gróðurlendi lýst og teknar stikkprufur til að kanna tegundir.

Á **Eyrarbakka** var gróður skoðaður í lítt eða óröskuðu landi frá Sandvarnargarði með hugsanlegri lagnaleið að jarðstrengnum (7. mynd). Litið var til háplantna ofan

fjörunnar á milli Einarshafnar og Sandvarnargarðs, en síðan voru fjöruþörungar sérstaklega teknir fyrir.



7. mynd. Punktar, þar sem gróðurþekja var mæld 24. júlí 2018, þar sem ræsið gæti legið til sjávar við Sandvarnargarðinn á Eyrarbakka Dökkgrænir alaskalúpínuflekkir koma vel fram á myndinni (9. viðauki).



8. mynd. Fjörusnið vegna þörungarannsókna vestan við Eyrarbakka 26. ágúst 2018. Eystra sniðið, snið 1, var 175 m langt og það vestara, snið 2, 215 m.

2.4 Fjörupþörungar

Þéttleiki og tegundasamsetning þörunga var kannaður á tveimur sniðum í Eyrarbakkafjöru á stórstraumsfjöru 26. ágúst 2018. Sniðin hófust við stórstraumsflóðmörk og náðu eins langt út og sjávarhæð leyfði (8. mynd). Halli efst í fjörunni var líttill, 3-4°, neðar var hann enn minni. Þegar fjörusandi lauk og þörungar fóru að koma í ljós, voru teknar stöðvar á 5 m fresti þangað til komið var úti sjó. Á hverri stöð var lagður út rammi, 50x50cm og yfirborðspéttleiki metinn. Rótað var í rammanum til að athuga undirlag (sandur eða klöpp/hraun), hvort stöðin væri í fjörupolli að hluta eða öllu leyti og jafnframt voru þau dýr skráð, sem sáust í hverjum ramma. Þörungalisti var og gerður.

3 Niðurstöður

Niðurstöður um fugla eru settar fram í tvennu lagi, bæði eru þær unnar á ólíkum tíma, sá hluti skýrslunnar sem fjallar um Ölfusá, var að mestu tilbúinn áður en farið var að kanna lífríkið á Eyrarbakka. Búsvæði er og mismunandi.

3.1 Fuglar á Ölfusá

Alls fengust upplýsingar um hátt í 60 fuglategundir á athugunarsvæðinu, en 53 tegundir komu fram í talningunum frá 12. júní 2017 til 5. júní 2018 (niðurstöður talninga eru í 1. viðauka, bls. 70-72, sjá einnig 10. mynd og 3.3 Fuglatal). Svæðið er mjög mikilvægt fyrir andfugla, máfa og í minna mæli vaðfugla, sjófugla og spörfugla. Vegna fuglamergðarinnar sækja ránfuglar bráð sína á svæðið, sérstaklega að vetrarlagi.



9. mynd. Víkin milli Geitaness og Fluguness í vetrarskrúða 28. nóvember 2017. Hún gæti haft þýðingu fyrir fugla að vetrarlagi, þar sem hún var að hluta opin þennan dag og leggur líklega ekki í frosthörkum. Upplýsingar skortir þó þar um. Ljósm. JÓH.


Lítið var um fugla í víkinni milli Geitaness og Fluguness um sumarið. Mikið vatn var ávallt í víkinni þegar hún var skoðuð og litlar sem engar grynnningar. Í júlí sáust þar fáeinir álfir, stokkendur og sitthvor hettu- og stormmáfurinn. Skýrsluhöfundar skoðuðu víkina í vetrarhörkum 28. nóvember. Þá var hún opin og þar voru sex álfir, fjórar stokkendur og þrjár gulendur. Engar eldri upplýsingar eru til um þessa vík, hún hefur aldrei verið skoðuð fyrr, en hún gæti haft þýðingu fyrir fugla að vetrarlagi, þar sem hún helst væntanlega auð í frosthörkum (9. mynd).

Helstu hópar fugla við Ölfusá voru andfuglar, sjófuglar, vaðfuglar, máfar og spörfuglar. Algengustu andfuglar voru álf, grágæs, brandönd, rauðhöfðaönd, urtönd, stokkond, skúfönd, duggönd, æður og gulönd. Nánar er fjallað um hverja tegund fyrir sig í fuglatali (kafla 3.3). Gulandarhópurinn sem heldur til á veturna er sérstakur, endurnar eru fiskiætur, sem bendir til að einhverjir fiskar njóti góðs af afurðum ræsisins.

Fyll telst til sjófugla, hann er algengur sumargestur við ræsið. Dílaskarfur er annar sjófugl, en hann er fágætari en fyllinn (1. viðauki).

Stórir hópar vaðfugla hafa sést á fartíma síðsumars, bæði á víkinni vestan við ræsið og í Sandviki. Þetta eru lóuþræll, hrossagaukur, spói, jaðrakan og stelkur. Allstór óðinshanahópur hefur og sést á ánni, á víkinni vestan við Fossvík (1. viðauki). Mun minna sást af fuglum á vorfarinu, helst má nefna 54 óðinshana í Fossvík 5. júní 2018.

Máfar sækja eitthvað í ræsið árið um kring og nota síðan Sandvik sem hvíldarstað, þegar jarðbönn hamla ekki. Mikið af máfum, sérstaklega hettumáfur og stormmáfur, sækja í útfallið frá sláturmálinu í sláturtíðinni og nota síðan víkur og eyrar neðar við ána til að hvílast og snyrta sig. Meira en 3000 máfar voru þar 26. september 2017 (1. tafla). Sílamáfur er algengur yfir sumartímann, en hverfur á veturna. Þá tekur bjartmáfurinn við, hann sækir stundum í töluverðu magni í ræsið (1. viðauki).



10. mynd. Heildartala fugla í 19 talningum á Ölfusá neðan brúar yfir eins árs skeið, frá 12. júní 2017 til 5. júní 2018. Meira en helmingur fugla í toppi 14. ágúst voru starar og meira en helmingur í toppi 25. október voru máfar.

1. tafla. Máfatalning 26. sept. 2017 frá útfalli Slátturfélagsins niður að Selfossræsi. Eitthvað varð útundan af fuglum undir suðurbakka Ölfusár.


	Ræsið	Sandvik	Eyrar í ánni	SS/norðurbakkinn	Alls
Hettumáfur	55	230	186	1395	1866
Stormmáfur	1	85	195	650	931
Silfurmáfur	6	4	42	33	85
Sílamáfur		3	33	5	41
Bjartmáfur	2		1		3
Hvítmáfur	2	2	4	8	16
Svartbakur	2	7	41	33	83
Samtals	68	331	502	2124	3025

Hrafn og stari eru algengustu spörfuglarnir á athugunarsvæðinu, en þúfutittlingur, maríuerla, steindepill, skógarþróstur og snjótittlingur sjást þar einnig. Gráhegri er vetrargestur, meðan bjarthegri hefur sést síðsumars og á haustin undanfarin ár. Fálki er árviss vetrargestur, hann sækir sér æti í fuglamergðina við ræsið. Smyrill og haförn sjást sjaldnar.


Amerískir flækingsfuglar sjást stöku sinnum: murtönd, hringönd, kúfönd og trjámáfur teljast til þeirra, tvær þær síðarnefndu eru öllu sjaldgæfari en tvær þær fyrrnefndu, sem eru árvissir gestir hér á landi.

3.1.1 Vetrarfuglar við Ölfusá

Þegar fuglar voru taldir um áramótin, var tala þeirra breytileg, en að meðaltali sást þar 301 fugl. Allt frá því að vera rétt um hundrað í það að vera tæplega 600 (11. mynd). Þetta ræðst mikið af því, hve margar endur eru við ræsið þegar talið er, en fjöldi þeirra ræðst af ísalögum, venjulega er meira af fuglum, þegar ís er á ánni. Stokkond var



11. mynd. Heildartala fugla á athugunarsvæðinu við skólpræsið í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands 2006-2016.



12. mynd. Heildartala fuglategunda á athugunarsvæðinu við skólpræsið í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands 2006-2016.

algengasti fuglinn, aðrar algengar endur voru urtönd og gulönd. Álftir voru reglulegar og af öðrum algengum fuglum má nefna bjartmáf, hrafn, stara og snjótittling (3. viðauki).

Á athugunarsvæðinu sáust á bilinu 6-14 tegundir. Fimm tegundir sáust öll árin sem talið var: Álft, urtönd, stokkond, gulönd og hrafn (12. mynd, Náttúrufræðistofnun 2018b).

3.1.2 Varpfuglar við Ölfusá


Átta fuglategundir fundust með varpatferli á athafnasvæði hreinsistöðvarinnar og á leið skólpleiðslunnar útí Geitanes. Í 2. töflu og á 14. mynd sést fjöldi og staðsetning varpparanna. Þúfutittlingur var algengasti varpfuglinn, um fjórðungur allra varpfugla (13. mynd). Heiðlöa og hrossagaukur komu í kjölfarið, bæði með 16% hlutfall, sandlöa og stelkur voru síðan í meðallagi algeng, með 12% hlutfall. Tjaldur, spói og steindepill voru síðan strjálustu varpfuglarnir, 4-8%.

2. tafla. Mófuglar með varpatferli á athafnasvæði hreinsistöðvarinnar 19. júní 2017. Mælieiningin er par. Áætluð stærð athugunarsvæðis er 22,3 ha.

Fuglar	Varppör	Pör/km ²	Hlutfall %
Þúfutittlingur	6	27	24
Hrossagaukur	4	18	16
Heiðlöa	4	18	16
Sandlöa	3	13	12
Stelkur	3	13	12
Spói	2	9	8
Tjaldur	2	9	8
Steindepill	1	4	4
Samtals	25	111	100




13. mynd. Þúfutittlingur er algengasti varpfuglinn á athafasvæðinu við Ölfusá. Ljósm. JÓH.



14. mynd. Varpfuglar á svæði hreinsistöðvar (gul lína), skólplögn í Geitanes og yfirfallslögn á stað gamla ræsisins (blá lína).

3.2 Fuglar á Eyrarbakka

Alls fundust 50 tegundir fugla í talningum, niðurstöður þeirra eru birtar í 2. viðauka, bls. 73-74. Fjaran á Eyrarbakka og sérstaklega þanghrönnin við höfnina, Einarshöfn, er þekkt fyrir fjölbreytt fuglalíf (15. og 66. mynd, 3.3 Fuglatal). Kunnugt er um 130 tegundir fugla frá Eyrarbakka, fjöru og þorpi, sumar sárasjaldgæfar (Hlynur Óskarsson, skrifl. uppl.). Blámaskríkja (*Dendroica cerulea*), sem fannst á Bakkanum 1997, var sú fyrsta í Evrópu. Sveiflur voru nokkrar á tölu fugla milli talninga, frá um 200 fuglum og uppí nærrí 2000, sjá 15. mynd. Athuganir Vigfúsar Eyjólfssonar (VE) eru skoðaðar í samhengi við okkar.




15. mynd. Heildartala fugla í 18 talningum á Eyrarbakka frá febrúar til september 2018, auk einnar talningar frá 23. júní 2017. Toppur þann 6. apríl eru aðallega tjaldar og skógarþrestir, meðan toppar í maí eru vaðfuglar og síðsumars æðarfuglar og vaðfuglar.

Álfir eru vetrargestir á Eyrum, en þrátt fyrir það sáust álfir einungis í talningum um veturinn þann 9. febrúar 2018. Allstór hópur álfta fellir flugfjaðrir á Eyrum, yfirleitt um 400 fuglar árlega (JÓH & ÓE, óbirt). Eyrarbakki er á farleið margæsa á vorin, þó við sæjum fáar þetta vor. Dagana 15. – 24. apríl 2006 sáust margæsir daglega, að meðaltali 29 fuglar (3 – 73, VE). Þær sjást stöku sinnum á haustin. Brandendur sáust einu sinni, 16 fuglar (8 pör) á fari 12. apríl, en þær sjást orðið árlega á vorfarinu. Rauðhöfðar sáust nokkuð oft um vorið, mest 35 fuglar, sá hópur hélt sig vestan við Sandvarnagarðinn. Stokkendur sáust fram á sumar, allt að 70 fuglar, meðan urtönd, skúfönd og hávella voru sjaldséðari. Straumönd er reglulegur gestur við Eyrarbakka síðvetrar og fram á vor, frá febrúar og fram yfir miðjan maí. Þær sjást oftast í höfninni, en stundum annars staðar. Pennan vetur sáust frekar fáar, mest 9 þ. 22. apríl, en Vigfús Eyjólfsson sá flestar 35 þann 8. apríl 2008.

Æðurin er eini fuglinn, sem sást í öllum talningum. Framan af ári sást reytingur, mest um 30 fuglar, væntanlega mest staðbundnir varpfuglar. Í júní fjölgæði henni, þegar ungamæðurnar fóru á stjá með ungana; þann 23. júní sáust t.d. 34 ungar. Í júlí fara fellihóparnir að vera áberandi og sjást þeir framí september, kringum 1000 fuglar hafa sést á athugunarsvæðinu, en mun stærri hópur fellir frá Eyrarbakka og vestur undir Þorlákshöfn. Okkar athuganir koma heim og saman við athuganir Vigfúsar Eyjólfssonar, nema hann sá fleiri fugla á útmánuðum, t.d. 339 fugla þann 30. mars 2008. Síðasta öndin sem nefnd er til sögunnar er toppönd, hún sést árið um kring, en flestar síðsumars, yfir 100 fuglar. Það eru aðallega kollur með unga, slæðingur verpur með ströndinni, en einnig fellifuglar.

Dílaskarfur sést árið um kring og er gamli hafnargarðurinn á Eyrarbakka þekktur setstaður hans (25. mynd). Hópurinn er stærstur frá því í ágúst og fram í október, en minnstur á varptíma, apríl – júlí. Stöku toppskarfar sjást flest ár í hópnum. Lómar verpa á nálægum tjarnasvæðum, t.d. í Friðlandinu í Flóa og sækja sér æti á grunnsævið. Ýmsir sjófuglar sáust á jaðri talningarsvæðisins, t.d. fyll, súla, skrofa, himbrimi og svartfuglar. Fyll og himbrimi eru ekki ótíðir nærri landi, jafnvel í höfninni.



16. mynd. Fjöldi fugla samkvæmt talningum Vigfúsar Eyjólfssonar á Eyrarbakka frá því í mars 2006 fram í apríl 2008. Vigfús taldi alls 144 sinnum á þessu tímabili.

3.2.1 Talningar Vigfúsar Eyjólfssonar 2006-08

Vigfús Eyjólfsson taldi fugla frá austurmörkum talningarsvæðis okkar og að Sandvarnagarðinum (4. mynd), alls 133 sinnum frá 26. mars 2006 til 7. júlí 2007, síðan ellefu sinnum frá janúar til apríl 2008 (16. mynd). Vigfús sá meira en 600 fugla alls 10 sinnum og er vert að skoða þessa toppa: 26. apríl 2006 sáust 290 tildrur, aðrir vaðfuglar fara ekki yfir 100 einstaklinga. Þann 30. apríl sáust 1032 fuglar, þar af 600 tildrur og 200 sendlingar. Þann 5. maí fer talan rétt uppfyrir 600 og eru 400 lóuþrælar obbinn af þeim fjölda. Tíu dögum seinna, 15. maí, sáust 1025 fuglar og þar af eru 450 tildrur og 372 lóuþrælar. Þann 24. maí er talan 772, þ.a. 580 rauðbrystingar. Hæsti toppurinn er síðan 28. maí, 1896 fuglar og er uppistaðan í honum 1500 rauðbrystingar og 210 lóuþrælar. Fáir fuglar sáust síðan fyrr en haustfarið brast á síðla í júlí; 27. þ.m. var næsthæsti toppurinn, 1656 fuglar. Algengustu vaðfuglar voru 631 lóuþræll og 109 tildrur, en nú var fellihópur æðarfugls kominn til sögunnar (403), svo og allstór hettumáfhópur (150). Þann 10. sept. var æðarhópurinn 1104 fuglar, aðeins 53 fuglar annarra tegunda sáust.

Toppar á árinu 2007 eru á svipuðu róli, þann 12. apríl sjást 500 tildrur og þann 16. 157 hettumáfar, 162 tildrur og 214 sendlingar. Þann 19. apríl voru taldir 414 hettumáfar og 170 stelkar, sem er hæsta stelkatalan. Þann 18. maí er hámark vorsins, alls 1235 fuglar. Þá sáust rétt um 600 tildrur, en jafnframt 108 lóuþrælar og 124 kríur. Þetta var síðasta talning Vigfúsar, sem fór yfir 600 fugla. Nánari umfjöllun um talningar hans er í kafla 3.3 og í umræðu.

3.2.2 Varpfuglar við Eyrarbakka

Varpfuglar voru kannaðir á lítt röskuðu landi, þar sem líklegt er að ræsið liggi til sjávar á vestari staðnum, við Sandvarnargarðinn (17. mynd).



17. mynd. Talningarsnið, 1 km, á Óseyrarnesi 11. júní 2018.

Sjö tegundir mófugla fundust með varpatferli og auk þess kría og hettumáfur. Niðurstöður sjást í 3. töflu. Heiðlöa var algengust (32% af töldum pörum), en hrossagaukur (25%) og þúfutittlingur (21%) fylgdu fast á eftir, þessar þrjár tegundir voru allar með yfir 20% hlutfall. Aðrir fuglar voru með 4-7%: spói, stelkur, jaðrakan og maríuerla (3. tafla).

3. tafla. Mófuglar með varpatferli á 1 km sniði á Óseyrarnesi 11. júní 2018. Mælieiningin er par.

Fuglar	Pör	Þéttleiki pör/km ²	Hlutfall para
Heiðlöa	9	24	32
Hrossagaukur	7	22	25
Þúfutittlingur	6	30	21
Stelkur	2	10	7
Spói	2	3	7
Jaðrakan	1	5	4
Maríuerla	1	5	4
Samtals:	28	99	100

3.2.3 Fuglar milli Eyrarbakka og Selfoss

Fuglalíf með leiðinni meðfram Eyrarbakkavegi og síðan frá Eyrarbakkavegi sunnan Síberíu og gegnum Friðlandið að Sandvarnargarðinum (2. mynd, sjá einnig Efla 2013) var skoðað samhliða öðrum athugunum og í ferðum höfunda um svæðið fyrr og árið 2018. Þessari leið eru gerð skil í gróðurkaflanum (kafli 3.6). Landið meðfram þjóðveginum er raskað og fuglafánan þar fremur fátækleg; stokkond, hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur eru meðal varpfugla. Hin leiðin um Síberíu, Flóagaflmýri og Rima liggur í gegnum mýri og þar er mun fjölbreyttara og meira fuglalíf. Meðal varpfugla eru grágæs, rauðhöfðaönd, urtönd, stokkond, heiðlöa, lóuþræll, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, óðinshani og þúfutittlingur. Lómur verpur nærrí og gæti orpið við leiðina í Rimum norðan við Óseyrarnes (Jóhann Óli Hilmarsson 2018).

3.3 Fuglatal

Í þessari skrá verður fjallað um alla þá fugla, sem vitað er um frá athugunarsvæðinu á Ölfusá, en eingöngu þá sem sáust á talningartíma á Eyrarbakka eða næsta nágrenni við talningarsvæðið. Almennar upplýsingar um fuglana, útlit, útbreiðslu og fleira, má t.d. finna í Íslenskum fuglavísí (Jóhann Óli Hilmarsson 2011). Athuganir höfunda frá Ölfusá árið 2009 voru hafðar til hliðsjónar (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Fyrst er fjallað um fugla á Ölfusá og síðan á Eyrarbakka, þegar fuglar sjást á báðum stöðum, sjá tölur í 1.-3. viðauka. Talningar Vigfúsar Eyjólfssonar (VE) á Eyrarbakka og upplýsingar af skráningarvefnum eBird, auk athugana höfunda, Hlynss Óskarssonar (HÓ), Alex Mána Guðríðarsonar (AMG), Böðvars Þórissonar (BP), Arnar Óskarssonar (ÖÓ), Ingvars Atla Sigurðssonar (IAS) o.fl. voru nýttar við þessa samantekt. Ef heimilda er ekki getið eru athuganir úr fórum höfunda. Ölfusá er nefnd á undan í tegundaumfjölluninni, ef fugl sást á báðum stöðum.

- Álf (Cygnus cygnus)** er aðallega vetrargestur á Ölfusá, þó hún sjáist næstum allt árið. Fæstar voru í maí fram í júlílok, en þá fara varpfuglar úr grenndinni að koma með unga sína á Ölfusá. Flestar sáust 75 þann 13. september 2017, en yfirleitt voru þær á milli 20 og 40 (62. mynd). – Álfir sjást af og til allt árið á Eyrarbakka, en eru algengastar síðsumars. Um 400 fuglar fella á Eyrum, frá Baugsstöðum og að Ölfusárósi og hefur sjötti hluti fellihópsins sést á Eyrarbakka (18. mynd). Fuglar sem verpa nærrí sjást stundum á sjónum með ungana.
- Grágæs (Anser anser)** er varpfugl og vetrargestur við Ölfusá. Grágæs fer að heimsækja svæðið sem vetrargestur árið 2009 og eru gjarnan nokkrir tugir þar á veturna. Fuglar með unga sjást bæði á víkinni vestan við ræsið og í Sandviki. Í júní 2017 sáust alls 14 pör með 71 unga og 28. júlí voru 123 fuglar, fullorðnir og ungar, á talningarsvæðunum sunnan ár. – Grágæs er sjaldséð á Eyrarbakka, þó hún sé fremur algeng á Eyrum og verpur t.d. í Friðlandinu í Flóa.



18. mynd. Álfir í felli við Eyrarbakka 18. ágúst 2004. Ljósm. JÓH.

3. **Heiðagæs** (*Anser brachyrhynchus*) er sjaldséður vorgestur á Eyrarbakka, 36 flugu yfir þann 28. mars 2018 (Bþ).
4. **Helsingi** (*Branta leucopsis*) var sjaldséður á Ölfusá, hann sást síðumars og sem haustgestur: tveir 10. ágúst 2013, um 20 þann 18. sept. 2015 og 11 þann 4. sept. 2017 (1. viðauki).



19. mynd. Margæs með grænþörung (Ulva/Ulvaria) við höfnina á Eyrarbakka 22. apríl 2016. Ljósm. JÓH.

5. **Margæs** (*Branta bernicla*) er vorfargestur á Eyrarbakka. Farleið margæsa liggar um fjöruna á Eyrum og sjást hópar oftlega á flugi á vorin og geta fuglarnir skipt tugum og jafnvel hundruðum. Þær hafa jafnframt viðvöl í fjörunni og nærast þá gjarnan á grænþörungum (19. mynd). Sjást stundum á haustin.



20. mynd. Brandendur á eyri í víkinni vestan við ræsið, Geitanes og útihús á Þórustöðum í Ölfusi fjær. Gróður í Geitanesi er m.a. alaskalúpína, víðir, ætihvönn og gulstör. Aðrir fuglar eru m.a. stokkendur, urtendur, hettumáfur og skúfond. Ljósm. JÓH 25. júní 2017.

6. **Brandönd** (*Tadorna tadorna*) sést orðið árið um kring og er árviss varpfugl við Ölfusá. Fyrstu skráðu fuglarnir voru par, sem sást 5. apríl 2007. Fyrsta varptilvik var í kringum 2010. Fyrsta vetrarathugun var frá 1. mars 2008, en á síðustu árum hafa 1-3 fuglar haft veturnsetu. Það er í samræmi við þróunina á landsvísu, að sífellt fleiri brandendur hafi veturnsetu. Vorið 2018 sáust fyrstu farfuglarnir (7) 22. mars. Þann 9. júní 2017 sá Örn Óskarsson 44 fugla í víkinni við ræsið og 25. júní s.l. sáu höfundar 27 fugla þar, 16 steggi og 11 kollur (1. og 20. mynd). – Brandönd er reglulegur vorfargestur á Eyrarbakka, í talningunum sáust 16 fuglar 12. apríl 2018.
7. **Rauðhöfðaönd** (*Anas penelope*) er haust- og vetrargestur á Ölfusuá, sést frá september til maí, en stöku fuglar sáust einnig að sumarlagi. Stærsti hóparnir voru í Sandviki 28. sept. 2017 (50 fuglar), þegar mjög hátt var í Ölfusá (forsíðumynd) og í Fossvík 25. okt. s.á., 95 fuglar. – Rauðhöfði sést árið um kring á Eyrum. Í talningum á Eyrarbakka sáust fuglar frá aprílþyrjun fram undir miðjan júní, flestar 35 vestan við Sandvarnargarðinn 6. apríl 2018. Er mun tíðari við Hraunsárósá og í Stokkseyrarfjöru.
8. **Gargönd** (*Anas strepera*) er sjaldgæfur gestur á Ölfusá, stakur steggur sást við ræsið í talningu 19. júní 2017.
9. **Urtönd** (*Anas crecca*) er algeng og sést árið um kring á Ölfusá, mest í víkinni við ræsið. Flestar sjást venjulega síðsumars og á haustin og fara þær þá stundum uppfyrir 200, t.d. 226 þann 1. sept. 2017. – Aðeins einn fugl sást í talningunum á Eyrarbakka 2018, 2. apríl. Þann 10. apríl 2006 sáust 16 (VE). Urtönd sést á svipuðum slóðum í fjörunni á Eyrum og rauðhöfðinn, mest kringum Hraunsárósinn.

10. **Murtönd** (*Anas carolinensis*) er sjaldgæfur gestur á Ölfusá, en árviss hér á landi, ættaður frá Norður-Ameríku. Stakur steggur sást með urtöndum (91) á Fossvík þann 28. okt. 2013. – Murtönd sást á tjörnum við Eyrarbakka uppat talningarsvæðinu (Sandgræðslutjörnunum) á talningartíma, 29. maí 2018.
11. **Stokkönð** (*Anas platyrhynchos*) er algeng og sést árið um kring á Ölfusá. Hún er algengust á veturna, frá október til mars. Flestar voru 305 þ. 27. des. 2009 (ÖÓ VÓ). Kollur með unga hafa sést á ánni. – Á Eyrarbakka er hún algengur vetrar- og vorgestur, en sjaldgæf síðsumars og á haustin. Flestar sáust 72 þann 9. febrúar 2018.
12. **Grafönd** (*Anas acuta*) er sjaldgæfur vetrar og vorgestur á Ölfusá, oftast sáust stakir fuglar, en þó eitt sinn fjórir, 2. apríl 2016 (AMG). – Grafönd er sjaldséður vetrar- og vorgestur á Eyrarbakka.
13. **Skeiðönð** (*Anas clypeata*) er sjaldgæfur gestur á Ölfusá. Steggur var í víkinni við ræsið í talningu 19. júní 2017. – Hún er sjaldgæfur en líklega árviss vetrar- og vorgestur á Eyrarbakka.
14. **Hringönð** (*Aythya collaris*) er sjaldgæfur en árviss gestur á Íslandi, ættaður frá Norður-Ameríku. Hinn 28. okt. 2013 var steggur með öndum í Fossvík og 2. júní 2017 annar með skúföndum við ræsið (AMG).



21. mynd. Skúfendur og stök æðarkolla vestan við ræsið 25. júní 2017. Gróðurinn í forgrunni er m.a. njóli og æthivönn. Ljósm. JÓH.


15. **Skúfönd** (*Aythya fuligula*) hefur aðallega verið skráð á haustin á Ölfusuá, flestar 139 þann 17. sept. 2018. Veturinn 2016-17 og athugunarárið júní 2017-18 virðist þeim hafa fjölgað. Hópur um 100 fugla hélt sig allt sumarið 2017 (og 2018) á svæðinu, oftast í víkinni vestan við ræsið, en einu sinni fannst hópurinn á tjörn við Kotferju, skammt vestan við athugunarsvæðið (21. mynd). – Sjaldséður gestur á Eyrarbakka, sást einu sinni í talningum, stakur steggur 17. ágúst 2018.
16. **Duggönd** (*Aythya marila*). Venjulega voru fáeinir duggendur með skúföndunum á Ölfusá, en sumarið 2017 sást óvenjumikið. Það má þó minna á, að mjög lítið er til af eldri sumarathugunum. Hinn 25. júní 2017 sást 31 við ræsið, þar af 28 steggir. Þær hverfa á veturna, frá nóvember til síðari hluta apríl. Kynblendingur duggandar og skúfandar sást tvívar sumarið 2017 við ræsið. – Sjaldséður gestur á Eyrarbakka.

17. **Kúfönd** (*Aythya affinis*) er sjaldgæfur gestur á Íslandi, ættaður frá Norður-Ameríku. Stakur steggur hélt sig með skúföndum og öðrum kaföndum við ræsið 29. maí til 9. júlí 2017 (HÓ o.fl.).



22. mynd. Fellihópur æðarfugla við Sandvarnargarðinn 18. ágúst 2004. Ljósm. JÓH.

18. **Æður** (*Somateria mollissima*) er vorgestur á Ölfusá, sást frá því seint í mars fram í júnílok, oftast við ræsið. Það er í samræmi við athuganir höfunda ofar við ána árið 2009 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Hæsta tala æða var 41 fugl dagana 12. apríl 2011 og 14. apríl 2018. Þetta eru fuglar á leið til varpstöðva ofar á ánni og við Sog og Hvítá, alla leið uppá Úlfljótsvatn. Æðarfuglar verpa ekki fjær sjó hér á landi og þó víðar væri leitað. – Æður er algengasti fuglinn á Eyrarbakka og sést árið um kring. Slæðingur verpur á fjörukambinum og ofan við hann og leita kollurnar með ungana til sjávar. Nokkur þúsund fuglar fella á Eyrumsíðsumars (22. mynd). Flestir fellifuglar sáust í talningu þann 17. ágúst 2018, 950 og 1104 þann 10. sept. 2006 (VE). Þann 15. júlí 2008 voru 1060 fellifuglar við Ölfusárós (Ólafur Einarsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2009). Talið er að fuglarnir hafi verið allt að 10.000 frá Eyrum og yfir í Hafnarvík við Þorlákshöfn árið 1980. Þá var talið úr flugvél (Arnþór Garðarsson 1982). Endurtaka þyrfti þessa talningu sem fyrst, en ljóst er að við sáum aðeins brot af heildarhópnum.



23. mynd. Straumandarpar við höfnina á Eyrarbakka 22. apríl 2016. Ljósm. JÓH.

19. **Straumönd** (*Histrionicus histrionicus*) fer um Ölfusá á vorin, í apríl og maí, á leið uppi ár, ofar á vatnsviðinu, til varps. Hún er algeng ofan brúar, en sást aðeins einu sinni í talningum, þrír fuglar 27. apríl 2018. Minna verður vart við hana á haustin, en stöku sinnum sjást kollur með unga ofan Ölfusárbrúar (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). – Straumönd er reglulegur gestur á Eyrarbakka á útmánuðum og fram á vor, frá febrúar og fram yfir miðjan maí. Þær sjást oftast í höfninni, en stundum annars staðar (23. mynd). Við sáum frekar fáar, flestar 9 þann 22. apríl 2018, en Vigfús Eyjólfsson sá flestar 35 þann 8. apríl 2008.
20. **Hávella** (*Clangula hyemalis*) notar ána eins og straumönd, en hún er sjaldgæfari við Selfoss (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Fáeinir fuglar (6-7) komu fram í talningum í lok apríl og um miðjan maí. – Strjáll, en reglulegur vetrargestur á Eyrarbakka, hefur líka sést í júní.
21. **Húsönd** (*Buccephala islandica*) er sjaldgæfur vetrargestur á Ölfusá. Annan janúar 2017 voru 13 húsendar við ræsið og 8. jan. og 5. mars sama ár sáust stakir fuglar þar (IAS o.fl.).
22. **Toppönd** (*Mergus serrator*) er fremur sjaldséður vetrargestur á Ölfusá, en sást þó á öðrum tínum árs. Flestar voru 15 þann 22. sept. 2011. – Hún er algeng allt árið á Eyrarbakka og næstalgengasta öndin. Mest er af henni síðsumars, þegar varpfuglar af svæðinu ala unga sína á sjónum, flestar sáust 17. ágúst 2018, 101 fugl. Um 420 toppendur voru við Ölfusárós 1. júlí 2008 (Ólafur Einarsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2009)



24. mynd. Glæsilegt gulandarpar á flugi við ræsið 25. febrúar 2007. Ljósm. JÓH.

23. **Gulönd** (*Mergus merganser*) er algengur vetrargestur og er ræsið við Ölfusá einn helsti vetrarstaður hennar á landinu öllu (24. mynd). Hún sást frá því seint í september fram í maí, ein athugun var frá því snemma í júní. Gulendur voru algengastar þegar kalt var í veðri og áin var lögð, þær eiga sér athvarf á ánni og æti virðist vera til staðar. Tvisvar hefur verið skráður 61 fugl: 14. feb. 2007 og 9. jan. 2011 (ÖÓ VÓ). Nokkrum sinnum hafa verið á milli 50 og 60 fuglar við ræsið. – Gulendur sjást reglulega á Ölfusárósi og í Friðlandinu í Flóa á veturna, en sjaldan á sjónum við Eyrarbakka.
24. **Himbrimi** (*Gavia immer*) er árviss vetrargestur á Eyrum og sést m.a. reglulega í Eyrarbakkahöfn. Stakur fugl sást 29. júlí 2018.
25. **Lómur** (*Gavia stellata*) er strjáll vor og sumargetsur á Ölfusá, einu sinni hafa sést tveir fuglar, en endranær aðeins stakir. – Hann sést mest á sumrin á Eyrarbakka, þegar varpfuglar úr nágrenninu, t.d. Friðlandinu í Flóa, eru á veiðum á grunnsævinu. Aðalfæða unganna er sandsíli (Jóhann Óli Hilmarsson 2018).
26. **Fýll** (*Fulmarus glacialis*) er vor – og sumargetsur á Ölfusá, sást frá miðjum mars fram í miðjan ágúst, en stöku sinnum þess utan, t.d. í miklum hlýindum á veturna (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Sumarið 2017 sáust flestir 110 þann 14. júlí. Þeir verpa í Ingólfssjalli og öðrum nærliggjandi fjöllum. – Fýll sást í mars, maí og ágúst í talningum á Eyrarbakka 2018 (1-10) og Vigfús Eyjólfsson sá eitt sinn lítinn hóp (12) í febrúar. Fýlar sjást oft á flugi utar, utan talningasvæðis, sem og ýmsir aðrir sjófuglar: skrofa, lundi, álka, langvía og súla. Illa fleygir fýlsungar brotlenda stundum síðsumars, bæði við Ölfusá ogá Eyrum.



25. mynd. Dílaskarfar og svartbakur á hafnargarðinum á Eyrarbakka 14. sept. 2003. Þetta er klassískur setstaður skarfa árið um kring. Ljósm. JÓH.

27. **Dílaskarfur** (*Phalacrocorax carbo*) er sjaldséður haust og vetrargestur á Ölfusá, oftast sjást stakir fuglar, en tveir sáust þó 26. sept. 2017. – Dílaskarfur sést árið um kring á Eyrarbakka og er gamli hafnargarðurinn þekktur setstaður hans (25. mynd). Hópurinn er stærstur frá því í ágúst og fram í október og geta þá verið milli 200 og 300 skarfar á garðinum; en hann er minnstur á varptíma, apríl – júlí. Skarfar sjást stundum á veiðum í höfninni.
28. **Súla** (*Morus bassanus*) sést árið um kring misdjúpt og í mismiklu magni undan Eyrarbakka. Hún kom fram í þremur talningum skammt undan landi: 23. júní, 29. júlí og 17. ágúst, 1-21 fugl (2. viðauki).
29. **Toppskarfur** (*Phalacrocorax aristoteles*). Stöku fuglar sjást flest ár í dílaskarfahópnum á hafnargarðinum á Eyrarbakka.
30. **Bjarthegri** (*Egretta garzetta*) er sjaldgæfur summar- og haustgestur í Sandviki. Þessi fugl er ættaður frá Evrópu og undanfarin ár hafa þeir sést árlega á Íslandi. Alls hafa fjórir fuglar sést á athugunarsvæðinu: 10. ágúst 2013 (IAS), 18. sept. 2015 (sást í nokkra daga), 26. okt. 2016 og frá 12. sept. fram til áramóta 2017-18 (ÖÓ o.fl.). – Bjarthegri hefur sést við Sandgræðslutjarnirnar, rétt norðan við talningarsvæðið á Eyrarbakka.
31. **Gráhegri** (*Ardea cinerea*) er vetrargestur við ræsið, frá október til apríl, oftast stakir fuglar, en einu sinni tveir þann 4. apríl 2016 (Bþ, 26. mynd). – Er sjaldséður á Eyrarbakka.
32. **Haförn** (*Haliaeetus albicilla*) er sjaldgæfur vetrargestur við Ölfusá, athuganir eru frá febrúar 2012 og mars 2013. Þann 5. des. 2018 sat fullorðinn fugl með álfum við ræsið (AMG). Eldri athuganir eru til, ernir halda til við Sogið og í Ölfusi á veturna. – Haförn sést óreglulega á Eyrarbakka, stakur fugl sást í talningu 6. apríl 2018.



26. mynd. Fullorðinn gráhegri á sandeyri við ræsið 20. febrúar 2012. Ljósm. JÓH.



27. mynd. Ungur fálki að snæðingi á Eyrarbakka 6. apríl 2013. Ljósm. JÓH.

33. **Fálki** (*Falco rusticolus*) er vetrargestur, stakir fuglar sáust við Ölfusá frá nóvember til mars, flestar athuganir voru frá febrúar og mars. – Fálki er árviss á Eyrarbakka, þó hann hafi ekki komið fram í talningum. Einn til tveir fuglar halda þar til á veturna, oftast ungfuglar (27. mynd).
34. **Smyrill** (*Falco columbarius*) var aðeins með tvær skráðar athuganir við Ölfusá, sitthvor fuglinn í ágúst og janúar. – Kom ekki fram í talningum, en smyrilar sjást oftlega á Eyrarbakka, aðallega síðsumars og á haustin, en einnig á fartíma á vorin, svo og á veturna.

35. **Tjaldur** (*Haematopus ostralegus*) er vor og sumargestur við Ölfusá, sást frá miðjum mars fram í miðjan ágúst. Tvisvar sáust 17 og 18 fuglar, 20. mars 2016 og 25. júní 2017. Varpfugl í lítt grónu landi á athafnasvæðinu. – Hann er jafnframt vor og sumargestur á Eyrarbakka, sést frá mars til september. Eyrarbakki er mikilvægur viðkomustaður á vorin (28. mynd), hæsta talning voru 500 fuglar þann 6. apríl 2018.



28. mynd. Vorhret í Eyrarbakkafjöru 13. apríl 2008. Alls sex tegundir vaðfugla eru á myndinni: heiðlour fremst, svo stök sandlöa, stelkar, tildrur, sendlingar og aftast tjaldar. Ljósm. JÓH.

36. **Heiðlóa** (*Pluvialis apricaria*) er vorgestur í Sandviki og varpfugl á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Ölfusá. – Hún er reglulegur vorgestur á Eyrarbakka, en yfirleitt sjást fáir fuglar (28. mynd).

37. **Sandlóa** (*Charadrius hiaticula*) er fremur sjaldséð við ána, sást helst síðumars, flestar 10 þann 15. ágúst 2008 í Sandviki. Varpfugl í lítt grónu landi á athafnasvæðinu. – Sandlóa er algengur fargestur á Eyrarbakka, bæði vor og síðumars (haustfar). Hún sést ekki í eins stórum hópum og sumir aðrir fargestir, flestar sáust 95 þann 4. maí 2018 og 76 þ. 19. apríl 2007 (VE).
38. **Vepja** (*Vanellus vanellus*) er sjaldgæfur gestur á Eyrarbakka, oftast í þanghrönninni vestan hafnar. Vepja sást í talningum 6. apríl 2018.



29. mynd. Rauðbrystingahópur í þanghrönninni vestan Eyrarbakkahafnar 19. maí 2004. Ljósm. JÓH.

39. **Rauðbrystingur** (*Calidris canutus*) sást aðeins einu sinni við Ölfusá, þrír fuglar með jaðrakönum í Sandviki 4. sept. 2017. – Rauðbrystingahópar **voru** stærstu fuglahóparnir, sem höfðu viðkomu í Eyrarbakkafjörum þangað til fyrir örfáum árum (29. mynd). Þeir voru venjulega flestir seint í maí, Vigfús Eyjólfsson sá mest 1500 fugla þ. 28. maí 2006. Strax árið eftir, 2007, virðist fuglunum hafa fækkað mikið, þá sér Vigfús mest 66 fugla í maí. Um svipað leyti eða í maí 2008, verður vart við stóra hópa rauðbrystinga í kornökrum við Stokkseyri. Síðan hafa mest sést um 200 fuglar að vorlagi, en hann var alltaf mun sjaldséðari á haustfarinu.



30. mynd. Sanderla í sumarskrúða í Eyrarbakkafjöru 9. maí 2011. Ljósm. JÓH.

40. **Sanderla** (*Calidris alba*) er fargestur á Eyrarbakka, bæði á vor- og haustfari (30. mynd). Við sáum flestar að vorlagi 695 fugla þann 30. maí 2018 og á haustfarinu 430 fugla þann 29. júlí sama ár. Vigfús Eyjólfsson sá mun færri sanderlur á árunum 2006–2008. Þær sjást oft fram á haust, jafnvel fram í október.
41. **Veimiltíta** (*Calidris minuta*) er sjaldséður gestur í Eyrarbakkafjöru, þann 1. maí 2018 sást stök veimiltíta með lóuþrælum (Alex Máni Guðríðarson).
42. **Rákatíta** (*Calidris melanotos*) er sjaldséður gestur í Eyrarbakkafjöru, þann 16. apríl 2018 sást stök rákatíta með lóuþrælum (Hlynur Óskarsson).



31. mynd. Sendlingar og þrír stelkar á Eyrarbakka 15. apríl 2014. Ljósm. JÓH.

43. **Sendlingur** (*Calidris maritima*) er far- og vetrargestur á Eyrarbakka (31. mynd). Hann er algengastur snemma vors, en virðist hafa fækkað á veturna. Vetrarfuglar voru oftst oft háttí 100, en fáir sem engir sjást nú (VE, Náttúrufræðistofnun 2018b o.fl.). Hæsta talning er frá 3. apríl 2007, 229 fuglar (VE).
44. **Lóuþræll** (*Calidris alpina*) er sumargeturstur, sem sást helst við Ölfusá í víkinni vestan við ræsið, en einnig í Sandviki. Flestir 86 þann 14. júlí 2017. – Hann er algengur umferðarfugl á Eyrarbakka og hefur sést á öllum árstínum (32. mynd). Flestir sáust um 1000 þann 4. maí (AMG). Vigfús Eyjólfsson sá mest 631 fugl þann 27. júlí 2006 og 400 fugla þann 5. maí sama ár.
45. **Hrossagaukur** (*Gallinago gallinago*) er sumargeturstur og varpfugl á athafnasvæði dælustöðvar við Ölfusuá. Hópar sáust síðumars og fram á haust, bæði í víkinni við ræsið (flestir 20 þann 1. sept. 2017) og í Sandviki (42 sama dag). Stöku fuglar sjást á veturna. – Stöku fuglar sjást á Eyrarbakka, en þeir verpa nærrí talningarsvæðinu.
46. **Spói** (*Numenius phaeopus*) er varpfugl á athafnasvæði skólpdælastöðvar við Ölfusá og sást stöku sinnum við ána að sumri til, í júlí og ágúst. Einu sinni sást vænn hópur, 57 fuglar þann 10. ágúst 2013 (IAS). – Spóar sjást stöku sinnum í fjörunni á Eyrarbakka í maí og júlí. Flestir 9 þann 17.7.2006 (VE).
47. **Fjöruspói** (*Numenius arquata*) er vetrargestur á Eyrarbakka, hann sést frá september til apríl, venjulega 1-4 fuglar.



32. mynd. Lóuþrælar í Eyrarbakkafjöru 7. maí 2011. Ljósm. JÓH.

48. **Jaðrakan** (*Limosa limosa*) er sumargestur, sást frá því seint í apríl fram í miðjan september við Ölfusá, oftast í víkinni við ræsið, en einnig í Sandviki. Þar var stór hópur þann 4. sept. 2017, um 300 fuglar (33. mynd). Í þessum hópi var fugl, sem hafði verið merktur sem ungi í Friðlandinu neðar með ánni 29. júní s.á. (BÞ). Jaðrakanar verpa ekki á athafnasvæðinu, en nærrí. – Þeir eru sjaldséðir í Eyrarbakkafjöru, en sjást flest vor og nærrí fjörunni eru tjarnir, sem er vinsæll viðkomustaður hjá fyrstu farfuglunum. Vorið 2018 sást stakur fugl í byrjun apríl og líttill hópur, 28 fuglar, þann 12. apríl.
49. **Stelkur** (*Tringa totanus*) er sumargestur og varpfugl á athafnasvæðinu við Ölfusá. Hann sást frá því síðla í apríl og fram eftir ágúst, flestir 125 þann 28. júlí 2017, þar af 123 í víkinni við ræsið. – Stelkur er algengur á fartíma á Eyrarbakka og sést stundum árið um kring (28. mynd). Á fartíma sjást venjulega nokkrir tugir, en geta farið í fáein hundruð, t.d. 250 þann 4. maí 2018. Fáeinir fuglar sjást flesta vetur, t.d. 6 á jóladag 2006 (VE).



33. mynd. Sofandi jaðrakanar, hettumáfar og fáeinir stormmáfar í Sandviki 4. september 2017. Ljósm. JÓH.

50. **Tildra** (*Arenaria interpres*) er sjaldséður vorgestur við Ölfusá, ein sást við ræsið 18. maí 2018. – Hún er algeng í Eyrarbakkafjöru á fartíma og getur skipt hundruðum á vorfarinu (34. mynd). Hæsta tala okkar var 562 fuglar þann 18. maí 2018, Vigfúsá flestar 600 þann 30. apríl 2006 og 569 þann 18. maí 2007. Minni hópar sjást á haustfarinu. Hefur stundum vetursetu, t.d. sáust 12 fuglar á jóladag 2006 (VE).
51. **Óðinshani** (*Phalaropus lobatus*) er sjaldgæfur sumargestur á Ölfusá, tveir sáust við ræsið 5. júní 2015, aftur tveir sama stað 14. júlí 2017. Þann 15. júní 2009 sáust 20 í Fossvík, 70 á víkinni neðan við Fossvík 14. júlí 2017 og 54 í Fossvík 5. júní 2018. – Óðinshani sást í öllum talningum við Eyrarbakka, frá byrjun maí og út júlí 2018, mest 84 þann 18. maí. Hann var ekki eins reglulegur í talningum Vigfúsar Eyjólfssonar, hann sá þó 62 þann 27. júlí 2006.
52. **Kjói** (*Stercorarius parasiticus*) er fremur sjaldséður sumargestur við Ölfusá, fáeinir athuganir eru skráðar frá júníþyrjun og út ágúst, yfirleitt stakir fuglar, en þrír voru við ræsið 14. ágúst 2017. – Sést endrum og sinnum á Eyrarbakka, endranær stakir fuglar, en 4. maí 2018 sáust 12 (AMG).
53. **Skúmur** (*Stercorarius skua*) er sjaldgæfur sumargestur við Ölfusá, hann sást aðeins einu sinni, stakur fugl á flugi við ræsið 14. júlí 2017. Fáein pör verpa neðar við ána. – Sést nokkuð reglulega á Eyrum, stakir fuglar eða örfáir saman á flugi með ströndinni, þó hann hafi ekki skilað sér vel í talningum.
54. **Rita** (*Rissa tridactyla*) er óreglulegur vetrar – ogvorgestur á Eyrarbakka, 1-10 fuglar sjást af og til frá janúar til maí.
55. **Trjámáfur** (*Chroicocephalus philadelphia*) er sjaldgæfur gestur á Íslandi, ættaður frá Norður-Ameríku. Fullorðinn fugl sást með hettumáfum við ræsið við Ölfusá 5. júní 2015 (IAS).



34. mynd. Tildra flýr öduna í Eyrarbakkafjöru 13. maí 2010. Ljósm. JÓH.

56. **Hettumáfur** (*Chroicocephalus ridibundus*) er einn algengasti fuglinn á athugunarsvæðinu á Ölfusá, hann sást aðallega frá miðjum mars fram í október, en einnig lítils háttar á veturna (33. mynd). Mest var af honum þegar slátrun stóð yfir hjá Sláturfélagi Suðurlands, tæplega 2000 fuglar sáust þann 26. sept. 2017 (1. tafla). Þeir gátu jafnframt skipt hundruðum á vorin við skólpræsið (1. viðauki). – Hettumáfur er sömuleiðis algengur á Eyrarbakka, þar er nú eitt stærsta hettumáfsvarp á Suðurlandi. Hann sést frá mars fram í nóvember, en sjaldan yfir háveturinn. Mest er af honum á stórstreymi, þegar brýtur úr þanghrönninni (35. mynd), þann 6. sept. 2018 sáust 411 fuglar og 19. apríl 2007 sáust 414 fuglar.

57. **Stormmáfur** (*Larus canus*) sést árið um kring, langmest í sláturtíðinni, þegar þeir skipta hundruðum (rúmlega 930 þann 26. sept. 2017, 1. tafla og 33. mynd) og er þá góður hluti íslenska stofnsins á Ölfusá við Selfoss. – Hann er mun sjaldséðari á Eyrarbakka, þó hann sjáist stóran hluta ársins, síst yfir háveturinn (35. mynd). Þann 2. mars 2018 sáust 80 fuglar.



35. mynd. Hettumáfahópur í æti í krikanum vestan Eyrarbakkahafnar á stórstreymi 9. sept. 2018, 411 fuglar voru í hópnum. Greinilega sést hvernig aldan brýtur úr þanghrönninni og losar um fæðu fyrir fuglana, aðallega þangflugulirfur. Aðrir fuglar á myndinni eru stormmáfur, silfurmáfur, sílamáfur, tildra, tjaldur og æðarfugl. Ljósm. JÓH.

58. **Sílamáfur** (*Larus fuscus*) er algengur sumargestur, sést frá marslokum fram eftir september á Ölfusá, en stöku sinnum þess utan. Hæsta talan er frá 5. júní 2015, 600 fuglar. Hæsta talan úr talningunum 2017-18 voru 389 fuglar 27. apríl 2018. Fuglar með varpatferli, um 5 pör, sáust sunnan við athafnasvæði Ræktunarsambandsins. – Sést einnig á Eyrum á sama tíma, þó hann sé miklu sjaldgæfari þar en á Ölfusá. Flestir sáust 11. júní 2018, 26 fuglar og 14. apríl 2007, 28 fuglar (VE).
59. **Silfurmáfur** (*Larus argentatus*) sést árið um kring á Ölfusá, mest í sláturtíðinni, þegar þeir skipta tugum (1. tafla). Þann 24. mars 2016 voru 60 fuglar við ræsið. – Algengasti stóri mafurinn á Eyrarbakka og sést árið um kring. Virðist hafa fjölgæð síðan 2006-07, flestir sáust 88 þann 2. mars 2018.
60. **Bjartmáfur** (*Larus glaucopterus*) er aðallega vetrargestur þarna eins og annars staðar á landinu, sást á Ölfusá frá síðla september fram í maí, flestir voru skráðir 300 fuglar 26. nóv. 2007. Stöku fuglar sjást á sumrin, í júní og júlí. – Sést á Eyrum á sama tíma og á Ölfusá. Við sáum flesta 17 þ. 12. apríl 2018 og Vigfús Eyjólfsson 266 þann 16. mars 2007.
61. **Hvítmáfur** (*Larus hyperboreus*) er aðallega vetrargestur á Ölfusá, á útmánuðum geta þeir skipt fáeinum tugum og eins í sláturtíðinni. – Fáeinir sáust í flestum talningum á Eyrarbakka, flestir 20 þann 2. mars 2018. Hefur heldur fjölgæð síðan 2006-07 (VE).
62. **Svartbakur** (*Larus marinus*) sést árið um kring við Ölfusá, flestir 10. ágúst 2013, um 100 fuglar og 1. sept. 2017, nærri 50. Svartbarker voru og algengir í sláturtíðinni. – Nokkrir fuglar sáust í flestum talningum á Eyrarbakka 2018, mest 18 þann 2. mars. Vigfús Eyjólfsson sá 17-25 í desember 2006, en endranær fáeina eða staka fugla.
63. **Kría** (*Sterna paradisaea*) er sumargestur, slæðingur sást frá miðjum maí út júlí á Ölfusá, oftast í afslöppun á eyrum í ánni. Flestar 113 þann 5. júní 2018, mest norðan ár. Par með varpatferli sást vestan við athafnasvæði Ræktunarsambandsins, við gróðurathugunarpunkt 193 (5. mynd). – Á Eyrarbakka sáust nokkrir tugir frá

maíbyrjun og út júlí. Flestar 131 þann 19. maí 2006 (VE). Stórt kríuvarp er á Óseyrarnesi, skammt vestan við athugunarsvæðið.

64. **Þúfutittlingur** (*Anthus pratensis*) er varpfugl á byggingarsvæði skólpdælustöðvar við Ölfusá (2. tafla, 13. og 14. mynd) og sást á talningarsvæðinu við ána frá maí frameftir september. – Panghrönnin á Eyrarbakka og reyndar fjaran öll þar sem talið var, er vinsæll viðkomustaður spörfugla á fartíma, þar á meðal þúfutittlings. Þeir eru tíðastir í síðasta þriðjungi apríl fram í maí og síðan í september, fáeinir sjást í október og jafnvel fram í nóvember. Hæsta talan var 37 fuglar 5. sept. 2018, en hún er sjálfsagt alltof lág, því vegna felulitar og smæðar sjást fuglarnir illa í þanginu.
65. **Maríuerla** (*Motacilla alba*) er sumargestur og væntanlega varpfugl á athafnasvæði Ræktunarsambandsins. Þar sáust varplegir fuglar og svo stakir fuglar í Sandviki 1. september 2017 og 5. júní 2018. – Maríuerlan er algeng í Eyrarbakkafjöru á fartíma, eins og þúfutittlingur, en hún er horfin í lok september. Hæsta talan var 90 fuglar 9. sept. 2018.
66. **Steindepill** (*Oenanthe oenanthe*) er strjáll varpfugl í grýttu landi á byggingarsvæði skólpstöðvar og sást stöku sinnum við ána. – Hann er árviss í Eyrarbakkafjöru, þó færri fuglar sjáist en af tveimur fyrrnefndu spörfuglategundunum og hann komi síðar (59. mynd).



36. mynd. Skógarþrestir í vorhreti í Eyrarbakkafjöru 7. apríl 2005. Ljósm. JÓH.

67. **Skógarþrostur** (*Turdus iliacus*) er strjáll vor-, síðsumars- og haustgestur við Ölfusá. – Hann er algengur vorfargestur í Eyrarbakkafjöru og ef hún er skoðuð stuttu eftir stóru þrastagönguna, geta þeir skipt hundruðum, sérstaklega ef kalt er í veðri, sem og í vorhretum. Við töldum flesta 642 þann 6. apríl 2018, stóra gangan kom nóttnina áður.
68. **Svartþrostur** (*Turdus merula*) er vetrargestur við Ölfusá, stakir karlfuglar sáust við ræsið 28. nóvember 2017 og 20. febrúar 2018.
69. **Hrafn** (*Corvus corax*) er fyrst og fremst vetrargestur, sást við ræsið frá því í ágúst fram í júníþyrjun. Á veturna skipta hravnar tugum, flestir voru þeir um 100 þann 12. des. 2014 (37. mynd). – Á Eyrarbakka er hann líka vetrargestur og sást á svipuðum tíma, en færri fuglar, oftast stakir eða pör, náðu tvisvar 14, á jóladag 2006 og 14. mars 2007 (VE).

70. **Starí** (*Sturnus vulgaris*) sést árið um kring, en er líklega algengastur síðsumars við Ölfusá, þann 14. ágúst 2017 voru rétt rúmlega 1300 fuglar á talningarsvæðinu (68. mynd). – Starar sækja sér æti í þanghrönnina á Eyrarbakka, oft tugum eða jafnvel hundruðum saman, mest frá hausti fram á vor.
71. **Snjótittlingur** (*Plectrophenax nivalis*) er vetrargestur við Ölfusá, í vetrarfuglatalningum sáust mismargir, en flestir voru skráðir 100 þann 9. janúar 2011 (ÖÓ). Hópur um 60 fugla sást í Sandviki þann 28. nóvember 2017. – Hópar sjást stundum í Eyrarbakkafjöru á vetrum.



37. mynd. Hrafnar á flugi yfir Geitanesi 23. febrúar 2010. Ljósm. JÓH.

3.4 Spendýr

Einu villtu spendýrin sem vart varð við þegar athuganir stóðu yfir við Ölfusá, voru kanínur. Stakar kanínur sáust tíðum kringum athafnasvæði Ræktunarsambandsins og skítahrúgur fundust víða (39. mynd). Kanínan er eini grasbíturinn sem vart varð við, fyrir utan álfir og gæsir. Minkur er líklegur við ána, þó hans hefði ekki orðið vart í talningum. Hagamýs eru örugglega um allt í móum og á athafnasvæðum.

Landselir eiga það til að synda upp Ölfusá og töluvert upp Hvítá. Landselir sjást tíðum í fjörunni á Eyrum, meira reyndar austan við athugunarsvæðið. Þrír stakir komu fram í talningum. Landselur er á nýjum spendýrválista (Náttúrufræðistofnun 2018c). Útselur, blöðruselur og kampaselur hafa sést við Eyrarbakka, en eru sjaldgæfir (eigin ath.). Minkur er algengur í fjörunni á Eyrum (eigin ath., 38. mynd). Skrá yfir spendýr með fræðiheitum er í 12. viðauka.



38. mynd. Minkur á talningarsvæðinu í Eyrarbakkafjöru 13. ágúst 2014. Ljósm. JÓH.



39. mynd. Kanína á athugunarsvæðinu í Geitanesi. Gróður er m.a. vallelfting, krossmaðra, vallhæra og túnvingull. Ljósm. JÓH 28. júlí 2017.

3.5 Gróður við Ölfusá

Alls fundust 142 tegundir háplantna á öllu athugunarsvæðinu (5. viðauki). Flestar voru þær þurrlandisplöntur. Votlendisplöntur var helst að finna eins og von var í Flóagaflsmýri, Rimum og við Óseyrarnes (kafli 3.6).

Verulegum hluta svæðisins þar sem setja á hreinsistöðina niður, hefur nú þegar verið raskað í tengslum við flugvallarframkvæmdir, geymslusvæði Ræktunarsambandsins og skólþfráveitu. Raskaða svæðið hefur gróið vel eins og þekjumælingar sýndu (6. viðauki, 5. mynd). Það var undarlegt að finna fjöruarfá á athafnasvæði Ræktunarsambandsins, á vaxtarstað langt inni í landi, en hann hefur líklega borist með sjávarmölk. Fjórir þekjumælingareitir voru teknir í röskuðu landi og þar var land algróið (reitir 196 – 199, 5. mynd og 6. viðauki). Gróska var mikil þar sem áburðaráhrifa frá skólpi nýtur, eins og við skólpleiðslu og með bakkanum í átt að Geitanesi (40. mynd og 6. viðauki).

Hraunið var víðast hvar algróið og hraungambri var ríkjandi á austurhlutanum, næst geymslusvæðinu og sést það vel á 41. mynd. Í lægðum í hrauninu var kræki- og beitilyng áberandi og einnig grastegundir eins og bugðupuntur, blávingull og túnvingull (6. viðauki). Suður af og við norðurenda flugbrautarinnar var hraunið sandorpið og þekja

planta lítil (6. og 8. viðauki). Sandorpana svæðið sést vel á loftmynd (5. mynd). Kanínur voru víða á ferð við flugvöllinn, það mátti sjá a blómum, sem höfðu verið étin af baunagrasí og skítahrúgum, sem sáðust á víð og dreif (39. og 42. mynd). Þar sem skólpleiðslan á að liggja út í Ölfusá á Geitanesi var gróskulegt, ýmsar grastegundir og blómplöntur voru áberandi og einnig spruttu þar stæðilegar geithvannir (43. mynd og 6. viðauki). Á athugunarsvæðinu fannst „loðið“ blóðberg, sem höfundar hafa einnig séð á Hafnarsandi við Þorlákshöfn (44. mynd). Ýmsar trjátegundir og runnar voru að nema land, enda beit lítil nema af kanínum, skráðar trjá- eða runnategundir voru tíu (viðja og hreggstáðavíðir talin sem ein tegund) og voru þá ekki tekna með lágvaxnar lyngtegundir og grasvíðir (5. viðauki). Töluvvert fannst af slæðingum og garðplöntum á röskuðu landi við Geitanes, s.s. dagstjarna, skógarvatnsberi, hreggstáðavíðir og viðja, en garðaúrgangur og mold hafa verið losuð innan athafnasvæðis (5. viðauki).



40. mynd. Gróskumikill gróður við skólpfrárennsli. Ljósm. JÓH 18. ágúst 2017.

3.6 Gróður á leiðum frá Geitanesi og niður á Eyrarbakka

Næst flugbrautum eru grastegundir ríkjandi. Grastegundir eru einnig áberandi á leiðinni frá gámasvæði og að Eyrarvegi. Nærri gámasvæði eru víða blettir með mjaðjurt. Á leiðinni frá gámasvæði og að veginum voru nokkrar dælir¹, sem voru þurrar, þrátt fyrir mikið rigningasumar, en þar var að finna votlendiplöntur eins og klóffifu og mýrastör (45. mynd). Á þessari leið stendur hraun sumstaðar uppúr og þar er allt önnur tegundasamsetning; mosi, krækilyng, krossmaðra og blávingull áberandi (7. viðauki).

¹ Dæl er notað yfir tjörn í Flóanum, sbr. Langadæl; dregið af dæld.



41. mynd. Hraunið við geymslusvæðið var mjög vel gróið. Hraungambri og llyngróður voru áberandi. Ljósm. ÓE 14. ágúst 2017.



42. mynd. Bitið baunagras og kanínuskítur við Geitanes. Ljósm. ÓE 18. ágúst 2017.



43. mynd. Geithvönn og gróður í Geitanesi. Ljósm. ÓE 18. ágúst 2017.




44. mynd. Sérkennilegt blóðberg nærri NV enda flugbrautar. Ljósm. ÓE 18. ágúst 2017.



45. mynd. Þurr dæl á Sandvíkurheiði, norðan við Eyrarbakkaveg 16. ágúst 2018.
Ingólfssfjall og Selfoss fjær. Ljósm. JÓH.

Við skoðuðum lauslega gróður meðfram jarðstrengsleiðinni frá Selfossi að Eyrarbakka eins og henni er lýst í skýrslum Eflu (2013 og Jón Ágúst Jónsson o.fl. 2017, 46. mynd). Leiðinni var skipt í nokkra búta eins og gróðurfar gaf tilefni til. Landið meðfram veginum að suðausturhorni Síberíu er að mestu raskað. Frá Votmúlastaðaafleggjara að Sandvíkurvegi er gróðurinn raskað graslendi með ríkjandi húsapunti. Frá Sandvík að SA-horni Síberíu (beygjunni á línuleiðinni) er raskað graslendi. Þar á horninu óx fergin í vegskurði vestan þjóðvegar. Skurðurinn liggur meðfram þjóðvegi 1,8 km frá beygjunni og þurrkar upp vegarkantinn. Þar sem honum sleppir er votlendisvottur að Stokkseyrarafleggjara. Frá Stokkseyrarafleggjara að Litla-Hrauni (Hraunteig) eru lífríkar tjarnir norðan hans, gamlar uppgrónar malarnámur sem nefnast Fangaflóð. Þar er merkilegt fuglalíf og gróður fjölbreyttur. Tjarnir þessar ná vestur fyrir Hraunteig, langleiðina að hesthúsunum á Eyrarbakka. Eftir það taka við breytileg, misblaut gróðurlendi að Hafnarbrú; aðallega graslendi, en sums staðar mýri með gulstör og fleiri votlendisplöntum. Hvannir, bæði geithvönn og ætihvönn, eru mjög áberandi vestast. Með afleggjaranum að höfninni, Hafnarbrú, er graslendi og lítils háttar votlendi, en síðan tekur tún við vestan megin.

Frá Eyrarbakkavegi liggur hugsanleg leið skólpleiðslunnar meðfram sunnanverðri Síberíu á skurðbakka, sem ræsir fram mýrina, en þó eru enn virkar dælir vestan megin á þessum spotta (46. mynd). Þessu næst tekur Flóagaflsmýrin við að Engjavegi og er hún lítt röskuð, ef undan er skilin skurður sunnan við línuleiðina (47. mynd). Hann ræsir töluvert fram og sást það vel þar sem hann liggur misjafnlega nærrí slóðanum með línum.




46. mynd. Hugsanlegar leiðir skólplagnar frá dælustöð með Eyrarbakkavegi sunnan Síberíu og gegnum Flóagaflsmýri og Friðlandið í Flóá með útrás við Sandvarnargarð annars vegar, hins vegar með Eyrarbakkavegi og með útrás í Eyrarbakkahöfn (Einarshöfn). Helstu örnefni sjást og báðar lagnaleiðirnar. Sjá Efla hf. 2013 og Jón Ágúst Jónsson o.fl. 2017.



47. mynd. Dæl í Flóagaflsmýri 11. sept. 2018. Vinstra megin er áveituskurður og garður frá tíum Flóááveitunnar. Hann stefnir í átt að Síberíu, sem fékk nafn sitt af atvinnubótavinnu verkamanna frá Reykjavík í kreppunni miklu, sem handgrófu þar áveituskurði (Jón Gunnar Grjatarsson 1986). Hægra megin er flag, sem myndast hafði vegna lagningar jarðstrengs 2015 og síðan haldið við af traðki hrossa. Ljósm. JÓH.



48. mynd. Púfur og brokflói í Rimum í Friðlandinu í Flóa við slóðann sem lagður var fyrir jarðstrenginn. Ljósm. ÓE 17. sept. 2018.



49. mynd. Slóði með jarðstreng í gegnum Friðlandið í Rimum 17. sept. 2018. Strengurinn var lagður gegnum óraskað land í fuglafriðlandi og er slóðinn mjög áberandi í landinu þarna. Ljósm. JÓH.



50. mynd. Grösug sandströnd ofan Sandvarnargarðs. Geithvönn er áberandi. Ljósm. ÓE 24. júlí 2018.



51. mynd. Í beltí ofan fjörunnar var frekar fábreyttur gróður og var melgresið mest áberandi. Neðan við beltíð eru plöntur eins og fjöruarfí og fjörukál ríkjandi. Ofarlega og til hægri á myndinni sést glitta í stormþul, sem er planta sem hefur nýlega náð fótfestu á Íslandi. Stormþulur á uppruna sinn að rekja til Norður-Ameríku. Ljósm. JÓH 26. ágúst 2018.

Vestan Engjavegar, liggur jarðstrengurinn með skurði og í gegnum Friðlandið í Flóa, þar er brokflói ríkjandi og dælir (tjarnir) víða, með ýmsum votlendisplöntum eins og mýrastör, tjarnarstör og hálmgresi (48. og 49. mynd.). Hann liggur **ekki** með vegum þarna, eins og haldið var ranglega fram við undirbúning framkvæmda: „Ekki er talið að um verulega röskun á friðlandinu eða búsvæðum fugla verði að ræða enda er sá hluti línuleiðarinnar sem er innan Friðlandsins, meðfram vegum“ (Efla hf. 2013).

Þar sem mögulegt framkvæmdasvæði liggur frá Rimum og um Óseyrarnes, er land töluvert raskað, aðallega vegna garð- og túnræktar, einnig eru þarna víða vegir og slóðar. Vegna nálægðar við Ölfusá og síðan fjöruna, er jarðvegur sendinn, sérstaklega þegar kemur niður fyrir Eyrabakkaveg. Við þjóðveginn og neðan við hann hefur mosi víðast mikla þekju og enn fremur grastegundir; blómplöntur eins og gulmaðra, baunagras, blóðberg og geithvönn eru áberandi (9. viðauki og 50. mynd). Ofan við sandfjöruna er fjöruarf- og fjörukálsbelti með blálilju og hrímblöðku, þar upparaf melgresisbelti (51. mynd). Rétt við Sandvarnargarðinn er sandnáma og sést hún vel á loftmynd (7. og 8. mynd).




52. mynd. Bóluþangsbreiður í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018, Sandvarnargarðurinn til hægri. Ljósm. ÓE.

3.7 Þörungar


Alls voru skráðar 13 tegundir fjöruþörunga (10. viðauki) á sniðum við Eyrarbakka. Bólubang og klóþang voru langmest áberandi (52., 57. og 58. mynd). Efst í fjörunni var sandur og svo klöpp á því bili sem brimið er mest. Á 53. og 55. myndum sést hlutfall þörunga og undirlags, þegar það stóð uppúr á sniðunum. Þekja þörunga var engin efst, en svo voru þeir til staðar allt til enda sniðs. Upphaf sniðs var við stórstraumsflóðmörk; þörungar fundust fyrst 60 m frá upphafinu á vestara sniðinu, sniði 1 (53. og 54. mynd) og 45 m á eystra sniðinu, sniði 2 (55. og 56. mynd). Þekja sands á sniði 1 var mest efst í fjörunni og svo er sandur í stöku reit neðar. Lítið var um bera klöpp á þessu sniði, einungis 5% í einum reit (53. mynd). Bólubang var algengasta tegundin, kom fram í nærliggjum 24 reitum á sniði 1 og var yfirleitt með mikla þekju á þeim reitum, þar sem það var skráð. Klóþang var næstalgengast, það kom fyrst fram á 100 m reit og flestum reitum eftir það, en hverfur þegar nálgast stórstraumsfjörumörk. Söl voru í þriðja sæti, þau voru algengust neðst á sniðinu, frá 150 – 175 m, þó þau fyndust ofar. Skúfaþang kom aðeins fram í tveimur reitum með tiltölulega litla þekju, 125 og 130 m. Grænþörungarnir maríusvunta/marglyja fundust í 8 reitum, yfirleitt lítið, en voru þó með 20% þekju í neðsta reitnum, 175 m. Aðrar tegundir voru með innan við 1% þekju (54. mynd).

Þekja sands var mest á fyrstu reitunum á sniði 2 og ógrónar klappir voru til staðar á því sniði. Neðan við 85 m var fjaran meira og minna algróin þörungum. Bólubang fannst í 30 reitum af 35 á sniði 2, þekja þess var mjög mikil (56. mynd). Það kom fram í reit 65 m og öllum reitum eftir það nema þeim síðasta, 215 m. Næstalgengasta tegundin var skúfaþang sem kom fram á stöku reitum. Það óx neðarlega, frá 160 m og út sniðið. Steinslý var með frekar litla þekju en fannst á reitum ofarlega í fjörunni, aðrar tegundir voru með litla þekju og voru fátíðar. Klóþang kom ekki fram á þessu sniði (56. mynd).


Sex tegundir fjörudýra voru skráð í reitum, en þeirra var ekki leitað kerfisbundið. Dýrin eru talin upp í 11. viðauka og jafnframt í hversu mörgum reitum þau fundust. Þetta eru allt algeng dýr í íslenskum þangfjörum.




53. mynd. Hlutfall ógróinnar fjöru og þörunga á sniði 1 í Eyrabakkafjöru þann 26. ágúst 2018.



54. mynd. Pekja þörunga á sniði 1. Þekjan er stundum meiri en 100%.



55. mynd. Hlutfall ógróinnar fjöru og þörunga á sniði 2 í Eyrabakkafjöru þann 26. ágúst 2018.



56. mynd. Pekja þörunga á sniði 2. Þekjan er stundum meiri en 100%.



57. mynd. Sandvarnargarðurinn við Eyrarbakka 26. ágúst 2018. Ljós rönd purpurahimnu er áberandi, en aðrir þörungar eru helstir bólubang neðan við purpurahimnuna og klapparþang fyrir ofan. Ljósm. JÓH.



58. mynd. Pörungaþekjurammi í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018. Ríkjandi tegund er bólubang. Ljósm. JÓH.

4 Verndarviðmið

4.1 Verndarviðmið fugla

Tegundir sem þarfust verndar eru flokkaðar þannig (María Harðardóttir o.fl. 2003):

- Tegundir á válista og sjaldgæfar tegundir
- Ábyrgðartegundir
- Tegundir mikilvægar á landsvísu
- Tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga

Nýr válisti fugla leit dagsins ljós þegar skýrslan var í vinnslu (Náttúrufræðistofnun 2018a). Á íslenska válistanum eru m.a. nýir landnemar, fuglar með litla stofna, fuglar sem hefur fækkað mikið og fuglar sem eru hér á mörkum útbreiðslu sinnar. Listinn miðar oftast við varpstofn, en stundum við far- eða vetrarstofn. Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi að staðaldri (80), er fjöldi einstaklinga oft mikill og af þeim sökum eru íslenskir fuglastofnar tíðum hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni viðkomandi tegundar. Í alþjóðlegum verndarviðmiðum eru slíkar tegundir nefndar ábyrgðartegundir. Ef miðað er við 30% lágmark af Evrópustofni, eru það að minnsta kosti 16 tegundir varpfugla, sem Íslendingar bera mikla ábyrgð á. Nokkrar tegundir fugla hafa viðdvöl á Íslandi á leið sinni til og frá norðlægum varpslöðum, en verpa ekki á landinu. Kallast þeir fargestir eða umferðarfuglar. Ísland er mikilvægur áningarstaður fyrir þessa norðlægu fugla og ábyrgð okkar því mikil á þessum stofnum. Þeir nýta viðkomustaði á Íslandi til hvíldar og til að safna orku fyrir áframhaldandi farflug og varp (4. og 5. tafla, María Harðardóttir o.fl. 2003: 28 og Ólafur Einarsson o.fl. 2002: 25–26).

Alþjóða náttúruverndarsamtök (IUCN) og Evrópusambandið fólu Alþjóða fuglaverndarsamtökunum *BirdLife International*, og fleiri aðilum, að flokka allar

evrópskar fuglategundir með tilliti til verndarstöðu í Evrópu. Endurskoðaður válisti Evrópu (European Red List) kom nýlega út í kjölfarið og var útgáfan að hluta til fjármögnuð af Evrópusambandinu (BirdLife International 2015a og b).

Válistaflokkun samkvæmt viðmiðum IUCN (2017) er þessi:

EX = Útdauður (Extinct)

EW = Útdauður í náttúrunni (Extinct in the wild)

RE = Útdauður á svæði (Regionally Extinct)

CR = Í bráðri hættu (Critically endangered)

EN = Í hættu (Endangered)

VU = Í nokkurri hættu (Vulnerable)

NT = Í yfirvofandi hættu (Near threatened)

LC = Ekki í hættu (Least concern)

DD = Vantar gögn (Data deficient)

NE = Ekki metið (Not evaluated)

Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu var saminn í Bern í Sviss árið 1979 og öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993. Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölbjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Markmið samningsins er enn fremur að hvetja til fjölbjóðlegrar samvinnu, þar sem hennar er þörf, til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I – III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir, sem eru á skrá viðaukans (Umhverfisráðuneytið 2015).

Í 4. og 5. töflu eru sýndar þær fuglategundir, sem eru skráðar á nýjan Íslandsválista fyrir fugla (Náttúrufræðistofnun 2018a), ábyrgðartegundir (María Harðardóttir o.fl. 2003), á nýjan Evrópuválista fugla (BirdLife International 2015a og b) og þeir fuglar, sem eru skráðir í viðauka Bernarsáttmálann. Enginn fær þó inni á töflunni fyrir að vera eingöngu skráður á Bernarviðauka III eða skilgreindur sem ekki í hættu (LC) á válista. Að endingu er merkt við þá fugla, þar sem við hýsum einlendar (endemiskar) undirtegundir. Ef til vill eiga einhverjar þessara undirtegunda eftir að fá stöðu tegundar þegar fram líða stundir.

Ölfusárförir og Eyrar, ströndin með Eyrabakka og Stokkseyri, eru flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og svæði þessi fóstra ríkulegt fuglalíf (BirdLife International 2018 og Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016).

4. tafla. Válista– og ábyrgðartegundir, sem fundust á eða nærri athugunarsvæðinu á Ölfusá. Taflan byggir á nýjum válista Náttúrufræðistofnunnar (Náttúrufræðistofnun 2018a), nýlegum Evrópuválista Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International 2015a, b). Upplýsingar um ábyrgðartegundir eru úr Náttúruverndaráætlun 2004–2008 (María Harðardóttir (ritstj.) 2003). Sjá einnig IUCN 2017. Válistafuglar eru feitletraðir.

Fugl	Staða	Válisti	Ábyrgðartegund	Evrópu-válisti	Bern viðauki ¹	Áhrif ²
Álft	Alg. gestur	LC		LC	II	Lítill/nokkur
Grágæs	Varpfugl/vetrargestur	LC	x	LC	III	Lítill/nokkur
Helsingi	Fargestur	LC	x	LC	II	Lítill
Gargönd	Gestur	NT		LC	III	Lítill
Grafönd	Gestur	NT		LC	III	Lítill
Skeiðönd	Gestur	VU		LC	III	Lítill
Duggönd	Sumargeturstur	EN		VU	III	Lítill
Æður ³	Vorgestur	VU	x	VU	III	Lítill
Straumönd	Fargestur	LC	x	LC	II	Lítill
Hávella	Fargestur	NT		VU	III	Lítill
Húsönd	Vetrargestur	VU	x	NT	II	Lítill
Toppönd	Gestur	LC		NT	III	Lítill
Gulönd	Vetrargestur	VU		LC	III	Talsverð
Fyll	Vorgestur	EN	x	EN	III	Lítill
Bjarthegri	Gestur	NE		LC	II	Lítill
Haförn	Gestur	EN		LC	III	Lítill
Fálki	Vetrargestur	VU	x	LC	II	Lítill
Smyrill	Gestur ³	LC		LC	II	Lítill
Tjaldur	Vor-/sumarg./varpf.	VU		VU	III	Lítill
Heiðlöa	Varpfugl/gestur	LC	x	LC	III	Lítill
Sandlöa ³	Sumarg./varpfugl	LC	x	LC	III	Lítill
Rauðbrystingur	Fargestur	LC	x	LC	III	Lítill
Lóuþræll ³	Fargestur	LC	x	LC	III	Lítill
Hrossagaukur						
Spói	Sumargeturstur/varpf.	LC	X	LC	III	Lítill
Jaðrakan ³	Fargestur	LC	x	VU	II	Lítill
Stelkur ³	Gestur/varpfugl	NT	x	LC	III	Lítill
Óðinshani	Gestur	DD		LC	II	Lítill
Skúmur	Gestur	CR	x	LC	III	Lítill
Kjói	Gestur	EN		LC	III	Lítill
Sílamáfur	Sumargeturstur	DD		LC	III	Lítill
Silfurmáfur	Gestur	NT		NT		Lítill
Hvítmáfur	Gestur	EN		NT	III	Lítill
Svartbakur	Gestur	EN		LC		Lítill
Kría	Gestur	VU	x	VU	II	Lítill

Fugl	Staða	Válisti	Ábyrgðar-tegund	Evrópu-válisti	Bern viðauki ¹	Áhrif ²
Þúfutittlingur	Sumargestur/varpfugl	LC		NT	II	Lítil
Maríuerla	Sumargestur	LC		LC	II	Lítil
Steindepill ³	Sumargestur/varpfugl	LC		LC	II	Lítil
Skógarþróstur ³	Gestur	LC	x	NT	III	Lítil
Hrafn ³	Gestur	VU		LC	III	Lítil
Snjótittlingur	Vetrargestur	VU	x	LC	II	Lítil

1) Enginn fugl fær inni á töflunni fyrir að vera **eingöngu** skráður í viðauka III hjá Bernarsáttmálanum eða sem LC á Evrópuválistanum.

2) Áhrif framkvæmdar á fuglalíf eru metin í fimm flokkum: engin, lítil, nokkur, talsverð eða mikil.

3) Einlend (endemic) undirtegund. Hrossagaukur, sem er ekki á skrám, er einlend undirtegund.



59. mynd. Steindeplar rífast um æti í þanghrönninni á Eyrarbakka 10. ágúst 2010.
Ljósm. JÓH.

5. tafla. Válista– og ábyrgðartegundir, sem fundust á eða nærri athugunarsvæðinu á Eyrarbakka.
Verndarflokkar eru skýrðir í 4. töflu.

Fugl	Staða	Válisti	Ábyrgðartegund	Evrópu-válisti	Bern viðauki ¹	Áhrif ²
Álf	Alg. gestur/varpf.n.	LC		LC	II	Nokkur
Grágæs	Gestur/varpf. nærri	LC	x	LC	III	Lítil
Margæs	Fargestur	LC	x	LC	III	Lítil
Duggönd	Gestur	EN		VU	III	Lítil
Æður ³	Alg. allt árið/varpfugl	VU	x	VU	III	Nokkur
Straumönd	Vorgestur	LC	x	LC	II	Lítil
Hávella	Vetrargestur	NT		VU	III	Lítil
Toppönd	Alg. allt árið/varpfugl	LC		NT	III	Nokkur
Himbrimi	Vetrargestur	VU	x	VU	II	Lítil
Fyll	Vor- og sumargetur	EN	x	EN	III	Lítil
Toppskarfur	Gestur	VU		LC	III	Lítil
Haförn	Gestur	EN		LC	III	Lítil
Fálki	Vetrargestur	VU	x	LC	II	Lítil
Smyrill	Gestur ³	LC		LC	II	Lítil
Keldusvín	Líkl. varpfugl	RE		LC	III	Engin
Tjaldur	Vor- og sumargetur	VU		VU	III	Nokkur
Heiðlöa	Vorgestur	LC	x	LC	III	Lítil
Sandlöa ³	Fargestur	LC	x	LC	III	Nokkur
Rauðbrystingur	Fargestur	LC	x	LC	III	Lítil ⁴
Sanderla	Fargestur	LC	x	LC	III	Nokkur
Sendlingur ³	Far- og vetrargestur	EN	x	LC	II	Nokkur
Lóuþræll ³	Fargestur	LC	x	LC	III	Nokkur
Spói	Sumargetur/varpf.	LC	x	LC	III	Lítil
Fjöruspói	Vetrargestur	CR		VU	III	Lítil
Jaðrakan ³	Fargestur	LC	x	VU	II	Lítil
Stelkur ³	Fargestur/allt árið	NT	x	LC	III	Nokkur
Tildra	Fargestur/allt árið	LC	x	LC	II	Nokkur
Óðinshani	Gestur	DD		LC	II	Lítil
Skúmur	Sumargetur	CR	x	LC	III	Lítil
Kjói	Sumargetur	EN		LC	III	Lítil
Rita	Vetrar- og vorgestur	VU		VU	III	Lítil
Sílamáfur	Sumargetur	DD		LC	III	Lítil
Silfurmáfur	Gestur	NT		NT		Lítil
Hvítmáfur	Gestur	EN		NT	III	Lítil
Svartbakur	Gestur	EN		LC		Lítil
Kría	Gestur	VU	x	VU	II	Lítil
Þufutittlingur	Fargestur	LC		NT	II	Lítil
Maríuerla	Fargestur	LC		LC	II	Lítil

Fugl	Staða	Válisti	Ábyrgðar-tegund	Evrópu-válisti	Bern viðauki ¹	Áhrif ²
Steindepill ³	Fargestur	LC		LC	II	Lítil
Skógarþröstur ³	Fargestur	LC	x	NT	III	Lítil
Hrafn ³	Gestur	VU		LC	III	Lítil
Snjótittlingur	Vetrargestur	VU	x	LC	II	Lítil

- 1) Enginn fugl fær inni á töflunni fyrir að vera **eingöngu** skráður í viðauka III hjá Bernarsáttmálanum eða sem LC á Evrópuválistanum.
- 2) Áhrif framkvæmdar á fuglalíf eru metin í fimm flokkum: engin, lítill, nokkur, talsverð eða mikil. Miðað við að skólp geti borist í átt að landi og hafi áhrif á lífríki fjörunnar (worst case scenario).
- 3) Einlend (endemic) undirtegund. Hrossagaukur, sem er ekki á skrám, er einlend undirtegund.
- 4) Meðan staða rauðbrystingar er eins og hún er nú.

4.2 Verndargildi gróðurs

Á meðal planta var nokkur fjölbreytni. Alls fundust 142 tegundir. Ekki fundust plöntur sem eru á válista. Tölувvert af slæðingum fannst, en það einkenir jafnan þau svæði þar sem jarðvegi og gardaúrgangi er hent. Höfundar hafa fundið slæðinga við svipaðar aðstæður víða á Suður – og Suðvesturlandi (sjá t.d. Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2008, 2009). Nánar er fjallað um verndargildi gróðurs í tengslum við vistgerðir í kafla 5.3 og 5.4.



60. mynd. Umfeðmingur í hrauninu við geymslusvæði Ræktunarsambandsins.
Athugunarmaður heldur á 50x50 cm þekjumælingarramma. Ljósm. JÓH 14. ágúst 2017.



61. mynd. Sandvik við Ölfusá. Landið er að gróa upp og líflegt votlendi að myndast.
Ljósm. JÓH 14. ágúst 2017.

Athyglisvert var að sjá umfeðmingsbreiður í hrauninu, en hraun er afar óvenjulegur vaxtarstaður umfeðmings (60. mynd). Umfeðmingur hefur frekar strjála útbreiðslu á landsvísu en vex allvíða í graslendi á láglendi og nálægt byggð (Hörður Kristinsson 2017). Plöntunnar er ekki getið í vistgerðarflokkun. Gróskumikið votlendi er að myndast í Sandviki (forsíðumynd og 61. mynd), en það var ekki skoðað í gróðurathugunum, þar sem því landi á ekki að raska við framkvæmdirnar.

5 Umræða – Umhverfisáhrif – Mótvægisáðgerðir

5.1 Fuglar á Ölfusá

Það er ljóst að mikið fuglalíf þrífst á Ölfusá neðan við Selfoss, frá Fossnesi að Geitanesi, það er í rauninni einstakt á landsvísu og er það að töluberðu leyti að þakka skólpræsinu neðan við flugvöllinn, svo og afrennslinu frá sláturhúsi Slátturfélags Suðurlands. Þar má finna að staðaldri margar válista- og ábyrgðartegundir. Erfitt er þó að meta hversu stórt hlutverk ræsið leikur fyrir suma fugla, eins og ýmsar endur, hér skortir upplýsingar frá því áður en að ræsið var lagt. Óbirt gögn frá nemendum Fjölbautarskóla Suðurlands benda til, að eitthvað fuglalíf hafi verið þar fyrrum: endur, máfar, hrafnar o.fl. Gróskulegur gróður í Sandviki hefur augljóslega aðdráttarafl fyrir fugla (forsíðumynd, 61. mynd). Þessi gróskulega myri er í jaðri vaxandi íbúðabyggðar og eykur það vægi hennar sem útvistarsvæðis og gefur kost á fjölbreyttri náttúruupplifun nærri péttbýli.

Nokkrir tugir álfta og grágæsa hafa vetursetu á svæðinu og telst það vera mikilvægt fyrir þessa vetursetufugla. Jafnframt er svæðið mikilvægt fyrir stokkendur og urtendur (67. mynd). Minna er af rauðhöfðaöndum. Þessar endur, sem og kafendur og gulönd, flakka á milli víkna norðan og sunnan ár.

Gulandarhópurinn, sem þar heldur til, er einn sá stærsti á landinu, stundum milli 50 og 60 fuglar og er hann oftast stærstur í frosthörkum, þegar Ölfusáin er lögð, en vök er þá ávallt við ræsið (62. mynd). Líklega eru tengsl við Ölfusforir, ósasvæði Ölfusár að norðanverðu, þar sem mikið er af straumvatni sem ekki leggur og veiðilendur fyrir gulöndina á veturna. Gulendur flakka að öllum líkindum milli Foranna og ræsisins. Forirnar eru mikilvægar fyrir stokkendur, urtendur, rauðhöfða, gulendur og gráhegra á vetrum og eru í rauninni einn mikilvægasti ferskvatnsvetrarstaður fugla á landinu, á pari við Mývatn, Sog og Fljótsbotna (Náttúrufræðistofnun 2018b). Gulendur eru fiskiendur, lifa eingöngu á fiski, svo eitthvað hljóta fiskar að finna við sitt hæfi í skólpinu. Íslenski stofninn er talinn vera um 900 fuglar, það geta því verið allt að 7% stofnsins sem heldur til við ræsið. Gulöndin er með alstyggustu fuglum, það hafa skýrsluhöfundar sannreynnt á ferðum sínum um landið í áratugi. Gulöndin er alfriðuð, en vegna þess að hún er talin taka seiði laxfiska, jafnt í eldi, sem og í ám og vötnum, hafa sumir horn í síðu hennar og er hún réttadræp hvar sem til hennar næst að þeirra mati. Andaveiðar eru stundaðar í Ölfusforum að vetrarlagi og fuglinn styggist við það og færir sig um set við ófrið.

Veiðimenn hafa nokkrum sinnum verið staðnir að verki við að skjóta gulendur í Forunum. Við ræsið eiga gulendurnar athvarf og þar er hægt að nálgast þær og er greinilegt að þær eru rólegri þar heldur en gengur og gerist.



62. mynd. Gulendur, álfir og stokkendur við ræsið 3. mars 2015. Ljósm. JÓH.

Hópur kafanda: skúfanda ogugganda, hélt til á svæðinu bæði sumur, 2017 og 2018, sem er athyglisvert. Reyndar voru til eldri upplýsingar um slíkan hóp, bæði í september 2011 og 2012. Buslandahópur, að stórum hluta urtendur og stokkendur, en einnig talsvert af rauðhofðaönd, er einnig athyglisverður. Svæðið er sennilega helsti varp- og viðkomustaður brandanda inn til landsins á Íslandi. Hún er að öllu jöfnu fjörufugl, þar sem hún sækir helst í leirur í Evrópu, en í Asíu er hún meira við ár (Carboneras & Kirwan 2017).

Vaðfuglar sækja nokkuð á leirur við ána, í Sandviki og vestan við ræsið; aðallega síðsumars, eftir varp. Ekki verður séð að tengsl séu á milli vaðfuglanna og ræsisins. Aftur móti eru sein tengsl máfa við ræsið og svo sækja fýlar, hrafnar og starar nokkuð í skólpið. Afrennsli frá slátturhúsinu hefur einnig mikið aðdráttarafl í slátturtíðinni (63. mynd). Stærsti stormmáfahópur, sem sögur fara af hér á landi, sást þann 26. september 2017, alls 930 fuglar. Þetta gæti verið allt að þriðjungur stofnsins, en talið er að varpstofninn sé 800 – 1000 pör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016), þá er hauststofninn sennilega um 3000 fuglar. Pennan dag var næstmest af hettumáfi, tæplega 1900 fuglar og svo mismikið af stórum máfum. Bjartmáfum fjölgar þegar líður á veturninn, en þeir voru algengir vetrargestir við ræsið, geta jafnvel skipt fáeinum hundruðum. Bjartmáfar hafa löngum sótt að ræsum hér á landi, en horfið á braut þegar þau hafa verið lögð af. Kunn dæmi eru ræsi í Skildinganesi í Skerjafirði og við Norðurgarð í Hafnarfirði.



63. mynd. Máfar í ræsinu við sláтурhúsið í Fossnesi 4. október 2011. Vatnið er rauðlitað af blóði. Ljósm. JÓH.

Algengustu spörfuglar voru hrafn og stari. Hrafnar eru að mestu vetrargestir, nokkur hundruð nátta sig í Ingólfssfjalli og fara oft um í hópum á Selfossi og sækja nokkuð í ræsið. Ekki er óalgengt að 50-100 hrafnar séu á sveimi á svæðinu. Starar sækja á svæðið árið um kring, það tókst að telja stóran hóp þann 14. ágúst 2017 og voru það rétt rúmlega 1300 fuglar sem líklega voru í berjamó, væntanlega var það meirihluti þeirra starar sem búa á Selfossi.

Samsetning varpfuglafánu á þeim slóðum, þar sem stendur til að reisa dælustöðina og leiðslan verður lögð, er hefðbundin og dreifing einnig. Ef tegundasamsetning og þéttleiki eru borin saman við sambærilegar athuganir á nálægu svæði, milli Kotstrandar og Hjarðarbóls (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009), sést að þéttleiki er aðeins meiri sunnan Ölfusár heldur en í Ölfusinu, samsetning er svipuð, þar fannst jaðrakan, en sandlóa og steindepill hér, sem bendir til að hér sé þurrara og gróðursnauðara. Tíðni fugla var svipuð, helsti munurinn var að heiðlóa var mun algengari hér, en tjaldur var meira áberandi í Ölfusinu.

5.2 Fuglar á Eyrarbakka

Fuglalíf á Eyrarbakka er enn ríkulegra en á athugunarsvæðinu á Ölfusá. Þanghrönnin vestan hafnarinnar og fjaran þaðan að Sandvarnargarðinum og kringum hann, er einstök og líklega lífríkasta fjaran á allri suðurströnd landsins, frá Suðurfjörum við Hornafjörð yfir að Ósum við Hafnir á Suðurnesjum (64. og 66. mynd). Nokkrar tegundir ná verndarviðmiðunarlágmarki Alþjóðlegra mikilvægra fuglasvæða, (*Important Bird Areas, IBA*) eða eru nærrí því: tjaldur 2% stofns og rétt innan við 1% stofns rauðbrystings, sanderlu, lóuþræls og tildru. Hluti af fellihópum æðarfugls og álfatar, sem ná verndarviðmiðum (yfir 1% stofns), halda til á Eyrarbakka (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016).

Ef nýjustu tölur yfir helstu vaðfugla eru bornar saman við 10-12 ára gamlar talningar Vigfúsar Eyjólfssonar, sést að fuglum ýmist fækkar, fjölgar eða þeir standa í stað. Tjaldi hefur fjöldað á vorin meðan sandlóa er á svipuðu róli. Rauðbrystingur er að mestu horfinn, hann virðist hættur að sækja í fjörur í sama mæli og hann gerði, en sést

þeim mun meira á túnum og í kornökrum á vorin (eigin ath.). Sanderlu hefur fjölgæð mikið, lóuþræl frekar fækkað og tala tildru er svipuð. Ekki er ástæða til að fabúlera um ástæður þessara breytinga hér, en Vigfús taldi mun tíðar, en okkur var unnt.



64. mynd. Vaðfuglar slaka á í Eyrarbakkafjöru 15. maí 2006, mest tildrur, en stakur rauðbrystingur og fáeinár sanderlur og lóuþrælar. Ljósm. JÓH.

5.3 Gróður við Ölfusá

Á Geitanesi og nágrenni var mikil „gróðurlendamósaík“ og endurspeglast það í tölu plöntutegunda á þessu litla svæði. Það er eins og áður sagði að stórum hluta raskað en það sem var óraskað, var að mestu leyti mosáþemba og lyngmóí í hrauni; landið myndi flokkast sem mosahraunavist og lynghraunavist samkvæmt viðmiðum vistgerðaflokkunar. Þessar vistgerðir hafa miðlungs verndargildi á landsvísu (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016, Náttúrufræðistofnun Íslands 2017, 6. tafla).

Blettir með öðrum hraunavistgerðum var einnig að finna á svæðinu, s.s. eyðihraunavist, sem var sandorpna hraunið milli NV-SA og NA-SV flugbrauta vestur af flugvelli (5. og 65. mynd). Raskaða svæðið var vel gróioð og þar mátti finna ýmsar gerðir af graslendi. Það er að mestu flokkað vitlaust í vistgerðarvefsjá Náttúrufræðistofnunar, t.d. var athafnasvæði Ræktunarsambandsins flokkað í átta vistgerðir og það sama mátti segja um flugvöllinn, en hann var flokkaður í a.m.k. tíu vistgerðir (sjá Náttúrufræðistofnun Íslands 2017). Í Geitanesi var aðallega að finna blómgresisvist, en í þeirri vist var krossmaðra og vallefting áberandi og þessi vistgerð þarfnað verndar samkvæmt Bernarsamningnum (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Samkvæmt vistgerðarvefsjánni, þá voru í Geitanesinu átta vistgerðir, þar af tvær votlendisvistir; gulstararflóavist og starungsmýravist, en þær voru ekki til staðar í raun (sjá 43. mynd). Eyravist er töluverð að umfangi innan svæðis, hún nær með Ölfusá frá Sandviki og að Geitanesi, en hún hefur lágt verndargildi samkvæmt vistgerðarflokken Náttúrufræðistofnunar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Þess má geta að vistgerðarkort það sem var útgefið og er

aðgengilegt á vefnum, er nú í endurskoðun og er verið að fara yfir það og leiðréttu þær vitleysur sem eru á kortinu (Borgþór Magnússon 2017).

Bakkagróður nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, en hann ætti ekki að verða fyrir röskun í Geitanesi, þar sem áætlað er að bora frá árbakkanum (upplýsingar frá Eflu, verkfræðistofu), þannig að náttúrulegur bakkagróður, sem hafði takmarkaða útbreiðslu þarna, ætti ekki skaðast.



65. mynd. Gróðurramma varpað handahófskennt í sandorpnu hrauni sunnan við NV-SA flugbrautina. Krækilyngsblettir eru áberandi á myndinni. Rammi nr. 110. Ljósm. JÓH 17. sept. 2018.

5.4 Gróður á Eyrarbakka og meðfram línuleiðum frá Geitanesi að Eyrarbakka.

Við gámasvæði og suður af því og að Eyrarbakkavegi er graslendi mest áberandi. Svæðið er að mestu framræst mýri og þar mátti enn finna votlendisbletti, s.s. í fyrrum dælum. Þar eru starungsmýrvist, brokflóavist, gulstararflóavist og runnamýrvist á láglendi sem hafa mjög hátt verndargildi. Lyngmóavist á láglendi, língresis- og vingulsvist, ásamt grasengjavist, hafa hátt verndargildi (6. tafla). Af athugunum á vettvangi má ráða að þarna eru í a.m.k. til staðar vistgerðirnar: starungsmýrvist, brokflóavist, lyngmóavist, língresis – og vingulsvist ásamt grasengjavist. Það er varla hægt að kalla þá bletti, sem klófífan óx brokflóavist, en hún var til staðar í þurrum dælum. Af öðrum vistgerðum sem einnig hafa hátt verndargildi, má bæta við snarrótarvist, en þarna voru blettir þar sem snarrótarpuntur var ríkjandi. Sanda- og vikravist var einnig til staðar en sú vistgerð hefur hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum en lágt vægi á íslenskan mælikvarða (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016, Náttúrufræðistofnun 2017). Á þessu svæði myndi mesta röskun fyrirhugaðrar framkvæmdar vera á hrauninu, sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og enn fremur eru þarna einnig votlendisleifar, þó svo að umfang raskaðs votlendis þar sem fyrirhuguð skólplögn kæmi, nái líklega ekki 2 ha.

Með Eyrabakkavegi þar sem lagnir gætu verið lagðar, er land allt raskað vegna vegagerðar, lagningar jarðstrengs og annarra framkvæmda, en lítt raskaður er sá hluti sem liggur um Rima og Flóagaflsmýri. Þar var lagður rafstrengur og búinn til slóði í

gegnum óraskað votlendi fyrir nokkrum árum. Eitthvað er um framræsluskurði í Flóagaflsmýri, eins og víðast hvar á Suðurlandi, en í Rínum eingöngu skurðir sem tengjast áveitunni. Slóðagerðin og línlögnin eru verulegt lýti á umhverfinu og þar hefur verið raskað votlendisvistum sem hafa hátt verndargildi (47.–49. mynd). Utan raskaða svæðisins eru starungsmýravist, brokflóavist, tjarnarstararflóavist og gulstararflóavist áberandi og það eru allt vistgerðir sem eru flokkaðar með hátt verndargildi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2017). Þetta eru víðfeðmar mýrar og framkvæmdasvæðið nær langt yfir þau viðmið sem eru í náttúruverndarlögum, sem er að mýrar yfir 2 ha skulu njóta sérstakrar verndar.

6. tafla. Vistgerðir sem voru skráðar á athugunarsvæðinu við Ölfusá og Eyrabakka sumrin 2017 og 2018. Ef Bern er nefnt í dálkinum um verndargildi, þá þarfnað vistgerðin verndar samkvæmt Bernarsamningnum (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Gróðurlendi	Vistgerð	Verndargildi	
Melar og sandlendi	Sanda- og vikravist	Lágt	Bern
Moslendi	Hraungambravist	Lágt	
Mólendi	Flagmóavist	Miðlungs	
	Lyngmóavist á láglendi	Hátt	Bern
	Mosamóavist	Lágt	
	Víðikjarrivist	Mjög hátt	Bern
Hraunlendi	Mosahraunavist	Miðlungs	
	Lynghraunavist	Miðlungs	
Strandlendi	Grashólavist	Hátt	Bern
	Sandstrandarvist	Lágt	
	Strandmelhólavist	Lágt	Bern
Mýrlendi	Brokflóavist	Mjög hátt	
	Gulstararflóavist	Mjög hátt	
	Hrossanálarivist	Miðlungs	Bern
	Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt	
	Starungsmýravist	Mjög hátt	
Graslendi	Blómgresisvist	Miðlungs	
	Grasengjavist	Hátt	Bern
	Língresis- og vingulsvist	Hátt	Bern
	Snarrótarvist	Hátt	Bern
	Stinnastalarvist	Miðlungs	
Stöðuvötn	Flatlendisvötn	Mjög hátt	Bern
Þangfjörur	Bólubangsþjörur	Mjög hátt	

Frá Eyrarbakkavegi og niður að sjó er svæði sem hefur gróið upp á síðustu áratugum og er tiltölulega lítið raskað nema með slóðum. Á þeiri leið má finna tvær vistgerðir: sandstrandarvist og strandmelhólavist, samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar (2017). Stærstur hluti þess svæðis sem farið var um, hafði miklu meiri mosabekju en þessar vistgerðir hafa samkvæmt lýsingu og svipar gróðurlendinu meira til grashólavistar (50. mynd). Sú vistgerð hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir, sem þarfnað verndar (6. tafla).

Neðan sandfjörunnar vestan Eyrabakka eru bólubangsþjörur og hefur sú vistgerð mjög hátt verndargildi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2017). Bólubangsþjörur hafa mjög

takmarkaða útbreiðslu á Suðurlandi og það gefur þeim hátt vægi á svæðisvísu. Athyglisvert er að sjá hvernig klóþangið vantar alveg á sniðinu næst Sandvarnar-garðinum en það er ekki eins ferskvatnsþolið og bóluphang (Agnar Ingólfsson 2006). Á þessu svæði leikur sjálfsagt meira ferskvatn um lífverur, þar sem þetta er nær Ölfusárosi.

5.5 Umhverfisáhrif

Í matinu er eftirfarandi kostir til skoðunar (Jón Águst Jónsson o.fl. 2017):

- a) Núllkostur. Hann miðast við óbreytt ástand; að skólpi verði áfram veitt að mestu leyti óhreinsuðu í Ölfusá.
- b) Að byggja eins þreps hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- c) Að byggja tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- d) Að byggja hreinsistöð með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- e) Að byggja hreinsistöð með grófhreinsun við Sandvik og dæla skólpi um lögn með Eyrarbakkavegi og áfram út í sjó nærri Eyrarbakkahöfn.
- f) Að byggja hreinsistöð með grófhreinsun við Sandvik og dæla skólpi um lögn með Eyrarbakkavegi og síðan um Síberíu, Flóagaflsmýri og Rima og þaðan áfram út í sjó nærri Eyrarbakkahöfn.

Áhrif framkvæmda á fuglategundir, sem eru skráðar í einhverja verndarflokka, er metin í fimm flokkum (4. og 5. tafla). Við Ölfusá eru þau talin vera lítil á flesta fugla, nema talsverð neikvæð á gulönd og hugsanlega nokkur á álft og grágæs (4. tafla). Það er vegna þess að þessar tegundir gætu misst vetursetusvæðið á Ölfusá, en staðir sem eru opnir og í friði fyrir skotmennsku, eru ekki margir inn til landsins á veturna. Jafnframt gætu framkvæmdirnar haft nokkur – talsverð neikvæð áhrif á stormmáfsstofninn, þar sem um þriðjungur alls stofnsins sást á athugunarsvæðinu í lok september 2017.

Stormmáfur er ekki tilgreindur í töflunni, þar sem hann er ekki lengur á válista (Náttúrufræðistofnun 2018a). Ef áhrif mismunandi útfærslu framkvæmdar er skoðuð á fugla, þá eru þau talin vera óveruleg þegar um er að ræða kosti a – d (7. tafla). Gulönd gæti orðið fyrir talsvert neikvæðum áhrifum af kostum b – e og máfar verða fyrir einhverjum áhrifum á Ölfusá. Með mótvægisáðgerðum má líklega draga úr neikvæðum áhrifum á gulönd (sjá kafla 5.6). Óvissa ríkir um áhrif kosta e og f á fugla, þar sem ekki eru til upplýsingar um strauma og áhrif brims og vindu á skólpið og hvert það mun leita, ef lögn kæmi í sjó við Eyrabakka.

Áhrif framkvæmda á gróður eru talin óveruleg þegar um er að ræða kosti a – d. Það verður röskun á vistgerðum í Geitanesi, sem hafa verndargildi, en það ætti að vera á frekar mjóu belti norður af flugvelli og útí Geitanes og enn fremur á takmörkuðu svæði í hrauninu þar sem hreinsistöð er fyrir huguð. Lóðin nær hins vegar töluvert inní hraunið, en því hefur verið áður verið raskað á hátt í 3 ha svæði, þar sem geymt er ýmiskonar dót í eigu verktaka (Sjá 5. mynd). Þegar horft er til valkosta e og f, þá eru þau metin talsvert neikvæð á gróður en það ættu að vera að mestu tímabundin áhrif. Matið tengist umfangi framkvæmdasvæðis. Þar sem lögn umblyttir lynggróði og hrauni á leið frá flugvelli eru áhrif á gróður varanleg. Ef ákveðið verður að fara með lögn með Eyravegi verða áhrif á gróður hins vegar minni, þar sem nú þegar hefur gróðri verið raskað með vegagerð, lögnum og landbúnaði. Rask og umferð fylgir því að koma lögnum niður, ef lögnin verður í votlendinu í Flóagaflsmýri og Rimum; umferð fólks og farartækja fælir fugla. Landið ætti reyndar að gróa upp á einhverjum árum. Það ætti að ganga fyrr ef haldið er í gróðurtorfur og þeim komið fyrir aftur ofan á leiðslu. Á meðan svæðið er að gróa upp, er ekki hægt að hafa hesta á bylta svæðinu, en þeir virðast halda röskuðu landi opnu með traðki í Rimum og Flóagaflsmýri (sbr. 47. mynd).

Á Eyrabakka eru áhrif framkvæmda talin vera lítil á flesta fugla. Framkvæmdin er þó álitin geta haft nokkur áhrif á túi tegundir fugla (5. tafla), þá er gert ráð fyrir að skólp berist frá útrás að landi. Áhrifin á Eyrarbakka eru talin geta verið nokkur á álft, æði og toppönd og vaðfugla sem hafa viðkomu í fjörunni. Þang er viðkvæmt fyrir skólpumengun, það sýna rannsóknir hér á landi og erlendis, tegundafjölbreytni er minni og þekja þangs minnkar við skólpræsi, enn fremur er tegundafjölbreytni hryggleysingja minni (8. tafla; Björgvin R. Leifsson 1996, Karl Gunnarsson & Konráð Þórisson 1976 og Rueness 1973). Það kæmi síðan til með að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf, það má gera ráð fyrir því að það dragi sérstaklega úr fæðu fjöru- og grunnsævisfugla. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvernig straumar eru utan við Eyrabakka, né hver áhrif brims og vindu eru á hugsanlegar rekleiðir skólp. Orðspor Bakkabrimssins er mikið og það hleður upp tittefnndri þanghrönn, sem þúsundir fugla sækja í. Því ríkir óvissa um áhrif frá veitunnar á þörunga í fjörunni og því einnig merkt við það í 8. töflu. Það er áætlað að bora út lögnina, ef hún verði sett í sjó fram og því er talið að skólpíð hafi ekki áhrif á fjöruna, þar sem áætlað er að blöndun verði mikil og straumar taki við skólp fyrir utan hraunkantinn (Upplýsingar frá Eflu hf, verkfræðistofu). En vafaatriðin eru of mörg að okkar álti.

Á Eyrarbakka eru víðáttumiklar þangfjörur sem fóstra mikið lífríki og eru einstakt fuglasvæði á lands – og heimsvísu. Fjaran hefur verið lengi á Náttúruminjaskrá og hefur mikið útvistargildi fyrir heimamenn og aðra þá sem heimsækja svæðið. Fjaran er hverfisverndað fuglafriðland skv. aðalskipulagi, á Náttúruminjaskrá, Náttúruverndaráætlun og Alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA) skv. stöðlum Alþjóða Fuglaverndarsamtakanna, *BirdLife International* (BirdLife International 2018, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016, María Harðardóttir o.fl. 2003, Ólafur Einarsson o.fl. 2002, Umhverfisstofnun 2018 og Vinnustofan Þverá 2011). Það er því á skjön við þessa þætti og vafasamt fyrir svæði, sem hefur viðlíka náttúrufarslegt gildi, að leiða þangað skólp frá stórrí íbúðabyggð, hvort sem það verður í höfnina eða við Sandvarnargarðinn.

Ölfusá er vatnsmesta á landsins og ætla má að blöndun skólp verði því mikil, verði það leitt út við Geitanes og það hafi takmörkuð áhrif á lífríki, sérstaklega ef um tveggja þrepa hreinsun er að ræða. Hvergerðingar tóku tveggja þrepa skrefið árið 2002, afrennsli líffræðilegrar hreinsistöðvar er í Varmá og síðan hefur ekki verið minnst á mengun í ánni (Guðmundur F. Baldursson 2012).

7. tafla. Mat á áhrifum skólpframkvæmda á fugla.

Umhverfisáhrif	Kostur a	Kostur b	Kostur c	Kostur d	Kostur e	Kostur f
Verulega jákvæð áhrif						
Talsverð jákvæð áhrif						
Óveruleg áhrif	x	x	x	x		
Talsverð neikvæð áhrif						
Veruleg neikvæð áhrif					x	x
Óvissa um áhrif					x	
Engin áhrif						x

8. tafla. Mat á áhrifum skólpframkvæmda á gróður.

Umhverfisáhrif	Kostur a	Kostur b	Kostur c	Kostur d	Kostur e	Kostur f
Verulega jákvæð áhrif						
Talsverð jákvæð áhrif						
Óveruleg áhrif	x	x	x	x		
Talsverð neikvæð áhrif					x	x
Veruleg neikvæð áhrif						
Óvissa um áhrif					x	x
Engin áhrif						

5.6 Mótvægisáðgerðir

Þetta verkefni er á skjön við flest það, sem höfundar eiga að venjast í vinnu við umhverfismat. Skólpmál á Selfossi eru í ólestri, en þetta ástand hefur þau áhrif, að fuglalífið er óvenju fjölbreytt og líflegt. Skólpræsi hafa oft verið þekkt fyrir ríkulegt fuglalíf, sérstaklega á veturna og nægir að nefna ræsi við Skildinganes í Skerjafirði og ræsi við Norðurgarð í Hafnarfirði. Þegar þeim var lokað, hurfu fuglarnir sem sóttu í ræsin (eigin ath.).

Það hefur oft verið nefnt í hálfkæringi að friða þurfi ræsið, en það gengur auðvitað ekki að leggja það til. Það er æskilegt að reyna að halda sem mest í horfinu og reyna á einhvern máta að viðhalda því mikla fuglalífi sem er í og við Sandvik. Það væri hugsanlega gert með tvennum hætti, að friða víkurnar tvær, Sandvik og víkina þar sem ræsið er nú fyrir frekari framkvæmdum eftir að skólpdreinsistöð hefur verið byggð. Að ganga þannig frá, að opið vatn sé að vetrarlagi, þar sem áhrifa ræsisins gætir sem mest nú, t.d. með sírennsli heits eða kalds vatns. Þar gætu endur og aðrir vatnafuglar dvalið og nýtt sér svæðið, ef það leggur ekki í frosthörkum að vetri.

Gróður í hraunum og lynggróður er viðkvæmur fyrir raski og líklega erfitt að endurheimta, eftir að honum hefur verið umturnað. Gróðri innan athugunarsvæðisins hefur víða verið bylt og því er æskilegt, að sem stærstur hluti framkvæmdanna sé á raskaða svæðinu. Dælustöðina ætti að byggja á raskaða landinu vestan við þann stað, þar sem hún á að rísa, en ekki í óróskuðu hrauni. Enda njóta eldhraun sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum (3. gr. b og 57. gr. laga um náttúruvernd nr. 60 frá 10. apríl 2013, Alþingi 2013). Ef það er nauðsynlegt raska landi, þar sem er lynggróður og blómlendi er til staðar (sbr. 43. mynd), er nauðsynlegt að nýta þær gróðurtorfur til uppgræðslu í nágrenninu. Niðurstöður benda reyndar til þess að lyngtegundir séu viðkvæmar og nái sér síður á strik eftir flutning (Ása L. Aradóttir & Guðrún Óskarsdóttir 2012). Það má samt nýta gróðurtorfur, þar sem gera má ráð fyrir að eitthvað af gróðri í þeim lifi af flutninga, ef vel er farið með þær. Með gróðurtorfunum fylgja einnig smádýr og ýmsar aðrar lífverur. Því er um að gera að nýta gróðurtorfur í stað þess að þær fari forgörðum og verði haugsettar eða notaðar sem uppfylling fjarri framkvæmdasvæði. Það á því reyna að geyma gróðurtorfur af því landi, þar sem leiðslan á að liggja út í Geitanes og leggja þær torfur svo aftur þegar búið er að ganga frá leiðslu og uppfyllingu, gróðurtorfur úr hrauninu eru líklega erfiðari viðfangs. Til þess að draga úr umhverfisáhrifum, ef lögð verður leiðsla niður á Eyrarbakka, ætti leiðsla að fylgja slóðum og sneiða hjá mosavöxnu hrauni á Sandvíkurheiði (sjá 41. mynd).

Þegar jarðstengur var lagður gegnum óraskað land í Friðlandinu í Flóa og Flóagaflmýri árið 2015, var lagður malarsslóði svo vinnuvélar kæmust um. Sem mótvægisáðgerð mætti fjarlægja ofaníburðinn og eyða ummerkjum um slóðann.

Höfundar leggja til að til mótvægis við umþytingu á óröskuðu landi, lyng- og mosagrónu hrauni og blómlendi, megi græða upp rofsvæði sem eru í nágrenni flugvallar. Til viðmiðunar mætti miða við að græða upp a.m.k. þrisvar sinnum stærra svæði en það sem verður raskað. Við þá uppgræðslu ætti að nýta innlendar tegundir. Einnig eru verulegir möguleikar í endurheimt votlendis t.d. í Rimum.

Ræsið við Ölfusá og Eyrarbakki eru þekkt fuglaskoðunarsvæði á meðal íslenskra og erlendra fuglaskoðarar. Á báðum stöðum mætti reisa fuglaskoðunarskýli og veita náttúrufræðslu í kjölfar framkvæmda og skapa þannig enn jákvæðari ímynd í garð framkvæmdarinnar. Fuglar njóta einnig góðs af því, ef skýli eru byggð, þar sem þeir verða þá síður fyrir styggð. Það þarf að tryggja að gestir komist óséðir í skýlið, til að fæla ekki fugla.

6 Heimildir

Agnar Ingólfsson 2006. *The intertidal seashore of Iceland and its animal communities.*

The Zoology of Iceland, Vol I, Part 7. Levin & Munksgaard, Ejnar Munksgaard,
Kaupmannahöfn; Reykjavík, 85 bls.

Alþingi 2013. *Lög um náttúruvernd.* Sótt 1.12.2017 af
<https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.060.html>.

Arnbjörn Garðarsson 1982. *Endur og aðrir vatnafuglar.* Í Fuglar. Rit Landverndar 8, bls. 77–111. Reykjavík, Landvernd, 216 bls.

Ása L. Aradóttir og Guðrún Óskarsdóttir 2012. *Nýting gróðursvarðar við uppgræðslu vegfláa.* Vistfræðifélag Íslands. Hastráðstefna 17. nóvember 2012. Sótt 14.11.2017 af: http://vistis.files.wordpress.com/2012/11/vistis-hausradstefna2012-agrip_lokapdf.pdf.

Ásgeir Svanbergsson 1982. *Tré og runnar á Íslandi. Íslensk náttúra I.* Bókaútgáfan Örn og Örylgur, Reykjavík. 192 bls.

BirdLife International 2015a. *European Red List of Birds.* Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, 77 bls.

BirdLife International 2015b. *European Red List of Birds.* Sótt 12.10.2017 af:
<http://datazone.birdlife.org/info/euroredlist>.

BirdLife International 2018. Data Zone, Iceland. Sótt 24.11.2018 af:
<http://datazone.birdlife.org/site/results?cty=98>.

Björgvin R. Leifsson 1996. *Áhrif skólpmengunar á lífríki þangfjara norður af Húsavík.* Unnið fyrir Húsavíkurbæ. 31 bls.

Borgþór Magnússon 2017. *Tölvupóstur til höfunda* 16. október 2017.

Carboneras, C. & Kirwan, G.M. 2017. *Common Shelduck (Tadorna tadorna).* Í: del Hoyo, J., Elliott, A., Sargatal, J., Christie, D.A. & de Juana, E. (ritstjórar). Handbook of the Birds of the World Alive. Lynx Edicions, Barcelona. Sótt 12.11. 2017 af
<https://www.hbw.com/node/52839>.

Efla hf – verkfræðistofa (Árni Jón Elíasson, verkefnisstjóri) 2013. *Selfoss - Þorlákshöfn, 66 KV jarðstrengur og ljósleiðari. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu.* Unnið fyrir Landsnet h.f., skýrsla, 23 bls.

Guðmundur F. Baldursson 2012. *Skólpheinsistöðin í Hveragerði.* Sótt 10.10.2018 af:
<http://www.vafri.hi.is/wp-content/uploads/2012/10/4.Sk%C3%B3lpheinsist%C3%B6%CE%B0in-%C3%AD-Hverager%C3%BEi1.pdf>

Hólmfríður A. Sigurðardóttir 1995. *Íslenska garðblómabókin. Handbók um fjölærar skrautjurtir og sumarblóm.* Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík. 464 bls.

Hörður Kristinsson 2017. Flóra Íslands. *Umfeðmingur (Vicia cracca).* Sótt 12.11.2017 af
<http://floraislands.is/viciacra.html>.

- Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Íslenskur fuglavísir*. Mál & menning, Reykjavík. 342 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2018. *Friðlandið í Flóa*. Fuglavernd, Reykjavík, 48 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2008. *Gróður og fuglar í Lambafelli*.
- Minnisblað unnið fyrir Árvélar og Jarðefnaiðnað, 10 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009. *Fuglar og gróður við Suðurlandsveg*.
- Unnið fyrir Vegagerðina vegna breikkunar frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss, 37 bls.*
- Jón Gunnar Grjetarsson 1986. *Síbería : atvinnubótavinna í Flóanum á fjórða áratugnum, með sérstöku tilliti til áhrifa kreppunnar á atvinnulíf landsmanna, einkum verkamanna í Reykjavík*. Reykjavík, útg. höfundur, 100 bls.
- Jón Águst Jónsson, Sólrún Svava Skúladóttir og Bárður Árnason 2017. *Hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Drög að tillögu að matsáætlun*. Efla Verkfræðistofa, 47 bls.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjöldit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 300 bls.
- IUCN 2017. IUCN Standards and Petitions Subcommittee. Guidelines for Using the IUCN Red List Categories and Criteria. Version 13. Prepared by the Standards and Petitions Subcommittee. Sótt 6.10.2018 af
<http://www.iucnredlist.org/documents/RedListGuidelines.pdf>.
- Karl Gunnarsson & Konráð Þórisson 1976. *The effect of sewage on the distribution and cover of littoral algae near Reykjavík. Preliminary results*. Acta Bot. Isl. 4: 58-66.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* Fjöldit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, 296 bls.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 292 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2017. *Plöntuvefsjá*. Sótt 15.10.2017 af
<http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2017. *Vistgerðir á Íslandi*. Sótt 15.10.2017 af
<http://vistgerdakort.ni.is/>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Válisti fugla 2018*. Sótt 3.10.2018 af:
<http://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Vetrarfuglatalningar*. Sótt 6.9.2018 af:
<http://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar>
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c. *Válisti spendýra 2018*. Sótt 18.10.2018 af:
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr>
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Jón Gunnar Ottósson 2002. *Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002*. Náttúrufræðistofnun, NÍ 020116, 118 bls.
- Ólafur Einarsson & Jóhann Óli Hilmarsson 2009. *Fuglar, spendýr og gróður á námsvæðum í landi Hrauns í Ölfusi*. Unnið fyrir Hraunsbændur, skýrsla 20 bls.
- Rueness, J. 1973. *Pollution on littoral algal communities in the inner Oslofjord, with special reference to Ascophyllum nodosum*. Helgol. wiss. Meeresunters. 24: 446-454.
- Umhverfisráðuneytið 2015. *Bernarsamningurinn*: Sótt 12.10.2017 af:
<http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45>.
- Umhverfisstofnun 2018 (án ártals). *Náttúrumiðjaskrá Suðurlands*. Sótt 10.11.2018 af
<https://ust.is/einstaklingar/natura/natturuminjaskra/sudurland/>
- Vinnustofan Þverá 2011. *Árborg, aðalskipulag 2010-2030*. Sótt 10.11.2018 af:
https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2010/01/Arborg_adalsk_2010-30_Eyrarbakki_undirr.pdf



66. mynd. Fuglar í þanghrönninni vestan við Eyrarbakkahöfn 16. apríl 2007. Hettumáfar og stelkar eru mest áberandi, en einnig eru tildrur og sandlóur í æti í þanginu. Ljósm. JÓH.

7. Viðaukar

1. viðauki. Fuglatalningar á athugunarsvæði við Selfoss árið 2017–2018. Talið frá Geitanesi í Sandvik og tvær víkur utan ár og klappir milli þeirra, sjá 2. mynd.

Fugl/dags.	12.6.	19.6.	25.6.	14.7.	28.7.	14.8.	18.8.	1.9.	4.9.	26.9.	25.10.	31.12.	25.1.	20.2.	22.3.	14.4.	27.4.	18.5.	5.6.
Álf				1	8	9	12	35	x	24	22	39	56	35	11	24	12		1
Grágæs	60	60		20	123		30	7	x			28	17			10	30	3	16
Helsingi									11										
Brandönd	8	8	27					5		3	4				7	6	11		
Rauðhöfði	1		2				33			59	96	16	5	17	7	7	4	2	
Gargönd			1																
Urtönd	1	3	15	22	10	148	199	220	x	96	190	31	11	18	22	6	2		5
Stokkönd	7	27	44	22	8	18	50	61	x	81	136	95	59	131	3	23	16	4	20
Skeiðönd			1																
Skúfönd	23	1	97	79	25		3	77	x	111	12			2		6	7	26	12
Duggönd	1	3	32	26	8		7	3	x	7	11						5	7	9
Duggxskúf	1		1																
Kúfönd	1	1	1																
Æður	17	11	26												9	41	22	16	27
Straumönd																		3	
Hávella																		7	6
Toppönd	2	4		1										1				2	3
Gulönd										2		14	26	14	11	2	2	1	
Lómur				1		1													1
Fyll	37	26	14	110	11	5		1							2		7	6	27
Dílaskarfur									2										
Gráhegri														1					

1. viðauki frh. Fuglatalningar á athugunarsvæði við Selfoss árið 2017–2018.

Bjartegri	1	1
Smyrill	1	
Tjaldur	11 3 18 1 12	1 4 2 3 2
Sandlöa	2	1 1
Heiðlöa	2 2	1
Rauðbrystingur	3	
Lóuþræll	4 1 11 86 18 35	3
Hrossagaukur	3 1 1 2 17 62 18 1 1 1 1	1 1 1
Jaðrakan	4 1 3 5 7 205	2 2
Spói	2 1 6	1
Stelkur	12 8 7 129 50 12 1 6 8 6 9	
Tildra		1
Óðinshani	72	56
Kjói	1 3	2
Skúmur	1	
Hettumáfur	18 17 9 18 592 248 336 376 720 471 643 2 405 370 163 65	
Stormmáfur	6 14 4 8 78 366 281 382 7 16 4	
Silfurmáfur	3 5 1 16 15 6 39 x 52 270 15 6 2 31 17 70 20	
Sílamáfur	101 47 27 11 297 155 52 18 x 36 11 87 389 190 76	
Bjartmáfur	3 1 1 3 52 75 35 2 10 1 9	
Hvítmáfur	4 8 153 4 5 5 1 52 1	
Svartbakur	8 7 3 2 10 13 8 42 x 50 72 23 69 1 3 2 55 13	
Kría	15 3 3 12 21	7 113
Púfutittlingur	1 3 1 1	1
Maríuerla	1	1
Steindepill		2

1. viðauki frh. Fuglatalningar á athugunarsvæði við Selfoss árið 2017–2018.


Skógarþróstur

1

2

1

Svartþróstur	1											
Hrafn		2	2		5		28	33	47	7	5	3
Stari	1	11	2	1307	170	100	x	240	44	45	7	2
Snjótittlingur								300	60			2
Samtals	334	261	342	498	1309	2045	904	1164	1305	1553	2054	421
												685
												342
												83
												741
												926
												647
												485



67. mynd. Andafjöld á ísskör við ræsið 28. janúar 2016. Ljósm. JÓH

2. viðauki. Fuglatalningar á Eyrarbakka 2018. Sjá 4. mynd.

	9.2.	2.3.	19.3.	2.4.	6.4.	12.4.	22.4.	27.4.	4.5.	18.5.	30.5.	11.6.	23.6.	5.7.	29.7.	17.8.	5.9.	9.9.
Álf	6														49	18	17	
Margæs					3	1												
Brandönd						16												
Rauðhöfði			3	35		2			4		2		2					
Urtönd				1														
Stokkönd	72	24		2	15	4	2	2	2	3	2	15	5	5				
Skúfönd															1			
Æður	18	30	28	27	21	33	33	11	25	8	93	104	116	21	549	949	803	520
Straumönd			3		6		9	3										
Hávella														2				
Toppönd	7		1		4	4			3	2	3	46	3	31	101	18		
Himbrimi															1			
Lómur										1					2	2	1	
Fýll			10							1						2		
Dílaskarfur	8	57	48	16	16	16	8	16	5		15	16	18	15	107	33	68	180
Toppskarfur																1		
Súla											2				1	21		
Haförn					1													
Tjaldur		65	156	500	15	36	3	15		5	9	1	5	2	1	2	2	
Sandlöa				1		20	4	90	45	15	16		1	28	12		2	
Heiðlöa			3	7		2								1				
Vepja			1															
Rauðbrystingur							30		5						2		1	
Sanderla					1	2		5	219	695	9			430	135		9	
Sendlingur	10		20	130	90	134	2	100	58	7	3				3		1	

2. viðauki, framhald. Fuglatalningar á Eyrarbakka 2018.


Lóupræll		105	8	1000	169	129	204	78	25	31	128	35
Hrossagaukur		1										
Jaðrakan	1	1	28									
Spói				2				2				
Stelkur	4	1	65	15	250	14	25	13	9	16	12	8
Tildra	1	10	5	34	101	200	562	188	39	3	32	16
Óðinshani				2	84	13	5	14	36	3		
Skúmur									2			
Kjói				12					1			
Rita				5								
Hettumáfur	20	173	31	53	93	19	23	252	88	380	52	16
Stormáfur	5	80			2				3			1
Silfurmáfur	15	88	7	8	15	6	12	30	8	13	36	2
Sílamáfur		1	1		2	8	25	7	3	26	4	1
Bjartmáfur	13	10	1	2	2	17	3	11	5	1		
Hvítmáfur	7	20	6		3		1	4	2	1	1	
Svartbakur	5	18	6		2	4		6	9	4	4	2
Kría							11	85	39	23	12	19
Púfutittl.					5		4			3	2	2
Maríuerla					10		4	1		1		1
Steindepill						2					3	1
Skógarþróstur		642	6									
Hrafn	2		1	1	1		9					
Stari	12		6	56	28	4	30		2			
Snjótittlingur	50											
Samtals	220	357	176	418	1451	359	609	207	1896	1538	1350	911
												368
												175
												1318
												1450
												1051
												1375

3. viðauki. Niðurstöður vetrarfuglatalninga við ræsið 2006-2017. Örn Óskarsson og Víðir Óskarsson töldu öll skiptin, nema 2007 taldi Jóhann Óli Hilmarsson með Erni. Stundum er talið eftir áramót, t.d. var talningin 2006 framkvæmd 7. jan. 2007. Svæðið ber heitið SV21 (Náttúrufræðistofnun 2018b).

Ár	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fugl/dags.	7.1.07	5.1.08	28.12.	27.12.	9.1.11	8.1.12	5.1.13	29.12.	27.12.	10.1.16	8.1.17	6.1.18
Álf	4	6	1	26	18	7	23	21	34	38	11	40
Grágæs				2				18				21
Brandönd				4						1	2	
Rauðhöfði	6									2		
Urtönd	42	40	41	132	56	38	17	28	22	109	4	4
Stokkönd	200	76	58	305	177	45	21	228	200	270	33	81
Grafönd				1								
Skúfönd		1									1	
Duggönd				3								
Æður		1										
Húsönd											1	
Toppönd		4										
Gulönd	8	2	5	18	61	18	9	8	10	21	8	1
Gráhegri				1								
Fálki							1					
Hrossagauk								1				
Hettumáfur		3									2	
Stormmáfur					1			4	1			2
Silfurmáfur		3				4		1			3	4
Bjartmáfur	7	36			6	10	16	1	1	156	25	
Hvítmáfur	8				4		10	2		1	5	
Svartbakur	2	1			7	5	1	10	1	8	8	
Hrafn	7	27	2	15	27	36	13	9	31	22	19	10
Stari	4	5		60	5		5	1	2		4	5
Snjótittlingur			30	100	10			15				300
Samtals	288	204	108	592	448	173	107	361	314	465	253	506
Tegundir	10	12	6	9	9	11	9	14	11	9	14	13

4. Viðauki. Útreikningar á þéttleika mófugla á 1 km löngu sniði í Óseyrarnesi 11. júní 2018. Sniðinu er skipt niður í belti, 25-100 m breið, útfrá miðju sniðlínu. Sjá 3. töflu. Þéttleiki er pör á km²

Snið dags.	11.6.2018											
Lengd sniðs (m):	1000					Fjöldi						Þéttleiki
Belti:	1	2	3	4	5	Alls			1	25	50	100
Belti (m):	0-25	26-50	51-100	101-200	>200		0-25	0-50	0-100	D25	D50	D100
Heiðlöa		5	2	2		9	0	5	7	0,0	30,0	23,8
Hrossagaukur	1	5		1		7	1	6	6	10,4	43,5	21,8
Jaðrakan		1				1	0	1	1	0,0	10,0	5,0
Spói	1			1		2	1	1	1	11,7	5,9	2,9
Stelkur		2				2	0	2	2	0,0	20,0	10,0
Þúfutittlingur	1	2	3			6	1	3	6	10,5	17,6	30,0
Maríuerla	1					1	1	1	1	20,0	10,0	5,0
Samtals:	4	15	5	4	0	28	4	19	24	41,5	121,3	87,1
Samanlagt:										52,6	137,0	98,5



68. mynd. Starar við ræsið 31. janúar 2013. Ljósm. JÓH.

5. viðauki. Háplöntur sem fundust á athugunarsvæðinu við Ölfusá 19. júní og 14. -18. ágúst 2017. Plöntuheiti fylgja þeim sem notuð eru af Herði Kristinssyni (2010), Hólmfríði A. Sigurðardóttir (1995) og Ásgeiri Svanbergssyni (1982). Á svæðinu voru skráðar 94 plöntutegundir.

Íslenska	Latína	Íslenska	Latína
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	Grávorblóm	<i>Draba incana</i>
Alaskavíðir	<i>Salix alaxensis</i>	Gulmaðra	<i>Potentilla crantzii</i>
Alpareynir	<i>Sorbus mougeotii</i>	Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Augnfró	<i>Euphrasia wettsteinii</i>	Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Axhnoðapuntur	<i>Dactylis glomerata</i>	Haugarfi	<i>Stellaria media</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Baldursbrá	<i>Tripleurospermum maritimum</i>	Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Baunagras	<i>Lathyrus japonicus</i>	Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	Hásveifgras	<i>Poa trivialis</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Birkí	<i>Betula pubescens</i>	Hlaðkolla	<i>Lepidotheca suaveolens</i>
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>	Hlíðamaríustakkur	<i>Alchemilla vestita</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	Hnúðsef	<i>Juncus bulbosus</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	Hnúskakrækill	<i>Sagina nodosa</i>
Blálilja	<i>Mertensia maritima</i>	Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Blóðarfí	<i>Polygonum aviculare</i>	Hóffífill	<i>Tussilago farfara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	Hrímblaðka	<i>Atriplex glabriuscula</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	Hrossanál	<i>Juncus arcticus subsp. <i>intermedius</i></i>
Dagstjarna	<i>Silene dioica</i>	Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Dúnhfri	<i>Avenula pubescens</i>	Húsapuntur	<i>Elytrigia repens</i>
Dúnyllir	<i>Sambucus pubens</i>	Hvítmaðra	<i>Galium normani</i>
Engjarós	<i>Comarum palustre</i>	Hvítsmári	<i>Galium normanii</i>
Eyrarrós	<i>Chamerion latifolium</i>	Illumeynir	<i>Sorbus aucuparia</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>	Illumeyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Fjöruarfí	<i>Honkenya peploides</i>	Jakobsstigi	<i>Polemonium caeruleum</i>
Fjörukál	<i>Cakile maritima subsp. <i>islandica</i></i>	Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	Klölefting	<i>Equisetum arvense</i>
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	Knjáliðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>
Garðableikja	<i>Barbarea vulgaris</i>	Kornblóm	<i>Centaurea montana</i>
Garðabréða	<i>Valeriana officinalis</i>	Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Garðamaríustakkur	<i>Alchemilla mollis</i>	Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>	Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	Laugasef	<i>Juncus articulatus</i>
Grámyglá	<i>Filaginella uliginosa</i>	Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>

5. viðauki frh. Háplöntur sem fundust á athugunarsvæðinu við Ölfusá 19. júní og 14. – 18. ágúst 2017.

Íslenska	Latína	Íslenska	Latína
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	Undafífill	<i>Hieracium sp.</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	Vallefiting	<i>Equisetum pratense</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>	Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>	Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>	Vatnsliðagras	<i>Alopecurus aequalis</i>
Mjaðjurt	<i>Filipendula ulmaria</i>	Vatnsnál	<i>Eleocharis palustris</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	Vatnsnarfagras	<i>Catabrosa aquatica</i>
Móalógresi	<i>Trisetum triflorum</i>	Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinoarticulatus</i>	Vetrarkvíðastör	<i>Carrex chordorrhiza</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	Viðja/Hregstaðavíðir	<i>Salix myrsinifolia</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	Vorbrúða	<i>Callitriches palustris</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	Vætudúnurt	<i>Epilobium ciliatum</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	Þistill	<i>Cirsium arvense</i>
Rauðsmári	<i>Trifolium pratense</i>	Þrenningarfjóla	<i>Viola tricolor</i>
Rifsberjarunni	<i>Ribes pallidum</i>	Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Sandfax	<i>Bromus inermis</i>	Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Sigurskúfur	<i>Chamerion angustifolium</i>		
Silfurhnappur	<i>Achillea ptarmica</i>		
Sitkagreni	<i>Picea sitchensis</i>		
Skammkrækkill	<i>Sagina procumbens</i>		
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>		
Skógarkerfill	<i>Anthriscus sylvestris</i>		
Skógarvatnsberi	<i>Aquilegia vulgaris</i>		
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>		
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>		
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>		
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>		
Sólber	<i>Ribes nigrum</i>		
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>		
Stormþulur	<i>Senecio pseudo-arnica</i>		
Tágamura	<i>Argentina anserina</i>		
Tjarnarstör	<i>Carex rostrata</i>		
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>		
Túnffífill	<i>Taraxacum spp.</i>		
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>		
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>		
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>		
Umfeðmingur	<i>Vicia cracca</i>		

6. viðauki. Gróðurþekja í % í 11 römmum á athugunarsvæðinu við Ölfusá, 14.8. (nr. 1-5) og 18.8.2017 (nr. 6-11). Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%. + = ein eða örfáar plöntur. Sjá 5. mynd.

Rammi	1 (191)	2 (192)	3 (193)	4 (194)	5 (195)	6 (196)	7 (197)	8 (198)	9 (199)	10 (200)	11 (201)
Vistgerð	Hraungambrav	Lyngmóav.	Lyngmóav	Lyngmóav	Hraungambrav	Snarrótarv	Grasengjav	Snarrótarv	Grasengjav	Sandav.	Língresis- og vingulsv.
Beitieski	+				+					5	
Beitilyng			20	20							
Bláberjalyng				+							
Blávingull		40	5	10	+		20			+	30
Blóðberg		1+	1	5						7	
Brjóstagras	+			1	1						
Geithvönn								1			
Grasvíðir	1	30	+	10	1						10
Grávorblóm										+	
Gulmaðra											+
Hálíngresi							5	20			1
Hásveifgras								40			
Hóffífill								15			
Hundasúra									1+		
Hvítmaðra	1	5		1	+						
Hvítsmári						30					
Kattartunga							+				
Klöelfting		+		+				1	15		
Kornsúra	1		+	+							
Krossmaðra			10	5				+			30
Krækilyng	25	75	15	25			1		5		
Ljósberi									+		

6. viðauki frh. Gróðurþekja í % í 11 römmum á athugunarsvæðinu við Ölfusá árið 2017.

Rammi	1 (191)	2 (192)	3 (193)	4 (194)	5 (195)	6 (196)	7 (197)	8 (198)	9 (199)	10 (200)	11 (201)
Vistgerð	Hraungambrav	Lyngmóá	Lyngmóáv	Lyngmóáv	Hraungambrav.	Snarrótarv	Grasengjav	Snarrótarv	Grasengjav	Sandav.	Língresis- og vingulsv.
Móasef					+						
Skarifífill						5			+		
Skriðlíngresi						20		10	+		
Skriðsóley							+				
Snarrótarpuntur						75		60	25		
Tágamura							+				
Túnsúra						1					
Túnvingull	+					5	30				
Týtulíngresi	1				+				+		
Umfeðmingur			15								1
Vallefting									+	10	
Vallhumall						25					
Vallhæra	+	1	5				1				10
Vallarsveifgras							+		5		
Varpasveifgras							+				
Pursaskegg		1	5								
Ætihvönn						+	30				
Fléttur	1	5	5	5	5	5			1	20	
Mosi	100	15	90	80	100	5	80	5	1	30	
Ógróið									90		
Háplöntutegundir	8	7	9	14	7	5	13	6	9	9	8

7. viðauki. Gróðurþekja í % í 9 römmum á Sandvíkurheiði sunnan við Selfoss 16. ágúst 2018. Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%. Sjá 6. mynd.

Rammi	12 (092)	13 (093)	14 (094)	15 (095)	16 (096)	17 (097)	18 (098)	19 (099)	20 (100)
Vistgerð	Grasengjav.	Língresis- og vingulsv.	Mosamóav.	Brokflóav.	Grasengjav.	Blómgresiv.	Blómgresiv.	Mosamóav.	Snarrótarv.
Blávingull			30			10		20	
Gulmaðra						10	5		
Gulstör	5								
Hálíngresi			10			20	40		
Hófsóley	+								
Hrafnaklukka	+								
Hrossanál								1	
Hvítmaðra		+							
Ilmreyr			5			5			
Klöelfting							10		
Klófifa	5		50						
Kornsúra						1		1	
Krossmaðra		20	25			40	10	30	5
Krækilyng								70	
Língresi	20	60		5	80				
Mjaðjurt							10		
Móasef						5			
Mýrasef	1			5					
Mýrastör	50			25	30				
Skriðlíngresi			15			15	20	1	

7. viðauki frh. Gróðurþekja í % í 9 römmum á athugunarsvæðinu sunnan við Selfoss 16. ágúst 2018.

Rammi	12 (092)	13 (093)	14 (094)	15 (095)	16 (096)	17 (097)	18 (098)	19 (099)	20 (100)
Vistgerð	Grasengjav.	Língresis- og vingulsv.	Mosamóav.	Brokflóav.	Grasengjav.	Blómgresiv.	Blómgresiv.	Mosamóav.	Snarrótarv.
Snarrótarpuntur		5			5				90
Stinnastör								5	
Vallarsveifgras		25	5			5	10		1
Vallhæra								5	
Pursaskegg					20				
Fléttur									
Mosi	25		95	10		70	20	40	5
Ógróið				15					
Háplöntutegundir	7	4	7	4	3	10	7	8	3

8. viðauki. Gróðurþekja í % í 4 römmum á athugunarsvæðinu við Selfossflugvöll 17. sept. 2018. Sjá 5. mynd. Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%.

Rammi	21 (107)	22 (108)	23 (109)	24 (110)
Vistgerð	Sanda- og vikrav.	Sanda- og vikrav.	Sanda- og vikrav.	Sanda- og vikrav.
Beitieski	+	1	+	+
Blávingull	5		x	5
Blóðberg	10	1	10	20
Hundasúra	+	+	1	5
Krækilyng		+		1
Melablóm		+		1
Túnvingull			+	
Týtulíngresi	5			5
Fléttur	5	5	10	10
Mosi	1	5	5	5
Ógróið	85	100	100	90
Háplöntutegundir	5	5	5	7

9. viðauki. Gróðurþekja í % í 6 römmum á athugunarsvæðinu við Eyrarbakka 24. júlí 2018. Sjá 7. mynd. Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%.

Rammi	25 (074)	26 (075)	27 (076)	28 (077)	29 (78)	30 (079)
Vistgerð	Grashólav.	Grashólav.	Mosamóav.	Mosamóav.	Hrossanálarv.	Mosamóav.
Axhæra						1
Baunagras	+	1	5	+		
Blávingull				25	15	
Blóðberg						15
Brennisóley					+	
Geithvönn	1	1				
Gulmaðra	1+	5	15	5		5
Holurt			1			
Hrossanál					25	
Hundasúra						+
Hvítmaðra						x
Klöelfting	+			+	5	
Melgresi	1	+				
Skammkrækkill						1
Skarifífill			+			5
Skriðlíngresi				5	10	
Túnffífill	+		1		1	10
Túnsúra			+			
Túnvingull	60	40	25			10
Vallarsveifgras	5	5	x	5		1
Vallhæra					1	5
Vegarfi					+	
Fléttur		10	1		5	5
Mosi	+	85	95	100		95
Ógróið	5+					
Háplöntutegundir	8	6	8	6	8	11

10. viðauki. Þörungar sem fundust á sniðum í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018.

Íslenska	Latína
Beltisþang	<i>Fucus vesiculosus var. linearis</i>
Bólubang	<i>Fucus vesiculosus</i>
Brimskúfur	<i>Acrosiphonia arcta</i>
Fjörugrös	<i>Chondrus crispus</i>
Fjöruslög	<i>Scytosiphon lomentarius</i>
Klóþang	<i>Ascophyllum nodosum</i>
Purpurahimna	<i>Porphyra umbilicalis</i>
Sjóarhrís	<i>Ahnfeltia plicata</i>
Skúfaþang	<i>Fucus distichus</i>
Slafak	<i>Enteomorpha intestinalis</i>
Söl	<i>Palmaria palmata</i>
Steinslý	<i>Pylaiella littoralis</i>
Ulva/Ulvaria	<i>Ulva lactuca/Ulvaria obscura</i>
Þangskegg	<i>Polysiphonia lanosa</i>

11. viðauki. Fjörudýr sem fundust í þörungareitum í Eyrarbakkafjöru 26. ágúst 2018., sjá kafla 2.4 og 3.7.

Íslenska	Latína	Fundin í fjölda reita
Klettadoppa	<i>Littorina saxatilis</i>	4
Fjöruhrúðurkarl	<i>Balanus balanoides</i>	4
Sandmaðkur	<i>Arenicola marina</i>	3
Þangdoppa	<i>Littorina obtusata</i>	2
Kræklingur	<i>Mytilus edulis</i>	1
Oddalús	<i>Idotea baltica</i>	1

12. viðauki. Spendýr á athugunarsvæðinu, sjá kafla 3.4.

Íslenska	Latína	v/Ölfusá	Eyrarbakki
Kanína	<i>Oryctolagus cuniculus</i>	x	
Hagamús	<i>Apodemus sylvaticus</i>	x	x
Minkur	<i>Mustela vison</i>	x	x
Landselur	<i>Phoca vitulina</i>	x	x
Útselur	<i>Halichoerus grypus</i>		x
Blöðruselur	<i>Cystophora christata</i>		x
Kampselur	<i>Erignathus barbatus</i>		x

**VIÐAUKI E FORNLEIFAKÖNNUN VEGNA HREINSISTÖÐVAR VIÐ GEITANES Í
ÁRBORG OG TILLÖGUR UM FRÁVEITULAGNIR**

Fornleifikönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og tillögur um fráveitulagnir



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 34-18

Desember 2018

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Desember 2018
Skýrsla nr: NV nr. 3 4-18		Verknúmer: 490
Heiti skýrslu: Fornleifakönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og tillögur um fráveitulagnir		Blaðsíður: 1 3 Upplag: 5
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 2 Gerð skýrslu/Verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét Hallmundsdóttir	Unnið fyrir: Sveitarfélagið Árborg	
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna framkvæmda við hreinsistöð við Geitanes í Árborg og tillögur að frárennslislögnum í Ölfusá og á Eyrarbakka. Skoðað var framkvæmdasvæði við Geitanes sem og tillögur af lagnaleiðum. Sex minjar voru skráðar við rannsóknina.		
Lykilorð íslensk: Uppmæling minja. Fornleifaskráning.	Lykilorð ensk: Archeology, Survey.	
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Yfirlarið af: Hulda Birna Albertsdóttir	

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2 Skráning fornleifa	6
2. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	6
FORNLEIFASKRÁNING	6
3. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT	13
4. HEIMILDASKRÁ.....	15

1. INNGANGUR

Fornleifakönnun vegna framkvæmda við Hreinsistöð á Geitanesi í Árborg var framkvæmd að beiðni verkfræðistofnunar Eflu fyrir hönd sveitafélasins Árborg. Fyrirhugað er að reisa hreinsistöð á Geitanesi við Ölfusá og gerðar þrjár tillögur af frárennsli. Ein þeirra er út í Ölfusá og hinar liggja meðfram vegin og á Eyrarbakka þar sem þær eiga að liggja út í sjó. Þar liggja fyrir tvær tillögur að lögn. Fornleifaskráning á vettvangi fór fram sumarið 2017 fyrir framkvæmdasvæðið við Geitanes en þann 11. desember 2018 á lögninni þar sem hún á mögulega að liggja í sjó á Eyrarbakka. Vettvangsrannsókn og skýrslugerð var gerð af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðingi.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu.

Minjar innan deiliskipulagssvæðis voru mældar inn með Trimble Pro uppmælingatækjum.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir:

„Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarmínjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni.

Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsjá Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1996 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1996-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 FORNLEIFASKRÁNING

Númer: 1996-001

Sérheiti: Áargatan

Staðsetning: N 382740 A 399634

Hlutverk: Leið

Tegund: Leið

Staðhættir: Í örnefnaskrá Litlu Sandvíkur segir: „*Upp frá Sandvík voru tvær leiðir: Önnur var um vað á Langaflóði austanverðu, Áargatan upp heiði. Út úr henni greindist Kotferjugata. Áargatan liggur vestan við Stekkinn og Skyggni háan hól með hundabúfu*“.

Minjalýsing: Gatan sem um ræðir er mjög greinileg þar sem hún liggur aðeins neðan við Geitanes. Gatan er greinilega orðin vegslóði á sumum stöðum en það hefur gerst á síðustu árum. Á gömlum loftmyndum er leiðin án bílfara.

Hættumat: Lögn er fyrirhuguð á 200 m kafla á sama stað og vegurinn liggur frá hreinsistöð og út í Ölfusá við Geitanes.

Númer: 1996-002

Sérheiti: Flóááveitan

Staðsetning: N 382015 A 399579

Hlutverk: Áveita

Tegund: Handgraffinn skurður

Staðhættir: Hafist var handa við Flóááveituna árið 1922. Flóááveitan var stórvirki og að miklu leyti unnin með handaflí einu saman. Grafa gróf aðalskurðálmuna, stóra skurðinn uppi við flóðgátt. Annað var grafið með höndum og því þurfti mikinn mannafla til verksins. Aðbúnaður vinnumanna var ekki góður. Verkamennirmir, sem margir voru bændur eða búalið af svæðinu, þurftu jafnvel að ganga langar leiðir til að komast á vinnusvæðið, hafast við í tjöldum og vinna síðan myrkvanna á milli.¹

Minjalýsing: Á Sandvíkurheiði er stór skurður frá Flóááveitunni. Skurðurinn er 1.3 km og er farinn að fyllast og gróa upp.

Hættumat: Telst ekki fornleif í nokkur ár í viðbót.

Númer: 1996-003

Sérheiti: Strokkhóll

Staðsetning: N 380324 A 399215

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Náttúrumyndun/heimild um álagablett.

Staðhættir: Alveg við þjóðveginn þar sem beygt er af honum niður Kaldaðarnes er klettur sem kallast Strokkhóll. Í örnefnaskrá segir: „*Í miðjum Vellinum við vegamótin er Strokkhóll huldufólkshóll. Í honum á að hafa heyrst strokkhljóð. Í lagi er hann ekki ósvipaður kirkju með tveim turnum og er sá eystri hærri. Þar er einkar gott sæti, þar sem álfarnir sitja. Dyrnar snúa móti austri og er þar djúp klettaglufa.*“ Í blaðagrein segir:

„*beirri ástæðu að þaðan telur fólk sig hafa heyrta hljóð eins og að huldufólkisem þar byggi væri að strokka smjör inni í hólnum. Eftir því sem næst verður komist hefur það verið trúa fólks á Sandvíkurbæjum í margar aldir að Strokkhóll væri aðsetur álfar.*“

Í sömu grein segir:

„*Svo vildi til að verkstjórin var að snúa bíl sínum við á vegamótunum við hólinn. Ekki tókst þó betur til en svo að hann bakkaði á rafsuðuvél sem þar og steyptist hún á hvolf ofan í hitaveituskurðinn. Sem*



Mynd 1. Strokkhóll er álfhóll við Kaldrananesveg. Mynd: MHH.

¹ Ólöf Rún Skúladóttir 2017:20

betur fór sakaði engan en verkfræðingi einum frá Verkfræðistofunni Fjarhitun, sem þarna var staddur, brá svo við þetta að hann hljóp í skyndi heim að Litlu-Sandvík og hitti þar fyrir Lýð hreppstjóra og greindi honum frá því hvað fyrir hefði komið þann dag og undangengna daga. Verkfræðingurinn mun hafa sagt að nálægt þessum fjandans hól kæmi hann ekki framar. Lýður svaraði verkfræðingnum þannig til að þarna byggi huldufólk og varaði hann eindregið við því að gera nokkuð á hlut þess. Annars myndi enn verra af hljótast. Í framhaldi af þessu sagði Lýður að með því að leggja hlykk á leiðsluna og sneiða hjá hólnum mætti komast hjá frekari reiði huldufólkssins og þar með að bilunum og slysum við hitaveituframkvæmdirnar linnti. Þetta var síðan gert og lagning leiðslunnar og aðrar framkvæmdir við Hitaveitu Eyra gengu snurðulaust fyrir sig eftir það“.

Minjalýsing. Hóllinn er hraunhóll sem er nokkuð gróinn. Hann er ílangur um 5 x 3 m og stendur hæst um 1,5 m. Enginn merki manna er á hólnum sem er náttúrusmíð. Ekki var hægt að sannreyna að Álfar byggju enn í hólum.

Númer: 1996-004

Staðsetning: N 377218 A 397465

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Náma

Staðhættir: Um 1 km norður af gatnamótum Eyrarbakka og Stokkseyrarvegar liggr Eyrarbakkavegur í gegn um svæði þar sem mikið er af uppgrónum gömlum mótgörfum. Sunnan megin við veginn heitir Hraunsmýri en norðan er Háeyrarmýri. Lögnin er í Háeyrarmýri.

Minjalýsing: Líklegt er að lögnin fari ekki yfir mógrafir en flestar þeirra eru sunnan megin við þjóðveginn. Mógrafirnar eru margar og mjög grónar, þær eru mjög óreglulegar.

Hættumat: Lítill hætta á skemmdum.


Númer: 1996-005**Sérheiti:** Ungmennafélagstykki**Staðsetning:** N 376063 A 393032**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garðlag

Staðhættir: Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „Við mörk jarðanna í Óseyrarlandi fram við sjóvarnargarð er svonefnt Ungmennafélagsstykki, er það gerði um hektari að stærð, var hlaðið umhverfis það grjótgarður af gömlu ungmennafélögnum um 1910, þar er fyrst sáð melgresi í sandinn, sem þá var gróðurlaus með öllu en síðan gær hann meira og meira upp“.

Mynd 2. Sandgræðslan á Eyrarbakka, Sandfylltur veggur Ungmennafélagsstykkis. Mynd: MHH.

Minjalýsing: Gerðið er um hektari af stærð og með grjóthlöðum veggjum sem eru mikið grónir og mikill sandur hefur hlaðist upp af þeim.

Hættumat: Mikil hætta, lögn fer mjög nærrí hleðslu.



Kort 1. Grjótgarður umhverfis Ungmennafélagsstykkið, Lögn er græn lína. Loftmynd: Loftmyndir: Leyfishafi Árborg.

Númer: 1996-006**Staðsetning:** N 375426 A 393630**Hlutverk:** Sjóvarnargarður**Tegund:** Garður


Staðhættir: Rétt aftan við iðnaðarhúsnaðið á Búðarstíg 23 sem er stórt hús við gömlu bryggjuna er grjóthlaðinn garður. Þetta eru leifar af gömlum sjóvarnargarði. Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „*með allri strandlengja Eyrarbakkahrepps er hlaðinn garður sem nefndur er sjóvarnargarður. Sá sem fyrst hreyfði því máli var danskur verslunarstjóri D.C. Petersen um 1785 en lítið mun hafa verði gert fyrr en eftir flóðið mikla 1799 [Básendaflóð], er Lambertsen kaupmaður lét hlaða grjótgarð með trjávirki fyrir íbúðarhús og verslunarhús lengi er það eini varnargarðurinn. Þó hefur sá garður verið lengdur til austurs um 150 metra árið 1840. Síðan eru ýmsir kaflar hans hlaðnir upp og koma þá helst við sögu Einar Jónsson borgari. Þorleifur ríki Kolbeinsson og Guðmundur Ísleifsson. Sjóvarnargarðurinn er víðast 5-10 feta hár og þykkur að því skapi, að honum hefur hlaðist mikið af sandi sem er honum til styrktar. Enginn veit nú hve miklu sjóvarnargarðurinn hefur bjargað en öryggi íbúa á ströndinni er allt annað síðan hann kom, tekið hefur fyrir landbrotið og grær það upp er áður var í auðn og sandi.“*

Minjalýsing: Garðurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á breidd á þessu svæði. Þetta er hluti af elsta sjóvarnargarði á Eyrarbakka. Hann nær frá götunni sem liggur niður á bryggju og aftan við húsið þar er þvergarður sem er mikið hærri og síðari tíma viðbót.

Hættumat: Mikill hætta. Lögn er áformuð yfir vestasta horn garðsins.



Mynd 3. Gamli Sjóvarnargarðurinn á Eyrarbakka eða hluti af honum. Mynd MHH.



Kort 2. Hluti af gamla sjóvarnargarðinum á Eyrarbakka, Lögnin er græn lína Loftmynd: Loftmyndir: Leyfishaf Árborg.

4. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT

Engar minjar fundust þar sem húsnæði hreinsisstöðvarinnar á að rísa á bökkum Ölfusár. Hinsvegar fer um 200 m hluti af Áargötu [1996-001] þar sem hún liggur inn á Geitanesið frá hreinsistöðinni, milli flugbrautar og Ölfusár undir lögn sem liggur frá hreinsistöð út í Ölfusá.

Lögnin liggur síðan yfir Sandvíkurheiði þar sem Selfossflugvöllur er á þeiri leið þarf hún að fara yfir skurð frá Flóaveitunni [1996-002] tvisvar sinnum. Flóáaveituskurðurinn er ekki orðinn hundrað ára fyrr en eftir nokkur ár en var skráður þar sem stutt er í að hann flokkist sem fornleif samkvæmt lögum.

Næst liggur lögnin meðfram vegi alveg niður á Eyrarbakka. Þar er hún í röskuðu landi við þjóðveginn. Hinsvegar er þar grjóthóll sem heitir *Stokkhóll* og er álagablettur og álfabyggð. Sagan um álfabyggð í þessum grjóthól er mörg hundruð ára gömul og því trúað af íbúum hins forna Sandvíkurhrepps að þar búi álfar. Vegna þess að sögusögnin um álfabyggðina er mjög forn á svæðinu er lagt til að honum verði ekki raskað á nokkurn átt.

Í myrunum við Eyrarbakka fer lögnin nærrí einni af mörg þúsund mógröfum sem þar eru. Lögnin sleppur samt líklega framhjá henni.

Tvær leiðir eru lagðar til niður að sjó við Eyrarbakka, önnur þeirra fer meðfram götunni *Hafnarbrú* sem er vestasti inngangur inn á Eyrarbakka. Þar er hún teiknuð í vestur enda á gamla sjóvarnargarðinum sem stendur aftan við nýja sjóvarnargarðinn. Hin leiðin fer aðeins vestar og fer yfir sandgræðsluna sem þar sem Sandgræðslan hóf ræktun á upphafsárum sínum. Þar fer lögnin mjög nærrí grjóthlöðnu gerði sem kallast *Ungmennafélagsreitur*.

Tillaga að mótvægisadgerðum

Lagt er til að þess verði gætt að *Strokkhóll* [1996-003] verði ekki fyrir skemmdum. Mjög auðvelt er hnika aðeins til lögn til að vernda *sjóvarnargarðinn* [1996-006] (sjá kort 2), og við *Ungmennafélagsstykki* [1996-006] (sjá kort 1). Sækja verður um leyfi til að raska Áargötnni [1996-001] með frárennslislögn, en í dag er leiðin orðin að bílslóða á þessum stað. Best væri ef hægt er að hnika til lögn svo hún sé ekki í Áarveginum því vegurinn er forn leið sem enn er að mestu óskemmd. Annar möguleiki er að gera leiðina aftur sýnilega eftir að lögn hefur verið sett í

jörð. Þetta eru aðeins tillögur að mótvægisaðgerðum en Minjastofn Íslands tekur allar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir.


4. KORT



Kort 3. Kortið sýnir legu fráveitulagna að Eyrabakk og tvær mögulegar límur til sjávar. Loftmyndir. Leyfishafi : Áborg.



Kort 4. Kortið sýnir legu fráveitu frá Hreinsistöð við Selfoss. Loftmyndir. Leyfishafi Árborg



Kort 5. Kortið sýnir alla lagnaleimrar frá Selfossi í Ölfusá og svo í sjó við Eyrarbakka. Loftmyndir. Leyfishafi Árborg.

6.HEIMILDASKRÁ

Ólöf Rún Skúladóttir. *Flóaáveitan Gildi hennar og ávinnungur.* 10 eininga ritgerð sem er hluti af Baccalaureus Scientiarum gráðu í landfræði. Leiðbeinandi: Egill Erlendsson. Háskóli Íslands Sótt: <https://skemman.is/handle/1946/29064>

Tíminn. 23.07.1988. „Verkfræðingurinn spretti úr spori“ timarit.is sótt:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=280256&pageId=4047320&lang=is&q=Strokkh%F3ll

Örnefnaskrá Stóra Sandvík. Örnefnastofnun Íslands. Páll Lýðsson skráði.

Örnefnaskrá Litla Sandvík. Örnefnastofnun Íslands. Páll Lýðsson skráði.

**VIÐAUKI F VÖKTUN Á RENNSLI OG EFNAINNIGHALDI FRÁVEITUVATNS Á
SELFOSSI 2014 TIL 2019**



MANNVIT



RENNSLI OG EFNAINNIGHALD FRÁVEITUVATNS Á SELFOSSI

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA 28.-29. JANÚAR 2019

SKJALANÚMER: 1881218-000-CRP-0001

NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 0.01

0.01	25.03.2019	IFU	LO	SÓÉ	SÓE	AG	
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	ÚTGÁFUSTAÐA	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMPYKKT	VERKKAUPI	

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
1. Yfirlit um sýnatöku og greiningar	2
1.1 Fráveituvatn.....	2
2. Niðurstöður	3
2.1 Fráveituvatn.....	3
2.1.1 Aðalútrás sniðræsis, brunnar S18 & S19.....	3
2.1.2 Útrás norðan ár, brunnur SS	5
2.2 Reiknaður fjöldi persónueininga.....	6
2.3 Ölfusá.....	7
2.3.1 Rennsli og vatnshiti Ölfusár	7
2.3.2 Sjón- og lyktarmengun við útrásir fráveitukerfis til Ölfusár.....	7
2.4 Grunnvatnshæð á Selfossi	8
Heimildir.....	9
Viðauki A	A-1

Myndaskrá

Línurit 1. Síritað rennsli og vatnshiti í brunni S18, 28. – 29. janúar 2019.	3
Línurit 2. Síritað rennsli og vatnshiti í brunni SS, 28. – 29. janúar 2019.	5
Línurit 3. Reiknaður fjöldi persónueininga frá 2014, ræsi norðan og sunnan Ölfusár.....	6
Línurit 4. Grunnvatnshæð við Fossheiði, 28.- 29. janúar 2019.	8
Línurit 5. Samþand grunnvatnshæðar á Selfossi og rennslis um brunn S18.....	8
Mynd 1. Niðurstöður mælinga úr sniðræsi í janúar 2019.....	4
Mynd 2. Niðurstöður mælinga úr brunni SS í janúar 2019.....	6
Mynd 3. Sýnatökustaðir 28.- 29. janúar 2019 og niðurstöður grunnvatns- og gerlamælinga.....	A-2

Töfluskrá

Tafla 1. Niðurstöður fyrir brunna S18 og S19 í janúar 2019.	4
Tafla 2. Niðurstöður fyrir brunn SS í janúar 2019	5
Tafla 3. Almenn áhrif útrása fráveitukerfis á Selfossi á Ölfusá 28. -29.1.2019.	7
Tafla 4. Niðurstöður sýnatöku úr brunni S19 á sniðræsi, niðurstöður frá 2014 til 2019.....	A-3
Tafla 5. Niðurstöður sýnatöku úr brunni „SS“ norðan ár, niðurstöður frá 2014 til 2019	A-4
Tafla 6. Fjöldi persónueininga í S19 og SS, niðurstöður frá 2014 til 2019	A-5
Tafla 7. Mælingar á grunnvatnshæð á Selfossi og meðalrennslí í brunni S18.	A-6

Útdráttur

Dagana 28. til 29. janúar 2019 fór fram sýnataka úr fráveituvatni á Selfossi. Sýnatakan var framkvæmd með hliðsjón af vöktunaráætlun, sem sett var fram í minnisblaði Mannvits dagsettu 24. febrúar 2014. Í vöktunaráætluninni er gert ráð fyrir að hreinsun skólps sé hafin en þar sem svo er ekki eru mælistaðir í fráveitukerfinu færri við þessa sýnatöku en ella. Skoðun á aðstæðum til sýnatöku úr fráveitukerfinu var framkvæmd í apríl 2014 og voru niðurstöður hennar og val á mælistöðum birt í minnisblaði Mannvits, dagsettu 4. apríl 2014. Rétt er að geta þess, að samhliða sýnatöku rekur Mjólkursamsalan hreinsistöð á eigin vegum og hreinsar í henni það vatn, sem leitt er frá fyrirtækinu til fráveitukerfis.

Efna- og örverugreiningar voru í umsjá Rannsóknarþjónustunnar Sýnis ehf.

Helstu niðurstöður vöktunar í janúar 2019 eru eftirfarandi:

- Rennsli var mælt í brunni S18 á sniðræsi sunnan ár og í brunni SS, sem er á útrás ristaryfirfalls við veiðihús, á norðurbakka Ölfusár. Sólarhringsmeðalrennsli um brunn S18 var í meðallagi, 202 l/s. Sólarhringsmeðalrennsli um brunn SS var 7 l/s, mjög lítið miðað við fyrri sýnatökur. Síðustu dagar janúarmánaðar 2019 voru kaldir. Öll úrkoma féll sem snjór og ofanvatn af götum því mjög lítið í fráveitukerfinu.
- Efnasýni voru tekin á 1 klst. fresti úr brunnum S19 og SS. Brunnur S19 er á sömu lögn og brunnur S18 og fer sama vatnsmagn um báða brunna. Sýni úr brunni S19 voru tær, sum með botnfalli en sýni úr brunni SS ýmist tær, blóðrauð eða brún og ógegnsæ.
- Fjöldi saurkólígerla og saurkokka var aðeins undir meðallagi í blendsýni úr brunni S19. Fjöldi saurkólígerla í blendsýni úr brunni SS var óvenju líttill en fjöldi saurkokka aðeins yfir meðallagi.
- Líffræðileg- og efnafræðileg súrefnispörf í rennslisvigtuðum blendsýnum úr brunni S19 var í meðallagi miðað við fyrri sýnatökur en aðeins undir meðallagi úr brunni SS.
- Fjöldi persónueininga bak við brunn S19 reiknast 50.800, aðeins yfir meðallagi miðað við fyrri sýnatökur. Fjöldi persónueininga bak við brunn SS reiknast 2.000, langt undir meðallagi. Samanlagður fjöldi persónueininga er 53.000 fyrir sýnatöku í janúar 2019, nokkru yfir meðallagi.
- Rafleiðni mældist óvenju há í brunni S19 og yfir meðallagi í brunni SS.
- Síriti var settur í grunnvatnsholu við Fossheiði 28 og skráir hann vatnsdýpi á 15 mínútna fresti. Grunnvatnshæð á Selfossi var í meðallagi yfir sýnatökuna.
- Sýnataka úr Ölfusá féll niður vegna krapa. Rennsli árinnar var um 360 m³/s á tímabili sýnatöku og vatnshiti um 0,5°C.
- Við útrás sniðræsis sunnan Ölfusár mátti sjá fast efni og fitu. Lykt af fráveituvatni var einnig merkjanleg. Við útrás SS var sjón- og lyktarmengun lítil en fráveituvatn þaðan var blóðrautt þegar vinnsla var í gangi.

1. Yfirlit um sýnatöku og greiningar

1.1 Fráveituvatn

Sýnatöku úr fráveitukerfi önnuðust starfsmenn Árborgar. Sýni voru tekin úr brunni S19 á stofnlögn sunnan ár, skammt ofan útrásar við flugvöll og úr brunni SS, sem er á útrás skólps við veiðihús norðan Ölfusár. Sýni úr fráveitukerfi voru tekin á einnar klukkustundar fresti í 24 skipti, á heila tímanum úr brunni S19 og 15 mínútur yfir heila tímann úr brunni SS. Samhliða sýnatöku var rennslið mælt og síritað í brunnum S18 og SS. Brunnur S18 er næstur ofan við brunn S19 á sömu lögn og rennur sama vatnsmagn um báða brunna. Mælistaðir eru merktir inn á kort í viðauka.

Blandsýni voru útbúin úr stökum sýnum af fráveituvatni (hlutsýnum) úr hvorum brunni fyrir sig, S19 og SS. Rúmmál hlutsýna í hvoru blandsýni var haft í réttu hlutfalli við rennslið þegar hlutsýnið var tekið (rennslisvígtað). Gerðar voru örverumælingar og mælingar á lífrænni súrefnisþörf (BOD_5), efnafraeðilegri súrefnisþörf (COD), magni svifagna, sýrustigi, rafleiðni og basavirkni í blandsýnum. Fjöldi persónueininga bak við útrásir var metinn á grundvelli líffraeðilegrar súrefnisþarf (BOD₅) fráveituvatnsins. Miðað er við að hver persónueining svari til notkunar á 60 g súrefnis (O_2) á dag [1].

Alls hafa verið gerðar 19 sýnatökur úr brunnum S19 og SS. Niðurstöður mælinga úr öllum sýnatökum má finna í viðauka. Niðurstöðuskýrslur greiningaraðila eru hengdar aftan við þessa skýrslu.


2. Niðurstöður

2.1 Fráveituvatn

2.1.1 Aðalútrás sniðræsis, brunnar S18 & S19

Línurit 1 sýnir rennsli og vatnshita í brunni S18 á sniðræsi sunnan ár á meðan sýnataka úr brunni S19 fór fram, frá 28.1.2019 kl. 11 til 29.1.2019 kl. 10. Meðalrennsli var 202 l/s og meðalvatnshiti 18°C. Sýni úr sniðræsi voru tær, sum með hvítu botnfalli.

Niðurstöður rennsismælinga og efnamælinga á rennslisviguðu blandsýni úr brunni S19 í janúar 2019 eru birtar í töflu 1 ásamt meðaltali, hæstu og lægstu gildum úr sýnatökum frá því að kerfisbundin vöktun hófst, í júní 2014. Sýnatökur úr sniðræsi eru nú 19 talsins Niðurstöður úr öllum rennsismælingum og sýnatökum úr sniðræsi má finna í töflu 5 í viðauka.




Línurit 1. Síritað rennsli (blá lína) og vatnshiti (rauð lína) í brunni S18, 28. – 29. janúar 2019.

Tafla 1. Niðurstöður fyrir brunna S18 og S19 í janúar 2019, meðaltal, hæstu og lægstu mæligildi frá júní 2014.

	Sýnatökur frá júní 2014 til janúar 2019			Sýnataka 28.1.2019
	Lággildi	Hágildi	Meðaltal	
A Meðalrennsli á tímabili sýnatöku (l/s)	91	334	194	202
Meðalvatnshiti á tímabili sýnatöku (°C)	12	20	16	18
B Fj. Saurkóligerla/100 ml sólarh.meðaltal	3.200	580.000	181.000	170.000
Fj. saurkokka/100 ml sólarh.meðaltal	15.000	170.000	63.000	55.000
Líffræðileg súrefnisþörf BOD5 (mg O2/l)	13	534	177	175
Efnafræðileg súrefnisþörf COD (mg O2/l)	106	860	364	329
Svifagnir (mg/l)	32	226	95	77
Sýrustig (pH)	4,9	6,9	6,0	5,7
Rafleiðni (mS/cm)	350	740	516	740
Basavirkni (mmol/ H+)	0,5	2,2	1,3	1,1
C BOD5/COD	0,10	0,66	0,46	0,53
Fj. P.E. út frá magni BOD5 (60 g BOD5/dag/PE)	5.700	110.000	42.000	50.800

^a Rennslismælingar. ^b Niðurstöður efna- og örverugreininga. ^c Reiknaðar stærðir.

Mynd 1 sýnir sömu mælibætti og tafla 1, sem margfeldi af meðaltali fyrir hvern mælibátt. Meðaltal er 1 á kvarða myndarinnar. Láréttu strikin marka hæstu og lægstu gildi sem mælst hafa. Af myndinni má lesa að í sýnatökunni 28.-29. janúar 2019 voru mælibættir flestir í kring um meðaltal en rafleiðni mældist með hæsta móti, 740 mS/cm (skv. töflu 1).




Mynd 1. Niðurstöður mælinga úr sniðræsi í janúar 2019 sýndar sem margfeldi af meðaltali (1 á kvarða) hvers mælibáttar frá því að kerfisbundin vöktun hófst í júní 2014. Hæstu og lægstu gildi mælinga frá júní 2014 eru sýnd með láréttu striki.

2.1.2 Útrás norðan ár, brunnen SS

Línurit 2 sýnir síritað rennsli og vatnshita í brunni SS norðan ár á meðan sýnataka úr brunninum fór fram, frá 28.1.2019 kl. 11:15 til 29.1.2019 kl. 10:15. Meðalrennsli var 7 l/s og meðalvatnshiti var 20°C. Vatn í brunninum var ýmist blóðrauttt, tært eða brúnt og ógegnsætt.

Niðurstöður rennslismælinga og efnamælinga á rennslisvigtuðu blandsýni úr brunni SS í janúar 2019 eru birtar í töflu 2 ásamt meðaltali, hæstu og lægstu gildum úr sýnatökum frá því að kerfisbundin vöktun hófst, í júní 2014. Sýnatökur úr brunni SS eru nú 19 talsins. Niðurstöður úr öllum sýnatökum úr brunni SS má finna í töflu 6 í viðauka.




Línurit 2. Síritað rennsli (blá lína) og vatnshiti (rauð lína) í brunni SS, 28. – 29. janúar 2019.

Tafla 2. Niðurstöður fyrir brunni SS í janúar 2019, meðaltal, hæstu og lægstu gildi niðurstaða frá júní 2014.

	Sýnatökur frá júní 2014 til janúar 2019			Sýnataka 28.1.2019
	Lággildi	Hágildi	Meðaltal	
A Meðalrennsli á tímabili sýnatöku (l/s)	6	48	16	7
Meðalvatnshiti á tímabili sýnatöku (°C)	12	20	15	20
B Fj. Saurkóligerla/100 ml sólarh.meðaltal	4.800	1.100.000	257.000	4.800
Fj. saurkokka/100 ml sólarh.meðaltal	6.400	110.000	33.000	52.000
Líffræðileg súrefnisþörf BOD ₅ (mg O ₂ /l)	28	680	213	187
Efnafræðileg súrefnisþörf COD (mg O ₂ /l)	52	1061	511	400
Svifagnir (mg/l)	43	250	104	78
Sýrustig (pH)	5,6	8,2	6,9	6,7
Rafleiðni (mS/cm)	360	1460	723	740
Basavirkni (mmol/ H ⁺)	1,1	5,5	2,5	1,6
C BOD ₅ /COD	0,15	0,56	0,38	0,47
Fj. P.E. út frá magni BOD ₅ (60 g BOD ₅ /dag/PE)	700	17.600	4.800	2.000

^a Rennslismælingar. ^b Niðurstöður efna- og örverugreininga. ^c Reiknaðar stærðir.


Mynd 2 sýnir sömu mælibætti og tafla 2, sem margfeldi af meðaltali fyrir hvern mælibátt. Meðaltal er 1 á kvarða myndarinnar. Láréttu strikin marka hæstu og lægstu gildi sem mælst hafa frá því að reglubundin vöktun hófst í júní 2014. Af myndinni má lesa að í sýnatökunni 28.-29. janúar 2019 var rennsli lítið og vatnshiti óvenju hár miðað við fyrra sýnatökur úr brunni SS. Loftthiti var nokkuð undir frostmarki og líklegt er að lítið ofanvatn hafi verið í lögninni. Rafleiðni var í hærra lagi og fjöldi saurkokka einnig. Hlutfallið BOD_5/COD var yfir meðaltali í sýnatökunni (0,47 skv. töflu 2) en svipað og í fjórum sýnatökum ársins 2018 (sjá töflu 5, meðaltal 0,45). Niðurstöður annarra greininga voru undir meðaltali, hvers mælibáttar fyrir sig frá júní 2014. Fjöldi saurkóligerla var í lágmarki.



Mynd 2. Niðurstöður mælinga úr brunni SS í janúar 2019 sýndar sem margfeldi af meðaltali (1 á kvarða) hvers mælibáttar frá því að kerfisbundin vöktun hófst í júní 2014. Hæstu og lægstu gildi mælinga eru sýnd með striki.

2.2 Reiknaður fjöldi persónueininga

Í janúar 2019 reiknast samanlagður fjöldi persónueininga úr báðum brunnum 53.000 en frá því í júní 2014 reiknast meðalfjöldi persónueininga samtals 48.000, norðan og sunnan ár. Tafla 6 í viðauka sýnir fjölda persónueininga eins og hann reiknast fyrir hverja sýnatoku úr brunnum S19 og SS. Línurit 3 sýnir sömu gögn. Fjöldi persónueininga sunnan ár er ráðandi um heildarfjölda persónueininga.



Línurit 3. Reiknaður fjöldi persónueininga frá 2014, ræsi norðan og sunnan Ölfusári.

2.3 Ölfusá

2.3.1 Rennsli og vatnshiti Ölfusár

Vegna krapa í Ölfusá fíll sýnataka í ánnni niður í janúar 2019. Rennsli árinnar var á bilinu 342 til 382 m³/s og vatnshiti um 0,5°C (skv. óyfirförum gögnum frá VÍ, V064). Meðalrennsli Ölfusár við Selfoss er 384 m³/s [2].

2.3.2 Sjón- og lyktarmengun við útrásir fráveitukerfis til Ölfusár

Í töflu 3 má finna niðurstöður um almenn áhrif útrása fráveitukerfis á viðtakann, Ölfusá.

Tafla 3. Almenn áhrif útrása fráveitukerfis á Selfossi á Ölfusá 28. -29.1.2019.



Almenn áhrif útrása	Útrás við norðurbakka, SS	Aðalútrás ofan Geitaness, sniðræsi
Set eða útfellingar	Ekki sjáanlegt	Ekki sjáanlegt
Pekjur af rotverum	Ekki sjáanlegar	Ekki sjáanlegar
Olía eða froða	Ekki sjáanlegt	Fita og olía sjáanleg
Fast efni	Ekki sjáanlegt	Sjáanlegt
Lyktarmengun	Ekki merkjanleg	Merkjanleg
Sjónmengun	Blóðrautt við útrás (þegar vinnsla í gangi)	Ljós litur fráveituvatns og fast efni

2.4 Grunnvatnshæð á Selfossi

Grunnvatnshæð við Fossheiði 28 var um 13,66 m y.s. (í Selfosskerfi), aðeins yfir meðallagi miðað við fyrrí sýnatökur. Síriti var settur í holuna og skráir hann vatnsdýpi á 15 mínútna fresti. Á línuriti 4 má sjá að grunnvatnshæð hélst jöfn yfir sýnatökuna.

Á línuriti 5 má sjá samband grunnvatnshæðar við Fossheiði og tilsvarandi sólarhringsmeðalrennslis í sniðræsinu. Mæling í janúar 2019 er auðkennd með rauðum punkti en fyrrí mælingar með bláum punktum. Svört punktalína sýnir bestu línu gegnum punktasafnið. Ágæt fylgni virðist ríkja milli grunnvatnshæðar og rennslis í ræsinu, sem bendir til þess, að írennslu grunnvatns sé verulegt og að það hafi marktæk áhrif á rennslu í fráveitukerfinu.

Í töflu 7 í viðauka má skoða handmælingar á grunnvatnshæð sem gerðar hafa verið samhliða sýnatökum frá árinu 2014.



Heimildir

- [1] Henze M., Harremoes P., la Cour Jenssen J., Arvin E., „Wastewater treatment – biological and chemical processes“, Third edition. 2002. Springer-Verlag Berlin Heidelberg, New York. ISBN 3-540-42228-5
- [2] Veðurstofa Íslands. 2017: Gagnabanki Veðurstofu Íslands, afgreiðsla nr. 2017-09-25/01.
- [3] Mannvit, nóvember 2008. „Rennsli í fráveitu Selfoss - Rennsli í sniðræsi við Þóristún og Fossheiðarræsi“. Skýrsla MV-2008-104.

Viðauki A

Í viðauka má finna eftirfarandi:

Mynd 2 Mælistaðir sýnatöku 28.-29. janúar 2019 merktir inn á kort.

Tafla 4 og tafla 5 Niðurstöður allra sýnataka frá því að kerfisbundin vöktun hófst í júní 2014.

Athugasemdir:

* Rennsli áætlað hluta úr sýnatöku vegna truflunar.

** Í júní og ágúst 2014 er hlutfall BOD5/COD stærra en 1 en þar sem BOD5 er lífrænt niðurbrjótanlegi hlutinn af heildarsúrefnispörf, COD, ætti hlutfallið alltaf að vera undir 1. Álitið er að aCOD mæling hafi misfarist í viðkomandi sýnum. Gildi eru ekki inni í meðalhlutfalli.

Tafla 6 Fjöldi persónueininga í S19 og SS reiknaður út frá rennsli og BOD5 í sýnatökum frá 5. júní 2014.

Tafla 7 Niðurstöður mælinga á grunnvatnshæð. Mælingarnar fara fram í rannsóknarholum við Skeiðvöll, Gesthús og Fossheiði 28. Holurnar voru boraðar í tengslum við rennslismælingar í fráveitukerfinu árið 2007 [3].



Mynd 3. Sýnatökustaðir 28.- 29. janúar 2019 og niðurstöður grunnvatns- og gerlamælinga.

Tölur aftan við auðkenni SS og S19 merkja: fjöldi saurkólígerla í 100 ml / fjöldi saurkokka í 100 ml

Tafla 4. Niðurstöður sýnatöku úr brunni S19 á sniðræsi.

Sýnatökur	Dagsetning sýnatöku Upphafstími sýnatöku, 24 sýni á 1 klst. fresti meðaltal	Rennslismælingar		Niðurstöður efna- og örverugreininga							Reiknaðar stærðir fyrir brunn S19			
		Meðalrennssi á tímabili sýnatöku (l/s)	Meðalvætnshiti á tímabili sýnatöku (°C)	Fj. saurkólerla/100 ml sólahr.meðaltal	Fj. saurkokka/100 ml sólahr.meðaltal	Liffræðileg súrefnisþörf BOD ₅ (mg O ₂ /l)	Efnaræðileg súrefnisþörf COD (mg O ₂ /l)	Svifagnir (mg/l)	Sýrustig (pH)	Rafleidni (ms/cm)	Basavirkni (mmol/ H ⁺)	BOD ₅ /COD	Fj. P.E. út frá magni BOD ₅ (60 g BOD ₅ /dag/PE)	Athugasemdir
	meðaltal	194	16	181.000	63.000	177	364	95	6,0	516	1,3	0,46	42.000	**
2019	28.1.2019 11:00	202	18	170.000	55.000	175	329	77	5,7	740	1,1	0,53	50.800	
2018	22.10.2018 11:00	278	14	170.000	55.000	35	106	50	6,2	460	1,6	0,33	14.000	
	27.8.2018 11:00	147	18	580.000	90.000	314	475	148	5,4	500	1,9	0,66	66.500	
	23.4.2018 11:00	138	16	520.000	84.000	170	293	126	6,9	490	1,6	0,58	33.800	
	8.1.2018 11:00	270	14	240.000	28.000	93	188	53	6,5	730	0,9	0,49	36.200	
2017	4.9.2017 11:00	145	18	440.000	170.000	391	611	226	5,5	460	0,7	0,64	81.600	
	8.5.2017 11:00	178	14	200.000	25.000	214	405	154	6,2	480	1,8	0,53	54.900	
	27.2.2017 11:00	286	15	110.000	170.000	267	494	89	5,6	520	0,9	0,54	110.000	
2016	17.10.2016 11:00	334	13	49.000	15.000	66	119	32	6,3	420	1,3	0,55	31.700	
	22.8.2016 11:00	91	20	8.100	120.000	483	807	127	5,8	630	0,5	0,60	63.300	*
	23.5.2016 11:00	123	19	26.000	54.000	289	860	130	5,9	630	1,4	0,34	51.200	*
	4.4.2016 13:00	223	14	49.000	100.000	120	245	51	6	490	1,2	0,49	38.500	
2015	26.11.2015 10:00	253	15	40.000	33.000	32	191	45	5,7	490	1,2	0,17	11.700	*
	18.8.2015 10:00	123	18	3.200	57.000	124	383	77	5,6	490	1,8	0,32	22.000	
	23.6.2015 11:00	114	16	140.000	44.000	130	419	78	6	520	2,2	0,31	21.300	*
	26.3.2015 12:00	305	12	31.000	22.000	13	126	32	6,6	390	1,1	0,10	5.700	
2014	18.12.2014 13:00	111	18	148.000	23.000	90	141	87	6,6	390	1,7	0,64	14.400	
	28.8.2014 14:00	97	17	400.000	17.000	534	71	172	4,9	630	<0,05	7,56	74.600	**
	5.6.2014 15:00	266	-	120.000	29.000	97	77	53	6,2	350	1,2	1,27	37.200	**

Tafla 5. Niðurstöður sýnatöku úr brunni „SS“ norðan ár.

Sýnatökur	Dagsetning sýnatöku Upphafstími sýnatöku, 24 síni á 1 klst. fresti	Rennslismælingar		Niðurstöður efna- og örverugreininga							Reiknaðar stærðir fyrir brunn SS			
		Meðalrennslí á tímabili sýnatöku [l/s]	Meðalvatnshiti á tímabili sýnatöku (°C)	Fj. Saurkölgerla/100 ml sólarh.meðaltal	Fj. saurkokka/100 ml sólarh.meðaltal	Liffræðileg súrefnisþörf BODS (mg O ₂ /l)	Efnafræðileg súrefnisþörf COD (mg O ₂ /l)	Svifagnir (mg/l)	Sýrustig (pH)	Rafleiðni (ms/cm)	Basavirkni (mmol/l H ⁺)	BOD ₅ /COD	Fj. P.E. út frá magni BOD ₅ [60 g BODS/dag/PE]	Athugasemdir
	meðaltal	16	15	257.000	33.000	213	511	104	6,9	723	2,5	0,38	4.800	**
2019	28.1.2019 11:15	7	20	4.800	52.000	187	400	78	6,7	1.060	1,6	0,47	2.000	
	22.10.2018 11:15	21	17	1.100.000	110.000	462	956	199	6,5	830	3,7	0,48	14.000	*
	27.8.2018 11:15	9	14	430.000	66.000	191	436	70	6,7	360	5,5	0,44	2.500	*
	23.4.2018 11:15	15	15	550.000	19.000	139	327	75	7,3	410	1,9	0,43	3.000	
	8.1.2018 11:15	17	15	52.000	13.000	86	193	67	7,1	740	1,1	0,45	2.100	
2017	4.9.2017 11:15	10	15	110.000	20.000	186	332	119	6,5	380	1,4	0,56	2.700	
	8.5.2017 11:15	16	14	52.000	49.000	238	640	149	6,9	580	3,7	0,37	5.400	
	27.2.2017 11:10	12	14	33.000	7.300	91	312	59	5,6	730	1,5	0,29	1.600	
2016	17.10.2016 11:15	24	15	700.000	42.000	346	842	191	8,2	910	3,1	0,41	12.000	
	22.8.2016 11:15	21	17	210.000	49.000	352	1061	107	7,5	710	4,5	0,33	10.600	*
	23.5.2016 11:15	8,8	16	26.000	6.400	285	997	68	6,7	640	1,7	0,29	3.600	
	4.4.2016 13:15	8,5	16	38.000	20.000	180	329	43	6,8	570	1,7	0,55	2.200	
2015	26.11.2015 10:15	48	15	130.000	17.000	52	308	54	6,6	850	1,7	0,17	3.600	
	18.8.2015 10:15	6	15	460.000	17.000	205	414	81	6,6	980	2,1	0,50	1.700	
	23.6.2015 10:30	11	14	17.000	59.000	190	867	138	6,7	930	4,0	0,22	3.000	
	26.3.2015 10:15	17	12	22.000	12.000	112	453	101	7	760	1,2	0,25	2.700	
2014	18.12.2014 10:15	11	17	49.000	19.000	44	287	66	7,7	380	1,6	0,15	700	
	28.8.2014 10:15	18	16	853.000	42.100	680	132	250	7,5	1.460	3,4	5,14	17.600	**
	5.6.2014 10:30	27	-	43.000	12.000	28	52	63	7,1	450	1,4	0,54	1.100	

Tafla 6. Fjöldi persónueininga í S19 og SS reiknaður út frá rennsli og BODs í sýnatökum frá 5. júní 2014.

Dagsetning	Fjöldi PE, S19	Fjöldi PE, SS	Samtals	Ár	Meðaltal
Meðaltal frá 2014	43.000	4.800	48.000		
28.1.2019	50.800	2.000	53.000	2019	-
22.10.2018	14.000	14.000	28.000		
27.8.2018	66.500	2.500	69.000	2018	43.000
23.4.2018	33.800	3.000	37.000		
8.1.2018	36.200	2.100	38.000		
4.9.2017	81.600	2.700	84.000		
8.5.2017	54.900	5.400	60.000	2017	85.000
27.2.2017	110.000	1.600	112.000		
17.10.2016	31.700	12.000	44.000		
22.8.2016	63.300	10.600	74.000	2016	54.000
23.5.2016	51.200	3.600	55.000		
4.4.2016	38.500	2.200	41.000		
26.11.2015	11.700	3.600	15.000		
18.8.2015	22.000	1.700	24.000	2015	18.000
23.6.2015	21.300	3.000	24.000		
26.3.2015	5.700	2.700	8.000		
18.12.2014	14.400	700	15.000		
28.8.2014	74.600	17.600	92.000	2014	48.000
5.6.2014	37.200	1.100	38.000		

Tafla 7. Mælingar á grunnvatnshæð á Selfossi og meðalrennsli í brunni S18.

Dagsetning kl.	Skeiðvöllur (m y.s.)	Gesthús (m y.s.)	Fossheiði (m y.s.)	Meðalrennsli í S18 (l/s)
29.1.2019 10:32	-	-	13,66	202
23.10.2018 11:24	18,62	þurr	13,79	278
28.8.2018 11:39	þurr	þurr	13,49	147
23.4.2018 11:15	17,95	þurr	13,59	138
8.1.2018 12:44	18,03	þurr	13,63	209*
4.9.2017 12:09	17,60	þurr	13,44	145
8.5.2017 17:00	18,49	16,37	13,69	178
27.2.2017 13:15	18,72	16,48	13,78	286
18.10.2016 09:45	18,87	16,52	13,80	334
23.8.2016 09:36	þurr	þurr	13,40	91
23.5.2016 09:40	17,61	þurr	13,47	123
5.4.2016 11:25	18,40	16,30	13,67	223
26.11.2015 14:40	18,39	16,29	13,67	253
18.8.2015 12:40	-	þurr	-	123
23.6.2015 17:45	-	þurr	-	114
26.3.2015 11:41	-	16,48	-	305
19.12.2014 11:50	-	16,19	-	111

*8.1.2018 meðalrennsli fram til kl. 22, þá jókst rennsli vegna úrkomu.



Rannsóknaniðurstöður

Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur

Skýrsla nr.: 4318-19
Gerð sýnis: Frárennsli
Dags. beiðni: 29.1.2019
Dags. rannsóknar: 29.1.2019
Sýnataka: Mannvit hf.
Tengiliður: Sverrir Óskar Elefsen
Starfsstöð : Mannvit hf. - Urðarhvarfi 6

Hitastig við móttöku <10°C

Sýni nr.	Mæling	Niðurstöður	Mælieining	Aðferð
19-1840	Vatnssýni - Árborg S19, sýni tekin á klst fresti í 24 klst. frá 28.01.2019 kl: 11:00 - 29.01.2019 kl: 10:00			
	Saurkólígerlar	170.000	/ 100 ml	ISO 9308-2:2012 MPN Quanti tray
	Saurkokkar	55.000	/ 100 ml	Quanti tray 2000
19-1841	Vatnssýni - Árborg SS, sýni tekin á klst fresti í 24 klst. frá 28.01.2019 kl: 11:15 - 29.01.2019 kl: 10:15			
	Saurkólígerlar	4.800	/ 100 ml	ISO 9308-2:2012 MPN Quanti tray
	Saurkokkar	52.000	/ 100 ml	Quanti tray 2000

Kópavogur, 31.1.2019

Þetta er prófunarskýrsla sem hefur verið yfirfarin og samþykkt á rafrænan hátt. Skýrslan er gild án undirskriftar

Harpa Hlynsdóttir
Matvælafræðingur

Niðurstöður eiga einungis við um það sýni sem mælt var. Upplýsingar um næmni aðferða má finna á www.syni.is. Óheimilt er að afrita prófunarskýrslur nema í heilu lagi ef ekki liggur fyrir skriflegt samþykki frá Sýni ehf. <1 = Ekki greinanlegt.



Rannsóknaniðurstöður

Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur

Skýrsla nr.: 4325-19
Gerð sýnis: Frárennsli
Dags. beiðni: 29/01/2019
Dags. rannsóknar: 31/01/2019
Sýnataka: Mannvit hf.
Tengiliður: Sverrir Óskar Elefsen
Starfsstöð : Mannvit hf. - Urðarhvarfi 6

Sýni nr.	Mæling	Niðurstöður	Mælieining	Aðferð
19-1850	SS			
	BOD5	187	mg/L	
	COD	400	mg/L	HACH UV-aðferð
	Svifagnir	78	mg/L	Standard methods 2540 D
	pH	6,7		
	Rafleiðni	1060	µs/cm @ 21,3° C	
	Basavirkni	1,6	mmol/L H+	
19-1851	S19			
	BOD5	175	mg/L	
	COD	329	mg/L	HACH UV-aðferð
	Svifagnir	77	mg/L	Standard methods 2540 D
	pH	5,7		
	Rafleiðni	740	µs/cm @ 21,3° C	
	Basavirkni	1,1	mmol/L H+	

Kópavogur, 12/02/2019

Þetta er þróunarskýrsla sem hefur verið yfirfarin og samþykkt á rafrænan hátt. Skýrslan er gild án undirskriftar

Margrét Skúladóttir
Líffræðingur

Niðurstöður eiga einungis við um það sýni sem mælt var. Upplýsingar um næmni aðferða má finna á www.syni.is. Óheimilt er að afrita þróunarskýrslur nema í heilu lagi ef ekki liggur fyrir skriflegt samþykki frá Sýni ehf. <1 = Ekki greinanlegt.

**VIÐAUKI G UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU
FYRIR HREINSISTÖÐ FRÁVEITU Á SELFOSSI**



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 11. mars 2020
Tilv. 2020-01-23-0103

Efni: Varðar frummatsskýrslu vegna hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi

Í brefi dagsettu 15. janúar leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna byggingar hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að Hafrannsóknastofnun telji að tilfærsla á útrás og hreinsun skólps geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar. Bætt vatnsgæði eru einnig talin hafa jákvæð áhrif á áhuga fólks til að stunda veiðar og nýta fisk úr ánni. Framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti, þ.e. gróðurfar, fuglalíf, fornleifar og sjónræn áhrif. „*Hafrannsóknastofnun telur jafnframt að losun á hreinsuðu skólpi um útrás í meginál árinnar myndi líklega bæta skilyrði fyrir göngu laxfiska upp Ölfusá frá því sem nú er, þar sem fiskur notar lyktarskynið við rötun og gengur oft upp með bökkum áa.*“ (bls. 63)

Í kafla 5.2.1.3 er tíandað hvaða lög liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum (bls. 58). Rétt væri að taka mið af lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, jafnframt þeim sem upp eru talin.

Fiskistofa telur að fjallað hafi verið um fyrirhugaða framkvæmd á fullnægjandi hátt og telur stofnunin fyrirliggjandi upplýsingar og greining vera góðan grundvöll til að meta þá kosti sem til umfjöllunar eru fyrir tilhögun hreinsunar á frárennsli. Jafnframt því mun vöktun á vatnsgæðum, sem áfram verður sinnt af framkvæmdaaðila, gefa færi á því að gera úrbætur ef þörf verður á því.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík, 19.02.2020
Tilvísun: 201910003/3.3
MFRI: 2020-01-0030

Efni: Frummatsskýrsla um hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna frummatsskýrslu um hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Óskað er eftir að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, til þess að vernda almenning og umhverfi gegn mengun af völdum fráveitu.

Mat á umhverfisáhrifum felst í að spá fyrir um og leggja vægi á möguleg áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfi sitt, með tilliti til hvernig og hversu mikið hún mun mögulega breyta grunnástandi.

Aðalvalkostur framkvæmdarinnar felst í að byggja tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá. Aðrir valkostir eru: Eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá, ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá, grófhreinsun skólps með útrás í sjó og svo núllkostur sem miðast við óbreytt ástand þar sem skólpi verði áfram veitt að mestu leyti óhreinsuðu í Ölfusá. Aðalvalkostur var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta. Sökum mikils kostnaðar við uppbyggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar er gert ráð fyrir að áfangaskipta framkvæmdinni. Í fyrri áfanga yrði komið á eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í seinni áfanga. Framkvæmdaraðili hyggst UV-geisla frárennsli til að minnka gerlamengun.

Ölfusá er frjósom á með mjög fjölbreyttu lífríki þrátt fyrir að vera jökulskotin. Á vatnasviði Ölfusár lifa allar tegundir laxfiska sem finnast í fersku vatni hér á landi. Lax er ríkjandi tegund en jafnframt er þar að finna urriða og bleikju. Mjög mikilvæg veiðinýting silungs og lax er á svæðinu, bæði á stöng og í net. Laxastofnar á vatnasviðinu hafa umtalsverða þýðingu á landsvísu. Árið 2010 nam veiðin á svæðinu um 18% af allri laxveiði í náttúrulegum ám landsins.

Aðalvalkostur að viðbættri UV-geislun ætti auk almennrar hreinsunar að draga úr framburði á örplasti ($> 500 \mu\text{m}$) og fækka saurgerlum sem í ána berast. Því ber að fagna en jafnframt vill Hafrannsóknastofnun benda á að mikilvægt er að fylgjast með virkni hreinsunar þannig að búnaður virki eins og til er ætlast. Þetta er hluti af vöktun vegna framkvæmdarinnar og er afar mikilvægt bæði fyrir lífríki árinnar og veiðinýtingu hennar.

Hafrannsóknastofnun tekur undir það sem fram kemur í frummattskýrlunni að áhrif losunar í sjó á lífríki yrðu líklega takmörkuð og að mestu bundin við næsta nágrenni útrásarinnar. Valkosturinn er talinn hafa takmörkuð áhrif á lífríki og því væri ekki úr vegi að skoða þann kost frekar og velta upp fleiri stöðum fyrir útrás í sjó. Ljóst er að með flutningi skólplosins í sjó hefur skólplosunin ekki áhrif á lífríki Ölfusár eða veiðinytjar þar. Hinsvegar gætu áhrif orðið á lífríki fjöru eða neðan hennar.

Þá vill Hafrannsóknastofnun benda á nauðsyn þess að hugað verði frekar að hreinsun fráveituvatns frá ísbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan árinnar. Gildir það ekki síst fyrir starfsemi Sláturfélags Suðurlands, enda mikil lífræn mengun sem þar fer í ána, einkum þegar sláturtíð stendur yfir.

Fram kemur að hönnun hreinsistöðvarinnar gerir ráð fyrir meira en 100.000 persónueiningum í afköstum. Mælingar hafa hinsvegar sýnt að persónueiningar frárennslis sunnan árinnar hafa farið yfir þessa fyrirhuguðu afkastagetu. Mikill vöxtur hefur verið í byggð á Selfossi og nágrenni. Með vaxandi byggð og atvinnustarfsami mun skólpagn aukast enn frekar. Gert er ráð fyrir að matvælafyrirtæki hreinsi sitt frárennli sérstaklega. Ef hreinsun verður ekki komin á hjá matvælafyrirtækjunum mun álag aukast á fyrirhugaða hreinsistöð, en taka skal tillit til þessa við hönnun nýju hreinsistöðvarinnar.

Fyrirhugað er að leggja útrásina frá hreinsistöðinni við Geitanes út í Ölfusá. Hafrannsóknastofnun bendir á mikilvægi þess að útrásin verði lögð nægilega langt út í ána til að blöndun fráveituvatns við árvatnið verði sem mest.

Í frummattskýrslu er réttilega sagt að Hafrannsóknastofnun telji að tilfærsla á útrás og hreinsun skólp geti haft jákvæð áhrif á gönguskilyrði laxa upp Ölfusá og veiðihagsmuni neðan núverandi útrásar.

Í frummattskýrslunni er dregin sú ályktun að eins þreps hreinsun hafi nokkuð sambærileg áhrif á lífríkið og aðalvalkostur (sjá umfjöllun í kafla 5.2.3.1), og að ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun hafi nokkuð sambærileg áhrif á lífríki viðtaka og aðalvalkostur (sjá umfjöllun kafla 5.2.3.1). Hafrannsóknastofnun tekur ekki undir þessa ályktun. Það er ljóst að hreinsun skólp áður en því er dælt í Ölfusá myndi bæta ástand lífríkis í viðtakanum til muna frá því sem nú er, hvort sem um væri að ræða eins þreps, tveggja þrepa eða ítarlegari en tveggja þrepa hreinsun. Hins vegar eru áhrifin af mismunandi hreinsun eru ekki sambærileg þar sem eins og tveggja þrepa hreinsun mun

einungis minnka áhrif af lífrænu efni sem eru á föstu formi en ekki áhrif af lífrænu efni sem er uppleyst í fráveituvatninu. Ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hefur hins vegar áhrif á uppleyst efni í fráveituvatninu.

Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili muni standa að áframhaldandi vöktun vatnsgæða í Ölfusá. Hafrannsóknastofnun bendir á að einnig þurfi að vakta lífríki árinnar og veiðinytjar. Eins og fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, er mikilvægt að fylgjast með framvindu lífríkis, efnastyrk, gerlamengun, veiðiþróun og aðstæðum til veiðinýtingar eftir að framkvæmdum líkur.

Annað:

Á mynd 5-29 er eftirfarandi texti: „Staðsetning helstu laxveiðisvæða á vatnasvæði Ölfusár“. Hér gætir ónákvæmni, hér er um að ræða helstu laxveiðisvæði í Ölfusá. Fram kemur á myndinni að veiði sé ekki stunduð á Selfossi gegn greiðslu, svo er ekki lengur.

Athuga hvort örnefnið Sandvik eigi ekki að vera Sandvík.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

jakob@skipulag.is

Selfossi, 14. febrúar 2020
2002038HS SG

Efni: Hreinsistöð fráveitu Selfossi - Umsögn um frummatsskýrslu

Þann 18. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, dags. 15. janúar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðar hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi.

Aðalvalkostur Sveitarfélagsins Árborgar felst í byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar við Sandvík með útrás í Ölfusá. Byggt verði 5-700 m² hús úr bentri steinsteypu með um 5 m loftihæð. Skólp verði hreinsað með vélrænni síun. Hönnun miðast við að hún geti tekið við öllu skólpi á Selfossi. Reiknað er með að áfangaskipta framkvæmdinni þannig að í fyrrí áfanga verði komið á eins þreps hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í síðari áfanga. Með áfangaskiptingunni megi hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á hreinsun skólps.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda frummatsskýrslu og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að skýrslan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir skólpþreinsistöðvum, útrásardælustöðvum og fráveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 8.1 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig veitir embættið, eftir því sem við á, starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2020
MÍ202001-0044 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 15. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi. Í frummatsskýrslu er fjallað um fjóra valkosti framkvæmdarinnar og lagt mat á umhverfisáhrif hvers fyrir sig. Valkostirnir eru eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá, tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá, ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá og grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrabakkahöfn. Aðalvalkostur Sveitarfélagsins Árborgar er að byggja tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.9 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram skráði Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fyrir liggur skýrsila Margrétar: *Fornleifikönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og tillögur um fráveitulagnir.*

Í fornleifaskráningarskýrslu segir að engar minjar hafi fundist þar sem gert er ráð fyrir að hreinsistöðvarhúsíð risi á bökkum Ölfusár. Þegar skráningin fór fram var fyrirhugað að leggja lögn frá hreinsistöðinni út í Ölfusá ofan í gamla götu, Áargötu (1997-001). Áargata lá frá Sandvík um vað á Langafljóti austanverðu og upp heiði. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að gatan sé mjög greinileg þar sem hún liggi neðan við Geitanes. Lögnin hefði raskað gömlu götunni á 200 metra kafla. Í frummatsskýrslu kemur fram að útrásarlögninni hafi verið hliðrað til eftir að fornleifaskráningin lá fyrir og muni hún liggja norðan við Áargötuna. Gatan sé að hluta innan afmarkaðs byggingarreits fyrir hreinsistöðina en þar sem hún verði byggð nyrst á reitnum ætti að vera unnt að komast hjá því að raska Áargötunni. Minjastofnun Íslands telur að merkja burfi Áargötu með áberandi hætti þar sem framkvæmdir verða nærrí henni til að koma í veg fyrir að gatan raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Gert er ráð fyrir að allir valkostirnir þrír sem gera ráð fyrir útrás í Ölfusá noti sama hreinsistöðvarhús og útrásarlögn í sömu legu óháð því hver af þessum valkostum yrði fyrir valinu. Þeir hafa því allir sömu áhrif á fornleifar, þ.e.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnstýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málს óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal berá fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

einungis á Áargötu, sem í öllum tilfellum þyrfti að taka tillit til á meðan á framkvæmdum stæði, sbr. hér að ofan.

Útrás í sjó við Eyrabakkahöfn. Í skoðun er einnig að leggja útrásarlögn frá hreinsistöðvarhúsini á bökkum Ölfusár meðfram Eyrarbakkavegi og út í sjó við Eyrarbakkahöfn. Sú leið myndi liggja suður fyrir flugvöll að Eyrarbakkavegi og með honum vestanverðum að Hafnarbrú sem er vestasti afleggjarinn á Eyrarbakka.

Í frummatsskýrslu eru engar loftmyndir eða kort sem sýna útlínur og staðsetningu fornleifa í samhengi við umfang athafnasvæðis framkvæmdarinnar. Í umsögn um tillögu að matsáetlun, dags. 16.01.2019, minnti Minjastofnun á mikilvægi þess að staðsetning og útlínur skráðra fornleifa yrðu sýndar á korti eða loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja í frummatsskýrslu. Slík framsetning myndi auðvelda mat á umfangi einstakra fornleifa og áhrifum framkvæmdarinnar á þær. Framkvæmdasvæðið er sýnt á loftmyndum í fornleifaskráningarskýrslu en í mjög stórum skala. Ef vel er að gáð má greina staðsetningu fornleifanna á loftmyndunum sem örlitla punkta.

Á og í nágrenni lagnaleiðar sem liggur til sjávar á Eyrarbakka fundust fimm fornleifar sem taka þarf tillit til sbr. eftirfarandi umfjöllun. Skáletraður texti eru úr fornleifaskráningarskýrslu:

Flóáárveita (1997-002). *Hafist var handa við Flóááveituna árið 1922. Flóááveitan var stórvirki og að miklu leyti unnin með handafli einu saman. Grafa gróf aðalskurðálmuna, stóra skurðinn uppi við flóðgátt. Annað var grafið með höndum og því þurfti mikinn mannafla til verksins. Aðbúnaður vinnumanna var ekki góður. Verkamennirnir, sem margir voru bændur eða búalið af svæðinu, þurftu jafnvel að ganga langar leiðir til að komast á vinnusvæðið, hafast við í tjöldum og vinna síðan myrkvanna á milli... Á Sandvíkurheiði er stór skurður frá Flóááveitunni. Skurðurinn er 1,3 km og er farinn að fyllast og gróa upp. Í frummatsskýrslu segir að útrásarlögnin muni þvera skurð frá Flóáárveitunni á tveimur stöðum. Framkvæmdin muni spilla skurðinum á þverunarstöðnum en með því að endurnýja svarðlag ætti að vera unnt að gang þannig frá svæðinu að ummerki um raskið verði að mestu horfin innan fárra ára. Minjastofnun Íslands telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

Strokkhóll (1997-003). *Alveg við þjóðveginn þar sem beygt er af honum niður Kaldáðarnes er klettur sem kallast Strokkhóll. Í örnefnaskrá segir: „Í miðjum Vellinum við vegamótin er Strokkhóll huldufólkshóll. Í honum á að hafa heyrst strokkhljóð. Í lagi er hann ekki ósvipaður kirkju með tveim turnum og er sá eystri hærri. Þar er einkar gott sæti, þar sem álfarnir sitja. Dyrnar snúa móti austri og er þar djúp klettaglufa.“... Hóllinn er hraunhóll sem er nokkuð gróinn. Hann er ílangur um 5 x 3 m og stendur hæst um 1,5 m. Enginn merki manna er á hólnum sem er náttúrusmíð. Ekki var hægt að sannreyna að Álfar byggju enn í hólum. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra lögninni ætti að vera hægt að komast hjá því að raska hólnum. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist hólsins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.*

Mógrafir (1997-004). Um 1 km norður af gatnamótum Eyrarbakka og Stokkseyrarvegar liggur Eyrarbakkavegur í gegnum svæði þar sem mikið er af uppgrónum gömlum mógröfum. Sunnan megin við veginn heitir Hraunsmýri en norðan er Háeyrarmýri. Lögnin er í Háeyrarmýri... Líklegt er að lögnin fari ekki yfir mógrafir en flestar þeirra eru sunnan megin við bjóðveginn. Mógrafrnar eru margar og mjög grónar, þær eru mjög óreglulegar. Í frummatsskýrslu segir að framkvæmdin kunni að raska einhverri mógröf. Minjastofnun Íslands telur skráningu mógrafanna fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Ungmennafélagsstykkið (1997-005). Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „Við mörk jarðanna í Óseyrarlandi fram við sjóvarnargarð er svonefnt Ungmennafélagsstykki, er það gerði um hektari að stærð, var hlaðið umhverfis það grjótgardur af gömlu ungmennafélögnum um 1910, þar er fyrst sáð melgresi í sandinn, sem þá var gróðurlaus með öllu en síðan grær hann meira og meira upp“... Gerðið er um hektari af stærð og með grjóthlöðum veggjum sem eru mikið grónir og mikill sandur hefur hlaðist upp af þeim. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að tvær leiðir hafi verið skoðaðar varðandi legu lagnarinnar niður að sjó við Eyrarbakka. Önnur fari meðfram götunni Hafnarbrú sem er vestasti afleggjarinn inn á Eyrarbakka. Hin leiðin fer aðeins vestar og fer yfir sandgræðsluna þar sem Sandgræðslan hóf ræktun á upphafsárum sínum. Þar fer lögnin mjög nærrí grjóthlöðnu gerði, Ungmennafélagsstykkinu. Seinni valkosturinn virðist ekki lengur til skoðunar, sbr. mynd 3-1 í frummatsskýrslu og því mun Ungmennafélagsstykkinu ekki stafa hætta af framkvæmdum við útrásarlögnina út í sjó á Eyrarbakka.

Sjóvarnargarður (1997-006). Rétt aftan við iðnaðarhúsnaðið á Búðarstíg 23 sem er stórt hús við gömlu bryggjuna er grjóthlaðinn garður. Þetta eru leifar af gömlum sjóvarnargarði. Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „með allri strandlengju Eyrarbakkahrepps er hlaðinn garður sem nefndur er sjóvarnargarður. Sá sem fyrst hreyfði því máli var danskur verslunarstjóri D.C: Petersen um 1785 en lítið mun hafa verði gert fyrr en eftir flóðið mikla 1799 [Básendaflóð], er Lambertsen kaupmaður létt hlaða grjótgard með trjávirki fyrir íbúðarhús og verslunarhús lengi er það eini varnargarðurinn. Þó hefur sá garður verið lengdur til austurs um 150 metra árið 1840. Síðan eru ýmsir kaflar hans hlaðnir upp og koma þá helst við sögu Einar Jónsson borgari, Þorleifur ríki Kolbeinsson og Guðmundur Ísleifsson. Sjóvarnargarðurinn er víðast 5-10 feta háð og þykkur að því skapi, að honum hefur hlaðist mikið af sandi sem er honum til styrktar. Enginn veit nú hve miklu sjóvarnargarðurinn hefur bjargað en öryggi íbúa á ströndinni er allt annað síðan hann kom, tekið hefur fyrir landbrotið og grær það upp er áður var í auðn og sandi.“... Garðurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á breidd á þessu svæði. Þetta er hluti af elsta sjóvarnargarði á Eyrarbakka hann nær frá götunni sem liggur niður á bryggju og aftan við húsið þar er þvergarður sem er mikið hærri og síðari tíma viðbót. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra lögninni til vesturs megi komast hjá því að raska garðinum. Minjastofnun Íslands telur mikilvægt að ráðist verði í þá mótvægisáðgerð.


Í kafla 3.4.4 í frummatsskýrslu er fjallað um vegagerð í tengslum við framkvæmdir við útrásarlögnina. Þörf er á um 300 m löngum slóða að útrásarstað við Geitanes til þess að geta lagt lögning og borað útrás í Ölfusá. Þá er


börf á slóðagerð á stöku stað neðan Tjarnarbyggðar í tengslum við lagninu lagna niður að Eyrarbakka. Loks gæti þurft að leggja slóða vegna flutninga á grjóti fyrir grjótvörn útrásarstöð við Eyrarbakka. Minjastofnun minnir á nauðsyn þess að tekið verði tillit til fornleifa við alla slóðagerð sem fara þarf í vegna framkvæmdarinnar.

Minjastofnun leggst ekki gegn neinum af þeim valkostum sem til skoðunar eru varðandi byggingu hreinsistöðvar og staðsetningu útrásarlagna í Sveitarfélaginu Árborg að því gefnu að tekið verði tillit til karfna stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir sem fram koma í þessari umsögn.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skilt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfullst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Jón Águst Jónsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: fimmtudagur, 20. febrúar 2020 09:50
To: Jón Águst Jónsson
Subject: FW: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, frummatsskýrsla

Hér er umsögn Ní kominin

<kveðja

Jakob Gunnarsson
Sérfraðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Sent: 20 February 2020 09:36
To: Jón Þórir Þorvaldsson <jon@skipulag.is>
Subject: Fw: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, frummatsskýrsla

Frá: Trausti Baldursson

Til: Jakob Gunnarsson, skipulag@skipulag.is

Sent: 19.2.2020 10:54:15

Efni: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 15. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrluna. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eðli og umfangi framkvæmdarinnar og náttúrufari á framkvæmdasvæðinu, auk þess sem fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, allir valkostir, hefur þegar verið raskað að einhverju marki, telur Náttúrufræðistofnun að gerð sé fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar í frummatsskýrlunni. Helstu óvissupættir snúa að mengun en þar á að vera hægt að bregðast við með ákvörðunum sem snúa að mengunarvörnum s.s. hreinsun skólps og hönnun lagna o.s.frv. Með tilliti til langtímaáhrifa og m.t.t. svæðisins í heild telur Náttúrufræðistofnun að fráveita í sjó sé líklega besti kosturinn ekki síst ef hægt er að leysa fráveitumál Eyrarbakka og Stokkseyri um leið hvort sem framkvæmdinni er áfangaskipt eða ekki.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is

Selfossi, 13. mars 2020
1703281

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Skipulagsstofnun hefur sent Sveitarfélaginu Árborg ofangreinda frummatsskýrslu til umsagnar skv. 10. gr laga um mat á umhverfisáhrifum og í samræmi við 24. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Í skýrslunni er valkostagreiningu fyrirhugaðrar framkvæmdar lýst, með tilliti til umhverfis og áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið. Þá lýsir skýrslan mótvægisáðgerðum gegn ætluðum umhverfisáhrifum og áætlun um vöktun á þeim. Þá eru valkostirnir bornir saman og ályktun lögð fram um niðurstöðu.

Sveitarfélagið Árborg veitir jákvæða umsögn um skýrsluna.

Virðingarfallst,

Sigurður Andrés Þorvarðarson
skipulagsfulltrúi

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2020
UST202001-347/S.A.J.
08.15

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Frummatsskýrsla- hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveituvatn við Sandvík, norðan við flugvöllinn á Selfossi.

Valkostir

Fram kemur í skýrslunni að aðal valkostur sveitarfélagsins er að reisa tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík með útrás í meginstraum Ölfusár. Einnig eru skoðaðir í skýrslunni þrír aðrir valkostir, eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá, þriggja þrepa hreinsun með útrás í Ölfusá og grófhreinsun við Sandvík og 14 km langa lögn sem leiðir frárennslið í sjó við Eyrarbakka.

Í skýrslunni kemur fram að skv. reglugerð nr. 798/1999 uppfyllir eins þreps hreinsun með frárennsli í Ölfusá ekki kröfur og kemur því í raun ekki til greina en þar sem ráðgert sé að áfangskipta framkvæmdinni og ráðast fyrst í eins þreps hreinsun áður en tveggja þrepa hreinsun sé sett upp sé sá valkostur metinn með.

Umfjöllun um umhverfisáhrif

Mjög ítarleg umfjöllun er í skýrslunni um umhverfisáhrif hvers valkosts fyrir sig. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarmengun, sjónræn áhrif, útivist, gróðurfar, fuglalíf, landnotkun og fornleifar eru metin. Í skýrslunni er ekki mynd sem sýnir sjónræð áhrif framkvæmdarinnar en slík myndi hefði auðveldað lesanda að átta sig á sjónrænum áhrifum aðalvalkostsins.

Fram kemur að aðalvalkosturinn muni hafa jákvæð áhrif á flesta þætti miðað við ástandið í dag.

Í skýrslunni kemur fram að vatnsgæði viðtaka eru metin fullnægjandi í öllum tilfellum nema hvað varðar saukólígerla og þarf að ráðast í útfjólubláa geislun til að ná styrk saukólígerla niður fyrir viðmiðunarmörk.

Niðurlag

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda frummatsskýrslu. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að hreinsun fráveitu frá Selfossi uppfylli skilyrði laga. Samkvæmt frummatsskýrslunni er ætlunin að ráðast í framkvæmdina í tveimur áföngum og byrja á að setja upp eins þreps hreinsun. Ekki kemur fram í skýrslunni hversu fljótt verði ráðist í að klára að setja upp lögboðna tveggja þrepa hreinsun en aftur á móti er í skýrslunni færð rök fyrir því að eins þreps hreinsun sé að mestu sambærileg tveggja þrepa hreinsun.

Stofnunin telur mikilvægt að farið verði sem fyrst í fulla hreinsun á frárennslisvatni frá Selfossi og sé ætlunin að skipta framkvæmdinni í tvö þrep er nauðsynlegt að skýrt komi fram hvenær endanlegri framkvæmd með tveggja þrepa hreinsun á að ljúka. Umhverfisstofnun telur ráðlegast að ráðist sé í tveggja þrepa hreinsun strax en ef svo verður ekki telur stofnunin nauðsynlegt að fram sé sett tímasett áætlun um uppsetningu fullnægjandi hreinsunar og að kveðið sé á um tímamörk þess í leyfi framkvæmdarinnar.

Að öðru leiti telur stofnunin að skýrslan sé nákvæm og gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina. Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin hafa góð umhverfisáhrif í för með sér með bættri hreinsun frárennslisvatns í Árborg.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
bt. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is jakob@skipulag.is

Dags. 19.02.2020
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0027
0.5.1

Með erindi dags. 15. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfisáhrif framkvæmdar við hreinsistöð fráveitu á Selfossi.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Vatnsflóð í Ölfusá

Samkvæmt ný útgefinni skýrslu „Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá“ (Emmanuel Pagneux o.fl. (2019)) er fyrirhugað framkvæmdasvæði í eða við flóðamörk flóða með 25-200 ára endurkomutíma (sjá mynd 18). Þess ber þó að geta að í landlíkaninu sem notað er í líkanrekningunum er ekki tekið tillit til bygginga né minni háttar landslagsbreytinga og innviða, s.s. veggja, ræsa o.s.frv. Ennfremur ber að skoða niðurstöður líkanrekninganna út frá nákvæmni landlíkansins. Algilda hæðarnákvæmni þess er í kringum +/-50 cm en hin afstæða í kringum +/-10 cm.

Heimild:

Emmanuel Pagneux, Matthías Á. Jónsson, Bogi B. Björnsson, Sif Pétursdóttir, Njáll F. Reynisson, Hilmar B. Hróðmarsson, Bergur Einarsson & Matthew J. Roberts (2019). *Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá*. Skýrsla VÍ 2019-013. Reykjavík. Veðurstofa Íslands.

https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VÍ_2019_013_.pdf

Áhætta og álag vegna grunnvatns

Veðurstofan óskar eftir að skýrari grein verði gerð fyrir nokkrum þáttum er varða mögulega áhættu og álag vegna grunnvatns.

Fram kemur frumatsskýrslu að ísstífla getur myndast í Ölfusá sem valdið geti flóði (bls. 25). Bent er á „... að fyrirhugað skipulagssvæði er innan flóðasvæðis. Vegna flóðahættu verður byggður varnargarður, grjótvörn norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar ... „. Í skýrslunni koma ekki fram upplýsingar um hvaða líkur eru á að flóð verði, um hönnun varnargarðs í samræmi stærð flóðsins, né heldur greining á líkum þess að flóð fari yfir varnargarðinn og möguleg áhrif þess. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi nálægðar við vatnsverndarsvæðið í Flugunesi.

Mögulega geta flóð, sem og vinnsla og geymsla seyru, valdið á lagi á nálæg svæði. Æskilegt væri að gera grein fyrir jarðvegsþekju á svæðinu milli iðnaðarsvæðisins og þeirra grunnvatnsstrauma sem stefna frá áætluðu skipulagssvæði og að vatnsverndarsvæðinu. Með því móti er mögulegt að meta áhrif mögulegra óhappa eða flóða á grunnvatn og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir í samræmi við það.

Magntaka grunnvatns á svæðinu er nokkur og því mikilvægt að vita hver nýting grunnvatns er í vinnuferlum hreinsistöðvarinnar. Mikilvægt er að fá upplýsingar um vatnsnotkun í ferlinu og

hvaðan það vatn kemur til þess að heildarmynd af grunnvatnsnotkun í Sveitarféluginu Árborg sé til staðar.

Á bls. 33-34 kemur fram að stefnt er að nýta seyru við uppgræðslu á Suðurlandi. Ef svara á kröfum um að meta mögulegt álag landnotkunar, m.a. vegna laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þyrfti að liggja fyrir áætlun fyrir hvert rekstrarár um hvaða magn seyru á að nýta til uppgræðslu, sem og staðsetningu hennar. Æskilegar upplýsingar varða einkum efnainnihald, s.s. næringarefna og lyfjaleyfa.

Varðandi geymslu seyru – verður hún geymd eða fjarlægð jafnóðum? Ef hún er geymd gæti það verið áhættusamt í flóðatilvikum.

Vindafar

Rétt er að norðaustanátt sé langalgengasta vindáttin á Selfossi (bls. 67). Önnur algeng vindátt að sumri til er hafátt (hafgola). Óljóst er hvaða gögn hafa verið notuð í vindrósirnar sem teknar eru úr aðalskipulagi sveitarfélagsins. Vindrósin fyrir Selfoss byggir *ekki* á ársmeðaltölum og ekki er þar getið um mælitímabil.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Jón Águst Jónsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: mánudagur, 3. febrúar 2020 15:25
To: Jón Águst Jónsson
Subject: FW: Fráveita Selfoss, athugasemd

Athugasemd við Hreinsistöð

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Hraunsós <hraun@hraun.is>
Sent: laugardagur, 1. febrúar 2020 09:53
To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>
Subject: Fráveita Selfoss, athugasemd

Undirritaðir vilja með bréfi þessu koma á framfæri athugasemd vegna frummatsskýrslu um lausnir á skaðsömu frárennsli skólps sem rennur nú í Ölfusá frá byggðinni á Selfossi.

Athugasemdir okkar beinast nú eingöngu að valkost e í umræddri matsskýrslu.

Þannig er málum háttað að undirritaðir búa á Hrauni í Ölfusi og nytja sölvasker sem Hásteinar heita, rétt vestan ósa Ölfusár. Týnd eru þar söl í miklu magni til manneldis seinnipart sumars ár hvert og hefur verið svo lengi sem sagnir ná. Með útrennsli sem valkostur e lýsir kann það að eyðileggja nytjar þessar, sérstaklega þegar um er að ræða mikið magn skólps og jafnvel frá 2 þéttbýlisstöðum í viðbót. Einnig ber á það að líta að sterkt vesturstreymi er með ströndinni á þessum slóðum.

Umræddum valkosti er því harðlega mótmælt þar sem ljóst er að hann stefnir umræddum nytjum í hættu. Óhjákvæmilegt er að skólplögn á þessum slóðum muni hafa veruleg neikvæð áhrif á markaðssetningu sölvanna, jafn vel þó mengun muni ekki mælast í skerjunum.

Það hefur lengi verið þyrnir í augum okkar að horfa upp á óþerrann frá þessari stóru byggð á Selfossi fara óhreinsaðan í ána, en sem betur fer virðist coli-gerlamengun vera úr sögunni þegar fram í ósinn er komið. Við höfum því sloppið með mengun á þessum sölvaskerjum hingað til.

Virðingarfyllst,
Hrafnkell Karlsson, 100749 3199
Sigríður Gestsdóttir, 080553 4209
Hrauni, 816 Ölfus

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

skipulag@skipulag.is

Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við frummatsskýrslu fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss.

Veiðifélag Árnesinga telur hvorki vera fyrir því lagaskilyrði né standast aðra skoðun að ætla sér að nýta Ölfusá sem viðtaka fyrir skólp á tímum náttúruverndar og réttar fólks til að njóta óspiltrar náttúru.

I. Kröfur til flokkunar viðtaka.

Tilskipun 91/271/EBE gerir lágmarkskröfur til hreinsunar skólps. Hún skyldar íslenska ríkið til að tilgreina viðkvæm svæði (viðtaka) og er sú flokkun frumforsenda fyrir innleiðingu hennar. Það er á ábyrgð ráðherra að annast þessa flokkun en hún hefur ekki farið fram og þar af leiðandi liggur ekki fyrir hvort Ölfusá teljist samkvæmt þeirri flokkun viðkvæmur viðtaki eða ekki. Miðað við framkvæmd flokkunar nágrannaríkja okkar á viðkvæmum svæðum skv. tilskipuninni yrði Ölfusá flokkuð sem viðkvæmt svæði og nýtur þegar sérstakrar verndar 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem eru sérlög á því sviði.

Í forsendum matsskýrslunnar segir:

„Viðtaki skólps hefur hvorki verið skilgreindur sem síður viðkvæmur né flokkast sem viðkvæmur viðtaki, en um þá viðtaka gilda almennar kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp, þ.e. krafra um tveggja þrepa heinsun.“

Samkvæmt 3.29 gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, getur Ölfusá ekki verið síður viðkvæmur viðtaki þar sem hún er hvorki ármynni eða strandsjór.

Samkvæmt framangreindum forsendum skýrslunnar er talið að þar sem ekki liggi fyrir skilgreining eða flokkun Ölfusár sem viðtaka þá eigi almennar kröfur reglugerðar um tveggja þrepa hreinsun við. Þetta er röng og alvarleg ályktun og þangað til að fyrir liggur mat á því hvort Ölfusá teljist viðkvæmur viðtaki eða ekki eru engar forsendur til að ákveða hvort beita skuli tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun.

II. Ölfusá sem viðtaki skólp.

Frumskilyrðið ef nýta á Ölfusá sem viðtaka er að við verði komið hreinsun skólps. Í skýrslunni kemur fram að aðeins hluta ársins verði hægt að hreinsa allt skólp en annars fari það óhreinsað um yfirfall í Ölfusá. Þegar af þessari ástæðu eru ekki lagaskilyrði til að nýta Ölfusá því óheimilt er að leiða skólp óhreinsað í ánnu. Á sama tíma og rennsli Ölfusár fer minkandi þá stækkar Selfoss hratt og aðrir mengunarvaldar ofar með ánni með miklu álagi á fyrirhugaðan viðtaka. Blasir það við að Ölfusá geti ekki verið lausn á skólpumálum Selfoss og alls ekki þegar litið er til framtíðar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir áformum um að ná í flestum tilvikum mikilli

mengun saurkóligerla niður fyrir umhverfismörk með ótfjólublárrí geislun. Samkvæmt þessu verður mikil mengun saurgerla áfram í ánni og umfram umhverfismörk jafnvel þótt óljósar áætlanir um geilsun gangi eftir. Við þetta verður ekki búið og á það ekki síst við þær jarðir sem liggja neðan Selfoss og nýta þar ýmiss hlunnindi tengd ánni.

III. Fráveita í sjó.

Þrátt fyrir að sjórinn sé miklu öflugri viðtaki og geti mætt auknu frárennsli í framtíðinni fer lítið fyrir þeim forsendum sem liggja þurfa fyrir svo hægt sé að bera saman þann kost við Ölfusá. Í skýrslunni má þó finna niðurstöður um að sjávarkosturinn sé dýrari framkvæmd en miklu hagstæðari í rekstri. Þau sjónarmið sem þó er að finna í skýrsluni styðja eindregið að velja eigi sjóinn sem viðtaka og samtengja við Eyarbakka og Stokkseyri.

Veiðifélag Árnesinga telur hvorki tæknilegar né fjárhagslegar forsendur standi því í vegi að nýta sjóinn heldur þvert á móti sé það eina færa leiðin lagalega í stöðunni.

Samanburður þessara kosta í skýrslunni uppfyllir hvorki ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eða 10. gr. stjórnsýslulagan nr. 37/1993, sem kveður á um að sveitarfélagið Árborg skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því.

IV. Áfangaskipting.

Engin rök eru til að áfangaskipta framkvæmdinni og alls ekki af fjárhagsástæðum eins og byggt er á í skýrslunni. Frestir voru gefnir í upphafi til að koma fráveitu í lag og þeir hafðir langir þar sem um fjárfrekar framkvæmdir væri að ræða. Þessir löngu frestir runnu út fyrir um 20 árum síðan og verður fjárhagsástæðum ekki borðið við lengur og því slegið föstu í dómaframkvæmd.

Athugsemdir Veiðifélags Árnesinga byggja að öðru leyti á eftirfarandi gögnum:

1. Athugasemdir félagsins við endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, dags. 15.01.2018.
2. Athugasemdir félagsins við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 15.01.2018.

Kaldaðarnesi, 14. febrúar 2020,



Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss. S. 892-0372


jorundur@logbyli.is

Eigendur Kaldaðarnesjarðanna takar undir öll sjónarmið sem fram koma í þessum athugendum Veiðifélags Árnesinga.

Veiðifélag Árnesinga


Athugasemdir við endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp

Norður Evrópa



Samanburður við nágrannaríki

Fig. 2: Changes in urban waste water treatment in northern European countries



Herra Guðmundur Ingi Guðbrandsson,

Umhverfis- og auðlindaráðherra.

Skuggasund 1, 101 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir við endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ábending um flokkun viðkvæmra svæða.

I. Endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.¹

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur fengið í hendur tillögur nefndar, dags. 10.05.2017, sem skipuð var af ráðherra 12. júlí 2013 til að endurskoða reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Fyrir liggja drög að endurskoðaðri reglugerð og greinargerð með henni.

Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram sem hefur sérstaka þýðingu fyrir Ölfusá, lífríki hennar og hagsmuni félagsmanna í Veiðifélagi Árnesinga:

,,Ábendingar og tillögur að öðrum breytingum

Péttbýli við vatnsmiklar jökulár

Viðmið um hvaða svæði skuli talin síður viðkvæm svæði í tilskipuninni um hreinsun skólpss frá péttbýli takmarkast við strandsjó og ármynni. Þeir þættir sem taka skal til athugunar þegar síður viðkvæmi svæði eru tilgreind eru opnir flóar, ármynni og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnærung eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólpss frá péttbýli. Nefndin vekur athygli á því að svo hagar til að ákvæðin miðlungsstór sveitarfélög standa við vatnsmiklar jökulár sem renna til sjávar. Sé vatnsstreymi ánna borið saman við losun næringarefna og efna sem geta valdið súrefnisþurrð frá þessum sveitarfélögum eru sennilega litlar líkur á hættu á ofauðgun næringarefna eða súrefnisþurrð í ánum eða árósumum af völdum frárennslisins. Við þessar aðstæður gæti því verið nægilegt að sía frárennslid til þess að ná viðunandi hreinsun. Viðmið tilskipunarinnar varðandi síður viðkvæm svæði takmarkast hins vegar við strandsjó og ármynni. Kröfur um hreinsun frárennslis við vatnsmikar jökulár gætu því verið óþarflega strangar miðað við hæfni ánna til þess að taka við frárennslinu. Nefndin beinir því sérstaklega til ráðuneytisins að kanna möguleika á að

¹ Töflur á forsíðu er að finna á <https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/indicators/urban-waste-water-treatment/urban-waste-water-treatment-assessment-4>

skoða möguleika á að i undantekningartilvikum væri unnt að samþykja að straumharðar og vatnsmiklar jökulár myndu flokkast sem síður viðkvæmir viðtakar.“

Stjórn Veiðifélags Árnesinga vekur athygli yðar á því að framangreind tillaga nefndarinnar felur í sér að búinn er til sérflokkur sem samræmist hvorki gildandi tilskipun ESB, vatnalögum nr. 15/1923, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og yrði ósamrýmanleg öðrum ákvæðum gildandi reglugerðar nr. 798/1999, um fráveit og skólp, sem og öðrum ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar tæki hún gildi. Enga undanþágu er að finna í tilskipun 91/271/EBE sem heimilar setningu almennra reglna, líkt og er að finna í reglugerðarbreytingunni, sem veitir íslenskum yfirlöldum rétt til að ganga skemur í hreinsun skólps en þær kröfur sem settar eru fram í tilskipuninni enda er þar um þær lágmarkskröfur sem gera ber til hreinsunar fráveitu. Allt öðru gegnir ef gera skal ríkari kröfur og að því þarf að huga sérstaklega þegar um yfirborðsvatn er að ræða eins og Ölfusá og hefur þá miklu sérstöðu meðal vatna í Evrópu að vera jökulvatn.

Beinir stjórn Veiðifélags Árnesinga því til yðar að gæta þess að reglugerð nr. 798/1999, taki ekki breytingum til samræmis við framangreindar tillögur nefndarinnar. Kæmi til þess væri féluginu sá einn kostur í stöðunni að kæra það til eftirlitsstofnunarinnar EFTA vegna skýlauss brots á skuldbindingum Íslands samkvæmt EES- samningnum og í kjölfarið myndi EFTA-dómstóllin dæma um sakarefnið.

Sveitarstjórn Árborgar bíður eftir að þér gerið framangreindar breytingar á reglugerðinni.²

² Í athugasemdum stjórnar Veiðifélags Árnesinga við tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, **dags. 19. mars. 2014**, og var m.a. send til umhverfisráðherra, kemur eftirsandi fram um endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveit og skólp:

„Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnum er nefnd að störfum sem er ætlað það hlutverk að endurskoða kröfur laga um hreinsun fráveitu. Kom fram að i nefndinni sitja fulltrúar margra af helstu mengunarvöldum landsins („hagsmunaðilar“) og því megi búast við að nefndin leggi til að dregið verði úr kröfum um hreinsun frá því sem nú er. Samræmist þetta vel ábendingu sem kemur fram í skýrslu Mannvits að ef samræmi eigi að vera á milli tilskipunar ESB og íslensku reglugerðarinnar um fráveitur og skolp þá þurfi að endurskoða umhverfismörk vegna saurmengunar. Með öðrum orðum að draga úr kröfum íslenskra laga til hreinsunar. Engin grein er gerð fyrir hvaða kröfur einstök ríki innan ESB gera

Fyrir hönd Árborgar hefur lengi verið unnið að framangreindum reglugerðarbreytingum í þeim tilgangi að við gildistöku þeirra kæmu lagafyrirmæli ekki lengur til með að standa í vegi fyrir að skólp gæti áfram farið óhareinsað í Ölfusá að undanskyldu því eina skilyrði að með rist yrðu gráfustu aðskotahlutir síðir frá, svokölluð eins þreps hreinsun.³ Stjórn Veiðifélags Árnesing kann enga skýringu á hvernig nefndin geti komist að þessari sameiginlegu niðurstöðu að leggja til að menga megi jökulárnar. Öllum má ljóst vera að tillögunum er ætlað að leysa vanda sveitarfélagsins Árborgar vegna fráveitu Selfoss en hvergi hagar til að þéttbýli sé við jökulvatn nema á Selfossi og þéttbýlisstöðum við Lagarfljót.⁴ Samkvæmt orðalagi tillögu nefndarinnar er henni ætlað að ná til ákveðinna miðlungsstórra sveitarfélaga sem standi við vatnsmiklar jökulár án þess þó að nefna Selfoss sérstaklega. Þrátt fyrir að

til mengunarvarna en þeim er frjálst að gera meiri kröfur, sem og þau gera, en lágmarkskröfur tilskipana ESB gera.

Engar forsendur eru til að gera minni kröfur til hreinsunar í ár og vötn og getur það ekki samræmst vatnalögum eða tilskipunum ESB.

Mikið fer fyrir sjónamiðum um kostnað við byggingu hreinsistöðvar við Selfoss en stjórn Veiðifélags Árnesinga telur þau ómálefnanleg í ljósi stærðar Selfoss og hafa önnur sveitarfélög á vatnasvæði Ölfusá og Hvítár byggt a.m.k. tveggja þreppa hreinsistöðvar. Er óliklegt að önnur sveitarfélög geti sætt sig við að Selfoss ætli sér að byggja eins þreppa stöð þegar þau hafa á sama vatnasvæði gert meiri kröfur til hreinsun fráveitu og fylgt lögum í því efni. Einnig verður að telja líklegt að þau muni krefjast skýringa og mótmæli því ef nefndin kemur til með að leggja til við ráðherra að hann breyti reglugerðinni þannig að Selfoss fái sérmeðferð í þessum mikilvæga málaflokki. Rétt er að geta þess að bæjarsjórn Árborgar gerir meiri kröfur til hreinsunar fráveitu í sveitum en til hreinsunar skólpi 6.564 manna á Selfossi með útrás í Ölfusá, á sem nýtur sérstakrar verndar að lögum og með stærstu viltu laxastofna við Atlantshaf.

Mikilvægt er að ráðherra láti ekki villa um fyrir sér í þessu máli og taki ekki skref afturábak í mengunarmálum sérstaklega þar sem verið er að fjalla um árnar sem viðtaka skolps.“

Í samtölum formanns veiðifélags Árnesinga við nokkra sveitarstjóra í Árnessýslu á sínum tíma munu þeir ekki una því að leikreglum um fráveit verði breytt og stærsta sveitarfélagið á sama svæði fái sérmeðferð. Þess ber að geta að allir þéttbýlisstaðir í Árnessýslu utan Árborgar hafa komið á hreinsun skólps, sbr. yfirlit Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um fráveitumál frá því á árinu 2013.

³http://www.vafri.hi.is/?page_id=38

Samkvæmt drögum að tillögu að matsáætlun vegna hreinsistöðvar fráveitu Selfoss sem kemur fram í skýrslu verkfræðistofunnar EFLU, dags. 12.12.2017, fara 25 tonn af ristarúrgangi í Ölfusá á ári, síðað er burt rusl yfir 2 mm, en hreinsunin lítil áhrif á losun mengunarefna.

⁴ Frétt um fráveitu Fjótsdalshéraðs, <http://ruv.is/frett/gagnrynir-aform-um-eins-threps-hreinsun>

Opið bréf Sigurðar Ragnarssonar til ráðherra um fráveitumál. Morgunblaðið 10. janúar 2018.

Árborg sé ekki miðlungsstórt sveitarfélag, heldur er Selfoss þriðji stærsti þéttbýlisstaður landsins utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, þá má öllum ljóst vera að verið sé að sérhanna undanþágu fyrir Selfoss. Taki slík undanþága gildi í endurskoðaðri reglugerð er augljóst að henni verði beitt um frárennsli Selfoss þar sem hún er samin sérstaklega í því skyni.

Stjórn Veiðfélags Árnesinga var upplýst snemma um að búast mætti við þessari sendingu frá nefndinni og þar af leiðandi vitað að aldrei hafi staðið til í raun annað hjá Árborg en að skipuleggja eins þreps hreinsun, þ. á m. á það við um þá vinnu sem nú stendur yfir með verkfræðistofunni EFLU um að ráðast í umhverfismat en þar er m.a. lagður til sá kostur að vera með eins þreps hreinsun þrátt fyrir gildandi rétt.⁵

⁵Í svarbréfi Umhverfistofnunar til Árborgar, dags 2. september 2013. kemur m.a eftirfarandi fram:

„... Enn fremur að athuga hvernig skilgreina megi neðri hluta Ölfusár og ósasvæði hennar sem síður viðkvæman viðtaka....“

Í erindi sveitarfélagsins Árborgar er samkvæmt þessu bréfi Umhverfisstofnunar beinlinis óskað eftir aðstoð stofnunarinnar hvernig skýra megi Ölfusá sem síður viðkvæman viðtaka og það þrátt fyrir að ófrávíkjanlegar lagareglur segi fyrir um annað.

Í Morgenblaðinu 11.09.2017, er haft eftir Ástu Stefánsdóttur, sem situr í bæjarstjórn og er framkvæmdastjóri Árborgar:

„Par sem þetta er fyrsta stig skólphreinsunar kæmi til greina í framtíðinni að hreinsa skolpið frekar en þá þyrfi að koma upp annarri skólphreinsistöð við hlið þessarar sem myndi hreinsa skolpið frekar... Við ætlum að byrja á þessu og sjá hverju betta skilar.“

Í lok árs 2013 kynnti sveitarfélagið Árborg tillögu að deiliskipulagi, fyrir eins þreps heinsun fráveitu Selfoss í Ölfusá. Þá eins og nú var verið að kynna ólögmæta framkvæmd og fólust athugasemdir Veiðifélags Árnesinga fyrst og fremst í að tryggja að sveitarfélagið myndi snúa af þeirri leið og kynna kost sem væri í samræmi við lög. Virtist um tíma að það hefði tekist, en í breyttri deiliskipulagstillögu var kynnt á ný eins þreps hreinsun, en tekið fram að hún væri fyrsta skrefið í meiri hreinsun, án þess að tiltekið væri í hverju hún ætti að felast. Mikill tími stjórnar Veiðifélags Árnesinga, verkfræðinga og lögræðinga fór aðeins í að verjast þessari ólögmætu ákvörðunum sveitarfélagsins og hefur það fram að þessu neitað að bæta Veiðifélaga Árnesinga það fjártjón af hlaust. Svo virðist sem sveitarfélagið hafi þá átt að sig á því að það gæti ekki farið á svig við lög með því að setja upp þessa rist í stað hreinsunar og hætti þá með öllu að vinna að lausn málsins. Líklegt er að þá hafi sveitarfélagið bundið vonir við niðurstöðu nefndar umhverfisráðherra sem skipuð var til að endurskoða reglugerð nr. 798/1999, um frárennsli og skólp. Í tilvitnuðu bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 2. september 2013, var vísað til þess að endurskoðun reglugerðarinnar stæði yfir og ákvæði um hreinsun skólps kynnu því hugsanlega að breytast. Af þessu tilefni hafði undirritaður, formaður Veiðifélags Árnesinga, samband við fulltrúa Umhverfisstofnunar í endurkoðunarfnd ráherra og upplýsti hann að búast mætti við því að nefndin kæmi til með að leggja til breytingar svo Selfoss gæti nýtt ánnu með fyrnefndri rist.

II. Tilskipun 91/271/EBE.

Núverandi framkvæmd frárennslismála Selfoss fer í bága við ákvæði tilskipunar 91/271/EBE um hreinsun skóps frá þéttbýli.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp tekur mið af tilskipun ráðsins frá 21. maí 1991 um hreinsun skóps frá þéttbýli (91/271/EBE). Tilskipunin gerir lágmarkskröfur til hreinsunar á skólpi í EES aðildarríkjum og inniheldur þar á meðal þá almennu reglu að ríki skuli tryggja tveggja þrepa hreinsun fyrir skólp sem rennur út í ferskvatn eða ármynni frá þéttbýli sem er á milli 2000 og 10000 persónueiningar að stærð.

Markmið tilskipunar 91/271/EBE er að vernda náttúruna frá skaðlegum áhrifum skóps og því skal slíkur úrgangur almennt gangast undir tveggja þrepa hreinsun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, lesin í samræmi við 7. mgr. inngangskafla hennar. Í gildandi íslenskum rétti er þessi regla réttilega innleidd í 7. gr. reglugerðar 798/1999, en þar segir að skólp skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerðinni.

Ákvæði 2. undirliðar, 1. töluliðs, 3. gr. tilskipunar 91/271/EBE fyriskipar að tryggt sé að þéttbýli, sem er á milli 2000-15000 persónueiningar að stærð, hafi skólp hreinsun. Þessi krafa er síðan útfærð frekar í 3. undirlið, 1. töluliðs, 4. gr. tilskipunarinnar, sem setur það skilyrði að þar sem frárennslí skóps frá þéttbýli, sem er á milli 2000-10000 persónueiningar að stærð, fer í ferskvatn eða ármynni, skal slíkur úrgangur fyrst

Af efni draga að tillögu að matsáetlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, sem nú liggar fyrir, virðist líttl beyting hafa verið orðið á málsmeðferðinni og svipað haldið á málum og hér að framan var lýst enda sami aðilinn með sömu viðhorfin til umhverfismála og með sömu ráðgjafanna og áður. Í meðfylgjandi athugasemdu stjórnar Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu við matsáetlun og drögunum sjálfum má sjá að um enn einn leikþáttinn er að ræða og þar enn og aftur lagður til tittefnindur ólögmæti kostur að vera með eins þreps hreinsun. Má ljóst vera að áfram er aðeins beðið reglugerðarbreytingarinnar en væntanlega kemur sér vel að hafa þetta matsferli í gangi til að vísa til í aðdraganda kosninga í vor.

Af framangreindu má vel sjá hvernig haldið hefur verið á málum hjá Árborg og í hvaða stöðu Veiðifélag Árnesinga hefur verið sett undanfarin ár við að verjast þessum grímulausa ásetningi um að fara ekki að lögum í þessu efni. Er óhjákvæmilegt annað en að hafa í huga þessa sögu og viðhorf stjórnar Árborgar við athugun á þeim stjórnarathönum sem framundan eru hjá sveitarfélagini í þessu máli. Má þar nefna sérstaklega ef umhverfisráðherra mun fela sveitarfélagini Árborg að gera tillögu að því hvort Ölfusá eigi að flokkast sem viðkvæmur viðtaki eða njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

undirgangast tveggja þrepa hreinsun. Er sérstaklega tekið fram í 2. og 3. tölulið, 12. gr. tilskipunarinnar að stjórnvöld skulu sjá til þess að tryggt sé við leyfisveitingu til reksturs skólphreinsistöðvar að ákvæðum 4. gr. tilskipunarinnar sé fylgt.

Dómafordæmi Evrópuðómstólsins eru skýr varðandi túlkun á þeim kröfum er tilskipun 91/271/EBE gerir til hreinsunar á skólpi sem veitt er í ferskvatn eða ármynni frá þéttbýli á stærð við Selfoss.⁶ Í 22. málsgrein dóms C-320/15, *Framkvæmdastjórnin gegn Grikklandi*, segir að 3 undirliður, 1. töluliðs, 4. gr. tilskipunarinnar setji fram skýra og afdráttarlausa kröfu til að aðildarríkin tryggi að skólp frá þéttbýli, sem er 2000 – 10000 persónueiningar að stærð, undirgangist að lágmarki tveggja þrepa hreinsun, þegar frárennsli er í ferskvatn eða ármynni.⁷ Skal slík hreinsun vera í samræmi við B hluta, fyrsta viðauka, tilskipunarinnar, sem Ísland hefur innleitt orðrétt í B hluta, fyrsta viðauka, reglugerðar nr. 798/1999, en Selfoss hefur vísvitandi ekki fylgt í framkvæmd. Í umræddum dómi var komist að þeirri niðurstöðu að þar sem byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar var ekki lokið þegar allir frestir voru útrunnir til að koma til framkvæmda þeirri kröfu sem ákvæði 3. undirlið, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunarinnar gerir til aðildaríkjanna um hreinsun á skólpi, væri um klárt brot á tilskipuninni að ræða. Af þessum dómi má því ráða að Selfoss hefur framið augljóst brot á ákvæði 3. undirliðs, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipun 91/271/EBE með því að hafa ekki tryggt a.m.k. tveggja þrepa hreinsistöð fyrir skólp þar sem frárennslið er í ferskvatn og ármynni, enda eru allir frestir fyrir Ísland, bæði til innleiðingar tilskipunarinnar og til umsókna um undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar, nú liðnir. Af þeim sökum geta íslensk yfirvöld ekki lengur boríð fyrir sig fjárhagsskort eða tæknilegum annmörkum sem afsökun fyrir að hafa ekki lokið byggingu tveggja þrepa skólphreinsistöðvar við Selfoss í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, sbr. 50 og 51 málsgrein dóms Evrópuðómstólsins nr. C-395/13, *Framkvæmdarstjórnin gegn Belgíu*, enda hafi þeir frestir sem aðildaríkjunum voru veittir verið vísvitandi hafðir langir til að til að koma til móts við þær umstalsverðu fjárhagslegu skuldbingar sem ríkin þyrftu að gangast undir við innleiðingu og útfærslu tilskipunarinnar.

⁶ Yfirlit yfir dómaframkvæmd Evrópuðómstólsins að því er varðar framkvæmd tilskipunarinnar: http://ec.europa.eu/environment/water/water-urbanwaste/implementation/caselaw_en.htm

⁷ Samkvæmt drögum að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, dags. 12.12.2017, á bls. 13, var meðaltal persónueininga við Selfoss 53.000 á árinu 2016 en samkvæmt mælingu 2017 eru þær 111.533.

Ennfremur, þá er ljóst er að enga undanþágu er að finna í tilskipun 91/271/EBE sem heimilar setningu almennra reglna, líkt og er að finna í tillögum að reglugerðarbreytingunni, sem veitir íslenskum yfirvöldum rétt til að ganga skemur í hreinsun skólps en þær kröfur sem settar eru í 3 undirlið, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunarinnar.

Af framansögðu má því ráða að ákvæði 3. undirliðs, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunar 91/271/EBE kveður á með skýrum og afdráttarlausum hætti að skólp frá þéttbýli á stærð við Selfoss skal að lágmarki vera hreinsað með tveggja þrepa hreinsun ef frárennsli fer í Ölfusá. Þar sem hin fyrirhugaða reglugerðarbreyting gerir lakari kröfur til hreinsunar á skólpi en stendur í tilskipuninni, er ljóst að lögfesting á henni færi í bága við kröfur Evrópuréttar, líkt og núverandi staða fráveitumála á Selfossi þegar gerir.

Tilskipunin skyldar ríki til að tilgreina viðkvæm svæði(viðtaka) innan ríkjanna en það er frumforsenda fyrir innleiðingu hennar.

Að því er varðar eftirfylgni með tilskipuninni í aðildarríkjum ESB þá hefur í 15 ríkjum allt landsvæði, annaðhvort formlega eða í raun, verið skilgreint sem viðkvæmt svæði og því gerðar strangari kröfur til hreinsunar en felst í tveggja þrepa hreinsun. Í hinum 13 ríkjunum eru tiltekin svæði tilgreind sem viðkvæm og u.p.b. 2900 svæði hafa þannig verið tilgreind. Þannig eru strangari kröfur til hreinsunar, heldur en felast í tveggja þrepa hreinsun, gerðar á svæðum sem samsvarar 76% af landsvæði því sem Evrópusambandið tekur til.⁸ Hlutfall eftirfylgni aðildarríkjanna við þessar strangari kröfur til hreinsunar er 84.5 %.

III. Flokkun ráðherra á viðkvæmum svæðum í skilningi reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Eins og rakið er í meðfylgjandi athugasemdum stjórnar Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss er engin grein gerð fyrir lagafyrirmælum þeim sem sveitarfélagið er bundið af. Að mati stjórnar stendur Árborg

⁸ Skýrsla nefndar Evrópusambandsins frá 14. Desember 2017. Ninth Report on the implementation status and the programmes for implementation (as required by Article 17) of Council Directive 91/271/EEC concerning urban waste water treatment. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2017:749:FIN>

frammi fyrir að gera grein fyrir tveimur kostum, að leiða fráveitu til sjávar eða nýta Ölfusá sem viðtaka með tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri. Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur ekki lagaskilyrði fyrir að nýta ánna yfirleitt en er ljóst að sveitarfélagið þarf að svara því fyrir sitt leyti.

Komi til álita af hálfu Árborgar að nýta Ölfusá sem viðtaka fráveitu stendur það því frammi fyrir að svara því hvort tveggja þrepa hreinsun þurfi til eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Þetta ræðst af tilteknum rannsóknum á ánni nema að hún teljist þegar njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Njóti hún sérstakrar verndar þá er fortakslaust skilyrði að Ölfusá verð ekki nýtt sem viðtaki nema ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa komi til.

Hvort Ölfusá sé flokkuð sem viðkvæmt svæði eða njóti sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðarinnar er á ábyrgð umhverfisráðherra og ætti því að liggja fyrir hjá yður sbr. umfjöllun í kafla nr. II hér að framan um að það sé frumforsenda fyrir innleiðingu tilskipunarinnar. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er þó ekki kunnugt um að sú flokkun hafi átt sér stað og ef því er svo varið er afar brýnt að úr því verði bætt án frekari tafar og það staðfest að Ölfusá njóti sérstakrar verndar í skilningi reglugerðarinnar. Ekki er tækt að bíða í þessu efni eftir heildarflokkun á landinu öllu, eins og bar að gera fyrir um 20 árum síðan, heldur verður að svara með Ölfusárvæðið sérstaklega.⁹ Í því efni er nærtækast að líta til þeirrar sérstöku verndar sem hún nýtur samkvæmt 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og miðað við stærð Selfoss sé þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt annað en að Ölfusá flokkist sem viðkvæmt svæði/viðtaki.¹⁰

⁹ Fráveitunefnd – 10.5.2017. Endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í greinargerð með tillögum um breytingar á reglugerðinni kemur eftirfarandi fram og bendir til þess að Ísland sé ekki byrjað þá vinnu sem þeim bar fyrir um tveimur áratugum síðan:

„Gerð er tillaga um nýja grein: Flokkun viðkvæmra og síður viðkvæmra svæða. Í greininni kemur fram að Umhverfisstofnun flokki síður viðkvæm svæði að fengnum tillögum frá sveitarstjórnunum, sem er svipað því sem sagði í gildandi reglugerð. Jafnframt að Umhverfisstofnun flokki viðkvæm svæði og skilgreini þá mengunarþætti sem þau eru viðkvæm fyrir. Í gildandi reglugerð kemur ekki fram hver hafi þetta hlutverk og er þessu ákvæði ætlað að bæta úr því. Í greininni er einnig tiltekið að Umhverfisstofnun birti lýsingu á svæðum og skiptingu þeirra í venjuleg, viðkvæm og síður viðkvæm.“

¹⁰ Meðfylgjandi athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.

Með þessu yrði sveitarfélagið Árborg strax að horfast í augu við það óumflyjanlega að aðeins komi til athugunar tveir kostir, að nýta sjóinn sem viðtaka eða Ölfusá að undangenginni ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.


Meðfylgjandi gögn:

1. Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.
2. Skýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, og viðbótarskýrsla dags. í apríl 2014.

Afrit sent:

1. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdarstjóri og stjórnarmaður í bæjarstjórn Árborgar.
2. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.
3. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun.
4. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.
5. Óttar Yngvason, hrl.

Kaldaðarnesi, 15. janúar 2018,



Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss.

jorundur@logbyli.is

EFLA verkfræðistofa.

Jón Ágúst Jónsson, líffræðingur M.Sc.

Höfðabakki 9, 110 Reykjavík.

**Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017,
vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.**

I. Mat á umhverfisáhrifum.

Eigi mat á umhverfisáhrifum að ná tilgangi sínum verður það að taka til allra þátta sem áhrif hafa við val á því hvernig haga beri fráveitu Selfoss í framtíðinni. Komi til álita að nýta Ölfusá sem viðtaka þarf slík rannsókn að vera ítarlegri en ella vegna þeirra sérstöku verndar sem yfirborðsvatn eins og Ölfusá nýtur að lögum.

Í tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, kemur fram að á þessu stigi liggi ekki fyrir hvort framkvæmdin nái til skólps frá iðnaðar- og íbúðarhverfum norðan ár eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Þá segir að iðnaðarskólp frá Slátturhúsi Suðurlands muni ekki verða hluti af þessari framkvæmd þar sem það hyggst hreinsa það sjálft.

Hvort nýta megi Ölfusá sem viðtaka ræðst af mati á öllum mengunarþáttum, bæði þeirrar méngunar sem kemur með ánni frá svæðum ofan við Selfoss og þeirrar sem hlýst af fráveitu Selfoss, jafnt sunnan sem norðan við ánnu. Gera þarf í tillögu að matsáætlun grein fyrir núverandi hreinsun iðanaðarskólds og hvernig því skuli hagað í framtíðinni, útreikningum á aukinni mengun í ánni ofan við Selfoss og sérstaklega fyrir aukinni fráveitu vegna fólkssjölgunar og auknum rekstri fyrtækja á Selfossi í framtíðinni.¹

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur ekki vera forsendur fyrir mati á umhverfisáhrifum nema það taki til allrar fráveitu við Selfoss og allra mengandi þátta hennar. Verði það ekki gert er þegar af þeirri ástæðu útilokað að nýta Ölfusá sem viðtaka.

¹ „Fordæmalaus fjölgun“ 380 nýjar íbúðir samþykktar af sveitarfélaginu Árborg það sem af var árinu 2017. Morgunblaðið 07.12.2017.

Samkvæmt gildandi aðalaskipulagi er gert ráð fyrir að íbúar Árborgar verði orðnir 10.300 á árinu 2030 og eru nú í byrjun árs orðnir 9000.

Óvissa um framangreindar lykilforsendur matsins vekja upp efasemdir um hvert sveitarfélagið stefni með þessari vinnu sem og um ráðgjöf verkfræðistofunnar EFLU.

II. Lýsing framkvæmdar og mismunandi valkostum.

Í 8. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum kemur eftirfarandi fram:

„Matsáetlun.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáetlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð.“

Í samræmi við framangreint lagaákvæði er tekið fram í upphafi skýrslu verkfræðistofunnar EFLU, dags. 12.12.2017, að í henni komi fram hvernig framkvæmdaraðilinn, Árborg, hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum fráveitu við Selfoss og þeim fjórum valkostum sem til greina komi.

Þar sem stjórnsýslan er lögbundin ætti aðeins að koma til álita að lýsa lögmætri framkvæmd eða lögmætum valkostum. Í upphafi við gerð tillögu að matsáetlun ber aðeins að fjalla um þá kosti sem samræmast gildandi rétti og sé vafí uppi um hvort tiltekinn valkostur sé tækur eða ekki ber sveitarstjórn að fjalla sérstaklega um lagaskilyrðin og hvað ráði niðurstöðu hennar fyrir því hvort að kosturinn sé talinn tækur eða ekki. Hvort kostur sé tækur eða ekki kann að ráðast af matskenndum þáttum sem upplýsa þarf um með rannsóknum t.d á frárennsli og á viðtaka. Ekki nægir að lýsa því í matsskýrslu hvað eigi að rannsaka heldur ber að gera grein fyrir því hvernig eigi að nýta þær rannsóknir og upplýsingar við mat á lagaskilyrðum um flokkun viðtakans. Má í þessu sambandi benda á að lagaskilyrði um hvort þurfi ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef nota á yfirborðsvatns sem viðtaka er háð mati á aðstæðum. Ef viðtakinn telst viðkvæmur eða flokkaður af ráðherra sem svæði sem skal njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp skal beitt ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.²

Kostir sem uppfylla ekki fortakslaust bindandi lagaskilyrði ættu ekki að koma til álita.

² Meðfylgjandi bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

Í drögunum að tillögu að matsskýrslu kemur fram á bls. 21 að nánari grein verði gerð fyrir því í matsskýrslu hvernig staðið verði að hreinsunum og hvernig þær lausnir samræmist lögum og reglugerðum. Í drögunum er því skautað fram hjá því sem mestu máli skiptir sem er að kynna hver sé lagagrundvöllurinn og túlkun sveitarfélagsins er á þeim lagafyrirmælum sem um fráveit gilda. Engin grein er því gerð fyrir því að fráveituframkvæmd sem þessi lýtur sérstökum lagafyrirmælum sem sveitarfélagið er bundið af sem og verkfræðistofan EFLA í ráðgöf sinni. Hvorki er gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem eru fortakslaus né þeim sem kunna að vera háð mati á aðstæðum og engin grein gerð fyrir þeirri vernd sem Ölfusá nýtur að lögum. Ölfusá nýtur m.a. sérstakrar verndar 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923, laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 798/1999, um fráveit og skólp, og segja þessar lagareglur jafnframt fyrir um þau skilyrði sem gerð eru til hreinsunar fráveitu.

Einn af þeim kostum sem sveitarfélagið og verkfræðistofan EFLA telur að til greina komi í tillögunni að matsáætlun er að nýta Ölfusá sem viðtaka með eins þreps hreinsun og það þrátt fyrir að það sé fortakslaust bannað í reglugerð nr. 798/1999, um fráveit og skólp. Í 3.6.3. gr. draganna kemur fram að „framkvæmdin“ sé í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem eftir sé að samþykkja. Í tilvitnaðari tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir eins þreps hreinsun og segir ekkert fyrir um hvernig eigi að haga frekari hreinsun. Við hvaða „framkvæmd“ er átt? Mat á umhverfisárhifum á að vera hlutlaus og vísindaleg athuguna á þeim kostum sem tækir eru að lögum og um samanburð á þeim.

Í 4.7. gr. draganna kemur fram að mat á umhverfisáhrifum verði nýtt til þess að bera saman umhverfisáhrif allra valkost og leggja þær upplýsingar, ásamt samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra, til grundvallar þegar að ákvörðun verður tekin um hvaða leið verði farin. Stjórnarmenn sveitarfélagsins Árborgar hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á hvað kostnaður við byggingu eins þreps hreinsunar sé líttill miðað við aðra kosti og að það eigi að ráða burt séð frá lagaskilyrðum.³ Að tekið sé undir þetta af hálfu verkfræðistofunnar EFLU er ófært enda fyrirfram ljóst hver niðurstaðan yrði ef samanburður á kostnaði við ristina og skólphreinsun á einhverju að ráða um valið.⁴

³ Meðfylgjandi skýrsla Environmental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 7.

⁴ Allir frestir fyrir Ísland, bæði til innleiðingar tilskipunarinnar og til umsókna um undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar, er löngu liðnir. Af þeim sökum geta íslensk yfirvöld ekki lengur borið fyrir sig fjárhagsskort eða tæknilega annmarka sem afsökun fyrir að hafa ekki lokið byggingu lögmætrar skólphreinsistöðvar við Selfoss í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, sbr. 50 og 51 málsgrein dóms Evrópusöðumstólsins nr. C-395/13, *Framkvæmdarstjórnin gegn Belgíu*, enda hafi þeir frestir sem aðildaríkjunum voru veittir verið vísvitandi hafðir langir til að koma til móts við þær umstalsverðu fjárhagslegu skuldbingar sem ríkin þyrftu að gangast undir við innleiðingu og útfærslu tilskipunarinnar.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur að sveitarfélagini Árborg sé skylt að hlíta þeim lagaskilyrðum sem framkvæmdum um fráveitum eru settar og beina því til sveitarfélagsins að setja fram nýja flokkun byggða á rækilegri lagalegri athugun sem sett verði fram með skýrum og rökstuddum hætti og eftir atvikum í samráði við umhverfisráðherra sem ber ábyrgð á flokkun viðkvæmra svæða. Í fyrsta lagi að gera grein fyrir hvernig uppfylla eigi lágmarksskilyrði laga um hreinsun og í öðru lagi hvaða auknu kröfur þurfi að gera til hreinsunar ef til álita komi að nýta jökulvatnið sem viðtaka en slíkt vatn hefur slíka sérstöðu meðal vatna í Evrópu að það gefur tilefni til sérstakrar úrlausnar.⁵

III. Ölfusá getur hvorki í dag né orðið viðtaki fráveitu Selfoss í framtíðinni.

Í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um í 5. gr. að ráðherra setji reglugerð þar sem fram komi reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka.

Í reglugerð þessari, nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, eru eftirfarandi ákvæði:

Í 7. gr. eru eftirfarandi kröfur gerðar til hreinsunar skólps.

7.1 Skólp skal hreinsa með tveggja þreppa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.

7.2 Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þreppa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útvistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.

7.3 Skólp skal hreinsa með a.m.k. eins þrepps hreinsun eða sambærilegri hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur, sbr. viðmiðanir í II. viðauka B.

Eftirfarandi skilgreiningar koma fram í 3. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skolp og í II viðauka með lögunum:

3.37 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, svo og strandsjór.

⁵ Meðfylgjandi bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

3.35 *Viðkvæmur viðtaki* er viðtaki sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða viðtaki sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar.

3.29 *Síður viðkvæmur viðtaki* eru ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.

II. VIÐAUKI. Viðmiðanir um hvaða svæði skuli talin viðkvæm eða síður viðkvæm.

A. Viðkvæm svæði.

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

- a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana. Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum á að draga með frekari hreinsun: i) stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosför nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið. Þar sem losun á sér stað frá fjölmennum þéttbýlissvæðum er ef til vill einnig þörf að fjarlægja köfnunarefni. ii) ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámennum þéttbýlissvæðum hefur allajafna minni áhrif á þessum svæðum en þegar fjölmenn þéttbýlissvæði eiga í hlut. Á þessum svæðum ætti að fjarlægja fosför og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið,
- b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í reglugerð um neysluvatn.
- c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 21. gr.

B. Síður viðkvæm svæði.

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu. Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind: Opna flóa, ármynni og annan strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Samkvæmt 7.2. gr. skal skólp hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar. Ölfusá er yfirborðsvatn í skilningi 3.37 gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Ölfusá nýtur sérstakrar verndar í vatnalögum nr. 15/1923. Í 83. gr. um bann við óreinkun vatna segir:

„Óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærrí þeim að hætt sé við að i þau berist efni, hluti og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífriki þess og nánasta umhverfi.“

Þessi grundvallar verndarregla vatnalaga leiðir til þess að lög ber að skýra með hliðsjón af henni og þar af leiðandi ber að skýra heimildir til að nýta ár sem viðtaka þróngt. Bæði skal því skýra fyrri málslíð 3.37 gr. reglugerðar til samræmis við þetta en aðalatriðið er þó að Ölfusá nýtur sérstakrar verndar í skilningi síðari málslíðar 3.37 gr. og flokkast því sem viðkvæmur viðtaki og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita nema að undangenginni ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.⁶

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur hér að framan rakið þær lagareglur sem gilda um fráveitir.⁷ Komi til álita að nýta Ölfusá sem viðtaka frá Selfossi er ljóst að hreinsa verður skólpið. Aðstæður á Selfossi útiloka að við verði komið hreinsun skólps þegar af þeirri ástæðu að regnvatn og skólp frá eldri hverfum Selfoss eru og verða í ófyrirséðri framtíð í sama ræsi að hreinsistöðinni og var ekki farið að tvöfalda í nýjum hverfum fyrr en á árinu 2000. Þessi staðreynd kemur í veg fyrir að hreinsistöð geti annað hreinsun skólps og það mun því fara að hluta til óhreinsað í ánna og breyta þar ákvæði 9.3. gr. reglugerðar nr. 798/1999, engu um.⁸

Er því ekki annar kostur tækur en að leiða fráveituna til sjávar og leysa um leið fráveitumál Eyrarbakka og Stokkseyri en ekki þarf að tíunda um það að þar fer allt skólp óhreinsað í sjóinn.

⁶ Meðfylgjandi bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

⁷ Lagaleg staða í meðfylgjandi skýslu Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 5-8.

⁸ Meðfylgjandi skýrla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 3.

Í tölvupóstur frá Jóni Tryggva Guðmundssyni, framkvæmda- og veitustjóri, til formanns Veiðifélags Árnesinga, dags. 02.10.2017 kemur fram:

„Tvöfalt fráveitukerfi er í hverfum og götum á Selfossi sem byggð eru frá og með árinu 2000. Það eru hverfi og götur eins og Suðurbryggðin, Gráhella, Dísastaðaland, Hagaland, Fossland, Larsenstræti og Háheiði. Íbúafjöldi á Selfossi árið 2000 var 4.640 skv. veft Hagstofunnar. Í lok september 2017 er íbúafjöldi á Selfossi 7.428. Áfram er gert ráð fyrir að í nýjum hverfum verði tvöfalt kerfi þar sem regnvatn og skólp er aðskilið. Einfalt kerfi er í hverfum sem byggð voru upp fyrir árið 2000. Tvöföldun lagna í eldri hverfum er langtímaverkefni og verður unnið samhliða endurnýjun gatna og veitukerfa á næstu árum og áratugum. Búið er að tvöfalda lagnir í götum sem hafa verið endurnýjaðar á undanförnum árum og má nefna í því sambandi Tryggvagötu, Heiðmörk, Kirkjuveg og Árveg.“

Þetta álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga styðst jafnframt við önnur veigamikil rök og má þar nefna eftirfarandi og gera verður kröfu um að gerð verði ítarleg grein fyrir í enduskoðuðum drögum að matsáætlun:

1. Augljóst er þeim sem búa við Ölfusá að vatnsmagn hennar hefur minnkað mikilíð undanfarna þrjá áratugi og er það í samræmi við vatnamælingar Veðurstofunnar og má draga af því þá ályktun að sú þróun haldi áfram. Verður því Ölfusá í framtíðinni enn viðkvæmari viðtaki en ella og þá sérstaklega á sumrin þegar rennslið er mjög lítið og að mestum hluta lindarvatn. Sá tími er aðalgöngutími laxfiska og þá fer nýting veiðihlunninda fram.
2. Mikil fólksfjölgun á Selfossi í framtíðinni.
3. Aukin atvinnustarfsemi á Selfossi í framtíðinni.
4. Sífellt auknar kröfur til hreinsunar fráveitu og skólps.
5. Sífellt auknar kröfur til náttúruverndar.⁹
6. Ölfusá sem viðtaki veitir ekkert svigrúm í framtíðinni til þess að mæta aukinni fráveitu og auknum kröfum til hreinsunar fráveitu.
7. Sóunin sem fælist í að reisa milljarða tímabundið mannvirki, sem hæpið er að geti annað eða staðist núverandi kröfur, hvað þá framtíðar kröfur um hreinsun fráveitu og skólps, verður með engu móti réttlætanleg og á sama tíma og slíkt svigrúm sé miklu meira út í sjó við Eyrarbakka.
8. Engar tæknilegar eða fjárhagslegar hindranir eru í vegin fyrir því að leiða fráveitu til sjávar.
9. Erfið glíma sveitafélaga hér á landi sem í öðrum ríkjum Evrópu við að finna lausn á fráveitu með sjó sem viðtaka ættu að lýsa vel hversu langssótt það ætti að vera að nefna Ölfusá sem hugsanlega viðtaka skólps. Önnur ríki Evrópu hafa hins vegar tekið þessu

⁹ Vatnasvæði Hvítár og Ölfusár er víðfemt og í Ölfusá og áhrifasvæði hennar er að finna eitt fjölbreyttasta lífríki landsins. Má þar nefna Ölfusforir og friðland við bakka Ölfusár í Flóa sem bæði eru á náttúruminjaskrá. Í Ölfusá eru stærstu laxastofnar landsins auk annarra fiskistofna sem lifa í ferskvatni. Ölfusá er þegar menguð vegna skólpsins frá Selfossi og veiði ekki hægt að stunda frá sumum jörðum fyrir neðan Selfoss. Við blasir að grundvöllur fyrir sölu veiðileyfa og sölu á laxi á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár er orðinn hæpinn. Neysluvatnsból Árborgar eru á Kotferjujörðinni og njóta þau sérstakrar verndar að lögum og aðalskipulagi, liggja þau stutt frá árbakka Ölfusár neðan við Selfoss.

alvarlega og flestar ár njóta sérstakrar verndar og ekki kemur til álita annað en ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.¹⁰

IV. Ölfusá sem viðtaki fráveitu Selfoss og samanburður við aðra kosti.

Komi áfram í endurskoðaðri tillögu að matsáætlun til álita hjá Árborg og verkfræðistofunni EFLU að kanna Ölfusá sem viðtaka þá leiðir það af framangreindum lögum að aðeins ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa komi til athugunar. Telji sveitarfélagið slíka hreinsun fullnægjandi standa eftir tveir kostir sem bera skal saman, þ.e. að leiða skólpið til sjávar að undangenginni hreinsun eða beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa með Ölfusá sem viðtaka.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir afstöðu stjórnar Veiðifélags Árnesinga um að nýting Ölfusár sem viðtaka fráveitu Selfoss komi ekki til álita.

Í 3.4.1. gr. draga að tillögu að matsáætlun virðist vera lýst eins þreps hreinsun. Ekki eru forsendur til þess að gera athugasemdir við slíka hreinsistöð þar sem ekki ætti að liggja fyrir endanlegt val á hreinsunaraðferð og þar af leiðandi hreinsistöð. Rétt er þó að víkja að svokölluðu „neyðaryfirlalli“ en þar er átt við yfirfall sem mun leiða óhreinsað skólp í ánna þar sem hreinsistöðin kemur ekki til með að anna hreinsun vegna þess að regnvatn og skólp er ekki aðskilið.

V. Samantekt á athugasendum stjórnar Veiðifélags Árnesinga.

¹⁰ Tilskipunin skyldar ríki til að tilgreina viðkvæm svæði(viðtaka) innan ríkjanna en það er frumforsenda fyrir innleiðingu hennar. Skýrsla nefndar Evrópusambandsins frá 14. desember 2017. Ninth Report on the implementation status and the programmes for implementation (as required by Article 17) of Council Directive 91/271/EEC concerning urban waste water treatment. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2017:749:FIN>. Að því er varðar eftirfylgni með tilskipuninni í aðildarríkjum ESB þá hefur í 15 ríkjum allt landsvæði, annaðhvort formlega eða í raun, verið skilgreint sem viðkvæmt svæði og því gerðar strangari kröfur til hreinsunar en felst í tveggja þrepa hreinsun. Í hinum 13 ríkjunum eru tiltekin svæði tilgreind sem viðkvæm og u.b.b. 2900 svæði hafa þannig verið tilgreind. Þannig eru strangari kröfur til hreinsunar, heldur en felast í tveggja þrepa hreinsun, gerðar á svæðum sem samsvarar 76% af landsvæði því sem Evrópusambandið tekur til. Hlutfall eftirfylgni aðildarríkjanna við þessar strangari kröfur til hreinsunar er 84.5 %.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga leggur áherslu á að mikið vantar á að forsendur séu fyrir því að lagt verði mat á umhverfisáhrif hreinsistöðvar fyrir fráveitu Selfoss miðað við óbreytt drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017.

Það er álit stjórnar að hvorki séu fyrir því lagaskilyrði né önnur skilyrði að nýta Ölfusá sem viðtaka fyrir fráveitu Selfoss.

Krafa er gerð um að sveitarfélagið geri í endurskoðaðri tillögu að matsáætlun ítarlega og nákvæma grein fyrir þeim kosti að leiða fráveitu til sjávar við Eyrarbakka.

Áréttar stjórnin, að gefnu tilefni, að engar fjárhagslegar eða tæknilegar hindranir eru í vegi fyrir því hjá stóru og vaxand sveitarfélagi eins og Árborg að leiða skólpið til sjávar og gerðar verði meiri kröfur til þessara umhverfismála en lágmarksskilyrði laga kveða á um.

Þá ítrekar stjórnin að miklir hagsmunir eru í húfi fyrir lífríki Ölfusár og veiðihagsmuni að áin verði ómenguð í framtíðinni og t.d. ekki mettuð saurgerlum og skólpi og tekur það ekki aðeins til jarða fyrir neðan Selfoss heldur um allt vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Ekki er tímabært að fjalla um þann þátt verksamnings Árborgar við verkfræðistofnunnar EFLU hf, dags. 21. og 28. mars 2017, sem tekur til þess að samhliða eigi að vinna að starfsleyfi fyrir „hreinsistöðina“.¹¹

Meðfylgjandi gögn:

1. Bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.
2. Skýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, og viðbótarskýrsla, dags. í apríl 2014.

Afrit sent:

¹¹ Meðfylgjandi viðbótarskýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í apríl 2014, bls. 1.

1. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.
2. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.
3. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun.
4. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.
5. Óttar Yngvason, hrl.

Kaldaðarnesi, 15. janúar 2018,



Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss.

jorundur@logbyli.is

Selfossi, 3. Mars 2020.

Athugasemdir við Frummatsskýrslu um byggingu og rekstur skólphreinsistöðvar á Selfossi, dags. 8.1.2020.

Skólpmaðlin á Íslandi eru vægara sagt í mikilli óreiðu miðað við önnur evrópulönd, - þrátt fyrir vaxandi íbúa- og ferðamannafjölda og iðnað. Við fögnum því að Sveitarfélag Árborgar tekur til handa að gera hreint borð á sínu svæði. Eins og beðið var um komum við athugasemduum fram á frumstígi framkvæmdaferlisins og skilum þeim hér með.

1. Fjarlægð fyrirhugaðrar skólphreinsustöðvarinnar við þéttbyli á Selfossi og vatnsverndarsvæðisins

Við Flugunes:

Selfoss/Árborg er í örum vexti sem samfélag. Fjöldi íbúa hefur aukist um 10% frá 2017 eða úr 8.958 / des. 2017 í 10.030/janúar 2020.ⁱ Bæði Mjólkursamtökum og Sláturfélag Suðurland reka öfluga starfsemi á Selfossi auk fjölda annars iðnaðar.

Fyrirhugaða hreinsistöð fyrir fráveitu á að reisa við Sandvík, á milli vatnsverndarsvæðisins við Flugunes að vestan (í 1 km fjarlægð) og þéttbýlis Selfoss að austan.

Frummatsskyrslan byggist á ákvörðun um matsáætlun sem Skipuklagsstofnun samþykkti þann 8.mars 2019.

Í tillögu að matsáætlun frá 14.12.2018 og í frummatsskýrslunni frá 8.1.2020, lið 3.3.1/ Svæði undir hreinsistöð er notuð yfirlitsmynd um staðsetningu fyrirhugaðrar hreinsistöðvarinnar. Þar sést að „núverandi íbúðarhús á Selfossi eru um 600 m fjarlægð frá staðsetningu fyrirhugadrar hreinsistöðvar“. Aðgangurinn að skólphreinsistöðinni er áætlaður um götuna Hagalæk.

Í matsáætluninni og frummatsskýrslu er hinsvegar hvergi minnst á og tekið tillit til nýbyggingar Lækjahverfis þar sem bæði einbýlis- og fjölbýlishús eru að rísa hratt síðan árið 2017 og sérstaklega 2018. Lækjahverfið vantart á þá loftmynd sem notuð er sem yfirlitskort til að staðsetja framkvæmdina. Í rauninni má segja að skólphreinsistöðin sé núna áætluð í þéttbýli þar sem fjarlægðin til næstu húsa er einungis um 200-300 metrar. Fyrirhugaður aðgangur að skólphreinsistöðinni liggur beint í gegnum Lækjahverfi og er því í miklu þéttbýli.

Ég tel það vera alvarlegan formgalla á frummatsskýrslunni svo og á matsáætluninni að ekki sé tekið tillit til nýbyggingu Lækjahverfis og teljum því að frummatsskyrslan sé ógild vegna formgalla.

2. Lyktarmengun:

Í frummatsskýrslunni/ lið 5.3.3.1 um loftónæði segist: „Hreinsistöðin verður því helsta uppsprettu lyktarmengunnar“ og fari lyktarmengun m.a. eftir fjarlægð frá hreinsistöðinni. Þar sem

skólphreinsistöðin verður í um 200-300 m fjarlægð frá þéttbýli - og ekki í 600- 900 m eins og gert er grein fyrir í frummattskýrslunni, er fyrirsjánlegt að lyktarmengun verði umtalsverð í Lækjaherfi. Í 6.2. segist síðan: „Hönnun hreinsistöðvarinnar miðast við að þar verði hægt að koma fyrir lífsíu sem dregur úr lyktarmengun ef þörf krefur, t.d. ef kemur til uppbyggingar í nágrenninu.“ Sú staðan er þegar tilkomin! Krefjast verður síu strax.

Eftir því sem við vitum best verður 2. þepa hreinsistöðin á Selfossi stærsta stöð sinnar tegundar á Íslandi. Algjörlega vantar reynslu og fordæmi af rekstri slíkrar hreinsistöðvar hér á landi. Engin viðmið eru til staðar í íslenskum reglugerðum varðandi lyktarmengun frá skólphreinsistöðvum (sjá Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði). Í Evrópu eru kvartanir vegna lyktarmengunar frá skólphreinsistöðvum vaxandi vandamál og þar þarf að nota bestu fáanlegu tækni til að draga úr lyktarmengun og áhrifum á loftgæði.

Skv. þýskum heimildum frá árinu 2002 (Görner, Klaus et.al. Gewässerschutz und Abwasserbehandlung, Springerverlag 2002) fer lyktarmengun m.a. eftir því hvaða efnasambönd berast inn í stöðina, vindátt, hversu hratt seyran er fjarlægð og sérstaklega eftir fjarlægðinni í næsta þéttbýli. Skv. þessum heimildum þarf fjarlægðin frá hreinsistöð til byggðar vegna lyktarmengunarinnar að vera a.m.k. 300 m. Þarf að huga að því að lágmarka þróun lyktarmengunar bæði við byggingu og til frambúðar.

Spurningin vaknar hvort í núverandi hönnun sé tekið tillit til lyktarmengunar strax við byggingu? Hvað varðar seyruna sem fellur til þá verður henni eins og öðru affalli væntanlega ekið burt eftir Hagalæk í gegnum íbúðahverfið og alls er óljóst hvað um seyruna verður. Ekki virðist liggja fyrir staðfestingu t.d. frá Landgræðslunni né öðrum aðilum í því sambandi.

Ekki virðist vera hægt að „færa“ hreinsistöðin vegna nálægða til vatnsverndarsvæðisins í vestur og þéttbylis í austur.

Verður þess vegna að krefjast þess að besta fáanlega tækni sem notuð er innan Evrópu (BAT) verði notuð til að draga úr lyktarmengun og neikvæðum áhrifum á loftgæði. Einnig ætti að endurskoða aðganginn að hreinsistöðvarinnar um götuna Hagalæk sem þvera nýbyggða Lækjahverfið.

3. Áfangaskipting framkvæmdarinnar þarf að koma skýrar fram. Hvenær getur annars þreps hreinsun orðið að veruleika? M.t.t þess hversu hratt bæjarfélagið þróast ætti a.m.k. að gera ráð fyrir því að hægt sé að bæta 3. þreps hreinsun við í framtíðinni, og alls ekki loka fyrir þann möguleika.

4. Í frummattskýrslu gert ráð fyrir að hreinsistöð **MS** sé starfandi og í lagi en jafnframt er ljóst að sú stöð hefur ekki verið í stöðugum rekstri. Liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um afköst hreinsistöðvarinnar og/eða hvað er gert við annan úrgang sem myndast?

5. Á sama hátt er alls óljóst hvort eða hvenær verður sett upp Hreinsistöð fyrir **Slátturhús Suðurlands** og hvað eigi að gerast við annan úrgang sem myndast.

6. Enn er óljóst hvernig og hvenær **byggðin norðan Ölfusár** verður tengd við skólphreinsistöðina við Sandvík.

7. Í frummatsskýrslunni er ítrekað að hreinsistöðin á að gilda bæði fyrir íbúðabyggðina og iðnaðarhverfin (Gagnheiði og fleiri) og gæti jafnvel rúmað frárennslið frá MS og SS.

Upplýsingar um **persónueiningar** í frummatsskýrslunni eru mjög óstöðugar og misvísandi (sjá viðauki 6/ Rennsli og efnainnihald frá veituvatns á Selfossi). Skv. mælingum í mismunandi brunnum hafa mælingarnar verið ansi „rokkandi“ og tímabundið farið upp í um 110.000 persónueinigar bæði norðan við og sunnan við Ölfusána. Grunað er að háu mælingarnar hafa stafað af starfsemi MS og SS. Ekki er auðsjánlegt hvort mælingarnir í brunni SS áttu sér stað á hásláturstíma.

Skv. frummatsskýrslu á fyrirhuguð skólpdreinsistöð geta tekið á móti rúmlega 100.000 p.e. og vekur það upp spurningu hvort getan hennar dugi til á álagstínum.

Æskilegt væri að viljayfirlýsing kæmi fram frá fyrirtækjunum MS og SS þar sem þau skuldbinda sig til þess að framkvæma hreinsun skólps og afrennslis eftir BAT reglum innan ákveðins frests. Annars er alls óvist hvenær og hvort slík hreinsun mun fara fram.

Virðingarfyllst,

Birgitta María Braun

Íbúi á Selfossi.

Heimildir:

Baiming Ren. Et. al. *Current Status and Outlook of Odor Removal Tehcnologies in Wastewater Treatment Plant*. Júní 2018. Researchgate 2018.

Görner, Klaus et.al. Gewässerschutz und Abwasserbehandlung. Springer Verlag. Heidelberg. 2002.

Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði. Ártal vantar.

**VIÐAUKI H UMSÖGN HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR UM BREYTTA
TILHÖGUN FRAMKVÆMDA VIÐ ÚTRÁS FRÁ HREINSISTÖÐ
FRÁVEITU Á SELFOSSI Í ÖLFUSÁ**



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

EFLA

Jón Águst Jónsson
Lyngálsí 4
110 Reykjavík

Hafnarfirði 15.6.2020

Efni: Breyting á tilhögun framkvæmda við útrás frá hreinsistöð frá Selfossi í Ölfusá.

Í tölvubréfi Eflu verkfræðistofu dagsettu 3. júní sl. var óskað eftir umsögn Hafrannsóknastofnun um breytingar á áður fyrirhuguðum framkvæmdum vegna útrásar frá fyrirhugaðri hreinsistöð skólps frá Selfossi í Ölfusá.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, til að vernda almenning og umhverfi gegn mengun af völdum fráveitu frá Selfossi. Aðalvalkostur felst í að byggja tveggja þreppa hreinsistöð við Sandvík með útrás í Ölfusá. Sá kostur var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta.

Fram kemur að til þessa hefur allt umhverfismatsferlið (þ.m.t. rannsóknir Hafrannsóknastofnunar) í tengslum við hreinsistöð fráveitu á Selfossi miðast við að útrás í Ölfusá yrði stefnuboruð í þremur til fjórum lögnum ofan frá árbakkanum og undir árbotni út í meginstraum árinnar í Geitanesflúðum.

Breytingar frá fyrri tilögum: Í vettvangsathugun, í tengslum við frekari hönnun á útrásinni, kom í ljós að ekki er unnt að stefnubora útrásina út í meginstrauminn. Við frekari hönnun hefur því verið ákveðið að fleyga 3-4 lagnir ofan í árbotninn og steypa yfir þær svo ísrek eða annað brjóti þær ekki niður. Útrásin er áætluð um 20 m löng og kemur til með að liggja a.m.k. 14 m út frá árbakkanum. Reisa þarf um 20-25 m langan varnargarð út í Ölfusá ofan við rásina á framkvæmdatíma svo unnt sé að leggja lagnir og verja þær fyrir vatni og ísreki. Að framkvæmdum loknum verður varnargarðurinn fjarlægður. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir við útrásarlögn taki 4-6 vikur.

Umsögn

Eins og fram kom í skýrslu Hafrannsóknastofnunar varðandi framkvæmd þessa er allnokkurt seiðauppeldi og hrygning laxfiska í Ölfusá, þar er einnig fjölbreytt þörunga- og smádýralíf. Þar er mikilvæg gönguleiða laxfiska inn á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár og veiðinýting stunduð (Eydís Salóme Eiríksdóttir o.fl. 2018).

Þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir við útrásina er grýttur botn en fremur straumlítið en straumur vex þegar utar dregur í ána. Gera má ráð fyrir að þarna sé lífríki með líkum hætti og á athugunarstað Hafrannsóknastofnunar, sem mælingar voru gerðar á, nokkru neðar (Sandvík) en þar er talsvert uppeldi seiða laxfiska. Reikna má með að fyrirhugaðar framkvæmdir, gerð varnargarðs og bygging fráveitulagna, hafi neikvæð áhrif á lífríki árinnar einkum meðan á framkvæmdum stendur. Röskun verður óhjákvæmilega á búsvæðum lífvera bæði bein og vegna gruggs sem berst frá framkvæmdarstað. Einnig geta framkvæmdir haft tímabundin áhrif á göngur laxfiska og veiðinýtingu. Ef framkvæmdir eru á göngutíma fiska og innan

veiðitíma er mögulegt að áhrif geti komið frá á einstaka veiðisvæðum þótt ekki sé hægt að gera sér skýra grein fyrir því fyrirfram. Ef frárennslislagnirnar verða lagðar vel undir vatnsborð árinnar ættu þær ekki að hafa mikil varanleg áhrif á göngur fiska.



Mynd 1. Horft út í Ölfusá yfir stað fyrirhugaðrar útrásar frá skólphe reinsistöð.

Hafrannsóknastofnun hefur áður bent á mikilvægi þess að útrásin verði lögð nægilega langt út í ána til að blöndun fráveituvatns við árvatnið og þynning þess verði sem mest. Þarf útrásin því að ná út í meginstraum árinnar.

Þegar litið er á áhrifasvæði framkvæmdarinnar m.t.t. stærðar vatnasvæðisins í heild er um hlutfallslega lítið inngríp að ræða. Einkum ef tímasetningar eru utan þess tíma þar sem lífríki er hvað viðkvæmast. Áhrif breyttrar tilhögunar við útrásina eru því í heild staðbundin og tímabundin.

Varðandi fyrirhugaðan framkvæmdartíma væri æskilegt að hann væri utan göngutíma laxfiska í og úr sjó, þ.e. frá síðla hausts til síðla vetrar.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Vakin er athygli á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu*“.

Ef rétt er að staðið er ekki að sjá að umræddar framkvæmdir við lagningu fráveitulagna út í Ölfusá hafi umtalsverð varanleg áhrif á lífríki eða veiðinýtingu í Ölfusá.

Heimildir

Eydís Salome Eiríksdóttir, Benóný Jónsson, Iris Hansen, Magnús Jóhannsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Sigurður Óskar Helgason 2018. Áhrif skolplosunar frá Selfossi á efnastyrk, lífríki og veiðinýtingu í Ölfusá. HV 2018-49. 74 bls.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,



Guðni Guðbergsson